

ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM

Samantekt úrskurða 2024

Síðast uppfært 14. mars 2025

Mál nr. 1/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

- Málskot móttakið 1. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 22. janúar 2024, ásamt áhættumati X vegna 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hinn 15. febrúar 2023 hjá X. Slysið varð þegar M var að vinna við klippitæki (vinnuvél) á verkstæði X við að klippa blikkplötur þegar vinstri hönd hennar fór skyndilega undir öryggishlið vinnuvélarinnar með þeim afleiðingum að vísifingur kramdist undir sex pressuhólkum tækisins. Vélinni var stjórnað af M með fótpedala. Í málinu liggur fyrir skýrsla Vinnueftirlitsins sem kom á vettvang 16. febrúar 2023 og framkvæmdi skoðun. Í þeirri skýrslu kemur m.a. fram að það valdi starfsfólki slysaðu að það komist inn á hættusvæði vélarinnar án þess að hún stöðvist og að X hafi verið veittur frestur til 15. mars 2023 til að endurskoða skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði og gera breytingar er þörf krefði. Með gögnum málsins fylgir skriflegt áhættumat X þar sem kemur fram á bls. 7 að starfsmenn verði að gæta að staðsetningu handa við notkun klippivélar og gæta að því að þær fari ekki inn fyrir öryggishlífar.

Í lýsingu X í tjonstilkynningu til V dags. 10. mars 2023 kemur fram að M hafi sett hendur undir öryggishlíf sem hægt sé að hæðarstillja og sé það í höndum starfsmanna að gera þegar þeir vinna við vélina. Í lýsingu X kemur fram að M sé með nettar hendur og hafi því náð að fara með hendur inn fyrir hlíf. Ekki kemur fram í gögnum málsins að breytingar hafi verið gerðar á vinnuumhverfi X eftir slysið.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M. Í málskoti kemur fram að Vinnueftirlitið hafi gert athugasemdir í skýrslu sinni við aðbúnað á vinnustað X auk þess sem X hafi ekki tryggt viðunandi hlífðarbúnað á tækjum og þannig vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006. M vísar til I. viðauka þeirrar reglugerðar þar sem komi fram í gr. 2.8 að hlífar eða annan viðeigandi búnað skuli hafa á vélum þar sem hætt er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu. M telur að mikil slysaðu hafi verið af vinnuvél þeirri sem hún var að vinna við og hefði X átt að útbúa vélina þannig að búnaður stöðvaði hreyfingu vélarinnar áður en á hættusvæði væri komið. Vélina hafi ekki verið búin slíkum búnaði og hafi það skapað hættu fyrir M. Einnig er bent á að þar sem blikkplötur séu mjög þunnar hefði verið auðvelt fyrir X að tryggja að hlífar á vinnuvélinni væru þess eðlis að fingur kæmust ekki undir þær. Það hafi X ekki gert og verði að bera skaðabótaábyrgð á því hirðuleysi sínu. Einnig telur M að slys hennar megi ekki rekja til augnabliks aðgæsluleysis hennar, enda komi fram í tjonstilkynningu X til V að M hafi ekki átt sök á slysinu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur slys M rakið til augnabliks aðgæsluleysis hennar sem hafi falist í því að hún hafi stigið á fótpedala vinnuvélarinnar á meðan hún var enn með hendur við öryggishlíf hennar. V vísar til þess að M sé menntaður blikksmiður og hafi unnið við umrædda vinnuvél í fimm ár. V telur að vinnuvélin hafi ekki verið vanbúin heldur sé það stillingaratriði hversu hátt öryggishlíf á vélinni er stillt. V bendir einnig á að það hafi verið á ábyrgð M að stilla vélina fyrir notkun og verklag við vinnu við hana sé þannig að blikkplötu sem eigi að klippa í vélinni sé komið fyrir í henni og síðan sé vélinni stjórnað með fótpedala, þ.e. bæði hlíf og hníf vélarinnar sé stjórnað af þeim starfsmanni sem vinni við vélina. V bendir á að X hafi fjallað um áhættu við verkið í sérstöku skriflegu áhættumati og verði sök ekki lögð á X vegna slyss M.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M varð fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X, nánar tiltekið þegar hún var að vinna við vinnuvél sem notuð er sem svokallað klippitæki, þ.e. notuð til að klippa blikkplötur. Af skýrslu Vinnueftirlitsins má ráða að vélina sé þannig búin að starfsmenn komist með hendur inn fyrir öryggishlíf vélarinnar, en það er það sem gerðist þegar M slasaðist. Í skriflegu áhættumati X vegna

starfa við vélina kemur fram að halda verði hæfilegri fjarlægð frá vél þegar verið er að klippa og starfsmenn þurfi að gæta að staðsetningu handa og skulu vara sig á að fara inn fyrir hlífar véla. Því hefur ekki verið mótmælt að M sé menntaður blikksmiður og hafi unnið hjá X í fimm ár áður en hún slasaðist. Verður að ætla að henni hafi mátt vera ljós hætta af því að vera með fingur innan við öryggishlíf sem hægt var að stilla eftir þörfum auk þess sem því hefur heldur ekki verið mótmælt að M hafi stjórnað vinnuvélinni sjálf með fótpedala.

Ekki kemur fram í skýrslu Vinnueftirlitsins að það hafi talið vinnuvél X vanbúna og verður ekki séð að frekari kröfur hafi verið gerðar um efnislega uppfærslu áhættumats skv. 65. gr. laga nr. 46/1980 eftir slys M. Telst X því hafa gert nægar varúðarráðstafanir með áhættumati sínu og ekki er sýnt að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 4/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

- Málskot móttakið 3. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 11. janúar 2024.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á háspennustreng í eigu M þann 8. nóvember 2023. Atvik hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi verið að sinna framkvæmdum við enda Reykjavíkurlflugvallar og hafi þeir borað niður í háspennustreng í eigu M með þeim afleiðingum að um 40 metra kafla eyðilagðist. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V á þeim grundvelli að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæmt gáleysi við jarðvegsvinnuna. V hefur hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 28. apríl 2023. Telur M að starfsmönnum X hafi verið í lófa lagið að hafa samband við M og fá nákvæmar upplýsingar um legu strengsins í stað þess að treysta á upplýsingar í Luksjá Orkuveitu Reykjavíkur. Upplýsingar í Luksjá eru mismunandi nákvæmar og vísar M til upplýsinga á heimasíðu sinni þar sem fram kemur að öruggast sé að kalla til bilanaleitarmenn á þeirra vegum áður en grafið er. Starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita af strengnum á svæðinu og að teikningar og vefsjá séu ekki nákvæmnisgögn. Þeir hafi því haft ríkt tilefni til mikillar aðgæslu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að X hafi talið engar líkur á því að grafa í streng á umræddu svæði. Þeir hafi auk þess skoðað Luksjá og fengið þær upplýsingar frá ISAVIA að engin lögn ætti að vera staðsett innan flugvallargirðingarinnar. Háspennustrengurinn hafi verið um það bil fjóra metra frá þeim stað sem hann var sýndur á Luksjá og hafi engar merkingar verið að sjá sem gáfu tilefni til þess að kalla til bilanaleitarmenn frá Veitum.

Álit.

Ágreiningslaust er að starfsmenn X boruðu niður á háspennustreng í eigu M með þeim afleiðingum að hann skemmdist á um 40 metra kafla. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V, þarf að mega rekja tjónið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu aðila sem X ber ábyrgð á. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem slíku heldur fram og verður því að meta hvort M hafi með framlögðum gögnum sýnt fram á að starfsmenn X hafi ekki gætt fyllstu varúðar áður en þeir boruðu í jörðu. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita að strengurinn væri staðsettur þar sem þeir voru að bora. Höfðu starfsmenn X bæði kannað í Luksjá hvort lagnir væru staðsettar þar sem þeir voru að vinna en auk þess höfðu þeir fengið þær upplýsingar frá ISAVIA að engin lögn ætti að vera innan flugvallargirðingar. Verður það ekki metið þeim til sakar að hafa ekki kallað til starfsmenn X áður en framkvæmdir hófust enda bentu fyrrgreindar upplýsingar ekki til þess að hætta á tjóni væri fyrir hendi. Sönnunarbyrði um að orsök tjónsins megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X hvílir á M og hefur slík sönnun ekki tekist. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 6/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.****Nafn vátryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 16. janúar 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi undirritað kaupsamning um kaup á fasteign á tilgreindum stað í Reykjavík (F) hinn 12. febrúar 2021. Í söluþingliti eignarinnar sem lá fyrir við sölu hennar komu eftirfarandi upplýsingar fram: „Húsið var endurnýjað að miklu leyti árið 2012: Þak. Raflagnir. Skólplög og Dren.“ Í ljós kom síðar að ástand skólplagna og drengs var ekki gott og hefur verið ráðist í endurnýjun. V samþykkti skaðabótaskyldu X hinn 14. nóvember 2023 vegna þess tjóns sem hlaut af því að upplýsingar á söluþingliti hafi ekki verið réttar varðandi ástand frárennslislagna og að fasteignasali hjá X hafi átt að geta séð það með sjónskoðun. Hins vegar hefur V hafnað því að rangar upplýsingar hafi verið veittar um dren þar sem ekki væri hægt að sjá það með sjónskoðun.

M telja sömu sjónarmið eiga við um ranga upplýsingagjöf fasteignasala X á söluþingliti varðandi ástand frárennslislagna og drengs og benda á að ekkert hafi verið gert í því að fá haldbær gögn sem sýni að framkvæmdir hafi átt sér stað á árinu 2012. Einnig benda M á að seljendur F hafi ekki búið í húsinu þegar þær framkvæmdir áttu að hafa átt sér stað og séu ekki sérfræðingar í pípulögnum og hafi ekki haft forsendur til að fullyrða um að framkvæmdir hafi átt sér stað.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að fasteignasali hjá X hafi í góðri trú sett fram upplýsingar í söluþingliti og hafi ekki haft forsendur til að telja annað en að svo væri. V leggur áherslu á að sjá hefði mátt á ljósmyndum af skólplögnum F áður en farið var í framkvæmdir að nýrri lagnir hefðu verið lagðir inn á gamlar lagnir og það hefði fasteignasali hjá X átt að sjá við sjónskoðun. Ekki sé hins vegar hægt að staðreyna ástand drenlagna og ekki verði lögð sú skyld á fasteignasala að gera það við gerð söluþinglits. Einnig vísar V til dóms Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. 243/2020 þar sem fasteignasali var sýknaður af skaðabótakröfu vegna upplýsinga á söluþingliti um ástand drengs og ekki lögð sú skylda á hann að sannreyna tilurð eða ástand lagna sem ekki séu sýnilegar.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 17/2022 þar sem reyndi á skaðabótaábyrgð fasteignasala sem setti fram staðhæfingu í söluþingliti um að lagnir fasteignar væru „...í lagi.“ og vísað um það til sjónskoðunar sinnar og samtala við seljendur, en ekki gagna um ástand lagna fasteignarinnar sem byggð varð árið 1950. Í þeim úrskurði hafi verið fallist á greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnnar X hjá V. Gildissvið starfsábyrgðartryggingar nær til skaðabótaskyldu fasteignasala m.a. á grundvelli 27. gr. laga nr. 70/2015. Um skyldur fasteignasala er fjallað í fleiri ákvæðum laganna, m.a. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 þar sem kemur fram að fasteignasali skuli gæta þess vandlega að á söluþingliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluþingliti skuli koma fram upplýsingar um ástand eignar, þ.á.m. um galla sem seljanda/og eða fasteignasala er kunnugt um a eigninni. Í 1. mgr. 12. gr. segir að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluþingliti, og skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er en ástand eignarinnar, gerð hennar og búnað skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluþingliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í fyrrnefndri 27. gr.

laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat skv. dómaframkvæmd.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort fasteignasali hjá X hafi tilgreint réttar upplýsingar á söluþfirliti um ástand fasteignarinnar F varðandi það að dren hafi verið endurnýjað á árinu 2012. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að fasteignasalinn hafi tekið upplýsingar upp úr eldra söluþfirliti vegna sömu eignar, þ.e. þegar fyrri seljendur eignarinnar seldu seljendum M eignina. Engin skýrsla liggur fyrir frá X um hvernig upplýsingaöflun hafi verið háttáð að öðru leyti.

V hefur fallist á greiðsluskyldu vegna rangra upplýsinga um ástand eða endurnýjun frárennslislagna árið 2012 en telur að eðlismunur sé á því að staðreyna ástand lagna sem hægt sé að sjá og þeirra sem ekki sé hægt að sjá.

Að mati nefndarinnar er ekki eðlismunur á þeim upplýsingum sem X gaf á söluþfirliti um ætlaða endurnýjun F á árinu 2012. Ekki verður séð af gögnum málsins að fasteignasali hjá X hafi gert nokkra tilraun til að staðreyna hvort umræddar upplýsingar væru réttar, en seljendur áttu ekki F á þeim tíma og gátu því ekki staðfest það.

Eins og áður segir sýnir dómaframkvæmd að strangt sakarmat eigi við um mat á sök löggiltra fasteignasala. Verður að meta fasteignasala X það til gáleysis að hafa ekki aflað frekari upplýsinga til þess að staðreyna það sem kom fram á söluþfirliti þannig að það kæmi þar fram án fyrirvara um að fasteignasalinn hefði ekki staðreynt þær upplýsingar.

M eiga því rétt til frekari bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V, vegna tjóns sem tengist dreni F.

Niðurstaða.

M eiga rétt til frekari bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 9/2024**Nafn málskotsaðila: (M1) og (M2).****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

- Málskot móttakið 11. janúar 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
- Bréf V dags 30. janúar 2024.
- Tölvupóstur lögmanns M dags. 13. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M1 og M2 hafi farið í golfferð frá 21. apríl til 1. maí 2023 á Spáni. Á fjórða degi hafi M1 fundið fyrir miklum bakverk og þurft að hætta leik. M1 var þjáður það sem eftir var ferðar og fékk verkjastillandi lyf hjá samferðamönnum sínum, sbr. staðfesting fararstjóra ferðarinnar dags. 24. maí 2023. Þegar ferðinni lauk hafi M1 farið til læknis á Íslandi og hafi komið í ljós samfallsbrot á hrygg. M1 og M2 áttu einnig pantaða aðra golfferð hinn 5. maí 2023, sem þau forfölluðust í og V greiddi hámarksbætur vegna þeirra forfalla úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar.

M1 og M2 telja að greiða eigi bætur úr greiðslukortatryggingu þeirra hjá V þar sem meiðsli M1 hafi í raun falið í sér ferðarof þar sem golfferðin, sem þau voru í þegar meiðsli M1 komu upp, hafi í raun orðið gagnslaus fyrir þau bæði, en tilgangur ferðarinnar hafi augljóslega verið að spila golf. Vísað er til þess að þrír dagar, þar af einn virkur dagur, hafi verið eftir af ferðinni og ekki hafi verið unnt að afla skriflegs læknisráðs eða vottorðs, samþykkis V og neyðarþjónustuaðila V til að bóka annað flug til Íslands, eins og áskilið sé í gr. 4.6.1 í váttryggingarskilmálum. Vísað er einnig til meginreglu skaðabótaréttar um að tjónþoli eigi að fá allt tjón sitt bætt og á V sem váttryggjanda gegn skaða hvíli bótaskylda, en M1 hafi í raun takmarkað tjón V með því að nýta pantaða heimferð í stað þess að fá læknisvottorð og fljúga heim með næstu mögulegu heimferð. Einnig er bent á að líta eigi til reglna kröfuréttarins um forsendubrest hvað það varðar hvort M1 og M2 hafi í raun fengið það sem þau keyptu í formi ferðar sem fól í sér íþróttaiðkun. Staðfest sé í læknisvottorðum að hvorki M1 né M2 hafi getað nýtt sér hina keyptu ferð og eigi rétt á að fá tjón sitt bætt vegna þess auk sjúkrakostnaðar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að skilyrði gr. 4.6.1 í váttryggingarskilmálum ekki uppfyllt vegna kröfu um endurgreiðslu ferðar en þar segi: „*Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 440.000 af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.*“ Auk þessa bendir V á gr. 4.6.3 í váttryggingarskilmálunum þar sem komi fram að „*...bætur greiðist einungis fyrir þann sjúka og þá váttryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.*“ Einnig bendir V á gr. 4.8.2 í sömu váttryggingarskilmálum þar sem komi fram að V bæti ekki „*...kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.*“ V telur framlögð gögn ekki sýna að M1 hafi leitað læknishjálpar á Spáni og hafi hvorki haft skriflegt læknisráð til að rjúfa ferð, né hafi samþykki V eða SOS INTERNATIONAL legið fyrir því. Ekki liggja heldur fyrir að M1 hafi þurft að liggja á sjúkrahúsi. Bótaskylda sé því hvorki fyrir hendi vegna ferðarofs fyrir M1 né M2 með vísan til þess að umrædd skilyrði gr. 4.6.1 eða eftir atvikum 4.6.3 séu ekki uppfyllt. Hvað varðar kröfu um sjúkrakostnað vísar V til gr. 4.8.2 þar sem kostnaður við meðferð sé sérstaklega undanskilinn. Einnig tiltekur V að greiðsla hámarksbóta hafi átt sér stað vegna forfalla M1 og M2 í aðra golfferð. Auk þessa bendir V á að hvorki meginreglur skaðabótaréttar, sem vísað sé til í málskoti, eigi við, né reglur kröfuréttar um forsendubrest.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M er vísað til röksemda í málskoti.

Álit.

Í málinu reynir á greiðslu bóta úr váttryggingu greiðslukorts þar sem M1 og M2 eru váttryggð. Umrædd váttrygging er ekki ábyrgðartrygging vegna skaðabótaskyldu þriðja aðila né er um að ræða

einhvers konar váttryggingu sem greiði bætur á grundvelli reglna kröfuréttarins. Er tilvísun lögmanns M til meginreglna skaðabótaréttar eða reglna kröfuréttar um forsendubrest því haldlaus.

Váttrygging sú sem M1 og M2 njóta váttryggingarverndar vegna hefur ákveðið gildissvið og er samið um það með stöðluðum váttryggingarskilmálum milli váttryggingartaka, fjármálafyrirtækis sem er útgefandi greiðslukorts, og váttryggingafélags (V). Korthafar greiðslukorta eru váttryggðir í váttryggingunni og um rétt þeirra til greiðslu bóta er kveðið í váttryggingarskilmálum váttryggingarinnar.

Í þessu máli reynir fyrst og fremst á ákvæði gr. 4.6.1 þar sem fjallað er um rétt váttryggðra til endurgreiðslu ferðar. Í umræddu ákvæði er gildissvið váttryggingarinnar afmarkað með hlutlægum hætti, þ.e. að til þess að endurgreiðsla ferðar geti komið til þá annað hvort þurfi váttryggður, vegna alvarlegra veikinda eða slyss. að rjúfa ferð og fara heim eða liggja á sjúkrahúsi. Það sé síðan háð þrennu, það er að fengið sé skriflegt læknisráð, samþykki V sem og samþykki neyðarþjónustufyrirtækisins SOS INTERNATIONAL. Ekkert af þessum skilyrðum er uppfyllt miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram af hálfu M1 og M2.

Hvað kröfu um greiðslu sjúkrakostnaðar þá vísast til þess að V hefur með hlutlægum hætti takmarkað ábyrgð sína vegna kostnaðar við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi í gr. 4.8.3. Hefur M1 ekki sýnt fram á að krafa hans nái til kostnaðar sem falli undir gildissvið váttryggingarinnar.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hámarksbætur skv. 7. kafla váttryggingarskilmála hafi verið greiddar vegna annars tjónsatviks, þ.e. forfalla M1 og M2 í ferð hinn 3. maí 2023, og verður því ekki fallist á að frekari bótaréttur sé fyrir hendi vegna þess tjónsatburðar.

M1 og M2 eiga því ekki rétt til frekari bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, eiga ekki rétt til frekari bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 11/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 29. desember 2023.
2. Bréf V dags. 11. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
3. Ódags. viðbótarathugasemdir M.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 30. janúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að rúðugler stofuglugga í íbúð sem er í eigu M að X hafi brotnað í óveðri. Húsfélagið að X sé með fasteignatryggingu hjá V og ekki hafi verið ágreiningur um að bótaskylda væri til staðar. Hafi V fengið verktakann Y til að meta tjónið og hafi sá aðili metið það á 320.000 kr. Húsfélagið að X hafi þá verið búíð að ákveða að skipta út stórum rúðum í stofugluggum fyrir tvær minni, og hafi V verið meðvitað um það, enda hafi húsfélagið lagt til alla karna og fleira efni til verksins V að kostnaðarlausu. Verktakinn Z hafi þá verið fenginn til að annast verkið, þ.e. rúðuskipti í íbúð M og hafi reikningur frá honum hljóðað upp á 731.098 kr., sem sé mun hærri fjárhæð en V vilji greiða. Þetta telur M mjög ósanngjarnt enda telji það að V beri að bæta tjónið að fullu og greiða bætur sem svari til reiknings Z.

Í bréfi V til nefndarinnar vísar félagið til þess að fram komi í 25. gr. viðkomandi skilmála að váttryggingin bæti tjón á venjulegu rúðugleri. Þá komi fram í 27. gr. að bætur miðist við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði. V hafi fengið tilkynningu um tjónið með símtali M hinn 8. september 2023. Í kjölfarið hafi Y framkvæmt tjónaskoðun. Hafi þá komið í ljós að það væri krafa frá húsfélaginu að breyta ætti rúðunni og setja póst fyrir miðju hennar. V taki ekki þátt í slíkum breytingum, enda nái váttryggingin bara til glerskipta en ekki vinnu við gluggaramma eða annars viðhalds. Hinn 19. september 2023 hafi M fengið sent mat Z, sem hafi hljóðað upp á 382.513 kr. og kvittun vegna tjónabóta, en eigin áhætta og endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnuliðar hafi verið dregin frá útgreiddum bótum. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu M og hafi málinu verið lokað. Hinn 18. október 2023 hafi M hins vegar haft samband og gert athugasemd við að kostnaður við verkið hefði verið umtalsvert hærri en fjárhæð bótanna. V bendir á að það hafi enga aðkomu haft að því að Z hafi verið ráðinn til verksins og hafi ekki „samþykkt“ hann eins og haldið sé fram í málskoti. V hafi þá kallað eftir frekari rökstuðningi fyrir kröfu um bótageiðslur umfram fyrrgreinda lokageiðslu en enginn slíkur rökstuðningur liggir fyrir. Það hvíli á M að sanna hvert tjón þess sé og hafi fyrrgreind sönnun ekki tekist.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að V hafi sagst bæta tjónið að fullu. Við rúðuskiptin hafi þá verið farið að samþykkt húsfélagsins, enda sé minni hætta á tjóni séu tvær minni rúður fremur en ein stór í glugga. Húsfélagið hafi þá útvegað pósta í gluggann V að kostnaðarlausu og það geti nú varla verið mikill kostnaður fólgin í þeim breytingum sem voru gerðar, þ.e. að setja póst fyrir miðju gluggans og tvær rúður í stað einnar og vanir menn hafi tjáð M að það ætti í raun að vera ódýrara. Þá hafi M talið að sú greiðsla sem V segi vera lokageiðslu væri í raun innágreiðsla þar til endanlegur reikningur frá verktaka lægi fyrir, en þá mundi fullnaðargreiðsla fara fram. Hafi M strax haft samband við V og gert athugasemdir enda sé það birtæfið af hálfu tryggingafélags að leggja fjárhæð inn á reikning með þessum hætti og treysta því að engar athugasemdir berist. Þá hafi M haft samband við V og tilkynnt um að Z gæti tekið verkið að sér þar sem Y hefði ekki getað gert það. Hafi V samþykkt þá tilhögun í símtali.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að í samtali þess við fulltrúa M hinn 19. september 2023 hafi verið sammælt um að V mundi greiða tjónið út þar sem um breytingar á glugganum væri að ræða. Hafi verið farið vel yfir málið og M hafi ekki haft neinar forsendur til að ætla annað en að um lokageiðslu væri að ræða. M hafi þá ekki sýnt fram á að tjón þess væri meira en þegar hefði verið

bætt enda tæki váttryggingin ekki til breytinga á glugganum. Þá sé ekki rétt að M hafi tilkynnt um að Z mundi taka verkið að sér og hafi V ekki haft neinar upplýsingar um það fyrir en M barst reikningur frá Z. Á engum tímapunkti hafi hins vegar staðið til að Y sæi um verkið.

Álit.

Óumdeilt er að M eigi rétt til bóta vegna þess tjóns sem varð á rúðugleri í íbúð þess. Bótaréttur þess tekur þó mið af því tjóni sem raunverulega varð, sbr. og 25. og 27. gr. viðeigandi skilmála þar sem fram kemur að félagið bæti venjulegt rúðugler og eðlilegan ísetningarkostnað. Fyrirliggjandi er mat Y á kostnaði við glerskipti, að fjárhæð 382.513 kr. Tekur það mat mið af óbreyttri stærð rúðuglersins, en innifalin er mæling glersins, glerið sjálft, vinna við glerskipti, krani sem nýta þarf við verkið, förgun glersins, akstur, skrúfur, sílikon og annað smálegt. Verður ekki séð annað en um sé að ræða alla eðlilega kostnaðarliði við glerskipti. Reikningur frá Z liggur ekki fyrir nefndinni, en ljóst er af gögnum málsins að verkið sem hann tók að sér fól í öllu falli meira í sér en ísetningu rúðuglers, þ.e. ísetningu póstar og tveggja rúðuglerja í stað eins. Samkvæmt framansögðu verður ekki talið að V beri greiðsluskyldu vegna kostnaðar við slíkar breytingar jafnvel þó þær kunni að koma til með að draga úr líkum á síðara tjóni. Það hvílir á M að sýna fram á umfang tjóns síns og hefur ekki verið sýnt fram á að bætur þær sem V hefur þegar greitt séu ekki til samræmis við kostnað við skipti á því rúðugleri sem brotnaði og ísetningu glers af sömu stærð, en M hefur hvorki sýnt fram á að mat Y taki ekki til allra eðlilegra kostnaðarliða við ísetningu nýs glers né að einstakir kostnaðarliðir séu of lágt metnir. Samkvæmt öllu framansögðu verður því að hafna kröfu þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 14/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

- Málskot mótttekið 9. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 29. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. desember 2021 hafi M slasast er hún féll harkalega til jarðar á bifreiðastæði fyrir utan bílasölu í eigu X. Við fallið braut hún báða úlniði. M leitaði skömmu eftir slysið til lögreglu og tilkynnti um atvikið og var þar tekin skýrsla vegna atviksins. Lögregla hafi kallað eftir upptökum úr eftirlitsmyndavélum X en þær voru ekki lengur til staðar þegar lögregla óskaði þeirra þar sem upptökur eru aðeins geymdar í tvær vikur. Telur M að ríkt tilefni hafi verið fyrir X að varðveita upptökurnar þar sem þeim var kunnugt um slysið. Telur M að bifreiðastæðið þar sem hún hrasaði hafi verið slysgildra, bæði var það ísilagt og ekkert gert til að sporna við hættu vegna þess svo sem með dreifingu salts eða sands yfir vegi. Auk þess hafi frágangur lóðar verið hættulegur, en þar var djúp dæld í vegi á milli gangstéttar og malbikaðs bifreiðastæðis beint við inngang bílasölnnar, sem M féll um. Byggir M á sakarreglu íslensks skaðabótaréttar, vinnuveitendareglunni og reglum um skaðabótaábyrgð rekstraraðila og eigenda fasteigna. Á fasteignaeigendum hvíli rík aðgæsluskylda til þess að rækja viðhald og umhirðu með eign sinni og öllu sem á henni hvílir, þar með talið til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að þeir sem erindi eiga um fasteignina verði fyrir tjóni af eigninni. Vísar M til dóma Hæstaréttar og reglugerðar nr. 941/2002 máli sínu til stuðnings

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem V telur að M hafi ekki náð að sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar og ólögmeðrar vanrækslu X. Slysið hafi orðið um hávetur og því ekki óeðlilegt að hálka myndist. Almennt megi gera þá kröfu að fólk sé undir það búíð að hálka geti leynst á vegum og stígum um vetrarmánuði og gefur það vegfarendum aukið tilefni til þess að fara varlega. Samkvæmt X urðu engin sambærileg slys á bifreiðaplani eða fyrir utan húsakynni þess, þennan dag eða dagana á undan eða eftir vegna hálku. Þá hafa heldur ekki orðið sambærileg slys vegna misfella á malbiki bifreiðastæðisins. Á slysdagi hafi verktaki komið og saltað bifreiðaplanið en þrátt fyrir að ráðstafanir hafi verið gerðar vegna hálku, er ekki alltaf hægt að uppræta hana alveg og því ávallt tilefni fyrir vegfarendur að fara varlega. Þá telur V að ástand bifreiðastæðisins sé ekki til þess fallið að valda slyshættu þrátt fyrir misfellur í því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Af fyrirbyggjandi gögnum málsins virtum og þá sérstaklega ljósmyndum af vettvangi sem lögregla tók tæpum mánuði eftir tjónsatburðinn, verður ekki talið að umrædd hola eða misfella í malbiki hafi verið sérstaklega hættuleg þannig að telja verði að starfsmenn X hafi þurft að grípa til sérstakra ráðstafana vegna hennar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi vanrækt það að hálkuverja bifreiðastæðið. Með vísan til framangreinds er það afstaða nefndarinnar að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 17/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.****Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.****Gögn.**

3. Málskot mótttekið 8. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V, dags. 9. febrúar 2024, ásamt reikningi ferðasala.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. febrúar 2024.
6. Viðbótarathugasemdir V dags. 1. mars 2024.
7. Tölvupóstur f.h. M dags. 11. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa veikst af sömu veiru á mismunandi tíma með mismunandi afleiðingum. Annars vegar hafi veira valdið lömum hægra megin í andliti og útlimum og hafi M náð sér að fullu af þeim veikindum fyrir 1. júní 2023, en hins vegar hafi veiran lagst á neðri hluta andlits vinstra megin sem hafi haft þær afleiðingar að í lok ágúst hafi M orðið óferðafær. Nánar tiltekið hafi M veikst í fyrra skiptið að vori 2023 og lagst inn á spítala í apríl 2023 og fengið lyf sem hafi leitt til bata í maí og júní 2023 og hinn 9. júní 2023 hafi M greitt inn á utanlandsferð sem áætluð hafi verið 21. september 2023. M hafi síðan útskrifast frá taugalækni 24. júlí 2023 og greitt lokagreiðslu vegna ferðarinnar 8. ágúst 2023. Síðari hluta ágústmánaðar hafi M síðan veikst með öðrum hætti en áður vegna sömu veiru.

Í læknisvottorðum dags. 15. nóvember og 19. desember 2023 kemur fram að M hafi leitað til taugalæknis í nóvember 2022 vegna skynminnkunar og verkja í andliti og andlitslömum, mun verri hægra megin. M lagðist inn á taugalækningadeild í mars og var þar greind með herpesveirusýkingu. M fór til eftirlits hjá sama lækni hinn 13. júní og 24. júlí 2023 og mat hans var að M þyrfti ekki frekari meðferð. Einnig kemur fram að M hafi pantað utanlandsferð í samráði við lækinn sem kveðst það ekki á neinn hátt hafa verið „...fyrirsjáanlegt að það yrð bakslag því ég taldi málinu öllu lokið út frá ástandi hennar þá.“ Hins vegar hafi M leitað aftur til læknisins 31. ágúst 2023 „...því hún var klárlega versnandi í tvær vikur og ber sig mjög illa.“ Í vottorðunum kemur einnig fram að ráðleggingar læknisins um ferðafærni M hafi byggst á því að hann hafi metið það svo að veikindum væri lokið í júní þar sem M hafi verið verkjalaus og laus við lyf.

M byggir kröfu sína um bætur í forfallatryggingu greiðslukortatryggingar á því að tjón hennar falli undir gildissvið váttryggingarinnar, sbr. a-lið 54. gr. í váttryggingarskilmálum þar sem hún hafi veikst í lok ágúst 2023 eftir að hafa áður útskrifast einkennalaus frá taugalækni hinn 24. júlí sama ár vegna annarra einkenna veirusýkingar. M telur að ekki séu um samfelld veikindi að ræða og vísar um það til læknisvottorða.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það til a-liðar 55. gr. váttryggingarskilmála þar sem fram komið að V greiði ekki bætur vegna tjóns sem staða af hvers kyns veikindum eða sjúkdómum sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin eða þegar staðfestingargjald var greitt. V telur að sjúkdómur M hafi verið fyrir hendi þegar hún greiddi staðfestingargjald hinn 9. júní 2023 og vísar um það til upplýsinga í læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu. Sérstaklega er vísað til þess að M hafi komið til taugalæknis bæði 13. júní og 24. júlí 2023 og hafi því verið í virkri lækni meðferð þegar staðfestingargjald var greitt 9. júní 2023. V telur að af læknisvottorðum megi ráða að bakslag hafi orðið vegna fyrri veikinda M en ekki hafi verið um ný veikinda að ræða í ágúst 2023.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til orðalags 54. gr. váttryggingarskilmála þar sem komi fram að gildissvið váttryggingar V nái til skyndilegra veikinda og um nýjan tjónsatburð hafi verið að ræða þegar veikindi hennar komu upp í ágúst 2023. M bendir einnig á að í 55. gr. váttryggingarskilmála, sem V beri fyrir sig, sé undanþáguákvæði sem beri að túlka þröngt. M vísar sem fyrr til læknisvottorða sem sýni að um sé að ræða „...tvö veikindi með mismunandi upphaf og endi.“

Í viðbótarathugasemdom V kemur fram að það telji að M hafi verið í virkri meðferð vegna veikinda þegar hún greiddi staðfestingargjald hinn 9. júní 2023 og vísar um það til læknisvottorðs sem sýni læknistíma vegna þeirra hinn 1. ágúst 2023 og í því læknisvottorði komi fram að einkenni M séu þau sömu og fyrri einkenni.

Í síðasta tölvupósti M kemur fram að viðbótarathugasemdom V sé mótmælt og að ekki hafi verið um sömu veikindi að ræða hjá M þegar hún greiddi staðfestingargjald 9. júní 2023 og þegar hún var lögð inn á taugalækningadeild 31. ágúst 2023.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst fyrst og fremst um hvort veikindi M í ágúst 2023 falli undir gildissvið forfallatryggingar greiðslukortatryggingar hennar hjá V, sbr. 7. kafla váttryggingarskilmála. AF málalíbúnaði aðila virðist ekki vera ágreiningur um að M hafi veikindi M hafi verið skyndileg, sbr. b.lið 54. gr. váttryggingarskilmála en ágreiningur er um hvort undanþáguákvæði a.liðar 55. gr. váttryggingarskilmála eigi við. Þar segir: „Tryggingin bætir ekki tjón: a. vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin eða þegar staðfestingargjald var greitt.“

Í þessu máli verður því að komast að niðurstöðu á um hvort veikindi eða sjúkdómur M, sem leiddi til þess að hún varð óferðafær, hafi verið fyrir hendi þegar staðfestingargjald var greitt 9. júní 2023, vegna ferðar sem fyrirhuguð var 21. september sama ár. Í læknisvottorði taugalæknis M eru veikindi M vegna veirusýkingar rakin aftur til nóvembermánaðar 2022 þegar hún fór að finna fyrir einkennum sem leiddi síðan til meðferðar á sjúkrahúsi og með lyfjum í mars 2023 og læknisheimsóknunum til hans bæði 13. júní og 24. júlí 2023. Þó mat læknisins hafi verið að ekki væru líkur á bakslagi eftir 13. júní 2023, eins og segir í læknisvottorði hans 19. desember 2023, verður ekki annað ráðið af læknisvottorðinu en að um hafi verið að ræða veikindi vegna sömu veirusýkingar í ágúst 2023, að það bakslag sem metið var að hefði verið ólíklegt, hefði því miður orðið.

V hefur takmarkað ábyrgð sína þannig í váttryggingarskilmálum að forfallatrygging greiðslukortatryggingar bæti ekki tjón vegna veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en staðfestingargjald var greitt. Er ekki hægt að líta öðruvísi á, með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum málsins, en að M hafi verið í meðferð vegna veikinda þegar hún greiddi staðfestingargjald og þó mat læknis hafi verið að ólíklegt væri að veikindi tækju sig upp, þá gerðist það og telst undanþáguákvæði a.liðar 55. gr. váttryggingarskilmála því eiga við um aðstæður M sem á ekki rétt til bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

LEIÐRÉTTUR ÚRSKURÐUR

Mál nr. 18/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V1)

Nafn varnaraðila (V2)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis A

Skráningarnúmer ökutækis B

Sakarskipting.

Gögn.

- Málskot mótttekið 10. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V1, dags. 29. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V2, dags. 28. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að deilt sé um sök í árekstri sem hafi átt sér stað 24. desember 2023. Málsatvik hafi verið þau að ökutæki A hafi verið bakkað úr stæði við S-götu og ætlað að leggja af stað áfram þegar ökutæki B hafi verið bakkað inn í vinstri hlið A. Niðurstaða tjonanefndar váttryggingafélaganna hafi verið að „hvorugur ökumanna gætti nægjanlega að sér“ og var sök skipt til helminga. M telur að ökumaður A hafi ekið fullkomlega gætilega og hafi ekki haft nein tók á því að sjá hvað í stefndi. Ökumaður B hafi þess vegna haft alla stöðuna í hendi sér og hefði átt að fyrirbyggja óhappið.

Í bréfi V1 kemur fram að ökumaður B segist hafa ekið bifreið sinni afturábak samtímis því að ökutæki A hafi verið bakkað. Fram kemur að ökumenn greini á um málsatvik og að það sé afstaða félagsins að báðum ökutækjum hafi verið ekið afturábak í aðdraganda árekstursins og ósannað sé að annað ökutækið hafi verið það lengi kyrrstætt að það hafi áhrif á sakarskiptingu í málinu. Félagið telur því að skipta eigi sök til helminga á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Í bréfi V2 er félagið sama sinnis um að hvor beri helming sakar á árekstrinum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Það liggur fyrir í málinu að báðir ökumenn óku út úr stæði rétt áður en áreksturinn varð og bar að gæta við það fyllstu varúðar skv. fyrirmælum 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þegar gögn málsins eru metin í heild er ekki unnt að leggja til grundvallar að ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir áreksturinn að hún hafi verið búin að gæta nægrar varúðar við aksturinn. Miðað við gögn málsins er því ekki sýnt fram á annað en að hvorugur ökumanna hafi gætt að varúðarskyldu 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á árekstrinum.

Reykjavík, 29. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 20/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).****Sakarskipting. Sönnun.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 11. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V2 dags. 2. febrúar 2024, ásamt tjónsskýrslu og niðurstöðu Tjónanefndar.
- Tölvupóstur V1 dags. 2. maí 2024.
- Tölvupóstur M dags. 20. júní 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B á Geirsgötu í Reykjavík. M, sem ökumaður bifreiðar A, kveðst hafa ekið af Lækjargötu gegn grænu umferðarljósi í vinstri beygju inn á Geirsgötu og ekið þar eftir vinstri akrein þegar bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið A frá hægri. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið gegn grænu umferðarljósi til hægri frá Kalkofnsvegi á hægri akrein og ekið inn á vinstri akrein Geirsgötu og verið nýfarinn af stað þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ætlað að aka fram úr hvítum sendibíl hægra megin við sig. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir vitnisburður farþega í bifreið A sem segir ökumann bifreiðarinnar hafa ekið vinstra megin á Geirsgötu á litlum hraða þegar bifreið B hafi verið ekið af hægri vegarhelmingi utan í bifreið A. Farþeginn telur að bifreið A hafi verið komin um 70-100 metra frá gatnamótum Lækjargötu og Geirsgötu þegar árekstur varð.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum og að óvissa um stöðu umferðarljósa eigi ekki að hafa áhrif á sakarskiptingu þar sem bifreið A hafi verið komin um 70-100 metra frá ljósunum þegar árekstur varð. M bendir á að í framburði ökumanns bifreiðar B komi fram að hún hafi ekið af hægri akrein yfir á vinstri.

V2 tekur undir sjónarmið M og vísar til þess að ökumaður bifreiðar B hafi farið gegn hátternisreglu 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem komi fram að ökumaður skuli, áður en hann ekur til hliðar eða skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þessa hafi ökumaður bifreiðar B ekki gætt og eigi því að bera alla sök á árekstrinum.

V1 vísar til þess að framburður beggja ökumanna (A og B) sýni að þeir telji sig hafa farið gegn grænu umferðarljósi. V1 telur ósannað að árekstur hafi orðið langt frá gatnamótum og vísar til framburðar ökumanns bifreiðar B um að hún hafi verið nýbúin að taka af stað þegar árekstur varð. V1 telur að eigi að skipta sök til helminga þar sem ósannað sé um stöðu umferðarljósa og ágreiningur sé um staðsetningu áreksturs.

Álit.

Þegar framburður ökumanna í upphaflegri tjónsskýrslu er skoðaður kemur þar fram að ökumaður bifreiðar A ber um að hún hafi ekið beint inn á vinstri akrein Geirsgötu af Lækjargötu gegn grænu umferðarljósi þegar bifreið B hafi komið frá hægri og ekið utan í bifreið A. Ökumaður bifreiðar B ber hins vegar að hún hafi ekið eftir Kalkofnsvegi á hægri akrein að umferðarljósi við Geirsgötu og ætlað að fara fram úr sendibíl sem hafi verið hægra megin. Vitni í bifreið A ber síðan um að bifreið B hafi verið ekið frá hægri utan í bifreið A á Geirsgötu, um 70-100 metrum frá gatnamótum.

Þó ekki liggi fyrir nákvæmar myndir af árekstrarstað er vísað til þans í tjónsskýrslu nokkuð frá gatnamótum. Þegar litið er til þess og ofangreinds framburðar ökumanna og vitnis telst nægilega sannað að ökumenn hafi verið komnir framhjá ljósastýrðum gatnamótum þegar árekstur varð og telst staða umferðarljósa því ekki vera meginþáttur í ákvörðun um sakarskiptingu.

Framburður ökumanns bifreiðar B sýnir að þeirri bifreið hafi verið ekið frá hægri til vinstri í aðdraganda áreksturs. Í 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur skýrlega fram að ökumenn sem aka til hliðar verði að gæta að þess sé unnt án óþæginda fyrir aðra. Framburður ökumanns bifreiðar A um að

bifreið hennar hafi verið á vinstri akrein fær auk þess stoð í framburði vitnis. Verður ökumaður B því talinn bera hallann af sönnunarskorti um að árekstur verði ekki rakinn til þess að bifreið B var ekið til hliðar frá hægri til vinstri í aðdraganda áreksturs. Sú sönnun liggur ekki fyrir og ber því ökumaður bifreiðar B alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstri við bifreið A.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 21/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Húseigandi.

Gögn.

- Málskot dags. 12. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 31. janúar 2024 ásamt fylgiskjali.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 14. febrúar 2024.
- Viðbótarathugasemdir V dags. 24. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 17. febrúar 2022, orðið fyrir líkamstjóni er hún féll um hellulögn við anddyri að verslun Y, sem er rekin í húsnæði í eigu X. M telur að tjón hennar megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna og vanbúnaðar sem sé á ábyrgð X, sem beri samkvæmt leigusamningi að annast viðhald utanhúss. Málskoti M fylgir þá myndband er sýnir lausar hellur í hellulagðri stétt. V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með bréfi dags. 13. janúar 2023, annars vegar á grundvelli þess að X hafi ekki haft vitneskju um lausa hellu á umræddu svæði og hins vegar þess að munnlegt samkomulag sé um að leigutakinn Y sinni viðhaldi utanhúss. M hafnar þeim málflytningi og byggir kröfu sína á því að ríkar kröfur verði að gera til X sem eigenda húsnæðis þar sem almenningur sækir þjónustu og hafi X vanrækt skyldur sínar hvað það varði. Vísar M þá til dómáfordæma máli sínu til stuðnings. Verði að gera þær kröfur að einstaklingar geti, án hættu á líkamstjóni, gengið að og frá verslunum í húsnæðinu. Viðgerðir hafi þá farið fram á hellulögninni etir slys M, sem sýni fram á að ástand hennar hafi ekki verið viðunandi. Þær viðgerðir hafi þó ekki dugað til og ástandið fljótt orðið jafnslæmt og fyrr. M hafi þá upplýsingar um að starfsfólk í húsinu hafi gert athugasemdir við ástand hellulagnarinnar fyrir slys M og er sérstaklega vísað til vitnisburðar Z þar sem m.a. segi um aðstæður á slysdegi: „Hellurnar höfðu verið lausar í langan tíma án þess að nokkur gerði við þær, þrátt fyrir að búið væri að láta vita af þessu ástandi.“ Þetta sé til samræmis við þá lýsingu sem fram komi í bréfi V2, váttryggjanda Y, dags. 7. október 2022, en þar segi m.a. að verslunarstjóri Y hafi fengið tilkynningu frá viðskiptavini um ástand hellulagnarinnar og áframsent hana til leigusalans X sem bæri ábyrgð á viðhaldi utanhúss. Í kjölfarið hafi hellulögnin verið lagfærð. Tekið er fram í málskoti að þessar viðgerðir hafi ekki átt sér stað fyrr en eftir slys M og hafi eins og áður segir ekki dugað til. Verði að mati M því að telja fullsannað að X hafi verið kunnugt um ástandið á hellunum. Ekki komi þá til álita að leggja hluta sakar á M sjálfa enda hafi ekki verið sýnilegt vegfarendum að hellurnar væru lausar, heldur hafi það aðeins komið í ljós þegar stigið var á þær.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi það ekki haft vitneskju um ófullnægjandi aðstæður eða lausa hellu. Hafi því ekki verið tilefni til ráðstafana af hálfu X. Þá liggi ekkert fyrir um að Y hafi heldur haft slíka vitneskju, enda sé óljóst hvenær tilkynning um ástand hellnanna hafi borist Y og eftirfarandi viðgerð hafi átt sér stað eftir slys M, samkvæmt því sem segi í málskoti. Þá vísar V til þess að munnlegt samkomulag sé um að Y sjái um viðhald utanhúss. Ekkert í málalíbúnaði M renni fullnægjandi stoðum undir það að slys M megi rekja til vanrækslu af hálfu X.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað sem röngu og ósönnuðu að munnlegt samkomulag hafi verið um að Y skyldi sjá um viðhald utanhúss enda sé það í mótsögn við skýrt ákvæði í leigusamningi aðila. Þó ekkert segi um það í bréfi V2 hvenær umræddar lagfæringar hafi átt sér stað sé ekki hægt að álykta út frá því að það hafi verið eftir slys M, og af yfirlýsingu Z megi raunar ráða að ábending um ástandið hafi borist X fyrir slys M. Sú fullyrðing V að X hafi ekki haft vitneskju um umræddan vanbúnað sé því röng og ósönnuð. Sé að mati M fullsannað að X hafi verið kunnugt um hann fyrir slys M.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slys hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Fallast verður á það með M að fullyrðingar um munnlegt samkomulag X og Y, um að Y skuli sjá um viðhald utanhúss, séu ósannaðar, enda komi skýrt fram í leigusamningi aðila að viðhald utanhúss sé á ábyrgð leigusala. Verður því við úrlausn málsins miðað við að viðhald fasteignarinnar utanhúss sé á ábyrgð X.

Ráða má þá af gögnum málsins, þ.á m. framlögðu myndbandi að hellur hafi verið lausar og til þess fallnar að valda slyshættu, þó hún sé ekki augljós nema stigið sé á umræddar hellur. Kemur þá til skoðunar hvort X hafi verið kunnugt um það, þannig að vanræksla á því að bregðast við verði metin X til saknæms athafnaleysis. Í fyrirliggjandi bréfi V2 kemur fram að verslunarstjóri Y hafi fengið tilkynningu frá viðskiptavini varðandi hellulögn fyrir framan húsið. Í kjölfarið hafi verið gerðar lagfæringar. Ekki er ljóst hvenær sú tilkynning var send en bréf V2 er dags. 7. október 2022, eða um átta mánuðum eftir slys M. Samkvæmt málskoti fór viðgerð fram eftir slysið og verður því ekki ráðið af bréfi V2 hvort tilkynningin hafi verið send fyrir eða eftir það tímamark. Fyrirliggjandi er þá yfirlýsing Z, sem starfar í umræddri fasteign þar sem fram kemur að hún hafi verið við störf á slysdagi. Z, líkt og fjölmargir aðrir starfsmenn á svæðinu, hafi vitað af lausum hellur fyrir framan inngang Y. Hellurnar hafi verið lausar í langan tíma án þess að nokkur gerði við þær, þrátt fyrir að búið væri að láta vita af ástandinu. Af yfirlýsingu M verður ekki ráðið hver var látinn vita af framangreindu, þ.e. hvort tilkynning þessa efnis hafi borist X og þá hvenær.

Af framangreindu og gegn neitun X verður því ekki talið nægilega sannað að X hafi haft vitneskju um ástand hellulagnarinnar áður en slys M atvikaðist. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskoti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 26/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið váttryggingar. Sönnun.

Gögn.

- Málskot mótttekið 18. janúar 2024.
- Bréf V dags. 9. febrúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 15. febrúar 2024.
- Gögn frá M send að beiðni nefndarinnar 18. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 6. janúar 2024 hafi M bakkað A úr bifreiðastæði við heimili sitt og lent ofan í ísilagðri holu. Hafi heyrst hátt „klapp“-hljóð undir bílstjórasætinu og bifreiðin verið óökufær í kjölfar þessa og setið föst í holunni. Eftir að hafa haft samband við V hafi M, með aðstoð þriggja annarra, ýtt bifreiðinni úr umferðarleið og í kjölfarið hafi hún verið dregin í bifreiðaumboðið X. M telur sig eiga rétt til bóta úr kaskótryggingu A vegna tjónsins þar sem um skyndilegt og óvænt utanaðkomandi atvik hafi verið að ræða. Þá hafi starfsmaður bifreiðaumboðsins staðfest að ekki væri um að ræða tjón sem rakið yrði til bilunar í bifreiðinni. Þá hafnar M því sérstaklega að tjónið hafi orðið við tilraunir til að koma A upp úr holunni. Í málskoti vísaði M þá til þess að hann gæti lagt fram frekari gögn yrði eftir því óskað.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að forsenda höfnunar sé sú að ákoma á bifreiðinni bendi til þess að um sé að ræða bilun í A. Um sé að ræða brot á ytra öxullið og samkvæmt tjónamatsaðilum félagsins komi slíkt brot ekki til nema þjónust sé á bifreiðinni eða vegna slits. Geti tjónið því ekki hafa komið til við það að A hafi verið ekið í umrædda holu. Það sé þá mat sömu aðila að aðrar ákomur væru á bifreiðinni, líkt og brotnar spyrnur eða þess háttar, hefði bótaskyld tjónsatvik komið til. Þá sé umrædd hola of grunn til að valda því að öxull brotni. Sé það því mat V að ósannað sé með öllu að um bótaskyld tjónsatvik hafi verið að ræða.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M málalátbúnaði V. Hann rökstyður í bréfi sínu með hvaða hætti tjónið hafi getað atvikast, þrátt fyrir lítinn ökuhraða, þar sem það geti valdið umtalsverður höggi á bifreið ef ísing yfir holu á yfirborði vegar brestur með þeim afleiðingum að bifreiðin fellur í holuna. Þá sé um fremur viðkvæman íhlut að ræða sem þoli lítið hnjask. A sé þá fremur nýleg, frekar lítið ekin og hafi fengið gott viðhald. Þá geti brot á öxullið komið til án þess að um aðrar ákomur sé að ræða og verði að meta hvert tilvik fyrir sig. Hann hafi þá frá upphafi verið skýr og nákvæmur í lýsingu sinni á atvikinu. Þá kvartar M undan starfsháttum V við vinnslu málsins.

Þar sem M vísaði í málskoti til ýmissa gagna sem þó voru ekki meðfylgjandi, en engin gögn fylgdu málskoti hans til nefndarinnar, var honum gefinn kostur á að koma þeim á framfæri við nefndina og bærust svör hans við því erindi með tölvupósti dags. 18. apríl 2024. Meðal þess sem hann lagði fram var yfirlýsing nágranna hans, dags. 7. apríl 2024 um að hún hafi komið að A bilaðri við bifreiðastæði þeirra og að snjór og hálka hafi verið fyrir utan. Þá leggur M fram ljósmyndir af A, þar sem vinstra framhjól hennar er við umrædda holu og afstöðumynd af vettvangi. Jafnframt lagði hann fram myndband af hinum brotna öxullið. Þá liggur fyrir yfirlýsing vinar M um að hann hafi komið M til aðstoðar við að ýta A úr akstursleið annarra ökutækja um bifreiðastæðið. Þá liggur fyrir yfirlýsing annars vinar M, sem sé sérfræðingur í bifreiðaviðgerðum. Segir í henni að viðkomandi hafi skoðað bifreiðina og að ytri öxulliðurinn hafi verið brotinn. M áréttar þá enn að bilun hafi komið fram við það að lenda í holunni, en ekki við að reyna að aka henni eftir á eða auka eldsneytisinnngjöf hennar. Samkvæmt samkomulagi við V hafi A, hinn 9. janúar 2024, verið dregin í bifreiðaumboðið X. M kvartar undan samskiptum við V og misvísandi skilaboðum í kjölfar þess. M áréttar þá að staðhæfing V um að atvik bendi til þess að um bilun hafi verið að ræða sé ekki studd gögnum. Það sé þá áriðandi að afla mats bifreiðaumboðs X á tjóninu en samkvæmt starfsmann þar hafi aðeins fjórar ljósmyndir

verið sendar til V, en engin frekari matsskýrsla og sé því með öllu óljóst á hverju V byggi afstöðu sína.

Álit.

Í skilmálum viðeigandi vátryggingar segir að tryggingin bæti tjón á tryggðu ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika sem ekki eru sérstaklega undanskilin eða takmörkuð í skilmálunum. Þá eru talin upp, í 15 stafliðum, tjónsorsakir sem ekki greiðast bætur vegna, þ.e. eru sérstaklega undanskildar. Verður ekki séð að atvikið, eins og M lýsir því, falli þar undir.

Eftir stendur þó að meta hvort skyndilegt og óvænt utanaðkomandi atvik hafi valdið tjóni á A. V byggir á því að tjónamatsaðilar félagsins við CABAS-mat telji að bilun, en ekki utanaðkomandi atvik, hafi valdið tjóninu og sé bótaskylda því ekki fyrir hendi. M telur hins vegar að brot á öxullið hafi komið til við akstur í umrædda holu. Þó það sé að mati nefndarinnar nægilega sýnt fram á að A hafi verið föst og óökuhæf á bifreiðastæðinu hefur þar með ekki verið sýnt fram á að skyndilegt og óvænt utanaðkomandi atvik hafi valdið umræddu tjóni. Rétt er að áréttu að það hvílir á M að sýna fram á að svo sé, en ekki V að sýna fram á að svo sé ekki. Gegn neitun og röksemdum V hefði M því þurft að leggja fram frekari gögn, s.s. mat óhlutdrægs og sérfróðs aðila um orsök tjónsins. Ítarlegur rökstuðningur hans sjálfs í þeim efnum dugir þannig ekki til slíkrar sönnunar. Slíkt mat, eða önnur gögn sem lögð verði að jöfnu, liggur ekki fyrir og verður M að bera hallann af því. Er þá einnig rétt að áréttu að sjálfstæð gagnaöflun, s.s. að kalla eftir mati bifreiðaumboðsins X, á sér ekki stað af hálfu nefndarinnar, heldur hvílir á aðilum sjálfum að leggja gögn málsins fyrir hana.

Eftir almennum sönnunareglum hvílir það á M að sýna fram á að atvik að baki tjóni hans falli undir gildissvið vátryggingarinnar. Eins og málum er hér háttuð verður ekki talið að slík sönnun hafi tekist og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. apríl 2024.
rafræn undirskrift

SóleyRagnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 27/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Váttryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 18. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. apríl 2024 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. apríl 2024.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að hinn 28. desember 2023 hafi hún verið að koma úr bílastæðakjallara við heimili sitt og verið komin áleiðis upp ramp við kjallarann þegar hún hafi séð aðra bifreið koma á móti sér. Þar sem vonlaust sé að mætast á rampinum hafi hún ákveðið að bakka til baka inn í bílastæðakjallarann. Þegar hún hafi verið að bakka inn í hann hafi hurðin á bílastæðakjallaranum farið ofan á bifreið hennar með þeim afleiðingum að hún skemmdist nokkuð. Útilokað sé að hún hafi bakkað á hurðina þar sem skemmdir séu ofan á bifreiðinni og bakkskynjarar hafi ekki varað við neinu. Telur M að tjónið megi rekja til þess að X, bílstjóri hinnar bifreiðarinnar, hafi ýtt á fjarstýringuna þaðan sem hann var á rampinum og hafi hurðin, sem ekki var í sjónlínu X, lokast af þeim sökum. Hafi X einnig viðurkennt það strax eftir umræddan atburð. Gerir hún því kröfu í ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar X en V hafnaði kröfu hennar með bréfi dags. 5. janúar 2024.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt lýsingu X þurfi að opna umræddar dyr með fjarstýringu en þær lokist sjálfkrafa og hafi hann ekki valdið því. Hann hafi ýtt á hnapp fjarstýringarinnar áður en hann sá bifreið M, en hann hafi litið í spegil á rampinum áður en hann ók af stað niður hann, ekki séð neina bifreið og því talið óhætt að þrýsta á hnappinn og aka áfram. Hafi þá að sögn X verið þó nokkuð bil á milli bifreiðanna og bifreið X verið stopp á rampinum þegar M byrjaði að bakka með fyrrgreindum afleiðingum. Sérstök skylda hvíli á öikumönnum að gæta að umhverfi sínu og geti X ekki borið ábyrgð á viðbrögðum M en auk þess sé að mati V ósannað að X hafi valdið umræddu tjóni.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún telji atvikið algerlega X að kenna. Hún hafi ýtt á takkann þegar hún var komin að hurðinni og hafi verið rétt komin út um dyrnar þegar hún sá bifreið X koma niður rampinn. Þegar hún hafi sett í bakkgríp hafi 10-15 sekúndur verið liðnar frá því að hún ýtti á hnappinn, en samkvæmt mælingu hennar sem tekin var upp á fyrirliggjandi myndband taki sjálfvirk lokun dyranna um eina mínútu og 20 sekúndur. X hafi ýtt á takkann með þeim afleiðingum að hurðin fór niður og ekki stoppað hurðina þegar hann sá í hvað stefndi. X hafi í ýmsum atriðum farið rangt að, þannig hafi hann ekki átt að ýta á hnappinn fyrr en hann var kominn að hurðinni og eins hefði hann átt að stöðva hurðina þar sem hann, en ekki M, sá í hvað stefndi þegar hurðin kom ofan frá og á bifreið hennar.

Álit.

M krefst samkvæmt framansögðu bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X hjá V vegna þess tjóns sem hún telur hann hafa valdið sér. Ábyrgðartryggingarliður váttryggingarinnar tekur til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem einstakling. Það hvílir svo á tjónþola, þ.e. í þessu tilviki M, að sýna fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Sjálfstæð lýsing X á atvikum liggur ekki fyrir en af því sem haft er eftir honum í bréfi V til nefndarinnar virðast aðilar ekki að fullu sammála um málsatvik. Af myndbandi því sem M hefur lagt fyrir nefndina má þá ráða að dyrnar á bílastæðakjallaranum lokist um einni mínútu og 20 sekúndum eftir að þær eru opnaðar. Gegn neitun X hefur hins vegar ekki verið sýnt fram á dyrunum sé lokað með fjarstýringu, en engin frekari gögn liggja fyrir nefndinni um nánari virkni hurðarinnar eða stýringu hennar. Liggur því ekki fyrir hvort

lokun hurðarinnar sé stýrt með fjarstýringu, og ef svo er hvort sami hnappur stýri opnun og lokun, hvort unnt sé að stöðva lokun þegar hún er hafin o.s.frv. Þá liggja ekki fyrir nefndinni nein gögn sem aðilar hafi sammælt um hvað varðar atvik og afstöðu bifreiðanna í aðdraganda atviksins.

Hefur M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna nægilega fram á að tjón á bifreið hennar sé að rekja til bótaskyldra athafna eða athafnaleysis X. Verður hún að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 28/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Abyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

- Málskot dags. 18. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 13. febrúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 4. mars 2024 ásamt fylgiskjali.
- Viðbótarathugasemdir V dags. 14. mars 2024.

Málsatvik.

Fyrir liggur að hinn 29. maí 2023 varð árekstur með bifreiðunum A og B, en M var farþegi í hinni síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að A hafi átt sök á árekstrinum. Fyrir nefndinni krefst M þess að viðurkennd verði bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns sem hún hafi sannanlega orðið fyrir við áreksturinn. V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 27. júlí 2023.

Í málskoti kemur fram að tjón á bifreiðunum hafi verið umtalsvert og ekki um léttvægan árekstur að ræða. Í kjölfar hans hafi M verið óvinnufær og átt við mikla og þráláta verki frá hálsi og baki að stríða auk svefnvandamála. Hafi hún sótt fjölda tíma hjá sjúkráþjálfara í því skyni að bæta heilsu sína en margvíslegar afleiðingar séu enn til staðar. Fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn sýni þá fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við atvikið. V hafi hafnað bótaskyldu með vísan til svokallaðrar PC-Crash skýrslu sem sýni fram á að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. M vísar til þess að PC-Crash skýrsla sé einhliða aflað og hafi takmarkað sönnunargildi. Jafnvel þó um tiltölulega vægan árekstur hafi verið að ræða sé þá ljóst að mat á afleiðingum sé einstaklingsbundið og ekki verði einvörðungu byggt á útreikningum um hraða og þyngdarkraft ökutækis.

Í bréfi V er vísað til þess að lögmanni M hafi verið boðið að koma að athugasemdum við gerð PC-Crash skýrslu og hafi hennar því ekki verið einliða aflað. Engar athugasemdir hafi hins vegar borist. Samkvæmt skýrslunni hafi höggið á B verið mjög vægt og bendi gögn málsins ekki til þess að heilsutjón hafi hlotist af atvikinu. Hvað varði læknisfræðileg gögn þá liggi hvorki fyrir skýrsla sjúkráþjálfara né upplýsingar um fyrra heilsufar M. Liggi því ekkert fyrir um að einkenni þau sem M kvarti undan hafi ekki verið til staðar fyrir slysið. Séu ítarlegar lýsingar M á umfangsmiklum afleiðingum atviksins þá með miklum ólíkindum og ekki í neinu samræmi við alvarleika atviksins. Hafi M þá ekki sýnt fram á tjón sitt með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna. Það hvíli samkvæmt almennum sönnunarreglum á M að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar og af því leiði að það hvíli á henni að kosta gögn og afla mats á hugsanlegum afleiðingum. Af framansögðu hafi M ekki sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem hún reki til hans.

Með viðbótarathugasemdum sínum leggur M fram læknisvottorð þar sem fram komi að M hafi ekki verið haldin sjúkdómi í baki, hálsi eða höfði fyrir umræddan árekstur. Þá er áréttað að M hafi gert almennar athugasemdir við öflun PC-Crash skýrslu en á þeim tíma hafi ekkert legið fyrir um innhald skýrslunnar eða útreikninga hennar.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir áréttáðar og tekið fram að engar athugasemdir hafi verið settar fram af hálfu M þegar PC-Crash skýrslan lá fyrir. Hvað varði framlagt vottorð um fyrra heilsufar komi ekkert fram í því um til hve langs tíma sjúkraskrá M hér á landi taki og enn liggi hvorki fyrir skýrsla sjúkráþjálfara né læknisfræðilegt örorkumat. Sé orsakasamband milli árekstursins og einkenna M því með öllu ósannað.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort M hafi hlotið líkamstjón við umrætt atvik, en samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði þess að svo hafi verið. Þó svokölluð PC-Crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti áreksturs verður ekki talið að það eitt og sér útiloki að

Líkamstjón hafi orðið enda verður við mat á því að líta heildstætt til allra gagna málsins, einkum lækisfræðilegra. Þrátt fyrir lítinn þyngdarkraft samkvæmt skýrslunni má þá ráða af fyrirbyggjandi ljósmyndum að ákoma á B hafi verið nokkur, en frekari upplýsingar um tjón á henni eru þó ekki fyrirbyggjandi.

Verður þá að líta til lækisfræðilegra gagna við mat á því hvort M hafi hlotið líkamstjón við atvikið. Fyrirbyggjandi er lækisvottorð frá Læknavaktinni, dags. 18. júní 2023, þar sem fram kemur að M hafi leitað lækis þar hinn 31. maí sama ár, eða tveimur dögum eftir áreksturinn. Var hún þá greind með tognun á háls- og lendahrygg og fékk vottorð um óvinnufærni til 4. júní 2023. Þá er fyrirbyggjandi vottorð heilsugæslulækis, dags. 29. nóvember 2023, þar sem fram kemur að M hafi leitað á heilsugæslu 5. júní 2023, þar sem hún var aftur greind með tognun á háls- og lendahrygg, fékk ávísað bólgueyðandi verkjalyfjum og tilvísun til sjúkraþjálfara. Kemur og fram að M hafi leitað á heilsugæsluna vegna sambærilegra einkenna hinn 16. júní 2023 og aftur 6. október 2023. Þá hafi hún fengið vottorð um óvinnufærni frá slysdegi og til ársloka 2023. Samkvæmt framlögðum kvittunum leitaði M þá 12 sinnum til sjúkraþjálfara frá slysdegi, þó heildstæð skýrsla um þá meðferð sé ekki meðal gagna fyrir nefndinni. Í fyrirbyggjandi lækisvottorði, dags. 27. febrúar 2024, kemur þá fram að M hafi ekki verið haldin sjúkdómi í baki, hálsi eða höfði fyrir áreksturinn, og að farið hafi verið yfir fyrri nótur í sjúkraskrá því til staðfestingar þó ekki komi fram til hvaða tímabils sú skoðun hafi tekið.

Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það mat nefndarinnar að sýnt sé fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn þó ekki liggi fyrir hvert umfang þess sé og að hvaða leyti er um varanlegt tjón að ræða. Það er enda á valdi hæfra og óvilhallra matsmanna að meta frekar orsakatengsl umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Telst M samkvæmt öllu framansögðu eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem sýnt verður fram á tjón með slíkri matsgerð.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 29/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging vagna.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 19. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 11. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. maí 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjonstilkynningu M til V, dags. 5. ágúst 2023 hvelsprakk á hjólhýsinu A á leið frá Ísafirði. Fór dekkið í sundur og í ljós kom að öxull hafði bognað er dekkið sprakk. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr vagnakaskótryggingu sinni hjá V. Bótaskyldu var hafnað af hálfu V með tölvupósti þar sem fram kemur að tjón er varða tjón á hjólbörðum og fjaðrabúnaði vagnsins fáist ekki bætt, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. skilmála váttryggingarinnar. M telur að tjónið falli undir gildissvið tryggingarinnar þar sem tjónið tengist ekki neinu því sem talið er upp í fyrrgreindri grein skilmálans. Hjólabúnaður sé í lagi en það sé tenging á milli hjólanna sem hefur bilað. Telur M að V hafi misskilið eitthvað í lýsingu sinni og álitu sérfræðings umboðsaðila hjólhýsisins.

V telur að tjónið falli ekki undir gildissvið vagnakaskótryggingar hjólhýsisins A. Vísar V til þess sem fram kemur í inngangi að skilmálum váttryggingarinnar þar sem farið er yfir helstu bótaþætti en þeir eru til að mynda árekstur, áakstur og útafakstur ökutækis sem dregur eftirvagninn, eldsvoði, þjófnaður og óveður. Þá er einnig vísað til 3. gr. skilmálans þar sem talin eru upp með nánari hætti þau tilvik sem tryggingin bætir og 2. mgr. 4. gr. og vísað til þess að þar sé hvergi tekið fram að afleitt tjón í kjölfar skemmda á hjóli eða hjólbarða verði bætt úr tryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að tildrög tjónsins hafi að öllum líkindum verið þau að gúmmistykki í röri sem tengt er hjólabúnaði hafi gefið sig með þeim afleiðingum að dekkið fór að halla. Í kjölfarið hafi dekkið sprungið.

Álit.

Í liðum a-l í 3. gr. skilmála sem gilda um kaskótryggingu eftirvagnsins A er að finna tæmandi upptalningu á þeim tilvikum sem bótaskyld eru skv. váttryggingunni, þar á meðal árekstur, eldsvoða, hrap, velta, grjóthrun, þjófnaðar og óveður. Fellur það tjonstilvik sem M tilkynnti í umrætt sinn til V ekki þar undir og verður þegar af þeirri ástæðu ekki þörf á að horfa til undanþáguákvæða skilmálans. Mátti höfnunarbréf V til M vera skýrara hvað þetta varðar í stað þess að leggja áherslu á undanþáguákvæði skilmálans. Verður þrátt fyrir það að telja að M eigi ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu eftirvagnsins A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu vagnsins A hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 30/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 19. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. febrúar 2024, ásamt PC-Crash skýrslu dags. 24. maí 2023.
3. Tölvupóstur lögmans M dags. 15. febrúar 2024, ásamt skýrslu sjúkraþjálfara og tölvupósti nuddara.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var hinn 28. janúar 2023 farþegi í bifreið þegar bifreiðinni X var ekið aftan á þá bifreið. Myndir liggja fyrir af bifreiðunum eftir áreksturinn. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að M leitaði samdægurs til læknis og hafi þar verið greind með tognun eða ofreynslu á háls hrygg og fengið verkjalyfi ávísað. Hinn 3. apríl 2023 má sjá færslu í sjúkraskrá M þar sem hún óskar eftir tilvísun til sjúkraþjálfara vegna einkenna í vinstri öxl og haft er eftir M að hún reki þann verk til áreksturs tveimur mánuðum áður. Hinn 8. maí 2023 kemur einnig fram færsla í sjúkraskrá þar sem M óskar eftir tilvísun til bæklunarlæknis eftir ráðleggingar sjúkraþjálfara. Einnig kemur fram að M hafi ekki komist til síns læknis þar sem hann hafi verið mikið fjarverandi. Þessu til viðbótar liggja fyrir færslur úr sjúkraskrá frá 9. febrúar 2023 þar sem M fékk tilvísun til bæklunarlæknis vegna verkja í mjöðm. Í skýrslu sjúkraþjálfara er vísað til þess að M hafi lent í „harðri aftanákeyrslu“ og hafi haft „vandamál“ með stoðkerfi í hálsi, efra baki og vinstri öxl síðan. Einnig er vísað til vinnu M og að þar sé mikið álag á axlir. Í tölvupósti nuddara M dags. 17. febrúar 2024 er vísað til þess að M hafi sótt nudd síðan 8. febrúar 2023 og hafi nuddarinn fundið fyrir stífleika í hálsi og öxlum sem og öxl og ráðlagt M að fara til sjúkraþjálfara.

M telur að sannað sé að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstri 28. janúar 2023 og líkamstjón hennar eigi að bæta á grundvelli 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. M bendir á að V hafi hafnað bótaskyldu vegna tjónsins áður en M hafi verið búin að leggja fram læknisfræðileg gögn vegna tjónsins. M telur V ekki geta byggt á PC-crash skýrslu þar sem skv. úrskurðafrákvæmd verði ekki dregnar almennar víðtækar ályktanir af slíkum skýrslum, þó þær sýni lítinn þyngdarkraft í árekstrinum.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur orsakatengsl ekki sönnuð milli einkenna M og árekstursins 28. janúar 2023. V vísar til fyrstu komu M til læknis og að hún hafi þar greinst með tognun eða ofreynslu á háls hrygg og eigi kvartanir vegna verkja í mjöðm geti því ekki tengst árekstrinum. Einnig vísar V til þess að M hafi ekki haft einkenni í öxl við fyrstu skoðun hjá lækni á tjónsdegi og ekki sé sannað að þau einkenni tengist árekstrinum, þó M hafi minnst á þau tveimur mánuðum eftir hann. Einnig vísar V til PC-crash skýrslu þar sem komi fram að högg aftan á bifreið M hafi verið mjög vægt og vísar til þess að í dómafrákvæmd hafi verið tekið tillit til þess. Ekki liggi heldur fyrir að M hafi sinnt tjónstakmörkunarskyldu sinni þar sem einungis sé minnst á slysi M í tveimur komum til læknis og ekki liggi fyrir mat á afleiðingum og hafi M því ekki sannað tjón sitt.

Í viðbótarathugasemdum lögmans M kemur fram að því sé ekki haldið fram að verkur í mjöðm M sé vegna slyssins og að meðferð M hjá sjúkraþjálfara eftir áreksturinn tengist ekki mjaðmaáverkum. Einnig vísar M til þess að hún hafi sinnt sjúkraþjálfunarmedferð og að V hafi greitt bætur vegna tjóns á bifreið hennar. Einnig er vísað til nýlegri dóms en V vísar til í bréfi sínu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 28. janúar 2023 og ef svo er hvort V sé skylt að greiða fyrir gagnaöflun og mat á fjárhæð líkamstjóns M. Í gögnum málsins kemur fram að M heldur því ekki fram að einkenni frá mjöðm tengist árekstrinum.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis samdægurs eftir umrætt tjónsatvik. Ekki verður séð að M hafi hitt lækni eftir það heldur verið í rafrænum samskiptum við slíka vegna tilvísunar til sjúkraþjálfara og síðan bæklunarlæknis. Upplýsingar frá meðferðaraðilum sjúkraþjálfunar og nudds sýna ekki frekari læknisfræðilegar greiningar á mögulegum áverkum M vegna árekstursins 28. janúar 2023.

Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V þó V hafi látið M vita af gerð hennar, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna.

Þau gögn sem liggja fyrir um eðli og afleiðingar líkamlegra einkenna M eru mjög takmörkuð og ná einungis til einnar læknisheimsóknar. Ekki liggur fyrir vottorð frá sérfræðingi eða annað sem staðfestir að meiri líkur en minni séu á því einkenni M nú sé hægt að rekja til téðs áreksturs. Þá liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M, auk þess sem upplýsingar um fyrra heilsufar hennar og tengsl við mat á núverandi ástandi liggur ekki fyrir.

Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirliggjandi gögnum, er vafi um að orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því. Í því felst að M hefur ekki sýnt fram á að hún eigi rétt til frekari bóta, t.d. sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða annarra bóta skv. ákvæðum sömu laga úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 4. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 32/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 21. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 13. febrúar 2024.
3. Bréf V2 dags. 12. mars 2024 ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur M dags. 24. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að síðdegis hinn 21. júní 2023 hafi bifreiðinni A verið ekið aftan á bifreiðina B, sem er í eigu M, rétt við afreini af Vesturlandsvegi við Höfðabakkabru í Reykjavík. Ökumaður A hafi stöðvað og farið úr bifreiðinni til að ræða við M og hafi þá viðurkennt að hann hafi ekki haft augun hjá sér og líklega lent á B. Daginn eftir hafi V1 þó hafnað bótaskyldu þar sem A hafi ekki kannast við að hafa lent í árekstri og atvikið því að mati V1 ósannað. M tekur fram í málskoti að höggið hafi verið það mikið að hann hafi skolið á höfuðpúðann, og hafi tjónið á B verið metið að fjárhæð 180.000 kr. Hafi M fengið það bætt úr kaskótryggingu B hjá V2 en þurft að greiða eigin áhættu að fjárhæð 114.530 kr.

Fyrirliggjandi er þá skýrsla Aðstoðar og öryggis, dags. 4. september 2023 sem var unnin að beiðni V2. Í henni er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið í röð bifreiða og skyndilega hafi hægst á röðinni. Hafi hann þá hennlað og telji sig hafa með því forðað árekstri. Ökumaður B hafi veifað honum og hann stöðvað til að ræða við hann. Í niðurstöðu skýrslunnar segir þá að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum sem gæfi til kynna að árekstur hafi orðið milli þeirra. Lýsing M á því að um þungt högg hefði verið að ræða og hann hafi kastast til í bifreiðinni sé þá ekki í samræmi við það að ekkert sjáanlegt tjón sé á A eða B.

M gerir ýmsar athugasemdir við skýrsluna, V2 hafi aldrei tekið bifreiðina til skoðunar og skýrsluhöfundur ekki skoðað hana almennilega, en vel geti verið um tjón að ræða þó það hafi ekki sést við skoðun skýrsluhöfundar sem hafi verið framkvæmd á fimm mínútum á einhverju bifreiðastæði. Þá hafi bifreiðaumboð framkvæmt tjónamat og gögn um tjónið séu því fyrirliggjandi. Þá segist hann ekki hafa veifað A heldur hafi hann greinilega sjálfur talið tilefni til að stöðva. M hafi þá ekki hægst skyndilega á akstrinum heldur verði að álykta sem svo að A hafi ekki verið með hugann við aksturinn og ekki gætt að nægilegu akstursbili milli bifreiða.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er vísað til fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis þar sem fram komi að ekkert sjáanlegt tjón hafi orðið á bifreiðunum. Sönnunarbyrði þess að tjón hafi orðið á B af völdum A hvíli á M, og liggi engin þau gögn fyrir í málinu sem sýni fram á það. Sé því ósannað að bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á B.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að ökumaður A virðist ekki hafa verið viss um hvort árekstur hafi átt sér stað og hafi hann virst byggja þá afstöðu fyrst og fremst á því að á vettvangi hafi ekki mátt greina ákomur á bifreiðunum. Tjónamat bifreiðaumboðs vegna tjóns á B hafi hljóðað upp á 185.000 kr. og hafi ljósmyndir af ákomum á plaststuðara á B fylgt matinu. Megi þar glögglega greina hvar númeraplata A hafi „stimplast“ í neðri plaststuðara B. Höfnun V1 á bótaskyldu hafi byggt á framburði A og þeirri takmörkuðu skoðun sem framkvæmd hafi verið af Aðstoð og öryggi. Fyrirliggjandi ljósmyndir frá tjónamati og nánari greining þeirra sýni hins vegar fram á að árekstur hafi orðið með A og B og skuli tjón M því bætast úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort komið hafi til áreksturs milli A og B, en samkvæmt framburði ökumanns A taldi hann sig hafa forðað árekstri umrætt sinn. Samkvæmt fyrirliggjandi tjónamati varð nokkurt tjón á B og skipta þurfti um neðri afturstuðara hennar. Af ljósmyndum er fylgdu skýrslu Aðstoða og öryggis, svo og ljósmyndum sem fylgdu tjónamati og voru meðfylgjandi bréfi V2 til

nefndarinnar má þá greina ákomu frá númeraplötu A á stuðara B. Má þar greina hvernig bókstafir úr bílnúmeri A hafa „stimplast“ inn í plaststuðara B. Samræmist það frásögn M um að A hafi verið ekið aftan á B.

Samkvæmt framansögðu verður að telja nægilega sýnt fram á að árekstur hafi orðið með A og B umrætt sinn. Liggur þá ekki annað fyrir en að áreksturinn megi rekja til þess að A hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að hafa nægilegt bil milli ökutækja. Ber hann því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 ábyrgð á því tjóni sem af hlaust og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 fyrir hendi.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 33/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. febrúar 2024.
3. Viðbótarathugasemdir lögmanns M dags. 12. mars 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 11. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var að aka bifreið sinni hinn 29. maí 2023 út úr hringtorgi þegar bifreiðinni X var ekið í hlið bifreiðar M. Myndir liggja fyrir af skemmdum á bifreiðunum. M tilkynnti um líkamstjón til V hinn 14. júní 2023 en V hafnaði bótaskyldu hinn 27. júlí 2023 og vísaði til hraða- og höggútreikningsskýrslu (PC-Crash) dags. 13. júlí 2023 um að ekki hafi hlotist mikið högg af árekstrinum og því ekki mögulegt að M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

M byggir kröfu sína um bætur fyrir líkamstjón á því að hann hafi sannanlega orðið fyrir slíku tjóni. M vísar til læknisvottorða þar sem staðfest sé að M hafi verið að glíma við mikla og þráláta verki m.a. í hálsi, öxl, mjóbaki og hefur fengið greiningu á tognun á háls-, brjóst og lendahrygg. Einnig vísar M til þess að hann hafi verið óvinnufær vegna afleiðinga slyssins og sinnt sjúkraþjálfun vegna sömu afleiðinga. M vísar til þess að hraða- og höggútreikningsskýrsla sú sem V vísar til sé gagn sem aflað sé einhliða og eigi því ekki að leggja til grundvallar sem sönnunargagn.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur með hliðsjón af höggútreikningsskýrslu (PC-Crash) dags. 13. júlí 2023 að högg af árekstrinum 29. maí 2023 hafi verið vægt. V vísar því á bug að skýrslunnar hafi verið aflað einhliða þar sem lögmanni M hafi verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum og sjónarmiðum vegna hennar. Einnig vísar V til þess að einkenni þau sem M lýsi séu þau sömu og hann hafi lýst vegna afleiðinga annars umferðarslyss á árinu 2018 skv. upplýsingum úr matsgerð vegna þess slyss. Einnig telur V að M hafi ekki sannað tjón sitt með matsgerð tveggja og óvilhallra matsmanna.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M er vísað til þess að því hafi verið komið á framfæri við V þegar félagið hugðist afla hraða- og höggútreikningsskýrslu að þar sem útreikningar í þeirri skýrslu væru einhliða myndi M ekki taka þátt í slíku. Einnig er vísað til þess að ómögulegt sé að slá því föstu að ekki hafi orðið líkamstjón í árekstrinum þar sem til þurfi að koma mat á fleiri þáttum en höggkrafti.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að ítrekun þeirra sjónarmiða að hraða- og höggútreikningsskýrsla frá 13. júlí 2023 geti ekki talist gagn sem einhliða er aflað þar sem engar athugasemdir hafi verið gerðar þegar við öflun þess gagns né þegar það lá fyrir. V vísar einnig til þess að ekki liggi fyrir læknisfræðilegt örorkumat og þannig verði ekki sannað að einkenni sem M stríði nú við séu tengd árekstrinum 29. maí 2023 eða eldri áverkum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 29. maí 2023 og ef svo er hvort V sé skylt að greiða fyrir gagnaöflun og mat á fjárhæð líkamstjóns M.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis daginn eftir umrætt tjónsatvik og hefur leitað reglulega til læknis eftir það og farið í sjúkraþjálfun vegna einkenna.

Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að ekki var samkomulag um öflun hennar þó V hafi látið M vita af gerð hennar, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á höggkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum höggkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er aflað með fyrrgreindum hætti án þess að litið sé til annarra gagna.

Í gögnum um fyrra heilsufar M kemur fram að hann hafi áður lent í slysum og haft einkenni m.a. frá brjóst- og lendhrygg og fótum. Þó M hafi áður haft slík einkenni útilokar það ekki að hann sé þannig viðkvæmari fyrir því að slík einkenni versni vegna árekstursins 29. maí 2023. Af læknisvottorði dags. 18. júní 2023 verður ekki annað ráðið en að M hafi verið óvinnufær vegna afleiðinga árekstursins frá 30. maí til 9. júní 2023. Einnig liggur fyrir í öðrum læknisvottorðum að M hafi verið óvinnufær á öðrum tímabilum eftir áreksturinn sem og að hann hafi sinnt endurhæfingu vegna einkenna sinna. Ekki liggur fyrir að óvinnufærni hafi verið uppi fyrir þetta atvik vegna fyrri einkenna og telst því af fyrirliggjandi gögnum meiri líkur en minni að að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni við áreksturinn 29. maí 2023 þó ekki liggi enn fyrir matsgerð um heildarafleiðingar líkamstjónsins. M telst því eiga rétt til greiðslu bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun og matsgerð vegna afleiðinga líkamstjóns hans.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til greiðslu bóta vegna greiðslu matsgerðar og kostnaðar vegna gagnaöflunar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 29. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 34/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkratrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. febrúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að með tjonstilkynningu dags. 5. október 2020 gerði M kröfu um greiðslu bóta úr sjúkratryggingu sinni hjá V vegna ýmissa kvilla sem taldir eru upp á tjonstilkynningu en þar má m.a. nefna þunglyndi, ofsakvíða, félagsfælni, ADHD, mikið þyngdartap, svima, síþreytu, svefnörðugleika, orkuleysi og meltingarvandamál. Váttryggingin var gefin út þann 20. september 2018 með áritun á váttryggingarskírteini þar sem undanskilið frá áhættu V er ADHD og hvers kyns andlegir sjúkdómar sem og slys eða líkamleg einkenni sem rekja má til þeirra. Innifalið í tryggingunni eru örorkubætur vegna sjúkdóms. V hefur með bréfi dags. 7. nóvember 2023 hafnað bótaskyldu úr tryggingunni með þeim rökum að læknisfræðileg gögn staðfesti að veikindi M hafi verið tilkomin fyrir töku tryggingarinnar. M telur að óvinnufærni sína megi að mestu leyti rekja til líkamlegra einkenna andstætt því sem V heldur fram.

V vísar til fyrirbyggjandi læknisvottorðs dags. 1. október 2022 þar sem fjallað er um þær greiningar sem valda óvinnufærni M. Í vottorðinu kemur fram að M hafi verið óvinnufær síðan 2. júlí 2018. Í vottorðinu eru taldar upp þær sjúkdómsgreiningar sem valda óvinnufærni M og er þeim raðað eftir mikilvægi. Fyrstu þrjár tengjast andlegum sjúkdómum sem eru undanskildar áhættu V. Skv. 2. gr. skilmála váttryggingarinnar nær váttryggingin ekki til sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi, nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort M eigi rétt á bótum úr sjúkratryggingu sinni hjá V. Óumdeilt er að M upplýsti V um andlega kvilla sína er hún sótti um váttrygginguna og að V hafi takmarkað gildissvið váttryggingarinnar með sérstöku ákvæði sem áritað er á váttryggingarskírteini þar sem segir: „Undanskilið áhættu félagsins eru ADHD og hvers kyns andlegir eða geðrænir kvillar og sjúkdómar sem og slys eða líkamleg einkenni sem rekja má til þeirra.“ Samkvæmt váttryggingarskírteini eru örorkubætur vegna sjúkdóms innifaldar í tryggingunni. Samkvæmt 3. gr. skilmála váttryggingarinnar greiðast bætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabils valdi sjúkdómur váttryggðs varanlegri örorku. Samkvæmt grein 2.1. nær váttryggingin ekki til sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi, nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það. Af læknisfræðilegum gögnum málsins er ljóst að margir þeir kvillar sem valda starfsorkumissi M voru til staðar fyrir töku tryggingarinnar sbr. grein 2.1. og aðrir kvilla falla utan gildissviðs hennar samkvæmt sérstöku skilmálaákvæði sem áritað er á skírteini váttryggingarinnar. Það er þó ekki unnt að horfa framhjá því að í fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum er getið um sjúkdóma ekki er að fullu ljóst að höfðu sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi. Þá verður ekki talið að þeir sjúkdómar falli utan gildissviðs váttryggingarinnar á grundvelli áritunar á váttryggingarskírteinis. Má þar m.a. nefna sjúkdómanna POTS og PCOS. Með vísan til framangreinds er ekki fallist á að allir þeir sjúkdómar M hefur verið greind með hafi verið fyrir hendi fyrir töku váttryggingarinnar. Á M því rétt á bótum vegna varanlegrar örorku að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með örorkumati og að uppfylltum öðrum skilyrðum 3. gr. váttryggingarskilmálans, vegna þeirra líkamlegru sjúkdóma sem komu til eftir gildistöku váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta vegna varanlegrar örorku úr sjúkratryggingu sinni hjá V, að því marki sem sýnt verður fram slíkt tjón.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 35/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. janúar 2024 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 31. janúar 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. febrúar 2024.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. febrúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 9. febrúar 2020, orðið fyrir líkamstjóni er hún datt um ávaxtabita sem var á gólfi verslunar X. Ávaxtabitinn hafi verið við enda rekka sem snúi að afgreiðslukösum og hafi því átt að vera vel sýnilegur starfsfólki X. M hafi látið kalla til vaktstjóra verslunarinnar og leitað á Læknavaktina samdægurs. M hafi einnig verið í samskiptum við það váttryggingafélag sem hún sé í viðskiptum við og hafi talið að það mundi annast samskipti við V. Dráttur hafi orðið á málinu þar sem M hafi veikt af Covid-19 og verið lengi fjarverandi. Í janúar 2022 hafi hún svo átt í samskiptum við starfsfólk X og í janúar 2023 hafi M leitað til lögmans. V hafi þá haft samband við starfsfólk X sem þá virðist ekki kannast við málið.

Fyrir liggur bréf V til þáverandi lögmans M, dags. 1. september 2023, þar sem fram kemur að samkvæmt upplýsingum frá X búi það ekki yfir neinum gögnum um umrætt atvik og hafi upplýsingar um það fyrst borist X með kröfu í ábyrgðartryggingu þess. Jafnvel þó atvikið teldist sannað verði ekki sú óraunhæfa krafa lögð á starfsfólk að það sjái til þess að ekkert falli á gólfið eða fylgist með því öllum stundum að ekkert sé á gólfum verslunarinnar og bregðist strax við með því að fjarlægja og þrifa upp eftir viðskiptavini. Máli sínu til stuðnings vísar V einnig til dóms Hæstaréttar í máli 29/2011.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram félagið hafi fyrst fengið tilkynningu um slys M hinn 14. ágúst 2023, eða um þremur og hálfu ári eftir að það atvikaðist. Kemur þá fram að ágreiningur aðila snúi að því annars vegar hvort X og starfsfólk þess hafi haft vitneskju um atvikið og hins vegar því hvort starfsfólk verslunarinnar beri ábyrgð á því sem er á gangvegum hennar og því að strax sé brugðist við með því að fjarlægja og þrifa upp eftir viðskiptavini. Afstaða V er sú að í fyrsta lagi liggi ekki fyrir fullnægjandi sönnun á atvikum. Jafnvel þó svo væri liggi ekkert fyrir um að starfsfólk X hafi haft vitneskju um ávaxtabitann á gólfinu og ekki brugðist við. Virðist því hafa verið um óhappatívik að ræða en ekki atvik sem X beri skaðabótaábyrgð vegna.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að vaktstjóri hafi haft vitneskju um slysið. Þá hafi hún tilkynnt um slysið til þess váttryggingafélags sem hún sé í viðskiptum við og hafi hún gert ráð fyrir að það félag hefði samband við V. Þegar hún komst að því að það hefði ekki verið gert hafi hún haft samband við tvo nafngreinda starfsmenn X í janúar 2022. Það sé ekki á hennar ábyrgð að þeir hafi ekki haft samband við V eða að þeir eða vaktstjóri hafi látið hjá líða að tilkynna um slysið. Búi hún þá enn við verki vegna afleiðinga slyssins.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir slysi sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Gögn fyrir nefndinni um atvikið sem slíkt og aðstæður á slysdegi eru afar takmörkuð.

Gegn neitun X er því í sjálfu sér ósannað að M hafi slasast við að stíga á ávaxtabita á gólfi í verslun X, og engin gögn liggja fyrir er sýni fram á að X hafi haft vitneskju um slysið og atvik þess á slysdegi, en engar skýrslur, tilkynningar eða gögn um önnur samskipti aðila liggja fyrir nefndinni.

Jafnvel þó atvik sem slík teldust sönnuð hvíldi það eftir sem áður á M að sýna fram að starfsfólk X hefði sýnt af sér saknæmt athafnaleysi með því að fjarlægja ekki umræddan ávaxtabita. Fallast verður á það með V, sbr. og dóm Hæstaréttar í máli 29/2011, að ógerningur sé fyrir starfsfólk X að fylgjast svo nákvæmlega með að jafnan sé unnt að bregðast strax við þegar eitthvað fellur á gólf verslunarinnar. Það eitt að ávaxtabiti eða annar hlutur sé á gólfi verslunar leiðir því ekki sjálfkrafa til bótaskyldu.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að ekki sé sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt og verður því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2024.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 36/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. janúar 2024.
2. Bréf V1, dags. 15. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 14. febrúar 2024.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. febrúar 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur með bifreiðunum A og B á Þjóðvegi 1 við Bakkaselsbrekku í Öxnadal þann 25. ágúst 2023. Veitti lögreglan því athygli að bremsuför byrjuðu um það bil 50 metrum eftir að óbrotna línan á veginum brotnar og heimilar framúrakstur. Bifreiðin A, sem er í eigu M, var með hjólhýsi í eftirdragi. Ökumaður A lýsir tildrögum árekstursins með þeim hætti að hann hafi ekið bifreið sinni á eftir bifreið með hjólhýsi í eftirdragi, ökumaður þeirrar bifreiðar hafi gefið stefnuljós til hægri þess merkis að ökumanni A væri óhætt að aka fram úr sér. Ökumaður A hafi þá gefið stefnuljós til vinstri til upplýsinga um að hann ætlaði að hefja framúrakstur en þar sem línan í götunni var ennþá „bein“ hafi hann beðið í stutta stund þar sem línan hætti að vera „bein“ skömmu seinna. Þá hafi hann litið í baksýnispegilinn og fram á við til að tryggja að honum væri óhætt að hefja framúrakstur. Þegar hann ók inn á vinstri akrein til að hefja framúraksturinn leit hann í baksýnispegilinn og sá hvar ökumaður vöruflutningabifreiðarinnar B var einnig farinn fyrir á vinstri akrein sem varð til þess að ökumaður B ók með hægri hliðarspegil bifreiðar sinnar utan í vinstri afturhlið hjólhýsisins með þeim afleiðingum að hjólhýsið „fór af stað“, dráttarkúla bifreiðarinnar brotnaði og hjólhýsið valt niður brekkuna. Ökumaður B segir í framburði sínum að hann hafi ekið niður Bakkaselsbrekku á eftir þremur öðrum bifreiðum. Sagði ökumann bifreiðar sem ók á undan honum hafa tekið fram úr tveimur fyrstu bifreiðunum og í kjölfarið hafi hann ákveðið að hefja framúrakstur og gefið stefnuljós til vinstri þess efnis. Þegar hann hafi ætlað að aka framúr bifreiðinni A hafi ökumaður hennar ekið í veg fyrir sig með þeim afleiðingum að hjólhýsið sem var í afturdragi A fór í hægri hliðarspegil bifreiðar hans og fór hjólhýsið í kjölfarið út af veginum.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem felldi alla sök á ökumann A fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir aftan sig áður en hann hóf framúrakstur. M eru ósammála þeirri niðurstöðu og leggja áherslu á að ökumaður B hafi ákveðið að hefja framúrakstur á beinni línu og ætlaði sér að aka fram úr þremur ökutækjum og tveimur hjólhýsum. Bremsuförin sem tiltekin eru í lögregluskýrslu eru eftir hjólhýsið en ekki vöruflutningabílinn. Telja M að óhappið hafi gerst þegar um 50 metrar voru búnir af brotinni línu sem þau telja að sýni að ökumaður B hafi verið löngu kominn yfir á öfugan vegarhelming, þ.e. á óbrotinni línu. Vísar M til fyrirbyggjandi vitnisframburðar ökumanns bifreiðar nr. 5 í bílaröðinni sem staðfestir að ökumaður A hafi hafið framúrakstur um leið og óbrotinni línu lauk. Þá vísar M einnig til framburðar ökumanns bifreiðar nr. 1 sem staðfestir í framburði sínum að enginn annar bíll hafi farið fram úr annar en B og að hann hafi farið fram úr á óbrotinni línu og hafi lent á hjólhýsinu.

V1 skilar ekki frekari athugasemdum í málinu. V2 vísar til þess að óumdeilt sé að ökumaður A hóf framúrakstur eftir að ökumaður B hafði þegar hafið framúrakstur. Telur V2 með öllu ósannað að ökumaður B hafi hafið framúrakstur yfir óbrotna línu líkt og M halda fram og sé sá framburður einhliða kominn frá M. Telur V2 ljóst að ökumaður A gerðist brotlegur við c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega að sá sem á undan er hafi ekki gefið merki um að hann ætli að beygja til vinstri eða aka fram úr öðru ökutæki sem á undan er. Samkvæmt c-lið sömu greinar skal ökumaður athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur skömmu eftir að óbrotin miðlína endaði og fullbrotin miðlína tók við á veginum. Samkvæmt d-lið 23. gr. þágildandi reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 gefur fullbrotin miðlína til kynna að framúrakstur sé heimill sé fyllstu varúðar gætt. Samkvæmt a-lið sömu greinar gefur óbrotin lína til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til. Þá segir í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

Með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem um framúrakstur gilda og nefnd eru hér að framan er rík aðgæsluskylda lögð á ökumenn við framúrakstur. Af gögnum málsins þykir sannað m.a. af framburði vitna að ökumaður A hóf framúrakstur er ökumaður B hafði þegar hafið framúrakstur og gætti ökumaður A þannig ekki að c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga er hann hóf framúraksturinn og ber því meginsök á árekstrinum. Hvað háttsemi ökumanns B varðar þá verður að telja með vísan til framburðar vitna að hann hafi hafið framúrakstur áður en hann kom að fullbrotinni línu og braut hann þannig gegn a-lið 23. gr. þágildandi reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 enda hóf hann framúrakstur þar sem óbrotin miðlína var til staðar. Ber hann þannig einnig nokkra sök á umræddum árekstri. Meta verður sök hans með hliðsjón af aðstæðum öllum og er þá sérstaklega litið til þess að ökumaður fremstu bifreiðarinnar hafði hægt verulega á bifreið sinni til að gefa öðrum ökutækjum kost á framúrakstri og stutt var í fullbrotna miðlínu. Með hliðsjón af atvikum öllum, skal sök skiptast þannig að ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 28. maí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 38/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 23. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. mars 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 3. janúar 2024 um kl. 9.30 hafi M verið að aka bifreið sinni í Fjarðargötu, Hafnarfirði. Hafi hægra framdekk bifreiðarinnar hvellsprungið við að lenda ofan í stórrí holu á götunni. Hafði M strax samband við sveitarfélagið X og var tjáð að það væri meðvitað um umrædda holu og var M bent á að leita til V með kröfu vegna tjónsins. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjón á bifreið M verði ekki rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi starfsmanna X. Þeir hafi framkvæmt viðgerð á holunni, sem þó hafi ekki dugað til þegar á reyndi. M er ekki sáttur við afstöðu V og vísar til 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 sem kveður á skyldu veghaldara til að bregðast fljótt við eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi. Óumdeild sé að starfsmenn X vissu af holunni og þeirri hættu sem stafaði af tilvist hennar á fjölfarinni umferðargötu bæjarins. Hafi X borið að tryggja að holan væri tryggilega viðgerð, eða í það minnsta merkt með áberandi hætti svo komast hefði mátt hjá tjóni eftir bestu getu.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur fram að X ber ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem hlýst á vegum sveitarfélagsins. Umrædd holla hafi myndast þann 22. desember 2022. Hafi starfsmenn X brugðist strax við þann dag og settu viðgerðarmalbik í holuna. Sökum veðurfars og því mikla álagi sem er á götunni var þörf á að setja viðgerðarmalbik aftur í holuna þann 2. janúar 2024. Sú viðgerð dugði skammt vegna slæms veðurfars og leysinga. Hefðu starfsmenn X ekki mátt vita að viðgerðarmalbikið hefði skolast úr holunni á einungis einum sólarhring. Eftir að tilkynningar bárust frá M, var farið á staðinn og fyllt aftur í holuna með viðgerðarmalbiki og svo var þann 4. janúar komið fyrir viðvörðunarskilti við holuna. Varanleg viðgerð var framkvæmd 5. janúar 2024. Telur V ósannað að tjónið sé tilkomið vegna saknæmrar háttsemi eða annarra atvika sem X getur borið skaðabótaábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að X hafi verið í lófa lagið að merkja og setja viðvaranir við holuna, sér í lagi þar sem vitneskja lá fyrir um ástand hennar og fyrri tilraunir til viðgerðar höfðu ekki borið árangur. Einnig var hægt að framkvæma varanlega viðgerð á holunni eftir tilkynningu nr. 2 um tilvist holunnar.

Í viðbótarathugasemdum V er málalíbúnaði M hafnað og ítrekað að aðstæður höfðu verið og voru verulega slæmar til þess að framkvæma varanlega viðgerð á holunni þegar tjónið átti sér stað. Það hafði verið mikill klaki og leysingar.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að

sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að viðhaldi og/eða merkingu vegar hafi verið ábótavant. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um að önnur tjón hafi orðið á sama vegkafla á sama tíma né að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að framkvæma viðgerðir með viðgerðarmalbiki í stað varanlegrar viðgerðar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að starfsmönnum X hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að viðgerð sem framkvæmd var þann 2. janúar 2024, myndi ekki duga nema einn sólarhring. Með vísan til þess verður talið að M verði að bera hallan af sönnunarskortum um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 39/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Verktrygging og ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki verktryggingar (A)****Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (B)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. febrúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatn hafi streymt inn í íbúð M 26. ágúst 2023. Svalir hafi verið yfirfullar og komið hafi í ljós að stífla hafi verið í drenlögnum. Íslenska gámafélagið var fengið til að hreinsa stífluna og fara yfir lagnir og kom í ljós að steypubrot höfðu stíflað lagnirnar þannig að þær voru ekki að vinna eins og skyldi. Einnig voru rennur yfirfarnar og voru þær einnig stíflaðar víða af völdum steinbrota og málningarleifa. M hafi orðið fyrir verulegu tjóni. Meðal annars hafi þurft að taka upp allt gólfefni og skipta um fataskáp. M rekur tjónið til framkvæmda A á blokkinni árin 2019 og 2020 þar sem svalir voru brotnar niður og byggðar upp aftur. Þeim framkvæmdum sé ólokið þar sem ekki sé búið að klára lokaúttekt. Gerð hafi verið krafa í ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V en A hafi ekki verið með slíka tryggingu og því hafi verið reynt að sækja bætur úr tryggingu eftirlitsaðila sem hafi verið tryggðir hjá V en bótakröfu hafi verið hafnað á grundvelli þess að ósönnuð væri saknæm og ólögmat háttsemi hjá fyrirtækinu eða starfsmönnum þess. M telur að váttryggingar eigi að bæta tjónið og telur báða aðila hafa verið með tryggingu hjá V.

Í bréfi V kemur fram að A sé ekki með ábyrgðartryggingu hjá félaginu og að bótaskyldu úr verktryggingu A hafi verið hafnað sem og bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu eftirlitsaðilans B. Fram kemur að M hafi ekki lagt fram gögn sem styðja málaltilbúnaðinn um að það hafi verið múrbrot og steypuafgangar sem starfsmenn A losuðu sig við í niðurföll húseignarinnar sem hafi valdið því að drenlagnir frá húseigninni stífluðust og valdið tjóninu. Það sé því ósannað að orsök tjónsins sé að rekja til þess. A hafi unnið verkið árið 2019 en tjónið hafi átt sér stað árið 2023. Varðandi verktryggingu A þá komi fram í skilmálum tryggingarinnar að félagið ábyrgist greiðslur á tjóni sem verkkaupi verður fyrir ef váttryggingartaki efni ekki skyldur sínar samkvæmt samningi váttryggingartaka og verkkaupa. Félagið telur ljóst að tjón þetta sé ekki komið til vegna vanefnda váttryggingartaka á samningi aðila heldur sé tjónið utan samninga og því fallið tjónið utan verndar verktryggingarinnar. Varðandi kröfur í ábyrgðartryggingu B þá þurfi M að sanna að tjónið sé að rekja til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi starfsmanna B sem hafi leitt til tjónsins. Sönnunarbyrði um það hvíli á M. Ekki verði annað ráðið en að sú ætlaða tjónsorsök sem M byggir á, þ.e. að starfsmenn A hafi losað sig við afganga af múrbroti og steypu í niðurföll húseignarinnar, komi ekki fram við hefðbundið eftirlit B vegna verksins. Það liggir því ekkert fyrir í málinu að tjónið sé tilkomið vegna saknæmrar háttsemi eða annarra atvika sem B geti borið skaðabótaábyrgð á. V telur því ekki bótarétt til staðar úr hvorugri váttryggingunni.

Álit.

Það liggur fyrir í málinu að A er ekki með ábyrgðartryggingu hjá V og er því ekki unnt að sækja tjón M í slíka váttryggingu hjá V. Hins vegar liggur fyrir að A var með verktryggingu vegna verksamnings M og A sem skyldi bæta galla sem kæmu fram á verki A eða til greiðslu á hvers konar kostnaði sem M yrði fyrir vegna vanefnda á verki A. Það liggur fyrir að tjón M er ekki að rekja til vanefnda á verksamningnum og fellur tjónið því utan verndar verktryggingarinnar. Hvað varðar kröfu í ábyrgðartryggingu B þá gera almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar

séu uppfyllt. M hefur ekki sýnt fram á það með gögnum í málinu að B hafi mátt vita að starfsmenn S hafi losað sig við múrbrot og steypuafganga í niðurföll eins og M heldur fram. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr verktryggingu A hjá V né ábyrgðartryggingu atvinnureksturs B hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 40/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V): (V1), (V2) og (V3).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A), (B) og (C).****Sakarskipting.****Gögn.**

6. Málskot dags. 25. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
7. Bréf V1 dags. 19. febrúar 2024 ásamt fylgiskjali.
8. Bréf V3 dags. 14. mars 2024 ásamt fylgiskjali.
9. Bréf V2 dags. 3. júní 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 11. janúar 2024, varð þann sama dag umferðaróhapp við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar. Atvikalýsing í skýrslunni er sú að öllum bifreiðunum hafi verið ekið norður Kringlumýrarbraut að gatnamótum Háaleitisbrautar. C, sem M ók, hafi verið á vinstri beygjuakrein. A hafi verið ekið á vinstri akrein og B á hægri akrein. A og C hafi verið ekið hlið við hlið og C ætlað að skipta yfir á vinstri akrein en ekki fengið tækifæri til þess. A hafi verið sveigt inn á hægri akrein þannig að B hafi nauðhemað en runnið áfram vegna bleytu á veginum og A rekist í hægri hlið B. Bifreið hafi verið kyrrstæð á vinstri beygjuakrein gegn rauðu umferðarljósi og til að forðast árekstur við hana hafi C beygt í veg fyrir A með þeim afleiðingum að vinstra framhorn A rakst á vinstra afturhorn C, sem snerist á veginum og fór í veg fyrir B sem hafi ekið á vinstri hlið C.

Er í skýrslunni haft eftir ökumanni A að hann hafi verið að aka að gatnamótunum á u.þ.b. 40 kílómetra hraða á klukkustund og C hafi komið á mikilli ferð á beygjuakreininni. Þar hafi bifreið verið stöðvuð gegnt rauðu ljósi og C hafi „sippað“ sér milli akreina og í veg fyrir A.

Haft er eftir ökumanni B að hann hafi verið aðeins fyrir aftan A og tekið eftir því að A hafi aðeins sveigt yfir á hægri akrein. Hafi hann þá hemað en ekki náð að stöðva og A hafi nuddast við B. Þá hafi C hafnað fyrir framan B og B hafnað í hliðinni á honum. Hafi aksturshraði B verið um 40 kílómetrar á klukkustund er hann byrjaði að hema.

Eftir M, ökumanni C, er haft að hann hafi ætlað að skipta yfir á vinstri akrein en A hafi verið ekið þar á sama hraða og C og ekki hleypt honum yfir á akreinina. Þegar C sá að bifreið var staðsett á beygjuakreininni hafi hann „panicað“ smá og farið í eina lausa plássíð sem hann sá. Hafi hann því beygt til hægri og A þá „bommað“ á hann. Þá segist C 90% viss um að það hafi veri grænt ljós á beyguljósunum og að hann sé ekki viss á hvaða hraða hann hafi ekið.

Í málskoti byggir M á því að A hafi verið ekið aftan á C og sé C því í rétti gagnvart A. Hann lýsir atvikum þá nánar svo að hann hafi verið búinn að reyna akreinaskipti í nokkurn tíma en A hafi alltaf verið á sama hraða og C. M hafi þá aukið hraðann og hafi hann verið „fleygiferð“ eins og A haldi fram en A bara á 40 kílómetra hraða hefði aftanáakstur ekki átt að eiga sér stað. M hafi þá verið í uppnámi og mjög brugðið á vettvangi enda leggi hann sig fram um að fara að umferðarreglum. Þá vísar M til ljósmynda af C er taki af allan vafa um það að um aftanákeyrslu hafi verið að ræða.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, segir að ljóst sé að áreksturinn varð með þeim hætti að M reyndi að skipta yfir á akrein A og ekki séð tækifæri til þess. Hann hafi a lokum smeygt sér fyrir framan A á vinstri akrein. Er C hafi verið ekið í veg fyrir A hafi A sveigt lítillga yfir á hægri akrein og rekist á hlið B og í framhaldinu aftan á C. Hafi það leitt til þess að C hringsnerist á veginum og hafnaði í veg fyrir B sem var ekið á hana. Sé óumdeilt að A hafi verið ekið aftan á C. Þann áakstur megi hins vegar rekja til þess að C hafi verið ekið í veg fyrir A og tekið upp hemlunarvegalengd hennar. Það hafi einnig leitt til áreksturs milli A og B. Tjónið verði því rakið til akreinaskipta C í veg fyrir umferð og skuli tjón á A og B því vera bótaskyld úr ábyrgðartryggingu hennar.

V3, sem var váttryggjandi C á tjónsdegi, lýsir í bréfi til nefndarinnar þeirri afstöðu að C beri alla ábyrgð á umræddum árekstri þar sem hann hafi ekki gætt nægilega að annarri umferð áður en skipt var um akrein.

V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en vísar til fyrirliggjandi gagna.

Álit.

Atvik að baki umræddum árekstri virðast liggja fyrir og ekki er um þau deilt sem slík. Er m.a. óumdeilt að A hafi ekið aftan á C. Rétt er í upphafi að áréttu að þó um aftanáakstur sé að ræða leiðir það ekki sjálfkrafa og í öllum tilvikum til þess að sök sé lögð á þann ökumann sem ekur aftan á.

Samkvæmt atvikalýsingum virðist ljóst að M hafi reynt að skipta um akrein í einhvern tíma en ekki haft tækifæri til þess fyrir en rétt við vegamótin. Þá hafi hann sætt færiss og ekið í „autt pláss“ framan við A. Má þá jafnframt skilja framburð M svo að hann hafi orðið að skipta um akrein til að forða árekstri við bifreið sem var kyrrstæð á beygjuakreininni.

Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi fyrir aðra.

Verður að telja sýnt að M hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði og verður að telja að bein orsakatengsl séu milli þess með hvaða hætti hann viðhafði akreinaskipti og þess að A sveigði yfir á hægri akrein og á B og þess að A var ekið aftan á C sem snerist á veginum og hafnaði í veg fyrir B. Er það því mat nefndarinnar að tjón sem varð á A og B vegna atviksins skuli bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu C.

Þær skýringar sem M gefur fyrir akreinaskiptunum og því að hafa framkvæmt þau með þessum hætti breyta þá ekki ábyrgð hans að þessu leyti né gefa þau tilefni til sakarskiptingar. Er enda fyrrgreint lagaákvæði afdráttarlaust hvað aðgæsluskyldu varðar og liggur ekkert fyrir um að háttsemi A, B eða ökumanns hinnar óþekktu kyrrstæðu bifreiðar, í aðdraganda áreksturs hafi verið í andstöðu við ákvæði umferðarlaga eða að öðru leyti slík að hluti sakar verði lagður á þá.

Niðurstaða.

Ökumaður C, ber alla sök á umræddu atviki.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 41/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. febrúar 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. mars 2024.
4. Viðbótargögn frá V dags. 22. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. mars 2023 hafi M lent í umferðarslysi á gatnamótum Arnarhrauns og Sléttahrauns. Hafi M verið ökumaður bifreiðarinnar B, sem hafi verið kyrrstæð við gatnamótin þegar vörubifreiðinni A var ekið utan í vinstri hlið hennar. M hafi leitað til heilsugæslu daginn eftir og á Læknavaktina fjórum dögum síðar, hinn 28. mars 2023, vegna bakverkja í kjölfar slyssins. Hafi M fengið almennar ráðleggingar og beiðni vegna sjúkraþjálfunar. M hafi svo sótt reglubundna sjúkraþjálfun á tímabilinu 21. apríl 2023 til 4. október 2023, eða í alls tólf skipti. Meðferðin hafi borið takmarkaðan árangur og hafi M aftur leitað á heilsugæslu um haustið og hafi þá verið teknar röntgenmyndir af baki hans. Hafi þá komið í ljós fleyglöggun á hrygg sem hafi verið staðfest með segulómun. Á grundvelli framangreinds hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A, en V hafi, með bréfi dags. 12. apríl 2023, hafnað bótaskyldu. Hafi röksemdir V að meginstefnu byggt á PC-Crash skýrslu sem það hafi einhliða aflað og geti ein og sér ekki haft úrslitabýðingu varðandi það hvort umferðarslys hafi valdið líkamstjóni. Slík skýrsla sé aðeins eitt fjölmargra gagna sem tekin séu til skoðunar þegar lagt sé mat á varanlegar og/eða tímabundnar afleiðingar umferðarslysa. Þá hafi V kynnt afstöðu sína og hafnað bótaskyldu áður en M hafi átt þess kost að afla fullnægjandi læknisfræðilegra gagna sem kynnu að varpa ljósi á orsakatengsl milli líkamstjóns hans og slyssins. Í tilvikum sem þessum sé þá eðlilegra að váttryggingafélög fresti höfnun og komi að kostnaði við gagnaöflun, enda sé hún kostnaðarsöm og einstaklingar hafi í mörgum tilvikum ekki bolmagn til að standa að henni sjálfir. Í tilviki M sé þá einsýnt að hann hafi hlotið nokkurt líkamstjón af völdum slyssins.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að fyrirbyggjandi gögn sýni ekki fram á að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af atvikinu. Læknisfræðileg gögn byggji þá á þeirri lýsingu M að A hafi ekið á B en svo hafi ekki verið heldur um að ræða „hliðarstroku“ bifreiða sem gefi mun minna högg en áakstur. Einkenni M séu þá almenns eðlis og nokkuð ósamræmi í lýsingum hvað varði staðsetningu þeirra. Myndgreining hafi þá ekki leitt í ljós áverkamerki sem skýrlega tengist umræddu atviki. Sé bótaskyldu vegna varanlegs heilsutjóns því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M eru enn gerðar athugasemdir við fyrirbyggjandi PC-Crash skýrslu. Þá er áréttað að samtímalýsing M á atburðum sé til samræmis við upplifun hans, þ.e. að um harðan árekstur hafi verið að ræða, en mikill þyngdarmunur sé á A og B. Er þá skorað á V að leggja fram upplýsingar um viðgerðarkostnað eða tjónamat.

Tjónagreiðslufirlit vegna tjóns á B barst frá V í kjölfarið og má ráða af því að heildarkostnaður við viðgerðir á B hafi numið um 600.000 kr.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins 23. mars 2023 og þeirra líkamlegu einkenna sem M rekur til hans. Þó svokölluð PC-Crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna, enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki. Af ljósmyndum af B og fyrirbyggjandi tjónagreiðslufirliti má þá einnig greina að nokkrar skemmdir hafi orðið á henni við áreksturinn.

Af fyrirbyggjandi lækisfræðilegum gögnum má ráða að M hafði samband við heilsugæslu daginn eftir atvikið og kvartaði undan verkjum frá baki. Hinn 28. mars 2023 leitaði M á Læknavaktina og lýsti eymslum og stirðleika aftanvert á vinstri síðu og milli herðablaða vinstra megin. Fékk hann þá beiðni um sjúkraþjálfun og samkvæmt fyrirbyggjandi yfirliti um meðferðir sótti hann sjúkraþjálfun alls ellefu sinnum á tímabilinu 21. apríl til 4. október 2023. Hinn 13. september 2023 leitaði M svo á heilsugæslu og lýsti þá verkjum hægra megin í brjóstbaki og vinstra megin í mjóbaki. Var M þá látinn gangast undir myndrannsókn vegna verkja við brjóstbak sem leiði niður að mjóbaki. Niðurstaða hennar, sem síðar var staðfest með segulómun, var sú að ekki væri um brot eða brjósklos að ræða en fleyglögun greindist á liðbol Th7. Var þá ráðgert að M héldi áfram í sjúkraþjálfun. Af fyrirbyggjandi lækisfræðilegum gögnum um fyrra heilsufar verður þá ekki ráðið að M hafi áður glímt við bakverki eða önnur stoðkerfiseinkenni.

Samkvæmt öllu framansögðu verður að telja meiri líkur en minni á að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við umferðarslysið 23. mars 2023 þó ekki liggja enn fyrir matsgerð um heildarafleiðingar þess. M telst þá eiga rétt til greiðslu bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun og matsgerðar um afleiðingar líkamstjóns hans.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 42/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 29. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við hjólreiðaslys hinn 18. október 2022. Umrætt sinn hafi M dottið af hjóli er hann var á leið upp í Elliðaárdal. Hafi hann verið að hjóla sér til heilsubótar áður en hann héldi í vinnuna en eftir hjólaferðina í Elliðaárdal hafi hann hugst hjóla til vinnu sinnar í Efstaleiti, Reykjavík. M búi á Laugarásvegi og hafi ferð hans um morguninn hafist þar. Hinn 21. október 2022 hafi M tilkynnt V um slysið og farið fram á bætur vegna þess úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. Með bréfi dags. 30. janúar 2023 hafi bótaskyldu verið hafnað með vísu til skilmála váttryggingarinnar en þar komi fram að váttryggingin gildi aðeins í frístundum váttryggðs og slys sem verði á beinni leið til eða frá vinnu teljist slys í starfi. Hafi V því byggt höfnun sína á því að M hefði, eins og fram komi í bráðamóttökuskrá frá slysdegi, dottið af hjóli á leið til vinnu. M er ósammála þeirri afstöðu og byggir á því að M hafi ekki verið beinni leið til vinnu heldur hafi hann verið að sinna heilsurækt. Þegar slys M hafi orðið hafi hann verið nýbyrjaður að hjóla hring um Elliðaárdal, sem hafi verið aukahringur og lykkja á leið hans. Geti sú leið ekki verið skilgreind sem bein leið til vinnu. Leggur M m.a. fram skjáskot úr skráningarforritinu Strava, sem sýni leið þá er M fór að morgni 18. október 2022.

Í bréfi V segir að félagið telji ótækt að halda öðru fram en að M hafi verið á leið til vinnu er slysið atvikaðist. Breyti engu um þá niðurstöðu að M hafi ákveðið að fara lengri leið í vinnuna með það að markmiði að sækja sér aukna hreyfingu, enda hafi upphafsstaður verið heimili hann og eini áfangastaðurinn vinnustaður hans. Vísar V þá Hæstaréttardóms í máli 434/2017 þar sem fallist hafi verið á að um vinnuslys væri að ræða þrátt fyrir að tjónþoli hefði valið að fara óvenjulega leið frá vinnustað að heimili. Er því þá mótmælt að skjáskot þau sem M hafi lagt fram feli í sér sönnun þess hvar slys hans atvikaðist, enda sýni kort af hjólaleið M hinn 14. október 2022 aðra lykkju um Elliðaárdal en þá sem sést á hjólaleið hans á slysdegi. Sé því óvíst hvert M hafi ætlað að fara. Samkvæmt framansögðu breyti það þó engu um afstöðu V enda byggji hún á því að M hafi, óháð mögulegum viðbótarkrök, verið á beinni leið til vinnu í skilningi framangreinds skilmálaákvæðis.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi vissulega verið á leið til vinnu umrætt sinn. Hann hafi hins vegar ekki verið á beinni leið þangað. Slysið hafi átt sér stað þegar hann var kominn inn í Elliðaárdal, hafi verið búinn að hjóla undir stofnbrautina og lagður af stað inn í dal, en eðli máls samkvæmt hafi hann snúið við eftir slysið, eins og sjáist af skjáskoti leiðarinnar. Engin önnur ástæða hafi verið fyrir hann að fara undir stofnbrautina en að sækja sér heilsurækt enda hafi krókurinn verið úr leið. Sé því ljóst að M hafi ekki verið á beinni leið til vinnu.

Álit.

Í 1.2 gr. þágildandi váttryggingarskilmála slysatryggingarliðar fjölskyldutryggingar M hjá V kemur fram að slys sem verði á beinni leið til og frá vinnu teljist slys í starfi og falli því utan váttryggingarsviðs þess kafla. Greinir aðila samkvæmt framansögðu um hvort M hafi verið á beinni leið til vinnu er slys hans atvikaðist.

Í málalíbúnaði sínum vísar V til Hæstaréttardóms í máli 434/2017, en þar var deilt um hvort umferðarslys sem tjónþoli lenti í hafi atvikast á beinni leið frá vinnu en fram kom að vegna umferðarpunga hafi tjónþoli kosið að aka ekki stystu leið. Leit héraðsdómur, sem staðfestur var með vísan til forsendna, svo á að ákvarðanir um að víkja af stystu leið væru hluti af eðlilegri háttsemi ökumanna. Sú leið sem tjónþoli valdi hafi þá að mati dómsins legið um umferðaræðar sem almennt

væru notaðar til að komast á milli þeirra bæjarfélaga sem M þurfti að aka á milli. Var slys hennar því talið hafa atvikast á „beinni“ leið frá vinnu. Verður ekki séð að atvik þessa máls sem hér er til umfjöllunar séu sambærileg atvikum að baki dóminum né að forsendur hans eða röksemdir taki af tvímæli um það hvort M hafi verið á „beinni“ leið til vinnu.

Er þá rétt að nefna hér dóm Hæstaréttar í máli 11/2023 þar sem sambærilegur ágreiningur var uppi. Var dómurinn skipaður fimm dómurum og tveir þeirra skiluðu sameiginlegu sératkvæði. Var þar deilt um hvort tjónþoli hefði verið á „eðlilegri“ leið frá heimili til vinnustaðar. Var það álit meirihluta dómara að leið sú sem tjónþoli ákvað að hlaupa frá vinnu og að heimili hafi ekki verið úr hófi löng, þegar mið væri tekið af því að tjónþoli kaus að hlaupa á göngu- og hlaupastígum fremur en gangstéttum. Þá hafi hann átt hlutfallslega stutta vegalengd eftir að heimili sínu er hann slasaðist. Var því talið um „eðlilega“ leið að ræða í skilningi þeirra reglna sem um slysaftryggingu tjónþola giltu. Var þá tekið fram að svigrúmi starfsmanna til að velja sér leið til og frá vinnu væru sett ákveðin mörk þó ekki bæri að velja stystu eða beinustu leið. Í sératkvæði var hins vegar byggt á því að val tjónþola um leið hefði fyrst og fremst tekið mið af persónulegum áformum hans um að stunda líkamsrækt og hafi hann verið kominn af eðlilegri leið milli vinnustaðar og heimilis. Atvik þessa máls eru ekki að fullu sambærileg atvikum að baki dómnum enda snerist ágreiningurinn um það hvað væri „eðlileg“ leið en ekki „bein“ leið sem verður að telja nokkuð þrengra hugtak. Verður þá ekki séð að forsendur þær sem meirihluti dómsins byggði á séu til staðar í tilviki M, en t.a.m. verður að byggja á því að M hafi átt langa leið fyrir höndum að vinnustað sínum er slys hans atvikaðist. Þess utan verður að meta fordæmisgildi dómsins með hliðsjón af fyrrnefndu sératkvæði.

Fyrir liggur að M býr á Laugarásvegi og að vinnustaður hans er í Efstaleiti. Samkvæmt skjáskoti úr Strava er sýnir hjólaleið M frá heimili og að vinnu að morgni slysdags hjólaði hann 8,15 kílómetra leið þann morgun, en stysta leið milli þessara tveggja staða er um þrjár kílómetrar. Sjá má af umræddu korti að M hjólaði meðfram Laugardalnum, Suðurlandsbraut að Mörkinni, þaðan að Reykjanesbraut og inn í Elliðaárdal. Þar virðist hann hafa hjólað stutta leið í norð-austur en svo snúið við að sögn hans eftir að slys hans atvikaðist, hjólað aftur undir Reykjanesbraut og Fossvogsdalinn að Fossvogsvegi og norður hann að Háaleitisbraut og inn í Efstaleiti. Verður umrædd leið, en ljóst er að til boða stóðu styttri hjólaleiðir milli þessara tveggja staða, ekki talin bein leið í skilningi fyrrgreinds skilmálaákvæðis. Þar sem M telst ekki hafa verið á beinni leið til vinnu er slys hans atvikaðist á hann því rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 43/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila 1 (V1)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Nafn varnaraðila 2 (V2)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir málsaðila, dags. 3. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Athugasemdir V, dags. 12. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að kvöldið 7. desember 2023 hafi bifreiðinni (A) verið ekið út af neðra bílaplani Seltjarnarneskirkju og til vinstri inn á Nesveg. Við vinstri beygjuna er bifreiðinni ekið yfir festingu (stubb) eftir umferðarskilti sem stóð upp úr umferðareyju þar við. Við það verður tjón á bifreiðinni. M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 á grundvelli sakarábyrgðar en einnig beinist málskotið að V2 þar sem bifreiðin er kaskótryggð. M hefur m.a. vísað til þess að ekki sé um umferðareyju að ræða heldur steiptan kant á milli akreina í beygjuni og að lýsingu hafi verið ábótavant. Bifreiðinni hafi því ekki verið ekið utan akstursleiðar. Þá vísar M til þess að starfsmenn X hafi áður sett keilu á festinguna (stubbinn), sem ekki var til staðar á tjónsdegi. Byggir M m.a. á því að starfsmenn X hafi átt að festa keiluna (eða aðra merkingu) tryggilega til að vara ökumenn við kanti/stubb svo ekki verði tjóni. Þannig sé um að ræða mistök og sinnuleysi starfsmanna X sem hafi valdið tjóninu.

V1 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttasemi. Starfsmenn X hafi sett keilu á festinguna (stubbinn) á umferðareyjunni til að vara við festingunni á meðan annað skilti var í pöntun, en annar ökumaður hafi ekið á skiltið nokkrum dögum áður. Starfsmenn X hafi því gert allt sem í þeirra valdi stóð til að forða tjóni á meðan X beið eftir nýju skilti til að setja á festinguna. Því megi ekki rekja tjónið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Þá áréttar V1 að umferð ökutækja á umferðareyjum sé óheimil, sbr. m.a. 17. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019. Af því leiði að ekki sé ekki hægt að gera þá kröfu á hendur X að hann tryggi að yfirborð umferðareyja séu þannig frágengin að gert sé ráð fyrir akstri ökutækja á þeim. Tjónið verði þannig eingöngu rekið til eigin háttsemi M sem gætti ekki nægilega að sér við akstur og ók upp á umferðareyju þar sem tjón varð á A. Loks vísar V1 til þess að ekkert í gögnum málsins bendi til eða sýni fram á að aðstæður hafi verið þannig að X hefði ekki átt að geta séð umferðareyjuna.

V2 lét sig ekki málið varða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki gætt að því að festa keilu á ómerka festingu á umferðareyju þegar þeir fjarlægðu umferðarskilti af eyjunni. Í 17. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að ökumenn skuli aka á akbraut og af því leiðir að ekki er hægt að ætlast til þess að starfsmenn X megi almennt sjá fyrir að ekið verði á umferðareyju. Af gögnum málsins má sjá að gangbraut er fyrir framan umferðareyjuna, ljósastaurar sitt hvorum megin og umferðareyjan um 4-5 metra frá því að beygt er út frá bílastæðinu. Þannig er ekkert í gögnum málsins sem sýni að aðstæður hafi verið þannig að M hefði ekki átt að geta séð umferðareyjuna. Því verður ekki séð að staðsetning festingarinnar eða aðrar aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi mátt ætla að hætta væri á umferð ökutækja yfir umferðareyjuna. Með vísan til alls þessa verður ekki sýnt að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn X hafi þurft að gera sérstakar ráðstafanir til að festa keiluna eða merkja frekar festinguna, sem eftir var, þegar þeir fjarlægðu umferðarskilti af umferðareyju. Þá verður ekki séð að X hafi vitað að keilan hafi verið farin af festingunni á umferðareyjunni á tjónsdegi. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Hvað varðar kröfu M á hendur V2 um bætur úr kaskótryggingu þá verður ráðið af gögnum málsins að M hafi þegar fengið tjón sitt að fullu bætt úr kaskótryggingu hjá V2 í samræmi við skilmála tryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu kemur krafa M á hendur V2 ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X, hjá V1.

Reykjavík, 23. apríl 2024

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Guðmundur St. Martinsson

Mál nr. 45/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30. janúar 2024.
2. Bréf V1, dags. 23. febrúar 2024.
3. Bréf V2, dags. 22. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. febrúar 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu barst lögreglu tilkynning um árekstur á bifreiðastæði við Hafnargötu 90 í Reykjanesbæ hinn 3. febrúar 2023. Í viðræðum lögreglu við ökumenn á vettvangi kom fram að enginn ágreiningur væri milli ökumanna um hvað hefði gerst. Ökumaður A kvað ökumann bifreiðarinnar B hafa ekið utan í hlið A. Ökumaður B staðfesti að svo hefði verið. Var þeim boðið að klára málið með tjónaformi og þáðu ökumenn það. Nokkru síðar kom ökumaður A á lögreglustöðina og óskaði eftir skýrslu lögreglu vegna árekstursins þar sem ökumaður B fyllti ekki út tjónaformið. Hafði lögregla þá samband við ökumann B sem kvaðst hafa fyllt úr formið og að ökumaður A hafi tekið bæði formin og ætlað að skila þeim inn til V1. Í kjölfar þessa ákvað lögregla að skrá framburð ökumanna. Í framburði M sem var ökumaður A kom fram að hún hafi verið að aka hjá Íslandsbanka í átt að Njarðvík þegar bifreiðinni B var ekið inn í hliðina á sér. Sagði A bifreiðina B hafa verið ekið út af bifreiðastæði. Ökumaður B kvaðst hafa ekið einstefnugötu á bifreiðastæði við Hafnargötu 90 þegar bifreiðinni A var ekið í hliðina á honum. Kvaðst hann hafa verið á horninu á beygjunni þegar þetta gerðist. Í kjölfar þessara framburða gaf ökumaður A nýjan framburð eftir að lögregla hafði samband þar sem aðilar voru ekki sammála um staðsetningu atviksins. Sagði hún áreksturinn hafa orðið á bifreiðastæðinu þar sem ökumaður B sagði hann hafa átt sér stað. Hún hafi verið að aka fram hjá B þar sem hann var kyrrstæður fyrir framan verslun en þá hafi hann ekið af stað og utan í hliðina á bifreiðinni sinni.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 241/23 að hvor ökumanna bæri helming sakar á árekstrinum þar sem ósannað væri um stöðu ökutækja í aðdraganda áreksturs. M er ósátt við þessa sakarskiptingu og telur ökumann B bera alla sök á árekstrinum. Hann hafi viðurkennt fyrir lögreglu að vera í órétti en í kjölfarið ekki fyllt út tjónstilkynningu með réttum hætti.

V1 telur að leggja skuli upphaflegan framburð ökumanna til grundvallar þar sem báðir ökumanna sögðu áreksturinn hafa atvikast með þeim hætti að bifreiðinni B var ekið í hlið bifreiðarinnar A. Leggja skuli alla sök á ökumann B sem gætti ekki nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs og ók í hlið bifreiðarinnar A.

V2 telur ljóst að ósamræmis gæti í framburði beggja aðila málsins um staðsetningu og atvik málsins og þykir V2 ótækt að leggja framburð annars ökumannsins til grundvallar umfram framburð hins. Er V2 sammála niðurstöðu tjónanefndar um að skipta beri sök til helminga.

Álit.

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem fram kemur að á vettvangi hafi enginn ágreiningur hafi verið milli ökumanna um hvað hafi gerst og viðurkenndi ökumaður B fyrir lögreglu að hafa ekið utan í hlið bifreiðarinnar A. Óljóst er hvers vegna ökumenn luku ekki við útfyllingu ökutækjaskýrslu á vettvangi en af seinni framburði ökumanna hjá lögreglu má ráða að ökumaður B tók viðurkenningu sína til baka og hélt því fram við lögreglu að ökumaður A hafi ekið inn í hlið bifreiðar sinnar. Gefur hann hvorki lögreglu né nefndinni skýringu á breyttum framburði sínum. Þrátt fyrir að einnig hafi verið misræmi í framburði ökumanns A fyrir lögreglu hvað varðar staðsetningu áreksturs, hefur það

ekki áhrif á sakarskiptingu enda verður að telja sannað hvar árekstur átti sér stað. Um var að ræða árekstur á einstefnugötu við Hafnargötu 90 í Reykjanesbæ. Hefur ökumaður A verið staðföst í sínum framburði hvað það varðar að ökumaður B hafi ekið inn í hlið bifreiðar sinnar. Hið sama verður ekki sagt um framburð ökumanns B líkt og fyrir greinir og hefur hann ekki gefið skýringu á breyttum framburði sínum. Að mati nefndarinnar verður hann því að bera hallan af sönnunarskorti í málinu. Verður því öll sök lögð á ökumann B sem viðurkenndi fyrir lögreglu að hafa ekið inn í hlið bifreiðarinnar A á einstefnugötu.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 19. júní 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 46/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Ekið aftur á bak.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. mars 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. apríl 2024 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 10. apríl 2024.

Málsatvik.

Hinn 8. janúar 2024 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók og B á bifreiðastæði. Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi heldur skiluðu hvor um sig tjónstilkynningu til V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi. Í tjónstilkynningu sinni lýsir M atvikum svo að hann „var rétt kominn út úr stæði“ og „B var að bakka úr öðru stæði“. Í sinni tjónstilkynningu lýsir ökumaður B atvikum svo „B er að bakka úr stæði og leggur á bílinn til vinstri. A er einnig að bakka og leggur á bílinn til hægri. Á milli þessara tveggja bíla var stór bíll sem veldur því að hvorugur bílanna sá hvorn annan.“ Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök skyldi skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

M fellir sig ekki við þau málalok þar sem hann telji sig hafa gætt fyllstu aðgæslu við aksturinn. A hafi verið komin vel á aðra bíllengd úr stæði sínu og hafi M hugst taka vinstri beygju fram hjá bifreiðastæðum. Engin bifreið hafi sést fyrir aftan A og hafi áakstur B því verið óvæntur og engan veginn í sjónfæri M. Þá kannist M ekki við að hafa lagt sérstaklega á bifreiðina til hægri, enda hafi vinstri beygja af stæðinu verið fyrirhuguð, og engin stór bifreið sem hindrað hafi útsýni B hafi verið sjáanleg né megi greina hana af ljósmyndum af vettvangi. Telji M því að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. Málskoti fylgja ljósmyndir sem sýni bifreið A óhreyfða eftir áreksturinn og B sem hafi verið hreyfð eftir áreksturinn og lagt í stæði sem sé mögulega ekki það sama og henni var upphaflega ekið úr. Þá leggur M áherslu á að hann hafi ekið mjög hægt og ekki orðið B var í speglum eða myndavél. Möguleg sjónlína B hafi ekki verið trufluð af öðrum bifreiðum eða annarri fyrirstöðu og hljóti áreksturinn því að verða rakinn til óvarkárni hans.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki verði annað séð af tilkynningum ökumanna og ljósmyndum af vettvangi en að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Virðist því sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og því hafi komið til áreksturs.

Í viðbótarathugasemdum M vísar hann til yfirlitsmyndar sem hann hafi jafnframt sent V og skýri mun betur afstöðu bifreiðanna við áreksturinn. Þá áréttar M að hann hafi verið með hreina sjónlínu aftur fyrir sig og ekki haft möguleika á að forðast ákeyrslu B frá hlið. Þá áréttar M athugasemdir sínar vegna frásagnar B í tjónstilkynningu.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér við aksturinn. A hafi verið ekið aftur á bak úr stöðureit í veg fyrir bifreiðina B sem einnig var ekið aftur á bak úr stöðureit.

Álit.

Eins og fram er komið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og ekki liggja fyrir neinar yfirlýsingar vitna að atvikinu. Af tjónstilkynningum ökumanna til V má ráða að bæði A og B hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Þá virðist jafnframt óumdeilt að hvorugur ökumanna hafi orðið hins var í aðdraganda áreksturs. Tjónstilkynningar aðila til V eru að öðru leyti ekki mjög ítarlegar og ekki er meðal gagna málsins t.a.m. afstöðumynd sem báðir ökumenn hafa sammælt um. Þá liggur ekki fyllilega fyrir úr hvaða bifreiðastæði B ók í aðdraganda áreksturs.

Afstöðumynd M og framlagðar ljósmyndir teknar fjórum dögum eftir umrætt atvik teljast þá ekki samtímagögn og verður að meta þær í því ljósi.

Það er álit nefndarinnar að það hafi ekki úrslitaáhrif þó M hafi mögulega verið kominn lengra úr stæði sínu en B eða hvort hann hafi hugsanlega stöðvað A áður en til árekstrar kom til að undirbúa vinstri beygju, enda verður ekki ráðið annað en að þá hafi einungis verið um augnabliksstöðvun að ræða. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B, bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 29. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 47/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. mars 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 2. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum og myndbandi.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 1. febrúar 2022 slasast við störf sín hjá X. Slysið varð með þeim hætti að M var að vinna við slátrun á löxum í starfsstöð X. Verkið var unnið með þeim hætti að M átti að leiða fiskana, sem sturtað var lifandi inn í gegnum lúgu og lentu á vinnslulínu, inn að rotara við hinn enda borðsins. M var að teygja sig yfir vinnslulínuna í því skyni að ýta fisk, sem var við hinn enda línunnar og rotarans. Þegar M var að losa fiskinn við rotarann, kom mikið magn fisks inn á línuna utan frá sem helltist yfir hann og olli því að hann missti jafnvægið. Á sama tíma rann lágrestur vinnupallurinn, sem hann stóð á, undan honum og festist stakkurinn sem hann klæddist, í samskeytum á vinnslulínunni. Við það hékk M fastur þar til hann náði að losa sig. Hlaut hann við það áverka á vinstri öxl. Vegna slyssins hefur M gert kröfu í ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að tjóninu hafi verið valdið með saknæmri háttsemi af hálfu X, m.a. vegna ófullnægjandi vinnuadstæðna og vanbúnaðar á aðbúnaði vinnslulínunnar og pallsins. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og reglugerðar 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Bendir M einnig á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins fyrr en tæpum tveimur mánuðum eftir slysið og því hafi tildrög slyssins ekki verið rannsökuð með ítarlegum hætti. M leitaði samdægurs til læknis vegna slyssins og fékk óvinnufærnisvottorð að hluta. Þá fékk hann óvinnufærnisvottorð að fullu þann 1.3.2022.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins í fyrsta lagi þar sem ósannað þykir að atvikið hafi gerst með þeim hætti sem lýst er í afstöðubeiðni og málskoti M og í öðru lagi þykir ekki sýnt að það hafi verið rakið til sakar af hálfu X eða atvika eða aðstæðna sem hann verður látinn bera skaðabótaábyrgð á gagnvart M. Hafnar V lýsingu M á tildrögum slyssins. Aldrei á rúmlega 15 ára tímabili hafi orðið vinnuslys við rotarann. Hópur á vegum Vinnueftirlitsins hafi komið og gert ítarlega vinnustaðaúttekt 7. júní 2022 og voru engar athugasemdir gerðar við vinnslurýmið og uppstillingu þar. M var orðinn mjög vanur og þjálfaður í þessu verki og var honum í lófa lagið að stoppa flæði fisks á borðinu tímabundið og laga uppstillinguna, hafi hún verið ófullnægjandi. Pallurinn sem M stóð á er á gúmmífótum og stendur því öruggur og stöðugur á steypu gólfi, jafnvel í bleytu og hafði starfsmönnum er stóðu á honum ekki tekist að færa hann með alls kyns hreyfingum eftir meint atvik þegar leitast var við að reyna að framkalla sams konar atburðarás og lýst er í afstöðubeiðni og málskoti. Atvikið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins þar sem M gaf samstarfsfélögum eingöngu þær upplýsingar að hann hefði farið úr axlarlið en upplýsti ekki um neitt slysaatvik. Þá mætti M til vinnu daginn eftir og lýsti því að hann hefði farið úr axlarlið, án frekari skýringa. Hafi hann upplýst X við ráðningu um fyrri sögu um axaráverka. Það var ekki fyrr en þremur vikum síðar sem M veitir X aðrar upplýsingar um atvikið, nánar tiltekið 20. febrúar.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að V verði látið bera hallan af mögulegum sönnunarskorti um þau atriði sem geta haft áhrif á sakarmat og eru talin óljós þar sem látið var hjá líða að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins. M hafnar því að hann hafi ekki tilkynnt verkstjóra á útisvæði samstundis um vinnuslysið. M lýsti því strax skýrlega hvernig það atvikaðist.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að ekkert í vinnuferlum geri kröfu á að starfsfólk teygi sig eftir fiskum yfir borðið. Sláturborðið bæði hallar og þrengist að rotaranum þannig að fiskurinn kemur að starfsmanninum. Háu kantarnir á borðinu mynda rennu þannig að starfsmaður við borðið á

eingöngu að leiða fiskana sem eru beint fyrir framan hann inn í rotarann og telja þá. Vísar V til meðfylgjandi myndbandsupptöku til útskýringa á umræddum verkþætti.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Ráða má af lækisfræðilegum gögnum að M hafi orðið óvinnufær strax eftir slysið en hafi þrátt fyrir það mætt hluta úr degi, daginn eftir slysið og tilkynnt X um veikindi næstu daga. Telja verður af gögnum málsins að það sé nægjanlega sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X þann 1. febrúar 2022. Hann hætti störfum samstundis og leitaði til lækis samdægurs. Í sjúkraskrá er skráð að M hafi verið að vinna við slátrun, verið með vinstri höndina fasta og dottið þannig að mikið tog kom á öxlina. Í sjúkragögnum er ekki getið um fyrri sögu um áverka á vinstri öxl. Þá liggur fyrir staðfesting frá eldisstjóra sem var staðgengill verkstjóra á slysdagi, um að hann hafi fengið upplýsingar um að M hafi farið heim vegna meiðsla á vinstri öxl. Á grundvelli þessa verður að telja að X hafi borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins án ástæðulausrar tafar. Þessa gætti X ekki að þar sem slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 29. mars 2022.

Verður X því að bera hallan af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Það verður þó ekki jafnað til sönnunar bótaábyrgðar.

M er einn til frásagnar um tildrög slyssins. Er lýsing M á vinnuaðstæðum og vanbúnaði vinnslulínu og palls sem hann stóð á, ekki í fullu samræmi við önnur gögn málsins. Hefur V lagt fram verklýsingu á því verki sem M vann er hann slasaðist og notuð hefur verið við þjálfun nýrra starfsmanna. Þá liggur einnig fyrir myndband sem búið var til eftir slysið og sýnir það verk sem M var að vinna er hann slasaðist. Verður af þeim gögnum ekki ráðið að slátrunarbordið eða pallur sá er M stóð á, hafi á nokkurn hátt verið vanbúin eða að vinnuaðstæður, verklag, vinnupallur eða uppstilling og staðsetning á vinnslulínu hafi verið ábótavant eða í andstöðu við ákvæði laga nr. 46/1980 og öryggisfyrirmæli reglugerðar nr. 367/2006. Verður samkvæmt framansögðu að telja að um óhappatilvik og/eða eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. apríl 2024
rafræn undirskrift.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 48/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. febrúar 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. mars 2024, ásamt tölvupóstsamskiptum milli X og V.
5. Viðbótarupplýsingar sendar eftir beiðni nefndar með tölvupósti frá V dags. 6. og 27. maí 2024

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 11. janúar 2024 um kl. 17.30 hafi M ekið bifreið sinni ofan í holu á malbiki á við hringtorg á Kaldárselsvegi í Hafnarfirði með þeim afleiðingum að hægra framdekk bifreiðarinnar eyðilagðist. Fyrstu upplýsingar frá bæjarverkstjóra X til M voru þær að viðgerð á holunni hefði farið fram 12. janúar 2024 og aftur hinn 16. janúar 2024. En í öðrum gögnum málsins er staðfest af hálfu X að tilkynnt hafi verið um holu á sama stað hinn 10. janúar kl. 13.05 og sex frekari tilkynningar hafi borist um holuna að morgni 12. janúar 2024. Einnig kemur fram í bréfi frá starfsmanni X dags. 15. janúar 2024 að svokallað viðgerðarmalbik hafi verið sett í holuna að morgni 11. janúar 2024 og aftur daginn eftir „...sökum þess að skolast hafði upp úr viðkomandi holu í malbiki.“ Í tölvupósti starfsmanns X dags. 17. janúar 2024 kemur síðan fram að viðgerð á umræddri holu var fyrst milli kl. 9 og 11 að morgni 11. janúar 2024 og síðan aftur að morgni 12. Janúar milli kl. 10 og 12 þar sem „...viðgerðarefnið [hafi] ekki náð nægilegri bindingu við fasta malbikið.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hennar og vísar til 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 um að X sem veghaldari beri ábyrgð á því að veginum sem viðhaldið með eðlilegum hætti og að hann þurfi að láta gera við skemmdri eða merkja hættulega staði. M vísar til þess að starfsmenn X hafi vitað af holunni við Kaldárselsveg og því átt að bregðast við henni með fullnægjandi hætti. M telur að viðbrögð starfsmanna X hafi ekki verið fullnægjandi. M vísar til ljósmynda sem teknar hafi verið að kvöldi 11. janúar 2024 þar sem viðgerðarefni sjáist ekki í holunni auk þess sem M vísar til þess að bæjarverkstjóri X hafi sagt að ekki hafi verið gert við holuna fyrr en 12. janúar 2024. M vísar einnig til tilgreindra úrskurða nefndarinnar í málum nr. 122/2022 og 145/2022.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur m.a. fram að ágreiningur sé um hvort viðbrögð starfsmanna X hafi verið fullnægjandi eftir að X fékk vitneskju um holuna hinn 10. janúar 2024. V telur að viðbrögð starfsmanna X hafi verið fullnægjandi með því að setja viðgerðarmalbik í holuna að morgni 11. janúar 2024. Vegna slæms veðurfars og leysinga hafi það viðgerðarmalbik ekki dugað til en starfsmenn X ekki vitað af því að hola hefði aftur myndast þegar tjón M varð kl. 17.30 sama dag. V vísar til þess að ruglingur hafi orðið í samskiptum vegna tímasetninga viðgerða en réttar upplýsingar hafi síðan komið fram um viðgerð að morgni 11. janúar. V telur að starfsmenn X hafi gert ráðstafanir í samræmi við háttænisreglu 43. gr. vegalaga og hafi þeir ekki mátt vita að viðgerð sem framkvæmd var að morgni 11. janúar myndi ekki endast út þann dag. V vísar einnig til þess að á ljósmyndum sem M hafi sent með málskoti sjáist viðgerðarmalbik sem upp úr holunni hafi komið og vísar því á bug að slík ummerki sjáist ekki, eins og M hafi haldið fram. Einnig vísar V til þess að M hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, sbr. 36. umferðarlaga nr. 77/2019 og eigi ábyrgð X sem veghaldara því að falla niður vegna gáleysis hennar, sbr. ákvæði 56. vegalaga.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að upplýsingar hafi verið misvísandi frá X varðandi viðbrögð við djúpri og stórrí holu og vísar M um það til ljósmynda af vettvangi. M telur að X hafi átt

að tryggja fullnægjandi viðbrögð í samræmi við 1. og 2. mgr. vegalaga og telur að X verði að bera hallann af sönnunarskortum um að viðbrögð hafi verið fullnægjandi auk þess sem ekki liggi fyrir að veðurfar hafi verið slæmt hinn 11. janúar eða að ekki hafi verið unnt að setja upp skilti til viðvörunar. Einnig vísar M því á bug að hún hafi ekki sýnt af sér eðlilega varkárni við akstur og fullyrðingar um að hún hafi ekið of hratt séu með öllu ósannaðar. Einnig vísar M til þess að það standi X nær að leggja fram gögn um að brugðist hafi verið við með fullnægjandi hætti m.v. hættueiginleika þeirrar holu sem myndaðist hafði.

V ítrekar fyrir röksemdir sínar í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar og vísar til þess að gögn frá byggingatæknifræðingi sem starfar hjá X sýni að ýmsar ástæður séu fyrir því að almennt sé notast við kalt viðgerðarmalbik eins og hafi verið fyrir sama dag og tjón M varð. V telur að X hafi ekki mátt vita að viðgerðin myndi ekki duga út sólarhringinn.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að viðhaldi og/eða merkingu vegar hafi verið ábótavant.

Tjón M varð hinn 11. janúar 2024 um kl. 17.30 og ljóst er af skýringum X að gert hafði verið við holu á sama stað og tjón M varð fyrir daginn hinn 11. janúar 2024.

Nefndin óskaði við meðferð málsins eftir upplýsingum um svokölluð holutjón hjá X í janúar 2024 og af þeim viðbótargögnum má sjá að 10 slík tjón hafi orðið á sama stað og bifreið M varð fyrir tjóni. Þar af eru a.m.k. sjö tjón vegna atvika sem áttu sér stað 12. janúar 2024. Auk þessara sjö atvika er tjón M sem og annað tjón sem upplýst var um að hefði átt sér stað 10. janúar 2024 og leiddi til viðgerða að morgni 11. janúar 2024. Þannig er óljóst um tímasetningu eins annars tjóns á sama stað. Verður ekki ráðið af þessu að umrædd hola hafi leitt til tjóna á bifreiðum í umtalsverðum mæli áður en tjón varð á bifreið M. Ekki liggur heldur fyrir, t.d. með mati sérfróðs aðila eða öðrum þess háttar gögnum, að það viðgerðarmalbik sem starfsmenn X notuðu til að fylla í holur á þessum tíma árs hafi verið með öllu ófullnægjandi efni. Verður því ekki, af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, nægilega sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að framkvæma viðgerðir með viðgerðarmalbiki í stað varanlegrar viðgerðar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á með nokkrum gögnum að starfsmönnum X hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að viðgerð sem framkvæmd var að morgni 11. janúar 2024, myndi ekki duga.

Sönnunarbyrði hvílir skv. almennum sönnunarreglum á þeim sem heldur því fram að annar beri skaðbótaábyrgð á tjóni sínu og að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Til þess að sönnunarbyrði snúist við eða aðrar sönnunarreglur séu lagðar til grundvallar geta aðstæður verið þannig að tjónvaldur geti einn upplýst um atvik og geri það ekki eða þegar skorað er á viðkomandi að leggja fram upplýsingar og hann gerir það ekki. Einnig má vísa til beitinga sönnunarreglna varðandi málsatvik þegar tjónvaldur hefur vanrækt tilkynningarskyldu sína með einhverjum hætti. Í þessu máli er óheppilegt að rangar upplýsingar hafi verið gefnar af hálfu starfsmanns X í upphafi málsins um viðbrögð við tilkynntri holu hinn 10. janúar 2024, en með vísan til frekari upplýsinga frá X verður að líta svo á að þær upplýsingar hafi strax verið leiðréttar. V hefur upplýst um viðbrögð starfsmanna sinna og frekari tjón á sama stað og M varð fyrir tjóni. Af þeim sökum verður ekki litið svo á að hægt sé að beita sönnunarreglum á annan hátt en almennar reglur gera ráð fyrir. Með vísan til þess verður M að bera halla af sönnunarskortum um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara, X, eða að viðbrögð starfsmanna X með því að nota viðgerðarmalbik hafi verið gáleysisleg.

Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 49/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Upplýsingaskylda váttryggðs.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 5. mars 2024, ásamt afrit úr sjúkraskrá M.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 13. júní 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M greindist með kransæðastíflusjúkdóm í byrjun janúar 2023. V viðurkenndi bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu M í kjölfar þessa, en sú trygging tók gildi 28. nóvember 2022 hjá V. Með bréfi V til M dags. 24. mars 2023 var M tilkynnt að V myndi takmarka ábyrgð sína við útgreiðslu bóta þannig að hann fengi 70% af heildarbótafjárhæð váttryggingarinnar greidda þar sem M hefði ekki gefið félaginu réttar upplýsingar um heilsufar sitt við töku tryggingarinnar.

M telur að takmörkun ábyrgðar við 70% af bótafjárhæð sé ekki tæk og að M hafi gert sitt besta til að svara spurningalistum V við töku sjúkdómatryggingar sinnar, án þess að fá aðstoð við að skilja þær eða fá aðstoð túlks. Um sé að ræða ítarlega spurningalista á íslensku um flókin læknisfræðileg málefni og hann hafi ekki verið í stöðu til að skilja allar spurningarnar sökum þess að hann sé frá Póllandi og tali litla sem enga íslensku. M vísar til þess að hann hafi svarað spurningum heiðarlega, meðal annars gefið upplýsingar um reykingar sínar og vísar einnig til þess að hann hafi veitt V aðgang að sjúkraskrárgögnum sínum við töku tryggingarinnar.

V hefur takmarkað ábyrgð félagsins og vísar meðal annars til þess að M hafi svarað ranglega spurningu um hvort hann hafi fengið óeðlilega niðurstöðu rannsókna, t.d. hækkun blóðfitu í umsókn um sjúkdómatryggingu og þannig veitt rangar og ófullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt og vísar um það til 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V vísar til sjúkraskrárgagna sem sýni að saga um hækkada blóðfitu hjá M hafi verið skráð allt aftur til janúarmánaðar 2018 og að í júní 2021 hafi eiginkona M haft miklar áhyggjur af heilsufari hans sem og hafi M verið í yfirþyngd. Einnig vísar V til þess að blóðprufur í lok október og byrjun nóvember 2022 hafi borið með sér mjög hækkada blóðfitu hjá M og honum verið ávísuð blóðfitulækkandi lyf. Einnig er vísað til sjúkraskráfærslu frá 4. nóvember 2022 þar sem komi fram að M hafi fengið „létt shock“ við síðustu læknisheimsókn, þegar honum var gert grein fyrir í hve mikilli aukinn hættu hann væri gagnvart kransæðasjúkdómum. V bendir á að umsókn um sjúkdómatryggingu hafi verið undirrituð af M hinn 28. nóvember 2022, rétt eftir að hann fékk fyrrnefndar upplýsingar. Einnig vísar V til þess að M hafi svarað ranglega spurningum um vandamál eða einkenni frá æðakerfi, háan blóðþrýsting, óeðlilegar niðurstöður rannsókna t.d. hækkun blóðfitu og hvort hann hafi gengist undir lyfjameðferð. V telur vanrækslu M ekki óverulega, sbr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga og að honum hafi mátt vera ljóst að réttar upplýsingar skiptu verulegum máli frir V. Einnig vísar V til þess að ef réttar upplýsingar hefðu verið veittar hefði V veitt váttryggingu með 125% iðgjaldaálagi og þannig hafi M aðeins greitt 72,4% af því iðgjaldi sem hann með réttu hefði átt að greiða og með vísan til þess hafi V takmarkað ábyrgð sína um 30%. V bendir einnig á að það telji spurningar í umsókn um váttryggingu ekki flóknar og ekki hafi komið fram af hálfu M að hann hafi ekki skilið efni hennar, auk þess sem það standi honum nær að kynna sér efni hennar. Að lokum vísar V til upplýsinga úr kerfi endurtryggjenda vegna staðfestingar tillögu um 125% iðgjaldaálag og hafnar því jafnframt að þörf sé að vísa til kerfisins í skilmálum, enda sé það einungis til leiðbeiningar fyrir áhættumat félagsins og einnig mikilvægt til að gæta samræmis og jafnræðis í niðurstöðum.

Álit.

Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu liggur fyrir að M veitti ekki réttar upplýsingar um heilsufar sitt fyrir töku sjúkdómatryggingar hjá V hinn 28. nóvember 2022. Af gögnum málsins

verður ráðið að stuttur tími hafi liðið frá því að M fékk lyf við hækkaðri blóðfitu þar til hann fyllti út umsókn hjá V og að samskipti hans og læknis hefðu einnig átt sér stað stuttu áður þar sem rætt hafi verið um auknar líkur á hjarta- og æðasjúkdómum hjá M. Að þessu sögðu telst M hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína þannig að sök hans sé ekki óveruleg, sbr. 2. mgr. 83. gr. vsl.

Við mat á því hversu mikið V getur takmarkað ábyrgð sína verður skv. 3. mgr. 83. gr. vsl. að líta til þess að sök M telst vera nokkur, þ.e. að hafa ekki greint frá því að blóðfita hans hafi mælst yfir viðmiðunarmörkum og að hann hafi fengið lyf til lækka blóðfitu skömmu áður en hann fyllti út umsókn um sjúkdómatryggingu hjá V, en M mátti vera ljóst að slíkar upplýsingar skiptu máli við áhættumat V, auk þess sem honum var skylt að veita rétt og tæmandi svör um heilsufar sitt skv. fyrirmælum í 82. gr. vsl. Ekki liggja fyrir sönnunargögn í málinu um að tungumálaerfiðleikar hafi verið fyrir hendi við útfyllingu spurningalista né að M hafi látið vita af slíku. Þessi vanræksla M hafði nokkra þýðingu fyrir áhættu V og skýr orsakatengsl eru líka milli umræddra einkenna og þess að M veiktist skömmu eftir að váttryggingin tók gildi. Ekki er vísað til viðmiðunarreglna endurtryggjenda í váttryggingarskilmálum V og verður tilvísun til þeirra ekki talin ráða úrslitum við mat á takmörkun ábyrgðar V í hlutfallslegum skilningi. Þrátt fyrir það verður, með hliðsjón af sök, orsakatengslum og þýðingu vanrækslu fyrir V við mat á áhættu sem og atvikum öllum, rétt að takmarka ábyrgð V um 30% hluta bóta sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V sem nemur 70% hluta bótafjárhæðar, sem hann hefur nú þegar fengið greiddar m.v. gögn málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bótagreiðslna úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 50/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. janúar 2024.
2. Bréf V2, dags. 19. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1, dags. 19. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Tjón varð á bifreiðinni A, sem M ók, hinn 27. desember 2023 er henni var ekið upp á kant milli akreina og á grindverk á gatnamótum Sæbrautar og Dalbrautar til að forðast árekstur við bifreiðina B. Fyrirtækið Aðstoð & öryggi tók framburðarskýrslur af ökumönnum. Framburður M er á þann veg að hann hafi komið akandi að gatnamótunum á u.þ.b. 40 km/klst. Var hann á leið beint yfir gatnamótin og hafi bifreiðinni B verið ekið í veg fyrir hann. Sveigði hann frá til að lenda ekki í árekstri og lenti á grindverki. Umferðarljós hafi orðið gul logandi þegar hann var að koma að gatnamótunum og gat hann ekki stöðvað. Framburður ökumanns B er á þann veg að hann hafi verið kyrrstæður á gatnamótunum á leið til vinstri inn á Sæbraut frá Sundagörðum. Sá hann bifreiðina A koma að gatnamótunum þegar umferðarljósið varð gult. Fannst honum að ökumaður A hefði nægan tíma til að stöðva. Þegar hann ók af stað aftur sá hann bifreiðina A koma inn á gatnamótin. Kveðst hann hafa ekið í veg fyrir bifreiðina.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 7/24 að M bæri alla sök á umræddum árekstri þar sem honum bar að nema staðar við gult umferðarljós sem logaði gegn akstursstefnu hans. Telur M að hann hafi ekki getað stöðvað bifreið sína í tíma vegna aðstæðna á veginum sem var þakinn snjó. Hafi hann til að forðast árekstur reynt að stöðva en runnið a.m.k. 10 metra.

V1 telur að ætla megi að M hefði getað skapað stórhættu fyrir umferð fyrir aftan hefði hann snarhemað er 10 metrar voru að gatnamótunum, en það taki einungis um eina sekúndu að aka 10 metra á 40 km/klst. Telur V1 að ekki sé hægt að meta það M til sakar að hafa ekið inn á gatnamótin í umrætt sinn gegn gulu umferðarljósi. Vísar V1 til 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings.

V2 tekur undir álit tjónanefndar að telur að sök hafi réttilega verið lögð öll á M. Óumdeilt sé að M hafi ekið inn á gatnamótin gegn gulu umferðarljósi. Vísar V2 til 2. mgr. 7. gr., 10. mgr. 26. gr. og 36. gr. umferðarlaga máli sínu til stuðnings.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður hafa sérstaka aðgát við vegamót og samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laganna skal ökuhraða jafnan miða við aðstæður og með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Óumdeilt er að gult ljós logaði gegn akstursstefnu M þegar hann ók að gatnamótunum og fór hann því inn á gatnamótin gegn gulu ljósi. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga merkir gult umferðarljós eitt og sér að numið skuli staðar. Það gefur til kynna að brátt skipti yfir í rautt ljós en hefur að öðru leyti sömu merkingu og rautt ljós. Ökumaður skal þó ekki nema staðar ef hann, þegar skipt er úr grænu ljósi í gult, er kominn það nálægt umferðarljósi að stöðvun mun hafa í för með sér hættu. Sambærilegt ákvæði var að finna í 34. gr. þágildandi reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995. Af gögnum málsins þykir ekki sýnt að stöðvun bifreiðarinnar A hefði haft í för með sér hættu né að ökumaður bifreiðarinnar A hafi gætt að fyrrgreindum ákvæðum 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 36. gr. í umrætt sinn. Með vísan til þessa ber ökumaður A alla sök á tjóninu.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddu tjóni.

Reykjavík, 25. júní 2024.
rafræn undirritun

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 51/2024.**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 1. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. febrúar 2024.
3. Tölvupóstur M dags. 13. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið við vinnu sína hjá X hinn 17. október 2019, við að bræða þakpappa með gaslampa, þegar eldur hafi gosið fyrirvaralaust upp úr gashylki (gaskút) þannig að M hlaut brunasár, aðallega á höndum. Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M hafi farið strax á bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss og hafi þar verið greindur með 2. stigs brunasár á úlnliðum og höndum og orðið óvinnufær strax á slysdegi. Í tilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands og V dags. 11. apríl 2023 kemur fram að M hafi verið að hita þakpappa þegar gashylki stóð í loga og telji M viðbrögð sín hafa verið rétt og að gashylkið hafi verið gallað.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans vegna slyssins hinn 17. október 2019 vegna óforsvaranlegra vinnuáðstæðna á tjónsdegi, nánar tiltekið að skilyrði laga nr. 46/1980 og reglugerða hafi ekki verið uppfyllt varðandi þann gaskút eða gashylki sem hann var að vinna með. Vísar M til 13. og 37. gr. laganna um að gæta eigi fyllsta öryggis á vinnustað sem og 50. gr. laganna um að sérstaklega skuli hugað að slysavörnum vegna eldfimra efna. M vísar einnig til 6. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum varðandi það að X hafi verið skylt að hafa eldfim efni eins og gas í öruggum umbúðum. M bendir á að engin rannsókn hafi farið fram af hálfu X eða Vinnueftirlitsins á því hvað orsakaði eldinn í umrætt sinn og að sjálfstæð skylda hvíli á atvinnurekendum skv. lögum nr. 46/1980, 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 553/2004 sem og 9. gr. reglugerðar nr. 2018/2013 um færanlegan þrýstibúnað að geyma hættuleg efni í tryggum umbúðum óháð söluaðila þess búnaðar. Einnig vísar M til þess að hann hafi ekki fengið viðeigandi upplýsingar, leiðbeiningar og þjálfun varðandi aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustaðnum af hálfu X og skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað byggð á áhættumati hafi ekki verið aðgengileg starfsmönnum, sbr. 65. 65.gr.a og 66. gr. laga nr. 46/1980. Auk þessa að X hafi verið skylt skv. 14. gr. laga nr. 46/1980 að gera starfsmönnum ljósa slysa-hættu við störf sín auk frekari skyldna varðandi meðhöndlun hættulegra efna. Öllu þessu hafi X ekki sinnt nægilega og eigi því að bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M. Einnig vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins, sbr. skyldu X til slíkrar tilkynningar skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Óvinnufærni M hafi verið ljós á slysdegi, forsvarsmáður X hafi ekið M á bráðamóttöku auk þess sem tímabil óvinnufærni hafi verið tilgreint í tilkynningu X til V sjö dögum eftir atvikið. Vegna vanrækslu á tilkynningarskyldu hafi gashylki sem M hafi verið að vinna við ekki verið rannsökuð sérstaklega eftir slysið og verði X að bera hallann af sönnunarskortum um að umbúnaður þess hafi verið í samræmi við lög og reglur.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að gaskútur sá sem M var að vinna með á slysdegi hafi verið keyptur af viðurkenndum söluaðila og eftir slys M hafi gaskúturinn verið notaður aftur og ekkert í útbúnaði hans reynt gallað. Í bréfi V er vitnað til upplýsinga frá X um að ekkert hafi bent til þess að gaskúturinn hafi verið gallaður fyrir notkun hans og að M hafi heldur ekki tekið eftir slíkum galla. Þannig telur V að eldur hafi ekki getað borist í gaskútinn nema frá gaslampa þeim sem M var að vinna með þegar eldurinn kom upp og þannig hafi hann sjálfur borið eld að gaskútinum. V hafnar því sem ósönnuðu að frágangur á gaskútinum eða umgjörð hans hafi með einhverjum hætti brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglna settra með stoð í þeim lögum. Einnig sé ósannað að forsvarsmenn X hafi vitað af ætluðum galla í gaskúti. Auk þessa vísar V til þess að M hafi unnið hjá X frá árinu 2017 og hlotið alla viðeigandi þjálfun frá þeim tíma, auk þess sem hann hafi oft fyrir

slysdag unnið með gaslampa við sömu aðstæður. Einnig vísar V til þess að M hafi ekki brugðist við í samræmi við almenna skynsemi né verklagsreglur. V vitnar til lýsinga lögmanns M í tjónstilkynningu fyrir hönd M þar sem segi að M hafi gert allt rétt og sé það í ósamræmi við þær fullyrðingar að M hafi ekki fengið hjálfun og vitað hvað hann átti að gera. Einnig bendir V á að vanræksla á tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hafi þær afleiðingar að sönnunarstaða breytist þannig að frásögn M sé lögð til grundvallar málsatvikum. Sú frásögn sýni hins vegar ekki fram á að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt gagnvart X.

Í tölvupósti lögmanns M dags. 13. maí 2024 kemur fram að ekki verði gerðar frekari athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaskyldu X sem vinnuveitanda M, þegar M slasaðist við að eldur varð laus í gashylki / gaskút sem hann var að vinna með, nánar tiltekið í gaslampa sem notaður var til að bræða þakpappa á húsi. Í fyrsta lagi er ljóst af gögnum málsins að M varð óvinnufær á slysdagi og varði óvinnufærni hans vegna afleiðinga slyssins í lengri tíma. Við þær aðstæður bar X sem atvinnurekanda að tilkynna um slys M til Vinnueftirlitsins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Það að slík tilkynningarskylda sé vanrækt þýðir að rannsókn Vinnueftirlitsins skv. 81. gr. sömu laga getur ekki beinst að orsök slyssins, vegna þess að hún fer ekki fram án fyrrnefndrar tilkynningar.

Í dómaframkvæmd hefur vanræksla á slíkri tilkynningarskyldu almennt verið metin þannig að frásögn tjónþola sé lögð til grundvallar málsatvikum og þar með orsökum slysa og jafnvel hefur í dómaframkvæmd verið gengið svo langt að meta óvissu um orsök vinnuslysa þannig að sönnunarbyrði um orsökina sé snúið við, sbr. Hrd. 151/2017.

Þar sem óvissa er um orsök vinnuslyss M, sem leggja verður til grundvallar að ráðist af því að X hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni eða með öðrum hætti tryggt sér sönnun á að gashylki hafi verið í lagi, verður að snúa sönnunarbyrði um orsökina við og fella skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M á X. Í því mati er einnig litið til þess að engin gögn liggja fyrir af hálfu X um skriflegt áhættumat vegna áhættuþátta í því sem M starfaði við, sbr. 65. gr. a laga nr. 46/1980 og þannig óljóst hvernig X uppfyllti skyldur sínar skv. almennum reglum 13., 14., 37. og 50. gr. laganna. Með þessu hefur þá skapast réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 52/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

10. Málskot móttakið 5. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
11. Bréf V dags. 27. febrúar 2024, ásamt váttryggingarskilmálum, tjónstilkynningu X dags. 24. október 2023 og afstöðubréfi V dags. 30. október 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 7. október 2023 hafi M séð rauð olúþrýstingsljós í mælaborði bifreiðar sinnar og stöðvað hana og hringt á vegaaðstoð X. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að bifreið M hafi verið í olúskiptum hjá X viku áður.

M lýsir atvikum þannig að sérfræðingur frá X hafi komið og byrjað á því að gangsetja bifreið M og þanið vél hennar þar til hún missti kraft, það hafi sérfræðingurinn síðan gert 5-10 sinnum þar til reykur fór að stíga frá vélinni og hún fór ekki lengur í gang. M kveður umræddan starfsmann X hafa viðurkennt að hafa gert mistök þegar reykur fór að stíga frá vélinni. Í tjónstilkynningu frá X er atvikum hins vegar þannig lýst að tiltekinn starfsmaður X hafi komið á staðinn, skoðað bifreiðina og reynt að starta henni, bifreiðin hafi farið í gang en drepist strax á sér og eftir að hún var flutt á verkstæði hafi komið í ljós að reim fyrir olúfudælu væri slitin og vélin hafi brætt úr sér.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið sinni vegna þess að starfsmaður X hafi sýnt saknæmt gáleysi þegar hann ítrekað startaði bifreið M eftir að bifreiðin hafði sýnt merki um lága olúfústuðu. M vísar til þess að X selji sérfræðiþjónustu bifvélavirkja og telur að viðbrögð starfsmannsins hafi ekki verið í samræmi við eðlilegar kröfur starfsgreinarinnar um fagleg og vönduð vinnubrögð og það hafi verið röng vinnubrögð hans sem orsökun tjón á bifreið M.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sannað að starfsmaður X hafi sýnt saknæma háttsemi í tengslum við bifreið M og bendir á að vél bifreiðar M hafi þegar verið biluð þegar starfsmaður V kom á staðinn. V vísar til þess að M hafi ekki lagt fram gögn sem sanni bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Einnig bendir V á að ekki sé sannað að starfsmaður X hafi gangsett bifreið M mörgum sinnum eins og M haldi fram þar sem sá starfsmaður neiti því í sinni skýrslu. Einnig er bent á af hálfu V að starfsmaður X hafi mikla þekkingu og reynslu af bílaviðgerðum og þó ströngu sakarmati væri mögulega beitt við þessar aðstæður þá sé sök hans ekki sönnuð né orsakatengsl milli háttsemi hans og tjóns M.

Álit.

Í þessu máli er í aðalatriðum deilt um hvort háttsemi starfsmanns X, þegar hann kom M til aðstoðar vegna bifreiðar hennar, hafi verið saknæm þannig að X sem vinnuveitandi starfsmannsins beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M, en það er skilyrði þess að greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V stofnist. Af gögnum málsins verður ráðið að frásögn M af atvikum fer ekki saman við frásögn starfsmanns X af þeim. Ekki liggur heldur fyrir í gögnum málsins að sýnt sé fram á það með sérstökum gögnum að skýr orsakatengsl séu milli háttsemi starfsmannsins og þess að vél bifreiðar M bræddi úr sér eða hvort það tjón hafi þá þegar verið þegar ljós í mælaborði kviknuðu.

Almennar reglur um sönnun gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni þurfi að sanna að annar beri skaðabótaábyrgð á slíku tjóni, þ.e. að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt t.d. um saknæma háttsemi og að orsakatengsl séu fyrir hendi milli hennar og þess tjóns sem varð. Hallann af sönnunarskortu ber tjónþoli skv. sömu reglum og í þessu máli er það M.

Við mat á því hvort tekist hafi að sanna að háttsemi starfsmanns eða starfsmanna X hafi verið saknæm eða að tjón á bifreið M megi rekja til annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á verður að líta til fyrirbyggjandi gagna og hvort þau staðfesti frásögn M og það að skilyrði séu til greiðslu bóta. Af þeim sömu gögnum verður það ekki ráðið með nægilega skýrum hætti og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti með vísan til áðurnefndra almennra reglna um sönnun. M á því ekki, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 53/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 3. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. febrúar 2024.
3. Bréf M dags. 1 mars 2024.
4. Tölvupóstur V dags. 7. mars. 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þann 26. júní 2021. Er atvikum lýst með þeim hætti að hann hafi ekið mótorcrosshjóli í Bolöldu þegar hann rak hægri fótinn út til hægri í akstri þannig að fóturinn fór utan í stein. Kveðst M hafa fengið þungt högg á fótinn og tekið sér stutta pásu frá akstrinum vegna verkja. Hann hafi svo haldið áfram akstri eftir slysið en þurft að hætta fljótlega vegna mikils sársauka í hægri fæti. Fóturinn hafi bólгнаð upp við höggið og hann hafi því tekið bólgueyðandi lyf til að ná bólgunni niður. Tjónstilkynning M til V er dagsett þann 9. febrúar 2022. Þar kemur fram að M hafi leitað til læknis þann 3. júlí 2021. M kveðst hafa leitað sér aðhlyningar á læknavaktina en ekkert vottorð liggur fyrir um heimsóknina í gögnum málsins. M kveðst hafa verið hvellaumur yfir grunnlið stórutáar á ákveðnum punkti þegar ýtt var á af lækni læknavaktarinnar. Í kjölfarið leitaði M til heilsugæslunnar á Sólvangi þar sem hann var enn með verk. Í málgögnum liggja fyrir samskipti M við heilsugæslulækni frá 1. mars 2022, þar sem fram kemur að lækniurinn telur heppilegast að M leiti frekara mats á vandamálinu hjá bæklunarlækni. Enn fremur kemur fram í samskiptunum að niðurstaða úr röntgenmyndatöku hafi sýnt vökva í MTP lið 1 en að öðru leyti sé ekki greinanlegir áverkar og ástand að mestu óbreytt frá röntgenrannsókn sem fram fór á árinu 2008. Í vottorði frá bæklunarskurðlækni, dags. 7. júlí 2022 kemur fram að M hafi leitað til hans þann 16. júní 2022 og lýst því að hann hafi fengið áverka á stóru tá þegar hann var að keyra mótorcrosshjól fyrir ári síðan, hann hafi sett niður fótinn og fengið högg. Hann hafi verið aumur í kring um grunnlið stóru táar og segulóm skoðun sem sýndi bólgubreytingar. Einnig hafi verið tekin tölvusneiðmynd sem sýndi engin merki um brot og eðlilega beingerð. Fram kemur að bæklunarskurðlækniurinn hafi álitnið að um mjúkvefjaáverka hafi verið að ræða og M hafi verið upplýstur um að við slæm einkenni væri hugsanlega hægt að gera aðgerð en árangur af slíku inngripi væri óviss. Var niðurstaðan sú að M taldi einkenni ekki það slæm að hann teldi ástæðu til skurðinngrips og voru frekari endurkomur ekki ráðgerðar.

V hafnaði bótaskyldu úr slysáttryggingu ökumanns með bréfi til lögmans M, dags. þann 7. september 2022. Byggði niðurstaðan á því að samkvæmt váttryggingarskilmála tryggingarinnar gildi váttryggingin ekki þegar ökutækið er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki eða þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu, afmörkuðu eða skilgreindu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir skv. 39. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 2. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatreygingar. Þá vísaði V til þess að slysið hafi átt sér stað á keppnisbraut Bolöldu og að M sé skráður í VÍFA og því ljóst að hann keppi í mótorcross. Í bréfi V kemur enn fremur fram að unnt sé að skjóta afstöðu þess til úrskurðarnefndar í váttryggingamáli eða til dómstóla innan árs, annars glattist réttur til bóta sbr. 51. og 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Þann 25 apríl 2023 sendi lögmaður M bréf til V þar sem óskað var eftir endurskoðun á bótaskyldu félagsins. Tilgreinir lögmaðurinn m.a. að M sé ósammála túlkun V á skilmálaákvæðum. Byggir hann á því að rangt sé að slysið hafi átt sér stað í keppnisbraut og að skráning í aðildarfélagið VÍFA geri menn ekki sjálfkrafa að keppnismönnum í mótorcrossi. Þá byggir hann á því að V beri sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi verið við keppni hinn 26. júní 2021 og að ökutækið hafi ekki verið notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki. V svaraði erindi M með tölvupósti þann 22. maí 2023 þar sem fram kemur að V hafi tekið málið til skoðunar á ný og að fyrri afstaða félagsins standi. Þá bendir

félagið á að M hafi ekki kallað til lögreglu í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2019 og að félagið telji tjónið af þeim sökum ósannað.

Í málskoti M eru áréttáðar þær röksemdir sem fram koma í bréfi M til V frá 7. september 2022. Enn fremur lagði M fram yfirlýsingu frá kunningja sínum þar sem fram kemur að hann hafi verið að hjóla með M í Bolöldu þennan dag. Þegar hann hafi tekið sér stutta pásu hafi M haldið áfram en svo komið til baka haltrandi á hægri fæti. Kveður hann M hafa sagt að hann hafi sparkað í grjót í brautinni. Þeir hafi svo haldið áfram að hjóla en þurft að stoppa vegna þess hversu verkjaður M var í fætinum. Telur M þ.a.l. liggja fyrir að orsakasamband sé fyrir hendi milli einkenna M og slyssins. Þá vísar M til þess að M hafi leitað til læknis vegna einkenna í fæti sem hann var ekki með fyrir slysið. Með vísan til þessa og framburðar vitnis telur byggir M á því að orsakasamband sé milli einkenna M og slyssins og gerir kröfu um að V verði gert að bæta tjónið úr slysatryggingu ökumanns.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 26. febrúar 2024 vísar félagið til þess að bótaskyldu í málinu hafi verið hafnað með bréfi dags. 7. september 2022. Í afstöðubréfinu hafi komið fram að afstöðu V væri hægt að skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum innan árs, annars glatist réttur til bóta skv. 51. og 124. laga um váttryggingarsamninga. Meira en ár hafi liðið frá því að afstöðubréfið var sent til M þar til málinu var skotið til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og hafi M þar af leiðandi glatað rétti sínum vegna tómlætis skv. framangreindum ákvæðum laga um váttryggingarsamninga.

Í athugasemdum M við bréf V kemur fram að M telur að ákvæði 51. og 124. gr. laga um váttryggingarsamninga ekki eiga við í málinu þar sem V hafi sent frá sér nýja og endanlega afstöðu með tölvupósti þann 22. maí 2023 þar sem fram komu frekari röksemdir fyrir höfnuninni sem ekki hafði verið byggt á í afstöðu V þann 7. september 2022.

Í viðbótarathugasemdum V til nefndarinnar byggir félagið á því að félagið hafi hafnað bótaskyldu með formlegum hætti þann 7. september 2022 þar sem fram kemur að hægt sé að skjóta afstöðunni til úrskurðarnefndar eða til dómstóla innan árs. Í bréfi félagsins frá 22. maí 2023 hafi komið fram að fyrri afstaða félagsins stæði óbreytt og að félagið hafi ekki sent frá sér nýja afstöðu heldur einungis ítrekað fyrri afstöðu sína.

Álit.

Í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, kemur fram að váttryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að váttryggingarfélag sannanlega hafnar kröfu hans í heild eða hluta. Fyrir liggur að V hafnaði bótakröfum M með bréfi dags. þann 7. september 2022 þar sem vísað var til þess að M hefði árs frest til lögfræðilegra aðgerða skv. ákvæðum 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Uppfylti bréfið þ.a.l. forskilyrði laganna um tilvísun til ársfrestsins. Eins og málum er hér háttáð verður ekki litið svo á að ársfresturinn hafi byrjað að líða að nýju þegar V ítrekaði fyrri afstöðu sína með tölvupósti til M þann 22. maí 2023. Að teknu tilliti til framangreinds er því ljóst að árs frestur M til lögfræðilegra aðgerða skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga var liðinn þegar málskot M barst nefndinni þann 3. febrúar 2024. Þegar af þeim sökum er ljóst að allur mögulegur bótaréttur M niður fallinn vegna tómlætis og verður þ.a.l. ekki tekin afstaða til annarra ágreiningsatriða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns X hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 54/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysátrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Slyshugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

- Málskot dags. 5. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 28. febrúar 2024.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 30. ágúst 2022 hafi M ásamt öðrum starfsmanni X verið að flytja langa og stóra plötu sem átti að setja á lista á gólfinu. M gekk aftur á bak með plötuna en vinnufélagi hans sneri fram. Byrjaði vinnufélaginn að snúa í aðra áttina til að koma plötunni á réttan stað og hélt M áfram að ganga aftur á bak en rakst í lista á gólfinu. Við það hrasaði hann en féll ekki. Rykktist vinstri handleggur hans niður með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Leitaði M samdægurs á bráðamóttöku LSH en sökum tungumálaörðugleika gat hann ekki lýst nákvæmlega hvað hefði komið fyrir hann. M er af erlendu bergi brotinn og talar litla íslensku og ensku. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr slysátryggingu launþega sem vinnuveitandi hans, X, hafði hjá V á slysdegi. Bótaskyldu var hafnað af hálfu V á þeim grundvelli að ekki hafi verið um utanaðkomandi atburð að ræða og vísar V til samtímagagna frá bráðamóttökunni máli sínu til stuðnings. Fyrir liggi yfirlýsing frá vinnufélaga M þar sem hann staðfestir að atvik voru með þeim hætti sem M lýsir í málskoti. Telur M ljóst að öll skilyrði slyshugtaksins séu uppfyllt þ.e. að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða.

V telur að á grundvelli fyrirliggjandi samtímagagna verði ekki annað séð en að tilvik það sem hér er til athugunar falli ekki undir skilgreiningu 1.4. gr. slysátryggingar enda sé ekki um utanaðkomandi atburð að ræða sem veldur meiðslum.

Álit.

Í grein 1.4. í váttryggingarskilmála slysátryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða „skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans“. Hvað atvikalýsingu varðar, verður að byggja á frumgögnum málsins nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburður vitna, styðji afdráttarlaust við síðar til komna atvikalýsingu. Í þessu máli liggur fyrir atvikalýsing vitnis sem er samstarfsmaður M sem staðfestir frásögn M um að hann hafi hrasað um lista á gólfinu er hann gekk aftur á bak með stóra plötu. Í bráðamóttökuskrá LSH þann 30. ágúst 2022 er annars vegar skrifað: „...var að lyfta þungum hlut í morgun, heyrði smell.“ og hins vegar: „...var við vinnu í morgun, var að lyfta upp steinplötu með vinstri handlegg og styður við hana með hægri. Heyrir svo skyndilegan smell, fær stingandi verk í vi. upphandlegg og bicep cislocerast.“ Af þessari lýsingu má ráða að orsök slyss M sé að rekja til innra álags eða veikleika. Þegar bornir eru saman annars vegar framburður M og vitnis og svo hins vegar lýsing á tjónsatviki í samtímagögnum verður ekki talið að um tvær ólíkar atvikalýsingar sé að ræða. Atvikalýsing M og vitnis eru ítarlegri en ekki í beinni andstöðu við það sem fram kemur í frumgögnum. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem gerir framburð vitnis ótrúverðugan. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því að mati nefndarinnar sýnt fram á að M hafi hlotið meiðsli við að hrasa um lista á gólfi og þar af leiðandi sé um að ræða slys í skilningi skilmálaákvæðis V. Telst M því eiga rétt á bótum úr slysátryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 4. júní 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 56/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Slysátrygging launþega og slysátrygging í frítíma.****Gildissvið vátryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. febrúar, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í slysi 22. ágúst 2023 þegar hann var í sk. "try-out" hjá körfuboltadeild F og fékk högg á hæ. þumalfingur. Ekki hafi verið um formlega æfingu að ræða og M hafi ekki verið búinn að fá inngöngu í lið F þegar þetta gerðist. M hafi verið óvinnufær síðan þetta gerðist. Bótaskyldu var hafnað á þeim grundvelli að M hafi verið við æfingar hjá félaginu sem hafi íþróttakeppni að tilgangi þegar hann meiddist og var ákvörðunin rökstudd með tilvísun til skilmála F-plús 3 fjölskyldutryggingar og slysátryggingar launþega. Fram kemur hjá M að um óformlegan tíma hafi verið að ræða þar sem margir aðilar hefðu mætt til að spila og sprikla aðeins og enginn þjálfari hefði séð um tímann. Vísað er til svars þjálfara Fylkis þar sem fram kemur að þessi æfing hafi verið opin æfing. M telur slysið falla undir slysátryggingu í frítíma samkvæmt skilmála F-plús 3 fjölskyldutryggingar hans og slysátryggingu launþega samkvæmt skilmálum félagsins. M bendir á að vátryggingaskilmálarnir séu staðlaðir og samdir einhliða af félaginu og þess vegna verði við túlkun skilmálanna sérstaklega að horfa til þess að skýra óljós og umdeilanleg samningsákvæði sem ágreiningi valda þeim aðila í óhag sem samdi þau einhliða. M mótmælir því að óumdeilt sé að hann hafi slasast á körfuboltaæfingu hjá meistaraflokki Fylkis í körfuknattleik. Hann sé ekki í meistaraflokknum og hafi ekki verið á formlegri æfingu heldur hafi hann mætt á æfinguna til að spila og sprikla aðeins. Því er sérstaklega mótmælt að M hafi verið mættur til að undirbúa sig fyrir þátttöku í keppni.

Í bréfi V kemur fram að málsatvik séu óumdeild og að M hafi slasast á fingri á körfuboltaæfingu hjá meistaraflokki F í körfuknattleik. Það liggja fyrir í gögnum málsins að þjálfari hafi stjórnað æfingunni, annars vegar í samtali starfsmanns V við þjálfarann og hins vegar í pósti þjálfara til M þar sem hann reki hvernig skipulag æfingarinnar var. Ágreiningur snúi því eingöngu að því hvort undanþágureglur c-liðar gr. 3.5. í skilmála V nr. GH20 og a-liðar gr. 6.5 í skilmála V nr. SP20 eigi við um æfinguna sem M tók þátt í. Samkvæmt a-lið 3.5. í skilmála GH20 greiði V ekki bætur vegna slysa sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum ef tryggður hefur náð 16 ára aldri. Með íþróttum sé átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem séu æfðar reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Í gr. 9.6 í skilmála SP20 kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna slyss í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum, sjá þó gr. 9.1.3. Með íþróttum sé hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Ákvæði skilmálans séu skýr og afdráttarlaus um það að þegar einstaklingur tekur þátt í æfingu til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþrótt þá séu slys undanþegin frá bótasviði vátryggingarinnar. Jafnframt sé hugtakið íþrótt skilgreint með skýrum og afdráttarlausum hætt sem einstaklings- eða liðsíþrótt sem æfð sé reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Grundvallaratriði sé eðli æfingarinnar sem M tók þátt í þegar hann slasaðist og þannig gildi undanþágúakvæðið ef vátryggður tekur þátt í æfingu sem sé til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþrótt óháð því hvort hann hafi í hyggju að taka sjálfur þátt í keppni á vegum íþróttafélags eða ekki. Fyrir liggja að tilgangur meistaraflokka íþróttafélaga í íþróttum sé þátttaka í keppnum. Hér hafi því bersýnilega verið um æfingu að ræða til undirbúnings fyrir keppni í liðsíþrótt sem æfð var reglulega undir leiðsögn þjálfara. Eðli æfingarinnar skipti ekki máli.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um það hvort æfingin sem M var á þegar hann slasaðist hafi verið formleg æfing á vegum íþróttafélags eða hvort um óformlega æfingu hafi verið að ræða. Það liggur fyrir að um svokallaða „try-out“ æfingu var að ræða. Samkvæmt gögnum málsins eru „try-out“ æfingar stundaðar þrisvar sinnum í viku undir leiðsögn þjálfara og megin tilgangur æfinganna gengur út á að velja leikmenn í keppnisliðið. Uppbygging æfinganna sé upphitun, skot- og tækniæfingar, leikspil og teygjur. Það liggur fyrir að það var þjálfari á æfingunni og samkvæmt yfirlýsingu hans var um spilæfingu að ræða í umrætt skipti. Með vísan til framangreinds og þess að um var að ræða æfingu hjá meistaraflokki þar sem þjálfari var viðstaddur er ekki unnt að líta öðruvísi á en að æfingin hafi verið til undirbúnings keppni enda var tilgangur æfingarinnar að velja leikmenn í keppnisliðið eins og fyrr kom fram. Slys M fellur því undir undanþáguákvæði c-liðar gr. 3.5. í skilmála frítímaslysáttryggingar og gr. 9.6 í skilmála slysáttryggingu launþega og er V því ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu né slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 57/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

12. Málskot mótttekið 1. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
13. Bréf V dags. 27. febrúar 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 29. nóvember 2023, varð hinn sama dag árekstur milli ökutækjanna A, sem M ók, og B. Samkvæmt því sem haft er eftir M í lögregluskýrslu var hann að aka úr Mánatorgi í átt að Suðurlandsvegi í Norðlingaholti, þegar honum varð litið á farsíma sinn með þeim afleiðingum að A rann yfir á öfugan vegarhelming og hafnaði á vinstri framhlið B. Ágreiningslaust er að A beri alla sök á árekstri ökutækjanna.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum og sótt bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. Með bréfi dags. 14. desember 2023 hafi V tilkynnt um að til stæði að skerða bætur M um 2/3 hluta á grundvelli þess að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda árekstursins. M mótmælir þeirri afstöðu og telur skerðingu félagsins úr hófi. M vísar til þess að ákvæði 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er heimili skerðingu eða niðurfellingu bóta sé undantekning frá meginreglunni og beri því að túlka þröngt. Þá vísar M til fordæma nefndarinnar máli sínu til stuðnings. M hafi vissulega brotið háttænisreglu en hann hafi ekið á tilsettum hámarkshraða, verið með gild ökuréttindi, í öryggisbelti og ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt 90. gr. laga nr. 30/2004 og skilmálum V sé heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi váttryggður valdið váttryggingaratburði með stórkostlegu gáleysi. Stjórnanda ökutækis sé, skv. 57. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, óheimilt að nota farsíma við akstur. Með háttsemi sinni hafi M vikið gróflega frá háttænisreglum umferðarlaga og hafi honum mátt vera ljós sú hætta sem af því stafaði. Séu þá bein orsakatengsl milli þess að M hafi notað símann við akstur og þess að árekstur varð enda hafi bifreið M farið yfir á öfugan vegarhelming. Sé á grundvelli alls framangreinds heimilt að skerða bætur til M um 2/3 hluta.

Álit.

Samkvæmt framburði M í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu leit hann á síma sinn við akstur, en skv. 57. gr. umferðarlaga er stjórnanda ökutækis við akstur óheimilt að nota farsíma, snjalltæki eða önnur raftæki sem truflað geta aksturinn, án handfrjáls búnaðar. Af framburði M má einnig ráða að bein orsakatengsl hafi verið milli þess að hann leit á símann og þess að A rann yfir á öfugan vegarhelming sem leiddi til áreksturs við B. Teljast þessi atriði því óumdeild.

Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig. Fyrir liggur samkvæmt framansögðu að M leit á farsíma sinn við akstur og að beint orsakasamband var milli þess og þess að árekstur varð. Ekki liggur fyrir hvort M leit aðeins af veginum og á símann eða hvort hann framkvæmdi einhverjar aðgerðir í símanum umrætt sinn. Á umræddum tíma var M þá einnig að aka út úr hringtorgi, þar sem gerð er krafa um sérstaka aðgát ökumanns, sbr. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga, auk þess sem hálka var á vettvangi en slíkar aðstæður krefjast einnig sérstakrar aðgátar. Verður litið til þess við mat á gáleysisstigi og hugsanlegu skerðingarhlutfalli. Er það mat nefndarinnar að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að líta á síma sinn umrætt sinn og að skerðing bóta sé því heimil. Á grundvelli alls framanritaðs er það mat nefndarinnar að sú skerðing skuli nema 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um 1/3 hluta.

Reykjavík, 27. ágúst 2024
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 58/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Húsvagnatrygging.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. febrúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. febrúar 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 7. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í júní 2020 hafi M keypt húsvagnatryggingu vegna hjólhýsisins A. Hafi átt að vera um mjög góða tryggingu að ræða sem tæki m.a. til þess ef hjólhýsið fyki á plani. Við endurnýjun váttryggingarinnar á árinu 2022 hafi skilmálum váttryggingarinnar verið breytt þannig að ekki var lengur tryggt fyrir foktjóni frá 1. október til 30. apríl. Hafi M hvorki verið tilkynnt um þessa breytingu né hafi honum verið boðin viðbótartrygging sem tæki til foktjóns að vetrarlagi. Hafi hann því verið í góðri trú um að umrædd váttrygging tæki til foktjóns. Fyrir liggur tjónstilkynning M til V, þar sem fram kemur að hinn 25. janúar 2024 hafi hjólhýsið fokið fram af plani á geymslustæði. Í svari V, dags. 26. janúar 2024, við tjónstilkynningunni kemur fram að tjón af þessu tagi bætist ekki skv. skilmálum váttryggingarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að nýr skilmáli umræddrar váttryggingar hafi verið gefinn út 1. maí 2022. Komi þar fram í k-lið gr. 5.1 að foktjón séu undanskilin frá 1. október til 1. apríl nema húsvagn sé geymdur inni í húsnæði. Hinn 21. maí 2022 hafi M fengið senda endurnýjunarkvittun vegna váttryggingarinnar og á henni hafi verið sérstök áritun þar sem upplýst var um umrædda breytingu. Hafi það verið til samræmis við áskilnað 3. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sömu upplýsingar hafi komið fram í endurnýjunarkvittun sem send var M hinn 13. maí 2023. Jafnframt hafi verið skorað á M að kynna sér skilmála váttryggingarinnar. Undanþágan komi með skýrum hætti fram í skilmálum váttryggingarinnar og þar sem fylgt hafi verið áskilnaði um upplýsingaskyldu sé V heimilt að bera umrætt undanþáguákvæði skilmálanna fyrir sig.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að forsenda kaupa hans á váttryggingunni, og endurnýjun hennar, hafi verið sú að hjólhýsið væri tryggt fyrir foktjóni. Þá mótmælir hann því sem röngu að V hafi upplýst hann um umrædda breytingu enda hafi aðeins komið fram á endurnýjunarkvittun almenn tilvísun til breytinga. Þá hafi M aldrei verið boðin sérstök foktjónstrygging sem V selji. Hafi V því í raun engan áhuga á að tryggja fyrir foktjóni heldur aðeins að því að fá greiðslu frá fólki sem telji sig hafa slíka tryggingu. Gerir M einnig athugasemdir við framsetningu upplýsinga í upplýsingaskjali váttryggingarinnar og telur að umræddri skilmálabreytingu hafi verið laumað inn með lítt áberandi hætti í von um að ekki yrði eftir henni tekið.

Í viðbótarathugasemdum V er sérstaklega áréttað að áskilnaði 3. mgr. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið mætt og tekið fram að engin skylda hvíli á félaginu að bjóða aðrar váttryggingar þegar skilmálum er breytt við endurnýjun.

Álit.

Óumdeilt er að foktjón var ekki undanskilið bótasviði skilmála umræddrar váttryggingar þegar M keypti hana fyrst á árinu 2020. Þá er óumdeilt að í nýjum skilmálum váttryggingarinnar sem tóku gildi hinn 1. maí 2022, kemur fram að foktjón séu undanskilin frá 1. október til 30. apríl, nema húsvagn sé geymdur inni í húsnæði. Tjón á húsvagni M átti sér stað á því tímabili og var kröfu hans hafnað með vísan til fyrrgreindrar undanþágu.

Framlagðar endurnýjunarkvittanir, en ekki liggur fyrir hvort M fékk þær sendar sérstaklega, eða hvort þær voru honum aðeins aðgengilegar á svæði hans á heimasíðu V, bera með sér sérstakar áritanir um að foktjón á tilgreindu tímabili séu undanskilin. Verður að telja að með þeirri tilhögun hafi V uppfyllt áskilnað 3. mgr. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga en þar er kveðið á um að við innheimtu

iðgjalda við endurnýjun skuli afhenda vátýggingartaka eintak nýrra skilmála og gera grein fyrir breytingum frá fyrra vátýggingartímabili. Ekki verður því byggt á lokamálslið þeirrar málsgreinar um að félag geti ekki borið fyrir sig skilmálabreytingu eigi slík tilkynning sér ekki stað.

Hins vegar verður jafnframt að líta til 12. gr. d. laga um vátýggingarsamninga en þar kemur fram að við endurnýjun vátýggingar skuli félagið upplýsa um nýja valkosti í vátýggingum þeim sem um ræðir eða viðbótarvernd sem það getur veitt og er tilkomin eftir að vátýgging er tekin eða endurnýjuð síðast. Staðhæfingu M um að viðbótartrygging sem tekur til foktjóna á umræddu tímabili standi vátýggingartökum til boða hjá V hefur ekki verið mótmælt. Þá er fullljóst að V gætti ekki að umræddum áskilnaði við endurnýjun og er beinlínis fullyrt af hálfu þess að engin skylda fylgi á félaginu að bjóða aðrar vátýggingar þegar skilmálum er breytt við endurnýjun.

Er það því mat nefndarinnar að V hafi eins og atvikum hér er háttað ekki uppfyllt upplýsingaskyldu sína við endurnýjun vátýggingar. Með hliðsjón af atvikum öllum, markmiðum laga nr.61/2019 um breytingu á lögum um vátýggingarsamninga og þeim aðstöðumun sem er milli aðila er það þá álit nefndarinnar að félagið geti ekki borið fyrir sig skilmálabreytingu gagnvart M. Á hann því rétt á að fá tjón sitt bætt með sama hætti og hefði það atvikast áður en umrædd breyting tók gildi.

Niðurstaða.

M á rétt til þess að tjón á A verði bætt til samræmis við þá vátýggingarskilmála sem giltu fram til 1. maí 2022 um húsvagnatryggingu hans hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

SóleyRagnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 59/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 5. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 29. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum merktum 1.-3.
3. Bréf V1 dags.[17. ágúst 2023], ásamt fylgiskjölum merktum 1.-2.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. mars 2024, ásamt tjonstilkynningu.
5. Tölvupóstur V2 dags. 14. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B hinn 27. september 2023. Bifreiðin B var kyrrstæð á bifreiðastæði þegar bifreið A var ekið í bifreiðastæði við hliðina og lenti við það á hurð bifreiðar B.

Í tjonstilkynningu M, sem ökumanns bifreiðar B, sem send var samdægurs til V2 kom fram eftirfarandi lýsing: „Ökumaður B var kyrrstæður í bílastæði, afturhurð bílsins opin og barn á leið út úr bíl. Ökumaður A keyrir á hurðina.“ Ekki var gerð sameiginleg tjonstilkynning ökumanna vettvangi. Í síðar fenginni skýrslu frá Aðstoð&Öryggi (árekstur.is) kemur fram að ökumönnum beri ekki saman um atburðalýsingu. Í lýsingu M, sem ökumanns bifreiðar B, kemur fram að bifreið hennar hafi verið kyrrstæð og í gangi í bílastæði og M hafi litið í baksýnisspegil og hliðarspegla áður en hún gaf dóttur sinni leyfi til að opna afturhurð og augnabliki síðar hafi bifreið A verið ekið á hurð bifreiðar B. M telur að hurð hafi verið opin og orðin kyrr þegar árekstur varð. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur fram að hún hafi verið að aka inn í bílastæði við hlið bifreiðar B og við það hafi hún fundið högg koma á bifreiðina. Ökumaður bifreiðar A telur að hurð á bifreið B hafi verið opnuð utan í bifreið A þar sem ákoma sé aftarlega á hlið bifreiðar A og telur að ef hurð á bifreið B hafi verið opin þegar hún ók inn í bílastæðið hefðu hún séð það.

M vísar til þess í málskoti að ökumaður bifreiðar A hafi viðurkennt á vettvangi að sökin væri hennar þar sem hún hefði verið óvenju utan við sig og verið að flýta sér. M bendir á að hurð á bifreið hennar hafi verið opin eftir að fjögurra ára dóttir hennar hafi fengið leyfi til að opna, eftir að M hafði athugað hvort það væri óhætt. M kveðst hafa haft samband við árekstur.is á vettvangi tjóns og fengið þær upplýsingar að enginn kæmi á staðinn frá þeim þar sem enginn ágreiningur hafi verið um málsatvik og leiðbeint ökumönnum um að tilkynna rafrænt um tjónið. M vísar til þess að ökumaður bifreiðar A hafi sjálf sent rafræna tilkynningu um áreksturinn til Aðstoðar&Öryggis og því ætti að leggja hana til grundvallar atvikalýsingu, en ekki lýsingu ökumanns bifreiðar A í seinni skýrslu Aðstoðar&Öryggis, þar sem hún hafi breytt framburði sínum. Í lýsingu M í umræddri seinni skýrslu kemur fram að hún hafi leyft dóttur sinni að opna afturhurð bifreiðarinnar eftir að hafa athugað hvort það væri óhætt og augnabliki síðar hafi verið ekið á hurðina.

V1 telur alla sök vera á M sem ökumanni bifreiðar B þar sem hurð hafi verið opnuð á bifreið hennar án þess að gæta nægilega að hátternisreglu 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hætti eða óþarfa óþægindum. Hvað varðar skýringar M á því að ökumaður bifreiðar A hafi breytt framburði sínum telur V1 að sú huglæga afstaða sem mögulega hafi komið fram á tjónsstað og M lýsir einhliða vegi ekki þyngra en fyrrnefnd hátternisregla. Einnig vísar V1 til viðbótarframburðar ökumanns bifreiðar A með tölvupósti dags. 14. febrúar 2024 en þar kemur fram að hún telur að það mikið bil hafi verið milli bifreiða þegar árekstur varð að ómögulegt hafi verið að hún hafi ekið á bifreið B auk þess sem ákoma sé þannig að líkur séu á því að farþegi bifreiðar B hafi opnað hurð inn í bifreið A.

V2 telur alla sök liggja hjá ökumanni bifreiðar A og vísar til framburðar hennar í tjonstilkynningu þar sem hún segist ekki hafa tekið eftir því hvort hurð á bifreið B hafi verið opin eða hvort hún var opnuð þegar hún var að aka inn í bifreiðastæðið og ekki eigi að leggja til grundvallar síðar skýringar hennar

á því hvað hún telji líklegast að hafi gerst. V2 telur að leggja eigi framburð M til grundvallar um að hurð hafi verið opin þegar ökumaður bifreiðar A hafi ekið inn í bílastæðið og áreksturinn megi eingöngu rekja til ógætni ökumanns bifreiðar A að hafa ekki tekið eftir hurðinni. V2 vísar til eldri úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um sakarskiptingu þegar árekstur varð með bifreið A og bifreið B á bílastæði hinn 27. september 2023. Ekki liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanna á tjónsstað eða nægilega ljóst hver hafið samið texta sem sendur af hálfu ökumanna á þeim tíma. Verður því að líta til þess sem kemur fram í lýsingum ökumanna á tjónsatvikinu, eins og þær koma fram í skýrslu Aðstoðar&Öryggis og hafðar eru eftir þeim í síma en ekki á tjónsstað. Þar kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar B, leyfði fjögurra ára dóttur sinni að opna hurð á bifreið B og kvaðst hafa athugað hvort það væri óhætt áður en hurðin var opnuð en augnabliki eftir að dóttir hennar opnaði hurðina hafi ökumaður bifreiðar A ekið á hurðina. Sérstök aðgæsluskylda hvílir á þeim sem opnar hurð við akbraut skv. 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og telst M ekki hafa sýnt fram á að hún hafi gætt þess nægilega vel með þeirri háttsemi að hafa leyft fjögurra ára dóttur sinni að opna hurðina, þó hún hafi skömmu áður sjálf athugað um umferð þá verði að meta þá hættu greinilegar þegar fjögurra ára barni er leyft að opna hurð á bílastæði þar sem ljóst er af lýsingum M sjálfar að mikil umferð sé um og þröngt um bifreiðar. Einnig er vísað til þess að í framburði M kemur fram að einungis augnablik hafi liðið frá því að hurð hafi verið opnuð þar til áreksturinn varð. Telst M, sem ökumaður bifreiðar B, því bera sök á árekstri við bifreið A. Þó framburður ökumanns A eftir að árekstur varð bendi til þess að hún hafi ekki áttað sig á því fyllilega á því hvort eða hvenær hurð hafi verið opnuð þá vísast aftur til framburðar M sjálfar að einungis augnablik hafi liðið og verður framburður ökumanns bifreiðar A ekki metinn þannig að hún hafi ekið ógætilega í greint sinn, en ekki liggur fyrir framburður vitna eða önnur gögn sem staðfesta það. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 28. maí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 60/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.****Gögn.**

- Málskot dags. 6. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 28. febrúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 15. mars 2024 ásamt fylgiskjali.
- Viðbótarathugasemdir V dags. 10. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að M hafi keypt pakkaferð fyrir sig og eiginkonu sína, X, hjá ferðaskrifstofu hinn 16. október 2023, en ferðin var fyrirhuguð frá 16. til 20. nóvember sama ár. Í málskoti kemur fram að X hafi veikst skyndilega hinn 7. nóvember og þau orðið að hætta við ferðina vegna þess. Á grundvelli þess krafðist M bóta úr fjölskyldutryggingu sinni vegna óendurkræfs ferðakostnaðar. Fyrirliggjandi er læknisvottorð, dags. 16. nóvember 2023, sem er ritað á þar til gert eyðublað frá V og var sent samhliða tjónstilkynningu. Kemur þar fram að veikindi X hafi borið að með skyndilegum hætti og að um hafi verið að ræða skyndilega versnun kviðverkja með ógleði og uppköstum. Spurningu um hvort núverandi veikindi séu í tengslum við fyrri veikindi eða sjúkdóma er svarað játandi. Spurningu um hvort viðkomandi hafi verið í meðferð í tengslum við veikindin sl. 12 mánuði er einnig svarað játandi og fram kemur að X hafi verið í lyfjameðferð frá því í mars 2021. Í vottorðinu kemur einnig fram að viðkomandi læknir sé ekki heimilislæknir X en hafi sinnt henni sem læknir og verið í sambandi við hana veikinda. Ekki hafi verið talin þörf á aðgerð en stefnt sé að magaspeglun innan þriggja mánaða. V hafnaði bótaskyldu úr ferðatryggingarliði fjölskyldutryggingar M, en X er þar einnig meðváttryggð, með tölvupósti dags. 29. nóvember 2023 á grundvelli þess að veikindi X hefðu verið til staðar áður en M og X keyptu umrædda ferð. Í málskoti segist M skilja þessa höfnun sem svo að V telji að þau hjónin hafi mátt gera ráð fyrir því að líklegt væri að þau þyrftu að hætta við ferðina vegna veikinda X. Svo hafi þó alls ekki verið enda hafi þau ferðast án vandkvæða haustið 2022 og vorið 2023. Ferðin hafi því verið keypt í góðri trú þrátt fyrir að X hafi tekið magalyf sem algengt væri að fólk tæki að staðaldrí vegna vægra einkenna frá maga. Skyndilegt verkjakast X hinn 7. nóvember 2023 hafi því komið þeim í opna skjöldu en gert það að verkum að þau hafi ekki séð sér annað fært en að afpanta ferðina.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að um forfallatryggingu segi í skilmálum að tryggingin bæti ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna sjúkdóms, meðferðar eða veikinda sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin, staðfestingargjald greitt eða ferðakostnaður var greiddur. Með vísan til þess sem fram komi í áður nefndu vottorði hafi X verið í lyfjameðferð vegna sjúkdóms síns þegar ferðakostnaður var greiddur og sé bótaþrófu M og X því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að X hafi tekið lyf við magabólgu frá því á árinu 2021. Hún hafi þó ekki áður fengið eins kröftugt verkjakast og það sem leiddi til þess að afpanta þurftu ferðina. Eftir það verkjakast hafi lyfjameðferð haldist óbreytt og minni háttar óþægindi verið viðvarandi þar til M fékk annað kast 13. febrúar 2024. Hafi X þá verið greind með ristilkrampa og verið ávísað sértæku lyfi vegna þeirra með góðum árangri. Því hafi orsök veikindanna 7. nóvember 2023 verið ristilkrampi en ekki magabólgu sem X hafi þjáðst af frá árinu 2021. Hafi veikindaforfallin því verið óvænt og réttur til bóta til staðar.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til þess að ekki liggi fyrir læknisvottorð er staðfesti það að þau veikindi X sem ollu forföllum M og X séu önnur en þau sem hún þjáðist af fyrir greiðslu ferðakostnaðar. Af fyrirliggjandi gögnum telji V ljóst að svo sé ekki og bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Álit.

Eins og rakið er í athugasemdum V bætir félagið, skv. gr. 1.1 í skilmálum ferðatryggingarliðar umræddrar vátryggingar, fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna ferðar til útlanda sem tryggður á samkvæmt samningi ekki rétt á að fá endurgreiddan ef hann neyðist til að hætta við ferð sína vegna t.a.m. skyndilegra veikinda hans sjálfs eða skyndilegra alvarlegra veikinda maka. Í a) lið gr. 1.2 kemur þá fram að tryggingin bæti ekki fyrirframgreiddan ferðakostnað vegna sjúkdóms, meðferðar eða veikinda sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin, staðfestingargjald greitt eða ferðakostnaður var greiddur. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt undanþáguákvæði eigi við.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 16. nóvember 2023, kemur fram að veikindi þau sem ollu því að X komst ekki í ferðina séu í tengslum við fyrri veikindi eða sjúkdóma og að M hafi verið í meðferð í tengslum við veikindin frá marsmánuði 2021. Jafnvel þó um versnun einkenna hafi verið að ræða og M hafi verið ferðafær á tímabilinu frá mars 2021 til nóvember 2023 verður því á grundvelli vottorðsins að telja að um sé að ræða veikindi sem voru fyrir hendi áður en ferðin var greidd.

Hvað varðar málatilbúnað M í viðbótarathugasemdum hans um að orsök forfallanna megi rekja til annarra veikinda en X var til meðferðar vegna við greiðslu ferðakostnaðar þá liggur ekki fyrir nefndinni læknisvottorð er staðfesti það. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M og X eiga ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 29. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 61/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Skaðabótaábyrgð****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 6. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 4. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V2, dags. 25. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. apríl 2024.
5. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 19. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að hinn 9. janúar 2024 hafi bifreiðin B runnið í hálku á bifreiðina A þar sem hún var biluð og ógangfær í bifreiðastæði við Brúðarhlöð í Biskupstungum. Hafði dráttar bifreiðin B verið send á staðinn til þess að sækja A. M sem er eigandi A, var ekki á staðnum og er ökumaður B einn til frásagnar. Lýsir hann atvikum á þann veg að hann hafi ekið inn á bifreiðastæðið og byrjar bifreiðin þá að renna og stoppar um einn metra frá bifreiðinni A. Fer ökumaður B þá út úr bifreiðinni og hugðist sanda í kringum sig svo hann komist frá bifreiðinni A. Rann bifreiðin þá áfram og næstum því á ökumann B og lendir utan í bifreiðinni A. Tjón hafi aðallega orðið á A eftir að ökumaður B var að reyna að komast frá bifreiðinni A. M sem er eigandi bifreiðarinnar A hefur gert kröfu um bætur vegna tjóns á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2 sem hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið megi ekki rekja til notkunar á bifreiðinni B. M er ósáttur við túlkun V2 á „notkun ökutækis“ með tilliti til aðstæðna. Ökumaður B hafi ekið inn á ísilagt bifreiðastæði og rann heillanga leið að A. Allar aðstæður benda til þess að B hafi aldrei staðnæmst fyllilega enda rennur bifreiðin langa leið og á endanum alveg að A. Ökumaður hefði aldrei átt að yfirgefa bifreið sína þegar hann taldi sig hafa staðnæmst enda ökutækið augljóslega á hreyfingu og tjón á A sýna greinilega ummerki um að ekið hafi verið eftir hlið bifreiðarinnar og þá er ökumaður svo sannarlega í bifreiðinni og akandi. Vísar M til ákvæða laga umferðarlaga nr. 77/2019 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 150/2006 máli sínu til stuðnings.

V1 er váttryggingafélag bifreiðarinnar A og telur óumdeilt að árekstur hafi orðið á milli ökutækjanna og að um bótarétt fari eftir sakarskiptingaákvæði 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Vísar V1 til þess að árekstur hafi orðið í beinu framhaldi af því að bifreiðin rann í hálku í kjölfar aksturs. Telur V1 að tjónið verði rakið til aðgæsluleysis ökumanns B sem hafi ekið vanbúinn og/eða of hratt inn á bifreiðastæðið eða í öllu falli án nægrar aðgæslu og þannig valdið umræddum árekstri.

V2 vísar til þess að ljóst sé að bifreiðin B var kyrrstæð og mannlaus er hún rann af stað til hliðar vegna hálku. Ástæða þess að hún rann af stað verðu hvorki rakin til hraða hennar né vélaraflls. Ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli þyngdar ökutækisins og þess að hún rann af stað í umrætt sinn. Vísar V2 til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 143/2012 máli sínu til stuðnings og telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B. Tjónið verði þannig ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar B. Þá telur V2 að allar líkur séu á því að bifreið M hafi orðið fyrir umtalsverðu tjóni við það eitt að bifreiðin B lenti á bifreið M. Við það að ökumaður B ók bifreið sinni frá bifreiðinni A varð tjón á sömu hlutum bifreiðarinnar A og varð þegar bifreiðarnar lentu saman. Telur V2 að M hafi ekki orðið fyrir frekara fjárhagslegu tjóni við það að bifreiðarnar voru færðar í sundur, umfram það sem þá þegar var orðið á bifreið hans og hafnar einnig bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B vegna þessa.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort M eigi rétt á bótum vegna tjóns á bifreiðinni A, úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 ber eigandi (umráðamaður) ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 4 og 5. gr. laganna. Í 4. gr. laganna er að finna hina hlutlægu ábyrgðarreglu laganna þar sem fram kemur að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. er að finna svokallaða árekstrarreglu þar sem segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Óumdeilt er að bifreiðin A var kyrrstæð og mannláus er tjónið varð og að bifreiðin B rann mannláus í hálku á bifreiðina A. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að árekstur hafi orðið með bifreiðunum í skilningi 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar.

Samkvæmt framburði ökumanns B var hann nýstíginn út úr bifreið sinni þegar hún rann aftur af stað á eftir honum og næstum því á hann. Ökumaður B vissi af hálkunni og hafði að eigin sögn beðið í fimm daga með að sækja bifreiðina vegna mikillar hálku. Þegar hann ók inn á bifreiðastæðið var fljúgandi hálka sem leiddi til þess að hann rann áfram og að bifreiðinni A. Í framburði sínum getur hann þess ekki að hafa athugað aðstæður áður en hann ók inn á bifreiðastæðið þrátt fyrir að full ástæða hafi verið til að gæta fyllstu varúðar. Þegar litið er til háttsemi ökumanns B í aðdraganda áreksturs, verður ekki talið að hann hafi gætt fyllstu varúðar við akstur í aðdraganda áreksturs. Samkvæmt 36. gr. umferðarlaga ber ökumanni að miða ökuhraða við aðstæður og haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Samkvæmt sömu lagagrein hvílir sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður m.a. þegar vegur er blautur eða háll. Þá verður talið að augnabliksstöðvun bifreiðarinnar B leiði ekki til þess að tjónið verði talið hafa orðið vegna óhappatilviljunar enda var sú stöðvun í beinu framhaldi af akstri bifreiðarinnar þar sem ökumaður gætti ekki nægjanlegrar varúðar sbr. ofangreint. Með vísan til alls ofangreinds ber ökumaður B alla sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2.

Reykjavík, 16. maí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 62/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

- Málskot móttakið 7. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 22. febrúar 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. apríl 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni er hún rak fótinn í misfellu sem hafði myndast á mótum gangstéttarhellna og timburramps á göngustíg fyrir utan húsnæði X og féll við. M hafi haft samband við fyrirsvarsmenn X vegna málsins og í tölvupósti X til M dags. 17. júní 2023 komi fram að misfellur í hellulögn hafi myndast í vætutíð þá um vorið og hafi úrbætur verið gerðar. M telur að X beri skadabótaábyrgð vegna tjóns hennar enda hafi það leitt af saknæmum aðbúnaði á slysstað. Í höfnunarbréfi V, dags. 18. október 2023, sé á því byggt að X hafi fyrst fengið upplýsingar um umrædda misfellu eftir að tjón M atvikaðist. M byggir á því að X beri ríka ábyrgð á aðstæðum við húsnæðið og hvíli á því skylda til að tryggja öryggi þeirra sem eigi þar leið um, enda sé um að ræða starfsemi þar sem almenningur venju komur sínar. Þá hafi umrædd gönguleið ekki uppfyllt ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sem áskilji að aðkoma að byggingu skuli greiðfær og greinileg og að hæðarmun skuli jafna svo allir sem ætla má að fari að inngangi byggingar komist auðveldlega um. Þá skuli ganga þannig frá að ekki skapist slyshætta. Hafi frágangur hellulagnarinnar fyrir utan húsnæði X verið í andstöðu við framangreint. Eftir slys M hafi þá verið gerðar ráðstafanir til að varna slysum og verði að telja þær aðgerðir fela í sér viðurkenningu þess að aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi og haft í för með sér slyshættu.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi X á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að X hafi ekki haft vitneskju um að hellurnar hefðu sigið fyrr en eftir slys M. Hafi hellulögnin þá strax verið lagfærð. Svo virðist sem jarðvegur undir hellunum hafi gefið sig í frosti eða vætutíð en slíkt geti gerst í þeirri tíð sem var þegar slys M atvikaðist. Það að hellurnar hafi í kjölfarið verið lagaðar leiði ekki til skadabótaábyrgðar X heldur sýni það fram á að X hafi verið í mun um að halda gönguleiðum eins öruggum og hægt er. Að mati V hafi því verið um óhapp að ræða sem engum verði um kennt.

Álit.

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess, starfsmanna þess, annarra aðstæðna eða atvika sem því verði gert að bera skadabótaábyrgð vegna. Sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Af ljósmyndum af vettvangi má sjá hvar hellulögn og timburrampur mætast og má sjá að hæðarmunur er milli þeirra. Að öðru leyti verður ekki annað séð en að lögnin sé í ágætis ástandi og er ekki sýnt fram á annað en að hæðarmismunur hafi komið til vegna tíðarfars þá um veturinn eða vorið svo sem X heldur fram. Er því ekki sýnt fram á að frágangur lagnarinnar hafi frá öndverðu verið ófullkominn eða í andstöðu við lög og reglur. Gegn neitun X er þá ekki sýnt fram á að því eða starfsfólki þess hafi verið kunnugt um umrædda misfellu fyrir slys M, þannig að stofnast hafi skylda til sérstakra aðgerða af þess hálfu. Það að brugðist hafi verið við og úrbætur framkvæmdar í kjölfar slyssins verður þá ekki metið X til sakar.

Samkvæmt framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að M hafi axlað þá sönnunarbyrði sem á henni hvílir og verður því að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 63/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 7. febrúar 2024.
2. Bréf V1 dags. 1. mars 2024 ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2 dags. 28. maí 2024 ásamt fylgigögnum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. júní 2024.

Málsatvik.

Hinn 11. desember 2023 varð árekstur milli A og B, sem M ók, við gatnamót Holtagarða og Vatnagarða í Reykjavík. Í skýrslu Aðstoðar og öryggis vegna atviksins er haft eftir öikumanni A að hann hafi ekið norður Vatnagarða við Holtagarða og séð B koma frá Holtagörðum frá hægri. B hafi verið komin frá biðskyldunni en ekki mikið og hafi staðnæmst. A hafi hemlað en bifreiðin runnið áfram inn á gatnamótin vegna hálfu, hann hafi þá misst stjórn á A og hafnað á B. A telji þá að hann hafi verið á u.þ.b. 50-55 kílómetra hraða á klukkustund. Haft er eftir M að hún hafi verið komin fram hjá biðskyldunni en ekki inn á Vatnagarða þegar hún hafi séð A koma akandi eftir Vatnagörðum. Hún hafi hemlað og stöðvað við gatnamótin en séð A koma á miklum hraða. Hún hafi flautað en þá hafi B verið ekið á A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að B bæri alla sök á umræddum árekstri þar sem henni hefði borið að veita allri umferð um Vatnagarða forgang samkvæmt biðskyldu.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur A eiga sök á umræddum árekstri þar sem hann hafi ekið of hratt og misst stjórn á bifreiðinni. Ekkert tillit sé tekið til þess af hálfu tjónanefndarinnar.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, er lýst þeirri afstöðu að B beri alla sök á árekstri aðila þar sem hún hefði ekki virt forgang samkvæmt biðskyldu, en óumdeilt sé að hún hafi ekið frá biðskyldu í veg fyrir A. Ekki sé þá tilefni til þess að leggja hluta sakar á A, en sjá megi af myndbandi af atvikunu að um 2 til 3 sekúndur hafi liðið frá því B ók frá biðskyldu og þar til árekstur varð. Ekki verði því með sanngirni ætlast til þess að A hafi átt að geta brugðist við.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi er tekið undir sjónarmið M enda sýni gögn málsins að meginorsök slyssins hafi ekki verið sú að B hafi ekki virt biðskyldu heldur sú að A hafi misst stjórn á bifreið sinni í aðdraganda áreksturs. Hafi B þá ekki verið komin inn á gatnamótin þegar árekstur varð og sé því ekki með réttu hægt að halda því fram að hún beri sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki virt biðskyldu.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að mikil hálfka hafi verið á vettvangi. Hún hafi beðið við biðskyldu eftir að önnur bifreið færi fram hjá og svo ekið aðeins áfram enda hafi hún ekki séð neina bifreið. Þá hafi A komið á miklum hraða og ekið á B. Gerir M þá margvíslegar athugasemdir við skýrslugerð Aðstoðar og öryggis á vettvangi, en m.a. hafi bremsuför og akstursleið A ekki verið skoðuð. Telur hún að þau sýni fram á að B hafi ekki verið í akstursleið A heldur hafi A beygt af réttri akrein og ekið á B þar sem hún hafi verið kyrrstæð.

Álit.

Fyrirliggjandi er myndband úr mælaborðsmyndavél B. Má greina af því að M hafi beðið við biðskyldu meðan óþekkt bifreið ók fram hjá eftir Vatnagörðum. Ók B svo aftur af stað og verður ekki betur séð en að hún hafi verið að einhverju leyti komin inn á akbrautina þar sem hún staðnæmdist að nýju en um tveimur sekúndum síðar varð árekstur milli A og B.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, þegar ekið er inn á veg eða yfir veg, veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með

umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Það er mat nefndarinnar að M hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn er hún ók af stað að nýju frá biðskyldumerki.

A verður þá að mati nefndarinnar ekki metið það til sakar að hafa ekki getað afstýrt árekstri bifreiðanna. Hefur þá ekki verið sýnt fram á að aksturslag hans hafi að öðru leyti verið slíkt að rétt sé að leggja hluta sakar á hann og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 64/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Umferðarljós.****Gögn.**

14. Málskot mótttekið 8. febrúar 2024.

15. Bréf V dags. 5. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningarskýrslu A&Ö dags. 24. janúar 2024 kemur fram að þann dag hafi orðið árekstur milli bifreiða A og B á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegur. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur fram að hann hafi ekið inn á gatnamótin af Miklubraut til vinstri inn á beygjuakrein gegn grænu ljósi í átt að Grensásvegi en ekki náð að komast inn á Grensásveg vegna umferðar áður en ljós varð grænt á umferð um Grensásveg. Ökumaður bifreiðar A kveðst í sinni skýrslu hafa ekið í bílaröð gegn grænu ljósi þriðja í röðinni á eftir rauðum bíl sem ekið hafi verið mjög hægt í beygjuna og ekki vitað fyrr en bifreið B hafi verið ekið á bifreið A. Bifreið B var ekið á sérakrein fyrir leigubíla og strætó lengst til hægri á Miklubraut til vesturs á gatnamótum við Grensásveg. Ökumaður bifreiðar B telur að bifreið A hafi verið ekið inn á gatnamótin of seint og líklegast gegn rauðu ljósi. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið af stað gegn alveg grænu ljósi beint áfram á Miklubraut og þá hafi bifreið A birst skyndilega fyrir framan hann. Í tjónskilkynningarskýrslunni kemur einnig fram að vitni hafi verið að því að bifreið A hafi verið ekið inn á gatnamótin gegn grænu umferðarljósi.

M telur að ökumaður bifreiðar A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum þar sem grænt ljós í hans akstursátt hafi verið búið að loga í alla vega fimm eða sex sekúndur þegar hann, sem ökumaður bifreiðar B, ók af stað. M vísar til þess að hann hafi beðið eftir að gatnamótin hreinsuðu sig áður en hann ók af stað og ökumaður bifreiðar A ók af stað í stað þess að bíða.

V vísar til 10. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og þess sem þar kemur fram um að á vegamótum þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum megi ökumaður ekki aka inn vegamót á grænu ljósi ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni að hann muni eigi komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar úr þverstæðri átt. Jafnframt komi þar fram að á sama hátt megi ekki aka af stað eftir að grænt ljós hefur kviknað hafi umferð úr þverstæðri átt ekki komist út af gatnamótunum, en það sé nýmæli í umferðarlögum nr. 70/2019 og hafi ekki verið í eldri umferðarlögum. V telur að M, sem ökumaður bifreiðar B, hafi ekki gætt að því að umferð úr þverstæðri átt hafi ekki komist út af gatnamótunum áður en hann ók af stað úr kyrrstöðu og verði því að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa farið gegn hátternisreglu síðari málsliðar 10. mgr. 26. gr. gildandi umferðarlaga.

Álit.

Af gögnum málsins, sbr. framburður vitnis þar um, verður að telja sannað ökumaður bifreiðar A hafi ekið inn á vegamót Miklubrautar og Grensásvegur gegn grænu beygjuljósi. Á M, sem ökumanni bifreiðar B hvíldi sú skylda að aka ekki af stað nema umferð úr þverstæðri átt, þeirri átt sem ökumaður bifreiðar A ók, hafi komist út af gatnamótunum. Það hafði bifreið A ekki gert og ber ökumaður bifreiðar B því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstri við bifreið A.

Reykjavík, 15. október 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 65/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

- Málskot dags. 11. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 11. mars 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að vinna í töfluherbergi stöðvarhússins í Lagarfossvirkjun og þegar hann hafi komið út úr herberginu hafi hann fallið í gegnum opinn hlera á gönguleið og lent á steingólfi í vélasal virkjunarinnar og slasast. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð er varanleg læknisfræðileg örorka hans 20%. M telur að slysið megi fyrst og fremst rekja til þess að hlerinn hafi verið opnaður og að gleymst hafi að láta hann vita. M var starfsmaður R. M telur að skylda hafi hvílt á A sem eftirlitsaðila með framkvæmdunum að tryggja að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta væri gætt við framkvæmd vinnu og varðandi aðbúnað á vinnustað, sbr. 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá byggir M á því að aðstæður í virkjuninni á slysdegi hafi ekki verið í samræmi við reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Í 4. mgr. 3. gr. reglnanna sé mælt fyrir um að ganga skuli m.a. frá opnun þannig að ekki sé hættu á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður og slasast. Þá komi fram í 5. mgr. 39. gr. reglnanna að ef hættusvæði sé á vinnustöðum þar sem starfsmenn geti fallið skuli afgirða þau til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna.

Í bréfi V kemur fram að verkið sem um ræði hafi snúið að því að sinna viðhaldi á einni af eldri vélum stöðvarhússins. Samkvæmt upplýsingum frá A var hlutverk fyrirtækisins við verkið ráðgjöf og að sinna faglegu eftirliti ásamt ýmsum hönnunarþáttum. Í eftirlitinu hafi falist að fylgjast með gæðum verksins, stýra verkfundum, halda utan um kostnað og fylgja eftir tímaáætlunum. Umsjón með verkefninu hafi verið í höndum aðalverktaka ásamt verkkaupa. Það hafi því ekki verið í verkahring A að sjá um öryggiseftirlit á verkstað og A hafi heldur ekki verið með daglegt eftirlit. A hafi ekkert komið að verklegum framkvæmdum verksins heldur hafi verktakar alfarið séð um þær. Það hafi því ekki verið í verkahring A að fylgjast með því hvort búið væri að tryggja hlera við hífingar heldur í verkahring verktaka. V getur því ekki fallist á að A beri þær skyldur sem lagðar eru á atvinnurekendur í lögum nr. 46/29810 og slys M sé ekki að rekja til atriða sem A beri skaðabótaábyrgð á að lögum.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort A beri ábyrgð á því að M hafi ekki vitað hlerinn var opinn og hann hafi fallið niður í vélasalinn og slasast. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hans sé að rekja til saknæmra og ólögðmætra athafna eða athafnaleyfis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Í gögnum málsins liggur ekki fyrir samningur um verklýsingu A við verkið en það kemur fram í tölvupósti frá A að A hafi ekki séð um öryggiseftirlit og ekki heldur verið með daglegt eftirlit og það hafi því ekki verið hluti af verkefni A að fylgjast með hvort borðar hafi verið settir fyrir opinn mannop. Það liggur því ekki fyrir nein sönnun á því að A hafi átt að sjá um öryggiseftirlit á staðnum. Halla af slíkum sönnunarskorti ber M með hliðsjón af fyrrnefndum sönnunarreglum. Með vísan til þess ber V ekki bótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 66/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og fyrirbyggjandi gögnum kemur fram að þann 6. febrúar 2023 var bifreiðinni A ekið utan í bifreið M á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk, Við áreksturinn slasaðist M og varð tjón á báðum bifreiðum við áreksturinn. M leitaði til læknis á heilsugæslu þann 13. febrúar 2023 vegna meiðsla af völdum slyssins og svo þann 15. mars 2023 fékk M tilvísun til sjúkraþjálfara vegna bakverkja í kjölfar árekstursins. M hefur sótt sjúkraþjálfun í 15 skipti á tímabilinu frá 17. mars 2023 til 20. nóvember 2023. M tilkynnti um líkamstjón sitt til V sem hafnaði greiðsluskyldu með tölvupósti dags. 28. apríl 2023 á þeim grundvelli að orsakatengsl væru ósönnuð milli atviksins og einkenna M, bæði í ljósi fyrri heilsufarssögu og einnig þess að áreksturinn var afar vægur og vart til þess fallinn að valda teljandi líkamstjóni. Hafnaði V að kosta frekari gagnaöflun í málinu að svo stöddu. M telur að PC-crash skýrsla sem höfnun V byggir að meginstefnu til á, sé haldin verulegum annmörkum enda eru forsendur útreiknings einungis byggðar á frásögn annars ökumanns. V hafi hafnað bótaskyldu án þess að afla hafi verið og/eða M gefinn kostur á að afla fullnægjandi læknisfræðilegra gagna sem kynnu að varpa ljósi á orsakatengsl milli líkamstjóns M og umferðarslyssins 6. febrúar 2023. M telur einsýnt að ekki eigi að leggja á tjónþola, í slysum sem þessum, að standa einan að allri gagnaöflun til að sýna fram á orsakatengsl á milli tjónsatburðar og líkamstjóns. Gríðarlegur aðstöðumunur sé milli einstaklinga sem verða fyrir tjóni og váttryggingafélaga. Vísar M til gagna málsins sem sönnun fyrir því að M hafi hlotið nokkurt líkamstjón af völdum umferðarslyssins. Það sé aðeins á valdi hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um hvort orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra meiðsla sem M glímir við.

V vísar til þess að ágreiningur snúist eingöngu um það hvort sýnt hafi verið fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum slyssins eða gert nægjanlega líklegt að um orsakatengsl sé að ræða og hvort V beri fyrirfram skylda til þess að standa straum af kostnaði M við sönnunarferlsu. Höggið af árekstrinum var vægt eins og ráða má af ljósmyndum og útreikningi á hraða bifreiðanna og þeim kröftum sem verkuðu á þær við áreksturinn. Vísar V til færslna í fyrirbyggjandi sjúkraskrá M og telur að ekkert liggi fyrir sem tengi einkenni M við bílslysið annað en frásögn hennar sjálfar um bakverki. Sjúkraskrá beri með sér að hún hafi þjáðst af bakverkjum fyrir slysið einnig, bæði bakverkir sem tengjast álagi við umönnunarstörf aldraðra og fatlaðra og einnig leiðniverkir frá kviðarholi. Tekur V undir með M að það sé aðeins á færi matsmanna og dómstóla að skera endanlega úr um orsakatengsl milli líkamstjóns og tjónsatburðar. M hefur ekki lagt fram viðhlítandi sönnunargögn að þessu leyti og því ekki axlað sönnunarbyrði sína í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé fram á að orsakatengsl séu milli einkenna M og umferðarslyssins þann 6. febrúar 2023. Einnig hverfist ágreiningur um það hvort V beri skylda til þess að greiða fyrir gagnaöflun sem miða að því að sýna fram á umfang tjónsins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraðaútreikning dags. 29. mars 2023, sem V aflaði, má ráða að áreksturinn var vægur. Líkt og M bendir á í málskoti þá byggir útreikningurinn á mjög takmörkuðum gögnum og í raun engum samtímagögnum öðrum en ljósmyndum af bifreiðum. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin af afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni. Af þeim

læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M hafi ítrekað leitað til læknis vegna stoðkerfisverkja og þar á meðal bakverkja frá upphafi ársins 2021 og fram að slysdegi þann 6. febrúar 2023. Eftir umferðarslysið hafði M fyrst samband við lækni í gegnum síma þann 13. febrúar 2023 og lýsti þar verkjum í baki. Sömu einkenni voru til staðar daginn eftir við komu til hjúkrunarfræðings á heilsugæslu en þá var talað um að M væri bæði að vinna með fötluðum og á hjúkrunarheimili og að mikið álag á efri hluta líkama hennar. Sama dag, þann 14. febrúar 2023 er gerð tilvísun til meltingarlæknis vegna kviðverkja sem leiða í bak. Talað er um króníska verki. Eftir þetta eru margar komur til heimilislæknis vegna ýmist almennra veikinda eða kvið- og bakverkja.

Samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hafði M fyrir umferðarslysið þann 6. febrúar 2023, a.m.k. tveggja ára sögu um stoðkerfisverki sem tengdir voru miklu vinnuálagi. Þá hafði M alloft leitað til læknis vegna krónískra kviðverkja með leiðni út í bak. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Ekki verður talið að M hafi tekist á grundvelli fyrirbyggjandi gagna að sýna fram á að varanleg líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum þann 6. febrúar 2023. Ekki er um almenna skyldu vátryggingafélags að ræða til að standa að gagnaöflun umfram það sem leiða má af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 eða eftir atvikum lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og verður því ekki fallist á að greiðsluskylda V vegna gagnaöflunar M sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 67/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

16. Málskot móttakið 9. febrúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
17. Bréf V dags. 4. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
18. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 7. febrúar 2022, er hann var að störfum sem flugvirki hjá X, orðið fyrir slysi. Hafi atvik verið þau að stigabifreið hafi verið færð að flugvél sem M var að störfum í án þess að tröppur hennar hefðu verið hreinsaðar af ís og klaka. Þegar M steig út úr vélinni og á tröppurnar hafi hann runnið í hálfu, dottið og orðið fyrir líkamstjóni.

M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna slyssins en V hafnað þeirri kröfu með vísan til þess að það telji slysið ekki að rekja til saknæmra mistaka starfsfólks X eða vanbúnaðar sem X beri ábyrgð á. Í málskoti kemur fram að það sé ekki í verkahring M að flytja stigabifreiðar að flugvélum eða yfirfara þær og öryggi þeirra. Annað starfsfólk sjái um það og eigi flugvirkjar að geta treyst því að tröppur á þeim bifreiðum sem settar eru við flugvélar séu hálfkuvarðar/hreinsaðar. Á umræddum tíma hafi verið svo mikill vindur að M hafi á leið upp stigann drifið sig upp og litið undan vindi. Á leið niður, þremur til fimm mínútum síðar, hafi hann stigið út á stigann og beint á hálkublett. Til stuðnings kröfu M er þá vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglna settra með stoð í þeim. Rík ábyrgð hvíli á vinnuveitanda þegar komi að því að tryggja öryggi á vinnustað. Þá beri vinnuveitanda að greina þær hættur sem mögulega komi upp í starfsemi og gera allt sem í hans valdi standi til að koma í veg fyrir slys. Ekki liggi fyrir hvort áhættumat hafi verið framkvæmt vegna þessa verkþáttar en slíkt mat hefði átt að leiða í ljós hættur þess að senda flugvirkja upp í flugvélar í óhálfkuvörðum stigabílum við þær veðuraðstæður sem voru til staðar. Hefði þá verið auðvelt að koma í veg fyrir slysið, t.a.m. með því að nota yfirbyggða stigabifreið eða með því að sinna hálfkuvörnum.

Í bréfi V er lýst þeirri afstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X beri ábyrgð á gagnvart M. Mjög slæmt veður hafi verið á vettvangi á slysdagi. Engin hálfka hafi verið í stiganum þegar hann var lagður að vélinni og þegar M gekk upp hann. Á þeim mínútum sem M var inni í vélinni hafi safnast fyrir snjór í tröppum stigans. Ómögulegt hafi verið að koma í veg við það við þær veðuraðstæður sem voru til staðar. Hafi M þá mátt gera ráð fyrir þessum aðstæðum en tilefni þess að hann var inni í flugvélinni hafi einmitt verið að búa hana til flugs í því veðri sem var á vettvangi. Hafi M þá einnig getað dregið úr slyshættu með því að halda sér í handrið sem séu beggja vegna stigans. Hafi hann talið aðstæður í stiganum óforsvaranlegar hafi honum þá borið að láta vita og biðja um hreinsun stigans. Þá hafi ekki verið bent á neinar hlutlægar reglur sem banni notkun þessarar tegundar stigabíla við slæmar veðuraðstæður.

Í viðbótarathugasemdum M er málsatvicalýsingu V mótmælt. Ljóst sé að M hafi ekki runnið í stiganum vegna snjófoks heldur vegna mikillar ísingar sem geti ekki hafa myndast á þeim fáu mínútum sem hann dvaldi inni í vélinni. Sé það staðfest í slysskráningu X þar sem segi m.a. að mikil ísing hafi verið í stiganum og vont veður. Er þá bent á að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980 og beri X hallann af þeim sönnunarskorti sem af því leiði. Verði því að leggja frásögn M af atvikum til grundvallar. Þá eru áréttáðar áður fram komnar röksemdir, og sérstaklega tekið fram að um umferðarleið á vinnustað sé að ræða og beri vinnuveitanda að tryggja öryggi á slíkum leiðum. Er þá vísað til vinnureglna X þar sem sérstaklega komi fram að áður en stigabifreiðar séu teknar í notkun skuli tryggja öryggi þeirra.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunaregllum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Af lækisfræðilegum gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu hvenær óvinnufærni M vegna slyssins kom til, en af gögnum má ráða að hann hafi „harkað af sér“. Samkvæmt fyrirbyggjandi lækisvottorði, dags. 27. júní 2022, virðist þó sem M hafi leitað á heilsugæslu strax á slysdegi, en ekki liggja fyrir frekari gögn um þá komu. Af framangreindu lækisvottorði verður þá helst ráðið að óvinnufærni, sbr. veikindavottorð, hafi ekki komið til fyrir en 21. apríl 2022. Liggur þá ekki fyrir hvenær X fékk vitneskju um slysið, en skráning þess í kerfi X virðist hafa farið fram 13. júlí 2022, eða sama dag og Vinnueftirlitinu var send tilkynning um slysið. Með hliðsjón af framangreindu er því ekki grundvöllur til að meta X það til sakar að hafa ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrir um atvikið, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, og verður hallinn af mögulegum sönnunarskorti af þeim sökum ekki lagður á X.

Af gögnum málsins virðist óumdeilt að M hafi runnið á ísingu í stiganum. Þó ljóst virðist því að ísing hafi verið í stiganum umrætt sinn leiðir það eitt og sér ekki til þess að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X. Liggur fyrir að veður var mjög slæmt á slysdegi, lofthiti í kringum frostmark, og meðalgildi vindhraða á bilinu 11,1 til 26,2 metrar á sekúndu. Í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins og atvikaskráningu X kemur fram að slysið hafi átt sér stað kl. 13:00 en þá var lofthiti 0 gráður og vindhraði 15,6 metrar á sekúndu, en mestu vindhviður milli kl. 13:00 og 14:00 voru 28,1 metri á sekúndu. Verður að telja að ísing geti myndast nokkuð hratt við þær aðstæður, og að hún geti hafa myndast meðan M var að störfum í flugvélinni. Er því ekki sýnt fram á að starfsfólk X hafi sýnt af sér saknæmt gáleysi er umræddri stigabifreið var ekið að flugvélinni.

Hefur þá ekki verið sýnt fram á að notkun umræddrar stigabifreiðar við þessar aðstæður hafi verið bersýnilega óforsvaranleg eða í ósamræmi við reglur X eða lagafyrirmæli.

Af öllu framangreindu verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem leiði til skaðabótaskyldu X. Verður M eins og málum er hér háttáð að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 68/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 20. desember 2022 slasast við störf sín hjá X á Keflavíkurflugvelli. Hafi M verið sem stjórnandi sérútbúinnar bifreiðar til eldsneytisafgreiðslu verið að afgreiða flugvél í stæði á vellinum. Er dælingu var lokið notaði M lyftu (körfu) sem er hluti af bifreiðinni til að færa sig aftur upp að eldsneytisinntakinu. Fann hann þá að vindhraði, sem hafði verið mjög mikill, jókst svo mikið að hann tók að hristast í körfunni. Náði hann að aftengja barkann og loka búnaðnum og lækka körfuna niður í lægstu stöðu. Þegar hann steig út úr körfunni, niður í fyrsta þrepið, fékk hann gríðarlegan vind sem sneri honum þannig að hann missti grip á handfangi sem hann hélt sér í. Við þetta féll hann niður og skall harkalega utan í búnað ökutækisins og síðan í jörðina. Lét hann vinnuveitanda sinn vita af slysinu strax í kjölfarið og leitaði lækniaðstoðar á HSS. Tók M skjáskot af netsíðu sem sýnir að vindhraði mældist allt að 49 hnútum (um 25 metrar á sekúndu) á þeim tíma sem slysið varð. Telur M að vindhviðurnar þegar slysið varð hafi farið yfir 50 hnúta. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins þann 27. desember 2022, einni viku eftir að það átti sér stað. Telur M tilkynningu X til eftirlitsins vera ónákvæma. Með bréfi dags. 24. febrúar 2023 gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna slyssins. V hefur hafnað bótaskyldu úr tryggingunni. Telur M að X sé bótaskyld vegna líkamstjóns síns á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar og sakarreglunnar. Telur M að það hafi verið óforsvaranlegt af X að senda hann í umrætt verkefni við þessar slæmu veðurastæður. Á körfu bifreiðarinnar er skilti sem framleiðandi kom fyrir þar sem kemur skýrt fram að búnaðinn skuli ekki nota þegar vindstyrkur nær 40 hnútum (c.a. 21 m/sek). Það liggja fyrir í málinu að vindhviður fóru langt yfir 40 hnúta þegar slysið átti sér stað. Telur M að varúðarmerkingin eigi við um alla notkun körfunnar, þ.á.m. þrep og handföng sem notuð eru þegar farið er í og úr körfunni. Vísar M máli sínu til stuðnings til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á grundvelli þess að ekki hafi verið sýnt fram á sök X í málinu. Ekki verði talið að veður hafi verið með þeim hætti að það hafi verið óforsvaranlegt að senda starfsmenn út á stæði. Hvað varúðarskilti varðar þá vísar V til þess að samkvæmt upplýsingum frá X sé um að ræða hámarksvindhraða þegar karfan er fullútrétt. Ekki var um að ræða slíkt í þessu tilviki. Þá verði ekki fallist á að skiltið eigi að túlka á þann veg að það eigi við um alla notkun og undir öllum kringumstæðum. Telur V að veðurspá hafi ekki þýðingu í málinu þar sem vinna sem fram fer hjá X sé umfangsmikil og aðstæður mjög breytilegar. Þegar spáin er með þeim hætti að líkur er á því að meðalvindur fari í eða yfir 40 hnúta er veðuráðgerðarstjórn Keflavíkurflugvallar virkjuð sem stýrir aðgerðum vegna slæmra veðra. Samkvæmt óveðursreglum sem X hefur sett kemur fram að afgreiða má eldsneyti á flugvélar upp að 49 hnútum, hæsta hviða á 10 mínútna tímabili. Samkvæmt gögnum frá veðurstofunni sem V óskaði eftir var mesti 10 mínútu meðalvindhraði frá klukkan 12-13 á bilinu 17-18 m/s. Þar að auki sýni skjáskot sem M leggur fram að meðalvindhraði er undir viðmiðinu, en aðeins má sjá á einum stað að hæsta hviða á 10 mínútna tímabili nái 49 hnútum, sem er þó innan marka. Ekki verði af hálfu V fallist á það með M að búnaður eða öryggisráðstafanir hafi verið ábótavant. Lyftan er sérútbúin fyrir þetta verk og uppfyllir íslenskar kröfur um handrið, hnélista og fótlista. Handriði eru sitt hvorum megin við tröppurnar, svo kallað þriggja punkta grip, en einnig er neðst í tröppunum læst hlið sem kemur í veg fyrir að starfsmenn geti dottið niður stigaopið. Með hliðsjón af ofangreindu geti V ekki fallist á að slysið megi rekja til vanrækslu eða gáleysis X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Sönnunarbyrði hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X er hann fékk á sig mikinn vind sem sneri honum þannig að hann missti grip á handfangi og skall utan í bifreið og þaðan í jörðina. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins og upplýst er að enginn frá eftirlitinu kom á slysstað til úttektar. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður það þó ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði, enda greinir aðila ekki á um málsatvik. Á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllst öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Hefur X á grundvelli þessa sett þær vinnureglur að starfsmenn megi sinna því starfi sem M var að sinna í umrætt sinn í vindi allt upp að 49 hnútum (um 25 m/sek) ef miðað er við hæstu kviðu á 10 mínútna tímabili. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Veðurstofunnar er vindhraði í m/sek á bilinu frá 20-30 m/sek skilgreindur á þann veg að þá sé mjög hvasst og fólk þurfi að gá að sér. Samkvæmt fyrirliggjandi veðurgögnum frá Veðurstofunni sem V lagði fram í málinu sést að vindhraði á 10 mín. meðalgildi var á slysdegi á bilinu frá 15,4 – 18,4 m/sek. Mesta vindhviða á þeim tíma sem slysið átt sér stað var skv. skjáskoti af vefsíðu með veðurupplýsingum á Keflavíkurflugvelli sem M lagði fram í málinu var á bilinu frá 45-49 hnútum á þeim tíma sem slysið átt sér stað. Ekki hefur verið sýnt fram á að X hafi verið það kunnugt áður en slysið átti sér stað að vindhviður væru komnar að öryggismörkum sem sett höfðu hvað vinnu við eldsneytisafgreiðslu sem krafist hefði aðgerða af þeirra hálfu til að tryggja öryggis starfsmanna við umrætt starf. Hefur ekki að öðru leyti verið sýnt fram á að aðbúnaður eða öryggi á vinnustað hafi verið í andstöðu við ákvæði laga nr. 46/1980 eða að verklag á vinnustað hafi verið ábótavant. Þá verður ekki heldur talið að sýnt hafi verið fram á að bifreið sú sem M vann á eða búnaður hennar hafi á nokkurn hátt verið vanbúin. Verður samkvæmt framansögðu að telja að um óhappatilvik hafi verið að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 69/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 20. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 18. júlí 2023 hafi bifreið M skemmst vegna lausrar olúsíu sem leiddi til alvarlegrar bilunar vélar bifreiðarinnar. Verkstæði sem skoðaði bifreiðina staðfesti að olúsían var laus sem leiddi til úbræðslu. Síðasta smurning var framkvæmd af X fyrri hluta ársins 2023. Viðmið fyrir næstu spurningu var 9000 km en bifreiðin var um 2000 km yfir því viðmiði þegar vélin skemmdist. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðaverkstæðisins X hjá V. Byggir M kröfu sína á fyrirliggjandi gögnum, þar með talið upplýsingum frá óháðum sérfræðingum og lýsingu frá verkstæði og telur að þau gögn styðji þá staðhæfingu að tjónið stafi af mistökum við smurningu sem framkvæmd var af starfsmönnum X.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að atvikið sé að rekja til saknæmrar eða ólögðrætrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika sem hann geti borið skaðabótaábyrgð á. Ekki liggja fyrir sönnun um að tjónið á vélinni sé að rekja til þess að starfsmaður X festi ekki olúsíuna við smurningu á vélinni þar sem of langur tími leið frá því bifreiðin var í smurningu hjá X þar til tjónið átti sér stað. Tjónið átti sér stað 18. júlí 2023 en bifreiðin var í smurningu hjá X þann 17. janúar 2023. Um sé að ræða gamla bifreið sem var 16 ára á tjónsdegi og ekin 359.000 km. Hafði bifreiðinni verið ekið 2000 km fram yfir þann tíma sem hún hefði átt að fara í næstu smurningu. Telur V að ef olúsían hefði verið laus hefði olían farið hratt af bifreiðinni og sprautast með þeim afleiðingum að olía hefði legið yfir öllu vélarrúminu. Olían hefði ekki einungis lekið niður af mótornum líkt og raunin var samkvæmt umsögn verkstæðis.

Í viðbótarathugasemdum M er athugasemdum V mótmælt og áréttar M að gögnin sýni að olúsían var laus og að hægur olíuleki varð sem leiddi til skemmda á vélinni.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að V telji útilokað að tjónið sé að rekja til þess að starfsmaður X hafi ekki fest olúsíuna þar sem liðnir voru sex mánuðir og bifreiðinni hafði verið ekið 11.140 km frá því hún var í smurningu hjá X. Ef olía hefði lekið hægt af bifreiðinni hefði M mátt vera við að sex lítrar af olíu lækju af bifreiðinni, t.a.m. hefði olía eða olíupollur myndast undir bifreiðinni þegar hann var lagt í stæði sem hefði gefið M vísbandingu um að olía lækji af vélinni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort tjón á vél bifreiðar M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli. Hefur hann annars vegar lagt fram svör tæknistjóra hjá bifreiðaumboði og svo hins vegar álit frá verkstæði sem framkvæmdi bilanagreiningu á bifreiðinni. Fylgdi afrit af reikningi verkstæðis með gögnum málsins. Styðja þessi gögn það að olúsían hafi ekki verið fest með fullnægjandi hætti er bifreiðin var smurð hjá X þann 17. janúar 2023 og að olía geti við þær aðstæður lekið hægt af vélinni. Hefur V ekki lagt fram nein gögn sem hnekkja því sem fram kemur í umræddum gögnum og þá sér í lagi því sem tæknistjóri bifreiðaumboðsins heldur fram um hvernig olía geti lekið hægt af bifreið vegna lausrar olúsíu. Þá liggur ekkert fyrir um í málinu sem gefur tilefni til að ætla að tjónið megi rekja til þess að bifreiðin var ekin 2000 km umfram það sem telja verður hefðbundinn akstur milli

smurninga. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Engin efni eru til að telja að eigin sök sé til staðar hjá M fyrir að hafa ekki tekið eftir að olía eða olíupollar hafi mögulega myndast undir bifreiðinni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 70/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 31. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M dags. 20. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að mistök voru gerð af hálfu starfsmanna X sem leiddu til tjóns á íbúð M. V hefur viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X en ágreiningur er um fjárhæð bótagreiðslna. Í gögnum málsins má meðal annars finna mat tveggja einstaklinga frá 11. desember 2023 á ástandi parkets og skemmdum, auk mats eins einstaklings frá 27. janúar 2024 sem og mat löggilts fasteignasala á áhrifum parketskemmda og mögulegra viðgerða á söluhæfi og verð íbúðar við fyrirhugaða sölu hennar.

M telur að umfang tjóns þeirra felist í því að skipta þurfi um parket á allri íbúð þeirra þar sem ekki sé hægt að gera við skemmdir sem séu á um 30-40 fm svæði af um 190 fm gólfleti. M telur þær tillögur sem V hefur sett fram varðandi bótagreiðslur óframkvæmanlegar og M yrðu verr sett með þær. M óskar eftir álit nefndarinnar á umfangi tjónsins, þ.e. hversu mikið af parketi íbúðar þurfi að endurnýja. Einnig óskar M í málskoti eftir álit nefndarinnar á því hvernig sanngjarnt og eðlilegt geti talist að hlutfallsskipta kostnaði við endurnýjun parkets á milli tjónþola og ábyrgðartryggingar V. M telur einsýnt að um altjón á parketi sé að ræða og vísar til þess að íbúð M sé þannig skipulögð að í henni sé stórt opin rými sem blasi við öllum sem í íbúðina koma og tjón hafi orðið á þeim stað. Einnig sé parket samfellt og flæði um íbúðina án þröskulda. Auk þessa sé parketið nú ófáanlegt og því sé ekki hægt að lagfæra skemmdir eins og bótatilboð V gangi út á. M vísa til niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 164/2007 þar sem fallist hafi verið á að bættur yrði allur kostnaður við endurnýjun parkets í heild sinni þar sem lekatjón var bundið við eitt rými. Einnig bendir M á að þau hafi ætlað að setja íbúðina á sölu eftir þakviðgerðir en löggiltur fasteignasali hafi ekki talið skynsamlegt að setja hana í söluferli með lekaskemmt parket. Þannig séu M nauðbeygð til að ráðast í kostnaðarsamar og tímafrekar lagfæringar á parketi sem munu, að mati fasteignasala, hafa lítil áhrif á verð eignarinnar.

V vísar til mats tveggja sérfræðinga á tjóni M og hefur boðið M 1.295.800 króna bótagreiðslu vegna tjóns þess sem M hafi orðið fyrir. Rökstuðningur V byggir á því að skipt sé um parket á samtals 30 fm fleti og allur flötur íbúðarinnar slípaður saman (um 190 fm), en gert sé ráð fyrir bótagreiðslum sem nema 50% af kostnaði sem af því hlytist sökum aldurs parketsins sem sé um 30 ára gamalt. V vísar til þess að bótagreiðslur taki mið af þeirri meginreglu skaðabótaréttar að tjónþoli megi ekki hagnast á tjóni og að sönnunarbyrði hvíli á tjónþola um hvert tjón hans er. V vísar til álits fasteignasala um að nýtt parket á íbúð M myndi ekki hafa mikil áhrif á virði eignarinnar til hækkunar. Einnig vísar V til álits tveggja smiða sem hafi tekið út parket M og þeirra niðurstaða hefði verið sú að spónn í parketinu hafi verið um 2 mm þykkur og það benti til þess að parketið hefði verið slípað eða að parketið hefði í upphafi verið í slökum gæðum. Einnig hafi þeir komist að niðurstöðu um að ekki væri hægt að slípa parketið aftur þar sem spónninn væri of þunnur sem og að líming spænis við undirlag hafi verið orðin léleg eftir ágang sólarljóss í um 30 ár. Einnig komi fram í álit þeirra að skemmdir á parketi hafi verið víðar og ástand parketsins slæmt. Einnig vitnar V til álits sem M hafi lagt fram frá húsasmíðameistara og matsfræðingi um að hægt sé að gera við parket, matt lakk og lakka að nýju. V vitnar einnig til þess að á fyrstu verkfundum vegna þakskipta árið 2023 hafi komið fram að íbúð M hafi legið undir skemmdum í sjö ár áður en framkvæmdir við þakskiptin hófust, en M hefðu margoft beðið húsfélagið um úrbætur án árangurs.

Í athugasemdum M við bréf V kemur fram að M telur málatilbúnað V ganga út á að tala niður ástand parkets og íbúðar fyrir tjón M telur að V hafi ekki fært fram rök gegn því að um altjón á parketi sé að ræða og bregðist ekki við ábendingum um að viðgerð á því sé óframkvæmanleg, þrátt fyrir að sérfræðialit liggi fyrir um að svo sé. M telur að ljósmyndir sem V vísar til sýni ekki ástand parkets fyrir tjón heldur eftir það, staðhæfingar um að parket hafi verið óviðgerðarhæft eftir tjón eða komið á seinni hluta líftíma síns séu í ósamræmi við sérfræðialit sem og að V misskilji mat óháðs aðila um að hægt væri að gera við parket á þeim hluta sem skemmdist. M vísar til fylgiskjals frá 19. júní 2024 því til stuðnings að ekki sé hægt að matta lakk og lakka tjónaða hluta parketsins.

Álit.

Ágreingur sá sem nefndin getur tekið afstöðu til í málinu er um fjárhæð tjóns, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina frá 1. janúar 2022. Að því gefnu að fjárhæð sem ágreiningur er um fari ekki yfir 5.000.000 króna getur nefndin fjallað um slíkan ágreining að beiðni málskotsaðila, ella þarf samþykki allra aðila til þess að nefndin fjalli um ágreininginn. Þó kröfur M í málskoti lúti að því að nefndin taki afstöðu til þess hversu mikinn hluta parkets þurfi að skipta um og hvort hlutfallsskipta eigi kostnaði, verður að minna á að nefndin getur einungis fjallað um slík atriði innan þess ágreinings sem er um fjárhæðir.

Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að tjónþoli beri sönnunarbyrði um hvert umfang tjóns hans er. Í þessu máli liggur annars vegar fyrir mat tveggja sérfræðinga í húsasmíði frá 11. desember 2023 og hins vegar liggur fyrir mat eins sérfræðings í húsasmíði og matsfræðings frá 27. janúar 2024, sbr. tölvupóstur hans dags. 19. júní 2024. Verður ekki annað séð á orðalagi þessara matsgerða að álit matsmanna á ástandi parkets á íbúð M sé ekki það sama. Í mati frá 11. desember 2023 kemur fram að parket sé óviðgerðarhæft en fyrir hafi verið skemmdir sökum leka frá gluggum, upplitun vegna sólaráhrif, gæði parketsins og almennrar notkunar, en parketið sé rúmlega 30 ára gamalt. Í mati frá 27. janúar kemur hins vegar fram að eldri skemmdir á parketi hafi einungis verið á tveimur stöðum og auðvelt að gera við þær. Auk þess kemur það fram að hægt sé að matta lakk á parketinu sem sé harðviðarparket sem hafi langan endingartíma. Í hvorugu matinu kemur fram hvert umfang tjóns M sé í krónum og nokkur óvissa er því um umfang tjóns M umfram það sem V hefur þegar boðið til greiðslu. Ekki liggur fyrir annað mat á umfangi tjóns M en tilvísun til þeirra matsgerða sem vísað er til hér að ofan, auk mats löggilts fasteignasala á söluhæfi íbúðar og áhrifa parketskemmda og viðgerðar á verð hennar.

Sönnunarstaðan er sem fyrr segir þannig að tjónþoli ber sönnunarbyrði um umfang tjóns síns. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi lagt fram gögn sem sýni með skýrum hætti umfang tjóns hans gegn þeim vafa sem er á því hvort tjón M teljist fullbætt með tilboði V um bótagreiðslu. Hallann af sönnunarskorti um annað ber M með vísan til áður nefndrar sönnunarstöðu. Verður því ekki fallist á að tjón V sé að hærri fjárhæð en V hefur boðið, eða 1.295.800 krónur, miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á frekari bótagreiðslum en sem nemur 1.295.800 krónum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 71/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

1. Málskot dags. 12. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 1. mars 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. mars 2024.

Málsatvik.

Fram kemur í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu að M hafi hinn 22. október 2023 slasast er bifreiðinni A var ekið á hana er hún var að ganga yfir Bjarkarholt í Mosfellsbæ. Haft er eftir M í skýrslunni að hún hafi verið að ganga heim úr vinnunni og gengið yfir Bjarkarholt eftir að hafa litið til beggja hliða. Þá hafi bifreið skyndilega verið ekið á hana. Í framburði ökumanns bifreiðarinnar A kemur fram að hann hafi ekið bifreiðinni suður Bjarkarholt á 10-15 km/klst. Þegar hann sá stúlku á veginum og reyndi hann þá að stöðva aksturinn og víkja frá en tókst það ekki með þeim afleiðingum að stúlkan lenti á vinstri spegli bifreiðarinnar og skall í jörðina. Sagði ökumaður A stúlkuna hafa ekki gengið yfir gangbraut, verið í símanum og með hettu á höfði þegar hún gekk yfir akbrautina. M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V og hefur V fallist á bótaskyldu en telur að skerða beri bótarétt um 1/3 hluta með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019. M hafnar því alfarið að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn. Hún hafi litið til beggja hliða áður en hún gekk yfir akbrautina og bendir M á að engar nærlægar gangbrautir hafi verið á slysstað. Þá mótmælir M að það geti talist til stórkostlegs gáleysis að ganga yfir akbraut með hettu á höfði.

V kveðst horfa heildstætt á atvikið og byggi á því að M virðist hafa þverað akbraut, í símanum og með hettu á sér sem byrgir sýn í umrætt sinn. Hún virðist hafa tekið þá ákvörðun að ganga yfir hjólastíg og þvera svo akbraut í stað þess að ganga yfir gangbraut sem virðist vera í um 50 metra fjarlægð frá slysstaðnum. M hefði átt að geta sín vel í umferðinni þegar sól er lágt á lofti eins og ökumaður bifreiðarinnar var augljóslega að gera, enda er einfaldlega hættulegt að bílar fari neitt hægar en á þeim hraða sem bifreiðin var á í umrætt sinn. Telur V rétt að skerða bætur úr ábyrgðartryggingu A um 1/3 hluta sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar.

Álit.

Samkvæmt 1. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns, en þó má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur V samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A vegna líkamstjóns M. Bótaréttur var skertur um 1/3 hluta með vísan til háttsemi M að þvera akbraut í stað þess að nýta sér gangbraut í um 50 metra fjarlægð, vera í símanum með svarta hettu á höfði þegar sólin var lágt á lofti. Sönnunarbyrði um stórkostlegt gáleysi M hvílir á V. Við mat á því hvort M hafi verið meðvöld af tjóninu með stórkostlegu gáleysi er horft til háttsemi M, aðstæðna á vettvangi og annarra atriða sem máli geta skipt við matið. Umferðarslysið varð við Bjarkarholt í Mosfellsbær. Hámarkshraði ökutækja á götunni er 30 km/klst. og við götuna er að finna fjölsóttar verslanir þar sem gera má ráð fyrir umferð gangandi vegfarenda. Fram kom í framburði ökumanns bifreiðarinnar A að M hafi í umrætt sinn verið í símanum og með hettu á höfði. Hefur V ekki sýnt fram á að orsakasamband sé milli þess og umferðarslyssins, sérstaklega í ljósi þess að ökumaður A kveðst hafa blindast af sól í aðdraganda slyssins. Telja verður að M hafi með háttsemi sinni í umrætt sinn þ.e. að ganga þvert yfir götuna án þess að nýta sér nærliggjandi gangbraut, sýnt af sér gáleysi en ekki verður talið að V hafi sýnt fram á að það gáleysi teljist vera stórkostlegt þannig að það leiði til skerðingar á bótarétti hennar skv. 4. mgr.

4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. M á því óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M, á óskertan rétt til bóta fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 72/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysátrygging ökumanns

Skráningarnúmer ökutækis A

Gildissvið vátryggingar. Upplýsingaskylda vátryggingafélags.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. apríl 2024.
3. Bréf M, dags. 23. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón 28. ágúst 2022 þegar hann var að keppa í endurokeppni á bifhjóli A. M taldi sig tryggðan með keppnisviðauka ökutækjatrýggingar fyrir A. V telur M ekki tryggðan skv. skilmálum félagsins B-1 þar sem keppnisviðaukinn nái aðeins til ábyrgðartryggingar bifhjólsins en ekki slysátryggingar ökumanns og eiganda. Fram kemur í málskoti að M hafi verið að aka eftir keppnisbraut við Bolöldu og hafi hjól hans lent á steini með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu og lenti illa. M vísar til tölvupóstsamskipta um að hann sé tryggður með keppnisviðauka og hafi því verið slysátryggður er slys hans varð. Hann vísar til tölvupóstsamskipta 28. maí 2020 til 16. júní 2020 þar sem fram komi að starfsmaður V hafi hringt og útskýrt að slysátryggingin félli undir þessa skilmála og væri því í fullu gildi á akstursæfingum og keppnum ef viðaukinn væri keyptur. M hafi því réttilega staðið í þeirri trú að hann væri slysátryggður með keppnisviðauka á akstursæfingum og keppnum. 4 júní 2021 hafi M óskað eftir staðfestingu í tölvupósti á því að hann væri slysátryggður á keppnum/æfingum og hafi hann fengið þá staðfestingu samdægurs. Máli sínu til stuðnings vísar M til reglna um upplýsingaskyldu í lögum 30/2004 um vátryggingarsamninga og að allan vafa beri að túlka V í óhag sem bar að upplýsa M um gildissvið vátryggingarinnar.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji atvikið ekki bótaskyldt skv. 12. gr. skilmála um ökutækjatrýggingar B-1. Gildissvið tryggingarinnar takmarkaðist við aksturskeppni og M sem sé lögfræðingur að mennt hefði mátt vera ljóst að ráðgjöf sölumanns var röng. Fram kemur að upplýsingagjöf hafi verið röng við töku tryggingar á hjólinu B en krafa M beinist að tryggingu vegna A. M hafi nefnt í samskiptum að færa keppnisviðauka B yfir á A en sú nálgun standist ekki. Um sé að ræða nýjan vátryggingarsamning sem M geri við félagið og engin samskipti liggja fyrir um ranga ráðgjöf af hálfu félagsins vegna A.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort keppnisviðauki við ökutækjatrýggingu B-1 gildi um slys M. Fram kemur í gögnum málsins að M hafi verið í samskiptum við V vegna keppnisviðaukans og kemur þar fram að starfsmaður V hafi staðfest við M að keppnisviðaukinn væri í gildi á akstursæfingum og keppnum. Það kemur einnig fram í gögnum málsins að M biður sérstaklega um það í tölvupósti að keppnisviðaukinn sé færður frá bifhjóli B yfir á bifhjól A. Fram kemur í bréfi V að upplýsingagjöf hafi verið röng við töku tryggingar á hjólinu B en ekki hjólinu A. Þrátt fyrir að M sé lögfræðingur að mennt gat honum ekki verið ljóst að ráðgjöf sölumanns V var röng. V verður að bera hallan af því enda bar V skv. lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, að upplýsa M um tryggingavernd hans. M mátti því gera ráð fyrir að sömu upplýsingar gildu um vátryggingarsamning hans vegna bifhjólsins A og hann hafði haft vegna bifhjóls B. Með vísan til þess er V bótaskyld.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 73/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Vátryggingartaki (A)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 15. febrúar, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 27. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið hafnað um bætur á tjóni á ökutæki hans sem hafi orðið í kjölfar viðgerðar á sjálfskiptingu þegar millikassi losnaði frá og olli skemmdum á öxlum, drifskaftri og festingum á millikassa. M hafi orðið fyrir tjóninu 22. nóvember 2023 en A hafi gert við sjálfskiptinguna á lok febrúar 2023. M hafi stöðvað ökutækið á gatnamótum og þegar hann hafi tekið af stað hafi heyrst smellur þegar millikassinn hafi snúist og skemmt drifskaftri upphengju og öxla og allt farið að titra. M vísar til umsagnar A til V um að verkstæðið hafi reynslu af því að boltar sem festa millikassa hafi verið að losna í þessari tegund bifreiða og að verkstæðið viti hvaða ástæður séu fyrir því. Verkstæðinu hafi þannig verið sérstaklega kunnugt um vandamál af þessum toga í bifreiðum sem þessum. Það væri því rétt að gera þeim sem kaupir dýra viðgerð á sjálfskiptingu þar sem millikassinn er fjarlægður grein fyrir því að æskilegt geti verið að skipta um upphengju enda blasi við að hún hafi verið léleg þegar viðgerðin fór fram og vísað er til þessa tjónið hafi orðið um 5 þúsund km eftir viðgerð. Þá hefði verið rétt að ganga frá boltunum í millikassa með þeim hætti að límdir væru eins og venja sé með bolta sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir því að losna.

Í bréfi V er vísað til tölvupósts A til félagsins þar sem fram kemur að A hafi farið yfir myndir sem hann hafi fengið sendar. Hans mat sé að tjónið felist í brotnum festingum á millikassa við sjálfskiptinguna sem hann skrúfaði úr bifreiðinni og aftur í. Einnig séu farnar öxulhosur og öxulupphengja og drifskaftri til afturdrifs. Allir þessir hluti hafi verið í lagi þegar hann hafi skilað bifreiðinni af sér. Þannig telur A að tjónið sé ekki að rekja til mistaka hans heldur að líklegasta skýringin sé að upphengja á öxli hafi gefið sig með þeim afleiðingum að "víbringur" hafi myndast sem hafi svo leitt til þess að boltarnir hafi losnað. Fram kemur í bréfinu að engin gögn liggja fyrir sem sýni fram á orsök tjónsins og að gegn neitun A verði að teljast ósannað að A hafi vanhert bolta sem héldu sjálfskiptingunni uppi eða að tjónið verði að öðru leyti rakið til mistaka við vinnu hans.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort tjón á ökutæki M sem varð 22. nóvember 2023 sé að rekja til viðgerðar A á sjálfskiptingu í ökutækinu í lok febrúar 2023. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hans sé rakið til saknæmra og ólögmatra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber á.

Það liggja ekki fyrir nein gögn í málinu sem sýna hverjar voru orsakir þess að millikassinn losnaði frá í nóvember 2023. Ekki liggur heldur fyrir úttekt á vinnu A eða mat óháðra aðila um orsakir tjónsins. Hallan af slíkum sönnunarskorti ber M með hliðsjónum af fyrrnefndum sönnunarreglum. Með vísan til þess ber V ekki bótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 75/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis A****Skráningarnúmer ökutækis B****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. mars 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 9. nóvember 2021 hafi bifreiðinni B verið ekið á bifreið A sem M ók. M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á heilsugæsluna 23. nóvember 2021 vegna stífleika og verkja í hryggsúlu og hálsi. M hafi leitað áfram til heimilislæknis vegna sömu einkenna. V hafi síðan hafnað að hlutast til um frekari gagnaöflun og greiðslu þar sem það hafi ekki verið talið líklegt að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af slysinu. M telur að klár orsakatengsl séu á milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem hann býr við í dag. Vísar hann til þess að sönnunargildi PC-Crash skýrslu sé lítið og að það sé ekki á færi reikniforritsins að skera úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss eru fyrir einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og vigt ökutækja en ekki tekið tillit til þátta eins og kyns tjónþola, aldurs, fyrri heilsufarssögu eða í hvaða líkamsstillingu viðkomandi var er hann varð fyrir árekstri. M telur að fara þurfi fram heildarmat á afleiðingum slyssins og að það mat eigi að vera í höndum óvilhallra matsmanna en ekki V.

Í bréfi V kemur fram að höggið af árekstrinum hafi verið vægt eins og sjá megi af myndum af ökutækjunum í skýrslu A&Ö dags. 9. nóvember 2021 og PC-Crash skýrslu dags. 28. apríl 2022. Fram kemur að M hafi leitað til heilsugæslunnar 23. nóvember 2021 en fyrir slysið hafi M kvartað undan sambærilegum verkjum hjá lækni, þ.e. miklum verkjum í hálsi ásamt leiðniverkjum. V telur orsakatengsl milli umferðarslyssins og einkenna sem M rekur til þess ósönnuð. Fram kemur að áreksturinn hafi verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnum eða varanlegum einkennum. Þá hafi M ekki aflað ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesta orsakatengsl á milli slyssins og einkenna M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 9. nóvember 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á heilsugæsluna 23. nóvember 2021 vegna árekstursins og liggur fyrir samskiptaseðill þar um. Það liggur einnig fyrir að M var á parkóðin forte vegna verkja þegar slysið varð og fékk hann lyfjaendurnýjun vegna þess eftir slysið. Í samskiptaseðli heilsugæslunnar kemur fram 23. febrúar 2022 að M hafi langa sögu um bakverki sem séu verstir frá hálsi og leiði niður bak. Einnig kemur fram þá að hann hafi fengið höfuðhögg og hnykk á hálsinn við vinnu fyrir rúmu ári og svo aftur um haustið. Það liggur ekki fyrir í málinu heildstætt mat á áhrifum árekstursins á M, hvorki frá sjúkraþjálfara, heimilislækni, bæklunarlækni eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila og þá hvort verkir í baki M séu tilkomnir vegna árekstursins. Eins og þetta mál liggur telst því ekki sannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og einkenna M. Með vísan til þess er V ekki bótaskyld

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 4. júní 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 76/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Skaðabótaábyrgð váttryggingafélags. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 5. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum merktum 1.-8.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. apríl 2024, ásamt gögnum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. apríl 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið M varð fyrir tjóni hinn 7. september 2023 vegna áreksturs sem rakinn var til sakar ökumanns ökutækisins X. V féllst á bótaskyldu vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X. Mat á tjóninu átti sér stað hjá tveimur matsaðilum og greiddi V bætur til M á grundvelli samkomulags að fjárhæð 1.465.449 krónur hinn 19. september 2023, með fyrirvara um greiðslu fyrir viðbóartjón kæmi það fram. Einnig voru greiddar 431.000 krónur af hálfu V hinn 17. janúar 2024 vegna skemmda á vatnskassa og að hluta vegna lögfræðiaðstoðar sem M nýtti sér. Þær bætur voru greiddar án viðurkenningar á greiðsluskyldu af hálfu V.

Af málatilbúnaði M verður helst ráðið að M telji sig hafa orðið fyrir sérstöku tjóni „...með furðulegri málsmeðferð og mistökum frá fyrsta degi.“ auk þess sem V hafi brotið gegn eigin siðareglum. Einnig gerir M kröfu í málskoti um að honum séu m.a. bættir varahlutir og efni auk vinnu við ísetningu, flutningskostnaður vegna viðbótermats á tjóni og kostnaði við þau, tjón vegna afnotamissis, fyrirhafnar og vinnu við að sanna tjón og orsakasamhengi, aðkomu lögfræðings annað tjón er kann að hafa hlotist af málsmeðferð og mistökum V sem og bætur vegna virðisaukaskatts af samkomulagsbótum sem greiddar hafi verið í september 2023 og janúar 2024.

Í gögnum málsins er farið yfir samskipti M og lögfræðings hans við starfsmenn V. Samandregið vísar M til þess að eftir uppgjör samkomulagsbóta hinn 19. september 2023, sem hafi verið með fyrirvara um viðbóartjón, hafi komið fram viðbóartjón á bifreið hans. Hinn 3. október 2023 hafi verið tilkynnt um viðbóartjón á vatnskassa bifreiðar M og farið með bifreiðina á verkstæði í Þorlákshöfn sem staðfest hafi viðbóartjónið. Starfsmenn V hafi ekki viðurkennt þá tjónaskoðun, þar sem verkstæðið hafi ekki verið svokallað „Cabaverkstæði“ og því hafi M farið með bifreiðina til Reykjavíkur til frekari skoðunar. Þegar það mat hafi verið framkvæmt í lok nóvember 2023 hafi starfsmenn V ekki látið M vita um niðurstöðu þess og að orsakatengsl væru milli þess tjóns og árekstursins 7. september 2023. Einnig hafi komið fram misskilningur um verð á varahlut, þ.e. vatnskassa sem skemmdist, og hafi það tafið málið frekar. Eftir þetta hafi starfsmenn V óskað eftir viðbótermati á orsakatengslum og hafi það tafið málið enn frekar. Auk þessa er vísað til þess að starfsmenn V hafi gert lítið úr vinnu lögfræðings M við að ná fram tjónagreiðslum fyrir M, en kr. 300.000 krónur hafi síðan verið greiddar án viðurkenningar á bótaskyldu, auk 131.000 króna fyrir nýjan vatnskassa í stað þess sem tjón varð á. Engar skýringar hafi komið fram af hálfu V á greiðslu 300.000 króna þrátt fyrir beiðni um skýringar á þeirri greiðslu.

M telur V bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna afgreiðslu V á upphaflegu tjóni sem bætt var úr ábyrgðartryggingu bifreiðar X. M vísar til þess að V hljóti að hafa ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda og þannig eigi að greiða bætur úr þeirri tryggingu vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna. M vísar bæði til sakarreglu íslensks skaðabótaréttar sem og reglunnar um húsbóndaábyrgð. M telur að ákvarðanir starfsmanna V hafi verið í bága við góða viðskiptahætti og ekki í samræmi við afgreiðslu sambærilegra mála hjá öðrum tryggingafélögum.

Einnig gerir M kröfu um bætur sem nema virðisaukaskatti af samkomulagsbótafjárhæð sem greidd var í september 2023 og vísar um það til rökstuðnings í máli nefndarinnar nr. 289/2023. Ekki verður annað séð af málatilbúnaði M en að sú krafa sé gerð í ábyrgðartryggingu ökutækisins X.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur vegna tjóns á bifreið M og vísar almennt til sönnunarreglna skaðabótaréttar um að tjónþoli beri sönnunarbyrði um hvaða tjóni hann verður fyrir og eigi slíkar reglur við um uppgjör bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðar X, sem vátryggt var hjá V á tjónsdegi. V vísar til þess að almennt sé sýnt fram á fjártjón tjónþola við þessar aðstæður með mati á tjóni hjá viðurkenndu verkstæði og síðan sé gengið til samninga við tjónþola um hvernig best sé að háttu uppgjóri. Algengast sé að það sé gert annað hvort með viðgerð á viðurkenndu verkstæði eða greiðslu bóta sem nemur verðmætarýrnun á bifreiðinni og í einhverjum tilvikum kaupum á hinni tjónuðu bifreið. V vísar til þess að ítrekað hafi komið fram í samskiptum starfsmanna V og M að M vildi ekki að gert yrði við bifreiðina með fullnaðarviðgerð á verkstæði heldur að hann fengi greiddar samkomulagsbætur vegna tjónsins. V vísar til þess að M hafi ekki verið sáttur við mat á bifreiðinni hjá fyrsta viðurkennda tjónamatsaðila sem hann leitaði til og hafi verið samkomulag milli M og V að leita annars mats sem hafi síðan leitt til samkomulags um greiddar bætur upp á 1.465.449 kr. hinn 19. september 2023. Þegar M hafi síðan farið að gera við bifreið sína sjálfur hafi komið í ljós gat á innri vatnskassa bifreiðar hans, sem ekki hafi komið í ljós við tjónaskoðun hjá þeim tveimur aðilum sem höfðu framkvæmt slíkt mat áður. V vísar til þess að á myndum sem teknar höfðu verið áður hefði ekkert komið fram sem benti til gats á innri vatnskassa og taldi því rétt að M legði fram frekari gögn fyrir því að fá greiddar bætur vegna þessa. Í frekari skoðun starfsmanna V hafi komið fram þeim fyndist ósennilegt að tjón á innri vatnskassa hefði orðið við árekstur 7. september 2023, en eftir samtöl og umræður hafi verið ákveðið að leyfa M að njóta vafans og greiddar bætur fyrir vatnskassa upp á 131.000 krónur sem og 300.000 krónur sem áttu að ná yfir „...ýmsan kostnað sem kynni að hafa fallið til vegna málsins, svo sem aðstoð lögfræðings, kostnað vegna flutnings á bifreið M o.s.frv.“ V telur að með samkomulagi frá 19. september 2023 milli M og V um greiðslu bóta hafi ekki verið gerður fyrirvari við bótafjárhæð m.t.t. virðisaukaskatts og þannig hafi M með slíku samkomulagi fyrirgert frekari rétti sínum til greiðslu slíkra bóta og ítrekar að M hafi ekki sýnt fram á frekari tjón en það sem bætt hafi verið með tveimur greiðslum af hálfu V, 19. september 2023 og 17. janúar 2024, samtals 1.896.449 krónur.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir ítrekaðar. M leggur áherslu á að tilkynnt hafi verið strax í byrjun október 2023 um viðbóartjón, gat á innri vatnskassa bifreiðar sinnar, en tjón vegna þessa hafi ekki verið greitt nema að hluta í janúar 2024. Á þeim tíma sem leið þarna á milli hafi starfsmenn V ekki sinnt starfi sínu réttilega og hafi M því haft ærna fyrirhöfn af því að sýna fram á viðbóartjón sitt. Einnig bendir M á að greiðsla V í janúar 2024 hafi ekki verið samþykkt af hálfu M sem fullnaðargreiðsla heldur innborgun inn á tjón hans og hafi athugasemdir verið gerðar ítrekað við vinnubrögð starfsmanna V. M telur að V eigi ekki að geta ákveðið bætur eftir eigin geðþótta.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir V einnig ítrekaðar og bent á að M hafi fengið tjón sitt að fullu bætt og hafi sönnunarbyrði um ef hann telji svo ekki vera.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst fyrst og fremst um hvort M hafi sýnt fram á frekara tjón en greiddar hafa verið bætur vegna af hálfu V vegna tjóns á bifreið hans 7. september 2023.

Annars vegar má ráða af málatilbúnaði M að krafa sé gerð í ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda V. Ekki liggur fyrir að slík ábyrgðartrygging sé í gildi hjá V þar sem félagið sjálft er vátryggt, eða hvert gildissvið slíkrar vátryggingar væri. Ekki liggur heldur fyrir að M hafi gert kröfu í slíka vátryggingu hjá V. Getur nefndin því ekki tekið frekari afstöðu til bótaskyldu úr slíkri vátryggingu.

Í 3. gr. samþykktu fyrir nefndina frá 17. desember 2021 kemur fram að undir starfssvið nefndarinnar heyri meðal annars mál sem varði réttarágreining um vátryggingarsamninga, dreifingu vátrygginga og vátryggingastarfsemi. Telst nefndin því geta tekið afstöðu til mögulegrar skaðabótaábyrgðar vátryggingafélags ef ágreiningur tengist vátryggingastarfsemi og verða störf starfsmanna M við tjónsuppgjör talin vera þess eðlis. Við mat á því hvort háttsemi starfsmanna V hafi verið saknæm verður meðal annars að líta til þess hvaða reglur gildi um slíka háttsemi. Í 12. gr. b. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að vátryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Í gögnum málsins eru samskipti M, lögfræðings M og starfsmanna V rakin. Þegar lítið er til þeirra má sjá að einhver ágreiningur hafi verið um fjárhæð bóta sem og hvort orsakatengsl hafi verið milli tiltekins hluta tjóns á bifreið M og áreksturs hinn 7. september 2023. Þegar lítið er til þeirra samskipta

Í heild verður ekki séð að starfsmenn V hafi sýnt saknæma háttsemi við afgreiðslu tjónsins þó nokkrir samskiptaerfiðleikar hafi verið uppi. Telst skaðabótaábyrgð V því ekki fyrir hendi.

Verður að lokum að fjalla um kröfu M um hærrí bætur vegna tjóns síns úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X, þar sem hann heldur fram að við uppgjör samkomulagsbóta hinn 19. september 2023 hafi ekki verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts og vísar M til úrskurðar nefndarinnar í öðru máli, nánar tiltekið 289/2023. Í því máli var ágreiningur um greiðslu bóta úr kaskótryggingu, auk þess sem það lágu fyrir aðrar upplýsingar um málskotsaðila en liggja fyrir í þessu máli. Ekki verður annað ráðið en að viðgerð hafi þá þegar farið fram á bifreið M, en ekki liggur fyrir í gögnum sem fylgdu málskoti hans að greiddur hafi verið virðisaukaskattur af þjónustu eða vörukaupum í tengslum við þá viðgerð. Verður því ekki talið sannað að þær bætur sem greiddar voru sem samkomulagsbætur hinn 19. september 2023 hafi verið lægri en fullar bætur fyrir það fjártjón sem þá var metið. Fyrirvari sem M setti við móttöku þeirra bóta laut einungis að viðbótartjóni og kemur ekki fram í gögnum málsins að slíkt tjón hafi orðið, umfram það sem nú þegar hefur verið bætt með viðbótargreiðslu af hálfu V hinn 17. janúar 2024.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bótagreiðslna úr ábyrgðartryggingu ökutækis X hjá V né heldur er viðurkennd skaðabótaábyrgð V vegna meðferðar tjónamáls hans.

Reykjavík, 23. maí 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 77/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting. Ekið aftur á bak.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 17. febrúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 13. mars 2024 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V1 dags. 4. apríl 2024.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. apríl 2024.

Málsatvik.

Hinn 3. janúar 2024 varð árekstur milli A og B á bifreiðastæði. Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjonstilkynningu á vettvangi en skiluðu hvor um sig tjonstilkynningu til síns váttryggingafélags. Í tjonstilkynningu M, en hann er eigandi A sem X ók umrætt sinn, kemur fram að A hafi verið kyrrstæð og við það að leggja af stað áfram eftir að hafa bakkað úr stæði, þegar B hafi verið bakkað úr mótliggjandi stæði og aftan á A. Hafi X ekki getað aðhafst neitt til að koma í veg fyrir tjónið. Í tjonstilkynningu ökumanns B segir að hún og annar ökumaður hafi bakkað úr stæði á sama tíma, ekki séð hvor aðra og hafi það endað með því að A og B lentu saman.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að skipta bæri sök til helminga þar eð hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M fellir sig ekki við þau málalok og áréttar í málskoti að A hafi verið kyrrstæð miðja vegg milli mótliggjandi stöðureita þegar B hafi bakkað úr hliðstæðum stöðureit og á A. Sé fyrirliggjandi yfirlýsing vitnisins Y sem staðfesti þessa röð atburða. Vitnið segi þannig að A hafi verið kyrrstæð og komin í akstursstefnu þegar B byrjaði að bakka. Hafi B svo bakkað um 1,5 metra þar til hún rakst á A. Að mati M hefði það átt að veita ökumanni B nægt ráðrúm til að verða A vör. X hafi þá verið stöðug í framburði sínum og skýr hvað atvikalýsingu varði.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, er vísað til þess að hvergi komi fram hversu lengi A hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs og sé ekkert í samtímagögnum sem bendi til annars en að um augnabliksstöðvun hafi verið að ræða, en sönnunarbyrði um annað hvíli á M. Sé þá, í ljósi tengsla vitnisins Y við M, ekki unnt að leggja framburð hans til grundvallar. A grundvelli alls þessa verði að byggja á því að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og beri þar af leiðandi að skipta sök til helminga.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að tekið sé undir málalýsingu M en að mati félagsins hafi tekist að sýna fram á að A hafi verið kyrrstæð þegar B var ekið aftur á bak á hana. Framburður X hafi frá upphafi verið afar skýr um það atriði og megi einnig greina það af fyrirliggjandi samskiptum B og Y að Y telji ljóst að A hafi verið kyrrstæð við áreksturinn. Beri B því alla sök á árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að tengsl Y við M valdi því að framburður Y sé ótrúverðugur enda sé ljóst að Y tengist báðum aðilum auk þess sem ökumaður B hafi haft samband við Y til að fá framburð hans. Þá er enn ítrekað að A hafi verið kyrrstæð, og sé umfjöllun V2 um augnabliksstöðvun hafnað. A hafi verið kyrrstæð og ökumaður hennar hafi með engu móti getað vitað að B mundi hefja akstur aftur á bak. Hafi ökumanni B þá borið að sýna sérstaka aðgát enda sé B sendibifreið og útsýni frá henni skert. Ítrekar M þá afstöðu sína að B beri alla sök á árekstrinum.

Álit.

Eins og fram er komið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjonstilkynningu á vettvangi. Ekki liggja heldur fyrir ljósmyndir af vettvangi eða afstöðumyndir er sýni nánar fyrirkomulag umrædds bifreiðastæðis eða staðsetningu A og B í aðdraganda áreksturs. Er því ýmislegt óljóst hvað varðar staðsetningu þeirra og akstursleiðir. Þá verður að meta sönnunargildi framburðar vitnisins Y í því ljósi að hann mun vera góður félagi M.

Af tjónstilkynningum ökumanna má ráða að bæði A og B hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs þó að X segist hafa verið orðin kyrrstæð. Þá virðist jafnframt óumdeilt að hvorugur ökumanna hafi orðið hins var í aðdraganda áreksturs.

Það er álit nefndarinnar að það hafi ekki úrslitaáhrif þó M hafi hugsanlega stöðvað A áður en til árekstrar kom, enda verður ekki ráðið annað en að þá hafi einungis verið um augnabliksstöðvun að ræða. Liggur þannig ekkert fyrr um hve lengi A hafi verið kyrrstæð og staðsetning hennar og akstursleið eins og áður segir ekki fyllilega upplýst.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatriggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 4. júní 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 78/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).****Sakarskipting. Hringtorg.****Gögn.**

19. Málskot mótttekið 20. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

20. Tölvupóstur V dags. 27. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í tjónsskýrslu A&Ö dags. 20. maí 2023 kemur fram að þann dag varð árekstur með bifreiðum A og B í hringtorgi við Bæjarbraut og Arnarnesveg. Nánar tiltekið kemur fram að bifreiðum A og B hafi verið ekið norður Bæjarbraut hringtorginu, bifreið A inn í ytri hring hringtorgsins og bifreið B í innri hring þess. Árekstur hafi síðan orðið með bifreiðunum þegar bifreið B var ekið út úr hringtorginu við fyrsta mögulega útakstur inn að Arnarnesvegi en fyrirhuguð akstursstefna bifreiðar B var framhjá þeim útakstri og út við annan, eða niður Fífuhvamsveg. Af ljósmyndum skýrslunnar má ráða að hægri framhorn bifreiðar A lent á framhorni og hlið vinstri hlið á bifreið B. Haft er eftir ökumanni bifreiðar B að hann hafi ekið inn innri hring hringtorgsins og ætlað út við fyrsta útakstur og ekki séð bifreið A í ytri hring fyrir áreksturinn. Ökumaður bifreiðar A (M) kveðst í skýrslunni hafa ekið sinni bifreið í ytri hring hringtorgsins og verið við útakstur á Arnarnesveg þegar ökumaður A hafi beygt skyndilega út úr hringtorginu utan í bifreið A. ekki hafa vitað af bifreið A í innri hring fyrr en hann hafi farið í vinstri hlið bifreiðar B.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem bifreiðinni B hafi verið ekið í mjög krappa beygju út úr hringtorgi og á bifreið A, ökumaður bifreiðar A hafi ekki ekið á bifreið B. M vísar til skemmda á bifreið A, m.a. til fara eftir hjólbarða bifreiðar B. M vísar til teikningar sinnar og afstöðumyndar sem sýni hvar árekstur varð inni í hringtorginu. M telur sig ekki hafa getað gert neitt til að afstýra árekstrinum og hafi ítrekað komið því á framfæri við V. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi skyndilega tekið ákvörðun um að beygja út úr hringtorginu þegar hann hafi verið komin of langt og í stað þess að aka heilan hring hafi beygjan verið tekin án þess að ökumaður bifreiðar A (M) hafi getað brugðist við.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir vegna málskotsins.

Álit.

Samkvæmt 25. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er hringtorg skilgreint sem vegamót þar sem hringlaga svæði er í miðjunni með akbraut umhverfis. Þá segir í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. laganna að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Ekki er um það deilt að árekstur milli bifreiða A og B varð í hringtorgi. Ljóst er af aðstæðum í hringtorginu að áreksturinn varð á fyrstu gatnamótum út úr hringtorginu eftir að bifreiðunum var ekið inn í hringtorgið. Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsl. 6. mgr., 19. gr. Á þessu varð misbrestur. Þá bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá gatnamótunum, sbr. 3. málsl sömu málsgreinar, en á því varð misbrestur.

Með því að ökumaður B valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið og ökumaður A virti ekki forgang B út úr hringtorginu teljast báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum. Við þær aðstæður og framburði beggja ökumanna sem lýst er í frumgögnum málsins verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður að skipta sök þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr.79/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Slyshugtak váttryggingaréttar. Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. febrúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. apríl 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. desember 2022 hafi M orðið fyrir frítímaslysi en í tjonstilkynningu til V, dags. 8. desember 2023, sé atvikum lýst svo: „Var á leiðinni upp í rúm að fara að sofa. Studdi mig við hægri handlegg, lagði líkamsþunga á hægri olnboga/öxl, við það að fá þungann á sig gaf sig eitthvað í öxlinni, það small í og ég fann strax mikinn verk.“ Niðurstöður segulómunar hinn 9. desember 2022 hafi verið „Áberandi bjúgur og fyrirferðarukning í supraspinatus vöðvanum eins og eftir áverka; Væg tendinosa í supraspinatus sin og grunur um örliðlar partial rifur í festunni; Fiturík fyrirferð dorsalt við infraspínatus vöðva. V hafi hafnað bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M með þeim rökum að ekki væri um utanaðkomandi atburð að ræða sem valdið hefði meiðslum á líkama M og væru skilyrði slyshugtaks váttryggingaréttar því ekki uppfyllt.

M er ósammála þeirri afstöðu og vísar til þess að samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar sé þess aðeins krafist að um skyndilegan atburð, en ekki utanaðkomandi, sé að ræða þegar um sé að tefla meiðsli á útlimum og tannbrot. Öxlin tilheyri handleggnum og sé því um meiðsli á útlím að ræða. Vísað er til þess að samkvæmt anatómískum skilgreiningum séu bein, liðbönd og vöðvar axlargrindarinnar svo og axillan á milli þeirra hluti af efri útlimum. Þeir vöðvar sem hafi orðið fyrir áverka teljist þá til vöðva handleggsins og vísar M til læknisfræðilegra skilgreininga því til stuðnings. Vilji V skilgreina útlími með öðrum hætti en tíðkist samkvæmt almennum málskilningi og innan læknisfræði verði þess að vera sérstaklega getið í skilmálum, en ítarlegri skilgreiningu sé að finna í skilmálum annars tiltekins váttryggingafélags. Verði V að bera hallann af því.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmála váttryggingarinnar sé slyskilgreint sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsli á útlimum og vegna tannbrota sé þess þó aðeins krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans. Gögn málsins beri með sér að um axlar meiðsl sé að ræða en ekki meiðsli á útlím. Þurfi því skilyrðið um utanaðkomandi atburð jafnframt að vera uppfyllt. Svo sé ekki og bótaskylda því ekki fyrir hendi. Vísar V þá til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 289/2019 þar sem staðfest sé að öxl sé ekki útlímur.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að hefðbundin skilgreining slyshugtaksins eigi ekki við í þessu tilviki og sérstaklega vísað til þess að í miskatöflu örorkunefndar séu áverkar á öxl nánar sundurliðaðir í kafla VII sem sé titlaður „útlímaáverkar“. Styðji það einnig þá afstöðu að um meiðsli á útlím sé að ræða.

Álit.

Í 4. kafla skilmála fjölskyldutryggingar M hjá V sem fjallar um slysatryggingu í frítíma kemur fram að með slysi sé átt við „skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans.“ Jafnframt kemur fram í greininni að við meiðsli á útlimum sé þess eingöngu krafist að um „skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.“ Ágreiningur aðila hverfist aðeins um það hvort um meiðsli á útlím sé að ræða en óumdeilt virðist að ekki hafi verið um utanaðkomandi atburð að ræða. Kemur þá til skoðunar hvort um meiðsli á útlím hafi verið að ræða.

Hvað varðar tilvísun til úrskurðar nefndarinnar í máli 289/2019 er rétt að áréttað að varhugavert getur verið að draga víðtækar ályktanir af einstöku fordæmi hennar enda verður að taka afstöðu til fyrirbyggjandi gagna, atvika og málatilbúnaðar hverju sinni.

Meðal gagna sem M leggur fram er útprentuð grein um líffærafræði beina, vöðva, tauga o.fl., sem er skrifuð af dr. Jill Seladi-Schulman og ber það með sér að hafa verið ritrynd af öðrum lækni. Meðal þess sem þar kemur fram er að öxl teljist hluti upphandleggs. Þá liggur fyrir útprentun af vef alfræðiorðabókarinnar Britannica þar sem fram kemur að þeir vöðvar sem M hlaut áverka á, þ.e. supraspinatus og infraspinatus séu hluti upphandleggsins. Af hálfu M er þá vísað til þess að í miskatöflu örorkunefndar sé fjallað um axlaráverka í kafla sem ber heitið „útlímaáverkar.“ Allt framangreint bendir til þess tækt sé að túlka áverka M sem meiðsli á útlím. Lausleg skoðun nefndarinnar, en rétt er að taka fram að nefndarmenn eru lögfræðimenntaðir og búa ekki yfir sértækri læknisfræðilegri þekkingu, virðist þá benda til þess að tækt sé að telja öxl annað hvort til handleggs eða búks, og séu því tvær skilgreiningar færar. Virðist þá viðurkennt að þau bein sem finna má í öxlinni séu hluti baksins en að axlarvöðvar tengist handleggnum og teljist þá jafnframt til hans, þ.e. útlíms. Virðist skoðun nefndarinnar því benda til þess að umræddir vöðvar teljist hluti upphandleggs, þrátt fyrir að það virðist ekki í algeru samræmi við almennan málskilning að telja öxl hluta útlíms. Virðist þá sem a.m.k. infraspinatus vöðvinn nái til þess svæðis líkamans sem í almennu máli er nefndur upphandleggur, þ.e. útlímur.

Verður í þessu samhengi einnig að líta til þess að í skilmálum V, sem eru einhliða samdir af félaginu, er ekki að finna nánari skilgreiningu á „útlím“ en telja verður að V væri í lófa lagið að setja fram ítarlegri skilgreiningu. Skilmála váttryggingafélaga ber samkvæmt 1. mgr. 36. gr. b., sbr. 1. mgr. 36. gr. a, samningalaga nr. 7/1936, að túlka neytanda í hag sé uppi vafi um merkingu þeirra. Í þessu tilviki er það mat nefndarinnar að slíkur vafi sé uppi. Hefur röksemdum M hvað varðar læknisfræðilegar skilgreiningar og umfjöllun um miskatöflu örorkunefndar þá ekki verið hnekkt. Í ljósi alls framangreinds, og eins og atvik þessa máls liggja fyrir nefndinni, verður að telja nægilega sýnt fram á að um skyndileg meiðsli á útlím sé að ræða og er bótskylda því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 80/2024.**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Hundatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 22. febrúar 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2024, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. apríl 2024 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 19. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sé eigandi tíkurinnar X. Tíkin sé ættbókarfærð og ætlunin hafi verið að nýta hana til ræktunar. M hafi þá keypt hundatryggingu ásamt valkvæðri afnotamissistryggingu vegna X. Fyrirliggjandi eru tvær tjónstilkynningar vegna X. Í fyrsta lagi tilkynning dags. 17. ágúst 2023 þar sem fram kemur að X hafi greinst með brot í hægri mjaðmakúlu sem hafi í kjölfarið verið fjarlægð með aðgerð. Í öðru lagi tjónstilkynning dags. 6. febrúar 2024 þar sem fram kemur að X hafi greinst með óafturkræfa blindu á vinstra auga. Í málskoti kemur fram að vegna þessa sé X ekki lengur ræktunarhæf og því telji M að réttur til bóta úr afnotamissistryggingu sé til staðar. Vísar M m.a. í auglýsingu um váttrygginguna þar sem segi að ef hundur sé tryggður afnotamissistryggingu fái eigandi bætur tapi hundurinn eiginleikum sínum til kynbótaræktunar. Fyrir liggur að V hefur hafnað kröfu M á grundvelli þess að í skilmálunum sé tæmandi talið hvaða atvik leiði til bótaskyldu og blinda falli ekki þar undir. Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að tíkin hafi verið valin sem ræktunartík og tryggingin tekin ef eitthvað kæmi upp sem ylli því að ekki væri hægt að setja á hana og rækta undan henni. Það sé nú orðin raunin, ekki aðeins vegna blindu heldur einnig brots á mjaðmakúlu og tíkin sé nú ekki einu sinni sýningarhæf.

Í svörum V til nefndarinnar kemur fram að í skilmálum séu taldar upp með tæmandi hætti þær ástæður sem leiði til bótaskyldu komi til þess að hundur tapi eiginleikum sínum til kynbótaræktunar. Blinda og brot í mjaðmakúlu séu ekki þar á meðal og sé bótaskylda því ekki fyrir hendi. Hvað blinduna varði liggja þess utan ekki fyrir hvort hún sé meðfædd, en félagið greiði ekki bætur vegna atvika sem komu til fyrir gildistöku váttryggingar.

Álit.

M byggir kröfu sína á því að X sé nú óhæf til ræktunar og hljóti bótaskylda úr afnotatryggingu því að vera fyrir hendi. Í skilmálum afnotamissistryggingar hundatryggingar M hjá V er gildissvið hennar afmarkað nánar. Þar kemur fram í gr. 1.3 að V greiði hlutabætur vegna ræktunarhunds sé staðfest af dýralækni að nánar tilgreind tilvik eigi við. Er þar í fyrsta lagi, í stafliðum a) - c) um að ræða atriði er varða frjósemi sem slíka. Í d) lið kemur fram að hlutabætur greiðist sé hundur óhæfur í ræktun vegna mjaðmaloss eða liðbólgu í mjaðmalið að nánari skilyrðum uppfylltum. Í e) lið kemur fram að hlutabætur greiðist sé hundur óhæfur í ræktun vegna misvaxtar í olnboga eða liðbólgu í olnboga að nánari skilyrðum uppfylltum. Verður að túlka skilmála afnotamissistryggingarinnar svo að bótagreiðsla vegna þess að ræktunarhundur nýtist ekki eins og fyrirhugað var komi aðeins til falli tjónsatvik undir skilgreiningu framangreindra stafliða. Váttryggingin nái því ekki fortakslaust til afnotamissis ræktunarhunds heldur sé gildissvið hennar nánar afmarkað í stafliðum a) – e). Þar sem ekki verður séð að tilvik X falli undir neinn framangreindra liða hefur M því ekki sýnt fram á rétt sinn til bóta.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr afnotamissistryggingu hundatryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 81/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 7. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Viðbótargögn M dags. 12. september 2023.
3. Bréf V dags. 26. september 2023 ásamt fylgigögnum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. febrúar 2024.
5. Viðbótarathugasemdir V dags. 28. febrúar 2024.
6. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 14. desember 2020 hafi orðið árekstur með bifreiðum A og B sem M ók. Áreksturinn hafi orðið með þeim hætti að A var ekið aftan á B þar sem hún var kyrrstæð og virðist ekki ágreiningur um að ökumaður A beri sök á honum. Daginn eftir, eða 15. desember, sbr. fyrirliggjandi læknisvottorð dags. 25. mars 2022, leitaði M til læknis þar sem hún kvartaði undan verkjum neðarlega í baki og frá hálsi og út í herðar. Var hún þá greind með tognun og ofreynslu á hálsþrygg, brjósthrygg og lendahrygg. Fékk hún jafnframt gefna út beiðni um sjúkraþjálfun og fyrirliggjandi er skýrsla sjúkraþjálfara, dags. 28. mars 2022, um meðferð sem M hafi sótt frá 19. ágúst 2021. Með bréfi lögmanns M til V, dags. 24. mars 2021, var gerð krafa um staðfestingu bótaskyldu af hálfu V. Með bréfi dags. 11. mars 2022 lýsti V því yfir að fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði hlotist af atvikinu þar sem nánast engar ákomur væru á B.

Í kjölfarið gekkst M undir örorkumat vegna afleiðinga slyssins og liggur matsgerð dags. 1. desember 2022, fyrir nefndinni. Var því sérstaklega beint til matsmanna af hálfu V að fyrri heilsufar M væri skoðað við mat á orsakatengslum, en fyrir lægi að M hefði fyrir slysið glímt við vöðvabólgu og mígreni. Niðurstaða matsmanna var sú að varanlegur miski skv. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 væri enginn og varanleg örorka skv. 5. gr. sömu laga engin.

M óskaði þá, á grundvelli 10. gr. skaðabótalaga, eftir álitgerð örorkunefndar, og lá hún fyrir hinn 26. maí 2023. Var niðurstaða hennar sú að varanlegur miski M væri 5 stig og varanleg örorka 5 stig. Með bréfi, dags. 25. september 2023, krafðist V, á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, endurupptöku á ákvörðun nefndarinnar um varanlega örorku, enda hefði ákvörðunin byggst á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik. Þannig hafi ranglega komið fram í álitgerð nefndarinnar að M hafi minnkað við sig starfshlutfall eftir slysið, þegar hið rétta sé að M hafi verið í 90% starfshlutfalli frá 1. september 2019 og til 1. september 2021, en þá hafi það hækkað í 95%. Staðhæfing nefndarinnar um að M hafi minnkað við sig vinnu vegna slyssins sé því röng. Með bréfi dags. 31. janúar 2024 tilkynnti nefndin um að niðurstaða hennar um varanlega örorku stæði óhögguð, enda verði að skoða framangreint í því ljósi að stytting vinnuvikunnar hafi komið til tveimur vikum eftir slysið. Verði að skoða hækkun starfshlutfalls í því ljósi að annars vegar hafi verið um óvenjulegar og tímabundnar aðstæður að ræða vegna Covid-faraldurs, en M starfi sem hjúkrunarfræðingur og hins vegar þess að stytting vinnuviku um 10% jafni út hið aukna vinnuframlag sem hækkun starfshlutfalls hefði haft í för með sér.

Í málskoti gerir M athugasemdir við niðurstöður matsgerðarinnar sem lá fyrir 1. desember 2022. Sé of mikið lagt upp úr fyrri heilsufari M, gert of mikið úr mígreni sem hún hafi verið með en köst hafi verið tengd við blæðingar og því ekki vikuleg eins og byggt sé á í matsgerðinni. Þá hafi verið litið fram hjá því að hún hafi almennt verið heilsuhraust um ævina og ekki orðið fyrir öðrum slysum. Í viðbótarathugasemdum M, sem bárust nefndinni eftir að álitgerð örorkunefndar lá fyrir, kemur fram að M telji hana fela í sér réttari niðurstöðu um umfang varanlegra afleiðinga en kom fram í matsgerðinni. Það sé enda lögbundið hlutverk örorkunefndar, sbr. 10. gr. skaðabótalaga, að

endurskoða fyrri álit um örorku og/eða miskastig og það eitt og sér veiti álitum nefndarinnar aukið vægi við sönnun. Auki það enn frekar á vægi og styrk álitssgerða örorkunefndar að hana skipi þrjár aðilar. Verði því ekki litið fram hjá álitssgerð nefndarinnar nema annmarkar séu á henni, en engu slíku sé hér til að dreifa. Vísar M þá til þess að samtals fimm matsmenn hafi komist að þeirri niðurstöðu að M hafi orðið fyrir varanlegu tjóni í skilningi skaðabótalaga, þó tveir þeirra hafi komist að þeirri hæpnu niðurstöðu að umfang þess væri slíkt að það réttlætti ekki mat á miska eða örorku.

Í bréfum V til nefndarinnar kemur fram að það telji niðurstöðu örorkunefndar ekki í samræmi við fyrirbyggjandi gögn um tekjusögu M og aðrar upplýsingar um áhrif slyssins á tekjuöflun hennar til framtíðar. Félagið telji að mat á varanlegri örorku eigi að byggjast á tekjusögu og læknisfræðilegum gögnum sem gætu bent til þess að tekjuöflunarhæfni verði skert til framtíðar. Að mati V sé ljóst að ekki muni koma til skerðingar á tekjuöflunarhæfni og séu röksemdir örorkunefndar því ekki til samræmis við framangreind sjónarmið. Þá séu forsendur nefndarinnar um að hækkun starfshlutfalls í 95% sé vegna tímabundinna aðstæðna rangar, enda liggi fyrir að M hafi verið í 95% starfi í yfir tvö ár. Telji félagið því álitssgerð örorkunefndar haldna slíkum ágöllum að ekki sé hægt að byggja bótauppgjör á henni og feli matsgerð dags. 1. desember 2022 í sér réttara mat á varanlegum afleiðingum. Hafi M samkvæmt framansögðu ekki lagt fram fullnægjandi sönnun fyrir umfangi tjóns síns.

Álit.

Fyrir liggur að M bar sérfræðilegt álit um örorku- og miskastig undir örorkunefnd á grundvelli 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga. Niðurstaða örorkunefndar var sú að M gæti sinnt hjúkrunarstörfum áfram þrátt fyrir afleiðingar slyssins en þá helst þeim sem krefðust minni líkamlegra átaka. Var það því mat nefndarinnar að afleiðingar slyssins hafi dregið úr möguleikum M á að afla sér atvinnutekna. Í matsgerð dags. 1. desember 2022 var hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að M hefði ekki orðið fyrir varanlegum miska eða örorku af völdum slyssins enda hafi áverkar sem hlutust af því verið vægir.

Í skaðabótalögum er ekki tekið fram með skýrum hætti hver staða álitssgerða örorkunefndar skuli vera. Í frumvarpi því sem varð að lögum 37/1999 um breyting á skaðabótalögum segir þó svo: „Í því skyni að léttu álagi af örorkunefnd er lagt til að 1. mgr. 10. gr. laganna verði breytt þannig að horfið verði frá þeirri meginreglu að örorkunefnd sé matsaðili á fyrsta stigi. Aðalreglan verði sú að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá læknisfræðilegu hætti sem meta þarf skv. 2. og 3. gr. laganna til þess að ljúka megi bótauppgjöri. Sérfræðilegt mat, sem annar málsaðila aflar, geti tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta borið undir örorkunefnd. Með þessu breytist hlutverk örorkunefndar og hún verður fyrst og fremst matsaðili á síðara stigi. ... Sætti annar málsaðila sig ekki við niðurstöðu örorkunefndar getur hann freistað þess að fá henni breytt eða hrundið með því að leita til dómstóla.“

Af heildstæðu mati allra gagna málsins, þ.á m. fyrri sjúkrasögu, svo og upplýsingum um núverandi einkenni, ásamt skýringum örorkunefndar við enduruptöku, er það mat nefndarinnar að leggja eigi álitssgerð örorkunefndar til grundvallar við mat á líkamstjóni M. Þannig telst sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem hafi haft varanlegar læknisfræðilegar afleiðingar í för með sér eins og kemur fram í álitssgerð örorkunefndar. Varanleg örorka er, sbr. 1. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, varanleg skerðing á getu tjónþola til að afla vinnutekna og er það mat nefndarinnar að álitssgerð og síðar enduruptaka örorkunefndar á málinu, sé rökstudd með þeim hætti að byggja megi á henni hvað þetta varðar. Þá telur nefndin rétt að fallast á skýringar varðandi það að í raun sé um skert vinnuþrek að ræða þegar tekið er tillit til styttingar vinnuviku en fyrir liggur að M er ekki í 100% starfi og ætla má að með breytingum á vinnutíma sé starfshlutfall hennar í raun minna en fyrir umrætt slys.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum til samræmis við álitssgerð örorkunefndar dags. 26. mars 2023, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 82/2024.**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Hundatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

- Málskot móttakið 27. febrúar 2024.
- Bréf V dags. 19. mars 2024, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M sé eigandi hundsins X. Hundurinn lenti í slysi þann 19. júní 2021 þegar hann fékk högg á höfuðið. Í því slysi brotnaði vígtönn sem tekin var með aðgerð. Í röntgenmyndatöku í febrúar 2024 hafi komið í ljós að tönn væri í nefholi sem talin er hafa kýlst upp í nefholið í fyrrgreindu slysi. M gerði kröfu í sjúkrakostnaðartryggingu hundsins hjá V vegna sjúkrakostnaðar en með bréfi dags. 23. febrúar 2024 var bótaskyldu hafnað af hálfu V. Telur M að um sé að ræða slys sem falli undir trygginguna og andmælir því sem fram kemur í höfnunarbréfi V þar sem talað er um að kostnaðurinn tengist sjúkdómum í tannholdi, tannhirðu, tannviðgerðum eða galla í tönnum eða biti. Vísar M til vottorðs dýralæknis máli sínu til stuðnings.

V segir höfnun sína í afstöðubréfi dags. 23. febrúar 2024 byggja á vottorði þar sem fram kom sú sjúkdómsgreining að tönn sé ranglega staðsett. Hafi M þá upplýst að tönnin hafi kýlst upp í nefholið í slysinu þann 19. júní 2021. Á þeim tíma var M ekki með sjúkrakostnaðartryggingu vegna hundsins hjá V. Tók tryggingin ekki gildi fyrr en 21. júní 2021. Fellur slysið af þeim sökum því utan verndar tryggingarinnar. Vísar V til greinar 1.8 í váttryggingarskilmálum tryggingarinnar.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að sjúkrakostnaðartrygging hundsins X hjá V hafi ekki tekið gildi fyrr en 23. júní 2021 og fellur því slys hundsins X þann 19. júní 2021 utan gildistíma tryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr hundatryggingu vegna sjúkrakostnaðar sem tengist slysi hundsins X þann 19. júní 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hundatryggingu hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 83/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.****Vátryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot dags. 29. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. mars 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að M telji sig eiga rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnunnar X. M hafi, fyrir milligöngu fasteignasalans Y, sem starfi hjá X, fest kaup á fasteigninni Z, með kaupsamningi dags. 27. febrúar 2023. Fljótlega eftir afhendingu hafi M orðið vör við galla á eigninni og meðan viðræður stóðu yfir vegna þeirra galla hafi skólp byrjað að flæða úr sturtubotni í Z. Við myndun frárennslislagna hafi komið í ljós að þær væru ónýtar, götóttar og nærliggjandi tré skotið rötum um þær. Þurfi því að endurnýja allar frárennslislagnir. Þetta hafi komið M í opna skjöldu þar sem tekið var fram í söluyfirliti vegna eignarinnar að lagnir væru að sögn eiganda í lagi auk þess sem yfirlitsblað seljanda hafi gefið í skyn að ekkert benti til annars en að lagnir væru í lagi. M og seljandi hafi komist að samkomulagi um afslátt af kaupverði, að fjárhæð 2.174.417 kr., vegna lagnanna og hafi afsal vegna eignarinnar verið gefið út 4. ágúst 2023. M hafi fengið nokkur tilboð í verkið og hafi það hagstæðasta hljóðað upp á 3.500.000 kr. auk vsk. Það tilboð taki hins vegar aðeins til endurnýjunar lagnanna en ekki til endurnýjunar á gólfefnum og fjarlægingar á trjám sem standi við fasteignina. Sé því ljóst að tjón M sé mun meira en sem nemur fyrrgreindum afslætti af kaupverði. M krefjast bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnunnar X á grundvelli þess að Y hafi vanrækt þær skyldur sem á henni hvíli samkvæmt lögum nr.70/2015 um sölu fasteigna og skipa, og er sérstaklega vísað til 1. mgr. 12. gr., 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 15. gr. laganna. Um störf fasteignasala gildi þá strangt sakarmat og beri hann ábyrgð á því tjóni sem hann eða starfsmenn hans hafa valdið af ásetningi eða gáleysi, sbr. 27. gr. laganna. Telja M að gáleysi hafi falist í því að segja í söluyfirliti að lagnir væru að sögn seljanda í lagi, enda hafi samkvæmt upplýsingum í yfirlitsblaði frá seljanda legið fyrir að hann hafi í raun ekkert vitað um ástand lagnanna. Þar hafi aðeins komið fram að lagnirnar hafi síðast verið myndaðar fyrir nokkuð mörgum árum og ekkert komið upp síðan. Hefði fasteignasala því borið að segja í söluyfirliti að ástand lagna væri óþekkt eða ekki vitað. Hafi því verið um rangar og villandi upplýsingar að ræða enda engin haldbær gögn sem studdu þá staðhæfingu að lagnir væru í lagi. Sé bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu X samkvæmt öllu framansögðu til staðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi hafnað kröfu M með bréfi dags. 21. ágúst 2023. V telur þá að Y hefði þurft að hafa greiðan aðgang að betri upplýsingum en fram komu í umræddu yfirlitsblaði svo orðalag söluyfirlits verði metið henni til gáleysis. Ekki verði gerðar þær kröfur til fasteignasala að þeir sannreyni ástand lagna sem ekki séu sýnilegar. Þá vísar V til þess að fyrir liggir fremur ítarleg lýsing seljanda á ástandi eignarinnar og hafi sú lýsing verið söluyfirlitinu til fyllingar. Þar komi fram að lagnirnar hafi verið myndaðar fyrir nokkrum árum og hafi verið lagi þá. Liggir því fyrir sönnun þess að upplýsingar í söluyfirliti séu í samræmi við þær upplýsingar sem seljandi hafi veitt og talið réttar. Verði upplýsingar í söluyfirliti því ekki metnar Y til gáleysis.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015 beri fasteignasala að afla sjálfur þeirra upplýsinga sem fram koma í söluyfirliti, og sé sú skylda óháð upplýsingaskyldu seljanda. Beri fasteignasala því að sannreyna þær upplýsingar sem stafa frá seljanda og sé það ekki unnt beru engu að síður að skoða þær upplýsingar með gagnrýnum huga og meta hvort aðstæðum sé rétt lýst. M telji þannig ekki að Y hafi borið að sannreyna ástand lagnanna heldur hafi henni mátt vera ljóst að myndataka lagna fyrir „nokkuð mörgum árum“ gæfi ekki endilega rétta mynd af ástandi þeirra

við söluna og hefði orðalag söluyfirlitsins átt að endurspeglar það. Hefði ástandi lagnanna verið réttilega lýst sem „óþekktu“ hefði það enda skapað tilefni til ástandsskoðunar af hálfu M.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 1. mgr. 12. gr. segir að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti, og skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er en ástand eignarinnar, gerð hennar og búnað skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 13. gr. kemur þá fram að fasteignasali skuli við kynningu á eign gæta þess að upplýsingar og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar svo og að gæta skuli hófs í lýsingum á henni. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu.

Fyrirliggjandi er annars vegar söluyfirlit, sem ber það með sér að hafa verið prentað út hinn 24. janúar 2023, og hins vegar ódags. yfirlit seljanda um ástand Z. Ekki verður annað ráðið af málflutningi M en að yfirlýsingin hafi fylgt söluyfirliti við kynningu á eigninni gagnvart þeim. Í söluyfirliti segir um ástand frárennslislagna að þær séu „að sögn eiganda í lagi“. Í umræddu yfirliti segir nánar um þetta atriði: „Skólplagnir voru myndaðar fyrir nokkuð mörgum árum og voru í lagi. Ekkert sem bendir til annars en að svo sé enn.“ Þess verður ekki krafist af fasteignasala eða seljanda fasteignar að ástand lagna sé sérstaklega sannreynt eða rannsakað ítarlega í aðdraganda sölu. Framangreinda lýsingu ber að túlka í því ljósi, þ.e. að ekkert við daglega notkun hafi bent til þess að lagnirnar væru í ólagi og að þær hafi verið myndaðar „fyrir nokkuð mörgum árum.“ Þó fallast megi á það með M að nákvæmara hefði verið að segja í söluyfirliti að ástand lagna væri óþekkt þykir framangreind lýsing seljanda þó samræmast því að lagnir séu „að sögn eiganda í lagi“ en í slíku orðalagi verður ekki talin felast afdráttarlaus staðhæfing um að lagnir séu í lagi. Þegar jafnframt er litið til þess að M fengu yfirlit seljanda í hendur, og máttu því átta sig á því á hverju álit seljanda um lagnirnar byggði verður ekki talið að um hafi verið að ræða rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í skilningi 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015. Hefur því ekki verið sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt og verða M að bera hallann af því.

Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki tilefni til að taka málflutning aðila um skyldu til tjónstakmörkunar eða ágreining um hvort M hafi þegar fengið tjón sitt að fullu bætt úr hendi seljanda til frekari skoðunar, enda falla þau lögskipti utan verksviðs nefndarinnar.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölunnar X hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 84/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Váttrygginartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið dags. 4.mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V, dags. 13. mars, ásamt fylgiskjölum.
5. Bréf M, dags. 17. júlí 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 3. janúar 2022 þegar hún var að ganga niður stiga á vinnustað sínum hjá A. Fram kemur að mikil hálfka hafi verið í stiganum sem hafi orðið til þess að hún rann og datt en hún hafi haldið á kassa fullum af þorskalifur. Mikil fita hafi safnast í stiganum frá lifrinni og hafi hann því verið verulega sleipur af þeim sökum. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að stiginn hafi hvorki verið óvenjulegur né hættulegur miðað við það hlutverk sem honum hefði verið ætlað og að slysið væri ekki rakið til vanbúnaðar eða galla á stiganum. Í málskotinu kemur fram að tildrögum slyssins hafi verið lýst í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 10. janúar 2022 og að fram komi að ekkert handrið hafi verið á stiganum en að slíkt handrið hafi verið sett upp í kjölfar slyssins. Vísað er til lýsingar vitnis þar sem fram kemur að við þessa vinnu sé oft mikil fita sem geti farið á tröppurnar. Vitnið staðfestir að handrið hafi vantað á tröppurnar þar sem slysið átti sér stað og að eftir slysið hafi handrið verið sett upp og aukin hálkuvörn á stigaprepin. M telur aðstæður á vinnustaðnum hafa verið stórhættulegar og telur ljóst að vinnuveitandi beri ábyrgð á líkamstjóni hennar vegna slæms aðbúnaðar á vinnustaðnum. Byggt er á því að vinnuveitandi hafi brugðist skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem orsök slyssins verði rakin til þess að vinnuveitandi hafi ekki tryggt öryggi starfsmanna sinna á vinnustaðnum. Vísað er til 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, þar sem fram komi að húsnæði vinnustaða skuli innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi sem hæfi notkun þess. Einnig er vísað til 4. mgr. 3. mgr. þar sem fram komi að ganga skuli þannig frá pöllum, gryfjum, stigum, handriðum og opum að ekki sé hætt á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður eða slasast. Þá er vísað til 5. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 og viðauka II í reglugerðinni þar sem fram kemur að stigar skuli notaðir þannig að starfsmenn geti jafnan verið stöðugir og haft tryggja handfestu. Einkum sé nauðsynlegt að starfsmaður hafi tryggja handfestu í stiga ef hann þurfi að halda á einhverju. Í málskotinu er þá vísað til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en viku eftir að slysið átti sér stað og því hafi slysið ekki verið rannsakað eins og bar skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Vinnuveitanda hafi borið að tilkynna slysið strax svo unnt væri að rannsaka slysstað og leiða í ljós orsök slyssins og hvernig aðbúnaður var á vinnustaðnum. M telur ljóst af gögnum málsins að aðstæður í stiganum hafi verið stórhættulegar þegar slysið átti sér stað og orðið til þess að hún slasaðist með þeim hætti sem raun bar vitni. M telur lýsingu vitnis hafa veigamikla þýðingu í málinu og tekur fram að starfsmenn hafi þurft að bera stóra kassa upp og niður stigann með fitugri lifur og með tilliti til eðli þeirrar vinnu sem fór fram í stiganum hafi verið nauðsynlegt að gera frekari ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna.

Í bréfi V kemur fram að umræddur stigi hafi verið í vinnslusalnum sl. 15 ár og aldrei áður orðið slys í honum. Vinnueftirlitið hafi framkvæmt reglulegar skoðanir í vinnslusalnum og hafi aldrei á þessum 15 árum gert athugasemd við að handrið vanti á stigann. V telur yfirlýsingu vitnis ekki breyta fyrri afstöðu félagsins. Stiginn hafi hvorki verið óvenjulegur né hættulegur miðað við það hlutverk sem honum sé ætlað. V telur ekki ljóst að slysið sé rakið til vanbúnaðar eða galla á stiganum né annarra orsaka sem váttryggingartaki beri ábyrgð á. Þrátt fyrir að handrið hafi verið sett upp við stigann eftir slysið skapi þær ráðstafanir váttryggingartaka ekki sjálfkrafa skaðabótaskyldu. Ekki hafi orðið önnur slys í stiganum þau 15 ár sem hann hafi verið í notkun og því hefði váttryggingartaki ekki átt að bregðast við með tilteknum hætti. V telur slysið því vera óhapp sem vinnuveitandi hafi ekki getað

brugðist við með öðrum hætti og þar með ekki að rekja til atriða sem vátryggingataka ber skaðabótaábyrgð á að lögum.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort stiginn sem M datt í hafi verið nægilega öruggur á þeim tíma sem slysið varð. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hennar sé að rekja til saknæmra og ólögðmætra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Það liggur ekki fyrir mynd af stiganum í málinu en það liggur fyrir yfirlýsing vitnis, sem var yfirmaður M á slysdegi, að slysinu þar sem fram kemur að það geti oft verið mikil fita sem geti farið í tröppurnar þótt reynt sé að skola oft. Einnig kemur fram að M hafi runnið í efstu tröppunni og fallið aftur fyrir sig. Þá kemur fram að það vanti handrið á tröppurnar sjálfar en handrið hafi verið uppi á pallinum og að eftir slysið hafi verið sett upp handrið og hálkuvörn aukin á stigaprepum. Það kemur fram í grein 4.2.3. í viðauka II reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, að nauðsynlegt sé að starfsmaður hafi tryggja handfestu í stiga ef hann þurfi að halda á einhverju og að stigar séu notaðir þannig að starfsmenn geti jafnan verið stöðugir og haft tryggja handfestu. Þótt ekki hafi orðið slys áður í stiganum telur nefndin með vísan til framangreinds nægilega sýnt fram á að slys M megi rekja til ófullnægjandi öryggis í stiganum á slysdegi, meðal annars vegna þess að handrið vantaði á stigann. Slys M er því bótaskyld hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum vegna afleiðinga slyssins úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 2. september 2024.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 85/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Lausafjár- og rekstrarstöðvunartrygging.

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags.

Gögn.

- Málskot móttakið 7. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 10. apríl 2024, ásamt fylgigögnum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. apríl 2024.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. apríl 2024.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi orðið fyrir tjóni þann 11. september 2023 er eldur kviknaði í húsnæði fyrirtækisins og tjón varð á vörubirgðum, innréttinum, áhöldum, tækjum og öðrum rekstartengdum lausafjarmunum. Atvikum er lýst nánar í fyrirliggjandi skýrslum lögreglu þar sem m.a. kemur fram að A, stjórnarformaður M, hafi verið nýbúinn að yfirgefa húsnæðið er neyðarlínu var tilkynnt um eld í húsnæðinu. Einnig kemur þar fram að hann hafið verið að nota rafsuðutæki í húsnæðinu skömmu áður í þeim tilgangi að gera við bilaðan járnstiga á hjólum. Fyrir liggur rannsóknarskýrsla lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram kemur eftirfarandi niðurstaða um eldsupptök: „Opinn eldur, íkveikja eða glóð. Líklegt má telja að glóð frá rafsuðutæki hafi komist í eldsmat í geymslunni en rafsuðutækið hafði verið í notkun skömmu fyrir brunann.“ Þá liggur einnig fyrir rannsóknarskýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 8. nóvember 2023. Niðurstaða hennar er eftirfarandi: „Mögulega hefur neisti frá rafsuðu eða röng meðhöndlun rafsuðuvélar getað orsakað brunann, ekki er þó hægt að útiloka aðra möguleika sem ekki eru rafmagnstengdir.“

Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr lausafjár- og rekstrarstöðvunartryggingu sinni hjá V. Með tölvupósti þann 14. desember 2023 hafnaði V bótaskyldu úr tryggingunum á þeim grundvelli að A, stjórnarformaður M, hafi valdið váttryggingaratburðinum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. M fer fram á að viðurkennd verði bótaskylda V úr eignatryggingu lausafjár og rekstrarstöðvunartryggingu M hjá V. Jafnframt krefst M þess að viðurkennt verði að bótaskylda V úr lausafjártryggingu vegna tjóns á vörulager, innréttinum, áhöldum og tækjum sem nemi kr. 166.000.413. Rekstrarstöðvun stendur enn yfir og ekki er vitað hversu lengi hún mun standa yfir. M vísar til þess að þann 28. desember 2023 hafi lögregla tilkynnt um niðurfellingu sakamálarannsóknar á grundvelli 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, á þeim forsendum að ekki hafi verið grundvöllur fyrir þeim grun sem A lá undir. Í kjölfar þess óskaði M eftir því að V endurskoðaði ákvörðun sína og féllist á bótaskyldu. Með tölvupósti þann 26. janúar 2024 tilkynnti V að það héldi sig við fyrri afstöðu og hafnaði bótaskyldu. Byggir M kröfu sína á því að um váttryggingaratburð sé að ræða, sem leiðir til bótaskyldu V. Það liggi fyrir að M hafi tryggt rekstrarstöðvun og eignatryggingu lausafjár hjá V. Ekkert liggi fyrir sem hönd er á festandi um upptök eða orsök eldsvoðans. Því síður er sannað að stjórnarformaður M hafi verið viðstaddur upptök eldsvoðans og látið hjá líða að bæði bregðast við honum og tilkynna um hann. Í skýrslu um brunarannsókn lögreglu er ljóst að eldsupptök eru ekki staðfest. Þá er því hafnað að þær lýsingar sem A veitti hjá lögreglu séu með nokkrum hætti ósannar eða haldnar innbyrðis ósamræmi. Telur M ljóst að V hafi enga tilraun gert til þess að axla sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði séu fyrir hendi til þess að skerða rétt M til váttryggingabóta, hvað þá alfarið. Óumdeilt sé að V, sem váttryggingafélag, beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði séu uppfyllt fyrir því að synja M, sem váttryggingataka, um greiðslu bóta á grundvelli ákvæða skilmála um lækkun bóta vegna sakar M, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Einfalt gáleysi dugi ekki til að skerða bótarétt M, heldur ber V að sanna hvort tveggja að A hafi í fyrsta lagi valdið eldsvoðanum og í öðru lagi að hann hafi gert það af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

V vísar til 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina og lýsir því yfir að ekki verði fallist á að nefndin fjalli um fjárkröfur í málinu enda hafi V ekki tekið afstöðu til þeirra krafna og gagna þeim tengdum. Er því farið fram á að þeim þætti málsins verði vísað frá nefndinni. Af hálfu V er bótarétti

hafnað bæði úr brunatryggingu lausafjár vegna tjóns á vörulager, innréttingum, áhöldum og tækjum og úr rekstrarstöðvunartryggingu með vísan til þess að tjóninu hafi verið valdið með íkveikju af ásetningi eða stórfelldu gáleysi með því að framkvæma suðuvinnu inni á vörulager fullum af eldfimum fatnaði. Í athugasemdum sínum tilgreinir V nánar tiltekin rök fyrir þeirri afstöðu sinni að tjóninu hafi verið valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi A. Þá vísar V til 23. gr. almennra skilmála og 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, sbr. einnig 14. gr. skilmála rekstrarstöðvunartryggingar en samkvæmt þeim getur ábyrgð V samkvæmt vátryggingarsamningi skerst eða fallið niður hafi vátryggður orðið valdur vátryggingaratburði af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Af 24. gr. almennra skilmála leiði einnig að háttsemi forsvarsmanns og eiganda fyrirtækisins verði jafnað við háttsemi vátryggðs sjálfs með sama hætti og háttsemi stjórnenda og starfsmanna þess. Þá ber vátryggður almenn skylda til þess að fara með vátryggða muni þannig að sem minnst tjónshætta stafi af auk þess sem vísað er til c-liðar 2. gr. skilmála eignatryggingar lausafjár, þar sem fram kemur að vátryggingin bæti ekki tjón sem hlýst af því að vátryggðum hagsmunum er „af ásettu ráði stofnað í hættu af eldi eða hita við upphitun, þurrkun, suðu, bræðslu eða öðru þess háttar [...]“.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir M athugasemdir við það sem fram kemur í greinargerð V og vísar til þess að öll afstaða V sem snýr að meintum ásetningi A til þess að valda sjálfur því tjóni sem varð, byggi á örökstuddum og ósönnuðum ágiskunum og ásökunum V sem eiga sér enga haldbæra stoð í gögnum málsins. Áréttað er að niðurfelling lögreglu á rannsókn málsins grundvallaðist ekki á því að sönnun hafi ekki tekist í skilningi laga um meðferð sakamála, heldur voru ekki einu sinni taldar forsendur fyrir því að gefa út ákæru eða svo mikið sem halda rannsókn áfram. M hafnar einnig alfarið að tjóninu hafi verið valdið af stórfelldu gáleysi. Það sé rangt og ósannað og áréttar M sönnunarbyrði V fyrir slíkum fullyrðingum.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að í brunatjónum sé sönnunarstaða almennt erfið þar sem sönnunargögn eru brunninn og það er einmitt ástæða þess að slík mál leiða í fáum tilvikum til ákæru. Þegar litið sé til þeirra gagna sem fyrir liggja telur V að þau styðji eindregið þá ályktun að eldur hafi verið borinn viljandi að húsnæðinu eða hið minnsta hafi A sýnt af sér stórfellt gáleysi sem valdið hafi brunanum. Sönnunarstöðu, þ.á.m. sönnunarbyrði V, verði að meta í ljósi þess að um einkamál er að ræða en ekki sakamál og því ekki sömu kröfur til sönnunar.

Álit.

Ágreiningur lýtur að því hvort tjón það sem varð á vörubirgðum, innréttingum, áhöldum, tækjum og öðrum rekstrartengdum lausafjarmunum í eigu M, sé bótaskyldt úr eignatryggingu lausafjár og rekstrarstöðvunartryggingu M hjá V. Ágreiningslaust er að tjónsatburðurinn sem slíkur falli undir gildissvið skilmála fyrrgreindra trygginga. Ágreiningur lýtur að heimild V til þess að fella niður bótarétt að fullu á þeim grundvelli að tjóninu hafi verið valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, sbr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laganna ber félagið ekki ábyrgð ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð. Samkvæmt 2. mgr. losnar félagið úr ábyrgð í heild eða hluta hafi vátryggður valdið vátryggingaratburði með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi. Þegar um slíka takmörkun á ábyrgð vátryggingafélags er að ræða ber vátryggingafélag almennt sönnunarbyrði um að slík háttsemi hafi átt sér stað.

Líkt og fram hefur komið var niðurstaða rannsóknarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á þann veg að mögulega hafi neisti frá rafsúðu eða röng meðhöndlun rafsúðuvéla getað orsakað brunann en ekki sé þó hægt að útloka aðra möguleika sem ekki eru rafmagnstengdir. Niðurstaða rannsóknar lögreglu var sú að líklega megi telja að glóð frá rafsúðutæki hafi komist í eldsmat í geymslunni. Með bréfi dags. 29. desember 2023 var A tilkynnt að rannsókn málsins væri hætt þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram. Kæruliður var: „Brenna, íkveikja þar sem mönnum mundi vera af því bersýnilegur lífsháski búinn eða eldsvoðinn mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.“ Þessi niðurstaða lögreglu liggur fyrir eftir ítarlega rannsókn og vitnaskýrslur.

Hefur V ekki lagt fram nein önnur gögn en þau sem lögregla byggði sína rannsókn á. Verður ekki séð að í lögregluskýrslum eða öðrum gögnum málsins hafi komið fram fullnægjandi sönnun um að tjóninu hafi verið valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi A. Af því leiðir að fallast verður á greiðsluskyldu V úr eignatryggingu lausafjár og rekstrarstöðvunartryggingu.

Ágreiningur um bótafjárhæðir getur komið til úrskurðar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum skv. 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykktu fyrir nefndina, án samþykkis vátryggingafélags, ef fjárhæð

ágreiningsins nær að lágmarki 25.000 króna upp að hámarki fimm milljóna króna. Sú fjárhæð sem M hefur lagt til grundvallar kröfu sinni á herðar V er utan þeirra marka og liggur fyrir að V samþykkir ekki að nefndin fjalli um fjárkröfur í þessu máli. Er þeim þætti því vísað frá nefndinni sbr. c-lið 1. mgr. 4. gr. samþykta nefndarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr lausafjár- og rekstrarstöðvunartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 86/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

- Málskot móttakið 6. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 9. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var hinn 3. febrúar 2022 farþegi í bifreið sem bifreiðin A ók aftan á. M kveðst hafa hlotið hnykk á háls, öxl og mjöðm við áreksturinn. Leitaði M á bráðamóttöku daginn eftir áreksturinn og kvartaði undan fyrrgreindum einkennum. Samkvæmt vottorði heimilislæknis dags. 16. febrúar 2023 finnast engar nótur þess efnis að M hafi áður kvartað undan verkjum á þeim stöðum sem hún hlaut eymsli af í kjölfar árekstursins. Hefur M gert kröfu um bætur fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu. Telur M óforsvaranlegt að V taki afstöðu án frekari athugunar. Augljóst sé að orsakatengsl séu til staðar og sé hún nú tveimur árum síðar ekki búin að ná sér. Telur M nauðsynlegt að fram fari mat á tjóni hennar sem framkvæmt verði af tveimur óvilhöllum og óháðum matsmönnum sem meti afleiðingar slyssins og þeir taki til þeirra bótaþátta sem tilgreindir eru í lögum nr. 50/1993. Telur M að hún eigi rétt á fullum bótum vegna tjóns síns.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að ósannað sé að orsakatengsl séu milli umrædds slyss og meintra einkenna M í dag. Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar fellur það í hlut M að sanna tjón sitt og að tjónið megi rekja til bótaskylds atburðar. Samkvæmt gögnum málsins telur V að sú sönnun hafi ekki tekist. Hefur M ekki óskað mats á meintum afleiðingum slyssins og liggur því ekki fyrir matsgerð þar sem tekin er afstaða til orsakatengsla milli slyssins og einkenna M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 3. febrúar 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggja fyrir nótur úr sjúkraskrá frá slysdegi til 16. febrúar 2023 ásamt vottorði heimilislæknis dagsett sama dag. Þar kemur fram að engar nótur finnast í sjúkraskrá M fyrir slysið þar sem talað er um verki frá þeim stöðum sem hún hefur fundið mest til eftir slysið. Þá er eingöngu að finna eina komu til heimilislæknis eftir komu á bráðamóttöku daginn eftir slysið en það er koma þann 9. febrúar 2022. Liggja þannig ekki fyrir nein gögn líkt og læknisvottorð eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila sem staðfesta að einkenni M hafi haldist stöðug frá því stuttu eftir slysið til dagsins í dag. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hennar megi rekja til árekstursins þann 3. febrúar 2022 þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 3. febrúar 2022.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 87/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging****Gildissvið váttryggingar. Orsakatengsl.****Gögn.**

21. Málskot mótttekið 4. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
22. Bréf V dags. 21. október 2024 ásamt fylgiskjali.
23. Viðbótarathugasemdir M, dags. 22. október 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. nóvember 2021 hafi M verið við heimilisstörf og rekið ennið í eldhúsviftu. Við það hafi hún hlotið sjónhimnulós. Hafi hún leitað til heimilislæknis hinn 9. nóvember sama árs og í sjúkradagpeningavottorði hans, dags. 24. ágúst 2022 segi m.a. að hún hafi leitað til hans fjórum dögum eftir höfuðhöggið og hafi þá getið um það þó hún hafi verið með hugann við önnur heilsufarsvandamál. Hafi M þá aftur leitað til heimilislæknis 12. janúar 2022, en í millitíðinni hafi hún farið til augnlæknis og kvartað undan minnkandi sjón á vinstra auga. Í vottorði heimilislæknis segir að ekki sé öðru slysi til að dreifa en umræddu höfuðhöggi. Hafi hún tilkynnt um slysið í frítímaslysaftryggingu sína hjá V en félagið hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 24. október 2022, á þeim grundvelli að engin samtímagögn staðfestu umræddan atburð og orsakatengsl hans við sjónhimnulós M. Slysið sé þá ekki nefnt fyrir en í nótu augnlæknis hálfu ári eftir að það hafi átt að eiga sér stað og eftir að tjón M var tilkynnt til M. Þá séu misvísandi upplýsingar í fyrirliggjandi vottorðum varðandi það hvernig slys M hafi atvikast. Í málskoti kemur fram að fyrirliggjandi gögn sanni að umrætt frítímaslys hafi orsakað tjón M og standist afstaða V ekki skoðun í ljósi þess.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að höfnun félagsins byggi fyrst og fremst á því að ósannað sé að einkenni M verði rakin til þess að hún hafi rekið ennið í viftu. Standist það ekki skoðun að högg á enni geti leitt af sér rifu á sjónhimnu og hnígi öll skynsemisrök til þess að slík rifa geti ekki komið til án höggs á augað sjálft. Hvergi í samtímagögnum sé útskýrt að umrætt högg á enni kunni að hafa haft þau áhrif að sjónhimna rifnaði og verði það að teljast fjarstæðukennt. Verði því að gera ríkar kröfur til sönnunar orsakatengsla og slík sönnun hafi ekki tekist. Sé þá vel mögulegt að einkenni M hafi komið til með öðrum hætti en slysi í skilningi skilmálans, s.s. augnuddi. Þá telji V einnig að meta þurfi sérstaklega hvort málskotsfrestur hafi verið liðinn en M hafi haft frest til og með 1. mars 2024 til að leggja mál fyrir nefndina, en málskot hafi ekki verið mótttekið fyrir en 4. mars 2024.

Í viðbótarathugasemdum M segir að afstaða V byggi á því að lögmenn þess teljist það ekki standast skoðun að högg á enni geti leitt af sér rifu á sjónhimnu, en engin gögn styðji við þá skoðun félagsins. Vísar M til fræðigreinar sem staðfesti að höfuðáverkar geti valdið sjónhimnulósi svo og þess að í nótu augnlæknis komi fram að það sé mögulegur orsakavaldur sjónhimnulósi M að vifta hafi rekist í enni hennar. Um hafi verið að ræða harkalegt högg á enni M sem geti valdið áverka eða titringi á augnknöttinn sem geti tognað og valdið því að sjónhimnan losni frá. Er þá vísað til fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna sem staðfesti framangreint. Hvað varði málskotsfrest þá hafi málskot verið sent til nefndarinnar hinn 29. febrúar 2024, þ.e. innan tilskilins ársfrests, en starfsmaður nefndarinnar óskaði þess að það yrði endursent með öðrum hætti og hafi það verið sent nefndinni að nýju 4. mars 2024.

Álit.

Hvað varðar það hvort málskotsfrestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er rétt að taka fram að málskot M var sent nefndinni hinn 29. febrúar 2024. Þrátt fyrir að nefndin hafi, vegna atvika sem varða hana sjálfa, ekki getað veitt því móttöku fyrir en 4. mars 2024 verður því að líta svo á að M hafi krafist meðferðar málsins fyrir nefndinni innan tilskilins frests. Kemur ágreiningur aðila því til efnislegrar úrlausnar.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort sýnt sé fram á orsakatengsl þess að M hafi rekið ennið í viftu og sjónhimnuloss hennar en sönnunarbyrði þess að slík orsakatengsl séu til staðar hvílir á M. Af fyrirbyggjandi lækisfræðilegum gögnum má ráða að M hafi leitað til heimilislæknis hinn 9. nóvember 2021 og þá getið um að hún hefði orðið fyrir höfuðhöggi fjórum dögum áður. Ekki er getið um það í sjúkradagpeningavottorði dags. 24. ágúst 2022 að í þeirri komu hafi hún kvartað undan sjóntruflunum eða öðrum einkennum frá augum, en segir þar að hún hafi getið um höfuðhöggið en ekki gert mikið út því og þá hafi ekki verið mikil sýnileg áverkamerki. Í vottorði sama lækis vegna umsóknar um endurhæfingarlífeyri dags. 15. maí 2022 segir þó að við komu 9. nóvember 2021 hafi M verið farin að finna fyrir einhverri sjóntruflun og hafi hún nefnt svarta díla fyrir augum. Hafi hann bent henni á að leita til augnlæknis. Þá hafi orðið skyndileg versnun sjóntruflana hinn 21. desember 2021. Í vottorði heimilislæknis vegna umsóknar um örorkubætur segir þá að sjónhimnulos M sé „talið koma upp úr trauma.“ Í göngudeildarnótu augnlækninga kemur fram að 21. desember 2021 hafi M leitað til augnlæknis vegna þriggja til fjögurra vikna sögu um versnandi sjón. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort M hafi leitað til augnlæknis fyrir þann tíma. Í læknafréfi augnlæknis dags. 6. apríl 2022 segir þá að vifta hafi rekist í enni vinstra megin í október „mögulegur orsakavaldur að mínu mati“. Í vottorði augnlæknis dags. 4. október 2023 segir þá „vifta rakst í vinstra megin í enni sjúklings í lok október af krafti, annað svoleiðis ekki í sögu hennar.“ M fylgir þá íslensk þýðing greinar þar sem fram kemur að höfuðáverkar geti losað sjónhinnuna.

Af framansögðu er það mat nefndarinnar að ekki liggi annað fyrir en að það sé vel mögulegt að höfuðáverki geti leitt til sjónhimnuloss. Ekkert liggur þó fyrir um hvort sjónhimnulos geti ekki verið að rekja til annarra ástæðna. Fyrir nefndinni liggur ekkert heildstætt mat augnlæknis um að áverki sé eina eða í það minnsta líklegasta orsök sjónhimnuloss, eða nánari upplýsingar um þróun einkenna M í kjölfar slyssins, eða hvort það að einkenni hafi skyndilega versnað sex vikum eftir umræddan atburð samræmist því að sjónhimnulos verði rakið til hans. Verður þá einnig að líta til þess að upplýsingar um fyrstu komu M til lækis eftir slysið eru ekki samtímaupplýsingar heldur síðari tíma vottorð og upplýsingum um þau einkenni sem M lýsti þá ber ekki að fullu saman. Ummæli augnlæknis í þá veru að höfuðhögg M sé mögulegur orsakavaldur verða þannig ekki talin nægileg sönnun þess að sjónhimnulos M verði rakið til umrædds atviks og verður M, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 88/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

- Málskot móttakið 6. mars 2024.
- Bréf V1, dags. 4. apríl 2024.
- Bréf V2, dags. 3. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. apríl 2024.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem vátryggð er hjá V1 og B, sem vátryggð er hjá V2, á Bæjarhrauni við útakstur bifreiðastæðis við hús nr. 2, þann 2. febrúar 2024. Í tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi er haft eftir M, sem var ökumaður A, að hann hafi ekið á bifreiðaplaninu og stöðvað við útkeyrslu bifreiðaplanans, séð B koma á mikilli ferð út úr ytri hring hringtorgsins inn á Bæjarhraun. Hafi B verið beygt að bifreiðaplaninu, á hans bifreið. Haft er eftir öikumanni B að hann hafi ekið út úr hringtorgi inn á Bæjarhraun, séð A koma á ferð frá bifreiðaplaninu og fundist hann vera að fara að aka í veg fyrir sig. Hafi hann því beygt til hægri að bifreiðaplaninu svo hann myndi ekki aka á hina bifreiðina. Hann hafi hemlað en bifreiðin hans hafi runnið vegna hálku á bifreiðina A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 123/24 að M sem var ökumaður A, bæri alla sök á árekstrinum þar sem honum bar að veita allri umferð um Bæjarhraun forgang. M er ósáttur við þá niðurstöðu og telur sig vera í fullum rétti þar sem bifreið hans var kyrrstæð þegar óhappið átti sér stað. Ökumaður B hafi tekið furðulega ákvörðun sem leiddi til óparfa óhapps þar sem hann taldi bifreiðina A vera fyrir sér. Hann hafi beygt snögglega til að koma í veg fyrir ímyndaðan árekstur.

V1 telur meginorsök árekstursins vera þá að ökumaður B gætti ekki nægjanlega að sér í aðdraganda áreksturs. Hefði hann haldið sinni akstursstefnu og ekki tekið beygju inn Bæjarhraunið þar sem skyggni var slæmt og færðin vond, hefði áreksturinn ekki orðið.

V2 vísar til 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram kemur að ökumaður skulu veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg m.a. frá bifreiðastæði. Af ljósmyndum megi ráða að bifreiðin A hafi verið komin inn á akbraut Bæjarhrauns og þannig í veg fyrir akstursleið bifreiðarinnar B. Hafi ökumaður A því brotið gegn fyrrnefndu lagaákvæði og með þeirri háttsemi verið valdur að umræddum árekstri.

Álit.

Af fyrirliggjandi ökutækjaskýrslu og myndum af vettvangi má ráða að vetrarfærð hafi verið á vettvangi, hálka og snjócoma. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. M kveðst hafa verið kyrrstæður er árekstur átti sér stað og hafi því virt forgang umferðar um Bæjarhraun. Af myndum á vettvangi verður ekki annað ráðið en að M hafi verið komin með framhluta bifreiðar sinnar út á Bæjarhraun er árekstur átti sér stað. Þá verður ekki talið að M, sem var ökumaður A, hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir árekstur að telja megi að hann hafi verið búinn að veita umferð um Bæjarhraun forgang. Þegar litið er til háttsemi öikumanns B í aðdraganda áreksturs, verður ekki heldur talið að hann hafi gætt fyllstu varúðar við akstur í aðdraganda áreksturs. Samkvæmt 36. gr. umferðarlaga ber öikumanni að miða ökuhraða við aðstæður og haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Samkvæmt sömu lagagrein hvílir sérstök skylda á öikumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður m.a. í þéttbýli og þegar vegur er blautur eða háll. Þessa gætti ökumaður B ekki að í aðdraganda áreksturs sem leiddi til þess að hann

missti stjórn á bifreið sinni og hún rann í hálku á bifreið M. Miðað við gögn málsins þykir nægilega sýnt að hvorugur ökumanna sýndi næga aðgæslu í umrætt sinn. Sök skiptist til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 29. apríl 2024
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 89/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

24. Málskot móttakið 6. mars 2024, ásamt fylgiskjölum.
25. Tölvupóstur V2, dags. 3. október 2024.
26. Bréf V1, dags. 9. október 2024 ásamt tjónstilkynningu A&Ö og niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingafélaganna í máli nr. 75/24.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningarskýrslu Aðstoðar&Öryggis, sem barst nefndinni ekki fyrr en 9. október sl., varð árekstur með bifreiðum A og B hinn 5. febrúar 2024 við gatnamót Dugguvogar og Tranavogar. Bifreið A er váttryggð hjá V1 en bifreið B hjá V2. Í skýrslunni kemur fram að báðum bifreiðum hafi verið ekið í röð bifreiða suður Dugguvog og ætluðu báðir ökumenn að beygja til vinstri inn á Tranavog til austurs. Bifreið A var ekið á undan og bifreið B á eftir og varð árekstur með bifreiðunum þegar bifreið B var ekið framhjá nokkrum bifreiðum í röðinni. Í framburði ökumanns bifreiðar B kemur fram að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekið framhjá nokkrum bifreiðum í röð á gatnamótunum og þá hafi bifreið A verið ekið til vinstri inn í hlið bifreiðar B. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa stöðvað bifreið sína á gatnamótum til að bíða eftir svigrúmi til að geta beygt til vinstri og þá hafi bifreið B verið ekið áleiðis fram úr bílaröð og utan í bifreið A.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A meðal annars þar sem sá ökumaður hefði átt að sjá bifreið B og veita þeirri bifreið forgang. Einnig vísar M til þess að ökumaður bifreiðar A hafi eftir árekstur beðist afsökunar og sagst ekki hafa séð bifreið B. Einnig vísar M til afstöðumyndar varðandi stöðu bifreiða fyrir og við árekstur.

V1 tekur ekki sérstaka afstöðu til sakarskiptingar en vísar til teiknaðar afstöðumyndar frá M.

V2 telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem bifreiðinni hafi verið ekið fram úr á gatnamótum og þannig farið gegn 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, þar sem kemur fram að framúrakstur á gatnamótum sé bannaður.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um sakarskiptingu milli ökumanna bifreiðar A og B, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi ekið fram úr bílaröð rétt áður en komið var að gatnamótum. Í 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir: „Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim.“ Verður afstöðumynd frá M ekki skilin öðruvísi en að ökumaður bifreiðar B hafi ekið framúr röð bifreiða rétt áður en komið var að gatnamótum og telst hann því ekki hafa ekið í samræmi við háttænisreglu umræddrar 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga og ber því sök á árekstrinum. Ágreiningur er um hvort bifreið A hafi verið ekið til vinstri þegar árekstur varð eða að ökumaður bifreiðar B hafi ekið utan í bifreið A. Verður ökumaður bifreiðar B að bera hallann af sönnunarskortum um að ökumaður bifreiðar A hafi ekið gáleysislega í greint sinn. Ökumaður bifreiðar B ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B, ber alla sök á árekstri við bifreið A.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 91/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Umfang tjóns. Skaðabótalög.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. apríl 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. apríl 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna úmferðarslyss hinn 2. mars 2022. Hinn 9. október 2023 þurfti M að sækja matsfund vegna mats á afleiðingum slyssins og þurfti hann að ferðast frá heimili sínu til Reykjavíkur þann dag. Ágreiningslaust er að ferðakostnaður vegna ferðalagsins hefur verið greiddur af hálfu V en ágreiningur er um greiðslu tjóns sem M rekur til missis launatekna umræddan dag. Í gögnum málsins liggur fyrir staðfesting launafulltrúa vinnuveitandans um greiðslur sem M hefði fengið þennan dag, hefði hann verið við vinnu.

M telur að hann hafi sýnt fram á fjárhæð tjóns (41.615 kr.) sem hann varð fyrir þar sem hann fékk ekki laun þann dag sem hann sótti matsfund til Reykjavíkur hinn 6. október 2023. M vísar til yfirlýsinga yfirmanns og launafulltrúa þess fyrirtækis sem hann starfi hjá um að hann hafi ekki fengið greidd laun vegna þess dags. Vísar M til 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og ólögfesta reglna skaðabótaréttarins um að tjónþoli eigi rétt á að fá fjárhagslegt tjón sitt að fullu bætt. M vísar til þess að nauðsynlegt hafi verið fyrir hann að sækja matsfund og þær aðstæður séu í beinu sambandi við tjónsatvik og þannig eigi það fjárhagslega tjón sem af því hlaut að vera bætt að fullu af hálfu V.

V hefur hafnað greiðslu frekari bóta og telur að ekki sé nægilega sannað að M hafi orðið fyrir frekara tjóni við að mæta á matsfund 9. október 2023. V vísar til þess að ekki sé sannað að M hafi þurft að taka launalaust leyfi vegna ferðar á matsfund né að hann hafi fengið greidd lægri laun vegna ferðarinnar. V vísar auk þess til þess að M sé launþegi hjá einkahlutafélagi og ekki sé sýnt að réttur hans skv. 5., sbr. 10. gr. laga nr. 19/1979 hafi verið tæmdur hjá vinnuveitanda og hann þannig getað takmarkað tjón sitt.

M vísar til þess í viðbótarathugasemdum sínum að staðfesting liggja fyrir frá yfirmanni M og launafulltrúa fyrirtækis hans að M hafi misst einn dag úr vinnu og ekki fengið greidd laun. Einnig vísar M til þess að hann hafi ekki verið veikur og því ekki getað nýtt veikindarétt sinn til greiðslu launa í veikindaforföllum skv. 5. gr. laga nr. 19/1979. Einnig vísar M til þess að hann hafi verið í fæðingarorlofi fyrir matsfund og ekki átt marga orlofsdaga hjá vinnuveitanda, auk þess sem ekki sé hægt að ætlast til að slíkir dagar séu nýttir í þágu V. M telur einnig að aðstæður í málinu falli ekki undir tjónstakmörkunarskyldu tjónþola.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir félagsins ítrekaðar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst fyrst og fremst um hvort sýnt hafi verið fram á að M hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni með því að hafa ekki getað sótt vinnu hinn 9. október 2023, þegar hann þurfti að sækja matsfund hinn vegna afleiðinga úmferðarslyss.

Ein af þýðingarmiklum ólögfestum reglum íslensks skaðabótaréttar er að tjónþoli eigi rétt á fullum bótum fyrir sitt fjárhagslega tjón. Vegna líkamstjóna er einnig kveðið á um rétt tjónþola til greiðslu svokallaðs annars fjártjóns í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en í lögskýringargögnum kemur fram að annað fjártjón sé það tjón sem fellur á tjónþola strax eða fljótlega eftir að tjónsatburð bar að höndum og fellur ekki undir hugtakið sjúkrakostnað. Önnur þýðingarmikil regla skaðabótaréttar er að tjónþoli skuli takmarka tjón sitt.

Mat M á því hvort tjón M geti takmarkast af mögulegum rétti hans til greiðslna launa frá sínum vinnuveitanda vegna forfalla verður að taka mið af lágmarksrétti til greiðslna launa í forföllum, eftir atvikum skv. ráðningarsamningi, kjarasamningum eða lögum. Af gögnum málsins er ekki ljóst hvort

M átti rétt til greiðslu launa í forföllum skv. ráðningarsamningi eða kjarasamningum, þar sem ekki er upplýst um ákvæði þeirra. Í 5. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla segir orðrétt í 1. mgr.: „Allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfellt, skal er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð.“ Í 2. mgr. 5. gr. er síðan kveðið á um frekari rétt til launa. Orðalag 5. gr. laga nr. 19/1979 tekur ekki af tvímæli um að réttur til greiðslu launa í forföllum sé einungis bundinn við forföll þar sem launþegi er óvinnufær vegna veikinda eða slysa, heldur segir að þau verði að vera vegna þeirra. Þau gögn sem liggja fyrir í málinu taka ekki af tvímæli um að réttur M til greiðslu launa hjá sínum vinnuveitanda hafi ekki verið fyrir hendi vegna forfalla við að sækja matsfund vegna slyss. Til þess að sýna fram á að M hafi takmarkað tjón sitt verður að liggja fyrir með meira afgerandi hætti að slíkur réttur sé ekki fyrir hendi. Með hliðsjón af fyrrnefndum gögnum, eða skorti á gögnum verður að telja tjón M að fjárhæð 41.615 kr. ósannað.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á rétt til greiðslu frekari bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 92/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skadabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

27. Málskot móttakið 5. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
28. Bréf V dags. 29. apríl 2024.
29. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. mars 2023, er hann var að störfum fyrir X sem var verktaki hjá Y, hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M hafi verið að ganga frá rafsuðupinum í pakka við verkfærakassa. Við hlið kassans hafi verið vörubretti með íhlutum sem aðrir starfsmenn hafi verið að nota, þ.á.m. fimm stykki af 86 kílóa þungum stútum úr stáli sem hafi verið staflað upp. Tveimur stútum hafi verið staflað á neðsta brettið, og bretti sett ofan á það með þremur stútum sem hafi verið staflað hverjum ofan á annan. Hafi efsti stúturinn, án fyrirvara og án þess að nokkur hafi rekist í stútana eða brettin, fallið niður og á bak M. Þrír hryggjarliðir hafi brotnað við slysið og sé mesta mildi að ekki hafi farið verr, en einkenni M séu þó að hluta varanleg. Lögregla var kölluð á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 21. mars 2023, fyrir nefndinni. Þá var Vinnueftirlitinu tilkynnt samdægurs um slysið. Í málskoti eru gerðar athugasemdir við rannsókn lögreglu á aðstæðum og tildrögum slyssins sem hafi verið verulega ábótavant. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við að Vinnueftirlitið hafi ekki mætt á vettvang og rannsakað atvikið sérstaklega. Liggi því engin hlutlæg samtímagögn um orsök og aðdraganda slyssins fyrir. M vilji þó benda á að í aðdraganda slyssins hafi vörubretti með þremur stálstútum verið flutt um töluverða leið, eftir ósléttum vegi, á lyftara án þess að stúturnir hafi verið bundnir á brettið. Þeir hafi svo verið fluttir með lyftu upp á fjórðu hæð og komið fyrir ofan á öðrum stútum án þess að nokkrar ráðstafanir væru gerðar til festa þá eða raða með tryggilegum hætti. Á verkstað sé þá mikill titringur og hristingur alla daga enda séu lyftarar á ferð um svæðið og stórvirkar vinnuvélar í gangi allan sólarhringinn. M krafðist bóta úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að skortur hafi verið á verkstjórn og að aðstæður og aðbúnaður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi. Með bréfi, dags. 5. október 2023, hafnaði V kröfu hans á grundvelli þess að ekki hefði verið sýnt fram á saknæma háttsemi X eða starfsmanna þess í aðdraganda slyssins, og ekkert lægi fyrir um að stútunum hefði verið raðað með röngum hætti eða að starfsmenn X hafi mátt vita að hrunhætta stafaði af stútaskaðnum. M mótmælir því og vísar til þess að fyrir liggi vitnisburðir frá fimm samstarfsmönnum M sem staðfesti að stútunum hafi verið raðað óforsvaranlega á brettin og þeir ekki bundnir niður eða tryggðir með öðrum hætti til að varna hruni. Kröfu sinni til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. X hafi vanrækt að tryggja aðstæður á verkstað og sjá til þess að öryggi starfsmanna væri tryggt. Þá hafi ótilgreindur starfsmaður eða starfsmenn X sýnt af sér saknæma háttsemi með því að stafla stútunum með þeim hætti sem gert var og hafi þeim mátt vera ljóst að hættu stafaði af umræddu verklagi. Að þessu leyti hafi verkstjórn og eftirliti einnig verið ábótavant.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að M hafi ekki sýnt fram á að slys hans verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms aðbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á. M hafi ekki sýnt fram á það með neinum gögnum að umræddum stútum hafi verið raðað á rangan hátt eða fluttir með röngum hætti í umrædda stæðu. Hafi M þá ekki sýnt fram á að aðrir starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita af því að það stafaði slyshætta af því að raða stútunum með þeim hætti sem gert var og að þeir hafi vanrækt að bregðast við til að draga úr þeirri hættu. Slys M hafi verið tilkynnt réttilega til Vinnueftirlitsins og til lögreglu. Beri M sönnunarbyrði þess að slysinu hafi verið valdið af saknæmum mistökum starfsmanna X eða saknæmum vanbúnaði af hálfu X og hafi sú sönnun ekki tekist. Er það mat V að einfaldlega hafi verið um óhapp að ræða.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi umræddir sílóstútar fallið úr stæðunni og á M. Það bendi til þess að þeir hafi ekki verið tryggilega festir eða skorðaðir. Ábyrgð á því að hlutir sem augljóslega geti valdið tjóni falli þeir niður, séu ekki festir

nægilega liggi hjá X. Hafi því ekki verið um óhapp að ræða heldur afleiðingu saknæmrar vanrækslu á vinnustað.

Álit.

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess, starfsmanna þess, annarra aðstæðna eða atvika sem því verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Sönnunarbyrði þess hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum á M.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu var M fluttur af slysstað á sjúkrahús og er ljóst að hann var óvinnufær í kjölfar slyssins. Jafnframt liggur fyrir afrit tilkynningar X til Vinnueftirlitsins og ber hún með sér að hún var móttækin 22. mars 2023, og í málskoti kemur fram að hún hafi verið send Vinnueftirlitinu strax á slysdegi. Verður því að telja ljóst að umrædd tilkynning hafi verið send til samræmis við framangreindan áskilnað. Þrátt fyrir að vettvangsrannsókn hafi af einhverjum ástæðum ekki verið framkvæmd af hálfu Vinnueftirlitsins verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum. Er þá jafnframt til þess að líta að lögregla var kvödd á vettvang og liggur skýrsla hennar fyrir nefndinni.

Fyrir liggur að ekkert vitni varð að atvikinu sjálfu en í málskoti er vísað til yfirlýsinga fimm vitna og eru þær meðal gagna málsins. Í þeim koma fram athugasemdir við frágang stútanna og það að þeir hafi ekki verið bundnir með einhverjum hætti við brettið, enda staflist þeir ekki vel og hefði þurft litla hreyfingu til að koma þeim úr jafnvægi. Verður þó ekki ráðið með vissu af umræddum yfirlýsingum að starfsmönnum X hafi verið eða mátt vera ljóst að hættu stafaði af frágangi stútanna áður en slys M átti sér stað og þá kemur ekkert fram um að vinnuveitanda hafi verið gert viðvart um slíka hættu. Framangreinda vitnisburði verður jafnframt að skoða í því ljósi að um er að ræða yfirlýsingar samstarfsmanna M sem eru sendar honum í tölvupósti tæpu ári eftir umrætt atvik. Utan umræddra yfirlýsinga liggur ekkert fyrir um frekari tölvupóstsamskipti eða önnur tengsl M við umrædd vitni. Hafa því umræddar yfirlýsingar ekki sambærilegt vægi og ef þeirra hefði t.a.m. verið aflað af lögmanni M, lögreglu eða með vitnaleiðslum á grundvelli XII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá liggur fyrir skýrsla Y um atvikið og kemur þar fram að ekki sé vitað af hverju umræddir sílóstútar féllu en að það verði í ljós leitt með rótargreiningu (RCA). Sú greining er ekki meðal gagna fyrir nefndinni.

Verður því samkvæmt öllu framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að telja að ekki sé nægilega sýnt fram á að stútunum hafi verið ranglega staflað eða að X eða starfsmönnum þess hafi verið eða mátt vera ljóst að umrædd stöflun hefði hættu í för með sér. Verður því ekki talið að M hafi axlað þá sönnunarbyrði sem á honum hvílir og er óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 93/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 8. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 23. apríl 2024.
- Viðbótarathugasemdir lögmanns M dags. 29. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni X var hinn 6. maí 2022 ekið af hægri akrein Flatahrauns í Hafnarfirði, yfir á þá vinstri án nægjanlegrar aðgæslu með þeim afleiðingum að úr varð árekstur. Ók M bifreið sinni á vinstri akrein Flatahrauns og fékk við áreksturinn slink á líkamann, einkum á hægri öxl og háls. M tilkynnti um líkamstjón til V hinn 16. maí 2022 en bótaskyldu var hafnað af hálfu V 20. mars 2023. Vísaði V til hraða- og höggútreikningsskýrslu (PC-Crash) til stuðnings því að varanlegt heilsutjón geti ekki hafa hlotist af atvikinu. Hafnaði V að hlutast til um frekari gagnaöflun eða greiðslu fyrir hana en samþykkti án viðurkenningar á greiðsluskyldu að koma að greiðslu kostnaðar vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga sem falla til á fyrstu þremur mánuðum eftir slys.

M fer fram á að viðurkennd verði full og óskert bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X, sem tryggt er hjá V, vegna tjóns sem M varð fyrir í umferðaróhappinu þann 6. maí 2022. Telur M að enginn vafi leiki á að hann búi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Áréttar M að læknar hafa í þriggja greint hann með tognun í háls hrygg, hann hafi ítrekað sótt meðferð hjá sjúkraþjálfara og sérfræðingur í heimilislækningum segir að vel geti verið að ástand M sé varanlegt. Bendir M á að hraða- og höggútreikningsskýrsla A&Ö hafi ekkert sönnunargildi í líkamstjónamálum, hvorki að forminu til né efni.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur með hliðsjón af höggútreikningsskýrslu (PC-Crash) að umferðaróhappið sem M rekur einkenni sín til hafi alls ekki næga krafta til þess að valda varanlegu líkamstjóni og því sé ósannað að einkenni M verði rakin til umrædds umferðaróhapps. Bendir V á að M ber sönnunarbyrðina fyrir því að sanna tjón sitt, þ.m.t. hvort orsakatengsl séu fyrir hendi milli núverandi einkenna og slyssins sem um ræðir. M hafi í a.m.k. tveimur öðrum slysum hlotið áverka á háls og öxl og hefur verið metinn til samtals 12 miskastiga vegna þeirra einkenna. Hefur M ekki lagt fram með málskoti fullnægjandi gögn til sönnunar á orsakatengslum milli slyssins og einkenna sem hann telur sig búa við í dag. Slík orsakatengsl verða einungis sönnuð með framlagningu matsgerðar sérfróðra og óvilhallra matsmanna.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M er vísað til þess að misskilnings virðist gæta í málalítilbúnaði og úrvinnslu V á afgreiðslu málsins. Á fyrri stigum hafi V borið fyrir sig að bótaskylda væri ekki fyrir hendi. Fyrir nefndinni er aftur á móti fullyrt að bótaskylda sé fyrir hendi. Ekki er útskýrt í skrifum V hvers vegna hafnað er að standa sameiginlega að gagnaöflun vegna slyssins þegar bótaskylda vegna afleiðinga þess er fyrir hendi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 6. maí 2022 og ef svo er hvort V sé skylt að greiða fyrir gagnaöflun og mat á fjárhæð líkamstjóns M. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraðaútreikning dags. 9. júní 2022, sem V aflaði, má ráða að áreksturinn var vægur. Benda myndir af ökutækjum einnig til þess að ekki hafi komið mikið högg á bifreið M. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs til læknis og kvartaði undan einkennum frá hægri öxl, hálsi og mjóbaki. Leitaði hann svo aftur til læknis þann 24. maí 2022 vegna sömu einkenna og var þá vísað til sjúkraþjálfara. Ekki liggur fyrir skýrsla sjúkraþjálfara en af yfirliti yfir meðferðir sjúkraþjálfara má sjá að M hefur á tímabilinu frá 30. júní 2022 til 9. júní 2023 mætt í 23 skipti til sjúkraþjálfarans. Við komu til læknis 10. ágúst 2023 lýsir M verkjum í hálsi og mjóbaki. Hvað fyrra heilsufar M varðar, er í gögnum málsins að finna matsgerð dags. 19. febrúar 2020 vegna vinnuslyss árið 2016 og umferðarslyss árið 2018. Þá er í þeirri matsgerð einnig getið um umferðarslys árið 2014. Vegna þessara slysa hefur M verið samtals metinn til 12 stiga varanlegs miska og 10% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Er um að ræða tognunaráverka á háls og hægri öxl sem metin hafa verið til 8 stiga varanlegs miska, rof á upparmstvíhöfða hægri megin ásamt áverka á hægri öxl og axlargeting sem metinn hefur verið til 10% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og svo tognunaráverka á háls og axlir sem metinn hefur verið til 4 stiga miska. Þrátt fyrir að M hafi áður haft einkenni frá hálsi útilokar það ekki að hann sé þannig viðkvæmari fyrir því að slík einkenni versni vegna árekstursins 6. maí 2022. Benda fyrirbyggjandi gögn ekki til þess að M hafi áður haft einkenni frá mjóbaki. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni við áreksturinn 6. maí 2022 þó ekki liggi enn fyrir matsgerð um heildarafleiðingar líkamstjónsins. M telst því eiga rétt til greiðslu bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun og matsgerð vegna afleiðinga líkamstjóns hans.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til greiðslu bóta vegna matsgerðar og kostnaðar vegna gagnaöflunar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 94/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting. Ekið aftur á bak.****Gögn.**

30. Málskot mótttekið 8. apríl 2024.
31. Bréf V1 dags. 17. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
32. Bréf V2 dags. 8. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
33. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. júlí 2024 ásamt fylgiskjali.
34. Viðbótarathugasemdir V1 dags. 16. júlí 2024.

Málsatvik.

Hinn 22. janúar 2024 varð árekstur milli bifreiðanna A og B sem M ók, á bifreiðastæði. Aðilar fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og á framhlið skýrslunnar var hakað við að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak. Af afstöðumynd á framhlið skýrslunnar má þá greina að A og B hafi verið lagt í bifreiðastæði andstætt hvor annarri og þeim báðum verið bakkað úr stæðum sínum í aðdraganda áreksturs. Lýsing M á atvikum, eins og hún birtist á bakhlið tjónstilkynningar, er sú að hann hafi bakkað bifreið sinni út á götu og A hafi komið frá bifreiðastæði hinum megin götunnar og verið ekið á B. Lýsing A er á þann veg að ökutækjum hafi báðum verið lagt í bifreiðastæði þegar B hafi bakkað út. Örskömmu síðar hafi A bakkað út og þá farið í hlið B. Þegar A hafi sett í bakkgríp hafi engin bifreið verið sjáanleg og ekki hafi liðið nema örfáar sekúndur þar til B var búinn að bakka og A hafi fylgt á eftir. Ökumaður B hafi flautað þegar hann sá í hvað stefndi og A brugðist við með því að hemla, en þá hafi A verið komin í hlið B.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök skyldi skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M fellir sig ekki við þau málalok og í málskoti kemur fram að hann telji A bera alla sök á árekstrinum. A hafi þá fyllt út tjónstilkynninguna og afstöðumynd þar gefi ekki rétta mynd af atvikum. Hið rétta sé að B hafi lokið akstri aftur á bak og hafið akstur áfram þegar M varð var við bakkljós á A. Hafi hann þá gefið hljóðmerki til viðvörðunar en A ekið á B. Þá hafi verið vitni að atvikum sem geti staðfest frásögn hans. Í samskiptum M við V2 kemur þá fram að ökumaður A hafi verið með heyrnartól í eyrunum og því ekki getað brugðist við hljóðmerkinu.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að engin samtímagögn liggi fyrir sem bendi til þess að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Hvað varði tilvísun M til vitnis að atvikinu þá liggi ekki fyrir nein yfirlýsing þess vitnis né nánari upplýsingar um það. Jafnvel þó miðað væri við að B hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs sýni engin gögn fram á annað en að um augnabliksstöðvun hafi þá verið að ræða. Verði því að byggja á upphaflegri tjónstilkynningu við mat á sök aðila. Er það því mat V1 að rétt sé að skipta sök að jöfnu enda hafi hvorugur ökumanna gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram að félagið telji, með vísan til framburðar M, að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak og ekið á kyrrstæða bifreið B.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að afstöðumynd í tjónstilkynningu hafi ekki verið rétt og athugasemdum hans fylgir teikning af því sem hann telur rétta afstöðu bifreiðanna. Af teikningunni má ráða að B hafi lokið akstri aftur á bak og hafið akstur áfram þegar árekstur varð.

Í viðbótarathugasemdum V1 er ítrekað að félagið telji ekki tækt að leggja breyttan og órökstuddan framburð M til grundvallar niðurstöðu. Þá telji félagið ekki ástæðu til að líta fram hjá upphaflegri tjónstilkynningu sem sé undirrituð af báðum ökumönnum.

Álit.

Eins og fram er komið fylltu ökumenn út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Af henni má ráða að A og B hafi báðum verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Af frekari lýsingum aðila í tjónstilkynningu verður ekki ráðið að B hafi hafið akstur áfram þegar til áreksturs kom. Það hefur ekki úrslitaáhrif þó B hafi ekið fyrir af stað úr stæði sínu og jafnvel þó fallist yrði á að B hafi lokið akstri aftur á bak og verið kyrrstæð er til áreksturs kom verður ekki ráðið annað en að þá hafi einungis verið um augnabliksstöðvun að ræða. M vísar í málskoti til þess að vitni hafi orðið að atvikinu en meðal gagna málsins er ekki að finna yfirlýsingu þess vitnis. Þá liggja engin frekari gögn, svo sem ljósmyndir af skemmdum eða afstöðu bifreiðanna við árekstur, fyrir nefndinni. Er samkvæmt framansögðu óhjákvæmilegt að byggja á fyrrgreindri tjónstilkynningu sem er staðfest með undirritun beggja aðila.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B, bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 95/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot, móttakið dags. 8. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 21. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að ganga á vinnusvæði þegar starfsmaður á gröfu sneri gröfunni með þeim afleiðingum að hún fór í M og hann féll niður þrjá metra ofan í holu á verkstað og varð fyrir meiðslum. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að slys M yrði ekki rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna A eða annarra atvika eða aðstæðna sem A verði látin bera skaðabótaábyrgð á. M telur að A beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. M byggir á því að starfsmaður A hafi sýnt af sér gáleysi með því að hafa ekki gætt að öryggi annarra starfsmanna er hann sneri gröfunni með tilheyrandi afleiðingum fyrir M. Ljóst sé skv. lögregluskýrslu að starfsmaður A hafi ekki vitað að M hafi verið fyrir aftan gröfuna og fram komi í tilkynningu til Vinnueftirlitsins að gröfumaður hafi ekki orðið var við starfsmanninn. M telur ljóst að slysið sé að rekja til þess að starfsmaður A hafi ekki gætt að þeim almennum skyldum sem mælt sé fyrir um í 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í seinna bréfi M er bent á að það sé hlutverk gröfustjórnanda að vera á varðbergi gagnvart vegfarendum á vinnusvæðum samkvæmt áhættumati A og það sé í samræmi við lið 2.1 í 2. kafla II. Viðauka við reglugerð nr. 367/2006, um notkun tækja, en þar kemur fram að sjálfknúnum tækjum skuli einungis ekið og stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi þjálfun til að aka þeim og stjórna af fyllsta öryggi. Í þetta sinn hafi gröfustjórnandinn brugðist lögbundnum skyldum sínum þar sem hann gætti ekki að öryggi annarra starfsmanna er hann sneri gröfunni umrætt sitt.

Í bréfi V kemur fram að bótaskyldu hafi verið hafnað þar sem fyrirliggjandi gögn bendi til þess að slysið sé ekki að rekja til saknæms gáleysis gröfustjórnanda umrætt sinn eða annarra atvika eða aðstæðna sem A verði látinn bera skaðabótaábyrgð á. Í lögregluskýrslu komi fram framburður vitnis sem lýsi atviki þannig að M hafi verið fyrir aftan gröfuna og gröfustjórnandi sem hafi verið að snúa gröfunni við hafi ekki vitað af honum bakvið gröfuna. Sömu lýsingu gefi gröfustjórnandinn sjálfur í lögregluskýrslu en hann kveðst ekki hafa vitað af M fyrir aftan sig. Sama lýsing sé í skýrslu Vinnueftirlitsins. Af þessu megi sjá að M gerði gröfustjórnanda ekki viðvart um ferðir sínar á bakvið gröfuna. Samkvæmt upplýsingum frá A voru haldnir reglulega öryggisfundir og var þar alltaf aðalatriði að menn þurftu að ná athygli vélastjórnanda áður en gengið væri nálægt vinnuvél. Allir á vinnusvæðinu hafi verið meðvitaðir um þá vinnureglu. Sérstaklega hafi þetta verið áréttað við M vegna fyrra háttalags hans. Áhættumat dags. 11. júlí 2022 styðji þessar upplýsingar frá vátryggingartaka en þar sé áréttað að starfsmenn skuli halda sig a.m.k. 3 m frá vinnuvélum og tryggja eigi augnsamband við stjórnanda vinnuvélar. M eigi að vera kunnugt um gildandi reglur á vinnusvæðinu og að það væri lykilatriði að ná augnsambandi við stjórnanda vinnuvélar áður en farið væri nálægt vinnuvél. Því er mótmælt að brotið hafi verið gegn reglum reglugerðar nr. 367/2006 enda liggi fyrir að gröfustjórnandinn hafði hlotið viðeigandi þjálfun og hafi verið með réttindi til að stjórna gröfunni og verið með tilskilinn réttindi. Þá hafi hann fylgt vinnulagi og reglum er giltu á vettvangi. V telur að ekki sé við gröfustjórnandann að sakast eða að slysið sé að rekja til annarra atvika eða aðstæðna sem A verði látinn bera skaðabótaábyrgð á heldur verði fremur að líta til þess að slysið sé að rekja til eigin gáleysis M eða óhappatilviljunar.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort A beri ábyrgð á því að gröfustjórnandinn ók á M sem varð til þess að hann slasaðist. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hans sé að rekja til saknæmra og ólögðra athafna eða athafnaleyfis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Það liggur fyrir að gröfunni var ekið á M. Samkvæmt viðauka II reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, skal tæki notað þannig að sem minnst hætta stafi af fyrir þá sem nota það og aðra starfsmenn og sjálfknúnum tækjum skal einungis ekið og stjórnað af starfsmönnum sem hafa fengið viðeigandi þjálfun til að aka þeim og stjórna af fyllsta öryggi. Þá skal gera ráðstafanir til að skipuleggja vinnu þannig að gangandi starfsmenn séu ekki á ferli inni á svæði þar sem sjálfknúin tæki eru notuð. Ef ekki er unnt að vinna verk nema gangandi starfsmenn komi þar að skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þeir hljóti skaða af tækinu. Það liggur því ljóst fyrir að stjórnandi tækis ber ábyrgð á því að nota tæki þannig að sem minnsta hætta verði fyrir aðra starfsmenn. Þá ber gröfustjórnanda alltaf að vera á varðbergi gagnvart vegfarendum á vinnusvæðinu eins og kemur fram í upplýsingum frá A. A ber því ábyrgð gagnvart M þar sem gröfustjórnandi gætti ekki að því hvort hætta gæti stafað af tækinu gagnvart honum.

Í reglugerðinni kemur einnig fram að fram að atvinnurekandi beri ábyrgð á því að gert sé áhættumat á vinnustað. Í gögnum málsins liggur fyrir áhættumat sem A hefur gert. Þar kemur fram að starfsmaður skuli halda sig a.m.k. 3 metra frá vinnuvélum og tryggja augnsamband við stjórnanda vinnuvélar. Út frá áhættumatinu og því að M sótti sannanlega öryggisnámskeið átti honum að vera ljóst að hann þurfti að halda sig frá vinnuvélinni og ná augnsambandi við stjórnanda tækisins til að láta vita um ferðir sínar. Það gerði M ekki og verður að líta svo á að M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem hafi verið meðorsakandi þáttur í slysinu. Með vísan til alls framangreinds ber V bótaábyrgð á slysinu en þar sem M fór ekki að reglum samkvæmt áhættumatinu þykir rétt að hann beri helming sakar skv. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V, en bætur skerðast um helming vegna meðábyrgðar skv. 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga.

Reykjavík, 16. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 96/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sönnun.****Gögn.**

35. Málskot mótttekið 8. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
36. Bréf V1 dags. 17. apríl 2024 ásamt fylgiskjali.
37. Bréf V2 dags. 12. júní 2024.
38. Tölvupóstur M dags. 9. ágúst 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjonstilkynningu eiganda A til V1, dags. 29. desember 2023, varð hinn 23. desember sama ár, tjon á bifreiðinni A sem er í eigu eiginkonu M. Atvik hafi verið þau að A hafi verið lagt í bifreiðastæði og þegar M hafi komið að sækja A hafi B verið lagt í stöðureit við hlið hennar og greinilegt tjon verið á A. Hafi framhurð B greinilega rekist utan í A og valdið skemmdum á henni. M lagði þá fram ljósmyndir af vettvangi.

Ökumaður B neitaði að hafa valdið tjoninu og í kjölfarið óskaði V2 eftir því að Aðstoð og öryggi framkvæmdi samanburð á bifreiðunum. Liggur skýrsla þess fyrirtækis, dags. 30. janúar 2024, fyrir nefndinni. Kemur þar m.a. fram að eigandi A hafi ekki átt þess kost að koma með bifreiðina til skoðunar í Reykjanesbæ, þar sem B hafi verið staðsett, og hafi bifreiðarnar því verið skoðaðar sín í hvoru lagi. Niðurstaða skýrsluritara var sú að þar sem hæð og fjölda ákoma á hurðarbrún B annars vegar og á vinstri afturhurð A hins vegar, hafi ekki borið saman verði ekki sagt með vissu að bílstjóratur B hafi rekist á vinstri afturhurð A. Á grundvelli þessa hafnaði V2 bótageiðslu úr ábyrgðartryggingu B enda væri ósannað að tjon á A væri að rekja til notkunar B.

Í málskoti og öðrum málgögnum kemur fram að M geri athugasemdir við fyrrgreinda skýrslu svo og viðbrögð V2. Hann telur skýrsluna gallaða þar önnur bifreiðanna hafi verið skoðuð innandyra á sléttu undirlagi, en hin á kafi í snjó, og gefi því augaleið að allar samanburðarmælingar sem gerðar séu við slíkar aðstæður séu marklausar. Þá hafi bifreiðastæðið, þ.e. tjonsvettvangur, einnig verið þakið ís, sem skekki einnig eftirfarandi hæðarmælingar. M gerir þá einnig athugasemdir við þá tilhögun að hann hafi verið beðinn að koma með bifreiðina A til Reykjanesbæjar til skoðunar og veltir fyrir sér af hverju ekki hafi verið farið fram á komið yrði með B til Reykjavíkur. Þá vísar M til ljósmynda sem hann hafi tekið á vettvangi, en þar megi m.a. sjá rauðan lit í skemmdum á A, en B sé einmitt rauð.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjonnsdegi, til nefndarinnar er tekið undir athugasemdir M. Þannig hafi ósamræmi í undirlagi bifreiðanna við skoðun þeirra getað valdið skekkju í mælingum. Þá er vísað til þess að rautt litasmit sjáist greinilega á A. Telji V1 því að M hafi fært nægilegar sönnur á að tjon á A verði rakið til notkunar B og sé bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjonnsdegi, til nefndarinnar er vísað til þess að ökumaður B hafi hafnað því að hafa valdið umræddu tjonni. Þá hafi skýrsluritari Aðstoðar og öryggis ekki getað sagt með vissu að tjon hafi atvikast með þeim hætti sem M lýsi. Á grundvelli þessa hafni V2 því að skemmdir á A verði raktar til notkunar B.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjon á A megi rekja til notkunar B en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Fyrirbyggjandi eru ljósmyndir M af vettvangi sem sýna að A og B er lagt hlið við hlið í stæði. Þá liggja fyrir ljósmyndir sem sýna tvær ákomur á hægri afturhurð A. Á efri ákomunni má sjá rautt litasmit. Þá liggja fyrir ljósmyndir frá M sem sýna að því er virðist tvær lakk sprungur á brún vinstri framhurðar B. Þar er ökumaður B umrætt sinn neitaði að hafa valdið tjoninu fór fram sérstök skoðun á tjonni á bifreiðunum svo sem framan er rakið. Kemur fram í fyrirbyggjandi skýrslu vegna hennar að aðeins eitt tjon hafi sést á hurðarbrún vinstri framhurðar B. Það tjon hafi verið í um 98 sentimetra hæð, en ákomur á A hafi verið í 85 og 101 sentimetra hæð. Taka má undir með M varðandi það að

mismunandi aðstæður við skoðun á bifreiðunum kunni að hafa valdið skekkju í mælingum. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því að niðurstaða umræddrar skýrslu er sú að ekki sé sýnt fram á að tjón á A megi rekja til notkunar B. Verður M, í ljósi þeirrar sönnunarbyrði sem á honum hvílir, að bera hallann af því. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

Eigandi A, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B, hjá V2.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 97/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A)****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

39. Málskot mótttekið 8. apríl 2024.

40. Bréf V dags. 6. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 20. janúar 2024 hafi M verið ökumaður A sem sé í eigu vinnuveitanda hans. Hafi A ekið á bifreiðina B, sem sé í eigu M, en hún hafi verið mannlauk á bifreiðastæði. V hafi hafnað að bæta tjónið á B þar sem félagið teldi engan þriðja aðila hafa orðið fyrir tjóni.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til 6. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 en þar komi fram að það sé eigandi ökutækis eða umráðamaður sé hann skráður í ökutækjaskrá, sem beri ábyrgð á því og sé fébótaskyldur samkvæmt 4. og 5. gr. sömu laga. Ábyrgðartrygging A nái til sérhverrar skaðabótakröfu sem skylt sé að tryggja gegn samkvæmt lögnum. Í skilmála váttryggingarinnar komi þá fram að hún bæti ekki skemmdir á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum tryggingartaka eða tryggðs. Er þá vísað til fræðaskrifa þar sem fram komi að stjórnandi skráningarskylds ökutækis geti ekki reist kröfu á hendur eiganda vegna tjóns á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu. Slík krafa verði aðeins gerð á grundvelli sakar eða bilunar eða galla í ökutækinu. Í þessu tilviki sé þá ljóst að tjón á B verði rakið til sakar M sjálfs en sakar ekki eiganda A. Það sé þá til samræmis við eðli ábyrgðartrygginga að tjónvaldur geti ekki átt skaðabótakröfu á hendur sjálfum sér. Er þá vísað til þess að samkvæmt sérreglu 2. ml. gr. 14 í umræddum váttryggingarskilmálum bæti váttryggingin þó skemmdir á eigin bifreið tryggðs af völdum áreksturs hins tryggða ökutækis. Það ákvæði nái ekki til tjóns M enda teljist hann ekki tryggður samkvæmt skilmálunum þar sem hann sé hvorki eigandi né umráðamaður A.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Gildissvið ábyrgðartryggingar A hjá V er skilgreint svo í 13. gr. þeirra að váttryggingin nái til sérhverrar skaðabótakröfu á hendur tryggðum, þ.e. eiganda eða umráðamanni, sem skylt sé að tryggja gegn samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækisins.

Kemur þá til skoðunar hvort M eigi skaðabótakröfu á eiganda A vegna tjónsins. Í fyrirliggjandi tjónstilkynningu M til V dags. 29. febrúar 2024, kemur fram að B hafi verið kyrrstæð og mannlauk í bifreiðastæði þegar M hafi tekið of harkalega beygju út úr innkeyrslu og ekið A aftan á B. Má því telja óumdeilt að M beri sök á umræddum árekstri.

Lög um ökutækjatrýggingar svara því ekki beint hvernig fari með kröfu tjónþola á hendur eiganda ökutækis þegar tjónþoli er einnig ökumaður og ber ábyrgð á tjóninu, en almenna reglan er sú að enginn geti átt kröfu á hendur sjálfum sér. Í fræðaskrifum hefur þá verið miðað við að stjórnandi ökutækis geti ekki byggt rétt sinn á hinni hlutlægu ábyrgðarreglu sem nú er að finna í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Hyggist stjórnandi ökutækis sækja batur til eigenda þess vegna tjóns á munum verði slík krafa því aðeins reist á sök eiganda, en slíkt getur t.a.m. komið til ef bágt ástand bifreiðar leiðir til tjóns, eða á grundvelli þess að bilun eða galli komi fram við akstur ökutækisins. Eins og áður er rakið verður ekki séð að slíkar aðstæður séu uppi hér heldur sé tjón á B aðeins að rekja til aksturslags M er hann ók A úr innkeyrslunni. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 98/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

41. Málskot mótttekið 8. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
42. Bréf V dags. 7. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. desember 2022, er hann var að störfum fyrir Y, hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M var að störfum sem bílstjóri við vinnustað X þar sem hann var að sækja varning. Hafi M verið að loka hurðum á vagni sínum að lestun lokinni þegar lyftara var ekið yfir vinstri fót hans með m.a. þeim afleiðingum að hann ristarbrotnaði. M telur að slysið verði rakið til gáleysis lyftarastjórans og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna líkamstjóns síns. Með bréfi dags. 5. september 2023 hafi V hafnað kröfu hans á grundvelli þess að M hafi borið að láta stjórnanda lyftarans, Z, vita af ferðum sínum um svæðið.

M byggir á því að Z, sem hafi verið starfsmaður X, hafi sýnt af sér saknæma og gáleysislega háttsemi þegar hann bakkaði lyftaranum yfir fót M. Á öikumönnum vélknúinna ökutækja hvíli rík ábyrgð á því að ekki verið slys af notkun slíkra tækja, og ljóst sé að Z hafi ekki gætt nægilega að fótgangandi umferð á svæðinu eða litið aftur fyrir sig áður en hann bakkaði. Vísar M í þessu samhengi til 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þá telur M að öryggisráðstöfunum hafi verið ábótavant en það hvíli á X að tryggja að aðstæður séu með þeim hætti að sem minnst slyshætta sé fyrir hendi, sbr. nánar tilgreind ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vísar M þá jafnframt til viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja og þeirra öryggisráðstafana sem þar sé kveðið á um.

M byggir þá jafnframt á því að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við 79. gr. laga nr. 46/1980. Tilkynning hafi ekki borist stofnuninni fyrr en 18. desember 2022, en í ljósi áverka og óvinnufærni M hafi borið að tilkynna strax um slysið. Vegna þessarar vanrækslu X hafi Vinnueftirlitinu ekki verið unnt að rannsaka slysið. Samkvæmt dómafordæmum sé þá litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í höfnunarbréfi V hafi verið byggt á því að rekstrarstjóri X hafi samdægurs haft samband við Vinnueftirlitið og í framhaldi af ráðleggingum þess hafi slysið verið skráð í innra kerfi X en ekki tilkynnt formlega. Þær leiðbeiningar hafi verið staðfestar skriflega. M mótmælir þeirri frásögn og telur hana með ólíkindum, og þá hafi V, þrátt fyrir beiðni þar að lútandi, ekki lagt fram hinar meintu skriflegu leiðbeiningar. M áréttar þá að sjálfstæð skylda hafi hvílt á X til tilkynningar, þrátt fyrir að M væri starfsmaður Y, og vísar því til stuðnings til 1. mgr. 17. gr. laga nr. 46/1980.

Þá mótmælir M lýsingu á atvikum eins og hún hafi komið fram í höfnunarbréfi V. Hafi M verið að athafna sig á vinnusvæði bílstjóra en ekki lyftara. Z hafi hins vegar bakkað lyftaranum of langt og greinilega lengra en hann ætlaði sér.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt lýsingu X hafi M verið að fylgjast með Z lesta bifreið M. Á meðan lyftari hafi enn verið að lesta bílinn hafi M gengið fyrir aftan lyftarann og þegar lyftarinn bakkaði hafi M verið fyrir lyftaranum og Z hafi með engu móti getað séð hann. Í tilkynningu Y til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins komi fram svipuð atvikalýsing nema þar segi að M hafi farið til að loka hurðum á bifreiðinni eftir að lestun var lokið. Hvort sem lestun var lokið eða ekki liggi í öllu falli ljóst fyrir að lyftarinn var enn á svæðinu þegar M ákvað að fara á bak við hann. Þá sé því mótmælt að X hafi sýnt af sér vanrækslu hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins. M hafi ekki verið starfsmaður X og tilvísun til 17. gr. laga nr. 46/1980 eigi ekki við. Hvað sem því líði hafi X þó sannanlega haft samband við Vinnueftirlitið innan sólarhrings og fengið þær upplýsingar að tilkynningarskylda um slysið hvíldi á Y. Hafi stofnuninni þá verið í lófa lagið að rannsaka slysið en það hafi ekki verið gert. Þá er því hafnað að slysið megi rekja til sakar Z. Um vinnusvæði lyftara hafi verið að ræða og samkvæmt X sé venjan sú að bílstjórar bíði í bifreiðum sínum meðan bifreiðar eru

fermdar eða affermdar af lyftara. Oft hafi bílstjórar beint samband við lyftaramenn með símtali og þurfi ekki að fara út úr bifreiðum sínum. Frá þeirri venju hafi M vikið og hafi honum því borið að sýna íturstu varúð á svæðinu. Á vinnusvæði lyftara gildi þá almennt sú vinnuregla að gangandi vegfarendur eigi að láta lyftarastjórnanda vita af sér þurfi þeir að skera leiðir þeirra. Þá sé það almennt viðhaft verklag að aldrei skuli gengið í veg fyrir lyftara á ferð. Telur V því ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til sakar af hálfu X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð á.

Telji nefndin allt að einu að bótaskylda sé fyrir hendi sé þá ástæða til að skerða bótarétt M um helming á grundvelli þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að fara skyndilega á bak við lyftara að störfum án þess að gera stjórnanda hans viðvart. Hafi M, sem hafi 20 ára reynslu sem bílstjóri, mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu sem af því leiddi.

Álit.

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess, starfsmanna þess, annarra aðstæðna eða atvika sem því verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Sönnunarbyrði þess hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum á M.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Fyrir liggur tölvupóstur Vinnueftirlitsins til X dags. 14. desember 2022, þar sem vísað er til símtals milli aðila þá um morguninn. Kemur þar m.a. fram að Y en ekki X, beri að tilkynna um slysið innan sjö daga. Liggur fyrir að Y tilkynnti Vinnueftirlitinu um slysið hinn 18. desember 2022. Þrátt fyrir að vettvangsrannsókn hafi af einhverjum ástæðum ekki verið framkvæmd af hálfu Vinnueftirlitsins verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að ekki hafi verið réttilega tilkynnt um slys M.

Fyrir liggur að ekkert vitni varð að atvikinu sjálfu og ekki er meðal gagna málsins að finna yfirlýsingu stjórnanda umrædds lyftara. Óumdeilt virðist þó að lyftaranum hafi verið ekið aftur á bak og á fót M. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga ber öikumanni, áður en hann ekur ökutæki aftur á bak, að ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Samkvæmt gr. 1.1 II. viðauka II reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, skal tæki notað þannig að sem minnst hætta stafi af fyrir þá sem nota það og aðra starfsmenn og í gr. 2.2 kemur fram að séu tæki á ferð á vinnusvæðum skuli setja upp viðeigandi ökureglur og fylgja þeim. Þá liggur fyrir áhættugreining X þar sem m.a. er fjallað um akstur lyftara. Kemur þar fram að töluverð hætta sé á árekstrum og að „þegar ekið er á lyftara skal gæta fyllstu varúðar að gangandi vegfarendum.“ Verður að miða við að stjórnandi lyftarans hafi ekki gætt nægilega að fyrrgreindum áskilnaði umrætt sinn. Er það því álit nefndarinnar að bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Kemur þá til skoðunar hvort rétt sé að M beri hluta tjóns síns sjálfur en samkvæmt 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. V byggir á því að svo hafi háttað hér og meðfylgjandi andsvörum félagsins er m.a. starfsmannahandbók X þar sem m.a. kemur fram að starfsmenn skuli aldrei ganga í veg fyrir lyftara sem sé á ferð. Þá er byggt á því að um hafi verið að ræða skilgreint vinnusvæði lyftara. Að mati nefndarinnar er, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, ekki ljóst að svo hafi verið. Hvað sem því líður verður þá að jafnframt að líta til þess að M var ekki starfsmaður X, og liggur ekkert fyrir um að honum hafi verið kunnugt um efni starfsmannahandbókar þess. Né liggur nokkuð fyrir um að sérstaklega hafi verið varað við umferð gangandi um umrætt svæði, en af málsgögnum má ráða að um sé að ræða svæði sem bifreiðastjórar aka inn á til að taka á móti vörum og má því gera ráð fyrir umferð þeirra um svæðið, og því að þeir athafni sig við bifreiðar sínar. Hvað varðar vísan til þeirrar venju að bílstjórar haldi sig í bifreiðum sínum meðan ferming fer fram þá liggur ekkert fyrir um að M hafi verið kunnugt um þá venju, eða að hún hafi verið kynnt bifreiðastjórum með einhverjum hætti eða mælst til þess að þeir héldu sig í bifreiðum sínum. Sönnunarbyrði þess að M hafi umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi hvílir á V og hefur slík sönnun a mati nefndarinnar ekki tekist. Kemur skerðing á grundvelli 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga því ekki til álita.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 99/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

- Málskot mótttekið 8. apríl 2024.
- Bréf V1, dags. 23. apríl 2024, ásamt tjónaskýrslu.
- Bréf V2, dags. 8. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 22. maí 2024.
- Viðbótarathugasemdir V1, dags. 29. maí 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi ökutækjaskýrslu frá fyrirtækinu Aðstoð & Öryggi, varð árekstur á hringtorgi á gatnamótum Nýbýlavegar og Auðbrekku í Kópavogi hinn 26. janúar 2024 milli bifreiðanna A sem er í eigu M, og B. Báðum bifreiðum var ekið austur Nýbýlaveg að hringtorginu. Framburður ökumanns A í ökutækjaskýrslu er á þann veg að hann hafi ekið í ytri hring og ætlað út úr hringtorginu áfram austur Nýbýlaveg. Er hann var að keyra framhjá arminum upp Auðbrekku var bifreiðinni B beygt úr úr hringtorginu og inn í vinstri hlið bifreiðarinnar, aftan á A. Í framburði ökumanns B kemur fram að hann hafi ekið inn á innri hring hringtorgsins og verið að beygja út úr hringtorginu til hægri, upp Auðbrekku en sá ekki A sem var á ytri hring.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 163/24 að ökumaður B beri helming sakar fyrir að aka út af innri akrein á fyrsta útakstri og ökumaður A ber einnig helming sakar fyrir að veita ekki umferð um innri hring forgang.

M er ósáttur við þessa sakarskiptingu og telur að sonur hans sem var ökumaður A hafi aldrei fengið tækifæri til að veita B forgang þar sem hann var talsvert fyrir framan B og ekki mögulegt að sjá að hann ætlaði sér að fara út úr hringtorginu. Auk þess gerði ökumaður A ráð fyrir því að B yrði ekki beygt út þar sem það er bannað samkvæmt umferðarlögum. Telur M að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum.

V1 telur með hliðsjón af 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga og rétt hæð sérreglna gagnvart almennum reglum laganna að ökumaður B skuli bera alla sök á árekstri bifreiðanna. Ákvæði 2. mgr. 19. gr. sé sérregla fyrir umferð um innri hring hringtorgs, þar sem lögð er sú skylda á ökumenn sem ætla að aka út úr hringtorgi á fyrstu gatnamótum, að aka inn í hringtorgið á ytri hring. Má gagnálykta frá því ákvæði að akstur út úr innri hring hringtorgs við fyrstu gatnamót sé óheimilaður.

V2 vísar til háttæmisreglu 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga og telur ljóst að báðir ökumenn hafi brotið gegn háttæmisreglum ákvæðisins. Telur V2 rétt að sök verði skipt til helminga og vísar til úrskurða nefndarinnar máli sínum til stuðnings.

Álit.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjetryggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttæmisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Þar sem B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þessa gætti ökumaður B ekki. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, að Auðbrekku, sbr. 3. málslíð sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Þessu til viðbótar verður einnig að líta til þess að ökumaður B kveðst í framburði sínum ekki hafa séð bifreiðina A sem var á ytri hring hringtorgsins og það þrátt fyrir að bifreiðunum hafi verið ekið samhliða inn í hringtorgið og ákoma er á aftari hluta

bifreiðarinnar A. Með því braut hann einnig gegn aðgæsluskyldu 1. mgr. 19. gr. laganna þar sem segir að ökumaður vélknúins ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa fyrir aðra. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 11. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 100/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

- Málskot móttakið 10. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 19. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 9. ágúst 2022 hafi M lent í umferðarslysi á Reykjanesbraut rétt norðan við Álftanesveg. Hafi M verið ökumaður bifreiðarinnar B, sem hafi verið kyrrstæð við umferðarljós þegar dráttar bifreiðinni A var ekið aftan á hana. M hafi leitað læknis samdægurs vegna stífleika í hálsi og baki og út í hægri öxl og handlegg. Hafi hann næst leitað til læknis hinn 25. ágúst 2022 og þá verið greindur með tognun og ofreynslu á háls hrygg og fengið beiðni í sjúkraþjálfun. Við komu til læknis hinn 9. janúar 2023 hafi M enn verið að glíma við kraftminnkun í hægri hendi, auk þess sem hann hafi verið með verki í kringum hægra herðablað og hægra megin í hálsi og fundið fyrir dofa. Hafi niðurstaða myndgreiningar, dags. 11. janúar 2023, verið sú að lítil beinbjúgur var á liðbol C6 canialt til hægri. Þá sé fyrirliggjandi skýrsla sjúkraþjálfara en M hafi sótt vikulega sjúkraþjálfun á tímabilinu september til desember 2022 en síðan og til dagsins í dag hafi meðferð farið fram með tveggja til þriggja vikna millibili. Skýrsla sjúkraþjálfara sýni fram á að M sé enn að kljást við afleiðingar slyssins og verði að telja þær varanlegar. Á grundvelli framangreinds hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A, en V hafi hafnað bótaskyldu með vísan til PC-Crash skýrslu sem sýni lítinn þyngdarkraft árekstursins. M gerir ýmsar athugasemdir við þann málflutning og tekur fram að læknisfræðilegt tjón skuli metið eftir læknisfræðilegum gögnum og upplýsingum. Þannig komi höfnun bótaskyldu á grundvelli slíks útreiknings aðeins til álita þegar talið sé hafið yfir allan vafa að líkamstjón hafi ekki getað hlotist af atviki. Þá sé A tæp 49 tonn að þyngd en bifreið M 1.385 kíló. Eðli máls samkvæmt hafi höggið af árekstrinum því verið töluvert. M áréttar þá að fyrir liggi sjúkragögn sem staðfesti að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við slysið og að orsakatengsl séu milli þess og árekstursins.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt tjónstilkynningu ökumanns A hafi báðir ökumenn haldið því fram að þeir væru kyrrstæðir, en önnur bifreiðin hafi runnið á hina með þeim afleiðingum að bifreiðarnar rákust saman. Hafi plaststuðarakápa á B rispast við ákomuna. Að mati V séu orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans ósönnuð. Höggið hafi verið vægt og aðeins örlítill rispa á B. V telur þá fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn ekki hafa sönnunargildi í málinu enda byggi þau á verulega ýktum lýsingum M á atvikum. Þannig hafi hann lýst því fyrir lækni að um 60 tonna trukkur hafi ekið aftan á hann og að höggið hafi verið talsvert. Fyrir sjúkraþjálfara hafi hann lýst því að höfuð hans hafi skolið fast í hnakkapúðann við áreksturinn og hann hafi fengið mikinn hnykk á hálsinn. Einkenni M séu þá almenns eðlis og ýmislegt, annað en þessi vægi árekstur, sem gæti hafa orsakað þau. Þá liggi ekki fyrir ítarlegt vottorð bæklunarlæknis eða örorkumat sem staðfesti slík orsakatengsl. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 9. ágúst 2022. Í málflutningi V er jafnframt gefið í skyn að ágreiningur sé uppi varðandi það hvort A eða B hafi færst úr stað í aðdraganda áreksturs. Í því samhengi verður ekki litið fram hjá því að í bréfi V til M dags. 15. apríl 2024 virðist gengið út frá því að A beri sök á umræddum árekstri. Er það einnig í samræmi við sameiginlega tjónstilkynningu aðila þar sem merkt er við að um aftanáakstur hafi verið að ræða. Kemur það atriði því ekki til frekari skoðunar heldur aðeins það hvort nægilega sé sýnt fram á orsakatengsl umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans.

V lét vinna skýrslu um um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Af fyrirliggjandi læknisvottorði dags. 22. september 2022 má ráða að M leitaði til læknis strax á slysdegi og lýsti þá stífleika í hálsi og baki og aðeins út í hægri öxl. Hann leitaði svo aftur á heilsugæslu hinn 25. ágúst 2022 og lýsti þá sömu einkennum, auk þess sem máttleysi í öxl og handlegg færi vaxandi, og þá fyndi hann fyrir dofa í framhandlegg. Fékk M þá beiðni vegna sjúkraþjálfunar og fyrirliggjandi er skýrsla sjúkraþjálfara, dags. 29. ágúst 2023 um meðferðina. Kemur þar fram að M hafi fyrst komið til sjúkraþjálfara hinn 5. september 2022, og hafi meðferðartímar verið einu sinni í viku til að byrja með en svo á tveggja til þriggja vikna millibili. Hafi meðferðin skilað ákveðnum árangri en kraftleysi í handlegg, aukin vöðvaspenna og verkir hægra megin við herðablað og inn að brjóstbaki séu enn til staðar. Þá kemur fram að við myndrannsókn í janúar 2023 hafi M greinst með beinmar neðarlega í háls hrygg. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði dags. 13. september 2023 leitaði M til læknis 9. janúar það ár og kvartaði undan verkjum frá hálsi með leiðni kringum hægra herðablað og gekkst í kjölfar þess undir fyrrgreinda myndrannsókn. Af upplýsingum um fyrra heilsufar í fyrirliggjandi gögnum verður þá ekki séð að M hafi áður haft einkenni frá háls hrygg eða brjóstbaki eða svæðinu þar í kring.

Samkvæmt framansögðu verður að telja meiri líkur en minni á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn 9. ágúst 2022 þó ekki liggi enn fyrir matsgerð um heildarafleiðingar þess. M telst þá eiga rétt til greiðslu bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun og matsgerð vegna afleiðinga líkamstjóns hans.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 101/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

43. Málskot móttakið 10. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.

44. Bréf V, dags. 22. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kvartað sé yfir ákvörðun V sem hafi hafnað bótaskyldu X vegna afleiðinga veikinda M, sem M rekur til myglu í atvinnuhúsnæði sem sé komin vegna starfa fyrir X.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi hafið störf hjá X árið 2012 sem forstöðumaður þjónustuíbúða í húsnæði Félagsbústaða hf. að Norðurbrún 1 í Reykjavík. Í gögnum málsins liggur fyrir álitserð X vegna starfseminnar að Norðurbrún 1 frá 2015. Í álitserðinni er vísað til ýmissa viðhaldsmála, þ.m.t. eldri rakaskemmda en engum sérstökum áhyggjum lýst af myglu. Þá liggur fyrir að árið 2016 sendi X einn tölvupóst til verkefnastjóra Félagsbústaða, sem leigusala, þar sem óskað var eftir samtali og að húsnæðið yrði skoðað með tilliti sveppa. Ekki liggja fyrri nein frekari gögn sem sýna eftirfylgni X vegna þessa tölvupósts fyrir en árið 2021 þegar X fer sannarlega fram á að húsnæðið að Norðurbrún verði skoðað með tilliti til myglu. Í september 2021 fer X fram á framkvæmd mygluprófana á húsnæðinu. Umbeðin skoðun, sem framkvæmd var af MT Ísland, fór fram í október 2021 og í skýrslu kemur fram að myglusýni hafi verið tekin í fimm rýmum, þrjú rými mældu magn af myglu í meðallagi en í tveimur rýmum mældist mygla í hærra lagi. Í kjölfarið voru tekin loftskýni í rýmum sem gáfu til kynna að loftgæði í rýmum voru góð og í lagi. Engu að síður var ráðist í að sótthreinsa umrædd tvö rými í nóvember 2021 og gögn málsins gefa til kynna að 99,999% örvera hafi drepist við þá aðgerð. Í nóvember 2021 framkvæmdi Hollvist ehf. frekari skoðun á húsnæðinu að Norðurbrún 1. Þannig voru framkvæmdar rakamælingar sem sýndu ýmist eðlilegt rakastig eða staðbundnar hækkningar á rakastigi, en mygla var ekki staðfest í húsnæðinu. Engu að síður var samþykkt að ráðast í allar þær úrbætur sem fram komu í skýrslu Hollvistar, þ.m.t. lagfæringar í þaki og gluggum o.fl. Hinn 21. desember 2021 sendi starfsmaður á vegum Félagsbústaða hf. tölvupóst varðandi uppfærða stöðu á viðhaldsverkefnum vegna húsnæðisins. Í tölvupóstinum kemur fram að búið sé að yfirfara athugasemdalista frá X og á einhverjum stöðum hafi verið gerðar athugasemdir við rakaskemmdir en hvergi hafi fundist mygla. Þá sé búið að lagfæra það sem hægt væri að ganga beint í. Í tölvupóstinum var einnig óskað eftir frekari athugasemdum X ef hún teldi að eitthvað mætti betur fara. Gerði X engar athugasemdir. Þá var ráðist í gluggaísetningu í apríl 2022 og í júní 2022 var ráðist í endurnýjum gólfefna og málun skrifstofu. Þá fóru fram viðgerðir á þaki húsnæðisins vorið 2022. Á framkvæmdatíma var skrifstofusvæðið reglulega sótthreinsað. Í gögnum málsins kemur einnig fram að X hafi sagt upp starfi sínu í febrúar 2022. Í uppsagnarbréfi er m.a. vísað til þess að starf X hafi síðustu tvö ár haft slæm áhrif á heilsu hennar. Í læknisvottorði, dags. í júní 2022, kemur m.a. fram að X eigi sögu um stækkun skjaldkirtils og asma frá tvítugsaldri og hafi áður verið hjá lungnalækni. Í gögnum málsins er einnig að finna eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 2014, 2016, 2017, 2018, 2019 og 2022 (úttektir féllu niður 2020 og 2021 vegna Covid-19) og þar er hvergi að finna tilvísun til þess að mygla hafi fundist í húsnæðinu eða gerðar kröfur til úrbóta vegna mygluskemmda.

M byggir kröfur sínar á því að hún sé með veikindi sem rekja megi til myglu- og rakaskemmda í starfsstaðstöðu hennar hjá X frá árinu 2015. M vísar til þess að tjón hennar megi rekja til vanrækslu X við að tryggja öryggi og aðbúnað á vinnustaðnum. Þannig hafi X gerst brotlegt við ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Telur M að X hafi átt að gera rannsókn á húsnæðinu og úttektir til að ganga úr skugga um að stafsskilyrði hafi verið fullnægjandi. Þá vísar M

til þess að M hafi gert allt sem í hennar valdi stóð til að gera X viðvart um stöðu mála. Þannig hafi hún allt frá árinu 2015 bent á að í húsnæðinu væru rakaskemmdir og að ekki hafi verið brugðist við af hálfu X eða leigusala. Einnig vísar M til þess að X hafi sannarlega brugðist við í kjölfar tölvupóstsins árið 2021 en þá hafi M beitt sér fyrir því að húsnæðið yrði skoðað í sex ár hið minnsta, en árangurs. Telur M að X beri ábyrgð á því að hafa látið hjá líða að bregðast við öll þessi ár. Loks vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3068/2022, frá 26. febrúar 2024 máli sínu til stuðnings og fyrirbyggjandi læknisvottorðs o.fl.

V hafnar því að sýnt sé fram á að tjón M megi rekja til saknæmrar eða ólögmetrar háttsemi X. V bendir á að ekkert sé í gögnum málsins sem gefur til kynna að saknæm háttsemi X sé til staðar. Þannig liggja ekki fyrir nein gögn sem sýni samskipti vegna myglu frá 2015 til 2021 fyrir utan einn tölvupóst þar sem lagt sé til að skoða þurfi húsnæðið að teknu tilliti til sveppa. Engin frekari samskipti liggja fyrir vegna þess pósts og ekki verði séð að M hafi fylgt erindinu eftir með nokkrum hætti, þrátt fyrir að hún hafi starfað sem forstöðumaður starfseminnar í húsnæðinu sem um ræðir. Þá sýni gögn málsins að brugðist hafi verið fljótt og vel þegar erindi barst frá M árið 2021 um að M teldi myglu vera til staðar á húsnæðinu. Ráðist hafi verið í úrbætur og að á þeim tíma hafi mælingar á húsnæðinu aðeins mælt myglu í loftsynum í tveimur rýmum húsnæðisins, þ.e. skrifstofu vaktar og í einni íbúð. Frekari rannsóknir á rýmum sýndu að loftgæði væru viðunandi í báðum rýmum. Þannig hafi M ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á saknæma og ólögmetra háttsemi X.

Álit.

Til þess að greiðsluskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X þarf að liggja fyrir að um skaðabótaábyrgð X sé að ræða vegna líkamstjóns M. Til að slík ábyrgð stofnist þarf tjónþoli (M) skv. almennum sönnunareglum að sýna fram á það með sönnunargögnum að skilyrði skaðabótaréttar vegna skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt.

Í þessu máli liggur fyrir lýsing frá M sjálfri um ástand hennar og húsnæðisins á árunum 2015-2021. Þeim lýsingum fylgja takmörkuð gögn til sönnunar á ástandi húsnæðisins og hver samskipti hennar hafi verið við X eða leigusala vegna ástand húsnæðisins, en hafa verður í huga að M gegndi starfi forstöðumanns þjónustuíbúða í húsnæðinu og í starfslýsingu M kemur m.a. fram að það sé á hennar ábyrgð að sjá til þess að starfað væri í samræmi við lög og reglur og að fylgjast með ástandi húsnæðisins. Bar M því, hafi hún raunverulega staðið í trú um að húsnæðið kynni að vera myglað á árunum 2016-2021, að rannsaka að fullu réttmæti slíkra grunsemda, hafa tafarlaust samband við X, eða leigusala, krefjast úrbóta og fylgja því eftir að ráðist væri í fullnægjandi úrbætur.

Í málinu liggja þannig ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á að X hafi með einhverjum hætti vanrækt skyldur sínar á tímabilinu 2015-2021. Í málinu liggja hins vegar fyrir athugasemdir M frá árinu 2021 og að brugðist var við þeim athugasemdum M árið 2021 og 2022. Þannig var ráðist í mælingar í október 2021 á því hvort mygla hafi verið til staðar og niðurstöður þeirra mælinga sýna að mygla hafi fundist í tveimur rýmum af fimm, en að í þeim rýmum hafi myglugró í andrúmslofti verið eðlileg og loftgæði því viðunandi. Engu að síður réðust X, og Félagsbústaðir, í umtalsverðar úrbætur til að mæta kröfum M.

Af framangreindu leiðir að ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn sem færa sönnur á um að X hafi látið undir höfuð leggjast með saknæmum og ólögmetum hætti við bregðast við kröfum M um úrbætur á tímabilinu 2015-2021. Þá eru fyrirbyggjandi læknisvottorð ekki óyggjandi um ástæður veikinda M, þ.m.t. með vísan til hennar fyrri sjúkrasögu, og verður því að telja óvissu um orsakatengsl. Loks er fordæmisgildi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3068/2022 takmarkað í málinu, enda málsatvik hér með allt öðrum hætti. Samkvæmt áður nefndum meginreglum um sönnun íslenskur rétti verður M að bera hallan af þessum sönnunarskorti. Ekki verður því talið sannað, m.v. þau gögn sem lögð hafa verið fyrir nefndina, að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og er greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 102/2024.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

- Málskot mótttekið 20. mars og 17. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 26. apríl 2024.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 26. apríl 2024.
- Athugaemdir V við viðbótarathugaemdir M dags. 30. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. maí 2022 hafi M slasast, nánar tiltekið hlotið áverka á tönn, eftir að barnabarn hennar sparkaði í plastflösku sem var staðsett við andlit M með þeim afleiðingum að plastflaskan rakst í tönnina. Hinn 10. mars 2024 tilkynnti M um slysið til V og lét þá fylgja með tjónstilkynningu reikninga fyrir tannlæknakostnaði. Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að daginn eftir slysið hafi þurft að fjarlægja tönn og bráðabirgðapartur hafi verið settur í stað tannarinnar hinn 18. maí 2022. Í nóvember 2022 og ágúst 2023 hafi síðan verið komið fyrir tannplanta og plantakrónu í sama skarð.

M telur að hún hafi tilkynnt V tímanlega um kröfu sína og vísar til óvissu sem mál hennar hafi verið í og þess að henni hafi ekki verið fullkunnugt um afleiðingar tjónsins fyrr en hún borgaði síðasta reikning vegna þess hinn 28. mars 2023. Ársfrestur til tilkynningar tjóns hafi því ekki verið útrunninn hinn 10. mars 2024. M vísar til þess að henni þyki afstaða V ekki sanngjörn um að hafna því að greiða henni bætur.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að upphaf ársfrests 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafa verið á slysdegi 1. maí 2022 og þannig hafi ársfrestur sama ákvæðis til tilkynningar tjónsins runnið út 1. maí 2023 og hafi því verið útrunninn þegar V fékk tilkynningu um slysið hinn 1. mars 2024. V metur það svo að M hafi mátt vera fullljóst um afleiðingar slyssins á slysdegi og vísar til þess að fjarlægja hafi þurft tönn úr M daginn eftir slysið eða 2. maí 2022 og ljóst hefði verið stuttu eftir það að „tannplanti“ yrði settur í stað þeirrar tannar. Þannig telur V að M hafi mátt vita um atvik að baki kröfu sinni strax á slysdegi þannig að tilkynning um tjónið hefði átt að berast félaginu innan árs frá þeim tímapunkti, en gerði það ekki fyrr en 10. mars 2024.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að græða hafi þurft bein í góm hennar til að laga hann eftir slysið og óvissa hafi verið um hvort hægt væri að setja innplant í stað tannarinnar sem fjarlægð var. M telur auk þess að V eigi að taka tilliti til þess að hún sem viðskiptavinur hafi staðið í skilum í áratugi og ekki sé við hæfi að neita greiðslu til hennar sem tryggs viðskiptavinar auk þess sem málið hafi sérstöðu vegna ígræðslu beins.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir félagsins ítrekaðar.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um upphaf ársfrests til tilkynningar tjóns skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.). Þar kemur fram að sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á.

Rétt er að áréttu að um er að ræða frest til þess að tilkynna um tjónsatburð, þ.e. atvik sem krafa er reist á, en ekki ákvæði um fyrningu kröfunnar sjálfrar. Með hliðsjón af dómaframkvæmd vegna 1. mgr. 124. gr. vsl. verður að líta til gagna í hverjum máli fyrir sig við mat á því hvenær tjónþola má eða má vera ljóst að atvik sem krafa hans er reist á hafi orðið.

Í þessu máli liggur fyrir, skv. slysavottorði tannlæknis dags. 12. febrúar 2024, að sá tannlæknir hafi skoðað M daginn eftir tjónsatburðinn, eða 2. maí 2022 og við þá skoðun hafi komið fram að tiltekin tönn væri ónýtt og frekari meðferð með implant og implantakrónu væri fyrirhuguð. Á þeim tímapunkti

verður að líta svo á að M hafi mátt vita um atvik sem krafa hennar er reist á, þó ekki hafi verið ljóst á þeim tímapunkti hvað meðferðin myndi endanlega kosta.

Verður því að líta svo á að ársfrestur 1. mgr. 124. gr. vsl. hafi byrjað að líða í síðasta lagi 2. maí 2022 þegar M fékk greiningu á áverka og var hann því liðinn hinn 10. mars 2024 þegar M tilkynnti um tjón sitt til V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 104/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Sönnun tjónsatviks. Slysahugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

45. Málskot mótttekið 10. apríl 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
46. Bréf V dags 8. október 2024.
47. Athugasemdir lögmanns M með bréfi dags. 15. október 2024.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu dags. 26. júní 2023 og undirrituð af lögmanni M er tilkynnt til V um líkamtjón sem M hafi orðið fyrir hinn 4. júní 2023. Atvikum er þarna lýst þannig: „Var að vinna í garðinum við trjáklippingar þegar grein slóst í auga tjónþola með þeim afleiðingum að rof varð á sjónhimnu og blæðing í auga.“ Enn fremur kemur fram að eiginkona M hafi verið sjónarvottur atviksins. Í tjónstilkynningunni kemur fram að M hafi leitað til læknis tveimur dögum eftir atvikið. Í bráðamóttökuskra dags. 6. júní 2023 kemur fram að M hafi leitað á bráðamóttöku þann dag vegna sjómtruflana og lýsti atvikum þannig að hann hafi verið úti í myrkri í mikilli ljóshátíð og fengið mígreni dagana á eftir. Í beiðni um skoðun M á bráðamóttöku sama dag er skráð að M hafi fengið skyndilegt ský á auga og truflun á sjón sem hafi gerst allt í einu og sérstaklega tekið fram að enginn áverki eða annar fyrirboði hafi verið og hann þurfti tilvísun til augnlæknis. Í tilvísun til símtals merkt „augnlækningar“ hinn 7. júní 2023 er skráð að M hafi verið „með flyksur í 6d.“ og rætt hafi verið um rauð flögg vegna sjónhimnuloss en áverki ekki nefndur sérstaklega. Í göngudeildarskra hinn 9. júní 2023 er skráð sérstaklega að ekki sé áverkasaga og hinn 12. júní 2023 er framkvæmd aðgerð og skráningar í sjúkraskrá M varða síðan meðferð eftir aðgerðina. Í læknisvottorði augnlæknis dags. 19. desember 2023 er gerð grein fyrir því að M hafi greinst með sjónhimnuloss í júní 2023 og umræddur læknir hafi framkvæmd aðgerð vegna þess. Í vottorðinu segir ennfremur: „Það er tengsl milli höggs á auga, eða slyss og giant retinal tear og ora dialys.“ Þar segir líka meðal annars að giant retinal tear sé alvarlegur sjónhimnusjúkdómur.

M telur að ónákvæmni í ritun sjúkraskýrslna skýri það að ekki hafi verið minnst á tjónsatburð 4. júní 2023 þar sem trjágrein skaust skyndilega í auga hans en það eigi að leggja til grundvallar lýsingu í tjónstilkynningu til V þar sem komið hafi fram rétt lýsing tjónsatburðar. M bendir á að í læknisvottorði augnlæknis dag. 19. desember 2023 komi fram staðfesting á því að augnáverki hans hafi komið til vegna „höggs á auga (grein sem slóst í auga).“ Einnig bendir M á aum alvarlegan áverka hafi verið að ræða vegna slyss og þannig eigi að fallast á bótaskyldu úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur hvergi koma fram í samtímagögnum að M hafi fengið grein í augað, heldur sé einungis fjallað um það af hálfu lögmanns M. Þannig telur V með öllu ósannað að grein hafi slegist í auga M og valdi áverkum.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram að ranglega hafi verið haft eftir M í sjúkraskrá hinn 7. júní 2023 að hann hafi verið með flyksur í auga í 6 daga, það hafi ekki verið fyrir en eftir 4. júní 2023. Ljóst sé af lestri læknagagna í samhengi að M hafi fundið fyrir óþægindum í auga eftir ljósasýningu þó tjónsatburður hafi verið þegar trjágrein hafi farið í auga hans. Það hafi truflað greiningu að M hafi fengið mígrenikast á svipuðum tíma og hann hafi fengið trjágrein í augað og mígreninu hafi fylgt sjóntruflanir og þegar mígrenið hafi gengið yfir hafi komið í ljós að sjóntruflanir voru ekki eingöngu vegna þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að sönnun tjónsatburðar. Ljóst er af tjónstilkynningu til V dags. 23. júní 2023 og málskoti að M lýsir atburði sem á að hafa átt sér stað hinn 4. júní 2023 í þeim gögnum og telur að sá atburður, þ.e. að hann hafi fengið trjágrein í augað við trjáklippingar, hafi leitt til líkamstjóns hans í formi sjónhimnuloss og aðgerðar vegna þess hinn 12. júní 2023, sem og frekari óþægindi síðan. Í fyrrnefndri tjónstilkynningu er vísað til að eiginkona M hafi verið sjónarvottur að þeim tjónsatburði sem M lýsir hinn 4. júní 2023. Ekki liggur fyrir lýsing atvika frá eiginkonu M í gögnum málsins.

Þegar lýsing tjónþola af atvikum er metin með tilliti til sönnunar tjónsatviks verður einnig að líta til þeirra lýsinga sem koma fram í öðrum gögnum, eftir atvikum læknisfræðilegum gögnum. Með vísan til þeirra gagna sem liggja fyrir um meðferð M í júní 2023, það er skráningar í sjúkraskrá M frá 6. júní 2023 fram til 23. júní 2023, verður ekki af þeim ráðið að M hafi þar lýst því við lækna að möguleg ástæða sjóntruflana hans hafi verið vegna þess að hann hafi fengið trjágrein í auga. Í læknisvottorði augnlæknis M dags. 19. desember 2023 er ekki tekin alveg skýr afstaða til þess að sá atburður sem M hefur lýst hjá V hafi leitt til sjónhimnuloss M og að ranglega hafi verið haft eftir M í skráningum í sjúkraskrá M.

Af almennum sönnunarreglum verður ráðið að það er M sem hefur sönnunarbyrði um að gildissvið vátryggingar hans hjá V nái til tjóns hans. Þegar litið er til þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir í málinu verður að líta til þess að það sem haft er eftir M þegar hann leitar til læknis í júní 2023 fær ekki stoð í lýsingu lögmanns hans í tjónstilkynningu dags. 23. júní 2023 og ekki hafa komið fram skýringar af hálfu lækna um að ranglega hafi verið haft eftir M í þeim skráningum. Ekki liggur heldur fyrir sjálfstæð lýsing atburðarins sem M lýsir að hafi átt sér stað 4. júní 2023 frá sjónarvotti sem hann tilgreinir í tjónstilkynningu. Verður af þessu ráðið að vafi er um sönnun tjónsatburðar sem M lýsir að hafi orðið 4. júní 2023. Hallann af þeim vafa ber M og á hann því ekki rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 105/2024.

Nafn málskotsaðila: (M1) og (M2).

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 21. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hjónin M1 og M2 fóru í ferðalag til Indlands hinn 29. janúar 2024. Viku eftir að út var komið veiktust þau bæði af lungnabólgu og leið þeim illa í aðstæðum þarna úti. Lofthiti var 32-35°C og rakastigið var yfir 65%. Leituðu þau til lækni sem ráðlagði þeim að snúa aftur heim og fara úr þessum aðstæðum til að forðast að lungnabólgan yrði enn verri. Þurftu þau að kaupa nýja flugmiða auk þess sem þau fóru á hótél í fjórar nætur áður en flogið var. Vegna þessa hafa M1 og M2 gert kröfu í ferðarofstryggingu fjölskyldutryggingar sem þau hafa hjá V. Telja þau sig eiga rétt á endurgreiðslu kostnaðar vegna nýrra flugmiða og hótélgestingar sbr. grein 6.1.3. í skilmálum tryggingarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki lá fyrir staðfesting frá lækni þess efnis að veikindin væru svo alvarleg að tafarlaus heimferð væri nauðsynleg. Geta M1 og M2 þess í málskoti að nokkra daga tók að fá staðfestingu lækni og lá hún ekki fyrir í fyrstu tilkynningu þeirra til V. Eftir að hún lá fyrir hafnaði V endurskoðun á afstöðu sinni. Vísa M til staðfestingar læknisins um að nauðsynlegt hafi verið að rjúfa ferðina. Í vottorðið sé ritað nafn M2 þrátt fyrir að þau hafi bæði fengið lungnabólgu og lyf til að meðhöndla hana.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til greinar 6.1.3. í skilmála váttryggingarinnar þar sem fjallað er um sjúkraflutning og skilyrði þau sem uppfylla þarf svo kostnaður fáiist endurgreiddur. Vísar V til þess að í greininni sé eingöngu verið að vísa til aukakostnaðar líkt og aukasæti eða dýrara farrými. Í tilviki M sé ekki um að ræða slíkan kostnað, heldur hafi M1 og M2 keypt nýtt heimflug. Það er því skýrt að þau hefðu þurft að leita ráðlegginga V og hefði skrifleg staðfesting ráðgefandi læknis V á því að tafarlaus heimferð væri nauðsynlegt þurft að liggja fyrir áður en til hennar kæmi. Vísar V ennfremur til þess að hvergi í læknisgögnum sé kveðið á um að um svo alvarlegan sjúkdóm sé að ræða að tafarlaus heimferð væri nauðsynleg. Það hafi verið vegna loftlagsins á Indlandi sem M og lækni vildu stytta ferð. Heimför hafi ekki verið fyrir en 13. febrúar, heilum sex dögum eftir fyrstu komu til lækni.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísa M til þess m.a. að þau hafi gert allt rétt í samræmi við skilmála V. Ekki hafi verið hægt að breyta flugmiða frá Indlandi til Amsterdam og orðu þau því að kaupa nýja miða fyrir þann legg en þau gátu breytt flugmiða frá Amsterdam til Íslands en greiða fyrir dýrara farrými. Sjá þau engan mun á þessu tvennu því þau hafi valið ódýrustu leið heim. Ekki hafi verið laust sæti fyrir en 13. febrúar. Krafa V um að þau hafi átt að leita til SOS standist á við eigin upplýsingar V á heimasíðu og í grein 6.1.3.

V ítrekar fyrri afstöðu í viðbótarathugasemdum sínum og vísar til þess að engin gögn staðfesti veikindi M1 og hafnar V því bótaskyldu vegna kostnaðar hans. Þá bendi ekkert í læknisgögnum til þess að tafarlaus heimferð væri nauðsynleg. Hvergi er kveðið á um svo alvarlegan sjúkdóm að tafarlaus heimferð væri nauðsynleg. M verði að bera hallan af því að hafa ekki gengið úr skugga um hvernig loftslag mætti búast við á Indlandi og tryggja að gisting þeirra væri með loftræstingu.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort heimferð M1 og M2 falli undir gildissvið greinar 6.1.3. í váttryggingarskilmálum V sem fjallarð um sjúkraflutning. Þar segir: „Telji lækni sá sem annast hefur tryggða vegna veikinda eða slyss á ferðalagi að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg og geti orðið með venjulegum hætti, nægir [V] skrifleg staðfesting læknisins. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti eða dýrara farrými. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða að lækni telur að flytja verði tryggða heim með öðrum hætti þarf skriflega staðfestingu ráðgefandi læknis [V] á flutningnum.“ Verður orðalag ákvæðisins ekki túlkað á þá vegu að þar undir

geti ekki fallið kostnaður vegna kaupa á nýjum flugmiða að öðrum aðstæðum uppfylltum enda felst í orðalaginu „t.d. aukasæti eða dýrara farrými“ að ekki sé um tæmandi upptalningu kostnaðarþátta að ræða.

Ágreiningslaust er að fullnægjandi gögn liggja fyrir um veikindi M2 á Indlandi. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um sambærileg veikindi M1 og verður þegar af þeirri ástæðu að hafna rétti hans til bóta úr fjölskyldutryggingu hjá V. Hvað veikindi M2 varðar þá liggur fyrir læknisvottorð dags. 11. mars 2024 þar sem fram kemur að M2 hafi leitað á sjúkrahús með hósta og hita og að hún hafi verið með öndunarfærasýkingu. Hafi hún fengið ávísuð sýklalyf ásamt fleiri lyfjum. Þar sem hún hafi kvartað undan heitu og röku veðri, mælti læknirinn með að þau skyldu stytta dvölinu í Indlandi og fara aftur heim. Ekkert í gögnum málsins eða fyrrgreindu vottorði bendir til þess að tafarlaus heimferð hafi verið nauðsynleg þó svo læknirinn mælt með að M2 stytta dvölinu í Indlandi vegna aðstæðna. Fyrirnefnd skilyrði greinar 6.1.3. um nauðsyn tafarlausrar heimferðar M2 eru skv. fyrrgreindu ekki uppfyllt og hefur því ekki stofnast greiðsluskylda úr tryggingunni vegna endurgreiðslu flug- og hótélkostnaðar M2. Með vísan til alls ofangreinds, eiga M1 og M2 ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M1 og M2 eiga ekki rétt á bótum bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 4. júní 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 106/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.****Nafn váttryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)****Skadabótaábyrgð.****Gögn.**

48. Málskot mótttekið 17. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.

49. Bréf V, dags. 21. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.

50. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keypti íbúð í fjöleignarhúsi með kaupþilboði dags. 27. september 2019. Á söluyfirliti fasteignasölnnar X kom ekkert fram um ástand hússins eða fyrirhugaðar framkvæmdir á ytra byrði þess. Var kaupþilboðið gert með fyrirvara af hálfu M um skoðun á yfirlýsingu húsfélagsins og átti seljandi íbúðarinnar að leggja hana fram innan sjö virkra daga frá samþykki kaupþilboðsins ella hefði M heimild til að falla frá tilboðinu. Jafnframt hefði M einnig heimild til að falla frá kaupþilboðinu kæmi í ljós að upplýsingar á yfirlýsingu húsfélagsins gæfu til kynna meiri kostnað við húsfélagið en M mátti reikna með að væri yfirstandandi eða væntanlegur. Þannig gat M með tvennum hætti losnað við að kaupa íbúðina. Kaupsamningur um íbúðina var haldinn 1. nóvember 2019 eða fimm vikum eftir kaupþilboðið, án þess að yfirlýsing húsfélagsins lægi fyrir. Hún var svo lögð fram 6. nóvember 2019. Í yfirlýsingu heildarhúsfélagsins kom fram að fyrirhugaðar væru framkvæmdir en enginn kostnaður tilgreindur þannig að báðar yfirlýsingarnar voru haldlausar. Það var ekki fyrr en 5. maí 2020 þegar aðalfundur húsfélagsins var haldinn að í ljós kom að framkvæmdir á ytra byrði hússins hljóðuðu hátt í 72.183.075 en á fundinum lágu fyrir fjögur tilboð í verkið og var lægsta tilboðið að fjárhæð kr. 66.694.020. Hlutur M í kostnaðinum var kr. 2.516.781 sem greiddast átti með fjórum greiðslum. M réði engan veginn við að greiða þessa fjárhæð og endaði innheimtumál á hendur henni fyrir Landsrétti. Hefði M vitað um þennan kostnað við ytra byrði fasteignarinnar hefði hún aldrei keypt þessa íbúð enda hefði hún ekki haft efni á slíkum kostnaði né gat hún fengið lán fyrir honum. M fékk því ekki tækifæri til að falla frá kaupum fyrr en eftir að yfirlýsingarnar lágu fyrir og þá var það orðið of seint. Hefði hún fengið yfirlýsingar húsfélaga fyrir kaupsamning hefði hún haft tækifæri á að skoða þær og gögn með þeim og getað krafist frekari upplýsinga um framkvæmdir sem ákveðið hefði verið að fara í á fyrri húsfélagsfundum. Telur M að hinir váttryggðu fasteignasalar, A og B, hjá fasteignasölnni X hafi sýnt af sér gáleysi við sölu fasteignarinnar með því að brjóta gegn lögum um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015. Brot þeirra varði gegn 10-12 gr. laganna, 13. gr. og 15. gr. Hafði M strax samband við fasteignasölnuna eftir aðalfundinn 5. maí 2020 en fasteignasalan taldi sig ekki geta gert neitt né bæri ábyrgð á stöðu mála. Vegna innheimtumáls húsfélagsins gegn henni sem birt var með stefnu dags. 24. nóvember 2020, hafði hún ekki burði til að berjast á tveimur vígstöðum og beið því með að leita í tryggingu fasteignasölnnar þangað til niðurstaða Landsréttar í innheimtumálinu lá fyrir þann 9. desember 2022 sem er því upphafsdagur tjóns M. Telur M að fasteignasalan X og starfsmenn hennar beri skadabótaábyrgð á því tjóni sem hún varð fyrir og rekja má til starfa starfsmanna fasteignasölnnar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnnar X á þeim grundvelli að ekki sé upplýst um sök starfsmanna X. Með undirritun sinni á kaupsamning um eignina hafi M fallið frá fyrirvara í kaupþilboði sem hún hefði getað borið fyrir sig og fallið frá kaupþilboðinu. M hefði mátt vera ljóst að hún þyrfti að bera fyrir sig fyrirvaranum með skýrum hætti og um leið og hún gæti. Yfirlýsing um framkvæmdir heildarhúsfélagsins barst degi eftir undirritun kaupsamnings og sama dag var hún kynnt M. Í síðasta lagi þá var M ljóst að framkvæmdir voru fyrirhugaðar en engar athugasemdir voru gerðar. Við það tímamark hefði hún einnig getað nýtt sér rétt til að halda eftir eftirstöðvum kaupverðs fasteignarinnar, sbr. 44. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002. Það gerði hún ekki, heldur undirritaði afsal og greiddi lokagreiðslu án fyrirvara. Þá telur V að M hafi mátt vera ljóst að komið væri að viðhaldi á fasteigninni þar sem hún hafði verið leigjandi að íbúðinni frá árinu 2013. Þá telur V að líta verði til þess hversu langur tími hafi liðið frá meintu tjóni þar til það er tilkynnt V. Bréf fasteignasölnnar er dagsett 28. desember 2022, kaupsamningur var undirritaður 5. nóvember 2019. M aðhafðist því ekkert vegna meints tjóns í rúmlega þrjú ár.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort fasteignasalar hjá fasteignasölnunni X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við sölu á eign sem M keypti fyrir milligöngu X. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa kemur fram að fasteignasali skuli semja rækilegt yfirlit um þau atriði sem skipt geta máli við sölu eignar sem hann fær til sölumeðferðar. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laganna skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. kemur fram að í söluyfirliti skuli auk almennrar lýsingar á fasteigna m.a. koma fram upplýsingar um ástand eignar og einstaka hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign. Í h-lið sömu greinar segir að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir sem búið er að ákveða á fundi húsfélags, sé um fjöleignarhús að ræða, og um stöðu eiganda gagnvart hússjóði og framkvæmdasjóði húsfélagsins. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 15. gr. segir að fasteignasali skuli í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Hann skuli liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðiþjónustu.

Óumdeilt er að á söluyfirliti íbúðarinnar komu ekki fram neinar upplýsingar um væntanlegar framkvæmdir sem húsfélagið hafði þá þegar rætt um m.a. á húsfundi 6. desember 2018 þar sem fram kom að þörf væri á viðhaldi og endurnýjun glugga, viðhaldi svalagólfa og handriða ásamt múrvíðhaldi veggja. Á þeim fundi kom fram gróf áætlun um viðhald að fjárhæð 25 milljónir króna. Á húsfundi dags. 24. október 2019 þ.e. skömmu eftir kautilboð M en fyrir kaupsamningsgerð kom fram að ekki hafi fengist tilboð í viðhald á ytra byrði og samþykkt var að húsfélagið myndi kaupa aðstoð við mat á viðhaldsþörf á ytra byrði og við öflun tilboða í viðhald. Samkvæmt þessu verður að ætla að fyrir gerð söluyfirlits og kautilboðs hafi þegar legið fyrir að komið væri að viðhaldi á ytra byrði fjöleignarhússins. Þrátt fyrir það kom hvorki fram á söluyfirliti eignarinnar upplýsingar um ástand eignar eða galla né hafði á þeim tíma verið aflað upplýsinga frá húsfélagi um væntanlegar framkvæmdir. Telja verður að með háttsemi sinni þ.e. að hafa ekki aflað upplýsinga um ástand eignarinnar eða yfirlýsingar húsfélags fyrir gerð kaupsamnings, hafi fasteignasalar fasteignasölnunnar X sýnt af sér gáleysi og brotið þannig gegn 10-12. gr. laga nr. 70/2015. Hafi það verið með vitund og vilja M að kaupsamningur færi fram án þess að yfirlýsing húsfélags lægi fyrir, sérstaklega í ljósi þeirra fyrirvara sem tilgreindir voru í kautilboði dags. 27. september 2019, hefði fasteignasölnun X verið í lófa lagið að tilgreina það sérstaklega í kaupsamningi. Hvað meint tjón M varðar vegna hinnar saknæmu háttsemi fasteignasalanna, verður ekki hjá því litið að í málskoti eru ekki lögð fram nein gögn sem staðfesta að M hefði borið fyrirvara í kautilboði fyrir sig, hefðu yfirlýsingar húsfélaganna legið fyrir við gerð kaupsamnings. Í yfirlýsingum þessum kom ekki fram fjárhæð þeirra viðgerða sem væntanlegar voru enda lágu ekki fyrir á þeim tíma tilboð frá verktökum í viðgerðir. Hafði M ekki samband við fasteignasölnuna vegna hins meinta tjóns síns fyrr en í lok desember 2022, rúmum þremur árum eftir að kaupsamningur var gerður og rúmu tveimur og hálfu ári eftir að aðalfundur húsfélagsins fór fram. Á þeim fundi var farið yfir fyrirliggjandi tilboð í viðgerðir og M mátt gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem félli á hana vegna viðgerðanna. Á grundvelli þess verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni vegna hinnar saknæmu háttsemi starfsmanna X en fyrir því ber M sönnunarbyrði og telja verður að sú sönnun hafi ekki tekist. Er þarf af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnunnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnunnar X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 107/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 16. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Tölvupóstur V dags. 17. apríl 2024.
- Tölvupóstur M dags. 5. júní 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 25. nóvember 2023 var bifreið A ekið á kerru, sem dregin var af bifreið B, á Norðurlandsvegi við bæinn Akurbrekku. Í sömu lögregluskýrslu kemur fram að búið hafi verið að færa bifreiðarnar af veginum þegar lögregla kom á staðinn og að myrkur hafi verið á vettvangi og mikil hálka. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi ekið suður eftir Norðurlandsvegi á um 90 km/klst hraða þegar hann sá kyrrstæða bifreið (B) á akrein á móti en ekki séð kerru aftan í bifreiðinni þar sem engin ljós hefðu verið sjáanleg á henni. Ökumaður bifreiðar A kveðst ekki hafa náð að sveigja frá kerrunni þar sem hún hafi skagað langt yfir miðlínu og yfir á öfugan vegarhelming og því ekið á kerruna. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið þeirri bifreið með óskráða snjósleðakerru í eftirdragi norður Norðurlandsveg og ætlað að taka vinstri beygju heim að bænum Akurbrekku. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa stöðvað á hægri akrein þar sem umferð hafi komið úr gagnstæðri átt og í þann mund sem bifreið A hafi ekið framhjá honum hafi hann fundið fyrir höggi og áttað sig á að bifreið A hafi lent á kerrunni. Ökumaður bifreiðar B kvað ljós hafa verið virk á kerrunni sem og að glitmerki hafi verið á vinstri hlið kerrunnar fyrir áreksturinn, en að þau hafi farið af við áaksturinn. Með gögnum M vegna málsins fylgir einnig ódagsett skýrsla vitnis sem var farþegi í bifreið A um að hann hafi séð að kerra aftan í bifreið B hafi verði á miðjum vegi fyrir framan þá.

M telur að stærð bifreiðar B sem og stór framljós hafi komið í veg fyrir að ökumaður bifreiðar A hafi séð kerru aftan í bifreið B. Einnig vísar M til þess að kerran hafi verið komin vel yfir á rangan vegarhelming þegar bifreið A lenti á henni. M bendir á og vísar til ljósmyndar af Norðurlandsvegi þar sem tjónsatvikið var og bendir á að vegurinn sé þar beinn. Einnig vísar M til þess að hálka hafi verið á veginum og myrkur á vettvangi og þar sem kerra aftan í bifreið B hafi verið óskráð þá séu líkur á því að ljós og glitmerki hafi ekki verið virk. Einnig telur M ómögulegt að þær skemmdir sem urðu á bifreið A hafi getað orðið við þær aðstæður að ökumaður bifreiðar A var að sveigja frá kerrunni. Einnig bendir M á að ökumaður bifreiðar B hafi ekki andmælt því að kerran hafi farið yfir á rangan vegarhelming og enginn ágreiningur séu uppi í málinu um að kerran hafi verið þannig staðsett.

V gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í lögregluskýrslu vegna tjónsatviks þess sem hér er deilt um koma fram skýrslur beggja ökumanna af aðdraganda þess að bifreið A var ekið á kerru sem var aftan í bifreið B. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur fram að bifreiðin hafi verið á röngum vegarhelmingi en ekki verða dregnar þær ályktanir af framburði ökumanns bifreiðar B að hann telji að kerran hafi verið á röngum vegarhelmingi. Ekki liggur fyrir í þeirri lögregluskýrslu framburður vitnis og verður ódagsett og óundirrituð skýrsla vitnis, sem var farþegi í bifreið A og fylgdi með gögnum M fyrir nefndina, lögð til grundvallar sem óyggjandi sönnun á staðsetningu kerrunnar þegar tjónsatvikið varð.

Þannig verður að telja ósannað að staðsetning kerru aftan í bifreið B hafi verið þannig að hægt sé að meta hana ökumanni bifreiðar B til sakar. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá beri sönnunarbyrði sem heldur tilteknum atvikum fram, eins og þeim atvikum að kerra aftan í bifreið B hafi verið ranglega staðsett á vegi, verið án ljós og glitmerkja eða með öðrum hætti skapað hættu fyrir umferð sem á móti ók. Slík sönnunargögn liggja ekki fyrir með óyggjandi hætti og ber M hallann af slíkum sönnunarskorti með vísan til fyrrnefndra sönnunarreglna. Verður ökumaður bifreiðar A því

talinn bera alla sök á áakstri við kerru aftan í bifreið B í greint sinn og á M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðar hjá V. Öll sök vegna áreksturs á kerru er á ökumanni bifreiðar A.

Reykjavík, 19. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 108/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.****Nafn váttryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

51. Málskot mótttekið 10. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.

52. Bréf V, dags. 30. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 11. desember 2020 lenti M í slysi á vinnutíma. Taldi M mögulegt að afleiðingar slyssins gætu verið varanlegar og leitaði hann því til lögmennsstofunnar A sem var í eigu lögmanna X og Y. Hafði hann samband við Z sem titlaði sig aðstoðarmann Litáa á Íslandi hjá lögmennsstofunni A og hitti hann á fundi þann 2. febrúar 2021 þar sem hann veitti lögmennsstofunni A og lögmönnum X og Y og starfsmönnum þess, fullt og ótakmarkað umboð til að gæta hagsmuna hans vegna vinnuslyssins. Þann 28. júní 2021 hafði M samband við Z og lögmenninn X og spurðist fyrir um málið sitt. Var honum tjáð að málið væri í ferli og að hann þyrfti að vera þolinmóður, svona mál tækju sinn tíma. Eftir það reyndi M næstu mánuði ítrekað að fá upplýsingar um stöðu málsins. Fór svo að ákveðinn var fundur þann 20. desember 2021 þar sem M hitti X og Z á skrifstofu lögmennsstofunnar. Var honum þar tjáð að hann þyrfti að greiða 130.000 vegna vinnu þeirra, en að sögn M hafði hann átt að millifæra á reikning Z þar sem slíkt hafi átt að vera ódýrara fyrir hann. M millifærði samdægurs 130.000 í góðri trú á persónulegan reikning Z. Hafði M eftir þetta ítrekað samband við Z og X til að spyrjast fyrir um stöðuna á málinu hans. Átti M í stöðugum samskiptum í gegnum smáskilaboð við X þar sem hann spurði hver staðan væri á málinu hans. X svaraði að málið væri í ferli og tæki tíma. Þann 11. ágúst 2022 var M hætt að lítast á blikuna og sendi tölvupóst til váttryggingafélags vinnuveitanda síns til að spyrjast fyrir um stöðu málsins. Var honum tjáð að engin tilkynning hefði borist um slysið. Þann 18. ágúst 2022 hafði M samband við núverandi lögmenn sinn og veitti henni heimild til að gæta hagsmuna sinna. Samhliða því var umboð til lögmennsstofunnar A og lögmanna X og Y afturkallað. Svo fór að váttryggingafélag vinnuveitanda M hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega vegna slyssins á grundvelli þess að tilkynningafrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hefði runnið út í febrúar 2022, um ári eftir að M leitaði til X. Var sú afstaða váttryggingafélagsins staðfest af úrskurðarnefndinni í úrskurði nr. 425/2023. Í kjölfar þeirrar niðurstöðu gerði M kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að ósannað væri að X hefði tekið að sér hagsmunagæslu fyrir M og að váttryggingarvernd X nái þar með ekki til meints tjóns M.

M telur að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V vegna slyss hans þar sem M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna háttsemi X. Ljóst sé af gögnum að M hafi hlotið varanlega skaða vegna slyssins. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á fjártjóni hans á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar sbr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn. X hafi samkvæmt umboði tekið að sér að gæta hagsmuna X vegna vinnuslyss hans þann 11. desember 2020. X hafi ekki gætt hagsmuna M með því að tilkynna slysið og sinna gagnaöflun, ekki veitt M réttar upplýsingar um framgang málsins og látið hann vera í þeirri trú að málið væri í farvegi. Þá var M krafinn um greiðslu sem væntanlega var langt umfram raunverulegt vinnuframlag X og Z. Tjón M má því rekja til stórfellds gáleysis af hálfu X. Telur M að X hafi brotið gegn 18. gr. laga um lögmenn sem og siðareglur lögmanna með því að láta það með öllu ógert að tilkynna vinnuslysið til tryggingafélagsins vitandi að árs tilkynningafrestur gildir um slíkar tilkynningar skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Vísar M því á bug að X hafi ekki verið kunnugt um undirritun umboðsins sem þó var undirritað á þáverandi starfstöð X, ritað á bréfsefni stofunnar og vottað tveimur vottum. Hefur V ekki sýnt fram á að umrætt umboð sé haldið einhverjum ágöllum eða sé með öðrum hætti ekki réttmætt og er þessari röksemdarfærslu alfarið hafnað. Ekkert komi fram í SMS skilaboðum frá X til M að hann sé ekki að sinna hagsmunagæslu fyrir hann. Af skilaboðum X til M komi skýrlega fram að X er að sinna hagsmunagæslu fyrir M og kemur fram sem slíkur. Þessu til viðbótar liggur fyrir tölvupóstsamskipti milli Z og X dags. 12. ágúst 2022 þar sem Z lýsir yfir óánægju sinni yfir starfsháttum X. Kvartaði Z

yfir því að vinnsla málsins hafi tekið of langan tíma og að hann teldi X ekki hafa sinnt starfi sínu nægilega vel.

V hefur hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X og telur að gögn málsins sýni ekki fram á að skilyrðum bótaskyldu sé fullnægt þar sem M hefur ekki fært sönnur á að X hafi samþykkt að taka að sér hagsmunagæslu fyrir hans hönd. Er það álit V að ósannað sé að X hafi tekið að sér hagsmunagæslu fyrir M en sönnunarbyrði hvað það varðar hvílir á M. Að sögn X var hann ekki viðstaddur á fundi þann 2. febrúar 2021, líkt og M heldur fram, þegar meint umboð á að hafa verið undirritað. Jafnframt hafi hann ekki hitt M á fundi þann 20. desember 2021 líkt og fullyrt er í málskoti. X kann ekki skil á því hvers vegna nafn hans var tiltekið á umboðinu og mótmælir því sem röngu að hann hafi farið með hagsmunagæslu fyrir M. Umrætt umboð hafi fyrst komið til vitundar og vitneskju X í kjölfar þess að M gerði kröfu í starfsábyrgðartryggingu hans hjá V með kröfubréfi dags. 29. desember 2022. Ekki liggi fyrir skriflegur verksamningur milli X og M þar sem verklýsing kemur fram eða tiltekið endurgjald er áskilið vegna umbeðins verksins. Hafnar X því hvoru tveggja að hafa útbúið skjalið að að hafa verið viðstaddur undirritun þess. Hafi V náð sambandi við annan af tveimur vitundarvottum sem staðfest hafi skriflega þann 27. febrúar 2024 að nafnritun hans á umrætt umboð stafaði ekki frá honum. Því sé hafnað sem röngu og ósönnuðu að X hafi ásamt Z krafist M um peningagreiðslu að fjárhæð kr. 130.000. Umrædd greiðsla barst inn á persónulegan bankareikning Z og ekki hefur verið sýnt fram á að greiðslan hafi borist X eða lögmannsstofu hans. Z hafi hvorki fyrir né síðar verið starfsmaður lögmannsstofunnar. Hvað samskipti X við M varðar þá var hann að beiðni Z einungis að miðla áfram aðfengnum upplýsingum um stöðu málsins enda var hann með öllu grandlaus um að honum hefði verið falið umboð til að sinna hagsmunagæslu fyrir M. Fyrstu samskipti X við M hafi átt sér stað þann 31. maí 2022 þegar M hafið samband við hann af fyrra bragði með smáskilaboðum. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að M og X hafi átt í nokkrum samskiptum fyrir þann tíma. Þrátt fyrir að fallist yrði á að X hafi tekið að sér einhvers konar form hagsmunagæslu við fyrstu samskipti hans við M þann 31. maí 2022 og hann í kjölfarið sýnt af sér saknæma vanrækslu þá var ársfrestur til að tilkynna slysið skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga þegar liðinn á þeim tímapunkti. með tilliti til þess væru ekki til staðar orsakatengsl á milli saknæmrar háttsemi X og meints fjártjóns M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort lögmaðurinn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við hagsmunagæslu vegna vinnuslyss M þann 11. desember 2020. Sönnunarbyrði þess að M hafi orðið fyrir tjóni og tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Um mat á sök lögmanns gildir strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu. Almennt má gera ráð fyrir að ef fyrir liggur undirritað umboð lögmanns, leiki ekki vafi á því að sá lögmaður hafi tekið að sér hagsmunagæslu í því máli sem tilgreint er í umboðinu, í þessu tilviki vinnuslys M hinn 11. desember 2020. Lögmaðurinn X hefur þrátt fyrir það hafnað því að hafa tekið að sér hagsmunagæslu fyrir M eða að hann hafi verið á fundum með M þann 2. febrúar 2021 þar sem umboðið var undirritað eða þann 20. desember 2021 þar sem mál M var rætt. Þá liggur fyrir skrifleg staðfesting í tölvupósti frá öðrum vitundarvotti þar sem hann hafnar að hafa vottað fyrrgreint umboð. Hins vegar liggja fyrir samskipti milli M og X í gegnum smáskilaboð tímabilið 31. maí 2022 til 11. júlí 2022 þar sem M er að spyrja X út í stöðu málsins. Í skilaboðum X til M þann 1. júní 2022 segir: „*It is in process and takes time, I will have more info on the status on Tuesday and hopefully we are close to finishing this case.*“ Í skilaboðum X til M þann 6. júlí 2022 segir: „*I have been in contact with the insurance company and employer about the case and hope to hear from them tomorrow. Will tomorrow or Friday have more info about approximately how long time it will take til complete, and will call you.*“ Í skilaboðum frá X til M þann 11. júlí 2022 segir: „*I am in court today, should get more info today or tomorrow.*“ og svo einnig „*I am making the claim to [...] today and will get a formal answer in the next couple of days.*“ Eftir þetta virðist M ekki heyra meira frá X vegna málsins en Z setti sig í samband við X í tölvupósti þann 12. ágúst 2022 þar sem hann spurðist fyrir um stöðu málsins og vísar til þess að X hafi borið ábyrgð á framgangi málsins en ekki Z. Ekki liggur fyrir svar frá X til Z vegna þessa tölvupósts. Af ofangreindum samskiptum X við M og svo milli Z og X verður ekki annað ráðið en að X hafi tekið að sér hagsmunagæslu vegna vinnuslyss M þann 11. desember 2020. Virðist lögmaðurinn X gefa M beinlínis rangar upplýsingar um stöðu málsins auk þess sem hann mótmælir

Því ekki í fyrrgreindum samskiptum að hafa tekið að sér hagsmunagæslu fyrir M. Þá bera samskiptin ekki með sér að X hafi verið að miðla upplýsingum til M frá öðrum aðila. Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að fyrrgreind samskipti eigi sér stað eftir að tilkynningafrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga var liðinn, en hann var talinn hafa liðið í febrúar 2022. Að mati nefndarinnar hefur M lagt fram gögn og samskipti við M sem þykja sýna nægilega fram á að X hafi tekið að sér hagsmunagæslu vegna vinnuslyss M en það er bæði stutt af samskiptum M við X og svo samskiptum milli X og Z þar sem hinn síðarnefndi er að gagnrýna X fyrir seinagang í málinu. Þá verður einnig talið að X hafi tekið að sér þá hagsmunagæslu áður en tilkynningafrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga var liðinn enda liggur fyrir að M undirritaði umboð til handa lögmannsstofunni A og lögmönnunum X og Y í febrúar 2021. Skiptir hér ekki máli að annar vitundarvotta kveðst ekki hafa verið viðstaddur undirritun umboðsins enda hefur undirritun hins vitundarvottsins ekki verið hnekkt. Með vísan til alls framangreinds er það álit nefndarinnar að M hafi haft réttmætar væntingar til þess að X væri að rækja starf sitt í samræmi við 18. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 þar sem fram kemur að lögmönnunum beri í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinnar hagsmuna umbjóðenda sinna. Með því að tilkynna váttryggingafélagi vinnuveitanda M ekki um vinnuslysið innan tilkynningarfrests skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga vegna slysatryggingar launþega verður talið nægilega sýnt fram á að X hafi vanrækt skyldur sínar við hagsmunagæslu fyrir M með þeim hætti að skaðabótaskylda stofnist fyrir því fjártjóni sem M hefur orðið fyrir vegna þeirrar vanrækslu.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 109/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

53. Málskot mótttekið 10. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.

54. Bréf V dags. 10. maí 2024.

55. Tölvupóstur lögmanns M dags. 15. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður bifreiðarinnar X hinn 8. febrúar 2022 þegar hún missti stjórn á bifreiðinni í hálfu með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti á vegriði. Daginn eftir leitaði M á Læknavaktina vegna verkja í baki og herðablöðum. Með tjonstilkynningu M til V dags. 8. desember 2022 lýsti M meiðslum sínum með þeim hætti að hún hafi verki „í baki, mest í efra baki við herðablöð. Verkjaleiðni upp í háls og í hægri mjöðm. Spenna og los í kjálkanum, sérstaklega vinstra megin.“ Í læknisvottorði Læknavaktarinnar dags. 15. janúar 2023 kemur fram að M hafi verið greind með tognun í brjósthrygg og ákverka/högg og ráðlagt að fara til endurmats hjá heimilislækni ef hún skánaði ekki á næstu einni til tveimur vikum, en fyrr ef ástandið versnaði. Í gögnum frá heilsugæslu kemur fram að M leitaði til læknis 5. janúar 2023 og í færslu læknisins í sjúkraskrá kemur fram að M hafi haft bakverki eftir bílslys en ekki mikið að finna við skoðun annað en væga vöðvabólgu og læknirinn ráðleggur sjúkrapjálfun.

M hefur gert kröfu til greiðslu bóta af hálfu V og telur sannað með læknisfræðilegum gögnum í málinu að M hafi hlotið líkamstjón í umferðarslysi hinn 8. febrúar 2022 og hafi það samhljóm með einkennum M þegar hún leitaði aftur til læknis 5. janúar 2023. M vísar til þess að hún hafi verið mikið fjarverandi frá vinnu vegna afleiðinga slyssins og vísar um það til gagna frá vinnuveitanda um fjarveru frá vinnu vegna veikinda.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda og telur, þegar litið sé heildstætt á gögn málsins, að ekki verði séð að ótvíræð orsakatengsl séu milli tjóns og bótaskylds vátryggingaratburðar. V vísar til þess að M hafi ekki leitað til læknis vegna einkenna í 11 mánuði þrátt fyrir ráðleggingar um að gera það ef einkenni hennar væru enn einni til tveimur vikum eftir að M leitaði á Læknavaktina daginn eftir tjónsatvikið, eða 9. febrúar 2022. Einnig vísar V til þess að einkenni þau sem lýst er í læknisfræðilegum gögnum séu ósértæk og kunnir vel að vera rakin til annarra atriða en umferðaróhapps. Ekki liggja heldur fyrir gögn um sjúkrapjálfunarmeðferð M. V telur einnig ósannað að fjarvistir M frá vinnu tengist afleiðingum slyss þar sem engin læknisfræðileg gögn liggja því til grundvallar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 8. febrúar 2022 og ef svo er hvort V sé skylt að greiða bætur til M úr slysátryggingu ökumanns og eiganda X, meðal annarsa fyrir gagnaöflun og mat á afleiðingum atviksins fyrir M.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis daginn eftir umrætt tjónsatvik. Ekki verður séð að M hafi hitt lækni eftir fyrr en 5. janúar 2023, þar sem rætt er um sama tjónsatvik og mögulegar afleiðingar þess og þá tekur læknir fram að einkennum séu helst vöðvabólgu-einkenni. Þau gögn sem liggja fyrir um eðli og afleiðingar líkamlegra einkenna M eru því mjög takmörkuð og ná einungis til tveggja læknisheimsókna auk þess sem einkennum er lýst með nokkuð almennum hætti af hálfu lækna, sérstaklega í seinni heimsókninni. Ekki liggur fyrir vottorð frá sérfræðingi eða annað sem staðfestir að meiri líkur en minni séu á því einkenni M nú sé hægt að rekja til téðs tjónsatviks. Þá liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M, auk þess sem upplýsingar um fyrra heilsufar hennar og tengsl við mat á núverandi ástandi liggur ekki fyrir.

Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirliggjandi gögnum, er vafi um að orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því. Í því felst að M hefur ekki

sýnt fram á að hún eigi rétt til frekari bóta, t.d. sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða annarra bóta skv. ákvæðum sömu laga úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X, hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 110/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 10. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. apríl. 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. apríl 2024, ásamt ljósmyndum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 6. maí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er málavöxtum lýst með þeim hætti að sprunga hafði myndast í heitavatnsröri í skriðkjallara fasteignar M. Uppgötvaðist tjónið þann 3. júlí 2023 og haft var samband við pípara sem stöðvaði strax lekann. Tilkynntu M tjónið til V sem samþykkti bótaskyldu úr fasteignatryggingu M og greiddi bætur í samræmi við tjónamatsgerð dags. 8. september 2024. Undirrituðu M tjónamatsgerðina m.a. með þeim fyrirvara að M áskildi sér rétt til að krefja V um mismun ef raunkostnaður af tjóninu og skemmdir væru meiri en áætlað er. Í kjölfar tjónamatsgerðarinnar fengu M verktakann A til að framkvæma viðgerðir og keyptu M allt efnið en verktakinn útvegaði vinnumenn og verkfæri. Samtals voru verktakanum greiddar kr. 2.038.725 fyrir verkið í tveimur greiðslum, sú fyrri með peningum þann 18. september 2023 og hin síðari með bankamillifærslu þann 20. september 2023. Eru reikningar verktakans hærri en tjónamatsgerðin og hafa M gert kröfu um frekari bætur úr fasteignatryggingu sinni sem nemur mismuni að fjárhæð kr. 641.286. Vísa M til 35. gr. laga nr. 30/2004 sem kveður á um að váttryggður eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki erum annað samið í váttryggingarsamningi. M telja að þau fái ekki fullar bætur fyrir tjón sitt ef einungis verður fallist á að M fái tjón sitt bætt samkvæmt tjónamatsgerð. M telja sig hafa með framlagningu reikninga og tilkynningar til V, lagt fram fullnægjandi upplýsingar fyrir V til þess að hann geti greitt út váttryggingabætur til þeirra á grundvelli 47. gr. laga nr. 30/2004.

V vísar í bréfi sínu til nefndarinnar til þess að V hafi ekki samþykkt fyrirvara M sérstaklega, enda ljóst að starfsmaður V undirritaði ekki matsgerðina né heldur fyrirvara sem ritaður var á hana. Fyrirvarinn sé því einhliða yfirlýsing frá M um að hann áskilji sér rétt til að gera frekari kröfur. V vísar til þess að engin tímaskýrsla með sundurliðun á því hvenær vinnan fór fram eða hvaða vinna var framkvæmd hafi verið lögð fram samhliða handskrifuðum greiðslukvittunum. Afar óljóst sé af þeim gögnum sem liggja fyrir hvaða vinna var framkvæmd, hversu margir tímar liggja að baki, hvert tímakaupið var og hvort vinnan hafi einskorðast við þá þætti sem tjónamat V náði yfir. Enn fremur vekur athygli að ekkert kemur fram í gögnum málsins hvort A sé fagmenntaður eða hvort hann hafi reynslu eða þekkingu af smíðum. Eðli málsins samkvæmt má gera ráð fyrir því að ófaglærður og óreyndur aðili þurfi töluvert lengri tíma en faglærður og reyndur smíður. Þá liggja ekki fyrir kvittanir fyrir efniskaupum eða myndir sem sýna hvað var framkvæmt. Enn fremur liggja engin gögn fyrir um að M hafi aflað tilboða eða reynt með einhverjum hætti að takmarka kostnað við verkið. Telur V ósannað að tjónskostnaður M hafi í reynd verið meiri en sem nemur kostnaðarmati V. V vekur athygli á að óútskýrð skekkja sé í útreikningum af frádrætti virðisaukaskatts í tjónamati og munar því 23 krónum á því. Er V reiðubúið að leiðrétta þessa villu og greiða þær 23 kr. sem út af standa.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að V hafi ekki hreyft við neinum andmælum við fyrirvaranum eða gildissviði hans í kjölfar tjónamatsgerðarinnar. Er hér um að ræða fyrstu andmæli V vegna fyrirvarans sem gerður var 8. september 2023, eða fyrir meira en hálfu ári síðan. Vísa M til þess að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, fólst í fyrirvara M nýtt tilboð þess efnis að þau samþykktu í raun ekki tjónamatsgerðina að því er laut að fjárhæð vegna viðgerða á tjóninu og fór uppgjörið fram að teknu tilliti til fyrirvarans. Þá mótmælir M hugrenningum V hvað verktakann A varðar og þeirra greiðslukvittana sem hann gaf út. Ekki hefur annað verið leitt í ljós en að A sé faglærður smíður.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni og lesa má af málgögnum greinir málsaðila á fjárhæð tjónabóta vegna tjóns sem varð á húseign M hinn 3. júlí 2023. Um bótafjárhæðir í skaðatryggingum, þ.á.m. útreikning bóta og vátryggingarverðmæti, er fjallað í 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Samkvæmt þeirri grein á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Ef ákveða á bætur í samræmi við viðgerðarkostnað eða endurkaupsverð getur vátryggður krafist bóta fyrir slíkan kostnað þótt viðgerð eða endurkaup hafi ekki átt sér stað. Þetta gildir þó ekki ef annað leiðir af vátryggingarskilmálum eða lögum. Fyrir liggur að V hefur þegar greitt M bætur á grundvelli tjónamatsgerðar dags. 8. september 2023. Er sú tjónamatsgerð undirrituð af lögmanni M með fyrirvara sem orðast svo: „Af hálfu tjónþola er gerður sá fyrirvari við samþykkt tjónamatsgerðar þessarar að ef raunkostnaður af tjóninu og skemmdir meiri en áætlað er, sem og/eða efniskostnaður og/eða vinna við umskipti er hærri en tjónamatsgerð þessi gerir ráð fyrir, er áskilinn réttur til að krefja félagið um mismuninn sem því nemur“. Mátti V vera ljóst að af hálfu M var ekki um að ræða fullnaðaruppgjör ef ákveðin atvik raungerðust. Gera M kröfu um að V greiði mismun á raunkostnaði og áætluðum viðgerðarkostnaði skv. tjónamatsgerð. Það eitt að raunkostnaður M varð hærri en sem nemur bótagreiðslu V leiðir ekki sjálfkrafa til þess að M eigi kröfu á herðar V fyrir mismuni þar á. Hafa M lagt fram tvær greiðslukvittanir frá smið sem þau réðu til þess að framkvæma viðgerðir á húsnaði sínu í kjölfar lekans. Fjárhæð greiðslukvittana eru samtals 2.038.725. Samkvæmt tjónamati fengu M greiddar bætur vegna vinnuliðar uppgjörins að fjárhæð kr. 1.352.840 að fráreginni 35% af útreiknuðum virðisaukaskatti kr. 91.644. Mismunur þessa nemur kr. 685.885, að teknu tilliti til 35% endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þá hafa M einnig lagt fram ljósmyndir sem teknar voru fyrir og eftir vinnu við skriðkjallara fasteignarinnar.

M ber sönnunarbyrði fyrir því að umfang tjónsins sé meira en V þegar þegar fallist á að greiða. Í málinu liggja eingöngu fyrir tvær greiðslukvittanir frá aðila sem M segja hafa unnið verkið ásamt nokkrum ljósmyndum. Hvað greiðslukvittanirnar varðar þá bera þær ekki með sér tímagjald eða fjölda tíma sem liggja að baki þeim greiðslum né umfang verks. Þá liggur ekki fyrir hvort M hafi leitað tilboða víðar og hafi þannig reynt að takmarka tjón sitt. Þá liggja ekki heldur fyrir skýrslur eða matsgerðir sem sýna fram á að umfang tjónsins nemi hærri fjárhæð en þeirri sem fram kemur í tjónamati V. Með vísan til alls ofangreinds verður að telja að M hafi ekki tekist sönnun um að umfang tjónsins sé meira en V hefur þegar fallist á að greiða þ.m.t. leiðrétting á óútskýrðum mismun á útreikningum að fjárhæð kr. 23.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á frekari bótum en þeim hafa verið boðnar úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 111/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis A****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 29. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 24. júlí 2021 misst stjórn á ökutækinu A í mikilli bleytu með þeim afleiðingum að það lenti á staur. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að frestur til þess að tilkynna slysið væri runninn út og að orsakatengsl milli atburðar og tjóns væri ekki fyrir hendi. M telur að upphaf eins árs frests skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 eigi að miða við hvenær sá sem orðið hefur fyrir varanlegu líkamstjóni hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hafði varanlegar afleiðingar fyrir hann og M telur því að miða beri upphaf tilkynningarfrests við það tímamark sem hún fór í sjúkraþjálfun, enda hafi hún ekki verið búin að gera sér grein fyrir afleiðingunum fyrr en á þeim tímapunkti. Þá megi sjá af ljósmyndum að ökutækið hafi orðið fyrir töluverðu tjóni og að ljósastaurinn sé skemmdur. M hafi leitað til heilsugæslu vegna versnandi verkja eftir slysið 14. september 2021 og að samkvæmt sjúkraskrá 24. júlí 2011 til 18. janúar 2024 séu engar komur skráðar vegna einkenna frá baki. M hafnar því þeirri staðhæfingu V að hún hafi glímt við verki í baki síðan hún var ung.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji að M hafi mátt vera kunnugt um afleiðingar slyssins þegar hún leitaði á heilsugæslu tveimur mánuðum eftir slysið eða þann 14. september 2021. Læknir hafi þá vísað M í sjúkraþjálfun. Síðan hafi M óskað eftir að fá aðra beiðni 17. október 2022 þar sem henni hafi ekki litist á fyrri staðinn þar sem hún fór í sjúkraþjálfun. V hafnar þeim röksemdum að miða skuli upphaf fyrningarfrests við það tímamark þegar M fór til seinni sjúkraþjálfara af tveimur og að tilkynningarfrestur M til að tilkynna tjón sitt til V hafi verið liðinn þegar hún tilkynnti slysið 26. janúar 2023. V bendir á að M verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. V telur að ósannað sé að orsakatengsl séu til staðar milli slyssins og þeirra áverka sem M telur sig vera að glíma við eftir slysið. Þá telur V að þau einkenni sem M telji sig vera að glíma við séu ekki sérstæk fyrir áverka vegna umferðarslyss. Einkennin séu almenns eðlis og þurfi ekki að koma til sérstakra atvika í lífi einstaklings til þess að slík einkenni geti gert vart við sig. Fram kemur að samkvæmt tjónstilkynningu M hafi hún ekki fundið fyrir meiðslum strax eftir slysið. Áverkar hafi því ekki verið staðfestir með læknisskoðun stuttu eftir slysið og fram komi í sjúkraskrá að M hafi verið með verki í baki síðan hún var ung. Þá hafi M ekki leitað aftur til læknis fyrr en tæplega tvö ár voru frá slysinu eða 6. mars 2023 þegar hún lýsir því að finna fyrir bakverkjum af og til og ekki liggi fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna um líkamstjón af völdum slyssins. V telur því að M hafi ekki sýnt fram á fullnægjandi gögn til sönnunar því að hún hafi orðið fyrir tjóni.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um það hvort M hafi tilkynnt tjón sitt innan þess frests sem hún hafði frá því að hún vissi um atvik það sem krafa hennar er reist á sbr. tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 en þar kemur fram að sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Í máli þessu liggur fyrir að M leitaði til heilsugæslu 14. september 2021 vegna verkja og fór til sjúkraþjálfara í framhaldi sem hún hætti hjá. Hún óskaði aftur eftir beiðni um sjúkraþjálfun 17. október 2022 vegna verkjanna. Það er hins vegar ekki unnt að sjá af

gögnum málsins að M hafi mátt gera sér grein fyrir því í september 2021 að verkirnir gætu verið afleiðingar slyssins og hún ætti af þeim sökum að tilkynna tjón til V. Verður því að miða tilkynningarfrestartinn við það þegar M óskaði eftir beiðni um sjúkraþjálfun í október 2022 enda liggur fyrir að hún sótti þá meðferðartíma hjá sjúkraþjálfara og liggur vottorð sjúkraþjálfara fyrir í málinu.

Liggur þá fyrir að meta hvort orsakatengsl séu á milli verkja M og slyssins 24. júlí 2021. Það kemur fram í vottorði sjúkraþjálfara og í beiðni læknis um sjúkraþjálfun M að um sé að ræða unga konu sem hafi verið með verki í baki síðan hún var ung og síðan hafi hún verið með versnandi verki síðan. Taka verður undir með V að verkirnir í baki eru almenns eðlis og eru einir og sér ekki endilega afleiðing slyssins. Það liggur ekki fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna um að verkir M stafi af slysinu. Meginreglur um sönnun í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar til að sýna fram á orsakatengsl tjóns við slys. Í þessu máli liggur slík sönnun ekki fyrir. Af þeim sökum er V ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. júní 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 112/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V):****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

- Málskot móttakið 11. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 29. apríl 2024.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 9. maí 2024.
- Viðbótarathugasemdir V dags. 10. maí 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A á þjóðvegi 1 hinn 19. febrúar 2024. Hafi atvikið valdið lakkskemmdum á vélarhlíf B og því að sprunga myndaðist á framrúðu hennar. V hafi, hinn 5. mars 2024, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A þar sem ökumaður hennar hafni því að gangast við tjóninu og ósannað sé að tjón á B verði rakið til notkunar A. Kröfu sinni til stuðnings vísar M til myndbands af atvikinu þar sem sjá megi steinkast koma frá A sem hafi verið ekið á undan B. Séu því yfirgnæfandi líkur þess að grjótkastið sem olli tjóni á B hafi stafað frá A.

Í bréfi og viðbótarathugasemdu V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, er vísað til þess að sönnunarbyrðin fyrir því að tjón hafi orðið á B og að það tjón verði rakið til notkunar A, hvíli á M. Í fyrirliggjandi myndbandi megi sjá að þrjár bifreiðar hafi ekið fyrir framan B. Af myndbandinu sé ekki ljóst hver þessara bifreiða hafi valdið því að steinar köstuðust upp af veginum, né hvort steinarnir hafi lent á B eða farið yfir hana. Ökumaður A hafni því þá að notkun A hafi valdið umræddu tjóni. Sé því ósannað að tjón á B verði rakið til notkunar A.

Í viðbótarathugasemdu M er bent á að afar ólíklegt sé að grjótkastið hafi getað komið frá annarri bifreið en A. A hafi verið ekið það nálægt bifreiðinni á undan að hefði grjót hrokkið frá þeirri bifreið hefði það hafnað á A en ekki B. Þá megi sjá af myndbandinu að grjót lenti á bifreið B.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Af fyrirliggjandi myndbandi má sjá að þremur bifreiðum var ekið fyrir framan B og að afar stutt bil virðist hafa verið milli A og bifreiðarinnar fyrir framan hana, auk þess sem sú síðarnefnda virðist af myndbandinu að dæma hafa farið að einhverju leyti yfir miðlínu akbrautarinnar. Á myndskaiðinu má einnig sjá steina fljúga í átt að B en ekki er hægt að greina af myndskaiðinu hvaðan þeir koma og virðist ekki útilokað að þeir stafi frá bifreiðinni framan við A. Verður því ekki fullyrt að umrætt grjótkast hafi stafað frá A. Þegar litið er til gagna málsins, þ.á m. er varðar aðstæður á vettvangi, er það mat nefndarinnar að ekki hafi verið nægilega sýnt fram á að tjón á B megi rekja til notkunar A. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 113/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.****Gögn.**

56. Málskot móttakið 11. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
57. Bréf V dags. 16. apríl 2024.
58. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þurft að greiða kostnað vegna lögmannsaðstoðar í tengslum við tvö dómsmál. Annars vegar hafi verið um að ræða úrskurð Landsréttar, en í því máli hafi barnsmóðir M, X, verið sóknaraðili en barnaverndarþjónusta sveitarfélagsins B varnaraðili. Ágreiningur aðila snerist um þá ákvörðun barnaverndarþjónustu að tvö börn M og X skyldu vistuð tímabundið á heimili M. Þrátt fyrir að M hafi ekki verið beinn aðili að því máli hafi hann þurft að leggja út í lögfræðikostnað vegna gagnaöflunar og samskipta við barnaverndarnefnd. Hins vegar hafi verið um að ræða úrskurð Landsréttar er varðaði rétt X til að fá börnin afhent frá M með beinni aðfarargerð á grundvelli Haagsáttmálans. Var M því varnaraðili í því máli. Hafi M þurft að greiða heilmikinn lögfræðikostnað, eða hátt í þrjár milljónir, vegna þess máls þar sem hann hafi þurft að áfrýja til Landsréttar og sækja um áfrýjunarleyfi fyrir Hæstarétti. Hafi M því krafist bóta úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hafi hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki væri um að ræða dómsmál sem hefði verið höfðað á grundvelli laga um einkamál. Enn fremur hafi bótaskyldu verið hafnað á þeim forsendum að váttryggingin undanskildi málskostnað vegna ágreiningsmála sem varði forræði barna og umgengnisrétt.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum sínum byggir M á því að málsmeðferð aðfararbeiðinnar hafi klárlega fallið undir það að vera einkamál enda sé gert ráð fyrir því í lögskýringargögnum að almennum reglum um meðferð einkamála í héraði sé beitt um slík mál. Það mál hafi þá ekki varðað forsjá eða umgengni heldur hafi verið um að ræða beiðni um að börnunum yrði komið aftur til forsjáraðila með innsetningu. Ekki hafi verið um að ræða efnislegt mat á umgengni eða forsjá. Hvað varði hitt málið þá hafi M ekki verið aðili að því en hafi samt sem áður borið umtalsverðan kostnað vegna þess.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar bæti hún ekki málskostnað sem varði hjónaskilnað eða mál sem kunni að koma upp í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildi um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varði ágreining um forræði barna og umgengnisrétt. Af fyrirbyggjandi úrskurðum telji V engum vafa undirorpið að ágreiningurinn sem um ræði varði umgengnisrétt og forræði barna og sé því undanskilinn váttryggingunni.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort fyrrgreindur ágreiningur fyrir dómi falli undir undanþáguákvæði váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar M hjá V. Nánar tiltekið kemur fram í skilmálum að váttryggingin bæti ekki málskostnað vegna ágreiningsmála sem varða hjónaskilnað, sambúðarslit og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.

Eins og rakið er í málskoti sneri fyrri úrskurður Landsréttar að því hvort börnin skyldu vistuð á heimili M um tiltekinn tíma samkvæmt kröfu barnaverndarþjónustu en héraðsdómur hafði áður fallist á þá kröfu. Landsréttur hins vegar hafnaði kröfunni með vísan til þess að ekki hefði verið heimilt að gera kröfu um framlengingu tímabundinnar vistunar á heimili M eftir að beiðni X um afhendingu barnanna á grundvelli Haagsamningsins kom fram.

Um inntak forsjár eða forræðis er ítarlega fjallað í 28. gr. barnalaga nr. 76/2003. Kemur þar m.a. fram að forsjá barns feli í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búseturétt þess.

Í fyrri úrskurði Landsréttar kemur m.a. fram að ákvörðun um að krefjast framlengingar á vistun barnanna hjá M hafi falið í sér skerðingu á þeim hluta forsjárréttar X að taka ákvörðun um dvalarstað

þeirra. Er það og mat nefndarinnar að ekki sé hægt að líta öðru vísi á en að sá ágreiningur hafi varðað forsjá barnanna og falli hann því undir fyrrgreint undanþáguákvæði í skilmálum váttryggingarinnar.

Með seinni úrskurði Landsréttar var fallist á kröfu X um að fá börnin afhent sér með beinni aðfarargerð, en X fór með forsjá barna þeirra M. X byggði kröfu sína ákvæðum laga nr. 160/1995 um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl. Frumvarp til þeirra laga var lagt fram vegna fyrirhugaðrar fullgildingar íslenska ríkisins á Evrópusamningi um viðurkenningu og fullnustu ákvarðana varðandi forsjá barna frá árinu 1980 og endurheimt forsjár barna og á samningi um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna milli landa frá árinu 1980, svonefndum Haagsamningi. M byggði þá málsvörn sína að miklu leyti á ákvæðum sömu laga. Landsréttur féllst á aðfararbeiðni X með vísan til þess að skilyrði 12. gr. laganna um heimildir til að synja um afhendingu væru ekki uppfyllt.

Verður að líta svo á að ágreiningur þess máls hafi einnig varðað forsjá barna, enda laut krafa X að því að fá afhent börn sem hún hafði forsjá með en þau dvöldu enn hjá M. Með því að heimili hans var dvalarstaður þeirra verður þá að ætla að forsjá hennar hafi verið skert, enda hafi X þá ekki getað ráðið dvalarstað þeirra.

Þar sem ekki verður annað séð en að ágreiningur sá sem um ræðir hafi í báðum tilvikum varðað forsjá barna er því óhjákvæmilegt, með vísan til fyrrgreindra undanþáguákvæða váttryggingarskilmálans, að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 114/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1), (V2), (V3) og (V4).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A), (B), (C) og (D).****Sakarskipting. Ekið aftan á.****Gögn.**

59. Málskot mótttekið 11. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
60. Bréf V4 dags. 2. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
61. Bréf V1 dags. 3. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
62. Bréf V3 dags. 7. maí 2024.
63. Bréf V2 dags. 8. júlí 2024.
64. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 1. mars 2024, varð hinn 22. febrúar 2024 árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók, B og D, á Þjóðvegi 1 við Skjaldarvík. Fram kemur í skýrslunni að á vettvangi hafi verið svell og snjóþekja.

Framburður ökumanns D í lögregluskýrslu er sá að hann hafi verið að koma að sunnan og ætlað til Dalvíkur. Hafi hann misst af beygjunni við Ólafsfjarðarveg og leitað að afleggjara til að snúa bifreiðinni við á. Hafi hann ætlað að beygja inn á Dagverðareyruveg, gefið stefnuljós og hægt vel á sér eða stöðvað akstur þegar ekið var aftan á hann. Sagði hann og að engin umferð hefði verið að koma á móti sér.

Framburður ökumanns B er á þann veg að bifreiðin á undan henni, D, hafi skyndilega verið hemlað, hún hafði þá einnig hemlað, farið yfir á vinstri akrein og stöðvað þar. Þá hafi bifreiðinni á eftir B verið ekið aftan á hana.

Framburður M er á þann veg að hann hefði ekið í suðurátt, á eftir bifreiðinni C. Ökumaður hennar hafi hemlað skyndilega og endað með því að aka út af veginum. Hafi M þá séð að „allir voru stöpp þvert yfir veginn“. Sagðist hann þá halda að hann hafi ekið A aftan á B og þaðan á D. Atvik hafi átt sér stuttan aðdraganda og allt gerst hratt. Þá telji hann að B hafi verið á miðjum vegi og í hægri vegkanti hafi verið „svört bifreið“ sem hafi yfirgefið vettvang áður en lögregla kom. Þá hafi D verið á hægri akrein, aðeins framan við B og hina óþekktu bifreið. Hafi M ætlað að reyna að komast milli B og þeirrar bifreiðar.

Þá er m.a. haft eftir farþega í A, X, að M hafi hægt á sér þar sem þau hafi séð að bifreið sem var fyrir framan þau hafi misst af beygjunni og verið kyrrstæð á veginum. Mikil hálka hafi verið á vettvangi og því hafi A hafnað á B og D.

Ökumaður C lýsir atvikum svo að hann hafi séð bifreiðar fyrir framan sig hægja á sér. Vegna hálku hafi hann ekki getað hemlað og hafi hann því beygt á vinstri akrein vegarins. Þá hafi hann séð bifreið koma úr gagnstæðri átt og hafi hann því ákveðið að beygja út af veginum til að forða árekstri við hana.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök skyldi lögð á ökumann A sem hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig. M fellir sig ekki við þau málalok og í málskoti kemur fram að hann telji ekki að nægt tillit hafi verið tekið til staðsetningar annarra bifreiða á veginum, og gerir athugasemd við að B hafi staðnæmst á miðjum vegi aftan við D. Þá hafi B ekki gefið til kynna með neinum hætti að eitthvað væri að og hafi viðvörunarljós hennar ekki verið kveikt. Einnig gerir M athugasemdir við staðsetningu D á veginum sem hann telur ekki samræmast því að vinstri beygja hafi verið fyrirhuguð. Þá vísar M til 19., 28. og 33. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings. Vegna staðsetningar bifreiða á veginum hafi hann þá ekki átt möguleika á að forða árekstri og fer hann því fram á endurskoðun niðurstöðu tjónanefndar.

Í bréfi V4, sem var váttryggjandi D á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ljóst að B hafi farið yfir á öfuga akrein til að forðast árekstur, og hafi því ekki verið um hefðbundin akreinskípti að ræða. Þá hafi atburðarás verið hröð og ekki ráðrúm til að kveikja á viðvörunarljósum. Eigi

röksemdir M hvað þetta varði því ekki við. Er þá vísað til framburðar X fyrir lögreglu varðandi það að M og X hafi séð hvar bifreið sem misst hafði af beygjuni við Skjaldarvík væri kyrrstæð á veginum. Af atvikum málsins sé ljóst að M hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga um að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem á undan er stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Þá hafi M ekki gætt að almennri aðgæsluskyldu 1. mgr. 4. gr. sömu laga en þar sem hann sá D kyrrstæða hafi honum borið að sýna sérstaka aðgát. Séu bein orsakatengsl milli fyrrgreindrar háttsemi og þess að tjón varð og beri M því alla sök á umræddum árekstri. Sambærileg sjónarmið koma fram í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, til nefndarinnar.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið telji mega ráða af málsgögnum að ökumaður D, sem hafi verið að leita að stað til að snúa D við, hafi rekið augun í afleggjarann og brugðist hratt við og hemlað án þess að huga að umferð fyrir aftan sig. Með því hafi hann ekki gætt að 1. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga um aðgát við beygju á vegamótum og áskilnað um að ökumaður sem ætli að draga snögglega úr hraða ökutækis skuli ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Séu bein orsakatengsl milli þeirrar háttsemi og þess að árekstur varð og sé því rétt að ökumaður D beri hluta sakar á árekstrinum.

Í bréfi V3, sem var váttryggjandi C á tjónsdegi kemur fram að ekki hafi orðið árekstur milli C og annarra ökutækja og beri ökumaður C enga ábyrgð á árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum M ítrekar hann röksemdir sínar, og tekur fram að hefði D stöðvað við vinstri akbrún, eins og beri að gera við töku vinstri beygju, hefði önnur umferð vandræðalaust getað ekið fram hjá hægra megin enda vegurinn breiður á umræddum kafla. Miðað við staðsetningu D á veginum hafi hann þá verið kominn fram hjá umræddri beygju. Þá áréttar M að skrítið sé að ekki sé horft til þess við sakarmat að tveir bílar hafi verið, í raun án ástæðu, kyrrstæðir á hringvegi 1 og að umferðarreglur gildi ekki bara um A, heldur einnig B og D.

Álit.

M gerir samkvæmt framansögðu kröfu um að úrskurðað verði að B og D beri hluta sakar á umræddum árekstri. Hvað B varðar verður að telja að hún hafi brugðist við því að D var hemlað fyrir framan hana og að í viðleitni við að forða árekstri hafi hún hemlað, sveigt yfir á vinstri akrein og verið staðsett þar er árekstur varð. Með hliðsjón af atvikum og því að atburðarás virðist hafa verið hröð verður henni ekki metið það til sakar né það að hafa ekki gefið hljóð eða ljósmerki. Verður því ekki byggt á 28., eða 33. gr. umferðarlaga hvað það varðar eins og byggt er á í málskoti.

Hvað varðar D þá byggir M á því að staðsetning D á veginum hafi verið óeðlileg miðað við að ökumaður hennar hafi ætlað sér að taka vinstri beygju. Byggir M hvað það varðar á 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðlínu akbrautar þegar um akbraut með tvístefnuakstri sé að ræða. B hafi hins vegar verið á hægri kanti akbrautarinnar eða í „vegkanti“ eins og segir í viðbótarathugasemdum M. Í framburðum aðila fyrir lögreglu kemur þó ekki fram að D hafi verið á hægri kanti, og samkvæmt framburði M var D á „hægri akrein“ en svört bifreið í hægri vegkanti. Engin frekari gögn liggja fyrir um hina óþekktu svörtu bifreið.

Í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga segir að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skuli þess að jafnaði gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Af framangreindu er það álit nefndarinnar að A hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að áskilnaði umrædds ákvæðis og að það hafi leitt til þess að árekstur varð með A og B og í kjölfarið með A og D. Er þá jafnframt litið til þess að samkvæmt framburði X urðu X og M vör við það með einhverjum fyrirvara að D var kyrrstæð á veginum og má því ætla að tilefni hafi verið til sérstakrar aðgæslu.

Niðurstaða.

Ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 115/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V1)****Nafn varnaraðila (V2)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis A****Skráningarnúmer ökutækis B****Sakarskipting. Opnuð hurð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 29. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 243. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orði fyrir líkamstjóni í umferðarslysi 6. febrúar 2023 þegar hún var að setja son sinn í barnabílstól í ökutæki A og ökutæki B sem hafi ætlað að leggja í stæðið við hlið A hafi þá komið og ekið á opna hurð A þannig að M slasaðist. M tekur fram að hurðin hafi verið opin allan tímann. M hafi leitað til læknis daginn eftir slysið og kvartað undan verkjum í herðum, baki og hálsi. Hún hafi verið í samskiptum við lækni 15. febrúar 2023 og fengið beiðni í sjúkráþjálfun vegna verkja. Hún hafi verið í sjúkráþjálfun vegna verkjanna og leitað áfram til heimilislæknis og verið hjá Virk. V1 hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að M hafi ekki verið við stjórn bifreiðarinnar og því sé slysið ekki rakið til notkunar ökutækisins A. V2 hafnaði einnig bótaskyldu og í úrskurði nefndarinnar í máli 200/2023 var niðurstaðan sú að M ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis B. M telur það mál hafa náð yfir munatjón en önnur sjónarmið eigi við um líkamstjón. Þá kemur fram í málskoti að fallist nefndin ekki á bótarétt vegna líkamstjóns úr ökutækjatrýggingu B þá hljóti bótaréttur að vera til staðar úr ökutækjatrýggingu A hjá V1. M vísar til þess að hún hljóti að uppfylla skilyrði 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 að hafa verið við stjórn bifreiðar og að hún hafi verið í notkun. Það hafi þá verið hættueiginleikar A sem olli líkamstjóni hennar þegar A hreyfðist við það að B ók á A.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji að M eigi ekki bótarétt þar sem hún hafi ekki verið við stjórn ökutækisins, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Þá hafi hún hvorki verið farþegi í eigin ökutæki eða slysið orðið að völdum ökutækis hennar sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga. Slysið verði ekki rakið til notkunar ökutækis A enda bifreiðin kyrrstæð og vélin ekki í gangi þegar slysið varð. Slysið verði því ekki rakið til hættueiginleika A.

Í bréfi V2 kemur fram að nefndin hafi þegar fjallað um málið í úrskurði nr. 200/2023 þar sem niðurstaðan hafi verið afdráttarlaus um að M ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B. Ekki séu komnar fram nýjar upplýsingar í málinu sem geti orðið til þess að málið verði endurupptekið. V2 telur því skilyrði endurupptöku ekki til staðar.

Álit.

Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 200/2023 var farið yfir að 5. gr. laga nr. 30/2019, um ökutækjatrýggingu, skyldi beitt við sakarskiptingu vegna áreksturs ökutækjanna og að M bæri ábyrgð á því að hafa verið með opna hurð. Niðurstaðan var að M ætti því ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu ökutækis B hjá V2. Sömu skilyrði gilda um sakarskiptingu hvort sem um muna- eða líkamstjón sé að ræða. Í 12. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina kemur fram að nefndin geti tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið í af nefndinni verði tekið fyrir aftur ef fram koma nýjar upplýsingar sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar málið var tekið fyrir og séu þess eðlis að hefðu þær legið fyrir við uppkvaðningu úrskurðar gætu hafa leitt til annarrar niðurstöðu. Slík gögn liggja ekki fyrir í þessu máli og eru því ekki skilyrði til að endurupptaka mál 200/2023.

Varðandi það hvort M eigi bótarétt úr ábyrgðartryggingu A þá ber að líta til skilyrða 9. gr. laga nr. 30/2019, um ökutækjatrýggingu þar sem M var ökumaður ökutækis A. Í 1. mgr. 9. gr. kemur fram að að vátryggingin skuli tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verði fyrir við

stjórn ökutækisins. Það liggur fyrir að M varð ekki fyrir líkamstjóni sem stjórnandi ökutækisins og eru skilyrði ákvæðisins því ekki fyrir hendi. Þegar af þeirri ástæðu ber V2 ekki bótaábyrgð gagnvart M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 11. júní 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 116/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Umbúnaður fasteignar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M dags. 17. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 21. október 2023 hafi M heimsótt húsnæði X. Í heimsókninni hafi M verið að ganga frá salernisaðstöðu á 1. hæð, sem ætluð sé gestum, og hafi þá gengið út á dimmt svæði að svipast um eftir fatahengi sem hún hafi skilið eftir yfirhöfn í. Þegar hún sá hvar fatahengið var hafi hún gengið í átt til þess en þá stigið niður þrep í tjörn sem hafi verið full af vatni og við það fallið og slasast. Með gögnum málsins fylgir myndband af atvikinu sem nefndarmenn hafa skoðað.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem varð við fallið. M telur að aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi af hálfu X og öryggisráðstafanir og varnir við falli hafi skort, þrátt fyrir skyldu X til að tryggja öryggi gesta. M vísar til þess að lýsing hafi verið dræm á slysstað en afmörkun milli hæðarflata hafi verið sett upp eftir slysið með sérstökum borða. M bendir á að ríkar skyldur hvíli samkvæmt dómaframkvæmd á X sem stundi þjónusturekstur í húsnæði sínu og eigi því að gera ráðstafanir sem tryggja öryggi gesta. Einnig telur M að aðstæður á slysstað hafi ekki verið í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 varðandi umferðarleiðir og merkingar vegna hæðarmun gólfplatara og vísað til ákvæða í tilteknum ákvæðum byggingarreglugerðarinnar um merkingar á hæðarbreytingum, skyldu til að setja handrið á tiltekna staði og merkingar. Auk þessa vísar M til ákvæða um lýsingu í sömu byggingarreglugerð og að X hafi ekki sinnt skyldum sínum í ljósi þess að birtuskilyrði hafi verið takmörkuð og lítil lýsing á svæðinu. Einnig vísar M til þess að húsnæði X sé vinsæll áfangastaður ferðamanna og hönnun húsnæðis eigi að taka mið af því að tryggja öryggi þeirra. Einnig vísar M til þess að sú tjörn sem hún steig í hafi áður verið með áberandi gosbrunni í og þannig sýnilegri heldur en nú og því hafi ekki áhrif að ekki hafi verið tilkynnt um slys við tjörnina áður, eins og V hafi borið við. Einnig vísar M til þess að vatnsyfirborð geti haft villandi áhrif á þá sem ganga um það svæði sem M gekk um.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að X hafi ekki farið gegn ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 vegna merkinga og varnir gegn falli. V bendir að skv. upplýsingum frá X sé ekki um að ræða gönguleið í skilningi þeirrar reglugerðar heldur sé um að ræða augljósa tjörn og sérstakar merkingar hafi verið óþarfar auk þess sem lýsing hafi verið eins á svæði við tjörnina og annars staðar, auk þess sem ljóskastari lýsi tjörnina upp. Auk þessa vísar V til upplýsinga frá X um að ekki hafi verið tilkynnt áður um tjón á sama stað, en tjörnin hafi verið í sama húsnæði í 32 ár, en tugþúsundir gesta heimsæki húsnæðið ár hvert.

M bendir á í viðbótarathugasemdum sínum að í byggingarreglugerð séu hugtökin umferðarleið eða gönguleið ekki skilgreind sérstaklega en slys M hafi átt sér stað á gólfleti þar sem M gerði ekki greinarmun á gólfi og tjörn. Takmarkað rými hafi verið til að athafna sig og þeim mun meiri ástæða hafi verið til að merkja hæðarmun á gólfleti og setja fallvarnir. Einnig telur M að ekki hafi verið augljóst að vatn hafi verið á hreyfingu í tjörninni né að brún tjarnar hafi verið sjáanleg gestum. Auk þessa gerir M athugasemdir við fullyrðingar X um að ekki sé kunnugt um alvarleg slys þar sem M slasaðist þar sem X hafi ekki verið leigutaki öll þau ár sem húsnæðið hafi verið í notkun, heldur einungis frá árinu 2016. Auk þessa vísar M til myndbands frá árinu 2015 af sama stað og hún slasaðist þar sem aðbúnaður hafi verið annar og augljósara þá að um tjörn sé að ræða en nú eftir að breytingar hafi verið gerðar á húsnæðinu. Einnig ítrekar M athugasemdir varðandi lýsingu á vettvangi og bendir

á breytingar frá árinu 2015. Að lokum bendir M á að ráðstafanir hafi verið gerðar eftir slys M þar sem handrið hafi verið sett upp sem og hafi vatn verið tæmt og flötur málaður með ljósum lit. Þannig sé sýnt að X hafi átt að vera búinn að gera slíkar ráðstafanir fyrr og þannig tryggja öryggi gesta.

Álit.

Ágreiningur er um hvort aðstæður í húsnæði X hafi verið með þeim hætti að fyllsta öryggis gesta væri ekki gætt þar sem tjörn var komið fyrir í gólfi húsnæðisins þar sem M féll og hlaut líkamstjón. Af fyrirliggjandi myndum og myndböndum af aðstæðum verður ekki séð að tjörninni hafi verið komið þannig fyrir að erfitt hafi verið að sjá hana. Ekki verður heldur séð að lýsingu hafi verið ábótavant eða staðsetning tjarnarinnar hafi verið þannig að gestum hafi ekki mátt vera ljós staðsetning hennar með eðlilegri aðgæslu. Ekki er talið sannað að aðbúnaðurinn hafi farið gegn þeim ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sem vísað er til í málskoti eða athugasemdum M. Þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið á húsnæði X frá árinu 2015 til þess dags sem M slasaðist telst ekki nægilega sannað að þær breytingar hafi falið í sér sérstaklega hættulegar aðstæður fyrir gesti. Auk þess verður að vísa til þess að síðan X tók við húsnæðinu og gerði þær breytingar sem M vísar til í röksemdum sínum, liggja ekki fyrir upplýsingar um sambærileg slys og það sem M varð fyrir. Af myndbandsupptöku af atvikinu sjálfu má einnig sjá að M gekk rakleiðis áfram, að því er virðist án þess að horfa niður fyrir fætur sér, áður en hún féll. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki talið sannað að slys M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Á M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 117/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

65. Málskot mótttekið 17. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
66. Bréf V2, dags. 29. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
67. Viðbótarframburður M, dags. 10. maí 2024.
68. Bréf V1, dags. 30. ágúst 2024.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á bifreiðastæði við Lækjarhlíð í Mosfellsbæ hinn 4. febrúar 2024. Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis var bifreiðinni A ekið eftir bifreiðastæðinu en bifreiðin B var staðsett í stöðureit. Ágreiningur var milli ökumanna á vettvangi um aðdraganda áreksturs. Í framburði sínum á vettvangi sagði ökumaður A (M) að bifreiðinni B hafi verið bakkað út úr bílastæðinu og á A. Ökumaður B sagðist hafa bakkað út úr stæðinu en séð A koma akandi eftir bílaplaninu, þá hafi hann ekið aftur inn í stæðið og stöðvað en þá hafi A verið ekið utan í B. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 121/24 að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. M sem var ökumaður A telur að ökumaður B beri alla sök, þar sem hann bakkar í veg fyrir akstursleið bifreiðar M. Með því hafi ökumaður B ekki gætt að ákvæði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumaður B hafi ekið rակleidis aftur á bak úr stöðureit án þess að huga að umferð og í veg fyrir bifreiðina A. Ekki skipti máli þó hann hafi reynt að aka bifreiðinni til baka þegar hann sér bifreiðina A, þar sem það var of seint og ekki var hægt að koma í veg fyrir áreksturinn. Snjór hafi ekki verið skafinn af rúðum B nema fram og afturrúðum og því hafi ökumaðurinn haft skerta sýn af vettvangi. Kveðst M hafa ekið bifreið sinni með eðlilegum hætti miðað við aðstæður og ekki séð bifreiðina B fyrr en henni var snögglega bakkað í veg fyrir hann. Útilokað hafi verið að sjá bifreiðina vegna snjóruðninga fyrr en hún var komin á akstursleið M og þá var útilokað fyrir M að koma í veg fyrir að árekstur yrði. Mótmælir M framburði vitnis sem röngum.

V1 leggur ekki fram athugasemdir í málinu.

V2 telur ljóst að ökumaður B hafi gætt nægjanlega að sér þar sem hann ók um leið inn í stöðureitinn þegar hann varð þess var að bifreið M var ekið eftir akbrautinni. Vísar V2 til framburðar vitnis og til 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga þar sem kveðið er á um að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúðar svo að tjón verði ekki. Afstaða V er sú að engin sök verði lögð á ökumann B sem varð fyrir því að bifreið M var ekið á kyrrstæða bifreið hans.

Í viðbótarframburði sínum vísar M til þess að ekkert liggi fyrir um það í málinu nema framburður ökumanns B, að hann hafi ekið til baka inn í stöðureitinn þegar hann sá bifreiðina A nálgast. Sá framburður ökumanns fær t.d. ekki stoð í framburði vitnisins. Mótmælir M því að hafa sagt við vitnið eða ökumann B að hann hafi blindast af sólu.

Álit.

Ágreiningur er milli aðila hvort ökumaður B hafi ekið bifreið sinni aftur á bak í veg fyrir bifreiðina A, eða hvort M, sem var ökumaður A, hafi ekið á kyrrstæða bifreiðina B. Símaframburður var tekinn af vitni sem ók bifreið sinni á eftir bifreið M. Í framburði vitnis segir: „Ég ók á eftir hvíta yarsinum á bílaplaninu. Ég sá að strákurinn var búinn að bakka bílnum sínum aðeins út úr stæðinu og stóð afturendinn á bílnum aðeins út fyrir stæðið en hann var stopp þarna í stæðinu. Hvíta yarisnum var svo ekið hægt og rólega á bílinn hjá stráknum. Ég þekki ekki ökumennina neitt á þessum bílnum. Eldri maður var á hvíta yarisnum og hann sagðist hafa blindast af sólu.“ Styður framburður vitnisins þann framburð ökumanns B að hann hafi verið kyrrstæður er árekstur varð. Þá þykir einnig sannað með

vísan til framburðar vitnisins að afturhluti B stóð út fyrir stöðureitinn. Í framburði M á vettvangi kemur fram að hann hafi ekki séð bifreiðina B fyrir áreksturinn og að sól hafi verið lágt á lofti. Að virtum gögnum málsins og þá sérstaklega framburðum vitnis, verður að telja að áreksturinn megi rekja til þess að M hafi ekið bifreiðinni A á bifreiðina B þar sem hún var kyrrstæð eftir að ökumaður þeirrar bifreiðar hafði stöðvað bifreiðina. Ber ökumaður A því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 24. september 2024

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 118/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

- Málskot mótttekið 15. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 14. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 22. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi höfðað mál gegn lánastofnun vegna uppgreiðslugjalds sem þeim var gert að greiða við uppgreiðslu láns. Með tölvupósti dags. 2. nóvember 2021 hafi V fallist á bótaskyldu úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V. Eftir að dómur, þar sem kröfum M var hafnað, gekk í héraði hafi lögmaður M, með bréfi dags 5. mars 2024, krafist þess að V bætti tjón þeirra vegna málsóknarinnar. V hafi, eftir að hafa fengið reikning lögmannsins sendan, hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 19. mars 2024. Höfnunin hafi verið byggð á því að a) ekki væru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að höfða fjölda dómsmála um sama ágreiningsefni á sama tíma og b) ekki væri fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að höfða dómsmál þar sem þegar lægi fyrir fjöldi fordæma. Fyrir hönd M hafi lögmaður þeirra farið fram á að V breytti afstöðu sinni en með tölvupósti 8. apríl 2024 hafi V ítrekað fyrri afstöðu.

Í málskoti er rökstuðningi V mótmælt. V hafi t.a.m. byggt á því að lögmaður M hafi stefnt í fjölda mála um sama ágreining. Það sé ofsagt enda sé um alls fimm mál að ræða og séu þau ekki að öllu leyti sambærileg. Þá hafi verið nauðsynlegt að höfða mál til að rjúfa fyrningu. Þá vísi V til þess að þegar séu til staðar fordæmi vegna sama ágreinings. Það sé beinlínis rangt enda hafi aldrei reynt á sama ágreining og í máli M fyrir dómi. Héraðsdómur hafi þá fellt niður málskostnað í máli M og sé það til marks um að fullt tilefni hafi verið til málshöfðunar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að í umræddum tölvupósti dags. 2. nóvember 2021 hafi verið vísað til váttryggingarskilmála V og áréttað að bætur greiddust aðeins að nánari skilyrðum uppfylltum. Jafnan séu skilyrði skilmálans ekki að fullu uppfyllt þegar mál eru tilkynnt og samþykkt sem bótaskyld tjón. Megi tjónþola þá vera ljóst að bótaskylduviðurkenning sé háð því að skilyrði séu uppfyllt að fullu áður en komi til greiðslu úr váttryggingunni. Í skilmálum viðkomandi váttryggingar komi m.a. fram að tryggingin bæti ekki málskostnað ef ekki eru fyrir réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Sé ákvæðinu ætlað að girða fyrir bótaskyldu sé málsókn ónauðsynleg eða ef hægt er að ná fram umræddum réttindum án þess að stofna til kostnaðar við rekstur dómsmáls. V telji þetta skilyrði ekki uppfyllt í tilviki M enda hafi Hæstiréttur áður tekið afstöðu til sambærilegs ágreinings og hafnað kröfu stefnenda í því máli. Þá sé röksemdum um að málshöfðun hafi verið nauðsynleg til að rjúfa fyrningu hafnað, enda hafi krafa M annað hvort verið fyrnd, miðað við fjögurra ára fyrningarfrest, eða langt frá því að vera fyrnd hafi fyrningarfrestur verið tíu ár en aðilar hafi verið ósammála um hvaða frest ætti að miða við. Fleiri mál hafi þá verið rekin samhliða máli M og séu stefnur í þeim öllum nær algerlega samhljóða. Hafi því verið allar forsendur til að bíða niðurstöðu í einu þeirra fremur en að stofna til fjölda dómsmála. Þá telur V, með vísan til samlegðaráhrifa af höfðun málanna, að vinna lögmanns M í máli þeirra sé verulega ofmetin og ekki í neinu samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt. Beri tjónþola að takmarka tjón sitt og liggi ekkert fyrir um M hafi gert ágreining um þóknunina eða farið fram á úrskurðarnefnd lögmannafélagsins úrskurðaði um hæfilega þóknun. Þá liggi raunar ekkert fyrir um að M hafi greitt reikning lögmannsins og sé því ósannað að þau hafi orðið fyrir tjóni. Að endingu vísar V til samningsskilmála í umboði lögmannsins, en af þeim megri ráða að utan 50.000 króna umsýslu- og gagnaöflunargjalds falli enginn lögmannskostnaður, umfram þann sem fæst greiddur úr málskostnaðartryggingu, á M. Sé lögmanninum því óheimilt að innheimta annað en fyrrgreint umsýslu- og gagnaöflunargjald. Gerir V því kröfu um að bótaréttur takmarkist við fyrrgreindar 50.000 kr. verði sýnt fram á að sú greiðsla hafi átt sér stað fallist nefndin á annað borð á að M eigi rétt á greiðslu úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að engra fordæma njóti við um þann ágreining sem um ræði í máli M og því hafi verið fullt tilefni til að bera ágreininginn undir dóm. Þá hafi áfrýjunarstefna í málinu þegar verið þingfest. Hvað varði ágreining um mögulega fyrningu krafna hafi stefndi í málinu fallist á að miða upphaf fyrningar við 4. desember 2020, og líklegt sé að dómstólar telji fjögurra ára fyrningarfrest eiga við. Því hafi málshöfðun verið nauðsynleg til að rjúfa fyrningu og ekki unnt að bíða niðurstöðu dómstóla í einu máli, enda megi ætla að málflutningur fyrir Landsrétti fari ekki fram fyrir en haustið 2025. Þrátt fyrir að stefnur í umræddum fimm málum hafi verið keimlíkar sé ekki þar með sagt að málin séu sambærileg, og mótist dómsmál ekki aðeins af stefnu heldur einnig greinargerð og þá hafi gögn um umræddra lánessamninga ekki verið samhljóða. Hvað varði tímaskráningu lögmans sé gjaldtakan í fullu samræmi við þá vinnu sem lögð var í málið og í fullu samræmi við ákvæði laga um lögmenn, ekki síst í ljósi þess að gjaldtaka sé í samræmi við þá skilmála sem tilgreindir séu í umboði lögmansins. Eru þá í viðbótarathugasemdum nánar tilgreindir þeir verklíðir sem unnir hafi verið í tengslum við mál M. Sé þá ljóst að kostnaðurinn sé umfram hámarksbætur sem M geti krafist úr váttryggingunni. Sé það þá nýmæli krefjist V þess að tjonþolar greiði málskostnað áður en kemur til greiðslu úr váttryggingunni enda hafi framkvæmdin almennt verið sú að V greiði málskostnað beint til lögmanna.

Álit.

Í 18. gr. þágildandi váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar M hjá V er fjallað um bótaskyld málskostnaðartryggingar. Í töluliðum 18.2 til 18.15 er fjallað um tilvik sem falla utan gildissviðs réttaraðstoðartryggingarliðar fjölskyldutryggingar. V byggir samkvæmt framansögðu höfnun sína á tölulið 18.13, en þar segir að váttryggingin bæti ekki málskostnað ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verði t.a.m. ekki taldir fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið synjað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð. Fyrirliggjandi er tölvupóstur V til lögmans M, dags. 2. nóvember 2021. Kemur þar fram að fallist sé á bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingum nánar tilgreinda umbjóðenda hans. Um er að ræða fjóra váttryggingartaka, þ.a.m. M og bera gögn málsins með sér að í a.m.k. tveimur öðrum tilvikum hafi verið um sambærilegan ágreining og í tilviki M að ræða. Í framangreindum tölvupósti eru tilgreindar hámarksbætur og eigin ábyrgð váttryggingartaka. Þá kemur fram að V greiði ekki hærri bætur vegna málskostnaðar en sem svari fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur standi um. Þá er greint frá því að bætur greiðist aðeins ljúki máli með dómi eða réttarsátt, og einungis sé greitt vegna eðlilegs og nauðsynlegs lögmans- og málskostnaðar sem stafi af rekstri máls fyrir dómi og fáist ekki greiddur frá mótaðila eða hinu opinbera. Þá verði óskað eftir málskostnaðarreikningi og tímaskýrslu lögmans komi til greiðslu úr váttryggingunni. Að endingu er almennt vísað til skilmála V vegna umræddrar tryggingar.

Að mati nefndarinnar er hér um að ræða fyrirvaralausá viðurkenningu þess að umræddur réttarágreiningur falli undir gildissvið váttryggingarinnar. Getur V því að mati nefndarinnar ekki borið það fyrir sig á síðari stigum að tjon M falli utan bótaskylds hennar á grundvelli 18. gr. Að fenginni þeirri niðurstöðu er ekki tilefni til að taka ákvæði 18.13 til frekari skoðunar.

Hvað varðar hugsanlegan ágreining um hvort vinna lögmansins hafi verið óhófleg miðað við umfang málsins telur nefndin, eins og mál þetta liggur fyrir, ekki sýnt að ekki hafi verið um nauðsynlegan og eðlilegan kostnað í skilningi 20.1 gr. viðeigandi skilmála að ræða. Vísast þá til 1. mgr. 26. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 sem gerir ráð fyrir því að greini lögmenn á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds eða fjárhæð þess geti annar eða báðir lagt slíkan ágreining fyrir úrskurðarnefnd lögmanna.

Af framansögðu eiga M rétt til bóta úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V og verður ekki fallist á það með V að tilvitnuð skilmálaákvæði í samningi M við lögmenn þeirra standi í vegi fyrir greiðsluskyldu til samræmis við framlagðan reikning enda verður að telja skilmálana gera ráð fyrir því að sé umbjóðandi lögmansins með málskostnaðartryggingu standi hún undir kostnaði við rekstur málsins. Verður því ekki fallist á það með V að greiðsluskylda þess taki aðeins til greiðslu umsýslu- og gagnaöflunargjalds.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 119/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Heilsutrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

69. Málskot mótttekið 12. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
70. Bréf V dags. 27. júní 2024, ásamt fylgiskjölum; váttryggingarskírteini, skilmálar váttryggingar, tjónaskýrsla og læknaþríf dags. 17.11.2023, tölvupóstsamskipti milli M og váttryggingamiðlunar, beiðni um og læknaþríf læknis dags. 29.2.2024 ásamt gögnum og bréf um höfnun bótaskyldu dags. 4. apríl 2024.
71. Tölvupóstur M dags. 16. júlí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti um tjón í heilsutryggingu sína hjá V hinn 20. nóvember 2023 til váttryggingamiðlunar sem kemur fram fyrir hönd V og vísaði þar til þess að hún hefði greint þremur dögum áður með POTS, hjarta- og taugasjúkdóm. Á tjónstilkynningarformi er spurt hvort M hafi haft sömu eða svipuð einkenni áður og hún svarar þar „ekki jafn mikil og hamlandi einkenni“. Í læknisvottorði frá 17. nóvember 2023 kemur fram að M sé greind með POTS, sé með „klassíska sögu, einkenni og skoðun“ sem staðfesti greiningu. Hinn 12. desember 2023 var f.h. V óskað eftir frekari upplýsingum frá lækni, m.a. um forsögu greiningar og framtíðarhorfur. Í læknaþríf dags. 29. febrúar 2024 kemur fram að M sé enn í greiningarferli en hafi langa sögu um ýmis einkenni, sérstaklega eftir covid-greiningu um áramót 2021-2022. Eftir það hafi hún síndurteknar lungnabólgur, veirusýkingar og fleira og sé líklega með „long Covid“, en sjúkdómarnir POTS og ME séu hluti af long Covid heilkenni.

Af málskoti verður helst ráðið að M telji sig eiga rétt til bóta úr heilsutryggingu sinni hjá V og vísar til þess að POTS einkenni hafi „alltaf verið til staðar en versnuðu eftir covid“. M gerði ekki efnislegar athugasemdir við það sem kom fram í bréfi V til nefndarinnar, sbr. tölvupóst M dags. 16. júlí sl.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að váttryggingin nái ekki „...til afleiðinga heimsfaraldurs sem skilgreindur er sem slíkur af Alþjóðaheilbrigðismálastofnunni, WHO, sbr. váttryggingarskírteini.“ Einnig hefur V vísað til þess að váttryggingin taki ekki til neins konar sjúkdómsástands sem var fyrir hendi áður en váttryggingin tók gildi og hinn váttryggði vissi, eða mátti vita um, sbr. c. lið 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V bendir á að heilsutrygging M hafi verið fyrst gefin út hinn 30. mars 2023 eða tæpum átta mánuðum áður en M tilkynnti um tjón og að M hafi verið óvinnufær í tvö ár. V bendir einnig á að M hafi því ekki verið vinnufær þegar váttrygging tók fyrst gildi en váttryggingin tryggði einstaklinga sem eru í fullri atvinnu. V vísar til ákvæðis í gr. 19.1 í váttryggingarskilmálum og ákvæði í váttryggingarskírteini máli sínu til stuðnings.

Álit.

Af váttryggingarskilmálum má ráða að heilsutryggingu V tryggi „...lögráða einstaklinga yfir 18 ára aldri og eru í fullri atvinnu fyrir ýmsum læknisfræðilegum áföllum og tengdum kostnaði.“ Í 1. kafla váttryggingarskilmálanna kemur auk þess fram að greiddar séu bætur vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku af völdum slyss eða sjúkdóms og í gr. 1.1. segir sjúkdómur teljist vera „...veikindi eða sjúkdómsástand hins váttryggða sem ekki orsakast af slysi.“ Í 2. og 3. gr. skilmálanna er síðan fjallað um frekar um bótagreiðslur vegna varanlegrar læknisfræðilegar örorku og tímabundinnar örorku. Í 5. gr. er fjallað um sérstakar undanþágur frá bótaskyldu vegna sjúkdóms og vísað þar að auki til almennra undanþága í kafla 4. Í þeim kafla er fjallað um almennar undanþágur frá bótaskyldu í 18. gr. og aldursmörk, áhættumat og fyrirvara um ástand fyrir váttryggingartöku í 19. gr. Í gr. 19.1 segir að váttrygging sé tekin án áhættumats á hinum váttryggða fyrir 46 ára aldur hans og að í því tilfelli taki „váttryggingin ekki til neins konar sjúkdómsástands sem fyrir hendi var áður en váttryggingin tók gildi og hinn váttryggði vissi, eða mátti vita um sbr. c. lið 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.“

Í texta váttryggingarskírteinis M, sem V sendi með athugasemdum sínum til nefndarinnar hinn 27. júní 2024, kemur fram setning í miðjum texta fyrir neðan fyrirsögnina „*Lausn ágreiningsmála*“ sem hljóðar svo: „*Váttrygging nær ekki til afleiðinga heimsfaraldurs sem skilgreindur er sem slíkur af WHO.*“ Staðsetning þessarar setningar á váttryggingarskírteini annars staðar en t.d. fyrir neðan fyrirsögnina „*Áríðandi upplýsingar sem varða váttryggingarsamninginn:*“ telst fela í sér óljósa þýðingu hennar og hefur V með staðsetningu ákvæðis ekki gert M nægilega skýrlega grein fyrir umræddri takmörkun á ábyrgð þess. Með hliðsjón af þessu, sem og að ekki liggur fyrir skýrt læknisfræðilegt mat á því að heilsubrest M megi rekja til afleiðinga heimsfaraldurs sem skilgreindur er sem slíkur af WHO, telst V ekki geta borið umrætt ákvæði fyrir sig.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að V hafi veitt M heilsutryggingu án áhættumats þar sem hún var yngri en 46 ára þegar váttryggingin var tekin. Í gr. 19.1 í váttryggingarskilmálum er gert ráð fyrir því að áhættumat eigi sér ekki stað þegar hinn váttryggði er yngri en 46 ára. Ekki verður séð af gögnum málsins að V hafi sérstaklega innt M eftir því hvort hún hafi verið vinnufær þegar váttryggingin tók gildi og því hefur ekki verið haldið fram af hálfu V að M hafi veitt rangar upplýsingar í aðdraganda töku váttryggingar. Verður því ekki annað séð en að V hafi talið M uppfylla almenn skilyrði váttryggingarinnar við töku hennar, ella hefði hún ekki verið veitt, og verður höfnun bótaskyldu ekki byggð á tilvísun til almennra ákvæða um „fulla atvinnu“ váttryggðra. V verður að bera hallann af því að hafa ekki gengið úr skugga um að M hafi uppfyllt almenn skilyrði váttryggingarskilmála við váttryggingartöku.

Það sem stendur eftir er að meta hvort ákvæði gr. 19.1, sem vísar til c.liðar 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, eigi við um aðstæður M. Í þeirri grein segir í 1. mgr. að váttryggingafélag geti ekki gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð vegna þeirra tilvika að sjúkdómur hafi verið fyrir hendi þegar ábyrgð þess hófst, nema atvik séu þannig að ákvæði a., b. eða c. liðar ákvæðisins eigi við. Í c. liðnum, sem vísað er til í váttryggingarskilmálum V, segir að heimilt sé að gera fyrirvara við að félagið sé laust úr ábyrgð vegna sjúkdóms sem var fyrir hendi þegar ábyrgð félagsins hófst ef samið er um að upplýsinga um heilsufar váttryggðs er ekki aflað við töku váttryggingar. Eins og áður segir var slíkra upplýsinga ekki aflað í tilfelli töku heilsutryggingar M hjá V þar sem hún var ekki orðin 46 ára, sbr. gr. 19.1 í váttryggingarskilmálum. V gat því gert fyrirvara um að það væri laust úr ábyrgð vegna sjúkdóms eða meins sem váttryggði vissi eða mátti vita um.

Sönnunarbyrði hvílir því á V um að M hafi vitað eða mátt vita um að hún væri haldin sjúkdómi þegar hún tók heilsutryggingu hjá V. Af læknisfræðilegum gögnum verður ekki annað ráðið en að M hafi verið greind með sjúkdóminn POTS í nóvember 2023. Ekki kemur skýrlega fram í sömu gögnum að M hafi vitað eða mátt vita um að hún væri með þann sjúkdóm þegar hún tók heilsutryggingu hjá V og verður V að bera hallann af slíkum sönnunarskorti.

Á hinn bóginn verður heldur ekki ráðið skýrlega af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu hvort M er óvinnufær vegna umrædds sjúkdóms eða vegna annarra orsaka eða hvort og hvernig óvinnufærni nú tengist öðrum þáttum í heilsufari hennar. Verður því ekki, á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram, talið sýnt að M hafi sýnt nægilega skýrlega fram á að skilyrði 3. gr. um greiðslu bóta vegna tímabundinnar örorku eða eftir atvikum 2. gr. vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku hafi verið uppfyllt. Verður því ekki séð að réttur til bóta hafi stofnast úr heilsutryggingu M hjá V að svo stöddu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr heilsutryggingu sinni hjá V, miðað við fyrirliggjandi gögn.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 120/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Notkun ökutækis.****Gögn.**

72. Málskot mótttekið 12. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.

73. Bréf V, dags. 6. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni hinn 25. ágúst 2023 er hún féll af reiðhjólí á bifreiðaplani við Skeifuna 8. Varð slys hennar með þeim hætti að bifreiðin A kom akandi að M fyrir horn með þeim afleiðingum að M fannst bifreiðin ætla að aka á hana. Krossbrá M og bremsaði með þeim afleiðingum að hún féll af hjólinu lenti harkalega á jörðinni. M gerði kröfu um bætur vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V en bótaábyrgð var hafnað með tölvupósti dags. 23. janúar 2024 á þeim grundvelli að slysið verði ekki rakið til notkunar ökutækisins A. Telur M niðurstöðu V ranga og byggir á því að A hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem ökutæki í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019. Varð slysið í svo nánnum tengslum við akstur ökutækisins að það hljóti að falla undir notkunarhugtakið. M telur nægilega sannað að tjón það sem um ræðir, sé valdið af notkun ökutækisins A, enda hafi ökumaður þess keyrt að M með þeim afleiðingum að hún taldi að árekstur væri í uppsiglingu. Ekki sé unnt að líta svo á að bein ákoma ökutækis og tjónþola sé skilyrði fyrir því að bótaábyrgð stofnist, enda er talið nægilegt að tjóninu sé valdið við notkun bifreiðarinnar líkt og leiða má af 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Vísar M til nánar til greindra dóma og úrskurða máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A. Vísar V til framburða M og ökumanns A í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu og telur á grundvelli þeirra að tjón M verði ekki rakið til notkunar A, heldur til rangra viðbragða M í aðdraganda fallsins.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort líkamstjón það sem M varð fyrir vegna falls af reiðhjólí hinn 25. ágúst 2023 megi rekja til notkunar ökutækisins A í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þó tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Ber M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar sé að rekja til notkunar ökutækisins A en ekki annarra atvika. Engin vitni voru að tjónsatvikinu og kom lögregla ekki á tjónsvettvang. M gaf skýrslu hjá lögreglu fimm dögum eftir tjónsatvikið. Hafði lögregla þá samband við ökumann bifreiðarinnar A og tók niður hennar framburð. Óumdeilt er að M mætti bifreiðinni A í aðdraganda þess að hún féll af reiðhjólínu. Kveðst M hafa brugðið mikið er hún kom auga á A sem ekið var fyrir hornið á Skeifunni 8. Bremsaði hún til að forðast árekstur og féll við það fram fyrir hjólið og lenti á andlitinu. Ökumaður A kveðst hafa ekið mjög hægt eða á 5 km/klst. og kveðst vera mjög hissa á viðbrögðum M. Taldi ökumaður A að nægir tími og pláss hafi verið fyrir M að bregðast við.

Líkt og fyrr segir voru engin vitni að tjónsatvikinu og liggur því staðsetning reiðhjólis og ökutækis í aðdraganda þess að M féll ekki fyrir í málinu. Liggja ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á að tjónið verði rakið til sérstakra eiginleika ökutækisins A sem tengjast hraða, vélarafli eða þyngd þess en það er forsenda þess að hlutlæg ábyrgð eiganda A stofnast skv. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Ósannað er því að aksturslag eða hraði A hafi orsakað það að nauðsynlegt var fyrir M að hemla hjólinu snögglega. Ber M sönnunarbyrði fyrir því að tjónið megi rekja til fyrrgreindra sérstakra eiginleika ökutækisins og telja verður að sú sönnun hafi ekki tekist. Verður því ekki talið sýnt fram á að tjón M verði rakið til notkunar ökutækisins A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 122/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).****Sakarskipting. Biðskylda.****Gögn.**

74. Málskot mótttekið 15. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
75. Bréf V2 dags. 6. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
76. Tölvupóstur V1 dags. 6. júlí 2024.
77. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 1. ágúst 2024.
78. Tölvupóstur V2 dags. 2. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, vegna tjónsatviks sem varð við vegamót Þúfubarðs og Suðurbrautar um kl. 5 að morgni hinn 30. september 2023, kemur fram að árekstur hafi orðið milli bifreiða A og B skömmu áður en ökumaður B var farinn af vettvangi þegar lögregla kom þangað. Ökumaður bifreiðar A, sem er í eigu M, lýsir atvikum þannig að hún hafi ekið í hægri beygju af Þúfubarði inn á Suðurbraut þegar bifreið B hafi komið af Suðurbraut inn á Þúfubarð í þrönga vinstri beygju. Ökumaður A kom á framfæri myndum af vettvangi við lögreglu. Sérstök framburðarskýrsla liggur fyrir af ökumanni bifreiðar B sem kveðst hafa ekið af Suðurbraut í vinstri beygju inn á Þúfubarð þegar ökumaður bifreiðar A hafi ekið frá biðskyldu þannig að árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa farið af vettvangi vegna þess að hún hafi verið óróleg og hálf hrædd og taldi sig mega fara af vettvangi þar sem hún hafi talið sig í fullum rétti og engin ákoma á bifreið B. Aðspurð út í ljósmynd af vettvangi kvaðst ökumaður bifreiðar B eiga erfitt með að tilgreina nákvæmlega hvar áreksturinn hafi verið á myndinni en hún hafi fært bifreið B lítillaga, en mundi ekki hvernig.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstri við bifreið A þar sem ökumaður bifreiðar B hafi tekið of þrönga vinstri beygju, ekið inn á öfugan vegarhelming og hafi ökumaður bifreiðar A ekki átt þess nokkurn kost að forða tjóni vegna þess ranga og óeðlilega aksturslags ökumanns bifreiðar B. Einnig bendir M á að ákoma á bifreiða A hafi verið á vinstra horni en ekki því hægra.

V1 vísar til þess að miðað við akstursstefnu bifreiða A og B hefðu leiðir þeirra ekki átt að skerast ef ökumaður bifreiðar B hefði ekki tekið of þrönga vinstri beygju. V1 vísar til framburðar ökumanna, lögregluskýrslu og mynda af vettvangi og telur með þeim ljóst að meginorsök árekstursins hafi verið að ökumaður bifreiðar B hafi tekið of þrönga vinstri beygju. Til vara telur V1 að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér í aðdraganda áreksturs.

V2 telur rétt að skipta sök milli ökumanna þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar þar sem henni hafi borið að veita umferð um Suðurbraut forgang vegna biðskyldu, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumaður bifreiðar B beri síðan 1/3 hluta sakar þar sem vinstri beygja þess ökumanns hafi verið of þröng. Umrædd afstaða V2 er í samræmi við niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingafélaganna í mál þeirrar nefndar nr. 529/23.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M telur 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga ekki eiga við í málinu þar sem hægri beygja hefði átt að vera hindrunarlaus fyrir ökumann bifreiðar A. Einnig vísar M til þess að ökumaður bifreiðar B hafi farið af vettvangi og þess vegna eigi að taka framburð ökumanns bifreiðar A fram yfir framburð ökumanns bifreiðar B.

Í viðbótarathugasemdum V2 er tekið fram að félagið telji ekki tilefni til að svara viðbótarathugasemdum M.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B við gatnamót Þúfubarðs og Suðurbrautar. Ljóst er af akstursstefnu að ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um Suðurbraut forgang vegna biðskyldu, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 79/2019. Ljósmyndir af vettvangi, sem ökumaður bifreiðar A tók, sýna að bifreið B var stöðvuð eftir árekstur í vinstri beygju sem er nokkuð þröng. Verður að ætla að skýrari mynd hefði náðst af aðdraganda árekstursins ef lögregla hefði komið að bifreiðunum óhreyfðum og verður ökumaður bifreiðar B að bera einhvern halla af því að hafa yfirgefið vettvang án þess að samkomulag náðist milli ökumanna um að skila inn tjónsskýrslu, eða eftir atvikum kalla til lögreglu. Verða myndir sem ökumaður bifreiðar A því lagðar til grundvallar við mat á aðstæðum. Af þeim myndum verður þó ekki ráðið hver nákvæm staðsetning bifreiðar A var við áreksturinn. Báðum ökumönnum bar skv. 4. gr. umferðarlaga að sýna tillitssemi og varúð þannig að ekki sé fyrir hendi hætta á tjóni eða óþægindum. Verður af gögnum málsins ekki ráðið hvort annar ökumaður hafi gætt þess betur en hinn. Ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um Suðurbraut forgang, eins og áður segir, en ökumanni bifreiðar B bar einnig að sýna tillitsemi við akstur í vinstri beygju af Suðurbraut. Með hliðsjón af því og atvikum öllum verður sök skipt til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökutækja A og B.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 123/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Umfang tjóns.

Gögn.

2. Málskot mótttekið 16. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V dags. 27. maí 2024.
4. Tölvupóstur M dags. 28. maí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifreið M í árekstri við bifreiðina X og hefur V viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna málsins en ágreiningur er um umfang tjóns, það er tjónsfjárhæð vegna skemmda á bifreið M.

M telja að greiða eigi bætur í samræmi við mat á viðgerðarkostnaði skv. viðurkenndu mati á tjóni og virðisaukaskatti sem greiða þurfi vegna viðgerðar. M vísa til þess að þau séu ekki í virðisaukaskattskyldri starfsemi og þannig verði þau fyrir tjóni að fá tjónsfjárhæð ekki ákveðna m.t.t. greiðslu virðisaukaskatts. M vísa til þess að bifreið þeirra sé fornþingreið og ekki hafi náðst samningar við verkstæði sem V hafi vísað til vegna viðgerðar á bifreið þeirra. Þau hafi því ákveðið að fá viðgerð hjá verkstæði sem V hafi ekki viðurkennt og þess vegna hafi þau krafist „samkomulagsbóta“ miðað við ofangreint.

V telur að félagið hafi boðið M fullar bætur fyrir fjártjón sitt með því að bjóða M greiðslu tjónsfjárhæðar sem nemur annað hvort greiðslu viðgerðarreiknings að fullu hjá bifreiðaverkstæði sé sem viðurkennt af eða með samning við V, eða samkomulagsbætur sem nemi áætluðum viðgerðarkostnaði. Einnig kemur fram í bréfi V að ef virðisaukaskattur verði greiddur vegna viðgerðar í tengslum við samkomulagsbætur þá fái tjónsfjárhæð sem nemi virðisaukaskatti greidd að því gefnu að viðgerðarreikningum með greiddri virðisaukaskattsfjárhæð verði framvísað við félagið.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að ákvörðun bótafjárhæðar sem greiða á til M vegna tjóns á bifreið þeirra hjá V. Tjón M er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V. Bótafjárhæð miðast því við reglur skaðabótaréttar um fullar bætur fyrir fjártjón. Sama hugtak er grundvöllur bótaákvörðun 35. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (hér eftir vsl.), þar sem kemur fram að ef ekki sé um annað samið eigi váttryggður rétt á fullum bótum vegna fjártjóns síns.

Í bréfi V til nefndarinnar dags. 27. maí 2024 kemur fram að félagið hafi boðið M bætur með þeim hætti að félagið greiddi annað hvort reikning frá verkstæði vegna viðgerðar vegna kostnaðar og greiðslu virðisaukaskatts eða að M fengju greiddar „samkomulagsbætur“ og þá væri tjónsfjárhæð ákveðin með hliðsjón af viðgerðarkostnaði án virðisaukaskatts og sá hluti tjónsfjárhæðar sem næmi mögulegum virðisaukaskatti yrði ekki greiddur strax, heldur á grundvelli framlagðra viðgerðarreikninga. Í framlögðum gögnum verður ekki ráðið að skýrt hafi verið af hálfu V í samskiptum við M að greiðsla bóta gæti farið fram með þessum hætti. Nefndin minnir á að skyldur váttryggingafélaga við greiðslu bóta eru meðal annars tilgreindar í 12. gr. b. vsl. en þar segir: „Váttryggingafélag skal sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurlíðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar.“

Hvað ákvörðun tjónsfjárhæðar varðar, þegar greiða á „fullar bætur fyrir fjártjón“, verður ekki séð að V hafi með ákvæðum í váttryggingarskilmálum eða annars staðar í váttryggingarsamningi sínum við M ákveðið að greiðsla bóta væri með öðrum hætti en að fullar bætur væru greiddar fyrir fjártjón í samræmi við reglur skaðabótaréttar eða eins og það hugtak er túlkað m.t.t. 1. mgr. 35. gr. vsl.

Fjártjón M felst í áætluðum viðgerðarkostnaði vegna skemmda á bifreið þeirra og þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um að M séu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi verður ekki lagt til grundvallar að þau eigi rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts í skilningi laga um virðisaukaskatt nr.

50/1988, eða geti nýtt greiddan virðisaukaskatt vegna slíkrar starfsemi. Ekki hafa verið færð fram fullnægjandi rök fyrir því að fullar bætur fyrir fjártjón M í þessu tilviki séu annað en áætluð fjárhæð til viðgerðar á tjóni með virðisaukaskatti og á M rétt til greiðslu þeirrar fjárhæðar skv. almennum reglum skaðabótaréttar og fyrrnefndu ákvæði 1. mgr. 35. gr. vsl. Réttur til slíkrar bótagreiðslu er í peningum eins á ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 35. gr. vsl. staðfestir. Eins og áður segir hefur V ekki samið um annað, slík framkvæmd er þekkt vegna annarra munatjóna og ekki verður séð að önnur niðurstaða leiði af lögum varðandi það að ákveða fullar bætur fyrir munatjón.

Niðurstaða.

M eiga rétt til bóta miðað við tjónsfjárhæð sem nemur mati á viðgerðarkostnaði auk virðisaukaskatts úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 124/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Vátryggingartaki (A)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot, móttaki dags. 15. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
6. Bréf V, dags. 27. júní 2024, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf M, dags. 20. september 2024.
4. Bréf V, dags. 7. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 1. október 2022 þegar hann var að setja hjólbarða á felgu undir kranabifreið á vinnustaðnum A. Fram kemur að M hafi verið að ljúka við að dæla lofti í dekkið og hefði verið að búa sig undir að færa hjólbarðann yfir í þar tilgert öryggisbúr til að klára verkið þegar það varð sprenging og hringur þeyttist af felgunni og í M með þeim afleiðingum að hann kastaðist aftur um marga metra og slasaðist alvarlega. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri að A eða starfsmenn hans bæru ábyrgð á slysinu á grundvelli saknæmrar ólögmatrar háttsemi eða vinnuveitendaábyrgðar. Í málskotinu kemur fram að slysið hafi ekki verið rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins og að öryggisráðstafanir hafi verið ófullnægjandi í umrætt sinn og að slysið megi fyrst og fremst rekja til þess að A hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum byggðum á lögum með því að tryggja ekki nægilegt öryggi á vinnustaðnum. Þar sem A hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins verði að leggja frásögn M um atvik máls til grundvallar. Þá telur M að verklag A hafi ekki verið í samræmi við öryggisráðstafanir sem A var skylt að tryggja að fylgt yrði eftir. M telur sig hafa unnið verkið eftir bestu vitund og því sem vaninn var á vinnustaðnum samkvæmt fyrirmælum vinnuveitanda. M hafnar því að hann hafi búið yfir fullnægjandi þjálfun og reynslu sem hafi átt að gera honum kleift að vinna verkið með öðruvísi hætti. Þá bendir M á að hann hafi verið ráðinn tímabundið til starfa eða í tvo mánuði í senn. Enn fremur bendir M á að í skýrslu Vinnueftirlitsins sé því beint til A að endurskoða áhættumat og verklagsreglur sem áttu við um þann verkþátt sem slysið varð við. M hafnar því að hann hafi hlotið þjálfun hjá reyndum leiðbeinanda heldur hafi hann sjálfur þurft að tileinka sér vinnubrögð við að skipta á dekkjum. M byggir á því að hjólbarðavélin sem notuð var við verkið sé hættulegt tæki sem hafi í ofanálag verið vanbúin til þess verks sem M vann og A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með skorti á öryggisráðstöfunum. Þá mótmælir M því að hann hafi ekki sett á öryggishring og ekki fylgt verklagi með því að setja of mikið magn af lofti í hjólbarðann þegar hann var í umfelgunarvélinni. Ef of miklu lofti hafi verið dælt í dekkið megi ekki rekja það til aðgæsluleysis hans heldur skorts á viðeigandi vinnutækjum og skorti á verkstjórn. M hafi fylgt verklagsreglum A en hafi ekki getað áttað sig fyllilega á hversu miklu lofti hann hafi dælt í dekkinn þar sem viðeigandi búnaður var ekki til staðar. M hefði þurft að hafa loftdælu til verksins með áreiðanlegum mæli sem leyfði aðeins að ákveðnu magni lofts væri dælt í dekkið. M ítrekar að hann hafi unnið umrætt verk með sama hætti í fjögur skipti þennan dag þegar sprenging varð skyndilega og því hafi ekkert verið að hans verklagi eða athöfnum sem bendi til þess að hann hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá A hafi slysið orðið þegar innri hringur af felgu skaust af felgunni en að hjólbarðinn hafi ekki sprungið. Fram kemur að málsatvik öll, bæði slysið og aðdragandi þess, sjáist vel á myndsbandsupptöku af atvikinu. Þá megi sjá á myndbandinu án alls vafa að ástæða slyssins sé að svokallaður splitthringur hafi ekki verið settur á felguna auk þess sem M hafi dælt of miklu magni af lofti í hjólbarðann í umfelgunarvélinni. Þá liggja fyrir að M hafi byrjað að dæla lofti í hjólbarðann og farið frá meðan loftdæling var í gangi. Jafnframt megi sjá á myndbandsupptöku að M hafi fylgt skráðu og viðurkenndu verklagi við skipti á hinum dekkjum vörubifreiðarinnar. Orsakir slyssins séu í fyrsta lagi þær að M hafi ekki sett splitthring/láshring á áður en hann hóf að

dæla lofti í dekkið og í öðru lagi hafi hann farið frá meðan hann dældi lofti í dekkið og dældi þar af leiðandi of miklu lofti í dekkið áður en hann setti dekkið í öryggisbúr. Í bréfi V kemur fram að haft hafi verið samband við Vinnueftirlitið á tjónsdegi þegar eftir að slysið varð. Skrifleg tilkynning hafi verið send innan sólarhrings frá því að slysið átti sér stað og Vinnueftirlitið hafi skilað umsögn í kjölfar vettvangsrannsóknar. Í umsögninni séu ekki gerðar athugasemdir við umrædda vél, hvorki við aðbúnað hennar né öryggi. Vinnueftirlitið hafi lagt fyrir A að endurskoða áhættumat og verklagsreglur en engar efnislegar athugasemdir hafi verið gerðar við áhættumatið eða verklagsreglurnar. Áhættugreining sem hafi verið gerð í febrúar 2023 hafi ekki leitt til neinna breytingar sem tengdust slysinu og verklagsreglur við dekkjaskipti voru óbreyttar. Fyrir liggir að umfelgunarvélin sé af viðurkenndri gerð, CE merkt og að hún hafi verið notuð óbreytt frá því að slysið varð. Þá kemur fram að verkstæðið hafi hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin. V tekur fram að M hafi haft mikla reynslu í starfi við dekkjaskipti hjá A. M hafi fyrst komið til starfa hjá A í september 2018 og hafi starfað með hléum í 30 mánuði á rúmlega 4 ára tímabili þegar slysið varð. M hafi hlotið þjálfun hjá reyndum leiðbeinendum í samræmi við gátlista nýliða samkvæmt svokölluðum Michelin staðli. M hafi unnið sambærileg störf og það sem hann vann er slysið varð og var þannig vanur að skipta um eins dekk og sambærileg dekk. V telur að slys M verði ekki rakið til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á heldur til óhappatilviks eða aðgæsluleysis M sjálfs sem teljist til stórkostlegs gáleysis af hans hálfu.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hans sé að rekja til saknæmra og ólögðra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Slysið sem varð 1. október 2022 var tilkynnt til Vinnueftirlitsins 2. október 2022 eða innan sólarhrings frá því að slysið varð eins og ber að gera skv. 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Sönnunarbyrði í málinu verður því ekki snúið við sökum vanrækslu A á því að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið. Samkvæmt verkferlum A vegna hjólbarðaskipta kemur fram að margar stærri felgur séu búnar splitthring og oft hafi það gerst að þessi hringur losni af þegar pumpað er í dekkið. Tekið er fram að gæta skuli sérstaklega að því að hringurinn falli vel á sinni sinn stað. Meðal gagna málsins er myndbandsupptaka þar sem sjá má hvar M skiptir um dekk á vörubifreiðinni. Sjá má að þegar hann fer að dæla í dekkið að splitthringurinn liggur á gólfinu. M setti því ekki splitthringinn á dekkið eins og átti að gera samkvæmt verklagsreglunum. Í gögnum málsins kemur fram að M fékk nýliðaþjálfun í september 2018 þegar hann hóf störf hjá A. Einnig kemur þar fram að starfsmenn með reynslu vinni samhliða nýliða þar til hann hafi öðlast rétta færni til að vinna verkið sjálfur. M hefur ekki sýnt fram á að þjálfun hafi verið háttáð með öðrum hætti en lýst er að framan og verður því ekki séð að þjálfun hans hjá A hafi verið ábótavant. Með vísan til framangreinds hefur M ekki sýnt fram á að A beri sök á því hvernig slysið bar að og er slys hans því ekki bótaskyld hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 125/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.****Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 15. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. maí 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 27. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi falið lögmanni sínum að kanna réttarstöðu og bótarétt vegna mögulegra læknamistaka eða annarra annmarka í meðferð A hjá X sem ollu því að A lést árið 2020. M eru eiginmaður og móðir A heitinnar. Málavextir eru þeir að árið 2009 greindist A með frumubreytingar í leghálsi og gekkst í kjölfarið undir keiluskurð. Eftir hann var A í svokölluðum áhættuhópi fyrir krabbameini sem hafði í för með sér aukið eftirlit við leghálsskoðun. Sinnti A eftirlitinu samviskusamlega og mætti í allar skimanir sem hún var boðuð í og fékk þær upplýsingar að ekkert óeðlilegt væri að finna í niðurstöðunum. Var A staðráðin í að láta fjarlægja úr sér legið ef til þess kæmi að hún fengi fregnir um að frumubreytingar hefðu fundist að nýju. Til þess kom þó aldrei þar sem A var aldrei upplýst um þær frumubreytingar sem fundust eftir skimun sem hún fór í hinn 20. apríl 2016. Hefði hún einnig átt að vera í auknu eftirliti vegna frumubreytinganna en ekki næst eftir 24 mánuði líkt og raunin varð. Mótmæla M að A hafi borist bréf frá X árið 2016. Leitaði hún því ekki til læknis að nýju fyrr en árið 2018 og svo árið 2019 þegar í ljós kom stórt æxli sem var talið vera á 4 stigi. Lést A af völdum meinsins hinn 22. ágúst 2020. Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu var send V hin 6. október 2020 en niðurstaða lá ekki fyrir fyrr en hinn 19. febrúar 2024. Benda M á að afstaða landlæknis feli ekki í sér sérstakt mat á því hvort skilyrðum laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu sé fullnægt. Sönnunarkröfur séu almennt minni þegar kemur að því að meta það hvort skilyrði 1. tl. 2. gr. laganna séu uppfyllt. Í málskotinu kemur fram að M séu meðvituð um að ekki sé hægt að fullyrða að koma hefði mátt í veg fyrir andlát A jafnvel þó að hún hafði fengið vitneskju um frumubreytingarnar árið 2016. Hins vegar sé óhætt að fullyrða að líkurnar á að koma hefði mátt í veg fyrir andlátið hefðu verið meiri ef A hefði fengið vitneskju frá X um frumubreytingarnar enda hefði hún látið rannsaka sig betur með tilliti til krabbameins eftir að hafa greinst með frumubreytingar 2009 og undirgengist keiluskurð. Hrakaði heilsu A mikið eftir árið 2016 og hélt áfram að hraka fram að því að hún greindist með óskurðtækt 4 stigs krabbamein árið 2019.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X þar sem tilvikið falli ekki undir 1. eða 2. tl. 2. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Vísar V til þess að rannsóknarnæmi einstakra skimana er talin á bilinu 70-75% og að skimun geti aldrei staðið ein og sér sem endanleg greining á krabbameini. Slíkar rannsóknir geti heldur aldrei veitt fullvissu fyrir því að mein greinist í öllum tilvikum heldur aðeins aukið líkurnar á því að frumubreytingar greinist í tæka tíð. Mótmælir V því að A hafi ekki verið upplýst um frumubreytingar sem fundust við sýnatökuna árið 2016. Fyrir liggja samtímaskráning hjá X, þar sem fram kemur að A hafi verið sent bréf þar sem upplýst var um niðurstöðuna. Vitanlega verði ekki fullyrt að bréf sem X sendi í almennum bréfpósti hafi á endanum skilað sér til A þótt fyrirfram verði að telja líkur fyrir því. Hafi bréfið, sem sannanlega var sent A, hins vegar af einhverjum ástæðum ekki komist til vitundar hennar getur X ekki borið ábyrgð á því og það verður ekki heimfært undir 1. tl. 2. gr. laganna. Þá dregur V í efa að niðurstaða um svokallaða ASCUS greiningu, þar sem með fylgi neikvætt HPV próf og sýnið þ.a.l. talið eðlilegt, hefði leitt til sérstakra viðbragða eða frekari sýnatöku af hálfu A. Ekkert í skimunarniðurstöðunum krafðist skjótari viðbragða en eftirlits að tveimur árum liðnum. Það gerði hún og reyndist sýnið í september 2018 einnig vera eðlilegt og engar formbreytingar fundust í frumum. Gögn málsins bendi eindregið til þess að fram til september 2018 hafi krabbameinið verið svo lítið og þannig staðsett að ekki hafi verið unnt að greina það, a.m.k. ekki með skimunarrannsókn en það hafi síðan vaxið mjög hratt (veldisvöxtur) þar til það uppgötvaðist loks í ágúst 2019 þegar það var því miður orðið um seinan.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítreka M að leiða megi líkur að því að árið 2016 hefði verið unnt að meðhöndla krabbameinið með lyfjagjöf og/eða legnámi. A sem var afar samviskusöm kona hafði lýst því yfir við eiginmann sinn að ef frumubreytingar myndu aftur finnast í leghálsi hennar þá myndi hún undirgangast legnám strax í kjölfarið. Hún vildi ekki taka neina áhættu. Hins vegar barst henni aldrei bréf með upplýsingum um að frumubreytingar hafi fundist í leghálsi hennar og fékk hún því aldrei tækifæri til þess að koma í veg fyrir frekari skaða af völdum krabbameinsins. Vísa M til álits Embættis landlæknis frá 20. mars 2023 sem fjallar m.a. um niðurstöður frumusýna sem send voru með bréfpósti til móttakanda. Þá vísa M einnig til laga um réttindi sjúklinga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

V vísar í viðbótarathugasemdum sínum m.a. til þess að engin sönnun liggja fyrir þess efnis að bréfi hafi ekki borist né heldur hafi það verið gert líklegt. Vart verði talið óeðlilegt að niðurstaða sýnatöku, sem er metin eðlileg og þarfnist ekki viðbragða, sé send með almennum bréfpósti og að slíkri sendingu sé ekki fylgt eftir.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að A hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í 1. tl. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess atviks að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. M byggja kröfu sína um bætur á því að X hafi vanrækt að upplýsa A um frumubreytingar sem fundust við sýnatöku árið 2016 og að sú vanræksla falli undir 1. tl. 2. gr. Ákvæðið lýtur að því hvort rétt hafi verið staðið að rannsókn eða meðferð. Tekur ákvæðið til allra mistaka sem verða við rannsókn eða meðferð. Í málinu liggur fyrir álit embættis landlæknis dags. 16. ágúst 2023 vegna kvörtunar M til embættisins vegna meintra mistaka, vanrækslu og ótilhlýðilegrar framkomu sem þau telja að hafi átt sér stað við veitingu heilbrigðisþjónustu til handa A á heilbrigðisstofnuninni X á árunum 2016 og 2018. Í álitinu er m.a. að finna umsögn óháðs sérfræðings sem komst að þeirri niðurstöðu að hvorki hafi átt sér stað mistök eða vanræksla við veitingu heilbrigðisþjónustu er A var í eftirliti og eftirfylgni hjá X eftir keiluskurð 2009. Niðurstaða landlæknis er hin sama og segir jafnframt í niðurstöðukafla að skimun eftir forstigum eða vexti illkynja meina geti aldrei orðið fullkomin vörn. Hér hafi illkynja mein náð að komast fram hjá eftirlitsaðgerðum, þrátt fyrir að fylgt hafi verið því verklagi sem talið er best tryggja snemmgreiningu, en getur sem fyrr segir aldrei orðið fullkomin vörn. Í álitinu segir landlæknir að hann geti ekki skorið úr um hvort eða hvers vegna A barst aldrei bréf frá X en engu að síður hafi næsta sýnataka verið gerð í samræmi við áætlun sem fram kemur í bréfinu þ.e. að 24 mánuðum liðnum og var það sýni dæmt eðlilegt.

Af álitinu landlæknis verður ráðið að ekkert hafi komið fram sem sýni fram á að mistök eða vanræksla af hálfu X hafi átt sér stað þegar kemur að eftirliti og eftirfylgni sem A var í hjá X. Eðli málsins samkvæmt er ákveðinn ómöguleiki til staðar hvað varðar sönnun á að bréf sem sent er í almennum bréfpósti hafi sannanlega borist til viðtakanda sem í þessu tilviki er A. Afrit af umræddu bréfi sem dagsett er 2. júní 2016 liggur fyrir nefndinni. Þar kemur fram að við skoðun á vegum X hafi fundist vægar breytingar í frumusýninu. Þessar breytingar séu ekki krabbamein og eftir HPV-mælingu hafi ekki fundist há-áhættu HPV-veirur sem geti valdið krabbameini. Ráðlagt var eftirlit eftir 24 mánuði vegna fyrri sögu um frumubreytingar. Að mati nefndarinnar verður ekki talin ástæða að draga í efa að bréfið hafi verið sent til M í bréfpósti. Hvort og þá hvers vegna A barst ekki bréfið verður aldrei upplýst um. Verður ekki talið að sá sendingarmáti hafi falið í sér mistök eða vanrækslu við rannsókn eða meðferð í skilningi 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Niðurstaða rannsóknarinnar sem upplýst var um í bréfinu gaf ekki tilefni til frekari eftirfylgni af hálfu X en þegar var búið að ákveða þ.e. eftirlit að liðnum 24 mánuðum sem óumdeilt er að fór fram. Af ofangreindu leiðir að M eiga ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. júní 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 126/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X) og (Y)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

- Málskot mótttekið 15. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 21. maí 2024.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 25. október 2022 slasast við störf sín hjá X, sem sé verktaki hjá Y. Atvik hafi verið með hætti að flokksstjóri M hafi beðið hann að skipta um hjól í þjöppuvél en pinni/splitti sem hafi haldið hjólinu hafi staðið á sér. Hafi M verið að reyna að losa pinnann en vélin þá farið af stað með þeim afleiðingum að hægri hönd hans klemmdist. M hafi hal neðst á fjarstýringu vélarinnar og hafi því ekki ýtt á neinn hnapp hennar en vélin hafi farið skyndilega af stað. Vélin sem um ræði sé í eigu Y. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við atvikið. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en hinn 9. nóvember 2022. Að ósk lögmanns M hafi starfsmaður Vinnueftirlitsins farið á slysstað til að „skoða málið.“ Samkvæmt tölvupósti Vinnueftirlitsins, dags. 2. janúar 2023, hafi verið búið að gera áhættumat fyrir tækið og lagfæringar á því til að fyrirbyggja sams konar slys. Eftir frekari samskipti hafi Vinnueftirlitið sent svör Y vegna málsins, dags. 2. desember 2022. Þar komi m.a. fram að við greiningu hafi komið í ljós að splittið til að losa hjólið væri of stutt og smíðað hafi verið lengra splitti sem útlöki að starfsmenn klemmi sig haldi þeir í endann á því.

M hafi, með bréfi dags. 17. febrúar 2023, óskað eftir afstöðu V til skaðabótaskyldu Y. Með bréfi V dags. 12. apríl 2023 hafi bótaskyldu verið hafnað á þeim forsendum að umrædd þjöppuvél væri ekki vanbúin. Þá komi fram í bréfinu að samkvæmt Y bæri X, vinnuveitandi M, sem verktaki ábyrgð á öryggisþáttum verksins, þjálfun starfsmanna og því að þeir fylgdu leiðbeiningum. Sé það þá mat Y að klemmuhætta ætti ekki að vera til staðar beri starfsmenn sig rétt að við framkvæmd verksins. Hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins hafi það þá jafnframt staðið X nær að annast hana.

Hafi M í kjölfarið óskað eftir því að V tæki afstöðu til bótaskyldu X. Með bréfi dags. 5. mars 2024 hafi bótaskyldu verið hafnað með þeim rökum að tjón M væri ekki að rekja til vanbúnaðar eða vanrækslu X eða starfsmanna þess. Hafi orsök slyssins verið sú að M hafi hreyft arm vélarinnar á sama tíma og hann var með hendur á splittinu. Hann hefði því ekki beitt réttri aðferð við verkið og ekki hagað sér til samræmis við þjálfun og almenna skynsemi.

Afstaða M sem lýst er í málskoti er sú að X og Y beri sameiginlega og óskipta skaðabótaábyrgð á umræddu slysi, eða a.m.k. annar hvor þeirra.

Hvað varðar bótaábyrgð Y byggir M á því að umrædd þjöppunarvél hafi verið vanbúin og öryggisráðstöfunum við tækið ábótavant. Í bréfi Y til Vinnueftirlitsins komi þá fram að hvorki hafi verið gerð áhættugreining né vinnulýsing vegna þess verks sem M sinnti á slysdegi. Þá sé komin fram staðfesting Y á því að splittið hafi verið of stutt og skapað slysaþættu. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim. Þá hafi Y, á grundvelli 79. gr. laga nr. 46/1980 borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Verði Y því að bera hallann af sönnunarskortri sem af því leiði.

Hvað varðar bótaábyrgð X byggir M á því að X hafi, sem vinnuveitanda, verið skylt að tryggja að starfsmönnum þess stafaði ekki hættu af því að starfa við umrætt tæki. Með vanrækslu á því að gera fullnægjandi öryggisráðstafanir hafi X sýnt af sér saknæma háttsemi. Þá telur M að þjálfun sinni hafi verið ábótavant, hann hafi aðeins starfað á vinnustaðnum í um fjóra mánuði, þar af tvo í hlutastarfi, á slysdegi, og hafi ekki fengið kennslu á fjarstýringu vélarinnar. Þá hafi samskipti við þjálfun verið slæm og starfsmaður sem átti að þjálfu M gengið í burtu þegar hann óskaði eftir leiðsögn. Auk þess hafi annar starfsmaður horft á hann reyna að ná splittinu út án athugasemda. Þar sem áhættugreiningu og vinnulýsingu vegna verksins hafi skort liggi þá í augum uppi að þjálfun hafi ekki verið

fullnægjandi. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim. Þá hafi X, á grundvelli 79. gr. laga nr. 46/1980 borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Verði X því að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði, en t.a.m. neiti M því alfarið að hafa stutt á takka á fjarstýringunni í aðdraganda slyssins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X og Y fari vélin ekki af stað nema ýtt sé á fjarstýringu hennar. Hvað varði Y og mögulega bótaábyrgð þess er því hafnað að þjöppunarvélin hafi verið vanbúin og að sá vanbúnaður hafi leitt til slyss M. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi slysið orðið við arm vélarinnar, en á enda hans séu þjöppunarhjól sem séu læst í fastri stöðu með umræddu splitti. Armurinn geti færst upp og niður en ekki sé hætta á að klemma sig nema armurinn sé í efstu stöðu, og til að færa hann upp og niður þurfi að nota fjarstýringu sem M hafi haldið á umrætt sinn. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við vélinu eða búnað hennar af hálfu Vinnueftirlitsins. Beri starfsmenn sig rétt að við verkið ætti engin hætta að stafa af því. Að mati váttryggingartaka hafi M beitt rangri og hættulegri aðferð við verkið en ljóst sé að hann hafi haldið utan um splittið á sama tíma og hann hugðist lækka arm þjöppunnar en hafi í staðinn fært arminn upp sem leitt hafi til slyssins. Engin sambærileg slys hafi átt sér stað né hafi verið gerðar athugasemdir vegna mögulegrar hættu af vélinni. Þrátt fyrir það hafi Y, sem starfi eftir ströngum öryggisreglum, ákveðið að skipta út splittinu sem um ræði til að fyrirbyggja frekari slys, en fyrir slys M hafi ekkert bent til þess að hætta gæti stafað af verkinu.

Hvað varði mögulega bótaábyrgð X þá hafi verið um venjubundið verk að ræða, þar sem þrjár gerðir hjóla séu notaðar við verkið og þurfi að skipta um hjól milli þjöppunarumferða. Umrætt splitti sé bogið og hægt sé að snúa því þannig að það vísi niður, en í þeirri stöðu sé klemmuhætta ekki til staðar. M hafi sjálfur stýrt vélinni með fjarstýringu og orsök slyssins hafi verið sú að hann hreyfði arm vélarinnar á sama tíma og hann var með hendur á splittinu. Hefði M borið sig rétt að við verkið hefði ekki komið til líkamstjóns og fyrir slys M hafi X ekki verið ljóst að klemmuhætta gæti verið fyrir hendi. Þá er því hafnað að þjálfun M eða leiðbeiningum um verkið hafi verið ábótavant, en M hafi á slysdegi starfað í um fjóra mánuði hjá X. Á þeim tíma hafi hann starfað við vélinu í um 20 skipti, þar af fyrstu sex skiptin sem aukamaður í þjálfun en starfsmenn séu aldrei einir við vinnu við vélinu og fái góða þjálfun frá reyndu samstarfsfólki. Þá liggi fyrir áhættugreining og verklagsreglur vegna starfsins.

Hafi samkvæmt framansögðu verið um óhappatilvik að ræða. Hvað varði skort á tilkynningu til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980 þá leiði slíkur skortur til þess að sönnunarbyrði hvað varðar þau atvik sem hefðu verið upplýst með rannsókn Vinnueftirlitsins hvíli á vinnuveitenda. Í þessu tilviki sé hins vegar ljóst hvernig slysið atvikaðist og hefði möguleg rannsókn ekki bætt neinu við þær upplýsingar sem fyrir liggi.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að skipt hafi máli hvort splittið hafi snúið upp eða niður, klemmuhætta hafi verið til staðar óháð því. Þá fái sú staðhæfing V enga stoð í gögnum málsins þar sem komi fram að hönnunargalli hafi verið til staðar og splittið of stutt og að splittinu hafi verið breytt eftir slys M. Verði þrátt fyrir það byggt á þessari staðhæfingu V þá hafi M aldrei fengið nein fyrirmæli eða leiðbeiningar um að rétt væri að láta splittið snúa niður frekar en upp og hafi þjálfun hans því verið ábótavant. Þá liggi engin frekari gögn fyrir um þjálfun M og verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Hvað varði fullyrðingu V um að ekki hafi verið kunnugt um klemmuhættu fyrr en eftir slys M þá komi það ekki á óvart enda hafi láðst að gera áhættugreiningu og vinnulýsingu vegna umrædds verks. Hefði því verið sinnt sem skyldi hefði klemmuhættan verið þekkt og slys M aldrei atvikast. Þá hafni M því alfarið að hann hafi stutt á takka á fjarstýringunni. Sé ótækt að leggja þá staðhæfingu V til grundvallar enda leiðir skortur á tilkynningu til Vinnueftirlitsins til þess að leggja beri frásögn hans af atvikum til grundvallar.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra og ólögættra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða Y, starfsmanna þeirra eða annarra atvika eða aðstæðna er þau beri ábyrgð á þannig að bótaskylda stofnist. Sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Ráða má af læknisfræðilegum

gögnum að M hafi orðið óvinnufær strax eftir slysið. Á grundvelli þess verður að telja að borið hafi að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins án ástæðulausrar tafar. X tilkynnti hins vegar ekki um slys M til Vinnueftirlitsins fyrr en 9. nóvember 2022. Verður atvinnurekandi því að bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

Hvað varðar hugsanlega bótaábyrgð Y liggur að mati nefndarinnar ekki fyrir að umrædd vél hafi í sjálfu sér verið vanbúin. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu að síðar hafi verið ákveðið að gera tilteknar breytingar á vélinni til að draga úr líkum á slysi. Né er sýnt fram á að sambærileg slys hafi áður atvikast við notkun vélarinnar eða að Y hafi fengið ábendingar um mögulega slyshættu við notkun hennar, en svo virðist sem umrædd vél hafi aðallega verið notuð af X og starfsmönnum þess. Fyrirliggjandi er þó yfirlýsing samstarfsmanns M um að hann hafi „hér um bil“ lent í sambærilegu slysi, en jafnframt kemur fram að hann hafi ekki tilkynnt um atvikið og verður því ekki gert ráð fyrir að Y hafi haft vitneskju um það. Er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu Y samkvæmt öllu framansögðu því ekki fyrir hendi.

Hvað varðar hugsanlega bótaábyrgð X, sem á tjónsdegi var vinnuveitandi M, þá virðist óumdeilt, sbr. bréf V til lögmanns M dags. 12. apríl 2023, að X bar ábyrgð á öryggisþáttum verksins og að starfsmenn þess fylgdu leiðbeiningum við þau verk sem þeim voru falin, svo og á þjálfun starfsmanna.

Fyrir liggur Handbók X – öryggis-, umgengnis- og verklagsreglur. Þá liggur fyrir áhættumat vegna þjöppunar botnraufar og hliða á kerri þar sem fram kemur að ekki skuli halda í þjöppuhjól eða splitti sem heldur því þegar tjakkur er færður til með fjarstýringu. Umrætt skjal ber það með sér að hafa verið uppfært hinn 12. janúar 2023, eða eftir að slys M atvikaðist og áhættumatið sem var í gildi á slysdegi, dags. 11. nóvember 2009, er ekki jafnitarlegt en þar kemur fram að nota skuli persónuhlífar við þjöppun vegna klemmingarhættu og „festa haus á þjöppuhamri“ og virðist því ekki fjallað sérstaklega um hjólaskipti. Fyrir liggur að búnaðurinn var nýlegur á slysdegi og virðist sem þá hafi ekki verið til staðar áhættumat vegna vinnu starfsmanna við búnaðinn. Er þá ekki fyllilega ljóst að hvaða marki sú áhættugreining sem var til staðar átti við um hinn nýja búnað.

Þá kemur fram í bréfi V til nefndarinnar að starfsmenn séu aldrei einir við vinnu við vélina, en þrátt fyrir það liggur ekki fyrir nein yfirlýsing eða vitnisburður þess aðila sem gera má þá ráð fyrir að hafi unnið með M umrætt sinn. Liggur þá ekki fyrir hvort öryggissjónarmið voru að baki því að starfsmenn væru ætíð minnst tveir við vélina, eða hvort hinum starfsmanninum var ætlað að sinna einhvers konar eftirliti með vinnu við hana.

Liggur þá ekki fyrir nefndinni sjálfstæð yfirlýsing X, né liggja fyrir frekari gögn um þjálfun M til starfans, þær verklagsreglur sem voru til staðar vegna verksins eða hvernig þær hafi verið kynntar honum. Þannig virðist t.a.m. gert ráð fyrir að starfsmenn undirriti Handbók X, til staðfestingar á því að hún hafi verið kynnt þeim og að þeir skuldbindi sig til að fara að þeim verklagsreglum sem þar eru settar fram en ekki er fyrirliggjandi eintak handbókarinnar undirritað af M. Liggja að öðru leyti ekki fyrir gögn er sýni fram á hvaða þjálfun M hlaut til að rækja umrætt verk af hendi.

Með hliðsjón af öllu framangreindu, þeirri staðhæfingu M að hann hafi framkvæmt verkið til samræmis við leiðbeiningar, ungum aldri hans og stuttum starfsaldri er það mat nefndarinnar að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Er þá jafnframt við mat á málsgögnum litið til þess að það stóð X næst að tilkynna réttilega um slys M til Vinnueftirlitsins og að því leyti sem atvik slyssins eru óljós, og annarra gagna nýtur ekki við, verður X að bera hallann af slíkum sönnunarskorti.

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim, skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Að mati nefndarinnar er ekki sýnt fram á að M hafi umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og kemur skerðing á grundvelli þessa því ekki til álita.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024
rafræn undirskrift.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 127/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Vátryggingartaki (A)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

- Málskot, mótttekið dags. 15. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 2. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf M, dags. 10. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir vinnuslysi 22. febrúar 2019 þegar kollur sem hún stóð á brotnaði undan henni og hún datt á hægri hlið líkamans. M telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna m.t.t. öryggis og telur A bera skaðabótaábyrgð á slysi hennar með vísan til meginreglunnar um sök og vinnuveitendaábyrgð. V hafnaði skaðabótaábyrgð vegna slyssins. M vísar til 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem fram kemur að atvinnurekanda sé skylt að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þá er vísað til reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, og að öryggis hafi ekki verið gætt þar sem ónýtur kollur var í umferð sem fylgdi slyshætta. Fram kemur að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins líkt og lögbundið sé. M mótmælir þeirri staðhæfingu V að kollurinn hafi ekki borið með sér að hafa verið í ónothæfu ástandi og telur A bera ábyrgð á því að sá búnaður sem standi starfsmönnum til boða við framkvæmd vinnu sé nægilega öruggur. Þá kemur fram að M hafi aftur lent í því að kollurinn hafi brotnað við eðlilega notkun þegar hún kom til vinnu aftur og að annar starfsmaður hafi lent í sambærilegur atviki.

Í bréfi V kemur fram ekki þyki sýnt fram á sök af hálfu A. Því er hafnað að A hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerðar nr. 367/2006, um tæki, sem hafi orsakað slys M. Þá er V ósammála þeirri túlkun að kollur geti átt við reglugerð um notkun tækja þar sem með orðinu tæki í reglugerðinni sé átt við vél eða vélbúnað, áhöld, verkfæri eða þess háttar búnað sem notaður er á vinnustöðum. Kollar sem þessir séu notaður um allan heim í verslunum A og hafi ekki verið til vandræða og ekki sé vitað til þess að atvik af þessum toga hafi nokkru sinni áður átt sér stað. Ef vitað hefði verið að kollurinn hefði verið varhugaverður hefði verið búið að taka hann úr notkun. Þá hafi M ákveðið að nota kollinn sem styðji það að ekkert virðist hafa gefið það til kynna að hann væri varhugaverður. Það verði að líta svo á að það hafi staðið M næst að tryggja öryggi sitt við þetta einfalda verk sem þarfnadist ekki þjálfunar við. Ekki liggi fyrir ágreiningur um það hvernig slysið atvikaðist og hvorki verslunarstjóri né samstarfskona M hafi heyrt af slysi af þessu tagi vegna notkunar á kollum sem þessum. Engu hefði breytt þótt slysið hefði verið tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins og rannsókn farið fram samdægurs.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort A beri ábyrgð á því að M slasaðist við vinnu sína. Ekki er ágreiningur um það að kollur brotnaði með þeim afleiðingum að M slasaðist. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hennar sé að rekja til saknæmra og ólögmetra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Þegar litið er til gagna málsins verður ekki séð að A hafi getað vitað að kollurinn myndi brotna í þetta tiltekna skipti þegar M steig upp á hann. Það hefur því ekkert komið fram um það að yfirmenn M eða aðrir starfsmenn hafi vitað eða mátt vita að kollurinn myndi brotna. Með vísan til þess verður ekki litið svo á að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustaðnum, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra

atvika sem A getur borið skaðabótaábyrgð á. Engu breytir þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Slys M er því ekki bótaskyld hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 128/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

79. Málskot móttakið 15. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
80. Bréf V dags. 6. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
81. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. maí 2024 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. mars 2022 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Hafi atvik verið þau að bifreiðinni A var ekið á B en M var farþegi í þeirri síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á umræddum árekstri. V hafi hafnað bótaskyldu, þrátt fyrir að hafa fallist á að standa sameiginlega með móður M, sem var ökumaður B umrætt sinn, að mati á tímabundnum og varanlegum afleiðingum slyssins hvað hana varðaði. Í kjölfar árekstursins hafi M, ásamt móður sinni, leitað á heilsugæslu og lýst verkjum í hálsi. Hafi hún fengið greininguna tognun/ofreynsla á hálsþrygg. M hafi verið ráðlagt að taka íbúfen en svona verkir gætu tekið tíma að ganga til baka. M hafi leitað aftur til læknis hinn 7. nóvember 2022, en í millitíðinni hafi hún verið til meðferðar hjá osteopata. Við þá læknskómu hafi M lýst einkennum frá hálsi og hnakka í formi vöðvabólgu. M hafi ekki orðið fyrir öðrum slysum í millitíðinni, og engar skýringar, aðrar en umræddur árekstur, séu á einkennum hennar. Í nóvember hafi M ekki verið farin að finna fyrir bata og því hafi læknir ráðlagt meðferð hjá sjúkrahjálfa. Af hálfu M er vísað til hlutlægrar ábyrgðarreglu umferðarlaga en á grundvelli hennar þurfi M aðeins að sýna fram á tengsl milli notkunar A og þess tjóns sem hún telji sig hafa orðið fyrir. Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum sé ljóst að M hafi orðið fyrir líkamstjóni. Þá eru gerðar alvarlegar athugasemdir við svokallaða PC-Crash skýrslu en um sé að ræða gagn sem V hafi aflað einhliða. Þá taki útreikningar ekki tillit til einstaklingsbundinna þátta s.s. aldurs, beinabyggingar, fyrra heilsufars og annarra slysa eða líkamsstöðu við árekstur en öll þessi atriði geti haft mikil áhrif á það hvort líkamstjón verði af árekstri. Þó höggið á bifreiðarnar sem slíkar kunni að hafa verið vægt segi það þá ekki alla söguna um höggkraftinn sem einstaklingar verði fyrir, en almennt sé viðurkennt að höggið sem verki á einstaklinga inni í bifreiðum sé margfalt meira en á bifreiðarnar sjálfar. Vísar M þá til dómafordæma máli sínu til stuðnings. Hvað varði það að nokkur tími hafi liðið milli fyrstu og annarrar komu M til læknis þá sé ekki óeðlilegt að nokkur tími líði milli heimsóknna, enda eðlilegt að telja að einkenni líði hjá, með þolinmæði og töku bólgueyðandi lyfja. Eftir standi að M, sem sé barn, hafi leitað allra ráða til að ná bata, m.a. með umfangsmiklum meðferðum hjá sjúkrahjálfa, en sé enn með einkenni sem komu til í kjölfar slyssins og verði ekki rakin til annarra þátta.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að um lágorkuárekstur hafi verið að og staðfesti niðurstöður fyrirliggjandi PC-Crash skýrslu það að árekstur hafi verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda líkamlegum einkennum. Leggi það auknar kröfur á tjónþola um að sanna tjón sitt og orsakatengsl. Telur V að slík sönnun sé ekki til staðar. Er vísað til þess að M hafi lýst afar ósértækum einkennum við fyrstu komu og hafi þá verið með eðlilega hreyfigetu án allra áverkamerkja. Við næstu komu hafi M lýst því að hún hafi verið einkennalaus framan af en svo hafi einkenni tekið sig upp um mánuði eftir áreksturinn. Sjúkragögn málsins séu afar óljós og sanni með engu móti orsakatengsl einkenna M við áreksturinn, en um sé að ræða ósértæk einkenni sem kunni að vera rakin til álags, rangrar líkamsbeitingar eða annarra þátta.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi frá upphafi fengið þau tilmæli frá lækni að vera þolinmóð enda tæki langan tíma að jafna sig á „whiplash“ áverka og tæki það vinnu og þolinmæði og markvissar æfingar. Væri því ekki óeðlilegt að nokkur tími hafi liðið milli fyrstu og annarrar komu M til læknis vegna einkenna frá árekstrinum. Frá slysdegi hafi M hins vegar fundið fyrir verkjum í hálsi og brjóstbaki sem ekki hafi lagast þrátt fyrir sjúkrahjálfun og meðferð osteopata og treysti sér nú ekki lengur til að sinna áhugamálum sínum. Bendi skráningar í sjúkraskrá M þá til þess að M hafi verið

nokkuð fjarverandi frá skóla og leikfimi og sé það að einhverju eða öllu leyti að rekja til slyssins. Er áréttá að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl slyssins og þeirra einkenna sem M reki til þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 15. mars 2022. V lét vinna skýrslu um um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 15. mars 2022 til 19. mars 2024. Af samskiptaseðli heilsugæslu má ráða að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 16. mars 2022 og þá sagt að verkir í hálsi hafi komið fram stuttu eftir áreksturinn. Við skoðun var hreyfigeta eðlileg og engin áverkamerki að sjá. Var M greind með tognun í hálsi og fékk ráðleggingar um hvíld, inntöku bólgueyðandi lyfja og endurmat eftir þörfum. Við næstu komu til læknis 22. september 2022 kvartaði M undan verk í hnakka vegna vöðvabólgu og kom fram að hún hefði verið hjá osteopata vegna vöðvabólgu. Við komu til læknis 7. nóvember 2022 er skráð að M hafi verið einkennalaus fyrst eftir áreksturinn en svo byrjað að finna fyrir verkjum í háls hrygg og mjóbaki auk þess sem henni fundist hún festast í brjóstbaki. Var M þá greind með liðverki, tognun/ofreynslu í háls hrygg og tognun á brjóst hrygg og fékk beiðni í sjúkrahjálfun. Fyrirliggjandi eru yfirlit meðferða sjúkrahjálfa og má greina af þeim að M hafi sótt reglulega sjúkrahjálfun frá 18. nóvember 2022 til 14. mars 2024. Næsta koma M til læknis þar sem minnst er á áreksturinn var 10. júlí 2023, en þar kemur aðeins fram að M glími við stöðkerfisvanda í kjölfar hans enda var tilefni komunnar annað. Við komu til læknis 26. september sama ár er aftur minnst á áreksturinn og við komu 6. október 2023 kemur fram að M sé enn mjög slæm af verkjum en verstu verkirnir séu í háls hrygg og brjóstbaki. Móðir M lýsti í þeirri komu óánægju með sjúkrahjálfarann sem var með M til meðferðar og fannst eins og hann reyndi að kenna fiðluleik M um verki hennar. Fékk M þá greiningu um „whiplash“ áverka. Þá liggur fyrir að M fékk vottorð vegna þátttöku í leikfimi í október 2023. Í nótu læknis dags. 6. október 2023 kemur þá fram að M hafi átt „sjö komur til læknis eftir slysið út af ýmsum óljósum einkennum.“ Þá er að finna fleiri nótur í sjúkraskrá þar sem vísað er til krónískra verkja. Fyrir liggur þá að M gekkst undir segulómum á hrygg í janúar 2024 og greindust engar sjúklegar breytingar.

Engin önnur læknisfræðileg gögn liggja fyrir nefndinni og ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um fyrra heilsufar M. Ekki liggur þá fyrir sérstakt læknisvottorð er fjalli með heildstæðum hætti um einkenni M, þróun þeirra og orsakatengsl við áreksturinn. Þrátt fyrir að M virðist þá hafa sótt meðferð hjá sjúkrahjálfa í a.m.k. eitt og hálf ári liggja engin frekari gögn, svo sem skýrsla sjúkrahjálfa, fyrir um þá meðferð. Þá virðist sem M hafi verið hjá osteopata, að því er fram kemur í sjúkraskrá vegna vöðvabólgu, en engin gögn liggja fyrir um þá meðferð. Verður þá að líta til þess að samkvæmt þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja og rakin eru hér að framan má ráða að M hafi í fyrstu verið einkennalaus, og eins að það sé mat læknis að einkenni hennar séu óljós.

Það hvílir á tjónþola að sýna fram á það með gögnum að líkamstjón hafi hlotist af tilgreindu atviki. Eins og atvikum er hér háttað og með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Verður hún að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 129/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggðs (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

82. Málskot mótttekið 15. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
83. Bréf V dags. 29. apríl 2024.
84. Tölvupóstur lögmanns M dags. 4. september 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut líkamstjón þegar hann féll ofan í gryfju við húseignina Dalsmára 9-11 (hér eftir húseignin A) í Kópavogi hinn 10. mars 2022. X er með atvinnustarfsemi í húseigninni en af gögnum málsins verður ekki ráðið að X sé eigandi húseignarinnar heldur sé það annað fyrirtæki. M starfar í húseigninni, hjá öðru fyrirtæki en X. Húseignin er þannig að ganga þarf um göngubrú yfir gryfju við húseignina til að komast inn í hana. Af ljósmyndum af vettvangi má sjá að umrædd göngubrú er búin handriðum og við hlið göngubrúarinnar eru stóðir úr járni fyrir reiðhjól sem standa við gryfjubrúnir sitt hvoru megin við göngubrúna. Á brúnum gryfjunnar sitt hvoru megin við göngubrúna er síðan gróft grjót.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins dags. 15. mars 2022 koma fram þau fyrirmæli að tryggja skuli að fallvarnir séu í lagi og að starfsfólk komist að og frá starfsstöð/vinnusvæði á greiðan, öruggan og hindrunarlausan hátt og að fara skuli strax í að tryggja tímabundnar fallvarnir við göngubrúna ásamt húseiganda og lóðareiganda sem og að framkvæmda skuli varanlegar aðgerðir til að tryggja öryggi fólks.

Nánar tiltekið varðandi slys M þá er M blindur og hafði komið að húseigninni að morgni hins 10. mars 2022 með leigubifreið. Af lýsingu M í málskoti má ráða að leigubifreiðin hafi stöðvað á öðrum stað en M var vanur og M gengið áleiðis að göngubrúnni, hélt hann færi á réttum stað til að fara inn á brúna en gekk við það fram af gryfjubrúninni og féll nokkra metra niður með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón af.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og vísar til þess að Z hafi ekki fullnægt skyldum sínum hvað varðar aðbúnað og aðstæður á lóð fasteignarinnar er slysið varð, aðkoma að fasteigninni hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur og ekki fullnægjandi viðvaranir eða aðrar ráðstafanir við göngubrúna til að koma í veg fyrir slys. M telur sakarmat strangt gagnvart X sem umráðamanni húseignar þar sem X sé þar með starfsemi sem laði að sér almennt til kaups á vöru og þjónustu og verði því að gera fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu á tjóni. M vísar til háttæknireglu laga nr. 46/1980 varðandi öryggisráðstafanir á vinnustöðum sem og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 en á báðum stöðum séu almenn ákvæði þar sem gerðar eru kröfur til atvinnurekenda að tryggja öryggi þeirra sem ganga um vinnustaði eða mannvirki. Meðal annars komi fram í gr. 6.2.2 í byggingarreglugerð að hönnun bílastæða og gönguleiða skuli vera með þeim hætti að ekki skapist hættu sem og að huga þurfi sérstaklega að merkingum fyrir blinda og sjónskerta við afmörkun gönguleiða og hæðarbreytingar skuli merkja sérstaklega. Þannig telur M að X sem umráðamanni húseignarinnar A hafi borið að setja upp girðingu á þeim stað sem M féll niður eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir fall á þessum stað.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að húseignin A sé ekki í eigu X heldur annars fyrirtækis. Allar tilvísanir M til strangs sakarmats eiganda húseignar eigi því við um það fyrirtæki en ekki X. Einnig vísar V til þess að gryfja við húseignina og brú yfir hana hafi verið til staðar frá því að húseignin A hafi verið byggð árið 1995 og ekki liggi fyrir upplýsingar um önnur slys við gryfjuna frá þeim tíma. Einnig er því mótmælt að byggingarreglugerð nr. 112/2012 eigi við um húseignina þar sem hún sé byggð á árinu 1995.

Í tölvupósti lögmanns M frá 4. september 2024 kemur fram að ekki séu gerðar viðbótarathugasemdir í málinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X, sem rekur þjónustufyrirtæki í húseigninni A, beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og þannig sé fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Í gögnum málsins er aðstæðum þar sem M féll niður ágætlega lýst með ljósmyndum. Einnig liggur fyrir að annað fyrirtæki en X og húseigandi hafi fengið fyrirmæli í skýrslu Vinnueftirlitsins frá 15. mars 2022 um úrbætur við húseignina A. Ekki liggur fyrir að starfsmenn X, sem rekstraraðila í húseigninni A, hafi sýnt saknæma háttsemi í þeim skilningi að á þeim f.h. X hafi hvílt sérstakar skyldur til athafna við aðkomu að húseigninni, en sú aðkoma hafði verið eins við húseignina síðan hún var byggð árið 1995 miðað við fyrirbyggjandi gögn. Ekki liggur fyrir að slys hafi orðið áður á sama stað eða að starfsmönnum X hafi verið kunnugt um sérstaka slyshættu vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru þannig að skylda þeirra til sérstakra athafna hafi stofnast. Að því virtu verður ekki lögð skaðabótaábyrgð á X vegna líkamstjóns M og hefur því ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 130/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 17. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. apríl 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 22. apríl 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatnstjón hafi orðið í húseign M hinn 30. janúar 2024 og meðal annars hafi orðið tjón á gólfefni húseignarinnar og eldhúsinnréttingu. Í gögnum málsins liggja fyrir tjónamatgerðir, þar á meðal slík frá V dags. 1. mars 2024, frá tilgreindum verktaka sem er ódagsett og önnur tjónamatsgerð frá V dags. 25. mars 2024 en þar eru mismunandi niðurstöður varðandi það hvort tjón hafi orðið á gólfefni og hversu umfangsmikið það hafi verið. Í tjónamatsgerð V er gert ráð fyrir því að skipt verði um 60 fm af gólfefni en í tjónamatsgerð verktakans er miðað við að skipt verði um 116 fm af gólfefni. Ljósmyndir liggja einnig fyrir af eldhúsinnréttingu og gólfi í húseign M eftir tjónið.

M telur að leggja eigi til grundvallar ódagsetta tjónamatsgerð frá verktaka við mat á umfangi tjónsins, en sá verktaki hafi komið að uppsetningu innréttingar í húseign hans og hafi metið nokkurt tjón á gólfefni í húseigninni ásamt eldhúsinnréttingu. M rekur samskipti sín við starfsmenn V þar sem þeir hafi bæði skoðað tjónið í gegnum myndavél, en ekki sent fulltrúa á staðinn fyrir en nokkru eftir tjónið og þá hafi vatn verið þornað. Einnig vísar M til þess að tjón hafi orðið á öllu gólfinu og ekki nægi að bæta tjón að hluta.

V hefur hafnað bótaskyldu vegna frekara tjóns en greitt hafi verið þá þegar og telur ekki unnt að leggja tjónamatsgerð þá sem M byggir á til grundvallar og vísar til annarrar sem var gerð af starfsmanni V. Þar sé gert ráð fyrir að bætur verði fyrir 60 fm gólfefnisins og að ósannað sé að frekara tjón hafi orðið á húseign M. Einnig vísar V til tiltekinnar gerðar harðparkets sem hafi verið á húseign M og verðs á því. Þessu til viðbótar bendir V á 31. gr. váttryggingarskilmála þar sem komi fram að bætur vegna tjóns á gólfefni verði aðeins greidd fyrir rými þar sem tjónið varð. Auk þess vísar V til þess að félagið hafi þegar greitt bætur til M og þannig bætt tjón hans á gólfefnum, sem mest hafi getað orðið m.v. 45 fm en V hafi greitt bætur vegna þess og meira til, þar sem greiddar hafi verið bætur m.v. 60 fm.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að skemmdir hafi komið þannig fram á parketi hans að þar sem efni sé pressað og þrútni mikið við vatnsskemmdir þannig að styrkur hverfi úr efninu og límingin verði ekki söm og áður. M telur að þó að raki hafi ekki mælst í gólfefninu þegar tjónaskoðun á vegum V hafi átt sér stað tveimur mánuðum eftir tjónið hafi tjón samt orðið og skipta þurfi parketi út í heild sinnig þar sem það gólfefni sem varð fyrir tjóni sé ekki til lengur hjá söluaðila.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að félagið telur ekki sýnt að vatns- eða rakaskemmdir hafi orðið á parketi í húseign M. Einnig koma þar fram skýringar á misskilningi í fyrra bréfi V um nákvæmlega hvaða parketefni var í húseigninni, en V telur að sömu sjónarmið eigi við það gólfefni og það sem hafi verið á húseign M varðandi það hversu vatnspolin efnin eru.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um hvort sannað sé að tjón hafi orðið á gólfefni í húseign M og hvort tjón á því hafi verið að fullu bætt með greiðslu V á bótum sem gerðu ráð fyrir því að skipt væri út 60 fm af gólfefni en ekki nær tvisvar sinnum stærri flötur, eða 116 fm. Af gögnum málsins verður ekki séð að ágreiningur sé um greiðslu bóta að öðru leyti vegna tjónsins.

Í 31. gr. váttryggingarskilmála vegna fasteignatryggingar V kemur skýrlega fram að tjón á tjón á gólfefni sé einungis bætt í því rými sem tjón verður. Af ljósmyndum af húseign M verður ekki ráðið með vissu að tjón hafi orðið á stærra rými en þá þegar hafa verið greiddar bætur fyrir, eða 60 fm af

gólfefninu. Í tjónamatsgerðum sem liggja fyrir í málinu liggja ekki fyrir frekari útskýringar á tjóni eða annað sem sýnir að tjón M sé vanbætt.

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir að tjónþoli ber sönnunarbyrði um umfang tjóns síns. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ekki fyllilega ráðið að tjón hafi orðið á gólfefni í húseign M umfram þá 60 fm sem hann hefur þegar fengið bættu eða að það tjón hafi verið í sama rými í skilningi 31. gr. vátryggingarskilmála. Verður því ekki fallist á að frekari bótaréttur M sé fyrir hendi úr fasteignatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 11. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 131/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

85. Málskot móttakið 9. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.

86. Bréf V dags. 8. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. ágúst 2022 hafi M lent í umferðarslysi. Atvik hafi verið þau að hann hafi ekið bifhjólínu A þegar það fór á hliðina í beygju og M hafnaði á jörðinni. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við atvikið og krafist bóta úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A hjá V vegna þess en M búi enn við verki í hálsi og höndum. Með bréfi, dags. 14. febrúar 2024, hafi V hafnað bótaskyldu með þeim rökum að ekki væri sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna er M ræki til þess. M mótmælir þeirri afstöðu og vísar til þess að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 22. ágúst 2022 og þá kvartað undan verkjum í báðum höndum. Þá hafi M aftur leitað á heilsugæslu hinn 15. maí 2023 þar sem hann hafi kvartað undan verk í hálsi og dofa í höndum. Þá hafi hann verið sendur í segulómun af hálsþrygg sem sýnt hafi fram á vægar þrengingar sem sýnt hafi fram á vægar þrengingar út í foramena vinstra megin í C5-C6. M hafi verið heilsuhaustur fyrir slysið og í sjúkraskrá hans sé ekki að finna neinar umkvartanir vegna verkja í höndum, baki eða hálsi fyrir slysið, ef frá er talin kvörtun vegna tennisolnboga. M tali þá hvorki góða íslensku né ensku og sé því örðugt fyrir hann að lýsa einkennum og orsökum þeirra fyrir læknum með greinargóðum hætti. Verði samkvæmt framansögðu, á grundvelli læknisheimsókna M eftir slysið, fyrra heilsufars hans og þeirra einkenna sem hann búi við í dag að teljast sannað að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við slysið.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að A hafi fyrst leitað til læknis 17 dögum eftir atvikið. Þá hafi hann talað um verk í báðum höndum og skoðun bent til tennisolnboga. Þegar M leitaði læknis 15. maí 2023 hafi hann talað um dofa og verk í útlím en hvergi hafi verið minnst á slysið. Þá sé með öllu ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna verkja í hálsi en M hafi kvartað undan slíkum verkjum nú mánuðum eftir slysið og í þeirri læknskómu hafi hvergi verið minnst á slysið. Eina koman vegna slyssins hafi því verið hinn 22. ágúst 2022. Hvíli það á M að sanna tjón sitt og að það verði rakið til bótaskylds atburðar. Slík sönnun hafi ekki tekist og verði M að bera hallann af því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli atviksins 5. ágúst 2022 og þeirra líkamlegra einkenna sem M rekur til þess. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir nefndinni eru annars vegar afrit sjúkraskrár fyrir tímabilið 22. ágúst 2022 til 22. ágúst 2023, og hins vegar vottorð heilsugæslulæknis dags. 23. janúar 2024. Umrætt vottorð virðist byggt á úrvinnslu úr sjúkraskrá en ekki sérstakri skoðun. Í því síðarnefnda kemur fram að M hafi leitað til nuddara, hnykkjara og sjúkraþjálfara en engin frekari gögn um slíka meðferð liggja fyrir nefndinni. Í sjúkraskrá kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 22. ágúst 2022, og þá kvartað undan verk í höndum, sem versni er hann vinni upp fyrir sig. Kemur og fram að skoðun bendi til tennisolnboga. Þó minnst sé á slysið í þeirri komu eru tengsl einkenna við það ekki fyllilega ljós af því sem kemur fram í sjúkraskrá. Var M greindur með dofa í útlímum og verk í útlím. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði var M einnig greindur með tennisolnboga í júlí 2022 en þá leitaði hann til læknis vegna ætlaðs tennisolnboga og verkja í úlnliðum. Af sjúkraskrá má þá ráða að M hafi að miklu eða öllu leyti verið óvinnufær á tímabilinu en ekkert liggur fyrir um að það hafi verið vegna einkenna sem hann reki til slyssins. Hinn 15. maí 2023 leitaði M þá til læknis vegna verkja í hálsi og dofa í höndum en ekki er vísað til slyssins í þeirri komu. Gekkst M í framhaldinu undir segulómun af hálsþrygg en þrátt fyrir að niðurstöður þeirrar rannsóknar séu fyrirbyggjandi liggur ekkert fyrir um að hún hafi leitt í ljós atriði sem sértæk séu fyrir áverka eða slys eins og það sem um ræddi.

Samkvæmt framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að telja að nokkuð skorti á sönnun orsakatengsla milli umrædds slyss og þeirra einkenna sem M rekur til þess. Gögn um fyrra heilsufar M eru takmörkuð og ekki liggur fyrir lækisfræðilegt mat á tengslum núverandi einkenna hans við umrætt slys. Verður M að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 133/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggðs (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

87. Málskot mótttekið 18. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
88. Bréf V dags. 7. maí 2024.
89. Tölvupóstur lögmanns M dags. 4. september 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut líkamstjón þegar hann féll ofan í gryfju við húseignina Dalsmára 9-11 (hér eftir húseignin A) í Kópavogi hinn 10. mars 2022. M var á leið til vinnu sinnar hjá X á slysdegi en af gögnum málsins verður ekki ráðið að X sé eigandi húseignarinnar heldur sé það annað fyrirtæki. Húseignin er þannig að ganga þarf um göngubrú sem er sett yfir gryfju við húseignina til að komast inn í hana. Af ljósmyndum af vettvangi má sjá að umrædd göngubrú er búin handriðum og við hlið göngubrúarinnar eru stóðir úr járnri fyrir reiðhjól sem standa við gryfjubrúnirnar sitt hvoru megin við göngubrúna. Á brúnum gryfjunnar sitt hvoru megin við göngubrúna er síðan gróft grjót.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins dags. 15. mars 2022 koma fram þau fyrirmæli meðal annars til X að tryggja skuli að fallvarnir séu í lagi og að starfsfólk komist að og frá starfsstöð/vinnusvæði á greiðan, öruggan og hindrunarlausan hátt og að fara skuli strax í að tryggja tímabundnar fallvarnir við göngubrúna ásamt húseiganda og lóðareiganda sem og að framkvæma skuli varanlegar aðgerðir til að tryggja öryggi fólks.

Nánar tiltekið varðandi slys M þá er M blindur og hafði komið að húseigninni að morgni hins 10. mars 2022 með leigubifreið í þeim tilgangi að fara til vinnu sinnar hjá X. Af lýsingu M í málskoti má ráða að leigubifreiðin hafi stöðvað á öðrum stað en M var vanur og M gengið áleiðis að göngubrúnni, hélt hann færi á réttum stað til að fara inn á brúna en gekk við það fram af gryfjubrún og féll nokkra metra niður með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón af.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og vísar til þess að X hafi ekki fullnægt skyldum sínum hvað varðar aðbúnað og aðstæður á lóð fasteignarinnar er slysið varð, aðkoma að fasteigninni hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur og ekki fullnægjandi viðvaranir eða aðrar ráðstafanir við göngubrúna til að koma í veg fyrir slys. M telur sakarmat strangt gagnvart X sem umráðamanni húseignar þar sem X sé þar með starfsemi sem laði að sér almennt til kaups á vöru og þjónustu og verði því að gera fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu á tjóni og vísar M til réttarframkvæmdar hvað það varðar. M vísar einnig til háttænisreglna laga nr. 46/1980 varðandi öryggisráðstafanir á vinnustöðum sem og byggingarreglugerðar nr. 112/2012 en á báðum stöðum séu almenn ákvæði þar sem gerðar eru kröfur til atvinnurekenda að tryggja öryggi þeirra sem ganga um vinnustaði eða mannvirki. Meðal annars komi fram í gr. 6.2.2 í byggingarreglugerð að hönnun bílastæða og gönguleiða skuli vera með þeim hætti að ekki skapist hætta sem og að huga þurfi sérstaklega að merkingum fyrir blinda og sjónskerta við afmörkun gönguleiða og hæðarbreytingar skuli merkja sérstaklega. Þannig telur M að X sem umráðamanni húseignarinnar A hafi borið að setja upp girðingu á þeim stað sem M féll niður eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir fall á þessum stað. Einnig vísar M til þess að sönnunarbyrði hvíli á X um að M hefði átt að haga sér öðruvísi.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að X sé ekki eigandi húseignarinnar A heldur leigutaki og X hefði heldur ekki ráðstöfunarrétt yfir húseigninni eða ákvörðunarvald um frágang og umhverfi hennar. V hafnar því að X hafi haft skyldur meðal annars skv. lögum nr. 46/1980 um að tryggja öryggi á svæði við húseignina þar sem X hafi takmörkuð umráð yfir húseigninni sem leigutaki og til að ganga inn í leiguhúsnæði X þurfi að fara um sameiginlegan

innfang húseignarinnar. V vísar til þess að X hafi engin umráð yfir sameign húseignarinnar þar á meðal aðstæðum á lóð hennar. Ákvæði byggingarreglugerðar eigi ekki við X þar sem X sé ekki eigandi húseignarinnar og í húsaleigusamningi sé ekki kveðið á um rétt leigutaka til breytinga á húseigninni. V hafnar því einnig að X hafi vanrækt skyldur sínar á grundvelli laga nr. 46/1980 vegna aðstæðna á vinnustað þar sem M hafi verið á leið til vinnu þegar hann hlaut líkamstjón og hafi tjónsatvikið því ekki orðið á vinnustað hans.

Í tölvupósti lögmanns M frá 4. september 2024 kemur fram að ekki séu gerðar viðbótarathugasemdir í málinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X, sem er vinnustaður M sem er til húsa í húseigninni A, beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og þannig sé fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Í gögnum málsins er aðstæðum þar sem M féll niður ágætlega lýst með ljósmyndum. Einnig liggur fyrir að annað fyrirtæki en X sé húseigandi húseignarinnar A. Í skýrslu Vinnueftirlitsins frá 15. mars 2022, sem meðal annars beinist að X er kveðið á um um úrbætur við húseignina A. Við mat á því hvort slík skýrsla hafi áhrif á sakarmat starfsmanna X verður að líta til þess að ekki hefur verið sýnt fram á að X hafi haft þau umráð húseignarinnar A að X bæri sömu skyldur og húseigandi. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að á starfsmönnum X hafi hvílt sérstakar skyldur til athafna vegna aðkomu að húseigninni, en sú aðkoma hafði verið eins við húseignina síðan hún var byggð árið 1995 miðað við fyrirliggjandi gögn. Ekki liggur fyrir að slys hafi orðið áður á sama stað eða að starfsmönnum X hafi verið kunnugt um sérstaka slyshættu vegna þeirra aðstæðna sem uppi voru. Verður ekki talið, þrátt fyrir skýrslu Vinnueftirlitsins að skylda til sérstakra athafna hafi hvílt á X vegna aðkomu að vinnustaðnum. Eins og áður segir liggur ekki fyrir að komið hafi upp slys áður við húseignina eða að starfsmenn X hafi að öðru leyti geta gert ráðstafanir varðandi húseignina. Að því virtu verður ekki lögð skaðabótaábyrgð á X vegna líkamstjóns M og hefur því ekki stofnast greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 134/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

90. Málskot móttakið 19. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.

91. Bréf V, dags. 13. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að um klukkan 08:40 hinn 2. febrúar 2024 hefi M ekið bifreið sinni í holu á Digranesvegi í Kópavogi. Við það sprungu tvö dekk bifreiðarinnar. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu vegna tjónsins. M telur að viðgerðir sem framkvæmdar voru á veginum þann 9. janúar 2024 hljóti að hafa verið ófullnægjandi fyrst stór hola gat sprengt tvö dekk þann 2. febrúar 2024.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur fram að starfsmenn X hafi gert við umrædda holu 2. janúar og aftur 9. janúar eftir að ábending barst um holu. X hafi aftur fengið tilkynningu um að hola hefði myndast 2. febrúar 2024, annars vegnar kl. 08:35 og hins vegar kl. 08:50. Gert var við holuna kl. 13:00 samdægurs. Starfsmenn X fengu tilkynningu um holuna 5 mínútum áður en M lenti í tjóni vegna holunnar og höfðu því ekki tækifæri til þess að bregðast við og ráðast í viðgerðir á holunni áður en M lenti í tjóninu. Þá hafnar V því að viðgerðir X dagana 2. og 9. janúar 2024 hafi verið ófullnægjandi. Þegar það fer að þýða og frost verður til skiptis sé hætt á að viðgerðarefnið brotni og hola myndist á ný. Telur V því að ósannað sé að tjón M verði rakið til gáleysis X. Um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu X.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunareglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að viðhaldi og/eða merkingu vegar hafi verið ábótavant.

Fram kemur í gögnum málsins að starfsmenn X hafi gert við holu á sama stað og tjón M varð dagana 2. og 9. janúar 2024. Notast var við svokallað kalt viðgerðarefni þar sem frost og krapi var úti. Af gögnum málsins má ráða að sú viðgerð hafi dugað þar til þann dag er M ók bifreið sinni í holuna en þann dag fékk X tvær tilkynningar um holu á veginum. Annars vegar klukkan 08:35 og svo hins vegar klukkan 08:50. Ekki liggur fyrir hvort M hafi verið einn þeirra aðila sem tilkynnti X um holuna þennan dag en af tímasetningu tjóns M, sem gefin er upp í gögnum málsins, má ráða að tjón M hafi orðið 5 mínútum eftir að X fékk fyrst upplýsingar um að hola væri á ný búin að myndast. Verður með vísan til þess að telja að starfsmenn X hafi ekki haft nægjanlegt svigrúm til að bregðast við áður en bifreið M ók ofan í holuna. Þegar af þeirri ástæðu hefur ekki verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi þennan dag sýnt af sér saknæma háttsemi.

Víkur þá að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þegar viðgerð á holu í veginum fór fram í janúar 2024. Samkvæmt svörum frá X er gert við malbiksholur með köldu viðgerðarefni þegar frost og krapi er úti og það dugar ágætlega. Viðgerðarefnið brotni um leið og þýða og frost verður til skiptist. Við það myndast hola aftur og mól úr sárinu dreifir sér og býr til nýjar holur. Ekki

liggur fyrir, t.d. með mati sérfróðs aðila eða öðrum þess háttar gögnum, að það kalda viðgerðarefni sem starfsmenn X notuðu til að fylla í holur á þessum tíma árs hafi verið með öllu ófullnægjandi efni. Verður því ekki, af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, nægilega sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að framkvæma viðgerðir á veginum í janúar 2024 með þess konar efni í stað varanlegrar viðgerðar. Með vísan til þess verður M að bera halla af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara, X, eða að viðbrögð starfsmanna X með því að nota kalt viðgerðarefni hafi verið gáleysisleg.

Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 135/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 16. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 31. maí 2024.

Málsatvik.

Hinn 27. júní 2023 varð árekstur milli A, sem M ók, og B á Reykjanesbraut við Strandarheiði. Var lögregla kölluð á vettvang og í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu dags. 27. júní 2023, kemur fram að B hafi ekið aftan á A og að M hafi setið við hlið A og verið illa áttaður. Gat M lítið tjáð sig um tildrög slyssins á vettvangi en lýsti því þó að hann fyndi fyrir ógleði. Ökumaður B lýsti atvikum svo að hann hefði ekið á um 90 kílómetra hraða á klukkustund og hafi ætlað sér að taka fram úr A. Er hann hafi verið að aka yfir á vinstri akrein hafi A verið nauðhemlað án fyrirvara þannig að B gafst ekki ráðrúm til að afstýra árekstri. Vitnið X lýsti atvikum svo að hann hefði verið að aka fram úr B og A þegar hann veitti því athygli að A var bremsað snögglega, það harkalega að ískraði í hjólbörðum hennar. B, sem hafi verið ekið töluvert fyrir aftan A, hafi þá hafnað aftan á A. Sagðist X þá telja að A og B hefðu verið á um 90 kílómetra hraða. Símaskýrsla var tekin af M hinn 29. júní 2023. Lýsti hann atvikum þá svo að hann hefði fengið einhvers konar aðsvif, liðið illa og svimað. Hann minni að hann hafi verið á 70-75 kílómetra hraða á klukkustund og telji að hann hafi hægt á sér niður í 70 kílómetra hraða. Svo hafi honum sortnað fyrir augum og bremsað, en hann hafi ekki áttað sig á því hve hratt hann bremsaði enda hafi honum liðið eins og hann væri að missa meðvitund. Þegar hann bremsaði hafi B svo verið ekið aftan á A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri helming sakar vegna tilhæfulausrar stöðvunar og B helming sakar þar eð hann hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig.

M fellir sig ekki við þau málalok og telur B eiga alla sök á umræddum árekstri. Í málskoti er áréttað að gjörðir M hafi verið forsvaranlegar og til samræmis við háttsemi góðs og gegns manns, enda hafi honum ekki verið annað fært er hann missti sjónina en að hægja á A með það að markmiði að stöðva hana. Hafi hann þá eins og kostur var gengið úr skugga um að hann æki ekki svo hægt eða hemlaði svo snögglega að það skapaði tafir við eðlilegan akstur annarra eða leiddi til hættu. Sé þá ljóst að ökumaður B hafi ekki virt áskilnað 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um þriggja sekúndna bil milli bifreiða. Hefði hann gert það hefði honum enda gefist ráðrúm til að hægja ferð B eftir því sem M hægði á A. Sé ekki hægt að komast að annarri ályktun en þeirri að B hafi ekki reynt að beygja fram hjá A fyrr en M var byrjaður að hægja á akstri hennar, enda sé það til samræmis við það að B hafi verið ekið á 90 kílómetra hraða. Hefði B því ekki getað keyrt fram hjá nema M hafi verið byrjaður að draga úr ökuhraða. Hljóti B því að hafa ekið svo nálægt A að eina leið B til að reyna að forðast árekstur hafi verið að sveigja fram hjá A.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að félagið telji rétt að skipta sök til helminga. V vísar þá til framburðar aðila og telur þá alla vera á þá leið að M hafi snar- eða nauðhemlað í aðdraganda áreksturs, enda bendi framburður M sjálfs til þess. Atvikalýsingar frumgagna verði ekki skildar öðru vísi en svo en að M hafi verið kominn á 70–75 kílómetra hraða þegar hann hafi bremsað og ekki áttað sig á hversu hratt hann bremsaði. Hafi aksturslag M verið í andstöðu við áskilnað 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 36. gr. sömu laga. Við sakarmat sé þá lítið til þess hvort tilefni stöðvunar sé tengt umferðinni og aðstæðum þar, þ.e. einhverju sem báðir ökumenn hefðu átt að veita athygli, s.s. dýrum á veginum eða gangandi vegfarendum. Í tilviki M hafi aðstæður í umferðinni ekki valdið stöðvun bifreiðarinnar og í slíkum tilvikum hafi sök verið skipt að jöfnu. B beri þá helming sakar þar eð hann hafi ekki gætt að áskilnaði 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga.

Í viðbótarathugasemdom M er áréttað að réttmætt tilefni hafi verið til að hægja á A enda hafi hann og gert það til að forða slysi. Þá sé ekkert í málinu sem bendi til þess að M hafi fyrirvaralaust nauðhemlað bifreiðinni. M hafi enn verið að hægja á sér þegar ekið var aftan á hann og hefði B fylgst með umferðinni sem skyldi hefði hann samhliða dregið úr aksturshraða sínum.

Álit.

Samkvæmt framburði B var hann að hefja framúrakstur á um 90 kílómetra hraða þegar A var nauðhemlað fyrir framan B. Má ráða af framburði hans að lítið ráðrúm hafi verið til þess að bregðast við, en B er vörubifreið og vó ásamt áföstum tengivagni um 40 tonn á tjónsdegi. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skuli þess að jafnaði gætt að það taki ekki minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna en miðað við 90 kílómetra aksturshraða samsvarar það 75 metrum. Af gögnum málsins má ráða að B hafi ekki gætt að því að hafa nægilegt bil milli ökutækja, en með hliðsjón af þyngd og umfangi B verður að telja að sérstakt tilefni hafi verið til þess. Ber hann því meginsök á árekstri A og B.

Samkvæmt framburði M hægði hann á sér er hann fann fyrir einhvers konar aðsvifi, og hafði því dregið úr ökuhraða A áður en hann „bremsaði niður“. Kemur einnig fram að M hafi ekki áttað sig á því hversu hratt hann bremsaði, en samkvæmt framburði B og vitnisins X var um nauðhemlun að ræða. Ekki hafa verið bornar brigður á það að M hafi fengið aðsvif og sortnað fyrir augum. Verður því ekki fallist á að um óþarfa stöðvun í skilningi 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga hafi verið að ræða. Hins vegar kemur fram í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga að ætli ökumaður að nema staðar eða draga snögglega úr hraða ökutækis skuli hann áður ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþarfa óþægindi fyrir aðra umferð. Þrátt fyrir að fallast megi á að M hafi verið í erfiðri aðstöðu umrætt sinn verður þó að telja að hann hafi ekki gætt nægilega að umræddum áskilnaði og ber hann því einnig nokkra sök á árekstrinum.

Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjategyggingar, verður sök skipt svo að ökumaður B ber þrjá fjórðu hluta sakar en ökumaður A fjórðung sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ¼ hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B ¾ hluta. .

Reykjavík, 19. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 136/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis A

Skráningarnúmer ökutækis B

Skaðabótaskylda.

Gögn.

- Málskot móttakið 19. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 3. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf M, dags. 10 maí 2024.
- Bréf V, dags. 14. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi 12. desember 2023 verið að aka ökutæki B Mararbraut til norðurs og hafi þá mætt snjóruðningstækinu A. A hafi verið að ýta snjó af götunni og ökumaðurinn hafi ekki tekið upp tönnina á tækinu þegar ökutækin mættust með þeim afleiðingum að snjór og klaki hafi farið yfir ökutæki B. Fram kemur að ökumenn hafi rætt saman og að ekki hafi verið ágreiningur um atvikalýsinguna. Ökumenn hafi sammælt um að M færi með ökutæki B í skoðun sem og hann hafi gert skömmu eftir atvikið. Staðfestar hafi verið greinilegar skemmdir á vinstri hlið, vélarhlíf, framrúðu og toppi bifreiðarinnar eða þeirri hlið sem sneri að snjóruðningstækinu þegar bifreiðarnar mættust. Í bréfi M kemur fram að aldur ökutækis B hafi ekkert með tjónið að gera og eigi ekki að hafa áhrif.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt ökumanni A hafi skemmdir á ökutæki B verið óljósar og telur V að af myndum verði ekki annað séð en að um hefðbundið steinkast sé að ræða. Ekkert á myndunum bendi til ákomu eftir klaka eða mikinn snjó frá ökutæki A. Þá sé ekki ólíklegt að ákomur vegna steinkasts hafi myndast við hefðbundinn akstur á ökutæki B sem hafi verið framleitt árið 2014. Engin sönnunargögn liggja fyrir í málinu sem bendi til þess að ákomurnar hafi orðið vegna mætingar ökutækjanna. V telur því ósannað að tjónið sé að rekja til tjónsatburðar milli ökutækjanna. Þá kemur fram að á einhliða tjónstilkynningu ökumanns B sé tekið fram að „púntar“ á húddi ökutækis B séu frekar óljósir.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón hafi orðið á ökutæki B þegar það mætti ökutæki A sem var að ryðja snjó af götunni. Það liggja fyrir í málinu myndir af ökutæki B en það liggja ekki fyrir nein gögn um það að skemmdir hafi orðið á ökutækinu vegna atviksins. Það er óumdeilt að ökutækin mættust en það hvílir á ökumanni B að sýna fram á að tjón hafi orðið á ökutækinu. Í tilkynningu ökumanns A um tjónið kemur fram að snjódrift hafi farið á bíl sem kom úr gagnstæðri átt en skemmdir ekki miklar og óljósar. Með vísan til þess og að það liggur ekki fyrir staðfesting óvilhalls þriðja aðila um að skemmdir hafi orðið á ökutæki B við atvikið er ósannað að tjón hafi orðið á ökutækinu við atvikið. Þar af leiðandi á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2024.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 137/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysátrygging launþega

Vátryggingartaki (A)

Gildissvið vátryggingar. Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

- Málskot, mótttekið dags. 22. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 15. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf M, dags. 22. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 24. nóvember 2022 hafi M verið að háttá vistmann við störf hjá A ásamt samstarfskonu og þær hafi ætlað að færa hann ofar í rúminu með því að nota snúningslak. M hafi talið niður og þegar þær áttu báðar að toga vistamanninn upp hafi samstarfskonan ekki togað en M hafi togað vistmanninn sjálf upp og við það fengið tak í bakið og orðið fyrir meiðslum. V hafnaði bótaskyldu úr slysátryggingu launþega á þeim grundvelli að ekki væri um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða. M telur að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða þar sem samstarfskonan lyfti ekki snúningslakinu og hafi þannig með háttsemi sinni orðið völd að slysinu.

Í bréfi V er vísað til áverkavottorðs frá heilsugæslunni þar sem fram kemur að M hafi verið við aðhlyningu, frambyggð að aðstoða vistmann á elliheimili þegar hún hafi fengið skyndilega verk í brjóstbak sitthvoru megin við hrygginn. Fram kemur að álagsmeiðsli og meiðsli sem eigi sér stað innan líkama vátryggðs séu almennt ekki talin vera slys í skilningi slysahugtaksins. Slíkir áverkar komi gjarna vegna rangrar hreyfingar þess vátryggða og því sé orsök ekki utanaðkomandi. Fram kemur að það sé afstaða V að ekki hafi verið sýnt fram á að um utanaðkomandi atvik í skilningi 1.4. gr. vátryggingaskilmála slysátryggingar launþega sé að ræða í því tilviki sem hér um ræðir heldur séu einkennin komin til vegna álagsmeiðsla og innra ástands líkama hennar sem urðu þegar hún lyfti heimilismanni upp.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort líkamstjón það sem M varð fyrir megi rekja til utanaðkomandi atburðar eða innri orsaka en sönnunarbyrði um það hvílir á M. Af fyrirbyggjandi gögnum má telja að M hafi fengið verk í bakið þegar hún var að aðstoða vistmann. Það liggur þó hvorki fyrir vitnisburður samstarfskonu M né áverkavottorð sem staðfestir að meiðsli M verði rakin til utanaðkomandi atvika. Verða meiðsli M því rakin til innra álags eða veikleika. Fellur slíkt ekki undir gildissvið slysátryggingar launþega eins og það er skilgreint með svokölluðu slysahugtaki í skilmála vátryggingarinnar en þar er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Ekki er því um að ræða bótaskyldu úr slysátryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 138/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

- Málskot mótttekið 22. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 13. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Ódags. viðbótarathugasemdir M ásamt fylgiskjölum.
- Bréf M ásamt viðbótargögnum dags. 25. maí 2024.
- Bréf V dags. 6. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. september 2023 hafi M farið með A í bónþjónustu hjá fyrirtækinu X. Hafi hann fengið bifreiðina tilbaka með töluverðum lakkskemmdum. Í viðleitni til að bæta skemmdirnar hafi X boðist til að massa bifreiðina en það hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Upphaflega hafi M ætlað sér að sækja bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins en þar eð X hafi ekki verið með vörsluábyrgð hafi starfsmaður V boðið honum upp á að sækja bætur í kaskótryggingu A. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 2. október 2023, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að tryggingin bæti tjón af völdum skyndilegra, utanaðkomandi atvika og í tilviki M væri ekki sýnt fram á að um skyndilegt atvik væri að ræða. M vísar til þess að mat sérfræðinga sé það að líklega hafi röngu efni verið sprautað á A og samræmist tjónið þeirri tilgátu að ætandi efni hafi komist í lakk hennar sem sé matt og þurfi af þeirri ástæðu sérstaka meðhöndlun. Telur M því að um skyndilegt og utanaðkomandi atvik hafi verið að ræða.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki sé ágreiningur um málsatvik og að við úrlausn málsins hafi V lagt til grundvallar að rangt efni hafi verið sett á lakk bifreiðarinnar og leitt af sér skemmdir á enn. Samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar taki bótaskyldu hennar til tjóns sem verði vegna skyndilegra, utanaðkomandi atvika sem ekki séu sérstaklega undanskilin. Í tjónstilkynningu M sé atvikum svo lýst að þegar hann hafi tekið við bílnum sé eins og notað hafi verið mjög sterkt efni á hann og það látið liggja lengi á bílnum en margar rákir séu út um allan bíl. Höfnun V hafi því byggt á því að tjónið hafi ekki borið að með skyndilegum hætti. Að öðru leyti sé lítið upplýst um hvernig tjónið hafi komið til en sönnunarbyrði þess að atvik falli undir bótaskyldu skilmálanna hvíli á M. Ekki liggi fyrir nein frekari gögn um það hvernig tjónið hafi atvikast og ekki liggi fyrir hvaða efni hafi verið notað eða hve lengi það hafi verið látið liggja á bifreiðinni. Af þessum sönnunarskorti verði M að bera hallann.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að eftir að tjónið atvikaðist hafi hann, eftir ábendingu frá V, verið í töluverðum samskiptum við bílaréttingafyrirtækið Y, sem hafi skoðað A og sett fram kostnaðaráætlun vegna tjónsins. Þegar M hafi tilkynnt tjónið til V hafi hann sagt að umrætt efni hafi líklega legið lengi á bifreiðinni. Það sé þó sennilega ekki rétt enda séu ætandi efni mjög skaðleg möttum bifreiðum. Það séu augljósar rákir niður eftir bifreiðinni, og beri ummerki þess vott að starfsmaður X hafi gengið umhverfis bílinn og byrjað á að sprauta efni á hægri afturhurð, en þar séu skemmdirnar mestar. Þær séu hins vegar minnstar á hægri framhurð, þ.e. þegar umræddur starfsmaður lauk líklega hringferð sinni um bifreiðina en þá hafi hann gert sér grein fyrir mistökum sínum og spúlað efnið af A. Hljóti framangreint að hafa gerst með skyndilegum hætti og líklega á innan við mínútu enda taki ekki langan tíma að sprauta efni á bifreið fyrir þrif hennar. V hafi þá ekki rökstudd með neinum hætti hvernig framangreint geti ekki talist skyndilegt.

Þá liggur fyrir að M fór, hinn 2. október 2023, fram á úrskurð kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa um ágreining sinn við X. Hinn 23. maí 2024 kvað kæruneftndin upp úrskurð þess efnis að X bæri að greiða M skaðabætur samkvæmt verðmati sérfræðings vegna tjónsins.

Álit.

Í skilmálum viðeigandi váttryggingar segir að tryggingin bæti tjón á tryggðu ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika sem ekki eru sérstaklega undanskilin eða takmörkuð í skilmálunum. Samkvæmt framangreindu er ekki ágreiningur um að röng efnisnotkun hafi valdið tjóni á A og er það og til samræmis við mat Y, sem vitnað er til í úrskurði kærufndar vöru- og þjónustukaupa. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum má einnig draga þá ályktun að efni hafi verið sprautað ofarlega á hliðar bifreiðarinnar og það svo lekið niður með þeim, en sýnilegt tjón á A virðist helst samræmast þeirri atvikalýsingu. V telur að ekki sé um skyndilegt atvik að ræða. Að mati nefndarinnar verður að byggja á því að röngu efni, þ.e. efni sem ekki hentaði möttu lakki hennar, hafi verið sprautað á A og verður ekki séð hvernig slíkt atvik getur verið annað en skyndilegt. Verður bótaskyldu úr kaskótryggingu A því ekki hafnað á þeirri forsendu.

Samkvæmt samþykktum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, sem tóku gildi 1. janúar 2022, fjallar nefndin ekki, sbr. e-lið 4. gr., um ágreiningsmál sem eru til meðferðar hjá öðrum lögbundnum eða viðurkenndum úrskurðaraðila. Þar sem ágreiningur þessa máls varðar bótaskyldu váttryggingafélags en ágreiningur aðila fyrir kærufnd vöru- og þjónustukaupa varðar skaðabótaskyldu seljanda þjónustu, verður að telja að um tvö aðskilin ágreiningsmál sé að ræða þó rætur þeirra sé að rekja til sama tjóns. Kemur frávísun því ekki til álita.

Fyrir liggur að kærufnd vöru- og þjónustukaupa hefur úrskurðað um skaðabótaskyldu X vegna atviksins. Ekki liggur hins vegar fyrir hvort greiðsla á grundvelli úrskurðarins hefur átt sér stað, en úrskurðir nefndarinnar eru bindandi og aðfararhæfir tilkynni seljandi vöru eða þjónustu ekki innan 30 daga að hann muni ekki una úrskurðinum. Ekki liggur heldur fyrir hvort slík tilkynning hafi borist.

Samkvæmt framansögðu er bótaskylda úr kaskótryggingu A fyrir hendi og er gert ráð fyrir að M og V hagi uppgjöri sín á milli til samræmis við tjónþoli fái tjón sitt bætt en verði ekki betur settur en ef ekki hefði komið til tjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 139/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

92. Málskot móttakið 22. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
93. Bréf V, dags. 27. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
94. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. júlí 2024.
95. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 2. janúar 2024 um kl. 10 hafi M ekið bifreið sinni ofan í holu á malbiki á Óseyrarbraut í Hafnarfirði með þeim afleiðingum að tvö dekk bifreiðarinnar skemmdust.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans og vísar til þess, sem fram kemur í upphaflegu afstöðubrési V, að umrædd hola hafi myndast í desember 2023 og að gert hafi verið við hana 22. desember 2022. Einnig kemur fram í upphaflegu afstöðubrési V að M að starfsmenn X hafi gert við holuna á tjónsdegi. Vísar M til þess að V beri ábyrgð á tjóninu þar sem viðgerðin frá 22. desember 2022 hafi augljóslega ekki dugað lengur en í 10 daga. Vísar M einnig til þess að starfsmenn X hafi mátt vita að holuviðgerðir eru oft ótraustar í því tíðarfari sem var frá 22. desember 2023 til 2. janúar 2024 og því hafi verið rík skylda á starfsmönnum X til að fylgjast með ástandi vegarins og þeirrar viðgerðar sem framkvæmd var 22. desember 2023.

Í svarbréfi V til nefndarinnar segir að ranglega hafi verið vísað til þess í afstöðubrési V að atvikið hefði átt sér stað á Fjarðargötu í Hafnarfirði. Hið rétta sé að atvikið hafi átt sér stað við Óseyrarbraut. Það breyti þó ekki afstöðu V þar sem starfsmenn X hafvissu ekki af holunni þegar tjónið varð. Vísar V til þess að vegahaldari beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem hlýst á vegum X heldur þarf M að sýna fram á að tjónið sé tilkomið vegna saknæmrar háttsemi, s.s. athafnaleysis eða gáleysis starfsmanna X. Þannig hafi starfsmenn X ekki fengið tilkynningu um holuna þegar tjónið varð og höfðu því ekki haft tækifæri til að bregðast við, t.a.m. með viðgerð. Því verði ekki sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi eða gáleysi í tengslum við veghald á umræddum vegi.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að viðhaldi og/eða merkingu vegar hafi verið ábótavant.

Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um að önnur tjón hafi orðið á sama vegkafla á sama tíma né að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Með vísan til þess verður talið að M verði að bera hallan af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í 12.b. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004, segir að váttryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn o.fl. Í máli þessu ber að átella V fyrir

að hafa veitt rangar og/eða misvísandi upplýsingar í upphaflegu afstöðubræfi sem kann að hafa leitt til málskotsins. Telur nefndin ástæðu til að leggja áherslu á mikilvægi þess að tjónþolar fái ávallt fullnægjandi upplýsingar frá V, ekki síst í upphaflegum afstöðubræfum V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Dóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 140/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

- Málskot móttakið 22. apríl 2024 ásamt fylgigögnum.
- Bréf V dags. 3. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Ódags. viðbótarathugasemdir M.
- Viðbótarathugasemdir V dags. 19. júní 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A á Norðurlandsvegi hinn 23. mars 2024. Hafi atvikið valdið lakkskemmdum á B og því að sprunga myndaðist á framrúðu hennar en fyrir liggja ljósmyndir af ákomum á bifreiðina. V hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A þar sem ósannað væri að tjón á B yrði rakið til notkunar A. Byggja M á því að af ljósmyndum og myndbandi af atvikinu megi sjá hvar flutningabifreiðin A aki eftir veginum og ofan í slabb á miðju hans en við það hafi slabb og grjót lent á B sem ekið var í gagnstæða átt. Þá séu meðfylgjandi málskoti skjáskot úr umræddu myndbandi þar sem greina megi hvar steinar skjótist frá A. Telur M að umrædd gögn feli í sér fullnægjandi sönnun þess að tjón á B verði rakið til notkunar A. Er þess þá getið að fjórum mánuðum áður hafi verið skipt um framrúðu og framstuðara á B vegna annars tjóns, og sýnilegt tjón á B nú sé mestmegnis á framstuðara hennar, þó allur framendi hennar hafi skemmst.

Í bréfi og viðbótarathugasemdu V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er vísað til þess að sönnunarbyrðin fyrir því að tjón hafi orðið á B og að það tjón verði rakið til notkunar A, hvíli á M. M hafi verið á leið frá Reykjavík til Akureyrar og ljóst sé að á leiðinni hafi þau mætt og ekið á eftir mörgum bifreiðum. Steinar, mól eða grjót gætu hafa skotist frá einhverri þeirra bifreiða, eða jafnvel þeim öllum og valdið lakkskemmdum á B. Af fyrirliggjandi myndbandi og skjáskotum úr því verði þá ekki fullýrt að steinar, en ekki t.a.m. dropar eða annað, hafi skotist frá A. Jafnvel þó um steina væri að ræða sé þá með öllu ósannað að þeir hafi hafnað á B og valdið tjóni. Hafi þá aðeins verið um tvo „steina“ að ræða og þeir gætu ekki hafa valdið öllu því tjóni sem sé til staðar á B. Sé því með öllu ósannað að tjón á B hafi komið til umræddan dag eða að það verði að öllu leyti rakið til notkunar A. Þá kemur fram að ökumaður A kannist ekki við að hafa valdið umræddu tjóni. Segir þá að mistök hafi valdið því að M fengu misvísandi upplýsingar í samskiptum við V, en höfnunarbref hafi verið sent í tölvupósti dags. 11. apríl 2024. Daginn eftir hafi M hringt í V og þá fengið þær upplýsingar að tjón þeirra fengist bætt. Það hafi svo verið leiðrétt samdægurs.

Í viðbótarathugasemdu M eru settar fram ýmsar athugasemdir við vinnubrögð og samskipti við V vegna málsins m.a. er varðar upphaflega upplýsingagjöf um bótaskyldu. Þá hafi V2, sem M séu í viðskiptum við, talið bótarétt fyrir hendi. Þá er ítrekað að fyrirliggjandi myndbönd sýni greinilega það grjótkast sem stafað hafi frá A. Skipti þá ekki máli þó ökumaður A kannist ekki við atvikið enda muni ökumaður flutningabifreiðar eðlilega ekki eftir því að hafa skrikað til á veginum þannig að grjót spýttist undan dekkjum bifreiðarinnar.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Af fyrirliggjandi myndbandi úr mælaborðsmýndavél B má sjá að röð bifreiða er ekið í gagnstæða akstursstefnu við B og er A ein þeirra bifreiða. Sést þá að dekk vöruflutningabifreiðarinnar A lenda í „slabbbunka“ á miðjum veginum og spýttist við það frá dekkjum hennar. Þetta má jafnframt greina af myndbandi úr hliðarmýndavél B. Af myndbandinu verður hins vegar ekki greint að steinar eða mól hafi skotist undan dekkjum A og á B. Á tveimur skjáskotum úr myndböndunum sem M hafa lagt fram má þó sjá tvo hluti, sem kunna að vera steinar, skjótast yfir veginum. Hins vegar þykir hvorki óhætt að fullyrða að þessir hlutir hafi stafað frá A né að þeir hafi hafnað á B og valdið tjóni á henni. Af fyrirliggjandi

Ljósmyndum af B má greina fjölmargar ákomur og samkvæmt framansögðu er ósannað að þær verði raktar til notkunar A. Verða M að bera hallann af sönnunarskortu hvað það varðar og er því óhjákvæmilegt, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að hafna kröfu þeirra.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 141/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

5. Málskot mótttekið 8. apríl 2024.
6. Bréf V2, dags. 14. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
7. Bréf V1, dags. 29. ágúst 2024.
8. Viðbótarathugasemdir M (1), dags. 30. ágúst 2024.
9. Viðbótarathugasemdir M (2), dags. 30. ágúst 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, varð árekstur á hringtorgi á gatnamótum Njarðarbrautar og Borgarvegur í Reykjanesbæ hinn 6. mars 2024, milli bifreiðanna A sem var ekið af M, og B. Í framburði ökumanns A kemur fram að hún hafi ekið inn á hringtorgið frá Borgarvegi úr austri og numið staðar á hringtorginu þar sem bifreið fyrir framan hana hafi stöðvað. Hafi hún skyndilega fundið mikið högg og séð bifreiðina B hafa ekið vinstra megin framan á bifreið sína. Bifreiðin B hafi verið ekið innar í hringtorginu en hún gerði. Ökumaður B kveðst hafa verið að aka Njarðarbrautina til norður og ætlað að taka þriðju beygju út úr hringtorginu (inn Borgarveg til vesturs). Taldi hún sig ekki vera viss um staðsetningu bifreiðarinnar A eða hvort hún var komin inn á hringtorgið. Aðspurð kvaðst hún hafa ekið á um 40 km á klst.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 141/24 að M, sem var ökumaður A, beri alla sök á umræddum árekstri þar sem henni bar að veita allri umferð um hringtorgið forgang. M getur með engu móti fallist á þessa niðurstöðu og telur ljóst af lögregluskýrslu að hún hafi verið kyrrstæð vegna umferðar inni í einstefnu hringtorgi er bifreiðin B ók á frambretti/stuðara hennar á 40 km á klst. M fær ekki séð hvernig henni hafi átt að vera kleift að veita B forgang við þessar aðstæður og jafnframt vísar M þeirri skoðun ökumanns B á bug að óljóst hafi verið hvort bifreið M hafi verið inni í hringtorginu eða ekki. Hún hafi sýnt aðgæslu í hvívetna í samræmi við 4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Það sé hins vegar ljóst að ökumaður B uppfyllti ekki skyldu sína samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laganna.

V1 telur miðað við orð ökumanns B sé ljóst að hún geti ekki fullyrt um stöðu ökutækja í aðdraganda áreksturs þar sem hún sagði sjálf að hún væri ekki viss um staðsetningu A. Tilefni sé til að ætla að hún hafi ekki verið með fulla athygli við aksturinn.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að engin samtímagögn liggja fyrir í málinu sem styðji einhliða frásögn M um að bifreiðin A hafi verið kyrrstæð inni á hringtorginu vegna umferðar. Í hringtorginu er einungis ein akrein og þykir V2 því ljóst að M bar að veita umferð sem þegar var á hringtorginu forgang samkvæmt 1. másl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga.

Álit.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að ef tjon hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjonnið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttarnisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, skal ökumaður sem ekur að hringtorgi veita þeim sem eru í torginu forgang. Ágreiningur er milli aðila hvort A hafi verið kyrrstæð í hringtorginu er B var ekið inn á hringtorgið og á A eða hvort A hafi verið ekið inn á hringtorgið í veg fyrir B. Engin gögn, vitnaframburðir eða annað liggja þá fyrir er styðji við þá frásögn ökumanns A að hún hafi verið komin inn á hringtorgið og staðnæmst þar það löngu áður en B var ekið inn á hringtorgið, að sýnt þykir að hún hafi gætt að áskilnaði 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Þar sem hins vegar er ljóst í málinu, er að ökumaður A bar að veita allri umferð um hringtorgið forgang og eins og mál þetta horfir við nefndinni

verður að telja að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þeim áskilnaði og að það hafi orsakað árekstur aðila.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 142/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

- Málskot móttakið 24. apríl 2024, ásamt myndbandsupptöku.
- Bréf V, dags. 7. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. júní 2024.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 19. júní 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A á Innstrandarvegi sem er malarvegur sem liggur í vestanverðum Hrutafirði hinn 1. apríl 2024. Hafi bifreiðinni A verið ekið greitt úr gagnstæðri átt og hafi M ákveðið að hægja á bifreið sinni og er nánast kyrrstæður þegar bifreiðarnar mættust. Rigndi grjóti yfir bifreið M með þeim afleiðingum að það brotnaði upp úr lakki bifreiðarinnar. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ómögulegt sé að segja til um hvaða tjón varð af völdum þessarar tilteknu bifreiðar og hvað ekki. Vísar M til myndbandsupptöku úr myndavélakerfi bifreiðarinnar þar sem grjóti sést rigna yfir bifreið M. Telur M ástæðu fyrir grjótkastinu vera aksturslag A en ekki malarvegurinn sem slíkur.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt almennum sönnunarreglur sé það í höndum M að sýna fram á raunverulegt fjártjón sitt og að það tjón verði rakið til notkunar bifreiðarinnar A. Hafi bifreið M orðið fyrir umræddu tjóni við akstur um Innstrandarveg, þá sé ljóst að M mætti fjölmörgum bifreiðum í umrætt sinn. Telur V með öllu ósannað og ómögulegt að fullyrða að þessar tilteknu skemmdir hafi komið til vegna notkunar á bifreiðinni A. Líta verði á að steinkast af vegi sé hluti af eðlilegu sliti á lakki bifreiða við notkun þeirra í umferð á íslenskum vegum.

Í viðbótarathugasemdum M eru settar fram athugasemdir við þá fullyrðingu V að hann hafi mætt fjölmörgum bifreiðum við akstur á veginum. Hið rétta sé að hann hafi mætt örfáum bifreiðum á malarkaflanum þar sem nánast öll umferðin var í suður vegna hátíðarhalda um páskahátíðina. Ef grjótkast hefði komið frá annarri bifreið hefði M lagt fram myndband af þeim atburði því til sönnunar.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort sannað sé að tjón sem varð á bifreiðinni B, megi rekja til notkunar bifreiðarinnar A og hvílir sönnunarbyrðin á M. Af fyrirliggjandi myndbandi úr myndavélakerfi bifreiðarinnar B má sjá grjót kastast undan hjólbörðum bifreiðarinnar A og á bifreiðina B. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af skemmd á vinstri framhurð bifreiðarinnar sem bera með sér að vera af völdum grjótkasts. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna verður að telja að M hafi lagt fram fullnægjandi sönnun á því að umrætt tjón á bifreiðinni B megi rekja til notkunar bifreiðarinnar A. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 143/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

96. Málskot móttakið 25. mars 2024 ásamt fylgiskjölum.

97. Bréf V dags. 17. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. mars 2023 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Hafi atvik verið þau að bifreiðinni A var ekið á B en M var farþegi í þeirri síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á umræddum árekstri. Hinn 29. mars 2023 hafi M leitað til læknis vegna verkja í hálsi, herðum og brjóstshrygg. Hafi hún þá leitað reglulega til læknis og sjúkraþjálfara vegna afleiðinga slyssins. Með bréfi dags. 28. ágúst 2023 hafi V hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M á grundvelli þess að umrætt atvik hafi ekki verið til þess fallið að valda líkamstjóni en litlar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum. Þá sé vísað til þess að M hafi átt við stoðkerfisvanda að stríða vegna umferðarslyss í desember 2017 og hafi nánast verið óvinnufær síðan. M telur röksemdir V ekki standast skoðun, um hlutlæga ábyrgðarreglu sé að ræða og geti tjónamat á B ekki sagt fyrir um það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni. Þá hafi vissulega orðið skemmdir á bifreiðunum og barnabílstóll í B hafi skemmst og verið bættur af hálfu V. Þá sé um ný einkenni M að ræða, en einkenni hennar eftir slysið 2017 hafi verið önnur, þ.e. aðallega bakverkir, en eftir slysið 2023 hafi hún aðallega verið með verki ofar í baki/hálsi/herðum. Jafnvel þó árekstur sé vægur sé þá ekki útilokað að hann leiði til líkamstjóns, en mat á því sé í höndum óvilhallra matsmanna en ekki V. Í tilviki M liggja þá fyrir að hún hafi lýst einkennum sínum skömmu eftir slysið og hafi síðan gengið á milli meðferðaraðila vegna ástands síns. Fari M því fram á úrskurð um fulla bótaskyldu.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar segir að höggið á B hafi verið afar vægt. Lágmarks plastviðgerð á brettakanti og málningarvinna hafi farið fram vegna tjónsins á B. Í fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum komi þá fram að M hafi lent í árekstri hinn 24. desember 2017. Eftir það hafi hún verið með verki í baki, upp í höfuð, í hnakka, í hægri hné og bjúg í hægri fæti. Einnig komi fram að hinn 26. apríl 2022 hafi M fallið niður stiga og að afleiðingar þess séu verkir í baki og leiðniverkir niður í fót og upp í herðablöð. Þá hafi M verið greind með brjóstsklos í baki. Við komu M til læknis 29. mars 2023 sé þá skráð í sjúkraskrá: „Hún fékk áverka á háls og brjóstshrygg. Búin að fara til sjúkraþjálfara, verið áður vegna baks, fyrri slys. Einnig áður hálsverkir fyrir nokkrum árum.“ Í ljósi þessa og þess hve vægur áreksturinn var sé því þörf á frekari læknisfræðilegum gögnum til að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M reki til þess. Meginreglur í skaðabóta- og váttryggingarétti geri ráð fyrir að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Hafi slík sönnun ekki tekist og verði M að bera hallann af því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 16. mars 2023. Af fyrirbyggjandi lýsingu má ráða að B hafi verið kyrrstæð á bílplani þegar A var ekið aftur á bak og á B. Af fyrirbyggjandi ljósmyndum má ráða að eitthvert tjón hafi orðið á afturstuðara A og hægri bakhlið B. Þó tjónið sé ekki umfangsmikið verður ekki fullyrt af því að ekkert líkamstjón hafi getað komið til án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins, einkum læknisfræðilegra, enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Fyrirbyggjandi er læknisvottorð heimilislæknis dags. 24. ágúst 2023. Ber það með sér að vera samantekt skráninga úr sjúkraskrá allt frá árinu 2018. Þá er fyrirbyggjandi sjúkraskrá M frá 1. ágúst 2023 til 23. janúar 2024. Einnig liggur fyrir beiðni um sjúkraþjálfun dags. 29. mars 2023 þar sem kemur að M hafi frá árekstrinum 16. mars sama ár verið með verki í hálsi og herðum, einnig í

brjósthygg og versnun einkenna frá mjóhrygg. Þá segir þar að M eigi fyrri sögu um áverka á bak og háls.

Af framangreindum gögnum má ráða að M hafi hinn 24. desember 2017 lent í árekstri og þegar hún leitaði til læknis hinn 8. janúar 2018 var hún með einkenni frá hægri olnboga, hæggra hné, hálsi og mjóbaki. Kemur þá fram í sjúkraskrá að M hafi verið slæm af verkjum í baki og hálsi í kjölfar árekstursins og sótt sjúkrahjálfun vegna þess en ráða má af sjúkraskrá að einkenni hafi verið viðvarandi. Þá kemur fram í sjúkraskrá að M hafi orðið fyrir öðru slysi hinn 30. apríl 2022 er hún féll niður stiga og lenti á rófubeini. Lýsti hún eftir það verkjum í mjóbaki með leiðni niður í hægri fótlegg. Hinn 6. júlí 2022 var M þá greind með brjósklos í baki. Verður ekki annað fullyrt af gögnum málsins en að M hafi enn verið til meðferðar sjúkrahjálfa í mars 2023.

Hinn 29. mars 2023 leitaði M á heilsugæslu vegna einkenna sem hún rakti til þess áreksturs sem hér er til umfjöllunar. Sagðist hún þá hafa fengið áverka á háls og brjósthygg og lýsti einkennum frá hálsi, herðum og brjósthygg. Við komu til læknis 28. júlí 2023 lýsti M þá slæmum verkjum í hálsi með leiðni í bak og handlegg, auk verkja frá brjósthygg og lendhygg og mígrenilíkum höfuðverk. Má ráða af sjúkraskrá að einkenni hennar hafi ekki látið undan þrátt fyrir meðferð sjúkrahjálfa. Þá virðast myndgreiningar ekki hafa leitt í ljós sjúklegar breytingar eða beináverka.

Af framangreindu má ráða að M hafi átt við nokkuð umfangsmikil og samfelld stoðkerfiseinkenni að stríða árum saman fyrir þann árekstur sem hér er til skoðunar. Slíkt útilokar vitaskuld ekki að einstaklingar geti orðið fyrir líkamstjóni og fundið fyrir nýjum einkennum eða versnun fyrri einkenna vegna slyss. Hins vegar hvílir það á tjónþola að sýna fram á það með gögnum að líkamstjón hafi hlotist af tilgreindu atviki. Eins og áður er rakið eru í raun einu læknisfræðilegu gögnin fyrir nefndinni útskrift úr sjúkraskrá M. Ekki liggur fyrir sérstakt læknisvottorð er fjalli um með hvaða hætti einkenni M hafi breyst eða aukist við áreksturinn. Þrátt fyrir að M virðist hafa sótt meðferð hjá sjúkrahjálfa liggja engin frekari gögn, svo sem skýrsla sjúkrahjálfa, fyrir um þá meðferð. Þá kemur fram í gögnum málsins að M hafi verið metin til örorku vegna afleiðinga slyssins 24. desember 2017 en sú matsgerð er ekki meðal gagna fyrir nefndinni. Í ljósi þessa og þar sem núverandi einkennum M eins og þeim er lýst í sjúkraskrá virðist svipa til þeirra einkenna sem hún hafði áður verður að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Verður hún að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 144/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V): (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: Rafhlaupahjól (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 16. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 24. september 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð þann 19. nóvember 2023 árekstur milli vélknúna hlaupahjólsins A, sem M ók, og ökutækisins B á bifreiðastæði við Dalveg 2-4. Á vettvangi er hámarkshraði 15 km/klst. Í framburðarskýrslu M kom fram að hann hafi verið að aka á bifreiðastæðinu á leiðinni heim til sín. Sagðist hann ekki hafa séð bifreiðina fyrr en það var of seint og sagði ökumann bifreiðarinnar B ekki hafa tekið eftir sér og ekið á sig. Kvaðst hann hafa lent framan á vinstri hlið bifreiðarinnar og kastast áfram á framrúðuna og þaðan á götuna. Ökumaður B kveðst hafa verið að aka úr hringtorginu á Dalvegi, inn á bifreiðastæðið til móts við Vínbúðina. Sagðist hann hafa ekið á um 10 km/klst. og taldi hann hraða hlaupahjólsins hafa verið mun meiri eða um 30 km/klst. og vildi hann meina að hann hafi fengið hlaupahjólið á bifreiðina en ekki öfugt. Sagði hann atvikið hafa gerst mjög hratt, hann hafi litið í kringum sig áður en hann beygði inn á bifreiðastæðið en sagði farþega í bifreiðinni hafa allt í einu tekið eftir hlaupahjólina og kallað á sig um að hemla. Ekki hafi tekist að stöðva í tæka tíð og því hafi árekstur orðið. Í árekstrinum varð M fyrir líkamstjóni og hefur vegna þess gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 11. janúar 2024 á þeim forsendum að rafhlaupahjól M falli ekki undir skilgreiningu reiðhjóls og M beri því alla sök á árekstrinum á grundvelli 6. gr. laga um 30/2019. Þá tók V einnig fram að þrátt fyrir að rafhlaupahjólið félli undir skilgreiningu reiðhjóls, hafi M fyrirgert rétti sínum til bóta vegna stórkostlegs gáleysis.

M telur það ljóst að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B. M byggir í fyrsta lagi á því að rafmagnshlaupahjólið sem hann ók í umrætt sinn falli undir skilgreiningu reiðhjóls í skilningi c-liðar 30. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og því gildi ákvæði 4-6. gr. laga 30/2019 um skaðabótaábyrgð ekki um rafmagnshlaupahjól hans, sbr. 7. gr. sömu laga. Bendir M á að ekkert bendi til þess að hjólið sé hannað til að ná meiri hraða en 25 km/klst. og auk þess kemur það fram á heimasíðu Samgöngustofu að vélknúin hlaupahjól tilheyri flokki reiðhjóla og teljist ekki til léttra bifhjóla í flokki I. Með vísan til þess telur M að slysið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu B og um sé að ræða slys sem falli undir hlutlæga ábyrgðarreglu 1. mgr. 4. gr. laga 30/2019. Þá telur M að ekki eigi að koma til skoðunar að fella niður bætur hans skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna þar sem hann sýndi hvorki af sér stórkostlegt gáleysi né ásetning í umrætt sinn. Bendir M á að hann hafi ekki vitað til þess að hámarkshraði rafmagnshlaupahjólið væri meiri en gefið var upp, þ.e. 25 km/klst. þrátt fyrir að fyrir liggi skýrsla um rannsókn þar sem fram kemur að hámarkshraði þess sé 65,8 km/klst. Þá bendi ekkert til þess að hlaupahjólið hafi verið á meiri hraða en 25 km/klst. M byggir á því til vara, ef ekki er fallist á að rafmagnshlaupahjólið teljist reiðhjól í skilningi umferðarlaga, að ökumaður B beri alla ábyrgð á slysinu á grundvelli 5. greinar laga 30/2019. Ökumanni B hafi borið að ganga úr skugga um að innkoma hans á bílastæðið skapaði ekki hættu fyrir þá sem þar voru, sbr. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Verði ekki fallist á að ökumaður B beri alla ábyrgð á árekstrinum mótmælir M því harðlega að hann hafi fyrirgert sér öllum rétti til bóta.

V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, telur að fram sé komin fullnægjandi sönnun þess efnis að rafmagnshlaupahjólið hafi verið hannað til aksturs á allt að 85 km hraða á klst. Byggir sú afstaða V í fyrsta lagi á upplýsingum um hjólið á Internetinu þar sem fram kemur að hjólið sé hannað til aksturs á allt að 85 km hraða á klst. Í öðru lagi liggi fyrir rannsókn lögreglu sem leiðir í ljós að hægt hafi verið að aka hjólinu á allt að 65,8 km hraða á klst. Í þriðja lagi liggi fyrir viðurkenning M sjálf þess efnis að

hann hafi ekið vélknúna hlaupahjólinu bæði í eco stillingu og turbo stillingu en í báðum stillingum kemst hjólið yfir 25 km hraða á klst. samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsókna. Þá hafi hann í framburði hjá lögreglu viðurkennt að hafa náð 35 km hraða á hjólinu. Í fjórða lagi liggja fyrir framburður ökumanns B um að rafhlaupahjólinu hafi verið ekið á 30 km hraða á klst. og vitnis um að hjólinu hafi verið ekið á meiri hraða en bifreiðinni og mögulega hraðar en 25 km á klst. Samkvæmt c-lið 30. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga eru vélknúin hlaupahjól skilgreind sem reiðhjól. Skilyrði þess er að þau séu hönnuð til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Vélknúna hlaupahjólið sem M ók í umræddu atviki fellur ekki undir þá skilgreiningu og telst því til vélknúins ökutækis sbr. 42. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Þar kemur fram að vélknúin ökutæki séu ökutæki, annað en reiðhjól, sem ætlað er til aksturs á landi og er búið aflvél sem knýr það. Fellur vélknúna hlaupahjólið nánar tiltekið undir skilgreiningu bifhjóls skv. 8. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Ökutækið fellur ekki undir skilgreiningu á léttu bifhjóli, hvorki flokki I eða II, sbr. skilgreiningar 28. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Í bréfi V2, sem er tjónsuppgjörsmiðstöð í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatryggingar, til nefndarinnar kemur fram að á tjónsdegi féllu rafmagnshlaupahjól undir skilgreiningu reiðhjóls í skilningi c-liðar 30. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Því gildi ákvæði 4.-6. gr. laga nr. 30/2019 um skaðabótaábyrgð ekki um rafmagnshlaupahjól sbr. 7. gr. sömu laga. Þessi skilgreining sé staðfest á heimasíðu Samgöngustofu þar sem kom einnig fram að rafmagnshlaupahjól tilheyrðu flokki reiðhjóla, þ.e. fram að lögum um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019 þann 22. júní síðastliðinn þegar nýr flokkur varð til undir heitinu „smáfarartæki“. Ef bifhjól er hannað til hraðari aksturs en 25 km hraða á klst., er það bæði skráningarskyld og vátryggingarskyld. Rafmagnshlaupahjól sé hins vegar hvergi í lögum skilgreint sem bifhjól og gildi því ekki sömu reglur um rafmagnshlaupahjól og gera um bifhjól. Það sé því ekkert í lögum sem gefur til kynna að rafmagnshlaupahjól verði skráningar- eða vátryggingarskyld þó þau séu hönnuð eða þeim breytt þannig að þau geti ekið á meiri hraða en 25 km hraða á klst. Það eina sem myndi gerast ef þau geti ekið hraðar en 25 km á klst. er að þau verði óheimil. Óheimil farartæki geti ekki verið skráningar- eða vátryggingarskyld. Þessu til stuðnings sé ekki boðið upp á það hjá Samgöngustofu að skrá rafmagnshlaupahjól þar sem engin skráningarskylda er á slíkum farartækjum. Ábyrgð V2 sé bundin við skráningarskyld ökutæki. Af því leiðir að afleiðingar atviksins falli ekki undir ábyrgðarsvið V2 samkvæmt lögum.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist aðallega um það hvort M eigi rétt á að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X á grundvelli hinnar hlutlægu ábyrgðarreglu 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Til vara gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X á grundvelli árekstrarreglu 5. gr. laganna þar sem segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hluta eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

Kemur fyrst til skoðunar hvort rafhlaupahjólið A hafi á tjónsdegi verið reiðhjól eða skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum. Í 7. tl. 3. gr. laga um ökutækjatryggingar segir að ökutæki merki í lögnum skráningarskyld ökutæki samkvæmt umferðarlögum. Í umferðarlögum nr. 77/2019 er í 30. tl. 3. gr. laganna fjallað um skilgreiningu á því sem telst til reiðhjóls í skilningi laganna. Þar kemur fram í c. lið umrædds 30. tl. að reiðhjól sé meðal annars vélknúin hlaupahjól, en þar sé um að ræða annað lítið vélknúin ökutæki sem ekki telst til léttu bifhjóls og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga eru létt bifhjól í flokki I undanþegin skráningarskyldu. Í 28. tl. 3. gr. sömu laga kemur fram að létt bifhjól sé vélknúin ökutæki á tveimur, þremur eða fjórum hjólum sem ekki er hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst. og með sprengirými sem er ekki yfir 50 cm³ sé það búið brunahreyfli eða samfelld hámarksafl sem er ekki yfir 4 kW sé það búið rafhreyfli. Létt bifhjól greinast í létt bifhjól í flokki I, sé bifhjólið ekki hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund, og í létt bifhjól í flokki II sé bifhjólið hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Samkvæmt hraðaprófi lögreglu á rafknúna hlaupahjólinu A mældist mesti hraði hjólsins í svokallaðri turbo stillingu í þriðja gír vera 65,8 km/klst. Þá hefur V lagt fram gögn frá seljanda hlaupahjóls af sömu gerð þar sem fram kemur að það sé hannað til aksturs á allt að 85 km á klst. hraða og er vélarafli 2 x 1500W. Skv. þessu telst A ekki vera létt bifhjól í flokki I eða II enda hjólið hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst. Kemur þá til skoðunar hvort A falli undir skilgreiningu laganna á bifhjóli. Í 8. tl. fyrrnefndar 3. gr. umferðarlaga er bifhjól vélknúin ökutæki sem ekki telst bifreið, dráttarvél eða torfærutæki og er aðallega ætlað til farþega- eða farmflutninga, á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur eða fleiri hjólum með sprengirými yfir 50 cm³ sé það búið brunahreyfli og hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst. Af þessari skilgreiningu á

bifhjóli verður ekki annað ráðið en að rafknúðið hlaupahjól sem hannað er til aksturs á allt að 85 km á klst., falli þarna undir. Þar með var A skráningar- og vátryggingarskylt, sbr. 7 tl. 3. gr. laga um ökutækjatrýggingar og 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga.

Þar sem talið er að tjónsatvikið þann 19. nóvember 2023 hafi hlotist af árekstri ökutækja skiptist tjónið á ökutækin í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eigi að máli og með hliðsjón af atvikum öllum skv. árekstrarreglu 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Þegar af þeirri ástæðu getur M ekki gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu 4. gr. laganna.

Kemur þá til skoðunar sök ökumanna í umrætt sinn, sbr. 5. gr. laga nr. 30/2019. Árekstur varð líkt og fyrir segir á bifreiðastæði við Dalveg 2-4. Lýsing lögreglu á aðstæðum á vettvangi var á þann veg að fremur skýjað hafi verið en hjart. Vegur var heldur blautur og lítið um hálkubletti í malbiki. Engin ummerki voru um hjólför á malbiki. Bæði ökutækin voru staðsett nokkrum metrum frá innkeyrslu inn á bifreiðastæðið. Um er að ræða opið svæði með merktum stöðureitum en ökuleiðir eru ekki merktar. Rafmagnshlaupahjólið A var ökumanni B á vinstri hönd og lenti M á vinstra framhorni framstuðara B og kastadist upp á framrúðu bifreiðarinnar og þaðan á götuna. Samkvæmt 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður veita þeim sem hann hefur á hægri hönd forgang, þegar leiðir þeirra skerast. Þessa gætti ökumaður A ekki að í aðdraganda áreksturs. Framburður vitnis staðfestir enn fremur að M ók rafmagnshlaupahjólinu á miklum hraða á bifreiðastæðinu, mögulega hraðar en 25 km á klst. Á vettvangi er hámarkshraði 15 km á klst. Með vísan alls framangreinds verður að telja að M beri alla sök á árekstri ökutækjanna umrætt sinn fyrir að aka of hratt á bifreiðastæðinu og veita ekki umferð sér á hægri hönd forgang. Ekki þykir sýnt að hraði bifreiðarinnar B hafi verið slíkur að rétt sé að láta hann bera hluta sakar á árekstrinum.

Með vísan til alls ofangreinds á M ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns af hendi V, á grundvelli 4 eða 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 145/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging atvinnurekstrar.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

5. Málskot mótttekið 26. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
6. Bréf V, dags. 24. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
7. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að M hafi þann 20. mars 2023 fallið um auglýsingaskilti sem staðsett var fyrir utan nánar tilgreinda verslun á Laugavegi. Rekstraraðili þeirrar verslunar er X. Telur M að staðsetning skiltisins og hönnun hafi leitt til þess að M féll og varð fyrir tjóni umræddan dag. Staðsetning skiltisins hafi verið í óleyfi og auk þess hafi ekki verið fylgt reglum um lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar og eins reglum Reykjavíkurborgar um staðsetningu þess. Þá bauð hönnun skiltisins upp á hættu fyrir gangandi vegfarendur sem leið áttu um gangstétt á einni fjölförnustu gangbraut borgarinnar. Váttryggingin nái til atvinnurekstrar og sé þannig ekki bundin við rekstur fasteignarinnar heldur nái bæði yfir þann rekstur og einnig þann atvinnurekstur sem fram fer í húsnæðinu. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að váttryggingin nái ekki til reksturs þeirrar verslunar sem rekin er í húsnæðinu. M bendir á að löng dómaframkvæmd sé fyrir því að eigendur atvinnurekstrar og húsnæðis geti borið ábyrgð á tjóni sem verður fyrir utan verslanir og húsnæði og rekja megi til þess atvinnureksturs sem þar er stundaður. Staðsetning auglýsingaskiltis sé hluti af atvinnurekstri X.

V vísar til 25. gr. skilmála váttryggingarinnar. Váttryggingin nái aðeins til húseignarinnar ásamt almennu fylgifé hennar. Færanlegt auglýsingaskilti teljist ekki vera varanlega skeytt við fasteignina og falli þar af leiðandi ekki undir váttrygginguna. Þá telur V óljóst hvort M hafi fallið þegar hún hnaut um kant á gangstétt eða auglýsingaskilti sem stóð fyrir utan verslunina.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að ekki sé rétt að M hafi hrasað um kant á gangstétt. Vísar M til yfirlýsingar vitnis að slysinu og tilkynningar um slysið til annars váttryggingafélags sem gerð var skömmu eftir slysið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V. Í 12. kafla skilmála húseignatryggingar atvinnureksturs sem X hafði á slysdegi hjá V kemur fram skilgreining á hugtakinu húseign. Þar segir að með hugtakinu sé átt við húseign og almennt fylgifé hennar. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan útveggi teljist ekki til húseignar í skilningi skilmálans nema þau séu hluti af brunabótamati húseignar eða um það sé sérstaklega samið og þess getið á váttryggingarskírteini. Ekki verður talið að auglýsingaskilti á gangstétt sé hluti af húseigninni eða almennu fylgifé hennar. Þá hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna fram á að skiltið hafi verið hluti af brunabótamati húseignar eða um það hafi verið sérstaklega samið. Í 25. gr. skilmálans er gildissvið ábyrgðartryggingarinnar skilgreint með þeim hætti að váttryggt sé gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á váttrygðan samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignadahlutar er váttryggingarskírteini greinir. Nær váttryggingin þannig ekki til skaðabótaskyldu sem kann að falla á X vegna staðsetningar auglýsingaskiltis á gangstétt fyrir utan húseignina.

M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 146/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs. Slysáttrygging launþega****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skadabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

98. Málskot móttakið 26. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.

99. Bréf V dags. 17. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.

100. Viðbótarathugasemdir M dags 23.maí 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 21. september 2023, er hann var að störfum fyrir X, varð M fyrir líkamstjóni. Í málskoti kemur fram að krafa sé gerð um bætur annars vegar úr slysáttryggingu launþega og hins vegar úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Í málskoti segir að atvik hafi verið með þeim hætti að M var að ná í varning úr hillum á lager X og hafi hillurnar verið í fjögurra til fimm metra hæð. Hafi skrið komið á plastlista sem voru í hillunum og þeir hrunið í átt að M. Hafi M skyndilega vikið sér til hliðar í því skyni að forða því að fá listana á sig. Í því vetfangi hafi trappan sem M stóð í fallið/runnið undan honum með þeim afleiðingum að M féll aftur fyrir sig og lenti með höfuðið og hnakkann á pallettu og missti meðvitund. Voru lögregla og sjúkralið kölluð til og fyrirbyggjandi er lögregluskýrsla dags. 27. september 2023 vegna atviksins. Var M fluttur burt með sjúkrabifreið en hann hlaut höfuðkúpabrot við slysið.

Krafa M um bætur úr slysáttryggingu launþega er rökstudd með þeim hætti að ljóst sé að um hafi verið að ræða slys í skilningi slyshugtaks váttryggingaréttar, þ.e. um hafi verið að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdið hafi meiðslum á líkama M án vilja hans.

Hvað varðar kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X er byggt á því að umræddar tröppur hafi ekki verið jafntraustar og M hafi mátt gera ráð fyrir og hafi beinlínis verið hættulegar. Lítið hafi þurft til svo þær yltu á hliðina og hafi þær ekki verið nægilega stöðugar svo öryggi starfsfólks væri tryggt. Er vísað til þess að af ljósmyndum í lögregluskýrslu megi greina að tröppurnar hafi verið búnar örmjóum ekkjum og þær mjóslegnu járnstangir sem myndi undirstöðu trappanna séu ekki til þess fallnar að halda þeim stöðugum. Þá hafi bremsubúnaður ekki virkað sem skyldi enda hefði hann átt að koma í veg fyrir að aftari dekkinn hreyfðust til meðan M stóð í tröppunum. Hafi umrædd stigatrappa þá verið tekin úr umferð og annar búnaður sé nú nýttur í hennar stað. Verði að líta á þær aðgerðir sem viðurkenningu þess að trappan hafi verið örugg og ekki hentað til verksins. X hafi því vanrækt að tryggja öryggi og aðbúnað á vinnustaðnum og hafi það leitt til slyss M. Því til stuðnings er vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim.

Er þá í málskoti vísað til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræm við 79. gr. laga nr. 46/1980. Í ljósi áverka og óvinnufærni M hafi borið að tilkynna strax um slysið og hefði rannsókn Vinnueftirlitsins á orsökum þess getað eytt hugsanlegri óvissu um hvort slysið sé að rekja til ágalla eða vanbúnaðar trappanna. Samkvæmt dómafordæmum sé lítið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að þegar hafi verið fallist á bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega. Hvað varði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu þá hafi þeirri kröfu verið hafnað með bréfi dags. 14. maí 2024. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu komi fram að Vinnueftirlitinu hafi verið tilkynnt um slysið og verði því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að tilkynning hafi ekki verið réttilega send. Vinnueftirlitið og lögregla hafi engar athugasemdir gert við stigann og hafi X staðfest að hann sé enn í notkun enda í góðu ásikkomulagi. Í tjonstilkynningu M til V dags. 6. nóvember 2023 komi þá fram að stiginn hafi gefið sig með þeim afleiðingum að M féll aftur fyrir sig en í málskoti segi að stiginn hafi runnið til. Bendi þetta til að mjög óljóst sé um tilurð slyssins og ósannað að það verði rakið til sakar X.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að Vinnueftirlitinu hafi verið gert réttilega viðvart um slysið. Hið rétta sé að Vinnueftirlitið hafi ekki komið á slysstað og hafi tilkynning

X ekki borist því fyrr en 1. nóvember 2023. Geti skráning í lögregluskýrslu ekki haggð þeirri staðreynd. Þá er því einnig mótmælt sem röngu og ósönnuðu að stiginn sé enn í notkun og leggur M fram ljósmyndir er sýni að hjólabúnaður hans sé brotinn og hann því ónothæfur. M áréttar svo áður fram komnar röksemdir sínar og vísar til fyrri röksemda hvað varði ágalla á tröppunum.

Álit.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að þegar hafi verið fallist á bótaskyldu úr slysatryggingu launþega. Í viðbótarathugasemdum M er staðfest að fallist hafi verið á bótaskyldu hvað það varði hinn 14. maí 2024. Verður því að líta svo á að ágreiningur aðila snúi aðeins að því hvort bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé til staðar og takmarkast umfjöllun nefndarinnar við þann ágreining.

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess, starfsmanna þess, annarra aðstæðna eða atvika sem því verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Sönnunarbyrði þess hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum á M.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu um slysið var tölvupóstur sendur á Vinnueftirlitið og eru ekki efni til að véfengja þá staðhæfingu. Verður því að líta svo á að Vinnueftirlitið hafi strax á slysdegi haft vitneskju um slysið. Þrátt fyrir að vettvangsrannsókn hafi af einhverjum ástæðum ekki verið framkvæmd af hálfu Vinnueftirlitsins verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að ekki hafi verið réttilega tilkynnt um slys M.

Krafa M byggir á því að umrædd trappa hafi verið vanbúin og ekki hentað til verksins. Ber M samkvæmt framansögðu sönnunarbyrði fyrir þeim fullyrðingum. Af fyrirliggjandi ljósmyndum er umrædd trappa með tveimur þrepum og framan við efra þrepið einhvers konar öryggisgrind. Þá er trappan á fjórum hjólum. Ekki er sýnt fram á annað en að umrædd trappa sé nokkuð hefðbundin eða að gerð hennar og búnaður séu háskalegri en almennt gerist um tröppur. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að hemlabúnaður hennar hafi ekki virkað sem skyldi. Gegn neitun X er þá ekki sýnt fram á að trappan hafi verið tekin úr notkun eftir slys M en jafnvel þó svo væri leiðir slíkt ekki sjálfkrafa til bótaskyldu. Með viðbótarathugasemdum M fylgdi ljósmynd er sýnir að plast á innanverðu dekki tröppunnar er að hluta til brotið. Ekki liggur hins vegar í augum uppi, né hefur það verið skýrt sérstaklega, hvernig það hefur áhrif á öryggi tröppunnar sem slíkrar eða virkni hjólabúnaðarins. Af framansögðu verður að líta svo á að ósannað sé að trappan hafi verið vanbúin eða hættuleg og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 147/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

101. Málskot mótttekið 26. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
102. Bréf V dags. 14. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
103. Tölvupóstur lögmanns M dags. 7. og 8. október 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 11. janúar 2023 hafi M verið við störf sín sem ökumaður hópferðabifreiðar þegar hann hafi þurft að stöðva bifreiðina vegna þess að starfsmaður X hafi verið á gröfu að moka snjó og M hafi ekki komist leiðar sinnar þess vegna. M lýsir atvikum þannig að þrjár bifreiðar hafi komið á eftir honum en starfsmaður X hafi skipað honum að bakka hópferðabifreiðinni. Sami starfsmaður hafi síðan hótað M lífláti og sturtað tvisvar úr fullri skóflu gröfunnar af snjó yfir M. Einnig kemur fram að upptökur af atvikinu hafi verið birtar á vefmiðlum en ekki ljóst hvort það hafi verið fyrra eða seinna atvikið. Í lögregluskýrslu er vísað til framburðar vitnis sem kvaðst hafa séð að M hafi stöðvað hópferðabifreið við gröfu sem hafi verið notuð til snjómoksturs. Vitnið ber um að stjórnandi gröfunnar hafi fært gröfuna til að M kæmist leiðar sinnar en M hefði í stað þess ekið mjög nálægt gröfunni þannig að stjórnandi hennar hafi ekki getað athafnað sig. Eftir það hefði stjórnandi gröfunnar öskrað á M, sem hafi þá verið kominn út úr hópferðabifreiðinni, og snúið skóflunni á gröfunni þannig að lítið magn af snjó hafi farið úr henni, en vitnið hafi ekki séð snjó fara yfir M.

M telur bótaskyldu fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V og vísar til þess að enginn vafi sé á að X beri skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og með vísan til 2. gr. váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingar X nái gildissvið hennar til skaðabótaábyrgðar X. M vísar einnig til 1. mgr. 89. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og slysatrygginga. Auk telur M ekki verða við það unað að ásetningstjón falli utan ábyrgðar vinnuveitenda og rekur rök fyrir reglu skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð. Einnig kemur fram að ljóst sé að starfsmaður X hafi „...farið langt út fyrir mörk sín er varðar við framkvæmd starfans en ekki megi líta fram hjá því að málskotsbeiðandi varð fyrir tjóni vegna háttsemi starfsmannsins þar sem hann fremur skaðaverk í starfi sínu og falli því undir vinnuveitendaábyrgð [X].“ og verður að skilja röksemdir M þannig að háttsemi starfsmanns X hafi verið í nánum tengslum við starf hans.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem tjónsatvik falli utan gildissviðs ábyrgðartryggingar X hjá V. Vísað er til 1. gr. váttryggingarskilmála þar sem komi m.a. fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan vegna líkamstjóns. Í 23. gr. almennra skilmála V komi síðan fram að ef váttryggður af ásetningi hefur valdið tjónsatburði beri félagið ekki ábyrgð með vísan til ákvæða laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. V telur vinnuveitendaábyrgð X ekki ná yfir tjónsatvikið þar sem skaðaverk starfsmanns X hafi verið unnið af ásetningi og háttsemin hafi ekki verið hluti af starfsskyldum starfsmannsins. V bendir einnig á að líkamsmeiðingar falli almennt utan vinnuveitendaábyrgðar nema að líkamleg valdbeiting sé hluti starfsskyldna, eins og t.d. hjá lögreglumönnum. V telur ljóst af myndskreiði af tjónsatviki sem og lýsingu M og vitnis að starfsmaður X hafi viðhaft háttsemi sem leiddi til tjóns af ásetningi. V vísar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 696/2013 máli sínu til stuðnings.

Í tölvupóstsendingum lögmanns M til nefndarinnar dags. 7. október sl. er óskað eftir frekari fresti til frekari athugasemda þar sem beðið sé skýrslu lögreglu vegna framburðar starfsmanns X vegna málsins, en í tölvupósti dags. 8. október sl. kemur fram að ekki verðið skilað frekari athugasemdum af hálfu M í málinu.

Álit.

Ágreiningur er um hvort M eigi rétt til viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna líkamstjóns. Gildissvið ábyrgðartryggingar V er skv. 2. gr. vátryggingarskilmála skaðabótaábyrgð sem m.a. fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns, enda verði líkamstjónið rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. Ekki er ágreiningur um að X sé vátryggður í umræddri ábyrgðartryggingu hjá V og að stjórnandi gröfunnar sem nefnd er hér að ofan hafi verið starfsmaður X. Til þess að X geti borið skaðabótaábyrgð vegna háttsemi X sem starfsmanns þurfa tiltekin skilyrði svokallaðrar reglu um vinnuveitendaábyrgð að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þar háttsemi starfsmanns að vera saknæm, hún þarf að vera í nægilegum tengslum við starf hans og hann þarf að lúta boðvaldi vinnuveitanda (vátryggðs í þessu samhengi). Í þessu máli er sérstakur ágreiningur um hvort háttsemi starfsmanns X hafi verið í tengslum við starfsskyldur hans hjá X, eða hvort líta megi svo á að sú háttsemi að sturta snjó úr skóflu gröfu hafi verið hluti af slíkum starfsskyldum.

Ekkert liggur sérstaklega fyrir um starfsskyldur starfsmanns X í gögnum málsins. Verður þó að ætla að hann geti vel stjórnað gröfu við snjómokstur án þess að sturta yfir fólk snjó og er ekki óvarlegt að álykta að slíkt hafi verið þannig úr tengslum við starf hans að það falli utan fyrrnefnds annars skilyrðis reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Þannig verður X ekki gerður ábyrgur fyrir háttsemi starfsmanns síns og eru skilyrði 2. gr. vátryggingarskilmála um skaðabótaábyrgð vátryggðs ekki uppfyllt. Gildissvið vátryggingarinnar nær ekki til persónulegrar ábyrgðar umrædds starfsmanns X og verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. október 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 148/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.****Gögn.**

- Málskot móttakið 6. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 24. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 26. október 2023 á fótboltaæfingu í íþróttahúsinu á Hvolsvelli, sem rekið er af X, þegar M lendir í samstuði með þeim afleiðingum að M féll beint aftur fyrir sig, lenti með hnakka á vegg og slasaðist.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi sínu á grundvelli sakarreglunnar. Slysið megi þannig rekja til saknæmrar háttsemi X með því að tryggja ekki viðeigandi öryggisráðstafanir í íþróttahúsinu með hliðsjón af því starfi sem þar fer fram. Nánar tiltekið að verulegur skortur hafi verið á að öryggisbúnaður með tilliti til fallvarna við umræddan vegg sem var svo nálægt íþróttavellinum væri með viðunandi hætti og í samræmi við skyldur X. Vísar M m.a. til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti o.fl., er mælir fyrir um kröfur til reksturs og búnaðar íþróttahúsa. Þá vísar M einnig til þess að X hafi, eftir slysið, klætt umræddan vegg sem sé til marks um að þörf hafi verið að tryggja betur öryggi iðkenda í íþróttahúsinu. Telur M að X hafi brugðist skyldum sínum með því að tryggja viðunandi öryggisráðstafanir í íþróttahúsinu með hliðsjón af því starfi sem þarf fer fram. Vísar M sérstaklega til þess að gera verði ríkar kröfur til rekstraraðila og eigenda íþróttahúss um að viðunandi öryggisráðstafanir séu til staðar í samræmi við þá starfsemi sem fram fer í húsinu og þá staðreynd að um opinbert húsnæði sé að ræða. Þannig hafi skortur á fallvörnum á veggnum haft í sér verulega hættu fyrir iðkendur sem X beri ábyrgð á. Loks vísar M einnig til nokkurra dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

V hafnar kröfum M og vísar til þess að umrætt íþróttahús, sem byggt var árið 1997, hafi verið byggt í samræmi við þágildandi byggingarlöggjöf og viðurkennda staðla. Þá hafi engar athugasemdir verið gerðar við frágang eða umbúnað í húsinu í samræmi við ákvæði fyrrgreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002. Loks liggja fyrir að þær breytingar sem gerðar voru eftir slysið hafi ekki verið gerðar til að fullnægja kröfum um aðbúnað í íþróttahúsum samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Með bréfi V fylgdi m.a. starfsleyfi fyrir íþróttahúsið. Þá er það afstaða V að ekki verði sýnt fram á að X, eða starfsmenn X, hafi valdið slysi M eða eigi sök á slysi M, vegna saknæmrar háttsemi X. Þannig sé ekkert í gögnum málsins sem sýni fram á eða leiði líkum að því að nokkuð hafi verið athugavert við aðbúnað í íþróttahúsinu né að slysið verði rakið til meints vanbúnaðar. Þvert á móti hafi allur aðbúnaður í íþróttahúsinu verið venjubundinn og í fullu samræmi við gildandi byggingarlöggjöf á þeim tíma þegar íþróttahúsið var byggt og viðurkennt viðmið. Þá er því mótmælt að tilvitnaðir dómur hafi fordæmi um sakarefni málsins.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna X hvað varðar fallvarnir eða sérstaka klæðningu við vegg íþróttahússins. Sönnunarbyrði hvílir skv. almennum sönnunarreglum á þeim sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu og að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem styðja þær fullyrðingar M að fallvarnir eða aðrar ráðstafanir við umræddan vegg uppfylli ekki fyrirmæli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir eða reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti. Þvert á móti verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að íþróttahúsið hafi haft gilt

starfsleyfi og að aldrei hafi verið gerðar athugasemdir við frágang eða umbúnað í íþróttahúsinu. Þá verður ekki annað ráðið en að starfsleyfið hafi síðast verið uppfært 6. apríl 2018 og útgefið í ágúst 2019. Þó X hafi gert tilteknar ráðstafanir eftir slys M ræður það eitt ekki úrslitum um hvort umbúnaður hússins hafi verið fullnægjandi í greint sinn. Með vísan til framangreinds hefur M ekki sýnt fram á að aðstæðum hafi verið þannig háttað í íþróttahúsinu að slys hans megi rekja til saknæmrar háttsemi X eða annarra aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum telst M því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25 júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 149/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

104. Málskot mótttekið 6. maí 2024.
105. Bréf V2 dags. 6. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
106. Bréf V1 dags. 6. júní 2024 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 9. febrúar 2024, varð hinn 31. janúar s.á. árekstur milli og B á Austurvegi í Árborg. Er í lögregluskýrslu haft eftir ökumanni A að hún hafi ekið austur Austurveg á um 10 kílómetra hraða á klukkustund, hún hafi þá gefið stefnuljós til vinstri og ætlað sér að beygja inn Fagurgerði en þá hafi B verið ekið á vinstri hlið hennar. Er haft eftir ökumanni B að A hafi vikið til hægri og hafi hann þá ætlað að halda áfram en A hafi skyndilega beygt bifreið sinni til vinstri og í veg fyrir B. Eftir farþega í B er m.a. haft að A hafi vikið til hægri og ekki gert sig líklega til að beygja til vinstri í aðdraganda áreksturs og þá hafi hann ekki séð að A hafi gefið stefnumerki.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að B bæri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem ökumaður hennar hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig.

M, eigandi B, fellir sig ekki við þau málalok og byggir í málskoti á því að A hafi ekið af stað í vinstri beygju frá hægri vegbrún. Þá sýni ákomur það greinilega að A hafi verið ekið í veg fyrir B þvert á akstursstefnu hennar og að B hafi sveigt til vinstri í þeirri viðleitni að forða árekstri.

Í bréfi V1, sem var á tjónsdegi váttryggjandi A kemur fram að ágreiningur aðila snúi að því hvort A hafi verið ekið frá hægri brún til vinstri og í veg fyrir B eða hvort B hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig. Að mati V gefi ljósmyndir af vettvangi ekki til kynna að A hafi verið sveigt til hægri í aðdraganda áreksturs heldur virðist þvert á móti sem afturdekk hennar hafi verið í hjólförum á veginum og að við áreksturinn hafi þau runnið til vinstri. Virðist A því hafa hagað akstri sínum til samræmis við ákvæði umferðarlaga og verði M að bera hallann af sönnunarskorti í þeim efnunum. Ökumaður B hafi þá ekki gætt að umferð fyrir framan sig og að því að hafa nægt bil milli bifreiða svo tóm gæfist til að bregðast við er A dró úr ökuhraða og undirbjó vinstri beygju, sbr. áskilnað 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Hafi snjóþekja verið á vettvangi og hemlunarvegalengd því lengri en ella og því sérstök ástæða til aðgæslu. Beri B því alla sök á árekstrinum.

V2, sem var á tjónsdegi váttryggjandi B, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga skal aka sem næst miðlínu akbrautar við töku vinstri beygju. M byggir á því að A hafi með aksturslagi sínu brotið gegn þessu ákvæði og vísar í málskoti til ákoma á bifreiðunum og hjólfara á vettvangi því til stuðnings. Snjóþekja var á vettvangi og af ljósmyndum lögreglu má greina hjólför A og B. Af skoðun þeirra verður því ekki slegið föstu að A hafi vikið til hægri né verða ályktanir um það dregnar af ákomu á bifreiðunum. Vissulega má sjá að B var sveigt til vinstri í aðdraganda áreksturs og að hægra framhorn B hafnaði aftarlega á vinstri hlið A. Má af því ráða að A hafi verið að taka vinstri beygju en þar með er ekki sagt að ljóst sé um afstöðu hennar í aðdraganda þess. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti um framangreint.

Er það samkvæmt framansögðu álit nefndarinnar að árekstur A og B verði rakinn til þess að B hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig, sbr. áskilnað 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga, og því hafi ekki gefist ráðrúm til viðbragða er A hóf töku vinstri beygju.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 29. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 150/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Lögregluáðgerðir.

Gögn.

- Málskot móttakið 2. maí 2024, ásamt fylgiskjölum
- Bréf V, dags. 27. maí 2024.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 31. maí 2024 ásamt myndbandsupptöku.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 20. ágúst 2024.
- Lögregluskýrslur sem nefndin óskaði eftir að yrði aflað.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslum sáu lögreglumenn á lögreglubifreiðinni A, bifreiðina B við akstur austur eftir Grænási, vestan við Reykjanesbraut. Samkvæmt upplýsingakerfi lögreglu var skráður eigandi B með útrunnin ökuréttindi og tengdist bifreiðin einnig virkri brotastarfsemi. Tekin var ákvörðun um að stöðva bifreiðina og kanna ástand ökumanns og ökuréttindi. Lögreglubifreiðin A veitti því bifreiðinni B eftirför og við þá eftirför jók ökumaður B hraðann talsvert og ók háskalega fram úr bifreið við Grænás og litlu máttu muna að bifreiðin lenti framan á farmflutningabifreið sem ekið var úr gagnstæðri átt. Ökumanni B var gefið merki um að stöðva akstur með forgangsljósabúnaði lögreglubifreiðarinnar sem hann virti ekki. Í lögregluskýrslu og á myndbandi af eftirförinni er nánar lýst háskalegum akstri ökumanns B sem leiddi m.a. til þess að hann missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún snerist í hring á mikilli ferð og hafnaði utan vegar. Var ökumanni B og farþega gefin fyrirmæli um að stíga út úr bifreiðinni en virtu þeir það ekki, heldur óku aftur af stað og hóf A þá aftur eftirför sem endaði á því að ökumaður B bakkaði bifreiðinni á mikilli ferð þar sem litlu mátti muna að hann hefði ekið á gangandi vegfaranda rétt áður en hann missti stjórn á bifreiðinni og bifreiðin hafnaði á grindverki. Áður en ökumanni B gæfist kostur á að aka aftur á brott ákvað lögregla að aka lögreglubifreiðinni A framan á bifreiðina B og skorða hana þannig á milli A og grindverksins. Framanáaksturinn var framkvæmdur á lítilli ferð og var höggið minniháttar. Vegna tjóns á lögreglubifreiðinni A hefur M, eigandi bifreiðarinnar, gert kröfu um að fá tjónið bætt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B en báðar bifreiðarnar eru tryggðar hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu B vegna tjóns á lögreglubifreiðinni A.

M getur með engu móti sætt sig við niðurstöðu V og byggir á að ökumaður B hafi verið óhæfur til aksturs bifreiðarinnar með vísan til niðurstaðna rannsókna á blóðsýnum úr ökumanni. Ökumaður B hefi með akstri sínum stofnað lífi og heilsu ótiltekens fjölda vegfarenda í hættu, auk þeirra lögreglumanna sem reyndu að stöðva akstur hans. Ökumaður B hafi ítrekað og endurtekið verið gefin merki um að stöðva akstur bifreiðarinnar en hann sinnti því í engu og reyndi ítrekað að komast undan lögreglu. Lögreglu reyndist því nauðsynlegt í þágu umferðaröryggis og almannahagsmuna að aka á bifreiðina B, stöðva akstur hennar og skorða af. M leggur áherslu á að það eigi ekki að skipta máli hvort bifreiðin B hafi verið kyrrstæð nákvæmlega á því augnabliki þegar ákeysla átti sér stað enda hafði ökumaður B ítrekað sýnt það í verki að hann hugðist ekki stöðva fyrir lögreglu, þrátt fyrir fyrirmæli um annað og halda akstri áfram óhindrað. Ökumaður B er undir rökstuddum grun um að hafa með akstrinum framið refsiverð brot sem varði við ákvæði umferðarlaga nr. 77/2019 og almennra hegningarlaga nr. 19/1940, t.d. 168. gr. og kann háttsemin að varða allt að 6 ára fangelsi. Sakamál á hendur ökumanni sé til meðferðar hjá lögreglu. Ekki hafi verið tæk önnur betri úrræði og viðurhlutaminni til að stöðva för hans umrætt sinn en að aka utan í bifreið hans. Ökumaður A hafi tekið rétta og skynsamlega ákvörðun með að stöðva aksturinn með þeim hætti sem gert var. Vísar M til dóma Landsréttar í málum nr. 405/2021 og 514/2022 máli sínu til stuðnings.

Fram kemur í bréfi V til nefndarinnar að V efist ekki um að full ástæða hafi verið að stöðva B og að lögregla hafi haft valdbeitingarheimild til þess að stöðva ökutækið. Árekstur milli ökutækja varð hins vegar ekki fyrr en B var stopp eftir að ökumaður þeirrar bifreiðar hafði ekið á grindverk. Þegar B hafði stöðvast ákvað ökumaður A að aka á bifreiðina. Afturhluti B var þá nálægt umræddu grindverki, var stopp og utan vegar, þ.e. ekki á akbraut. Við skoðun á myndskleiði má sjá að örfáar sekúndur líða

frá því að B var stopp og þar til A var ekið á B. Virðist sem hægt hefði verið að stöðva mögulegan frekari akstur B með því að stöðva A fyrir framan B og meðalhófi því ekki nægjanlega fylgt. Ekki verði því séð að nauðsynlegt hafi verið að valda árekstri. Með vísan til 5. gr. laga nr. 30/2019 telur félagið að það verði að telja ökumanni A til sakar að hafa vísvitandi ollið umferðaróhappi. Megi einnig nefna í sambandi að í 11. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir m.a. að notkun hljóð- eða ljósmerkja við forgangsakstur dragi ekki úr skyldu forgangsökumanns til að sýna tillitssemi og viðhafa varúð gagnvart öðrum vegfarendum. Lögreglubifreiðin var notuð sem tæki til að framfylgja lögregluaðgerð, sem er opinber þvingunaraðgerð, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 186/2019. V telur að sakarskiptingarregla 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verði ekki skýrð svo rúmt að þegar beinlínis er tekin ákvörðun um að valda árekstri verði öll sök á árekstrinum lögð á ökumann þess ökutækis sem ekið er á, þar með talið skaðabótaskylda vegna tjóns á ökutækinu sem veldur árekstrinum. Telur V eðlilegast að sá, sem tekur meðvitaða ákvörðun um að nota lögreglubifreið sem valdbeitingartæki með því að aka á aðra bifreið, beri sjálfur það tjón sem fyrirsjáanlega og óhjákvæmilega verður á lögreglubifreiðinni við þá aðgerð.

Í viðbótarathugasemddum M er málsástæðum V mótmælt og ítrekað að ekki var um hefðbundinn forgangsakstur í skilningi 11. gr. umferðarlaga að ræða. Um var að ræða eftirför lögreglu á eftir aðila sem sinni í engu fyrir mælum lögreglu. Full ástæða var til að stöðva akstur B og raunar nauðsynlegt að mati M enda hafði ökumaður B ítrekað og endurtekið stofnað lífi og heilsu ótilrekins fjölda vegfarenda í stórkostlega hættu, auk þeirra lögreglumanna sem reyndu að stöðva aksturinn. Ýtrasta meðalhófs hafi verið gætt. Ökumanni B var ítrekað og endurtekið gefið merki og tækifæri til að stöðva en hann sinni því í engu. Ökumaður B stöðvaði ekki sjálfviljugur, heldur missti hann stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún hafnaði á grindverki. Hafði hann sýnt það í verki að hann hugðist ekki stöðva fyrir lögreglu.

Í viðbótarathugasemddum V er áréttað að áakstur varð ekki fyrir en B var stopp eftir að ökumaður þeirrar bifreiðar hafði ekið á grindverk. Þegar B hafði stöðvast ákvað ökumaður A að aka á bifreiðina. Atvik þessa máls séu ekki sambærileg við málsatvik í dómi Landsréttar nr. 405/2021. Í því máli sem hér um ræðir hefur beinlínis komið fram að áætlunin hafi verið að aka á bifreiðina. Lögregla er bundin af þeirri grundvallarreglu 2. ml. 14. gr. lögreglulaga að ganga ekki lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort bæta eigi tjón það sem varð á lögreglubifreiðinni A þegar henni var ekið framan á kyrrstæða bifreiðina B, úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B. Með dómi Landsréttar í máli nr. 405/2021 var því slegið föstu að 89. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, nú 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, eigi við þegar um er að ræða árekstur lögreglubifreiðar við aðrar bifreiðir í tengslum við lögregluaðgerðir. Um sé að ræða árekstur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja í skilningi 89. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Með vísan til þessa verður að meta sök þeirra ökumanna sem hluta eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum sbr. orðalag 5. gr. laga nr. 30/2019. Ekki er ágreiningur um að full ástæða hafi verið fyrir lögreglu að stöðva för B og að lögregla hafi haft valdbeitingarheimild til þess að stöðva ökutækið. Við mat á sök ökumanns B er horft til þess að sakamál á hendur honum er til meðferðar hjá lögreglu. Er hann undir rökstuddum grun um að hafa með akstrinum framið refsiverð brot sem varði við ákvæði umferðarlaga nr. 77/2019 og almennra hegningarlaga nr. 19/1940, t.d. 168. gr. og kann háttsemin að varða allt að 6 ára fangelsi. Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði fundust þrjú mismunandi ávana- og fíkniefni í blóði ökumanns B. Taldist ökumaður því vera óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Af fyrirliggjandi myndbandsupptöku af eftirför lögreglubifreiðarinnar A má sjá aðdraganda þess að lögreglubifreiðinni var ekið framan á bifreiðina B. Myndbandið er í heild 2 mín og 36 sekúndur að lengd og nær frá upphafi eftirfarar og þar til lögreglubifreiðinni A var ekið framan á bifreiðina B. Frá því ökumaður B missti stjórn á bifreiðinni og ók með afturhluta hennar utan í grindverk og þar til lögreglubifreiðinni A var ekið utan í vinstra framhorn bifreiðarinnar, líða eingöngu örfáar sekúndur og hafði ökumaður A því ekki mikið ráðrúm til að meta aðstæður og taka ákvörðun um aðgerðir. Taldi hann öruggast í aðstæðunum að aka á B og skorða hana þannig á milli A og grindverksins. Af myndbandsupptökunni má sjá að ökumaður A ók ekki á miklum hraða á bifreiðina B og var höggið sem kom á bifreiðina mun minna en þau högg sem á hana komu við áakstur á grindverkið. Með

hliðsjón af háttsemi ökumanns B frá upphafi eftirfarar, þeirri hættu sem akstur hans olli, þeirri staðreynd að ökumaður B hafði skömmu áður komist undan þegar lögreglubifreiðinni A var lagt í veg fyrir bifreiðina B og niðurstöðu matsgerðar þar sem fram kemur að hann hafi verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega, verður það ekki virt ökumanni A til sakar að hafa ekið á bifreiðina B. Með vísan til alls ofangreinds verður því talið að ökumaður B beri alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 151/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Gildissvið váttryggingarskilmála. Matsfrestur.****Gögn.**

107. Málskot mótttekið 6. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
108. Bréf V dags. 23. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
109. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 28. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hinn 18. mars 2021 og var tilkynnt um slysið af hálfu X hinn 19. mars 2021 til V. Hinn 7. apríl 2021 barst V leiðrétt lýsing á tjónsatburðinum. Hinn 15. apríl 2024 sendi lögmaður M bréf til V vegna málsins og hinn 18. apríl 2024 var V send matsbeiðni vegna mats eins læknis á afleiðingum slyssins. Hinn 24. apríl 2024 tilkynnti V lögmanni M um að V myndi ekki standa að mati á afleiðingum slyss M og vísaði um það til gr. 10.2.6 í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega þar sem kemur fram að miski skuli að jafnaði metinn einu ári eftir slys, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.

M telur að ákvæði váttryggingarskilmála um að meta þurfi afleiðingar slysa innan þriggja ára sé ekki í samræmi við ákvæði kjarasamnings. M vísar til þess að slysið hafi verið tilkynnt til V og hann hefði búist við að haft yrði samband við hann vegna málsins en það hafi ekki verið gert og þess vegna hefði hann leitað til lögmanns. M vísar til þess að læknisfræðileg gögn sýni að hann hafi hlotið varanlegar afleiðingar af tjónsatburðinum hinn 18. mars 2021 og krafa hans sé ekki fyrnd skv. ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar M til þess að slysáttrygging launþega sé hópvátrygging og V hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni skv. henni. Frekari sjónarmið M eru að ekki hafi verið upplýst um váttryggingarskírteini váttryggingarinnar og að ekki sé hægt að byggja á ákvæði um matsfrest í váttryggingarskilmálum þar sem slíkur samningur sé ógildanlegur skv. 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 (samningalaga).

V vísar til ákvæðis í gr. 13.2.5 í þeim váttryggingarskilmálum sem giltu á slysdegi M um slysáttryggingu launþega og að þar komi fram að örorka skuli metin að jafnaði einu ári eftir slys en ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. Slys M hafi átt sér stað 18. mars 2021 og hafi því matsfrestur runnið út 18. mars 2024 og hafi því verið runninn út þegar lögmaður M hafði samband við V í apríl 2024. V bendir einnig á að sambærileg ákvæði váttryggingarskilmála hafi verið til umfjöllunar í dómum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 36/2022, 22/2004 og 604/2017. Í þeim dómum hafi verið fjallað um þau sjónarmið sem M byggir á í málskoti og niðurstaða dómanna hafi verið sú að sambærileg ákvæði stæðust og váttryggingarsamningar væru ekki ógildanlegir á grundvelli 36. gr. samningalaga eða annarra reglna samningaréttar. Einnig vísar V til váttryggingarskírteinis, þágildandi skilmála og kjarasamnings þar sem vísað er til váttryggingarskilmála váttryggingafélags. Þar að auki vísar V til þess að slysáttrygging launþega sé ekki hópvátrygging í skilningi laga um váttryggingarsamninga, sbr. 2. ml. 4. mgr. 61. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. lög nr. 118/2005 um breytingu á þeim lögum.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að tilkynning um slys M hafi borist í mars 2021 og leiðrétting málavaxta hafi borist í apríl sama ár. Þannig hafi slys M verið tilkynnt með fullnægjandi hætti og innan þeirra fresta sem við eiga. Einnig vísar M til þess að hann hafi farið í fleiri en eina aðgerð eftir slysið og honum hafi ekki verið ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða fyrir en í byrjun árs 2023. Einnig bendir M á að lögmaður hans hafi ekki fengið váttryggingarskírteini slysáttryggingar

launþega, skilmála og kjarasamning fyrir en eftir að málið fór fyrir nefndina. M bendir einnig á að ekkert komi fram um fresti í kjarasamningi. Einnig bendir M á að ákvæði gr. 13.2.5 sem V byggir á feli ekki í sér afdráttarlaust orðalag heldur almenna hugleiðingu og því eigi andskýringarreglan að gilda ásamt kjarasamningi. Einnig vísar M til þess að ákvæði skilmálanna sé ábyrgðartakmörkun sem fari í bága við meginreglur laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og 125. gr. laganna um fyrningu og að lögin séu ófrávikjanleg skv. 3. gr. þeirra. M vísar auk þess til verndar eignaréttar skv. 72. gr. stjórnarskrár og ítrekar sjónarmið um að váttrygging V fari gegn ákvæðum kjarasamnings.

Álit.

Ágreiningur hverfist um V geti hafnað að greiða bætur fyrir líkamstjón M á grundvelli gr. 13.2.5. í váttryggingarskilmálum slysatryggingar launþega. Orðalag skilmálaákvæðisins er fortakslaust um að framkvæma skuli örorkumat innan þriggja ára frá tjónsatburði og verður það ekki skýrt öðru vísi en samkvæmt orðanna hljóðan, en í váttryggingarskilmálum er ekki samið svo um að ákvæði kjarasamninga gangi frammar skilmálum váttryggingarinnar.

Um slysatryggingu launþega gilda heldur ekki ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 um hópváttryggingar, sbr. núgildandi ákvæði 5. mgr. 1. gr. laganna, áður sambærilegt orðalag í 2. ml. 4. mgr. 61. gr. laganna.

M telur m.a. að fyrrgreint skilmálaákvæði sem kveður á um að örorku skuli meta ekki síðar en þremur árum eftir slysdag, sé í andstöðu við ákvæði samningalaga nr. 7/1936. Í nýlegum dómi sínum í máli nr. 36/2022 frá 8. febrúar 2023 vísar Hæstiréttur til eldri dóma sinna í málum nr. 22/2004 og 604/2017 sem fjalla allir um sambærilegan ágreining um þriggja ára matsfrest og segir að viðurkennt hafi verið að váttryggingafélög hafi réttmæta hagsmuni af því að mæla í skilmálum slysatrygginga fyrir um tímafresti sem tjónþolar hafa til að afla sér sönnunar um varanlegar afleiðingar slyss og er þriggja ára frestur þar ekki talinn óeðlilegur. Þá er jafnframt vísað til þess að samningsfrelsi ríki um það hvernig ábyrgð er takmörkuð samkvæmt váttryggingarsamningi og vísað til þess að tjónþola hafi verið í lófa lagið, ekki síst eftir að slysið varð, að kynna sér skilmála slysatryggingarinnar sem mörkuðu nánar inntak réttar sem hann átti samkvæmt tryggingunni. Þá hefur Hæstiréttur einnig hafnað því að slík skilmálaákvæði fari gegn 36. gr. laga nr. 7/1936 eða túlkunarreglum samningaréttar.

Með vísan til alls ofangreinds er það afstaða nefndarinnar að umrætt skilmálaákvæði sé hvorki óeðlilegt né óskýrt og brjóti ekki gegn lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga né meginreglum þeirra um tilkynningar- eða fyrningarfresti.

Matsfrestur var liðinn þegar M leitaði til V um mat á afleiðingum þess í apríl 2024. Þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M og hann á því ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu launþega hjá V.

Nefndin fjallar ekki um rétt M gagnvart X skv. kjarasamningi, þar sem slíkt fellur ekki undir ákvæði um starfssvið nefndarinnar í 3. gr. samþykktu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 152/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

110. Málskot móttakið 6. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
111. Bréf V dags. 6. september 2024.
112. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 16. maí 2023 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Atvik hafi verið þau að M hafi ekið bifreiðinni B fyrir aftan A. Bifreiðarnar hafi stöðvast en A svo skyndilega bakkað og lent framan á B. A hafi verið á nokkrum hraða og B skemmst við áreksturinn. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á umræddum árekstri. M hafi samdægurs leitað á bráðamóttöku og þá verið með stirðar hálsþreyfingar, eymsli yfir hálsþrygg og efst í brjóstþrygg. Einkenni M í aftanverðum hálsi og út í hægri öxl hafi farið versnandi og M aftur leitað til læknis 31. júlí 2023. Þá hafi komið í ljós að M hafi enn verið með eymsli neðst í hálsþrygg og hægra megin ofarlega á baki, og hafi hún verið greind með tognun og spennu á hálsþrygg og brjóstþrygg. Auk þess hafi hún fundið fyrir höfuðverkjum. Hafi M fengið beiðni um sjúkráþjálfun. Hinn 4. mars 2024 hafi M enn leitað til læknis vegna sömu einkenna. Fyrirliggjandi er læknisvottorð dags. 27. október 2023, þar sem fram komi að M hafi ekki átt við sambærileg einkenni að stríða fyrir slysið. V hafi þó hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A á grundvelli þess að M ætti sögu um bakverki og að V teldi atvikið sem slíkt ekki til þess fallið að valda líkamstjóni. M byggir á því, með vísan til framlagðra gagna, að um sannanlegt líkamstjón sé að ræða sem M eigi rétt á að fá bætt.

Í bréfi V segir að í vottorði um fyrra heilsufar M sé vísað til nótu um komu M til læknis 2. janúar 2019. Þar komi fram að M eigi tveggja til þriggja ára sögu um bakverki. Séu það sömu verkir og M hafi kvartað undan í kjölfar slyssins. Að mati V hafi áreksturinn ekki verið til þess fallinn að valda líkamstjóni, munatjón á B hafi verið minni háttar og engar viðgerðir hafi farið fram á A. Án sérstaks mats á mögulegum afleiðingum veri ekki fullýrt að meiri líkur en minni séu til þess að einkenni M verði rakin til árekstursins. Telji V því orsakatengsl ósönnuð.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að eina saga M um bakverki séu þrjár komur til læknis rúmum fjórum árum áður en áreksturinn átti sér stað. Á þeim tíma hafi hún þá verið með eymsli frá lendþrygg, en ekki háls- eða brjóstþrygg. Sé því um allt önnur einkenni að ræða. Telji M það ekki fullnægjandi rök fyrir höfnun bóta að hún hafi upplifað einhvers konar verki frá baki fyrir slysið heldur þyrfti þá að vera um sömu og óbreytt einkenni að ræða. Ljóst sé þá að bifreið M hafi orðið fyrir höggi við áreksturinn og það að A hafi ákveðið að fara ekki með sína bifreið í viðgerð geti ekki talist mælikvarði á það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 16. maí 2023 en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Samkvæmt gögnum málsins urðu litlar skemmdir á bifreiðunum og verður að telja að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Ekki verða þó dregnar víðtækar almennar ályktanir af því án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Fyrirliggjandi eru upplýsingar um þrjár komur M til læknis eftir að umrætt atvik átti sér stað. Í fyrsta lagi er um að ræða komu á bráðadeild á slysdegi, og lýsti M því þá að hún væri með verk, aðallega milli herðablaða, sem leiði út í axlir og upphandleggi. Fékk hún þá greiningu um tognun og ofreynslu á hálsþrygg og brjóstþrygg. Þá liggur fyrir að M leitaði á heilsugæslu hinn 31. júlí 2023, og lýsti þá svipuðum einnum auk þess sem hún hefði fundið fyrir höfuðverkjum. Fékk M ráðleggingar og

beiðni um sjúkraþjálfun. Ekkert liggur fyrir um það hvort M hafi sótt sjúkraþjálfun en í öllu falli liggja engin gögn, s.s. skýrsla sjúkraþjálfara, fyrir nefndinni. Þá leitaði M á heilsugæslu hinn 4. mars 2024. Kemur þar fram að einkenni hennar séu enn svipuð og allt önnur „en í tengslum við brjós-klos fyrir nokkrum árum“. Hvað varðar fyrra heilsufar M liggur fyrir vottorð dags. 27. október þar sem fram kemur að viðkomandi læknir hafi farið yfir rúmlega 150 samskipti við heilbrigðisstofnanir og í þremur tilvikum sé um að ræða kvörtun vegna bakverkja. Kemur fram í þeim skráningum að M hafi hinn 2. janúar 2019 leitað til læknis vegna tveggja til þriggja ára sögu um verk í baki. M hefði verið hjá sjúkraþjálfara og „baklækni“ vegna þeirra einkenna og fyndi m.a. fyrir svefntruflunum vegna bakverkja. Samkvæmt niðurstöðum segulómunar á lendhrygg greindust ekki sjúklegar breytingar en M fékk ávísað lyfjum með bólgueyðandi og verkjastillandi verkun. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um þá bakverki sem um ræddi, né liggja fyrir nefndinni frekari gögn um þá meðferð sem M sótti vegna þeirra hjá lækni og sjúkraþjálfara. Engar frekari upplýsingar eru fyrir liggjandi um fyrra heilsufar M eða brjós-klosið sem hún virðist hafa vísað til við komu til læknis í júlí 2023. Ekki liggur þá neitt fyrir um að M hafi leitað til sérfræðilæknis í kjölfar árekstursins 16. maí 2023 eða að hún hafi gengist undir frekari sértækar rannsóknir vegna þeirra einkenna sem hún rekur til hans. Án slíkra gagna, og þar sem ekki liggur fyrir að einkenni M séu sértæk fyrir árekstur af þessu tagi, telst ekki sýnt fram á einkenni þau sem M lýsir verði rakin til hans. Eins og atvikum er hér háttað og með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður því að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Verður M að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 153/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).

Sakarskipting. Vegavinna.

Gögn.

- Málskot móttakið 6. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 11. júní 2024, ásamt lögregluskýrslu.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 18. júní 2024.
- Viðbótarathugasemdir V dags. 19. júní 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna tjónsatviks 5. febrúar 2024 kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B í Svínadal, norðvestan við Búðardal. Í lögregluskýrslunni er atvikum þannig lýst að ökumaður bifreiðar A, sem er snjóruðningstæki í eigu M, hafi staðsett A við dráttarbifreið sem hafi kyrrstæð á veginum, nánar tiltekið inni á akrein fyrir umferð sem á móti kom. Ökumaður snjóruðningstækisins A kvaðst hafa staðsett sig þannig til að skapa skjól fyrir vörubifreiðina, en ökumaður vörubifreiðarinnar hafi verið að setja keðjur á hjólbarða hennar. Slæmt veður var á vettvangi og lítið skyggni. Í framburði ökumanns snjóruðningstækisins A kemur fram að blint hafi verið á svæðinu og hann hafi ætlað fram úr vörubifreið þegar hann sá ökumann hennar vera að basla við að setja keðjur á hjólbarða bifreiðarinnar. Þá hafi ökumaður A lagt snjóruðningstækinu til að veita skjól og farið til þess að aðstoða við verkið. Ökumaður A kvaðst hafa séð bifreið B koma akandi í áttina að þeim og sé virst að ökumaður B hefði ekki fulla stjórn á bifreið sinni, og á ógnarhraða hafi bifreið B lent á snjótönn A og lent á ökumanni vörubifreiðarinnar í kjölfarið. Í framburði ökumanns bifreiðar B í lögregluskýrslu kemur fram að hann hafi ekið hægt, eða á um 30-50 km/klst hraða þar sem hann hafi lítið séð vegna þess að blint var. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa séð vörubifreið kyrrstæða á akrein á móti og síðan hafi hann séð snjóruðningstækið A sem hafi verið í öfugri akstursstefnu á sömu akrein og ökumaður bifreiðar B ók eftir. Hann segist hafa reynt að hemla til að lenda ekki á mönnum sem staðið hafi við vörubifreiðina sem og reynt að aka hægra megin út af veginum, en lent á snjóruðningstönn A. Farþegi í bifreið B bá á sama hátt og ökumaður um aðdraganda árekstur. Ljósmyndir eru í lögregluskýrslu af ökutækjum eftir tjónsatvikið.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum. M vísar til þess í málskoti að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt að sér með hliðsjón af 5. mgr 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram komi að bann við stöðvun ökutækja skv. 28. og 29. gr. sömu laga gildi ekki um ökutæki í vegavinna, enda sé nauðsynlegt að stöðva það eða leggja því vegna vinnunnar og fullnægjandi ráðstafanir gerðar, sbr. 4. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig vísar M til 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga þar sem komi fram að umferðarhraða beri að haga eftir aðstæðum. M telur með hliðsjón af erfiðum aðstæðum á vettvangi að ökumaður snjóruðningstækisins A hafi sýnt rétt viðbrögð við þeim aðstæðum, þegar hann stöðvaði snjóruðningstækið í þeim tilgangi að ná vörubifreið úr kyrrstöðu á veginum, en það hafi verið til þess að tryggja öryggi og greiðfærni á veginum. Auk þess hafi ökumaður A ekki komist framhjá vörubifreiðinni á veginum til þess að halda áfram snjómokstri. Skilin hafi verið eftir blikkandi viðvörunarljós framan á A sem og á topp stýrishúss til viðvörunar og ökumaður A hafi því gert fullnægjandi varúðarráðstafanir í skilningi 4. mgr. 29. gr. umferðarlaga. M vísar sérstaklega til 1. mgr. og b, h., k. og n. liða 2. mgr. 26. gr. varðandi varúðarskyldu ökumanns bifreiðar B og telur að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, hált hafi verið og blint sem og hindrun á vegi og gangandi vegfarendur.

V telur ljóst af ljósmyndum í lögregluskýrslu ljóst að ökumaður snjóruðningstækisins A hafi staðsett A inni á öfugum vegarhelmingi þegar árekstur við bifreið B átti sér stað. V vísar til háttennisreglna í 2. mgr. 23. gr. um framúrakstur sem og 1. og 2. mgr. 28. gr. um bann við stöðvun ökutækja þannig að það geti valdið hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra og að stöðva eigi eða leggja ökutæki hægra

megin miðað við akstursstefnu. V telur að ökumaður A hafi verið meðvitaður um aðstæður á vettvangi hvað varðar lítið skyggni þegar hann staðsetti A á öfugum vegarhelmingi og hafi það skapað mikla hættu fyrir aðvífandi umferð. V telur ekki sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið ógætlega í aðdraganda áreksturs.

Í viðbótarathugasemdom M koma fram ítrekuð sjónarmið úr málskoti, meðal annars að ökumaður A hafi ekki átt annars kost en að stöðva A þar sem hann treysti sér ekki til að aka framhjá kyrrstæðu vörubifreiðinni sem hafi skagað út á öfuga akrein og að hann hafi ekið framhjá fjölmörgum ökutækjum á undan sem hafi verið föst á vegi eða úti í vegkanti. Hans mat hafi því verið að hann hefði ekki átt annarra kosta vól en að stöðva ökutækið í þeim sporum sem það var statt og bjóða fram aðstoð sína. M telur ökumann A hafa ekið í samræmi við ákvæði umferðarlaga og vísar til lögbundins hlutverks Vegagerðarinnar að tryggja öryggi og greiðfærni á samgöngukerfinu, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um Vegagerðina nr. 120/2012. Einnig eru ítrekuð sjónarmið um gáleysi ökumanns bifreiðar B.

Í viðbótarathugasemdom V er fyrri sjónarmið félagsins ítrekuð um að aðstæður á vettvangi hafi verið slæmar og ljósmyndir af vettvangi staðfesti ekki að ökumaður A hafi ekki komist framhjá vörubifreið þeirri sem kyrrstæð var á sínum vegarhelmingi. Einnig bendir V á að ökumaður A hafi getað staðsett A fyrir aftan vörubifreiðina til að minnka hættu, sér í lagi fyrir umferð úr gagnstæðri átt

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að veður hafi verið slæmt á árekstrarstað og skyggni afar lítið. Í framburði ökumanns snjóruðningstækisins A kemur fram að hann staðsetti tækið á veginum til þess að greiða fyrir því að vörubifreið, sem var kyrrstæð á veginum, kæmist fyrr af stað. Ekki kemur skýrlega fram í lögregluskýrslu að A hafi ekki komist framhjá vörubifreiðinni og ljóst er að staðsetning A var ákveðin með hliðsjón af því að veita skjöl fyrir ökumann vörubifreiðarinnar við að setja keðjur á hjólarða hennar. Ljóst er af framburði aðila og ljósmyndum af vettvangi að snjóruðningstækið A var þannig staðsett að það hindraði för þeirra sem óku úr sömu átt og bifreið B. Þó ökumaður A hafi verið með viðvörunarljós kveikt verður að meta staðsetningu ökutækisins þannig að hún hafi skapað nokkra hættu fyrir aðra umferð, sérstaklega í ljósi þess að framburður aðila sýnir að skyggni hafi ekki verið mikið og aðstæður erfiðar.

Í 5. mgr. 18. gr. umferðarlaga kemur fram að haga megi akstri ökutækis í vegavinnu eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla. Í því felst ákveðið svigrúm fyrir þá sem vegavinnu sinna að staðsetja ökutæki á öðrum stað en önnur ákvæði umferðarlaga kveða á um. Í því felst þó einnig skylda þeirra til að sýna fulla aðgæslu. Með hliðsjón af aðstæðum á vettvangi hefur ekki verið sýnt með nægilega skýrum gögnum fram á að staðsetning A hafi að öllu leyti verið nauðsynleg inn á öfugri akrein, í ljósi þeirrar hættu sem það skapaði fyrir aðvífandi umferð í slæmu skyggni. Telst ökumaður snjóruðningstækisins ekki hafa gætt nægilega að þeirri aðgæslu og telst því bera nokkra sök á árekstrinum í skilningi 5. gr. laga um ökutækjtryggingar nr. 30/2019.

Í 36. gr. umferðarlaga er svo fjallað í 1. mgr. um að ökuhraða skuli jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra og miða skuli hraða meðal annars við veður og birtu sem og umferðaraðstæður að öðru leyti. Einnig segir þar að ökumaður skuli haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki og geti stöðvað það á þeim hluta sem framundan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Í því felst að í slæmu skyggni verða öikumenn að aka hægt og þannig að þeir geti stöðvað ökutæki ef hindrun er á vegi og sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þegar útsýni er takmarkað vegna veðurs, sbr. b.lið 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Af gögnum málsins og framburði aðila verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt þess að haga ökuhraða eftir aðstæðum þar sem skyggni var slæmt og vænta mátti að önnur ökutæki væru í vandræðum eða færð gæti spillst.

Við mat á skiptingu ábyrgðar að tiltölu við sök ökumanna A og B, sbr. fyrrgreind 5. gr. laga um ökutækjtryggingar verður sök skipt til helminga milli ökumanna.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökutækja A og B.

Reykjavík, 16. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 157/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

- Málskot móttakið 4. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 10. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. og 20. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 30. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi farið til Tenerife hinn 16.12.2022 og lagt bifreið sinni, A, á bílastæði Isavia á Keflavíkurflugvelli. Þegar M kom til baka hinn 4. janúar 2023 kom hann að bifreið sinni lokaðri inni af ís og snjó. Verktakinn X sem vinnur við snjómokstur af flugvellið hafði mokað snjó og ís að bifreiðinni og undir hana. Tókst M að brjóta sér inn í bifreiðina með tennisspaða og gangsetja hana en ekki tókst að setja bifreiðina í „drive“. M sneri sér til fulltrúa Isavia sem sögðust ekkert geta gert að svo komnu máli og tók M þá leigubíl til Reykjavíkur. Sótti hann bifreiðina daginn eftir þegar búið var að moka hana út. Reyndist vera ljós í mælaborðinu og tókst M að aka bifreiðinni til Reykjavíkur þar sem bifreiðin fór í skoðun á verkstæði. Kom í skoðun verkstæðisins ýmislegt í ljós sem M rekur til snjómoksturs X. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Hefur bótaskyldu verið hafnað af hálfu V. Telur M að með því að moka snjó að bifreiðinni og undir hana af ásettu ráði, hafi starfsmaður X ollið tjóni á bifreiðinni.

V hafnar málatilbúnaði M í heild sinni. Ekkert í gögnum málsins sýni að tjónið sé að rekja til þess að starfsmenn X hafi mokað snjó á bifreiðina þegar þeir unnu við snjómokstur á svæðinu. Hafnar V því að þær ljósmyndir sem M leggur fram sýni fram á að mokað hafi verið á bifreiðina af mannavöldum. Á framlögðum myndum má sjá hvernig snjór liggur á bifreiðinni að hluta líkt og snjóað hafi yfir bifreiðina og að snjór hafi fokið á bifreiðina eftir skafrenning enda hafði snjóað mikið á þeim tíma er bifreiðinni var lagt í stæðið. Einnig hafði verið vindasamt með þeim afleiðingum að það gerði skafrenning og snjór fauk á bifreiðina. Daginn á undan gerði síðan slyddu. Bifreiðin hafði staðið óhreyfð í stæðinu í fjölda daga og hefur snjórinn því náð að safnast upp. Starfsmenn X kannist ekki við að hafa mokað snjó á bifreiðina. Þá bendir V á að fyrirbyggjandi skoðun frá verkstæði sé ástandsskoðun en ekki tjónaskoðun sem sýnir fram á skemmdir sem eru afleiðing þess að snjór hafi legið á bifreiðinni. Hafnar V því að orsakatengsl séu milli þeirra atriða sem þar eru talin upp og þess atviks sem hér er til skoðunar. Bifreiðin sé rúmlega 17 ára á tjónsdegi og hafði verið ekið nær 170.000 km. Teljast þau atriði sem gera þurfti við til eðlilegra viðgerða miðaði við tegund, aldur og akstur bifreiðarinnar.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir M á að aðrar bifreiðar voru hreinar þar sem vindur og snjór gat blásið óhindrað undir þær og kringum. Hafi bifreiðin skemmst vegna þess að snjór festist undir bifreiðina og eyðilagði frá sér. Einnig sé mögulegt að bifreiðin hafi verið skemmd þegar hún var grafin út og færð á stæði nær flugstöðinni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort bifreiðin A hafi orðið fyrir tjóni sem rekja má til þess að starfsmenn X hafi mokað snjó undir og að bifreiðinni á tímabilinu frá 16. desember 2022 – 4. janúar 2023 meðan hún stóð kyrrstæð í langtímastæði Isavia á Keflavíkurflugvelli. Af myndum og myndböndum af aðstæðum á vettvangi er M kom að bifreið sinni þann 4. janúar 2023 má greina að mjög mikill snjór var á og í kringum bifreið M. Þar sést einnig að snjóskaflar, sem greinilega voru af völdum snjómoksturstækja, voru nálægt bifreiðinni en ekki verður ráðið af sömu gögnum að snjó hafi beinlínis verið mokað undir eða á bifreið M.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst

hann ekki hafa lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að tjón á bifreið hans sé hægt að rekja til þess að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við snjómokstur í kringum bifreið M. Þá verður af fyrirliggjandi bilanagreiningu verkstæðis, dags. 29. janúar 2023 ekki hægt að ráða, að það sem þar er talið upp sé af völdum snjós eða klaka. Hallann af sönnunarskorti í málinu verður skv. fyrrgreindu að leggja á M sem á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns á bifreiðinni A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 158/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið váttryggingarsamnings.

Gögn.

113. Málskot móttakið 9. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
114. Bréf V dags. 4. júlí 2024, ásamt skýrslu Aðstoðar&Öryggis og váttryggingarskilmálum.
115. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 22. júlí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M sat í bifreið sinni í sjálfvirkri bílaþvottastöð X hinn 30. mars 2024 þegar tjón varð á bifreið hans. M lýsir atvikum þannig að bifreið hans hafi lent á bifreið fyrir framan hann í sjálfvirkri þvottastöð. Tjón hafi orðið á bifreið hans við þetta. Í skýrslu Aðstoðar&Öryggis vegna atviksins kemur fram að færiband þvottastöðvarinnar hafi ýtt bifreið M á bifreið fyrir framan en ökumaður bifreiðarinnar fyrir framan kveðst ekki hafa bremsað heldur hafi verið eitthvað vesen með færibandið. X er váttryggingartaki og váttryggður í ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá V og í gr. 3.1. í váttryggingarskilmálum segir að gildissvið váttryggingarinnar nái til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan m.a. vegna skemmda á munum vegna starfsemi váttryggðs. Í gr. 7.1.c er sérstök undanþága vegna skemmda á munum þar sem kemur fram að þó skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi greiðist ekki bætur úr ábyrgðartryggingunni vegna skemmda á munum m.a. sem váttryggður var að vinna við með einum eða öðrum hætti þegar tjón varð. Sérstakur skildagi gildir síðan um ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem kemur fram að félagið greiði bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggingartaki hefur m.a. til þvotta. Undanþága þess skildaga nær síðan til þess tjóns sem verður af völdum þvottavélar.

M telur að tjón hans sé hægt að rekja til þess að bilun varð í búnaði þvottastöðvarinnar eða þess að bifreið fyrir framan hann hafi verið hemlað. M telur að X eigi að bera ábyrgð á tjóni hans þar sem það hafi orðið vegna starfsemi X og ekki sé sanngjarnt að M beri það sjálfur.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur ósannað hvað olli tjóni á bifreið M eða að það sé hægt að rekja til mistaka, yfirsjónar eða vanrækslu starfsmanna X. V telur einnig að þó sannað þyki að þvottavél hafi bilað falli tjónið ekki undir tryggingu X. Vísar V til gr. 7.1.c í váttryggingarskilmálum sem undanskilur tjón vegna skemmda á munum sem X tekur að sér að vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjón verður af verkinu eða við verkið. Þessi undanþága takmarkist hins vegar af sérstökum skildaga í váttryggingarsamningi þar sem kemur fram að V greiði bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum sem váttryggingartaki hefur til þvotta en hins vegar sé ábyrgð á bifreiðum af völdum þvottavélar undanskilin.

Álit.

Eins og V lýsir ákvæðum váttryggingarsamnings milli þess og X verður bréf V dags. 4. júlí 2024 ekki öðruvísi skilið en að gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nái skv. sérstökum skildaga til víðtækari ábyrgðar en almenn ákvæði váttryggingarskilmála gefa til kynna, þ.e. gildissviðsákvæðis gr. 3.1 og undanþáguákvæðis vegna skemmda á munum í gr. 7.1.c. Í skildaga 7 í váttryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði bótakröfur vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum og vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem váttryggingartaki (X) hefur m.a. til þvotta. Sú ábyrgð sem er undanskilin í sama skildaga er sú sem til kemur af völdum bruna eða þjófnaðar svo og skemmdir á bifreiðum af völdum þvottavélar.

Ljóst er af gögnum málsins að engin tilraun hefur verið gerð af hálfu X til að upplýsa um hvað leiddi il þess að bifreið M fór á sjálfvirku færibandi á kyrrstæða bifreið fyrir framan hann þannig að tjón

varð af. Ef búnaður sjálfvirkur þvottastöðvar sem þessarar kemur ekki í veg fyrir að bifreiðar á færifandi lendi saman verður að ætla að starfsmenn X geti fylgst með því að slíkt gerist ekki. Verður ekki séð að slíku eftirliti hafi verið sinnt af hálfu X í greint sinn og verður X að bera hallann af sönnunarskorti um annað við þessar aðstæður. Orðalag skildaga í váttryggingarsamningi er heldur ekki með skýrum hætti bundið vð sök eða almennt gildissvið váttryggingarskilmála þar sem skaðabótaábyrgð er áskilin og verður V einnig að bera hallann af þeim vafa sem af því skapast um gildissvið váttryggingarinnar.

Orðalag skildagans sýnir að félagið greiði tjón vegna skemmda á vélknúnum ökutækjum sem X hefur til þvotta. Það gerðist í máli M. V ber sönnunarbyrði um að undanþága frá þeirri sérstöku bótareglu í einhliða skilmálum V eigi við, þ.e. að skemmdir hafi verið af völdum þvottavélar. Sú sönnun liggur ekki fyrir og ber V hallann af því. M telst því eiga rétt til greiðslu bóta vegna tjóns á bifreið hans úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 159/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 15. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 28. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. nóvember 2023, hafi M orðið fyrir líkamstjóni, er hún var stödd í verslun X. Umrætt sinn var M að ganga um verslunina og féll um lága hillu sem stóð í gangvegi verslunarinnar og skall í gólfið. Hlaut hún alvarlega áverka af slysinu. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna líkamstjónsins en með bréfi dags. 7. febrúar 2024, hafnaði V bótaskyldu. Bygðði V höfnun sína á því að starfsmenn X hefðu ekki getað gert frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir slysið.

M byggir á því að X beri skaðabótaábyrgð á slysi sínu með vísan til meginreglna skaðabótaréttar um sök og vinnuveitendaábyrgð, enda verði slysið rakið til óásættanlegra og hættulegra aðstæðna í versluninni. Þegar slysið varð var rautt límband á bláhorni hillunnar, en hillan var staðsett mjög neðarlega og ekki í eðlilegri sjónlínu viðskiptavina sem gengu um verslunina. Hin ætlaða viðvörðun var því ekki nógu áberandi fyrir viðskiptavinum verslunarinnar. Hillan var lág og stóð út fyrir sýningarpallinn. Litur hillunnar rann saman við gólfið og þegar slysið átti sér stað voru ekki stórar eða áberandi vörur á hillunni sem hefðu vakið athygli viðskiptavina á að hillan stæði út fyrir sýningarpallinn. Umræddur sýningarpallur var staðsettur rétt við inngang verslunarinnar og stóð hillan langt út frá sýningarpallinum og út á gólfið þar sem viðskiptavinir ganga um verslunina. Stuttu eftir slysið var bætt við rauðu límbandi á horn hillunnar. Stuttu síðar var hillan sem M féll um, alfarið fjarlægð og hefur ekki verið sett upp aftur. Vísar M til ýmissa dóma því til stuðnings að ríkar kröfur eru gerðar til verslunareigenda um að viðhafa allar sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja öryggi og hindra að viðskiptavinir þeirra verði fyrir slysum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telji að slysið sé ekki að rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Pallurinn sé færður reglulega til á gólfi verslunarinnar og þar af leiðandi sé hann ekki alltaf á sama stað. Slíkar útstillingarhillur séu eðlilegur hluti af starfsemi verslana og ekki hættulegar. Slysið verði ekki rakið til vanrækslu X, um hafi verið að ræða óhapp enda ekki óeðlilegt að ætlast til þess að fólk sýni umhverfi sínu athygli þar sem vörur eru uppstilltar víða um verslanir með slíkum hætti.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að verslunum sé í lófa lagið að koma vöruútstillingum sínum fyrir án þess að hætta stafi af fyrir viðskiptavinum og gangandi vegfarendur. Ekki hafi þýðingu í þessu sambandi að hinn umræddi sýningarpallur hafi ekki alltaf verið á sama stað, enda var hann staðsettur rétt við innganginn í gönguleið viðskiptavina umrætt sinn og verði að taka mið af því við sakarmatið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Af fyrirbyggjandi gögnum málsins virtum og þá sérstaklega ljósmyndum sem sýna útlit og staðsetningu pallsins, verður talið að hæð, litur og staðsetning pallsins hafi verið til þess fallin að valda slysum, ekki síst þar sem engar vörur staðsettar á því horni pallsins sem M hrasaði um. Starfsmenn X voru meðvitaðir um þá hættu sem stafaði af pallinum enda hafði rautt límband verið sett á horn pallsins til þess að vara

viðskiptavini við. Telja verður að umrætt sinn hafi, þrátt fyrir límbandið, verið til staðar hætta á tjóni sem starfsmönnum X mátti vera kunnugt um. Er það mat nefndarinnar að X hafi ekki gert nægar ráðstafanir til að takmarka þá hættu sem stafaði af pallinum. Auðvelt hefði verið fyrir X að gera nauðsynlegar úrbætur til að takmarka þá hættu sem stafaði af pallinum t.d. að setja límband á allt hornið líkt og gert var eftir slysið. Með vísan til alls framangreinds er það afstaða nefndarinnar að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiðir til þess að M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins.

Kemur þá til skoðunar hvort M hafi verið meðvöld af líkamstjóninu á þann hátt að hún verði látin bera hluta tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar. Til þess nægir að M hafi sýnt af sér einfalt gáleysi. Myndband sem lagt var fyrir nefndina sýnir ekki hilluna sjálfa en á því sést M ganga um verslunina og svo skyndilega falla í gólfíð þegar hún sneri við og hugðist ganga í aðra átt. Ekkert bendir til þess að hún hafi ekki sýnt næga aðgæslu umrætt sinn á þann hátt að hún verði talin hafa verið meðvöld af líkamstjóninu. Á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 160/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.****Nafn váttryggðs: (X)****Skadabótaábyrgð.****Gögn.**

116. Málskot mótttekið 18. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
117. Bréf V dags. 4. júní 2024.
118. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 25. júní 2024.
119. Tölvupóstur V dags. 28. júní 2024.
120. Viðbótargögn; úrskurður héraðsdóms dags. 14. febrúar 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að lögmaðurinn X tók að sér að aðstoða erfingja við skipti á dánarbúi og hafi eignaskiptum lokið hinn 17. apríl 2023. Hluti eigna dánarbúsins var jörð sem ráðstafað var með eignaskiptayfirlýsingu til maka og þriggja barna látins eiganda jarðarinnar við lok skipta. M er eitt af börnum hinnar látnu og eignaðist sinn hluta jarðarinnar með annars vegar með eignaskiptayfirlýsingu dags. 17. apríl 2023 og eftir það með afsali föður á sínum eignarhlut í jörðinni sem fyrirframgreiðslu upp í arf, dags. 25. apríl 2023. Einn sameigandi var með látnum eiganda jarðarinnar að jörðinni og ljóst er af gögnum málsins að þeim sameiganda jarðarinnar var ekki boðinn forkaupsréttur að jörðinni við skiptin, hvorki eignaskiptayfirlýsingu dags. 17. apríl 2023 eða afsal 25. apríl 2023.

Í 7. gr. d í jarðarlögum nr. 81/2004 er nú, nánar tiltekið með breytingalögum nr. 76/2022 sem tóku gildi hvað varðar þetta ákvæði hinn 14. júlí 2022, kveðið á um forkaupsrétt sameigenda jarða. Nánar tiltekið að sameigendur að jörð eigi forkaupsrétt að eignarhlutum í henni og að forkaupsréttur verði virkur við sölu og aðra ráðstöfun eða yfirfærslu á beinum eignarrétti. Um forkaupsrétt sameigenda gilda að öðru leyti ákvæði 28.-32. gr. laganna eftir því sem við getur átt. Hins vegar gildi ekki almenn undanþága frá forkaupsrétti sem tilgreind er í 1. mgr. 31. gr. laganna vegna ráðstöfunar til tilgreindra aðila eins og maka og barna. Samkvæmt orðanna hljóðan segja jarðalög því að forkaupsréttur sameigenda verði virkur við erfðir, meðal annars til maka og barna. Í 1. mgr. 29. gr. jarðalaga er kveðið á um hvernig bjóða eigi forkaupsrétt, þ.e. skriflega og með sannanlegum hætti. Af 32. gr. jarðalaga má ráða að ef seljandi vanrækir að veita forkaupsrétt í samræmi við löginn geti forkaupsréttarhafar borið þá ákvörðun undir dómstóla til ógildingar og um það gildi sex mánaða málshöfðunarfrestur frá því að forkaupsréttarhöfum varð kunnugt um ráðstöfun. Í 6. mgr. 7. gr. kemur síðan fram að sameigendur að jörð er heimilt að víkja frá reglum um forkaupsrétt sameigenda með samningi sín á milli og skal slíkum samningi vera þinglýst á jörðina. Slíkum samningi hafði ekki verið þinglýst á umrædda jörð.

M kveðst hafa fengið upplýsingar um forkaupsréttarákvæði með samskiptum við lögmann endurskoðunarfyrtækis og löggiltan endurskoðanda í nóvember 2023 og hafi í kjölfarið leitað til annars lögmans en X til að gæta réttar síns þar sem X hafi vanrækt að senda tilkynningu um forkaupsrétt til forkaupsréttarhafa. Hjá þeim lögmanni hafi verið ráðist í gagnaöflun og tilkynningu til forkaupsréttarhafa um forkaupsréttinn og hafi slík tilkynning verið móttokin 12. desember 2023 af hálfu hans. Sex mánaða málshöfðunarfrestur sem kveðið sé á um í 32. gr. jarðalaga renni því út 12. júní 2024. M telur að mikilvægt hafi verið fyrir hann að leita sér aðstoðar í þeim aðstæðum sem uppi voru og sé lögmannskostnaður við þá aðstoð það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna vanrækslu X sem lögmans. Bótaábyrgð byggir M á bótareglu 25. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998 en með fyrrnefndri vanrækslu hafi X brugðist skyldum sínum sem sérfræðingur en gera megi ríkar kröfur til X sem sérfræðings sem hafi átt að þekkja til gildandi lagareglna sem lögmaður með áratugareynslu. Í málskoti kemur einnig fram að M sé ólöglerður og hafi verið nauðsynlegt fyrir hann að ráðast strax í ráðstafanir til að tryggja hagsmuni sína og koma í veg fyrir tjón. Einnig hafi verið nauðsynlegt að freista þess að ná samkomulagi við forkaupsréttarhafa um að falla frá forkaupsrétti. Slíkur samningur hafi verið útbúinn eftir að löggiltur endurskoðandi hafði lagt á það áherslu. Ekki hafi verið gengið frá

samningnum, sem liggur fyrir í gögnum málsins óundirritaður, en rekja megi ástæður þess til forkaupsréttarhafans en ekki til M. Nauðsynlegt hafi verið fyrir M að leita til fagaðila til að fá ráðgjöf vegna stöðu mála hjá lögmanni og lögmönnum er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir umbeðna og veitta þjónustu. Þannig standi reikningur lögmanns og fulltrúa hans í 2.233.395 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur, og fylgi afrit reikninga gögnum málsins. M telur beint og augljóst orsakasamband milli tjónsins og vanrækslu X. Einnig er í málskoti vísað til 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um annað fjártjón og að þjónusta lögmanns falli skv. dómaframkvæmd þar undir. Einnig er vísað til markmiðs skaðabótareglna um að tjónþoli skuli vera eins settur fjárhagslega og tjón hefði ekki orðið.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X og vísar til þess að engin gögn hafi verið lögð fram um huglæga afstöðu forkaupsréttarhafa vegna þeirrar jarðar sem málið snýst um. Þannig hafi ekki verið sýnt fram á að tjón hafi hlotist af því að forkaupsréttarhafa hafi ekki verið boðinn forkaupsréttur. Auk þess hefði alltaf komið til kostnaðar við að senda tilkynningu um forkaupsrétt og þannig geti slíkur kostnaður ekki reiknast sem tjón fyrir M. Einnig er vísað til þess að frekari vinna lögmanns og kostnaður við slíka vinnu hafi verið óhóflegur og úr öllum takti við umfang og eðli málsins. V bendir einnig á úrskurð Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. T-232/2024 þar sem niðurstaða dómsins var sú að ákveðinn ómöguleiki fylgi því að gera kröfu um forkaupsrétt við erfðaskipti og óskýrleiki sé í jarðalögum um það. V bendir á að í máli M hafi verið eigendaskipti á jörð vegna erfða og þannig hafi ekki verið fyrir hendi kaupsamningur, en slíkur sé forsenda þess að hægt sé að njóta forkaupsréttar. V telur því einnig með vísan til þess að óþarfi hafi verið að senda tilkynningu um forkaupsrétt skv. ákvæðum 7. gr. d. jarðalaga þar sem þar sé í raun ákveðin lögvilla. Enn fremur er það niðurstaða V að niðurstaða úr rannsókn lögmanns M sé beinlínis röng og kostnaður hafi verið úr öllu hófi.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M er tekið fram að ákvæði jarðalaga séu skýr og tekur ekki undir sjónarmið í umsögn V að ákvæðin séu óskýr, hvað efni og kaupverð varðar, í tengslum við forkaupsrétt sameiganda. Einnig er m.a. bent á að í 2. mgr. 31. gr. jarðalaga komi fram að erfðir geti virkjað þessi ákvæði um forkaupsrétt og að ef ekki náist samkomulag um verð þegar eignayfirlæsing sé stað eigi að líta til laga um framkvæmd eignarnáms við mat á verði. Einnig er bent á að í 6. mgr. 7. gr. d. jarðalaga sé gert ráð fyrir því að sameigendur geti samið um að víkja frá ákvæðum laganna um forkaupsrétt og skal slíkum samningi vera þinglýst á eignina. Lögmaður M telur að útlekkingar og vangaveltur V um úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur haggi ekki ákvæðum jarðalaganna sjálfra sem séu bindandi þar til annað hefur verið ákveðið. Ítrekað er að X hafi skapað sér bótaábyrgð skv. 25. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998 og er vísað til 18. gr. laganna um skyldur lögmanna í því samhengi. Byggt er á því að einsýnt sé að X beri bótaábyrgð og tjón M í formi lögmannskostnaðar sé bein afleiðing af því að X gætti þess ekki að ákvæðum jarðalaga væri fylgt við að bjóða sameiganda að nýta forkaupsrétt sinn og að M hafi þurft að leita lögmannsaðstoðar vegna þess.

Í viðbótarathugasemdum V segir að félagið geri ekki frekari athugasemdir en ítreki það sem þegar hafi komið fram af þess hálfu.

Álit.

Álitaefni þessa máls er í fyrsta lagi hvort um sé að ræða saknæma háttsemi lögmannsins X við gerð eignaskiptayfirlýsingar vegna eignarhluta dánarbús í tilgreindri jörð hinn 17. apríl 2023 og afsals vegna eignarhluta sömu jarðar hinn 25. apríl sama ár. Í báðum eignayfirlæsingum eignaðist M hluta hinnar tilgreindu jarðar.

Ekki verður séð af gögnum málsins að við gerð umræddra löggæringa í apríl 2023 hafi tilkynning um forkaupsrétt sameiganda jarðarinnar, sem óumdeilt er að sé einn, verið send skriflega og sannanlega, sbr. ákvæði 1. mgr. 29. gr. jarðalaga. Ákvæði um slíkan forkaupsrétt komu inn í jarðalög með lögum nr. 76/2022 sem tóku gildi 14. júlí 2022, nánar tiltekið tók gildi sérstakt ákvæði 7. gr. d. nágildandi jarðalaga þar sem segir meðal annars í 1. mgr.: „*Sameigendur að jörð eiga forkaupsrétt að eignarhlutum í henni. Forkaupsréttur sameigenda verður virkur við sölu og aðra ráðstöfun eða yfirlæsingar á beinum eignarrétti yfir eignarhluta sem háður er forkaupsrétti.*“ Af lögskýringargögnum má ráða að í upphaflegu frumvarpi sem lagt var fram til breytinga á jarðalögum og urðu að lögum nr. 76/2022 að forkaupsréttur sameiganda myndi ekki virkjast ef 1. mgr. 31. gr. jarðalaga ætti við, það er ef eignayfirlæsing væri til nákominnna, t.d. maka eða barna. Í breytingatillögu meirihluta Allsherjar- og menntamálanefndar við frumvarpið bættist hins vegar við texti í ákvæði 7. gr.d.: „*Um forkaupsrétt sameigenda gildir þó ekki 1. tölul. 31. gr., og heldur ekki tilvísun til sama töluliðar í 2. mgr. 31. gr.*“ Í

nefndarálitni meirihluta nefndarinnar sem fylgdi breytingatillögu við frumvarpið, segir: „Lögð er til breyting þess efnis að um forkaupsrétt sameigenda gildi ekki 1. tölul. 31. gr. jarðalaga. Í minnisblaði forsætisráðuneytisins er tekið undir ábendingu í umsögn Bændasamtakanna um að beiting tilgreindrar undantekningarreglu jarðalaga um forkaupsrétt skv. d-lið 2. gr. frumvarpsins geti unnið gegn markmiðum ákvæðisins um að sporna gegn óhæfilegri fjölgun sameigenda m.a. fyrir erfðir.“ Í tilvísaðri umsögn Bændasamtaka Íslands til Allsherjar- og menntamálanefndar er vísað til þess að ákvæði um forkaupsrétt sameigenda séu óskýr og einnig er vísað til þess að með því að 1. mgr. 31. gr. jarðalaga eigi við, það er að forkaupsréttur nái ekki til ráðstafana til tilgreindra náinna aðila eins og maka og barna, sé ákvæðið nánast tilgangslaust. Í minnisblaði Forsætisráðuneytisins er tekið undir hið síðastnefnda með eftirfarandi orðum: „Ráðuneytið er sammála því mati Bændasamtakanna að beiting undantekningarreglu 1. tölul. 31. gr. jarðalaga um forkaupsrétt skv. 2. gr. d frumvarpsins geti unnið gegn markmiðum ákvæðisins um að sporna gegn óhæfilegri fjölgun sameigenda m.a. fyrir erfðir. Ráðuneytið telur því koma til greina að bæta nýjum málslið við 5. mgr. 2. gr. d frumvarpsins, svohljóðandi: „Um forkaupsrétt sameigenda gildir þó ekki 1. tölul. 31. gr., og heldur ekki tilvísun til sama töluliðar í 2. mgr. 31. gr.““ Í framsöguræðu formanns Allsherjar- og menntamálanefndar segir einnig um markmið lagabreytinganna: „Er breytingin lögð til svo ekki sé unnið gegn því markmiði að sporna gegn óhöflegri fjölgun sameigenda, m.a. fyrir erfðir.“

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. T-232/2024 var ágreiningur um þinglýsingu skiptayfirlýsingar sem fól í sér eignayfirlýsingu milli maka við erfðir, en sýslumaður, sem þinglýsingarstjóri, hafði vísað frá þinglýsingu slíkrar skiptayfirlýsingar þar sem forkaupsréttarákvæði 7. gr. d. jarðalaga hafði ekki verið virt, eða samningi þinglýst á eignina um að fallið væri frá slíkum forkaupsrétti, sbr. 6. mgr. þeirrar greinar. Héraðsdómur felldi ákvörðun sýslumanns úr gildi meðal annars með þeim rökstuðningi að forkaupsréttarákvæði 7. gr. d. jarðalaga sé verulega íþyngjandi í þeim tilgangi einum að takmarka fjölda sameigenda jarða og að framkvæmd sé af ýmsum ástæðum óskýr.

Þó ofangreindur úrskurður héraðsdóms hafi takmarkað fordæmisgildi sem slíkur verður ekki hjá því litið að skiptar skoðanir eru á lagasetningu þeirri sem lög nr. 76/2022 um breytingu á jarðalögum höfðu í för með sér um forkaupsrétt sameigenda jarða. Í lögskýringargögnum, sérstaklega nefndarálitni meirihluta Allsherjar- og menntamálanefndar sem lagt var fram á þinginu hinn 14. júní 2022 og ræðu formanns nefndarinnar við 3. umræðu frumvarpsins hinn 15. júní 2022, er hins vegar nokkuð skýrt að vilji meirihluta Allsherjar- og menntamálanefndar var að forkaupsréttur sameigenda ætti að virkjast við erfðir til nákominna aðila eins og maka og barna. Löggin voru þannig samþykkt á Alþingi 15. júní 2022, staðfest af Forseta Íslands í kjölfarið og birt í Stjórnartíðindum. Löggin tóku, eins og aður segir gildi 14. júlí 2022 og voru því í gildi þegar eignayfirlýsinga sú sem hér er deilt um átti sér stað í apríl 2023.

Fallast verður á með M að X hefði sem lögmaður átt að kynna M og öðrum erfingjum ákvæði gildandi laga um forkaupsrétt sameigenda jarða í 7. gr. d jarðalaga við gerð skiptayfirlýsingar og afsals vegna þeirrar jarðar sem kom meðal annars í hlut M. Þannig hefði verið hægt að tilkynna forkaupsréttarhafa strax um eignaskiptin og kanna hug hans til nýtingar forkaupsréttar án þess að slíkt hefði falið í sér útlagðan kostnað fyrir M. Það var hins vegar ekki gert og skapaði það réttmæta óvissu fyrir M um hvaða afleiðingar það myndi mögulega hafa fyrir hann. Hins vegar liggur ekki fyrir að þinglýsingu skiptayfirlýsingar eða afsals hafi verið vísað frá þinglýsingu í máli M. Það þýðir að eignarheimild hans í þinglýsingarbókum sýnir að hann sé eigandi jarðarhlutans. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að afstaða forkaupsréttarhafa hafi verið sú að forkaupsréttur yrði nýttur eða í hvaða mæli óvissa um það var.

Almennt hvílir sú skylda á tjónþola skv. reglum skaðabótaréttar að takmarka tjón sitt. Í þeim gögnum sem liggja fyrir um vinnu lögmanns M vegna málsins liggur fyrir að hluti vinnunnar fólst í því að tilkynna forkaupsréttarhafa skriflega og með sannanlegum hætti um forkaupsrétt sameigenda þeirrar jarðar sem M eignaðist hluta í. Af þeirri vinnu hefði M borið hluta kostnaðar hvort eð var. Af upplýsingum og gögnum í málinu verður ekki séð að forkaupsréttarhafi hafi höfðað mál innan sex mánaða frá tilkynningu um forkaupsrétt eða að slíkt hafi nokkurn tíma staðið til af hans hálfu. Af aðstæðum í málinu og gögnum þess verður ekki séð að kostnaður við lögmannsaðstoð við að tilkynna um forkaupsrétt og eftir atvikum aðstoða við að ná fram skýrum vilja forkaupsréttarhafa varðandi mögulega nýtingu forgangsréttar réttlætist með þeim reikningum og tímaskýrslu sem lögð hefur verið fram sem tjón M. Skaðabótakrafa á hendur X var sett fram í desember 2023 og takmörkun tjóns í

skilningi skaðabótaréttar ætti einnig að vera lögmanni M ljós og þannig unnt að haga vinnu við mál M í samræmi við þá hagsmuni sem uppi voru, strax og ljóst var að skaðabótakrafa yrði gerð á X.

Verður einnig að taka fram að tilvísun lögmannsins til 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 í málskoti er haldlaus þar sem það ákvæði fjallar um bætur vegna líkamstjóns. M hefur ekki af gögnum þessa máls orðið fyrir líkamstjóni og verður því ekki byggt á ákvæðum skaðabótalaga við úrlausn málsins.

Með hliðsjón af öllu ofangreindu verður því ekki fallist á að M hafi sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni í skilningi skaðabótaréttar vegna saknæmrar háttsemi lögmannsins X og þannig verður ekki heldur fallist á að greiðsluskylda úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins hjá V hafi stofnast.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmanns X hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 161/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

121. Málskot mótttekið 16. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
122. Bréf V, dags. 1. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína á dekkjaverkstæði X þann 30. ágúst 2022. Var hann að taka vörubíladekk úr rekka þegar hann datt um vörubretti sem skilið hefði verið eftir á gólfinu fyrir aftan hann. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, X vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjónsins.

M telur ljóst að slysið megi rekja til vanrækslu X á að uppfylla þær lögbundnu kröfur og skyldur sem eru lagðar honum á herðar. Byggir M á að slysið megi rekja til saknæms aðbúnaðar á slysstæð sem X beri ábyrgð á. Vörubretti hafi verið skilið eftir í gangvegi starfsmanna með þeim afleiðingum að M féll um það og slasaðist. X hafi borið að hlutast til um að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna sem settar hafa verið á grundvelli laganna, máli sínu til stuðnings. Þá vísar M til dóma Hæstaréttar í máli nr. 370/2006 og 309/2002. Telur M að það hafi ekki verið í hans hlutverki að sjá um aðstæður á umræddri starfsstöð og þar með tryggja að gangvegurinn sé greiður. Lyftari á vinnustaðnum hafi verið ónothæfur umrætt sinn en verk það sem M slasaðist við sé oft unnið með aðstoð lyftara. Telur M að starfsmaður sá sem skildi vörubretti eftir í gangvegi á sínum tíma hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Ekki sé eðlilegt að vörubretti séu látin liggja í gangvegi afskiptalaus. Telur M að það hafi ekki þýðingu hvaða starfsmaður eða starfsmenn það voru sem skildu vörubrettið eftir á sínum tíma, með vísan til meginreglunnar um nafnlaus mistök. Slysið hafi ekki verið rannsakað af Vinnueftirlitinu þar sem það var ekki tilkynnt fyrir en 7. september 2022, rúmri viku eftir að slysið átti sér stað. Að teknu tilliti til þeirra áverka sem M hlaut og óvinnufærni hans eftir slysið, bar X að tilkynna slysið strax til þess að unnt væri að rannsaka slysstæð. Rannsókn hefði leitt í ljós orsök slyssins og hvernig aðbúnaður var á vinnustaðnum.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á þeim grundvelli að atvikið verði ekki rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Orsök slyssins hafi verið aðgæsluleysi M sjálfs og/eða óhappatilviljun. Vörubrettið hafi ekki getað leynst þeim sem leið áttu framhjá því enda hafði brettið verið þarna í einhvern tíma áður en atvikið átti sér stað. Má því ætla að M hafi vitað eða í öllu falli mátt vita af vörubrettinu og hafði því haft sérstaka ástæðu til að sýna aðgæslu. Hluti af starfsskyldum M hafi verið að halda vinnusvæði sínu hreinu. Var það því á ábyrgð M sjálfs að gæta að því að umrædd gönguleið væri greiðfær. Aðstæður á vinnustað M séu ekki sambærilegar aðstæðum sem voru á vinnustað þeim sem fjallað er um í tilvísuðum dómum Hæstaréttar. Vinnuveitandi verði ekki gerður ábyrgur á grundvelli reglunnar um nafnlaus mistök nema sýnt sé fram á saknæma háttsemi af hálfu starfsmanns hans. Hafnar V því einnig að lyftarinn hafi verið ónothæfur, hann hafi verið til staðar ef á þyrfti að halda. Ekki sé gerður ágreiningur um tildrög slyssins, þ.e. að M hafi bakkað og fallið um vörubretti. Verði því ekki séð að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði verði til þess fallin að upplýsa frekar um atriði sem aðilar deila um. Hafi það því ekki áhrif á sönnunarfærslu í málinu þótt ekki hafi verið tilkynnt um það tímanlega í samræmi við áskilnað 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjón hans verði rakið til saknæmrar háttsemi X.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 þ.e. án ástæðulausrar tafar. Því voru tildrög slyssins ekki rannsökuð af

eftirlitinu. Í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi, sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu, skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður það þó ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði, enda greinir aðila ekki á um málsatvik þ.e. að M hafi fallið um vörubretti er lá á gólfi verkstæðisins. M byggir á því í málskoti að líkamstjón hans megi rekja til þess að aðbúnaður á vinnustað hans hafi verið saknæmur og vísar til meginreglunnar um nafnlaus mistök. Ekki liggur fyrir hver skildi vörubrettið eftir á gólfinu né hversu lengi það hafði verið þar. Er það mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á annað en að um hafi verið að ræða eigin aðgæsluleysi M sem gætti ekki nægjanlega að aðstæðum áður en hann gekk eða steig aftur á bak umrætt sinn. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 162/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Starfsörorkutrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

123. Málskot mótttekið 16. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
124. Bréf V1 dags. 19. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
125. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
126. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi ekki borist skýr svör frá V1 vegna málsins og að túlka megi það sem svo að ekki sé fallist á bótaskyldu. M gerir þá kröfu að viðurkennd verði bótaskylda erlenda tryggingafélagsins V2 úr starfsörorkutryggingu hans, vegna örorku og óvinnufærni M í kjölfar líkamstjóns sem M varð fyrir í slysi þann 12. nóvember 2023. Tryggingin var keypt af erlenda tryggingafélaginu V2 í gegnum váttryggingamiðlunina V1 þann 29. apríl 2020. Hefur M greitt iðgjöld af tryggingunni til V1. Tilkynnti M til V1 að hann hefði lent í líkamstjóni fljótlega eftir slysið. Var honum sagt að hann fengi engar bætur þar sem hann hafi slasast í umferðarslysi og að slík slys væru undanþegin skv. skilmálum tryggingarinnar. Leitaði M í kjölfar til lögmanns sem skrifað hefur V1 nokkur bréf en ekki fengið svör. Byggir M á að sú starfsörorkutrygging sem hann hafi verið með í gegnum V1, þ.e. sú trygging sem hann sótti um með umsókn sinni og hafi verið samþykkt og hann greitt iðgjald af frá upphafi til V1, hafi verið í fullu gildi er hann slasaðist. Eigi hann því rétt á bótum í samræmi við skilmála váttryggingarinnar. Byggir M einnig á því að íslensk lög gildi um trygginguna. Skv. lögum nr. 30/2004 verði skilmálum trygginga ekki breytt nema váttryggður og váttryggingartaki hafi samþykkt slíkt eða tryggingunni sagt upp með ákveðnum hætti. M kannast ekki við að slíkt hafi verið gert. Byggir M einnig á að skv. íslenskum lögum sbr. lög nr. 30/2004 og nr. 62/2019 sé váttryggjandi sá sem iðgjöldin eru greidd til. Verði V1 að sýna fram á að í byrjun váttryggingartímabilsins hafi verið samið við ákveðinn váttryggjanda.

V1 svarar málskoti þessu og vísar til þess að V1 sé með starfsleyfi sem váttryggingamiðlun og starfi eftir lögum nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga. V1 sé ekki váttryggingafélag. Mótmælir V1 því að M hafi ekki fengið skýr svör um réttarstöðu sína. Ekki sé tímabært að taka afstöðu til bótaskyldu vegna varanlegrar starfsörorku. Ekki verði séð að uppfyllt sé það skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að varnaraðili hafi hafnað kröfu M. Beri því að vísa málskotinu frá nefndinni. Einnig gerir V1 athugasemdir við að málskoti sé beint að V2 þar sem M var tilkynnt við endurnýjun tryggingarinnar á árinu 2022 að endurtryggjandi er erlenda váttryggingafélagið V3 (sem ekki er varnaraðili í þessu málskoti) í stað V2. Málskotinu sé því beint að röngum aðila. V1 vísar til þess að við endurnýjun tryggingarinnar á árinu 2021 hafi verið tilkynnt um breytingu á skilmálum. Í 11 tl. kemur fram að öll slys sem hinn tryggði verður fyrir í skráðu ökutæki séu undanskilin, enda sé hann þegar tryggður í ökutækjetryggingunni. Einnig kemur fram að þetta eigi bara við um bætur vegna tímabundinnar algerrar örorku. Í ljósi þess hve stutt er liðið frá umræddu slysi og ekki liggja fyrir upplýsingar um varanlegar afleiðingar þess fyrir fyrir starfsörorku M er ekki tímabært að taka afstöðu til bóta fyrir varanlega starfsörorku.

Í viðbótarathugasemdum M mótmælir hann því sem röngu að aðilaskipti hafi orðið að tryggingunni eftir að tilkynning um endurnýjun var send M árið 2022. Í bréflagri tilkynningu V1 til M frá 2022 kemur fram að endurtryggjandi sé nú V3 í stað V2. Í samræmi við orðalag tilkynningarinnar byggir M á að hann hafi með réttu mátt líta svo á að breytingar á endurtryggjanda fælu ekki í sér breytingu á váttryggingarsamningi hans eða réttarstöðu gagnvart V2. Í því samhengi vísar M til orðabókarskilgreiningar hugtaksins „endurtryggjandi“ og skilgreiningar á hugtakinu í fræðiriti. V2 verði að bera hallan af því að hafa ekki kveðið skýrar á um fyrirhugaðar breytingar á réttarstöðu aðila og að skýrs samþykkis M hafi verið aflað. Fyrir þá sök, ber V2 enn hina endanlegu váttryggingaráhættu og er réttur aðili að þessu máli. Vísar M til fyrirbyggjandi læknisfræðilegra gagna

og telur nægileg gögn til staðar til að álykta að M sé varanlega ófær að sinna sínum fyrri störfum. Taka verði til greina úrskurðarkröfur M um bætur fyrir tímabundið og varanlegt tjón.

Í viðbótarathugasemdum V1 kemur fram að í framhaldi umsóknar M um starfsörorkutryggingu V2 hafi verið gefið út tryggingarskírteini þann 29. apríl 2020 þar sem tiltekið er að váttryggingarsamningurinn væri tryggður af V2. Gildistími tryggingarinnar var takmarkaður við eitt ár eða frá 29. apríl 2020 til 28. apríl 2021. Að óbreyttu hefði því váttryggingin runnið út hefði ekki komið til endurnýjunar. Hún átti sér stað á árinu 2021 og framlengdist váttryggingarsamningurinn til 28. apríl 2022. Við endurnýjun árið 2022 var samhliða tilkynnt um að váttryggingarsamningurinn væri eftirleiðis tryggður af V3 í stað V2 og að skilmála megi sjá á heimasíðu V1. Með greiðslu M á iðgjöldum komst váttryggingarsamningur á en réttarsambandi M og V2 lauk samhliða. Engin skuldaraskipti áttu sér stað eins og M heldur fram. Er engum váttryggingarsamningi til að dreifa milli M og V2. Óumdeilt sé að á slysdegi var starfsörorkutrygging í gildi sem tryggð var af V3. Í skilmálum þeim sem um trygginguna gilda kemur skýrt fram að bætur vegna algerrar varanlegrar örorku og hlutfallslegrar varanlegrar örorku greiðast ekki fyrr en tólf mánuðir eru liðnir frá þeim degi sem líkamstjónið átti sér stað. Ekki er því tímabært að taka afstöðu til kröfu hans um bætur fyrir varanlega örorku.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ágreiningur þessa máls lýtur að því í fyrsta lagi hvort í gildi hafi verið váttryggingarsamningur milli M og V2 er hann lenti í slysi á bifhjóli þann 12. nóvember 2023. Í öðru lagi hvort hann eigi rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu hjá V2 vegna varanlegrar örorku og/eða tímabundinnar algerar örorku. Óumdeilt er að váttryggingarsamningur komst á milli M og V2 með milligöngu V1 hinn 29. apríl 2020. Um var að ræða starfsörorkutryggingu sem felur í sér dánarbætur, bætur fyrir algera og varanlega örorku, bætur vegna varanlegrar hlutfallslegrar örorku og bætur fyrir tímabundna algera örorku. Þá liggur fyrir að gildistími váttryggingarinnar var eitt ár, frá 29. apríl 2020 til 28. apríl 2021. Að loknu því tímabili og með greiðslu M á iðgjöldum til V1 var váttryggingin endurnýjuð til eins árs. Samhliða tilkynningu um endurnýjun váttryggingarinnar var M með tölvupósti dags. 16. mars 2021 tilkynnt um breytingar á skilmálum tryggingarinnar. Þar á meðal var sú breyting að öll slys sem hinn tryggði verður fyrir í skráðu ökutæki eru undanskilin. Á þetta við um bætur vegna tímabundinnar algerar örorku.

Hefur V1 borið fyrir sig að M sé að beina málskoti sínu að röngum aðila þar sem á slysdegi var í gildi váttrygging hjá V3 en ekki V2. Í 79. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er að finna ákvæði sem fjalla um endurnýjun slysa- eða sjúkratrygginga eða breytingu á skilmálum. Í 1.mgr. segir: „Nú á slysa- eða sjúkratrygging að gilda í tiltekinn tíma, eitt ár eða lengur, og félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna fram yfir þann tíma og skal það þá tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Að öðrum kosti framlengist váttryggingartímabilið um eitt ár.“ Í 2. mgr. kemur fram að félagið geti einungis neitað að endurnýja slíka váttryggingu þegar fyrir liggja sérstakar ástæður. Við höfnun á endurnýjun skal váttryggingafélag skýra váttryggðum frá möguleikum á því að leggja ágreiningur fyrir úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Þá eiga þessar reglur ekki við ef ótvírætt er af váttryggingarsamningi að váttrygging skuli falla úr gildi þegar váttryggingartímabilinu lýkur. Eins og fram kemur í fyrrgreindum ákvæðum laga um váttryggingarsamninga gilda um það sérstakar formreglur ef váttryggingafélag hyggst ekki framlengja váttryggingu. Ekki verður talið að sú undantekning eigi við um váttryggingarsamning M að ótvírætt hafi verið að váttryggingin skuli falla úr gildi þegar váttryggingartímabilinu lauk enda hafði tryggingin verið endurnýjuð a.m.k. einu sinni eftir upphaflegt váttryggingartímabil. Af ódagsettu bréfi sem V1 sendi M vegna endurnýjunar á starfsörorkutryggingu 29.04.2022 verður ekki ráðið að váttryggingafélagið V2 hafi verið að segja upp váttryggingu M eða verið að hafna að endurnýja hana. Í bréfinu er undir liðnum „breytingar á skilmálum“ talað um að endurtryggjandi sé nú V3 í stað V2. Tekur nefndin undir með M að orðalagið „endurtryggjandi“ sé hér sett fram á villandi hátt enda kemur fram í yfirlýsingu sem er hluti af váttryggingabeidni að tryggingin sé 100% trygging hjá V2 sem þjónustuð er að fullu af váttryggingamiðluninni V1. Hið sama kemur fram í þágildandi skilmála váttryggingarinnar. Réttara hefði því verið að vísa til V2 sem váttryggingafélags. Verður með vísan til framangreinds ekki talið að váttryggingafélagið V2 eða V1 fyrir hönd þess hafi farið eftir fyrirmælum 79. gr. laganna þegar M var tilkynnt um að V3 yrði váttryggingafélag í stað V2. Bar það orðalag ekki með sér að V2 væri að hafna endurnýjun starfsörorkutryggingar M eða á annan hátt að segja upp váttryggingu M. Þá var M ekki í bréfinu skýrt

frá möguleikum á að leggja ágreining fyrir úrskurðaraðila. Er V2 því enn bundið af váttryggingarsamningi sínum við M enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins skýr uppsögn V á váttryggingarsamningi M né rétt tilkynning um að V2 hugðist ekki framlengja váttrygginguna. Verður í álitinu þessu ekki tekið afstaða til þess hvort einnig sé til staðar váttryggingarsamningur við V3 enda beinist málskot þetta ekki að því váttryggingafélagi.

Verður þá vikið að því hvort M eigi rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu sinni hjá V2 vegna varanlegrar örorku og/eða tímabundinnar algerar örorku. Í 4. mgr. 79. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að vilji félagið breyta skilmálum váttryggingarinnar við endurnýjun skuli það, um leið og krafið er um iðgjald fyrir næsta váttryggingartímabil, afhenda váttryggingartaka hina nýju skilmála og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrri skilmálum. Breytingar sem ekki er gerð grein fyrir með þessum hætti getur félagið ekki borið fyrir sig. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið að V1 f.h. V2 hafi tilkynnt M um breytingar á skilmálum er varða undanþágu vegna slysa sem hinn tryggði verður fyrir í skráðu ökutæki í samræmi við fyrrgreint ákvæði laganna. Á M því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu sinni hjá V2 vegna tímabundinnar algerar örorku enda er óumdeilt að slys hans hafi orðið vegna skráðs ökutækis. M hefur einnig gert kröfu um viðurkenningu á rétti sínum til bóta vegna algerrar varanlegrar eða hlutfallslegrar varanlegrar örorku. Fram kemur í athugasemdum V1 til nefndarinnar ekki sé tímabært að taka afstöðu til kröfu hans um bætur fyrir varanlega örorku þar sem slíkar bætur greiðast ekki fyrr en tólf mánuðir eru liðnir frá þeim degi sem líkamstjónið átti sér stað. Í 4. gr. samþykktu fyrir nefndina frá 1. janúar 2022 kemur fram að skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar er að varnaraðili hafi hafnað kröfu M eða ekki tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því M lagði málið og nauðsynleg gögn fyrir viðkomandi váttryggingafélag. Hefur kröfu M um bætur vegna algerrar varanlegrar örorku eða hlutfallslegrar varanlegrar örorku ekki verið hafnað af hálfu V2 enda greiðast slíkar bætur ekki fyrr en tólf mánuðir hafa liðið frá þeim degi sem líkamstjónið átti sér stað. Þar sem ekki eru liðnir tólf mánuðir frá því líkamstjónið átti sér stað liggur engin höfnun á kröfu M fyrir. Er þeim þætti því vísað frá nefndinni. Með vísan til alls framangreinds á M ekki rétt á bótum vegna tímabundinnar örorku úr starfsörorkutryggingu sinni hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta vegna tímabundinnar örorku úr starfsörorkutryggingu sinni hjá V2.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 163/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Varúðarreglur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. maí 2024 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 19. apríl 2024 hafi M verið staddur erlendis í golfskóla. Hafi dagskráin almennt verið þannig að kennslu hafi lokið um kl. 11:30 og hafi þá allir fengið sér hressingu úti í garði við hlið golfskálans. Öll golfsettin hafi verið sett framan við golfskálann, um 20-30 metrum við hlið garðsins þar sem allir hafi haft yfirsýn yfir þau. Fjöldi manns hafi orðið vitni að því að golfsetti M var stolið og aðstoðað við leit að því. Golfsettið hafi aldrei verið eftirlitslaust og hafi fyllsta öryggis verið gætt við vörslur þess enda hafi það verið innan um u.þ.b. 40 önnur golfsett sem um 40 einstaklingar hafi haft fyrir framan sig. Þá hafi verknaðurinn verið þaulskipulagður. M telur sig því hafa uppfyllt ákvæði viðeigandi skilmála um að hafa gætt fyllsta öryggis við vörslur hins váttryggða enda ljóst að ekki sé t.d. hægt að taka golfsett með á veitingastað eða salerni. Þjófnaðurinn hafi þá verið tilkynntur til þarlandra lögregluvirkvalda. Telur M á grundvelli framangreinds að V beri að bæta honum tjónið úr greiðslukortatryggingu hans en fyrir liggur að V hafnaði þeirri kröfu með bréfi dags. 30. apríl 2024.

Í bréfi V kemur fram að svo bótaréttur stofnist þurfi váttryggður, sbr. viðeigandi skilmála, að hafa gætt fyllsta öryggis við vörslur hins váttryggða. Þá komi fram í skilmálunum að váttryggður skuli ekki skilja við hina váttryggðu hluti eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu hafi M skilið golfsettið sitt eftir á svæðinu þar sem öll settin hafi verið í um 30 mínútur. Hafi M því ekki gætt fyllstu varúðar við geymslu hins váttryggða og þar af leiðandi brotið gegn fyrrgreindri varúðarreglu. Sé varúðarreglum ekki fylgt geti ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Sé félaginu því rétt að hafna greiðslu skaðabóta úr greiðslukortatryggingu M.

Í viðbótarathugasemdum M er staðhæfingum V um að golfsettið hafi verið eftirlitslaust hafnað. Hafi það aldrei verið eftirlitslaust, eins og greina megi af fyrirliggjandi ljósmynd af aðstæðum á vettvangi. Þá er áréttað að settið hafi verið innan um 40 önnur golfsett sem um 40 einstaklingar hafi haft fyrir framan sig.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort háttsemi M hafi verið með þeim hætti að V geti takmarkað eða fellt niður ábyrgð sína úr farangurslið greiðslukortatryggingar hans. Í gr. 5.1 viðeigandi váttryggingarskilmála er tekið fram að það sé skilyrði bótaskyldu að váttryggður hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða. Í gr. 5.6.2 segir að váttryggður skuli ekki skilja við hina váttryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Afleiðingar þess að brjóta varúðarreglu eru tilteknar í gr. 5.7 sömu skilmála þar sem váttryggingafélagið áskilur sér rétt til að fella niður ábyrgð sína, í heild eða að hluta, sé varúðarreglum ekki fylgt, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Fyrir liggur að M fór að fá sér hressingu með öðrum golfiðkendum og að golfsett hans var skilið eftir fyrir framan golfskálann, í 20 til 30 metra fjarlægð. Verður að líta svo á að golfsettið hafi umrætt sinn verið skilið eftir á almannafæri, enda liggur ekki annað fyrir en að hver sem er hafi getað nálgast það framan við golfskálann. Hvað varðar yfirlýsingu M um að eftirlit hafi verið haft með golfsettunum þá liggur ekkert frekar fyrir um það, þ.e. hvernig því eftirliti hafi verið háttáð eða hver hafi haft það með höndum. Ekki verður dregin sú ályktun að þaðan sem M var, þ.e. í garði við hlið skálans í nokkurri

fjarlægð, hafi hann haft eftirlit með golfsettinu til samræmis við áskilnað þann sem fram kemur í umræddri varúðarreglu. Hefur V því heimild til að takmarka ábyrgð sína.

Þegar litið er til þess að hve miklu leyti ábyrgð getur takmarkast verður að skoða hvernig varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvik að öðru leyti, sbr. orðalag 26. gr. laga um vátryggingarsamninga. Við skoðun á því hvernig M hagaði vörslum golfsettsins umrætt sinn verður þó að líta til þess að um nokkuð vanalegt fyrirkomulag mun vera að ræða, þ.e. að golfsett séu skilin eftir með þeim hætti sem gert var. Er þá jafnframt litið til þess að vegna umfangs síns og þyngdar eru golfsett ekki þess eðlis að unnt sé að hafa þau meðferðis í öllum tilvikum. Verður þannig að telja að sök M sé ekki það rík við þessar aðstæður að V geti takmarkað ábyrgð sína að fullu. Verða þeir þættir sem tilgreindir eru í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga metnir þannig að V geti takmarkað bótaábyrgð sína um tvo þriðju hluta vegna brots á þeim varúðarreglum sem vísað hefur verið til.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hans um 2/3 hluta.

Reykjavík, 16. júlí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 164/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Gildissvið váttryggingar. Slysahugak váttryggingaréttar.****Gögn.**

127. Málskot mótttekið 14. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.

128. Bréf V dags. 24. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. júní 2022 hafi M, er hún var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Hafi M verið að ganga um gólfið í afgreiðslu vöruhúss X er hún féll um vörubretti og varð fyrir meiðslum á vinstri ökkla. Hafi V, með bréfi dags. 8. júní 2023, hafnað bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega þar sem félagið teldi gögn málsins ekki sýna fram á að meiðsli M hefðu orsakast af utanaðkomandi atviki. M mótmælir því mati og telur að leggja verði til grundvallar þá málsatvikalýsingu sem fram komi í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands en hún sé á þann veg að M hafi flækt sig í vörubrettum og dottið. Fáí sú lýsing jafnframt stoð í samtímagögnum, en í nótu vegna læknisskoðunar hinn 20. júní 2022 komi m.a. fram að M telji að hún hafi misstigið sig án þess að taka eftir því. Í sjúkradagpeningavottorði, dags. 1. nóvember 2022 komi þá fram að M hafi verið með slæma verki vegna áverka í vinnu. Teljist því að mati M sannað að M hafi orðið fyrir áverka á ökkla er hún féll um bretti á vinnustað sínum. Um slys í skilningi váttryggingaréttar hafi verið að ræða og bótaskylda því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að framlagðar tilkynningar til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga beri það ekki með sér að vinnuveitandi hafi skrifað undir þær og liggi engin gögn fyrir um að X hafi samþykkt þá atvikalýsingu sem þar komi fram. Er þá vísað til þess að í framlögðum læknisfræðilegum gögnum komi skýrt og endurtekið fram að M greini frá því við komur til læknis að hún hafi ekki orðið fyrir áverka heldur telji hún sig hafa misstigið sig án þess að taka eftir því. Þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M sé því ekki um slys að ræða í skilningi váttryggingaréttar og bótaskylda þar af leiðandi ekki fyrir hendi.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort sýnt sé fram á að atvik sem falli undir slysahugtak váttryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi váttryggingarskilmálum hafi leitt til líkamstjóns M. Í viðeigandi skilmálum er slys skilgreint svo að um sé að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Sönnunarbyrði þess að svo sé hvílir á tjónþola, þ.e. M.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir nefndinni liggja verður ekki séð að M hafi lýst sérstökum áverka, en við komu á heilsugæslu hinn 20. júní 2022 er haft eftir M að hún muni ekki eftir að hafa snúið sig og einnig að hún telji að hún hafi misstigið sig án þess að taka eftir því. Í læknabréfi dags. 22. ágúst 2022, kemur þá fram að ekki sé til staðar áverkasaga. Kemur einnig þar fram að vegna breytinga á starfsaðstæðum hafi verkefni M í starfi falið í sér aukinn þungaburð og hún verið meira á fótum en áður. Hún hafi þá allt í einu fengið verk í ökkla en jafnframt er tekið fram að M hafi „alla tíð verið svolítið tæp í þessum ökkla.“ Framangreint verður ekki talið benda til þess að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og samræmist ekki þeirri lýsingu sem fram kemur í málskoti, þ.e. að M hafi fallið um vörubretti. Er þá rétt að taka fram að jafnvel þó um misstig hafi verið að ræða hefur misstig eitt og sér almennt ekki verið talið slys í skilningi váttryggingaréttar enda sé þá ekki um utanaðkomandi atburð að ræða.

Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 6. október 2022, er atvikum lýst á þann veg að M hafi flækt sig í vörubretti og dottið. Sömu lýsingu er að finna í ódagsettri tilkynningu til Sjúkratrygginga. Sú lýsing uppfyllir að því er virðist skilyrði slysahugtaks váttryggingaréttar og telur M rétt að byggt verði

á henni. Af fyrrgreindu tilkynningunni verður þó ekki ráðið hver sendi hana en síðarnefnda tilkynningin ber það með sér að M sjálf var tilkynnandi. Verður því ekki séð að fyrir liggi neins konar staðfesting vinnuveitanda, eða vitnaframburðir, um að málavextir hafi verið með þessum hætti. Er því ekki hægt að líta svo á að fyrrgreindar tilkynningar feli í sér sönnun þess að atvik hafi verið með þeim hætti sem lýst er í málskoti.

Af heildstæðu mati á gögnum málsins eins og þau liggja fyrir nefndinni verður því ekki talið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til slyss í skilningi vátryggingaréttar. Verður hún að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 19. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 165/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

- Málskot mótttekið 17. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 6. júní 2024.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M datt um misfellu á milli tveggja flotpramma í náttúrulegum X þann 5. ágúst 2022. Hafði ytri pramminn lyft upp en ekki var að sjá neitt sem gaf það til kynna, þvert á móti hafði verið lagður dregill yfir samskeyti prammanna tveggja sem liggja þvert yfir gönguleið. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Hafnaði V bótaskyldu með bréfi dags. 5. maí 2023. M telur ljóst að vanbúnaður hafi verið á flotprömmum þar sem ekki var aðeins um mishæð að ræða heldur var hún einnig hulin. Vísar M til ýmissa ákvæði reglugerðar nr. 814/2010 máli sínu til stuðnings. Vísar M til dómaframkvæmdar Landsréttar og Hæstaréttar til stuðnings því að meta beri vanbúnað á flotprömmunum X til sakar, enda ósannað að mishæð milli prammanna hafi ekki getað dulist neinum. Þar að auki var hún hulin og engar varúðarmerkingar við flotprammanna sem hefðu getað gefið til greina þá hættu sem stafaði af mishæðinni. Þvert á móti hafi varúðarmerkingar verið settar upp í kjölfar slyssins. Skorar M á V að afla og leggja fram slysaskýrslu sem gerð var á slysdegi af vaktstjóra hjá X. Áréttar M að það hafi verið X í lófa lagið að rannsaka orsök og aðdraganda slyssins og ber X hallan af sönnunarskorti um þessi atriði og að leggja beri staðhæfingar M um aðstæður og orsakir slyssins til grundvallar.

V hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki þykir sýnt að slysið megi rekja til sakar af hálfu X. Sönnunarbyrðin hvíli á M. Eðli málsins samkvæmt myndist einhver mishæð milli flotpramma sem fljóta í vatni. Ef fullnægjandi aðgát hefði verið sýnd hefði það ekki átt að dyljast þeim sem um svæðið fara hvernig aðstæðum á þessum stað er háttáð. Gera verði þær eðlilegu kröfur til gesta á baðstöðum að horfa vandlega fram fyrir sig og sýna fulla aðgát öllum stundum til að gæta að eigin öryggi. Motturnar sem settar voru á prammanna voru notaðar bæði sem hálkuvörn en líka til að deyfa út mishæð milli flotprammanna til að leitast við að tryggja öryggi gesta eftir fremsta megni. Ekki sé sýnt fram á að slys M verði rakið til saknæms vanbúnaðar eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verður látinn bera skaðabótaábyrgð á gagnvart honum. Gögnin bendi fremur til að slysið sé að rekja til óhappatilviljunar og/eða eigin aðgæsluleysis M umrætt sinn.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort M eigi rétt á skaðabótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Slys M varð þegar hann féll um misfellu við göngu yfir flotbrú í náttúrulegum X þann 5. ágúst 2022. Nánar tiltekið snýst ágreiningur málsins um það hvort rekja megi fall hans til þess að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi með því að gera ekki nauðsynlegar ráðstafanir vegna hæðarmismunar sem myndaðist milli tveggja flotpramma í laugunum og hvort brotið hafi verið gegn fyrirmælum í reglugerð nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Reglugerðin hefur að geyma reglur um aðbúnað á sund- og baðstöðum til að stemma stigu við slysum og óhöppum sbr. orðalag í dómi Landsréttar í máli nr. 291/2022. Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar skulu mannvirki og búnaður á sund- og baðstöðum þannig gerð og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við. Þá segir í 12. gr. reglugerðarinnar að merkja skuli greinilega það sem þykir nauðsynlegt vegna öryggis gesta. Sönnunarbyrði hvílir skv. almennum sönnunarreglum á þeim sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu og að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Til þess að sönnunarbyrði snúist við eða aðrar sönnunarreglur séu lagðar til grundvallar geta aðstæður verið þannig að tjónvaldur geti einn upplýst um atvik og geri það ekki eða þegar skorað er á viðkomandi að leggja fram upplýsingar og hann gerir það ekki. Í máli þessu

hefur M skorað á V að afla og leggja fram skýrslu sem tekin var af M á slysdegi. Var það vaktstjóri hjá X sem tók skýrsluna. Þrátt fyrir áskorun þessa hefur V ekki lagt fram umrædda skýrslu né svarað því til hvort reynt hafi verið að afla skýrslunnar. Í fyrrgreindum dómi Landsréttar kemur fram að gera megi þá kröfu til rekstraraðila sund- og baðstaða að tryggja að orsakir slysa séu rannsakaðar og að haldið sé til haga gögnum um aðbúnað sem varpað geti ljósi á aðdraganda þeirra. Sé þetta ekki tryggt geti komið til álita að láta rekstraraðila bera hallan af sönnunarskortum um þessi atriði. Jafnframt geti komið til álita í slíkum tilvikum að leggja staðhæfingar tjónþola um aðstæður og orsakir slyss til grundvallar, takist þeim sem ábyrgð ber á rekstri eða búnaði ekki að hrekja þær. Þegar litið er til þess sem fram kemur í málskoti og svo athugasemdum V verður ekki betur séð en að V mótmæli ekki frásögn M um að orsök slyssins megi rekja til mishæðar tveggja flotpramma. Þá hefur því ekki verið mótmælt af hálfu V að varúðarmerkingar hafi verið settar við flotprammanna eftir slys M og engar slíkar merkingar hafi verið til staðar á slysdegi. Aðila greinir á um það hvort mishæðin hafi verið þess eðlis að hún hafi verið auðsjáanleg eða hvort hún hafi verið illsjáanleg vegna mottu sem lögð hafði verið yfir hana. Það liggur ekki fyrir hversu mikil mishæð var milli prammanna á slysdegi eða hversu sýnileg mishæðin var. Telja verður að X verði að bera hallann af því enda stóð það X nær að rannsaka orsök slyssins og halda til haga slysskýrslu þeirri sem gerð var á slysdegi. Telja verður með hliðsjón af atvikum öllum og þeim ströngu reglum sem um sund- og baðstaði gilda, að X hafi borið að vara gesti lauganna um þá hættu sem skapast gat vegna mishæðar flotprammanna og/eða gera aðrar ráðstafanir til að tryggja öryggi gestanna vegna mishæðar flotprammanna. Engin efni eru til að telja að eigin sök vegna aðgæsluleysis sé til staðar hjá M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 166/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.

Nafn váttryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð.

Gögn.

- Málskot mótttekið 21. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 4. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keyptu fasteignina að A í janúar 2023. Kaupverðið var 105.000.000. Um var að ræða efri sérhæð í tvíþýli ásamt risi og bílskúr. Fasteignasalan X sá um söluna. M fengu eignina afhenta í febrúar 2023 og hófust þá handa við framkvæmdir á miðhæð hússins. Í október 2023 byrjuðu þau á framkvæmdum í risinu. Vegna gluggaskipta þurfti að opna rakavarnarlag frá stærra svæði kringum gluggana og þegar það var gert hrundi fúíð og myglað timbur niður. Í ljósi þessa var rakavarnarlagið og einangrunin rifin frá fleiri svæðum í risinu og kom þar í ljós svart, blautt og fúíð timbur. Fengu þau sérfróðan aðila til að taka þakið út og kom í ljós að það var ónýtt og ekkert hægt að nýta af eldra byggingarefni. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 16.170.500. Hlutur M í þeim framkvæmdum væri u.þ.b. 10.500.000 að teknu tilliti til eignarhluta í sameign hússins. Í söluþfirliti eignarinnar kom fram að lítil rakaskemmd væri í stofulofti þ.e. undir þakkanti eftir að vatn f auk upp undir rennu veturinn 2021/2022. Þá segir að fúkkalykt megi finna í risi og þakgluggar í risi séu upprunalegir með einföldu gleri og þarfnist viðhalds/endurnýjunar. Í ljósi þessa gerðu M kaupþilboð með fyrirvara um ástandsskoðun. Fyrir þá skoðun fékkst leyfi frá seljendum til að ljúfa rakavarnarlag en seljandi féll frá því leyfi en lýsti hvernig staðið var að frágangi, sem reyndist ekki rétt að sögn M. Liggur fyrir yfirlýsing ástandsskoðunarmannsins vegna þessa. Í skýrslu sérfræðingsins Y sem tók út þakið eftir að galla varð ljóst kemur fram að ekki hafi verið faglega staðið við einangrun milli þaksperra og að afleiðingar þess séu þær miklu skemmdir sem nú hafa komið í ljós. Er rakavanda ekki að rekja til þeirra leka sem vísað er til í söluþfirliti fasteignarinnar. Fyrir algjöra tilviljun fengu M upplýsingar um aðra kaupendur sem höfðu gert tilboð í fasteignina á undan M en féllu frá kaupum út af öðrum ótengdum ástæðum. Fullyrðir fyrri tilboðsgjafinn Z að í ástandsskoðun sem hann lét framkvæma voru rakamælingar framkvæmdar fjarri gluggum og skorsteini. Voru þær mælingar framkvæmdar án þess að rjúfa rakavarnarlag. Fullyrðir Z að allir sem voru viðstaddir í risinu, m.a. báðir fasteignasalarnir, séu og heyrðu um niðurstöður mælinganna. Hélt seljandinn því fram að rakinn væri vegna gamals leka. Telja M skýrt að fasteignasalarnir hjá X hafi viljandi leynt upplýsingum um ástandsskoðunina sem fyrri kaupendur létu gera og niðurstöðu hennar. Vegna þessa gerðu M kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnnar X hjá V á þeim grundvelli að fasteignasalarnir hafi valdið þeim tjóni með því að veita ófullnægjandi og rangar upplýsingar um ástand eignarinnar við sölu.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki hafi verið sýnt fram á að X hafi haft nokkra vitneskju um þann meinta galla sem virðist hafa uppgötvast eftir afhendingu fasteignarinnar. Óumdeilt sé að X fékk aldrei í hendurnar skoðunarskýrslu eftir skoðun fyrri tilboðsgjafa og því var fasteignasalan ekki meðvituð um einstaka mælingar eða niðurstöður þeirra. Minnst fasteignasalarnir ekki að umræða hafi átt sér stað um niðurstöður mælinga skoðunarmanna fyrri tilboðsgjafa. Að mati V liggur hvorki fyrir umfang né niðurstöður ástandsskoðunar sem fyrri tilboðsgjafi lét framkvæma og því engar forsendur til að ætla að þar hafi komið fram nógu skýrar upplýsingar eða niðurstöður sem gefa til kynna að fasteignasalan hafi haft vitneskju um ástand þaksins umfram það sem söluþfirlit sagði til um. Þá telur V einnig ljóst að umræddur galli sé þess eðlis að sjónskoðun fasteignasala hefði ekki verið nægjanleg til að greina hann, enda kom hann ekki í ljós fyrr en opnað var fyrir rakavarnarlagið á stóru svæði.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort fasteignasalar hjá fasteignasölnunni X hafi veit ófullnægjandi og rangar upplýsingar á söluyfirliti um ástand eignar sem M keyptu fyrir milligöngu X. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í 3. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa kemur fram að fasteignasali skuli afla undirskriftar seljanda á yfirlýsingu um að efni söluyfirlits skv. 1. mgr. sé rétt samkvæmt bestu vitund hans. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laganna skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. kemur fram í söluyfirliti skulu auk almennrar lýsingar á fasteigna m.a. koma fram upplýsingar um ástand eignar og einstaka hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu.

Fyrir liggur skýrsla sérfræðingsins Y ásamt kostnaðaráætlun dags. 12. október 2023. Þar kemur fram að kostnaður við endurbætur á þaki hússins nemi kr. 16.017.500. Þá liggur fyrir yfirlýsing frá Z, fyrri tilbodsgjafa sem gerði tilboð í þessa sömu eign í nóvember 2022, með fyrirvara um ástandsskoðun. Í yfirlýsingunni kemur fram hverjir voru viðstaddir ástandsskoðunina og voru þar á meðal tveir fasteignasalar á vegum fasteignasölnunnar X. Þar er því lýst að raki hafi verið mældur á ýmsum stöðum, t.d. í kringum skorstein og glugga en einnig á öðrum stöðum, meðal annars á suðurhlið hússins. Allir sem viðstaddir hafi verið ástandsskoðunina hafi séð mælingarnar framkvæmdar og voru meðvitaðir um niðurstöðurnar. Í yfirlýsingunni segir Z að fasteignasalarnir hafi verið meðvitaðir um að mælingarnar gáfu til kynna raka- og mygluvandamál í þakinu. Þrátt fyrir fyrrgreinda yfirlýsingu verður að telja ósannað gegn neitun fasteignasala hjá fasteignasölnunni X, að þeir hafi við þessa skoðun fengið upplýsingar um galla sem ekki er getið um í söluyfirliti hennar. Í söluyfirliti kemur fram að ástand þaks sé ekki vitað og að fúkkalykt sé greinanleg í risi. Þá kemur einnig þar fram að upprunalegir gluggar með einföldu gleri séu í risi og þarfnist viðhalds/endurnýjunar og að rakaskemmt sé í stofulofti eftir að vatn f auk undir rennu veturinn 2021/2022 og að ekki hafi verið rakamælt. Þá segir einnig að fyrir 6-7 árum hafi komið fram leki meðfram skorsteini. Ekki hafi orðið vart við leka síðan viðgerð var framkvæmd. Hafa M ekki lagt fram nein gögn önnur en fyrrnefnda yfirlýsingu Z máli sínu til stuðnings. Ekki liggja fyrir niðurstöður mælinga eða staðfesting fyrrum skoðunarmanna á því hvar rakamælingar voru framkvæmdar eða niðurstöður þeirra mælinganna. Er þarf af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um viðurkenningu á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnunnar X hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 167/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Sónnun.

Gögn.

129. Málskot mótttekið 6. júní 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
130. Bréf V dags 18. júlí 2024, ásamt váttryggingarskírteini og lista yfir váttryggt lausafé og lista yfir muni sem urðu fyrir tjóni.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tjón hafi orðið á húseign M í Hveragerði vegna þess að byggingarefni f auk á húseignina aðfararnótt 22. mars 2024. Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt hafi verið um tjónið fyrir hönd M og ljósmyndir hafi verið teknar af tjóninu og vettvangi. M var tryggt fok- og óveðurstryggingu fasteignatryggingar V á tjónsdegi. Þar segir í 10. gr.: „*Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns á váttryggðri húseign af völdum ofsaveðurs þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því sem váttryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.*“

M telur að greiða eigi bætur vegna tjónsins úr fasteignatryggingu hjá V. M telur tjónið falla undir gildissvið váttryggingarinnar og vísar til niðurstöðu vindmælis undir Ingólfsfjalli þar sem vindhraði hafi þar farið yfir 30 m/sek aðfararnótt 22. mars 2024. M vísar til þess að enginn vindmælir sé staðsettur í Hveragerði en að hægt væri að vísa til veðurlags á Kotströnd í vindhviðum, þar sem húseign M væri í efstu byggð Kambalands og Kotströnd sé miðja vegu milli Hveragerðis og áðurnefndum vindmæli undir Ingólfsfjalli. M telur að ekki eigi að taka mið af vindmælum sem eru nær þar sem þeir séu í annarri hæð en húseignin.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að félagið hafi aflað upplýsinga frá Veðurstofu Íslands um vindhraða og bráðabirgðagögn frá vindmælum á Hellisheiði, Eyrarbakka og Selfossi hafi öll sýnt að veðurhæð náði ekki lágmarksviðmiði 10. gr. váttryggingarskilmála um 28,5 m/sek vindhraða. Einnig hafi önnur gögn frá Veðurstofu staðfest að allar mælingar frá Hellisskarði, Ölkelduhálsi, Skarðsmýrarfjalli, Selfossi og Hellisheiði hafi einnig verið undir þeim mörkum. V bendir á að verðumælir sá sem staðsettur sé undir Ingólfsfjalli sé í eigu Vegagerðarinnar og verði því ekki byggt á honum skv. skýru orðalagi 10. gr. váttryggingarskilmála um að miða eigi við mælingar frá Veðurstofu Íslands. V telur að hvassviðri hafi því ekki uppfyllt skilyrði váttryggingarskilmála til að teljast ofsaveður og tjón á húseign M verðir rakið til þess að frágangur byggingarplasts hafi verið óforsvaranlegur.

Álit.

Samkvæmt sérstöku ákvæði í 10. gr. váttryggingarskilmála V um fasteignatryggingu er gildissvið váttryggingarinnar þannig afmarkað að ekki séu greiddar bætur vegna tjóns húseign sökum ofsaveðurs nema vindhraði nái 28,5 m/sek samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands og séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.“

Í þessu máli hafa verið lagðar fram mælingar frá Veðurstofu Íslands sem sýna ekki með skýrum hætti að vindhraði hafi náð 28,5 m/sek í nágrenni Hveragerðis. Það reynir á hvort M hafi sýnt fram á það að hlutlæg gildissviðsskilyrði váttryggingarsamnings séu uppfyllt. Um það ber M sónnunarbyrði. Þó M hafi lagt fram gögn úr veðurmæli Vegagerðarinnar undir Ingólfsfjalli þar sem vindur virðist hafa náð umræddu skilyrði um 28,5 m/sek þá hnekkja þau gögn ekki mælingum Veðurstofu Íslands á nálægum

vindmælum. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um almennt eignatjón á svæðinu. Þannig teljast skilyrði 10. gr. váttryggingarskilmála ekki uppfyllt og verður því ekki fallist á greiðsluskyldu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 168/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

- Málskot mótttekið 21. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 3. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 17. september 2023 hafi M ekið bifreið sinni, á járnstaur á landi í eigu X er hann var að víkja út í kant við mætingu annarrar bifreiðar er kom á móti honum. Vegna smæðar vegarins þurftu báðar bifreiðar að hægja á sér og aka örlítið út í kant til að geta mætt hvor annarri, eins og alþekkt er að nauðsynlegt sé að gera á minni vegum víðsvegar um landið. Járnstaurinn stóð u.þ.b. einn metra upp úr jörðinni og var staðsettur alveg í vegkantinum. M hefur krafist bóta vegna tjóns á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem hefur hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 14. mars 2024. M byggir kröfu sína á því að X hafi valdið tjóni á bifreiðinni vegna vanrækslu á viðhaldi á landi sínu. Telur M ljóst að staðsetning staurins, það að engar merkingar séu til staðar eða endurskinsborðar á staurnum sé allt til þess fallið að skapa gríðarlega hættu fyrir bæði umferð og aðra vegfarendur. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða í vegalögum nr. 80/2007 og umferðarlög nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings. Ekki verði annað séð en að járnstaurinn hafi verið staðsettur þar sem raun bar vitni nema vegna vanrækslu við veghald. Hvorki sé um að ræða staur sem er hluti girðingar eða veghliðs né staur sem fellur undir það að vera svokölluð vegstika en þær kröfur sem gerðar eru til vegstika er að þær þurfi að bera glitmerki þ.e. endurskin sbr. 29. gr. reglugerðar nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að umræddur staur verði ekki talinn vera staðsettur á hættulegum eða óeðlilegum stað, og verði tjónið ekki rakið til saknæmrar háttsemi X. Ítrekar V þá ríku skyldu sem hvílir á öikumönnum að gæta varúðar í umferðinni. Orsök tjónsins sé fyrst og fremst aðgæsluleysi ökumanns bifreiðarinnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort X eða starfsmenn þess hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa vanrækja viðhald á landi í þeirra eigu með því að fjarlægja ekki hættulegan staur af landinu. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Takist slík sönnun ekki ber tjónþoli hallann af því. Af gögnum málsins og myndum af vettvangi verður ekki ráðið að bersýnileg hættu á tjóni hafi verið til staðar vegna staðsetningar umrædds staur á þann hátt að athafnaskylda hafi hvílt á starfsmönnum X að bregðast við og fjarlægja hann. Með vísan til ofangreinds hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt til bóta vegna tjóns á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2024.
rafræn undirritun

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 169/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

131. Málskot mótttekið 21. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
132. Bréf V dags. 24. júní 2024.
133. Tölvupóstur M dags. 11. september 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins, þar á meðal rafrænni tjonstilkynningu M, segir í tjónslýsingu vegna tjóns sem varð hinn 23. nóvember 2023: „bílstjóri ók bílnum og var ástand vegarins *slámt* með þeim afleiðingum að að bíllinn fer utan í eitthvað og tjónast *veruleg* og dekk dettur af bílnum...“ Í frekari gögnum frá viðgerðaraðila segir að ónýtir felguboltar hafi leitt til þess að boltar í nafloki slitnuðu og þannig hafi farið olía „...af nafdrifinu sem olli því að plánetugírinn skemmdist.“ Í sömu tjónsgreiningu viðgerðaraðilans hafi komið fram að ekki væri vitað hvað hefði ollið tjóninu en „...hugsanlegt að einhvers konar hliðarhögg hafi getað orsakað þetta.“

M telur að bæta eigi tjón sitt úr kaskótryggingu X hjá V og hafnar því að tjón megi rekja til þess að felguboltar á dekki hafi verið ofhertir.

V hefur hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu X með vísan til þess að tjón M falli ekki undir gildissvið kaskótryggingarinnar, en það sé skilgreint með þeim hætti að váttryggingin „bætir tjón á hinu váttryggða ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika.“ V telur að ekkert utanaðkomandi atvik hafi valdið tjóni M heldur hafi mistök við dekkjaskipti leitt til þess. V vísar til undanþáguákvæðis a.liðar 3. gr. váttryggingarskilmála sinna þar sem komi fram að váttryggingin bæti ekki bilanir á ökutæki eða búnaði þess, hvort sem um er að ræða vélfræðilegar eða rafmagnsfræðilegar orsakir. Þannig sé ekki fyrir hendi greiðsluskylda úr kaskótryggingunni.

Í tölvupósti M frá 11. september 2024 kemur fram að ekki séu gerðar viðbótarathugasemdir í málinu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort tjónsatvik hinn 23. nóvember 2023 þegar dekk fór undan kaskótryggðri bifreið M falli undir gildissvið kaskótryggingar hjá V. Í 2. gr. váttryggingarskilmála V segir „Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika sem þeim undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálum þessum.“ Í því samhengi verður að líta til lýsingar tjónsatviks í tjonstilkynningu M þar sem kemur fram að bifreiðin X hafi „farið utan í eitthvað“ og þannig teljast skilyrði 2. gr. fyrrnefndra váttryggingarskilmála uppfyllt um skyndilegan, óvæntan utanaðkomandi atburð. Til þess verður einnig litið að viðgerðaraðili staðfestir í skýrslu sinni til V að hugsanlegt sé að einhvers konar hliðarhögg hafi getað orsakað tjónið.

Þegar litið er til undanþáguákvæðis a. liðar 3. gr. sömu váttryggingarskilmála verður að líta svo á að V beri sönnunarbyrði um að skilyrði þess undanþáguákvæðis eigi við, enda er það í samræmi við almennar sönnunarreglur váttryggingaréttarins að váttryggingafélög beri sönnunarbyrði um skilyrði undanþáguákvæða í váttryggingarskilmálum. Í umræddu undanþáguákvæði kemur fram að váttryggingin bæti ekki bilun á ökutæki eða búnaði þess, en ennfremur kemur fram í ákvæðinu að váttryggingin taki til bilana sem sannanlega verða raktar til m.a. áaksturs, enda hafi bilunin komið fram innan sólarhrings frá þeim atburði. Í máli M verður að líta til þess að bilun í búnaði X kom fram strax og verður því ekki fallist á að undanþáguákvæði a.liðar 3. gr. váttryggingarskilmála eigi við.

Af öðrum gögnum málsins verður ekki ráðið að tjón á X hafi orðið við aðstæður sem eru að öðru leyti undanskildar gildissvið váttryggingarinnar í váttryggingarskilmálum eða að sýnt sé fram á að tjónið

hafi ekki getað komið fram við þann skyndilega, óvænta utanaðkomandi atburð sem lýst er í tjónstilkynningu eða við hliðarhögg sem viðgerðaraðili vísar til. Verður V að bera hallann af sönnunarskorti um annað og telst M því eiga rétt til bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 170/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysstrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis: (A)****Notkunarhugtak laga.****Gögn.**

134. Málskot mótttekið 21. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
135. Bréf V dags. 4. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 20. desember 2024, er hann var að störfum í þágu vinnuveitanda síns, X, hafi M orðið fyrir líkamstjóni er hann féll niður af palli vörubifreiðarinnar A en hann hafi verið á palli hennar í þeim tilgangi að tengja flutningavagn við bifreiðina. Er þess aðallega krafist að viðurkennd verði full og óskert bótaskylda úr lögboðinni ökumannstryggingu A en til vara að viðurkennd verði bótaskylda úr slysstryggingu launþega X hjá V.

Er í málskoti byggt á því hvað varðar aðalkröfu M að tjón hans verði rakið til notkunar A enda verði það rakið til notkunar á sérstökum búnaði hennar og sú athöfn M að tengja flutningavagn við bifreiðina teljist til fermingar/affermingar. Er m.a. vitnað til fræðaskrifa þar sem fram komi að tjón sem orsakist af tækjum er heyri til eðlilegs útbúnaðar við fermingu/affermingu verði almennt talin hafa orðið við notkun ökutækis. Slys M verði rakið til tengivagnsins sem sé slíkur útbúnaður og afferming sé jafnstór hluti af starfi M sem atvinnubílstjóra eins og akstur bifreiðarinnar. Er sérstaklega vísað til Hæstaréttardóms í máli nr. 150/2006 til stuðnings framangreindu.

Hvað varðar varakröfu M er vísað til þess að M hafi orðið fyrir slysi sem uppfylli skilyrði slyshugtaksins og sé því bótaskyld úr kjarasamningsbundinni slysstryggingu launþega X hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að þegar hafi verið fallist á bótaskyldu úr slysstryggingu launþega. Er þá vísað til þess að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum séu málsatvik nokkuð á reiki. Í öllum lækni- og læknisfræðilegum gögnum komi þannig fram að M hafi dottið af vörubílspalli. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins komi fram að M hafi slasast við losun farms á flutningabifreið. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands komi fram að M hafi verið að tengja vagn við A þegar hann féll af grind hennar. Í málskoti sé þá byggt á því að M hafi fallið af palli A er hann var að tengja flutningavagninn við hana. Séu málsatvik því óljós varðandi það hvort M hafi slasast við það að afferma bifreiðina eða við það að tengja vagninn við hana, og eins hvort hann hafi fallið af palli eða grind hennar en ljóst sé að einstaklingur sem staddur er á vörubílspalli geri ekkert sem komi að tengingu við eftirvagn. Telji V að miða verði við þá lýsingu sem fram komi í frumgögnum, þ.e. sjúkragögnum og tilkynningu til Vinnueftirlitsins; þ.e. að M hafi dottið af vörubílspalli er hann vann við losun farms á flutningabifreið. Jafnvel þó miðað yrði við lýsingu atvika eins og hún komi fram í tilkynningu til Sjúkratrygginga sé að mati V ljóst að slys M falli utan við gildissvið 9. gr. laga um ökutækjstryggingar nr. 30/2019 og þar af leiðandi utan við bótasvið slysstryggingar ökumanns og eiganda A. Til að bótaskylda komi til álitu þurfi slys að hafa orðið við stjórn ökutækis eða verða rakið til notkunar þess í merkingu 4. gr. laga um ökutækjstryggingar. Í tilviki M sé ekki um slíkt að ræða. Skilyrði þess að hlutlæg bótaábyrgð komi til álitu sé að tjón sé að rekja til þeirrar notkunar ökutækis sem hafi í för með sér að sérstakir hættueiginleikar þess verði virkir, þ.e. hraði, vélarafli eða þyngd þess. Þá þurfi tjón að vera í fyrirsjáanlegu orsakasambandi við hættueiginleika bifreiðar. Hafi að engu leyti verið sýnt fram á að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Kyrrstætt ökutæki teljist ekki vera í notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjstryggingar og umgangur um kyrrstætt ökutæki eða tengivagn þess teljist ekki hluti af notkun þess sé miðað við framangreinda skilgreiningu sem mótuð hafi verið með dómum Hæstaréttar, enda séu sérstakir hættueiginleikar þess þá ekki virkir. Vísar V til fordæma Hæstaréttar máli sínu til stuðning og er þeirri afstöðu jafnframt lýst að ekki verði byggt á dómi í máli nr. 150/2006 sem fordæmi enda hafi í því máli verið vikið frá eldri dómvenju auk þess sem rétturinn hafi í síðari dómum fallið frá þeim rökstuðningi sem byggt var á í því máli.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatyggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða ógætni ökumanns. Það hvílir þó eftir sem áður á tjónþola að sýna fram á að tjón hans sé rakið til notkunar ökutækis.

Af fyrirliiggjandi gögnum, m.a. upplýsingum úr bráðamóttökuskra, má ráða að M hafi fallið af palli vörubifreiðarinnar A og virðist raunar ekki um það deilt. Ekkert bendir til þess að slysið hafi orsakast af hreyfingu ökutækisins eða að það hafi á annan hátt verið í notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatyggingar. Þá er ekki sýnt fram á að slysið hafi orðið vegna sérstaks búnaðar ökutækisins eða hættueiginleika þess. Verður samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af dómaframkvæmd ekki talið að tjón M verði rakið til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatyggingar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að fallist hafi verið á bótaskyldu úr slysatryggingu launþega og hefur þeirri staðhæfingu ekki verið andmælt af hálfu M. Verður því ekki séð að ágreiningur sé um þann þátt málsins fyrir nefndinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 171/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

136. Málskot mótttekið 7. júní 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
137. Bréf V dags. 9. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
138. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 15. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
139. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 23. september 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að vatnstjón varð á fasteign í eigu M hinn 1. mars 2024. Um er að ræða fasteign í Fjarðabyggð og tilkynnti M um tjónið til V með tjónstilkynningu hinn 5. mars 2024. V samþykkti bótaskyldu úr fasteignatryggingu M og hinn 20. mars 2024 lá fyrir mat frá skoðunarmanni V um fjárhæð tjónsins og voru greiddar bætur til M í samræmi við þá matsgerð, eða 856.864 kr. Þegar leið á viðgerð tjónsins af hálfu M hafði M samband við V og lýsti því að bætur dygðu ekki til viðgerða á tjóninu og gaf V M tækifæri til að senda gögn vegna þessa. M sendi í kjölfar viðgerða á tjóninu kröfu til V um greiðslu 1.733.019 kr. vegna umframkostnaðar miðað við mat skoðunarmanns V á tjóni M.

M telur að tjón sé vanbætt að því er varðar þann 1.733.019 kr. kostnað sem hann hefur gert grein fyrir við V. M rekur í málskoti þau samskipti sem áttu sér stað við V bæði um hvað ætti að vera inni í mati á tjóninu, þ.e. að fleiri þættir en tekið var tillit til í mati skoðunarmanns ætti að vera það t.d. mismunandi mat á bekkjarplötu og eldhússkáp. Einnig hafi verið mismunandi hvaða fjárhæðir ætti að leggja til grundvallar varðandi viðgerðarkostnað, sérstaklega er tiltekið af hálfu M að ekki hafi verið tekið tillit til ferðakostnaðar vegna fjarlægða frá tjónsstað vegna kaupa á aðföngum sem og ferðir þeirra sem framkvæmdu viðgerðina. M gerir einnig athugasemd við að V hafi ekki skilað kostnaðaráætlun eða mati á tjóninu fyrr en 26 dögum eftir tjónsdag eða þremur vikum eftir að skoðunarmaður var sendur á tjónsstað. Einnig bendir M á að V hafi óskað eftir reikningum fyrir raunverulegum kostnaði umfram tjónamat svo hægt væri að greiða mismun, ef einhver væri.

V viðurkennir að greiða eigi bætur í samræmi við gr. 7.3 í váttryggingarskilmálum og vísar til tjónamats upp á kr. 856.864 því til stuðnings og að félagið hafi greitt bætur sem því nemur vegna tjóns M. V hafnaði því í kjölfarið að greiða frekari bætur til M áður en málskot var sent til nefndarinnar og helstu sjónarmið V í afstöðubréfi til nefndarinnar benda til þess að V telur M ekki hafa sinnt tjónstakmörkunarskyldu sinni með þeirri kröfu sem sett hefur verið fram. Einnig bendir V á að sá skoðunarmaður sem hafi skoðað tjón M og lagt mat á kostnað við að gera við það sé búsettur á Austurlandi og viti hvernig málum sé háttað varðandi iðnaðarmenn og efniskaup á Austurlandi og gert hafi verið ráð fyrir því í tjónamati. Einnig vísar V til þess að ekki sé skylt að greiða fyrir akstur verktaka eða flutning efniskostnaðar úr fasteignatryggingu en venja hafi skapast um að greiða slíkan kostnað „innan eðlilegra marka“ en annars geri einingaverð tjónamats ráð fyrir kostnaði við aðfangaöflun akstur og verkfæragjald. Einnig bendir V á að 35% virðisaukaskattur hafi verið dreginn frá vinnulið tjónamatsins en skv. endurgreiðslureglum virðisaukaskatts geti eigendur íbúðarhúsnæðis sótt um 35% endurgreiðslu af greiddum virðisaukaskatti vegna endurbóta á íbúðarhúsnæði.

Hins vegar segir V einnig að einhverjir annmarkar séu á tjónamatinu og telji V því að félagið eigi að greiða bætur þessu til viðbótar til M. Þannig hafi orðið innsláttarvilla við færslu tímagjalds pípara og sá liður hækki því um 37.464 kr., auk þess fellst félagið á að greiða 27.280 kr. vegna aksturs pípulagningamanns og rafvirkja. Þessu til viðbótar hafi í gögnum M komið fram tjón á vaskaskáp sem ekki hafi verið sýnilegt við sjónskoðun skoðunarmanns og samþykki V að griða 57.750 kr. vegna endurnýjunar á skápnunum og vinnu við að setja hann upp. Samtals séu þetta 122.494 kr. sem V sé tilbúið til að greiða til M eftir að málskot var sent til nefndarinnar.

V telur ekki forsendur til að greiða frekari kostnað sem M hefur lagt fram gögn vegna og vísar til þess m.a. að M hafi hafnað því að gera grein fyrir ætluðu tjóni sínu á fundi með starfsmönnum V, háum tóxtum þeirra sem unnið hafi verið auk þess sem gerð sé grein fyrir ýmsum verkliðum þannig að fleiri aðilar virðist hafa unnið sama verk. Einnig telur V að ekki sé sýnt að þeir allir þeir aðilar sem gert hafi M reikning vegna tjónsins hafi haft fagþekkingu til að vinna þau verk og í öðrum tilvikum hafi verkfræðingur verið fenginn til að vinna verk á sínum taxa frá Reykjavík ásamt ferðakostnaði þegar unnt hafi verið að fá iðnaðarmenn á Austurlandi til að vinna þau fyrir lægri fjárhæð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst að öllu leyti um umfang tjóns M en samþykki liggur fyrir af hálfu V um að greiða bætur vegna tjónsins úr fasteignatryggingu M og hafa þær verið greiddar upp að 856.864 kr.

Af váttryggingarskilmálum V má ráða, sbr. gr. 7.3 að ef unnt er að gera við það sem skemmist vegna tjóns, þannig að ástand húseignar verði svipað og fyrir tjón og viðgerð borgar sig, geti V annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað til M eða látið gera við húseign á kostnað V. V fékk aðila til að gera mat á tjóninu og greiddi bætur til M á grundvelli þess mats. Hins vegar opnuðu starfsmenn V á það síðar að M gæti komið á framfæri gögnum um viðbótarkostnað vegna tjónsins í samskiptum við M á meðan á viðgerð stóð.

Í 12. gr. b. í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 segir að váttryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Þessa skyldu ber V og af gögnum málsins má ráða að ekki hafi verið skýr samskipti milli V og M um hvernig bætur til M yrðu ákveðnar endanlega með því að starfsmenn V opnuðu, eins og áður segir, á það að frekari bótagreiðslur myndu eiga sér stað umfram tjónamat. Verður að ætla að það hafi skapað M væntingar um frekari bótagreiðslur án þess að V hafi gætt að skyldum sínum vegna þessa ákvæðis með nægilega skýrum hætti.

V hefur síðan með afstöðu sinni til nefndarinnar samþykkt að greiða 122.494 kr. til M til viðbótar þeim 856.864 kr. sem áður voru greiddar til M á grundvelli tjónamats. Nefndin lítur svo á að ekki sé ágreiningur af hálfu V um þá viðbótargreiðslu.

Hins vegar er til þess að líta að sönnunarbyrði um umfang tjóns hvílir almennt á þeim sem verður fyrir tjóni skv. almennum sönnunarreglum. Það þýðir að M ber sönnunarbyrði um að tjón M hafi ekki verið bætt að fullu, en ætla verður af váttryggingarskilmálum að M eigi rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt skv. 35. gr. fyrrnefndra laga um váttryggingarsamninga.

Eina matið sem liggur fyrir um hverjar fullar bætur fyrir fjártjón geti verið vegna þess sem tjóns sem M varð fyrir er tjónamat skoðunarmanns V og tilboð V um greiðslu viðbótarbóta til M. M hefur ekki lagt fram sérstakt mat á tjóninu heldur lagt fram reikninga fyrir kostnaði sem M greiddi vegna viðgerða. Sá kostnaður er ekki sjálfkrafa grundvöllur þess að um fullar bætur fyrir fjártjón sé að ræða í skilningi 35. gr. laga um váttryggingarsamninga. Það hugtak lýtur reglum skaðabótaréttar, en þær reglur taka m.a. mið af tjónstakmörkunarskyldu tjónþola og því hvers má vænta almennt að kostnaður sé við viðgerð vegna tjóna. Slíkt mat liggur ekki fyrir af hálfu M og verður M að bera hallann af sönnunarskorti þar um.

Verður því ekki fallist á að M eigi rétt á frekari bótagreiðslum til viðbótar fá V en þeim 122.494 kr. sem V féllst á að greiða eftir að M skaut máli þessu til nefndarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V sem nemur 122.494 kr. vegna tjóns á húseign sinni hinn 1. mars 2024.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 172/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

140. Málskot mótttekið 22. maí 2024, ásamt fylgiskjöllum.
141. Tölvupóstur V1, dags. 30. ágúst 2024.
142. Bréf V2, dags. 21. nóvember 2024, ásamt lögregluskýrslu og afriti tjonstilkynningar til V1.
143. Tölvupóstur M, dags. 25. nóvember 2024.

Málsatvik.

Hinn 11. desember 2023 varð árekstur með bifreiðum A og B á í Síðumúla í Reykjavík þar sem bifreið B var ekið aftan á vinstri afturhorn bifreiðar A. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar B sé lögreglumaður og ritaði hann sjálfur þá skýrslu um tjónsatburðinn. Lýsir ökumaður bifreiðar B atvikum þannig að hann hafi verið við skyldustörf og ekið bifreið B austur Síðumúla frá Ármúla. Þegar hann hafi komið að röð 4-5 bifreiða hafi hann ekið framúr og fram með röðinni þegar ökumaður bifreiðar A hafi gefið stefnuljós til vinstri og ekið síðan til vinstri og árekstur orði í kjölfarið. Ökumaður bifreiðar A (M) lýsir atvikum þannig í samtali við skýrsluritara, ökumann bifreiðar B, að hún hafi ekið austur Síðumúla, stöðvað vegna umferðar og síðan gefið stefnuljós til vinstri og beygt og þá hafi orðið árekstur. Einnig kemur fram í skýrslunni og haft eftir ökumanni bifreiðar A að hún hafi tekið eftir bifreið á vinstri akrein í framúrakstri rétt fyrir árekstur. Í tjonstilkynningu ökumanns bifreiðar A til V1 segist ökumaðurinn hafa verið að bíða eftir að beygja inn að Íslandspósti í Síðumúla þegar keyrt hafi verið aftan á bifreið A af ökumanni bifreiðar B, sem hafi kynnt sig sem lögreglumann að vera að eltast við einhvern.

Í niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingafélaganna var sök skipt þannig að ökumaður bifreiðar A bæri 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem viðkomandi hafi ekið fram úr röð bifreiða. M hafi sjálf verið að gæta að umferð á móti við vinstri beygju og hafi ekki mátt gera ráð fyrir glannalegum framúrakstri fyrir aftan sig. M bendir á að ökumaður bifreiðar B hafi sjálfur staðfest eftir árekstur við hana og farþega að hann hafi verið í órétti, hann hafi ekki verið með ljós eða hljóð sem gáfu til kynna að um lögreglubifreið væri að ræða þegar hann ók framúr.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ekki eigi að miða við niðurstöðu Tjónanefndar, slík sakarskipting eigi frekar við þar sem verið að aka úti á landi á þjóðvegum en ekki við þær aðstæður sem hér væru uppi. V1 telur að ökumaður bifreiðar B hefði mátt gera ráð fyrir að bifreiða A væri stopp út af mögulegri vinstri beygju og ökumaður bifreiðar A hafi mátt gera ráð fyrir því að geta tekið vinstri beygju án þess að eiga það á hættu að ekið væri fram úr röð bifreiða. Til vara telur V1 að skipta eigi sök til helminga.

V2 vísar til 1. mgr., sbr. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem komi fram að ökumenn sem ætli að beygja á vegamótum eða að heimkeyrslu skuli ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra og skuli sérstaklega gefa gaum umferð sem á eftir kemur. Þannig hafi ökumaður bifreiðar A átt að gæta slíkrar aðgæslu og veita bifreið B athygli þar sem henni hafi verið ekið á hinni akreininni í nokkra stund áður en árekstur varð. Einnig vísar V2 til 23.-25. gr. sömu umferðarlaga og ákvæða reglugerðar um umferðarmerki varðandi miðlínur á akbraut, þar sem komi fram að ökumönnum beri að sýna aðgæslu við framúrakstur og ökumaður bifreiðar B beri einnig sök á árekstrinum vegna þessa. Einnig vísar V2 til nokkurra úrskurða nefndarinnar þegar fullbrotin eða engin miðlína sé og þegar miðlína er hálfbrotin, en sök sé almennt lögð að 2/3 hlutum á ökumann sem ekur til vinstri þegar engin eða fullbrotin miðlína sé, en þegar hálfbrotin miðlína sé þá sé 2/3 hlutar sakar lögð á ökumann bifreiða sem ekur framúr og það hafi ekki sérstök áhrif á mat á sök að farið sé fram úr bílaröð. Þannig telur V að skipta eigi sök eins og venja sé, þ.e að ökumaður bifreiðar A beri

2/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægilega að umferð fyrir aftan sig og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar fyrir ógætilegan framúrakstur.

Í viðbótarathugasemdom M er afstöðu V2 mótmælt og ítrekað að áreksturinn sé rakinn til ógætlegs framúraksturs ökumanns bifreiðar B.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um sakarskiptingu milli ökumanna bifreiðar A og B, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi ekið fram úr bílaröð rétt áður en ökumaður bifreiðar A beygði til vinstri inn á bifreiðastæði.

Aðgæsluskyldur hvíla á báðum ökumönnum við þessar aðstæður. Sá sem ætlar að beygja til vinstri verður að gæta að umferð bæði á móti og fyrir aftan sig, sbr. háttætnisreglur 1., sbr. 6. mgr., 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M sem ökumanni bifreiðar A, bar því að gæta að umferð fyrir aftan sig áður en hún ók til vinstri af Síðumúla inn á bifreiðastæði.

Í lögregluskýrslu sem ökumaður bifreiðar B sjálfur ritaði er haft eftir M að hún hafi tekið eftir bifreið B áður en árekstur varð en sönnunargildi þessa verður að meta út frá því sönnunargildi þessa þegar annar aðili máls gerir sjálfur lögregluskýrslu er takmarkaðra en almennt í lögregluskýrslum þar sem rannsókn fer fram af hálfu hlutlauss aðila. Þrátt fyrir þetta verður ekki litið framhjá umræddri aðgæsluskyldu umferðarlaga vegna háttsemi M sem ökumanns bifreiðar A.

Á ökumanni bifreiðar B hvíldi einnig nokkur aðgæsluskylda, en í umferðarlögum og þágildandi reglugerð um umferðarmerki nr. 289/1995 kemur fram að þeim sem aka yfir fullbrotna miðlínu akbrautar sé heimilt að aka yfir hana og þannig taka fram úr, en þó ekki án þess að gæta fyllstu varúðar. Í gögnum málsins eða framburði ökumanns bifreiðar B kemur ekki fram að hann hafi ekið á merktri lögreglubifreið eða að bifreið B hafi verið búin ljósabúnaði sem varaði aðra ökumenn við því að þar gæti verið á ferð lögreglubifreið og lögreglumenn við skyldustörf. Ökumaður bifreiðar B tók að eigin sögn fram úr röð bifreiða við aðstæður þar sem augljós hættu er á því að ökumenn í röðinni ætli að beygja til vinstri inn á bifreiðastæði. Ökumaður bifreiðar B gætti því ekki nægrar varúðar við framúrakstur en ekki verður séð af gögnum málsins að hann hafi reynt að gera vart við sig með ljós-eða eftir atvikum hljóðmerkjum.

Að þessu sögðu og með hliðsjón af atvikum þessa tiltekna máls verður sök milli ökumanna skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 173/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

- Málskot móttakið 22. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 12. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. júlí 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu lenti bifreiðin A, með kerruna B í eftirdragi, utan í vegriði á Kringlumýrarbraut rétt sunnan við Bústaðabru þann 22. apríl 2023. M var ökumaður bifreiðarinnar og kveðst hafa verið að koma frá Bústaðavegi og niður á Kringlumýrarbraut, er hann missti stjórn á kerrunni. Fór hún að skauta og náði hann ekki stjórninni aftur með þeim afleiðingum að bifreiðin endaði utan vegar, kastaðist upp á vegrið og við það snerist kerran og lenti öfug. Kenndi M sér eymsla í hálsi, efra baki og höfði. Vegna líkamstjóns síns hefur M gert kröfu um bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda hjá V sem samþykkt hefur bótaskyldu en skerðir bótarétt um þriðjung vegna stórkostlegs gáleysis M. Skerðingu byggir V á þeirri háttsemi M að aka ökutækinu A með of þungan farm og án tilskilinna réttinda. M er ekki sammála afstöðu V. Ekkert liggir fyrir um að M hafi sýnt af sér ógætni við akstur. Hann hafi hvorki verið eigandi bifreiðarinnar A né kerrunnar B. Hafi hann fengið hvort tveggja að láni til að flytja bárujárn o.fl. Fékk hann bifreiðina lánaða hjá kunningja sínum og var kerran leigð hjá Byko. Þá sé hann með almenn ökuréttindi (B-flokk) sem veitir skv. 5. tl. 5. mgr. 6. gr. rg. nr. 830/2011 um ökuréttindi, réttindi til að stjórna bifreið með tengivagni sem alls séu 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Samkvæmt ökutækjaskrá var eigin þyngd bifreiðarinnar 1595 kg., og leyfð heildarþyngd 2.070 kg., með ökumanni, farþegum og farmi skv. 27. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt ökutækjaskrá sé kerran 485 kg. að eign þyngd og leyfð heildarþyngd er 2000 kg. Kerran var vigtuð með farmi að beiðni lögreglu og vóg þá alls 1.840 kg. Því sé ljóst að raunveruleg þyngd bifreiðarinnar með eftirvagni var töluvert undir leyfðri heildarþyngd á tjónsdegi eða alls 3.435 kg., auk eigin þyngdar M. Þó þyngd eftirvagns hafi skv. vigtun reynst 140 kg (eða 8%) umfram leyfða dráttargetu bifreiðarinnar er óraunhæft að ætla að M hafi mátt vera meðvitaður um að farmurinn væri lítillaga yfir þeim mörkum, enda bera myndir af kerrunni í lögregluskýrslu engan veginn með sér að kerran hafi verið svo ofhlaðin að almennur ökumaður hafi með réttu átt að afa áhyggjur af þyngd hennar. Þar sem M var ekki sjálfur eigandi bifreiðarinnar hafði hann ekki nákvæmar upplýsingar um leyfða heildarþyngd hennar eða dráttargetu.

V telur að tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis M og brots á varúðarreglu og á þeim grundvelli falli bótaréttur niður að 1/3 hluta úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda vegna atviksins. Telur V ljóst af lögregluskýrslu að M hafði ekki þau réttindi sem áskilin eru til þess að aka með umrædda kerru. Mikilvægt sé að þekkja til og fylgja tækniupplýsingum hvers ökutækis og vera meðvitaður um það hversu þungan eftirvagn heimilt er að draga á bifreiðinni og hvernig hlaða eigi kerruna. Sé eftirvagn of þungur fyrir bifreiðina og/eða rangt hlaðinn er hættan sú að ökutækið eða kerran taki að rása líkt og raungerðist. Vísar V til ýmissa dóma og úrskurða máli sínu til stuðnings. Þá telur V að M hafi með háttsemi sinni einnig brotið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmála þar sem fram kemur að ökumaður hins váttryggða ökutækis skuli hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka því. Vísar V til 5. gr. skilmála váttryggingarinnar og 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar m að í almennum ökuréttindum (B réttindum) sem M hefur, felast réttindi til að aka með eftirvagn allt að 750 kg, eða þyngri ef heildarvagnlest er að hámarki 3500 kg. Fullyrðingar í athugasemdum V um að M hafi ekki haft réttindi til aksturs með kerru eru því rangar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélagsins hafi váttryggður í slysáttryggingu eins og hér um ræðir valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Óumdeilt er að M var ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna í umrætt sinn. Telur V hið stórfellda gáleysi felast í því að M hafi með háttsemi sinni umrætt sinn valdið því af stórkostlegu gáleysi að bifreiðin A með eftirvagninn B í eftirdragi, endaði utanvegar á vegriði með þeim afleiðingum að M slasaðist. Ber V sönnunarbyrðina fyrir því að háttsemi M við akstur umrætt sinn hafi verið þannig að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og að orsakatengsl séu milli saknæmrar háttsemi M og þess líkamstjóns sem hann verð fyrir. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu viðurkenndi M að hafa misst stjórn á kerrunni með þeim afleiðingum að hún fór að skauta til á akbrautinni og endaði utan vegar. Við það kastaðist bifreiðin A upp á vegriði og kerran B snerist og endaði öfug utan akbrautar. Í ökutækjaskrá er bifreiðin A skráð 1595 kg. að heildarþyngd og heimild þyngd hemlaðs eftirvagns er 1700 kg. að hámarki. Niðurstaða vigtunar sem lögregla lét framkvæma var sú að kerran var 1840 kg. með farminum, þar af voru 1560 kg. á afturöxlunum. B ökuréttindi sem M hefur leyfa heildarþyngd bíls og eftirvagns mest 3500 kg. Undantekning er frá þeirri reglu sé eftirvagn 750 kg. eða minna. Svo háttaði ekki til í þessu tilviki. Samkvæmt framansögðu var bifreiðin án ökumanns 1595 kg., og kerran ásamt farmi 1840 kg., eða samtals 3.435 sem er innan leyfðar heildarþyngdar sem falla undir B ökuréttindi. Af framangreindu verður þrátt fyrir það sem fram kemur í lögregluskýrslu að telja ósannað að M hafi ekki haft tilskilin ökuréttindi í umrætt sinn. Víkur þá að háttsemi M við hleðslu kerrunnar í umrætt sinn. Ljóst er að þyngd kerrunnar B og farms hennar var umfram leyfilega þyngd eftirvagns fyrir bifreiðina A sem nemur 140 kg. Auk þess var þyngd á öðrum ási 560 kg. umfram leyfilega þyngd skv. skráningu í ökutækjaskrá sem kveður á um að burðargeta sé 1000 kg. á hvorum ás. Verður að telja að bein orsakatengsl séu milli þessa og þess tjóns sem varð þann 22. apríl 2023. Með því að gæta ekki að framangreindu, sýndi M af sér gáleysi en ekki verður að mati nefndarinnar talið að gáleysið hafi verið stórkostlegt í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Af ofangreindu verður þannig talið að M eigi óskertan rétt til bóta úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum slysáttryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 174/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

144. Málskot mótttekið 22. maí 2024.
145. Bréf V2, dags. 4. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
146. Bréf V1, dags. 20. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á Vesturlandsvegi er þeim var báðum ekið vestur Vesturlandsveg í átt að Miklubraut. Þrjár akreinar eru í hvora átt. Fyrirtækið Aðstoð & Öryggi kom á vettvang og tók framburð beggja ökumanna. Í framburði M, sem var ökumaður A, kemur fram að hún ekið á vinstri akrein Vesturlandsveg. Hún hafi skipt yfir til hægri á miðju akreinina og verið nánast komin alveg inn á þá akrein er árekstur varð. Í framburði ökumanns B kemur fram að hann hafi ekið á hægri akrein Vesturlandsveg. Skipti hún yfir til vinstri á miðju akreinina en sá ekki hina bifreiðina og skullu bifreiðarnar saman. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að sök skiptist til helminga þar sem hvorugur ökumanna gætti nægilega að sér við akreinaskipti. M er ósátt við þá sakarskiptingu og telur sig vera í fullum rétti. Hún hafi sett stefnuljósið á með miklum fyrirvara, litið í speglana og til hægri. Enginn bíll með stefnuljós var sjáanlegur við hlið eða fyrir aftan bifreið hennar. Þegar hún var komin með dekkinn yfir línurnar fann hún um leið að bifreið var ekið aftan í hlið A. Var hún þá með öll dekkinn inni á akreininni. Árekstur hafi orðið eftir að M var búin að skipta um akrein.

V1 segir í bréfi sínu að þegar litið sé til ákoma á bifreiðunum megi sjá að vinstra framhorn B fer í hægri afturhlið A. Af þessum ákomum megi ráða að A var frammar á miðakreininni þegar ökumaður B skipti um akrein. Hefði ökumaður B því mátt taka eftir A við akreinaskiptin, ef hún hefði gætt nægjanlega að umferð um miðakrein áður en hún skipti um akrein. Árekstur bifreiðanna megi eingöngu rekja til aðgæsluleysis af hálfu ökumanns A.

V2 telur að leggja verði til grundvallar að báðum bifreiðum hafi verið skipt um akrein á sama eða svipuðum tíma án þess að ökumenn þeirra hafi gætt nægjanlega að annarri umferð. Þrátt fyrir að ökumaður B kveðst ekki hafa séð bifreiðina A í aðdraganda áreksturs þá liggi fyrir að M kveðst í frumskýrslu ekki hafa verið komin að fullu yfir á miðjuakreinina er árekstur varð. Þar af leiðandi liggi fyrir að bifreiðum var skipt um akrein á sama eða sambærilegum tíma.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Af framburðarskýrslum sem Aðstoð & Öryggi tók af ökumönnum beggja bifreiða verður ekki annað ráðið en að báðir ökumenn hafi verið skipta um akrein á sama tíma og að hvorugur hafi tekið eftir hinum í aðdraganda áreksturs. Ósannað verður að telja að M hafi verið búin að skipta um akrein er árekstur varð. Verður því að líta svo á að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að annarri umferð við akreinaskiptin.

Niðurstaða.

Ökumenn bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 29. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 175/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Vátryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot, móttakið dags. 22. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
11. Bréf V, dags. 11. júní 2024, ásamt fylgigagni.
3. Bréf M, dags. 23. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 2. ágúst 2022 þegar hún var ásamt yfirmanni sínum og samstarfskonu að reisa þunga spýtu/harðvið. M hafi haldið spýttunni/harðviðarborðinu fyrir ofan höfuð ásamt samstarfskonu sinni en sú hafi skyndilega sleppt takinu og stigið til hliðar þannig að allur þungi spýttunnar færðist yfir á M með þeim afleiðingum að spýtan féll á höfuð hennar. M hlaut 10% varanlega læknisfræðilega örorku í slysinu skv. matsgerð. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að slysið væri að rekja til óhappatilviljunar en ekki til bótaskyldrar háttsemi vinnuveitanda eða starfsmanna hans. M telur að A hafi brugðist skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem orsök slyssins verði rakin til þess að vinnuveitandi tryggði ekki öryggi starfsmanns. M telur A ekki hafa viðhaft verklag sem kæmi í veg fyrir að spýtan félli. Þá byggir M á því að samstarfskona hennar, sem sleppti takinu á spýttunni, án þess að vara M við, hafi sýnt af sér saknæma og gáleysislega háttsemi sem hafi orsakað tjón M og að A beri skaðabótaábyrgð á þeirri háttsemi. Fram kemur hjá M að slysið hafi ekki verið verið tilkynnt fyrir en 30. nóvember 2022 til Vinnueftirlitsins eða rúmlega fjórum mánuðum eftir að slysið átti sér stað. Slysið hafi því ekki verið rannsakað þar eins og bar að gera. A hafi borið að tilkynna slysið strax svo unnt væri að rannsaka það og leiða í ljós orsök slyssins. M mótmælir því að verkið teljist einfalt sem ekki hafi krafist sérstakra leiðbeininga.

Í bréfi V kemur fram að A mótmælir því að slysið sé að rekja til samstarfskonu M, ófullnægjandi vinnuaðstæðna eða þess að skyldur hafi verið vanræktar af hálfu vátryggingartaka samkvæmt lögum nr. 46/1980. Samkvæmt A hafi yfirmaður verið búinn að gefa fyrirmæli um verkið en hafi ekki verið á staðnum þegar atvikið varð. Um fremur einfalt verk hafi verið að ræða sem þarfnaðist ekki sérstakra leiðbeininga en starfsfólki ávallt uppálagt að vanda til verka og sýna aðgát. Samstarfskona hafni því að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsi heldur hafi þær í raun ekki náð að samstillast sig nógu vel við verkið. Tilkynning hafi verið send Vinnueftirlitinu um leið og forsvarsmönnum var kunnugt um slysið og hafi A ekki verið kunnugt um alvarleika meiðsla en M hafi verið nær óslitið frá vinnu frá 11. ágúst 2022. Þá kemur fram að það þyki ljóst að ekkert nýtt hafði verið leitt í ljós með rannsókn Vinnueftirlitsins á staðnum.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hennar sé að rekja til saknæmra og ólögmetra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Slysið sem varð 2. ágúst 2022 var tilkynnt af hálfu A til Vinnueftirlitsins 30. nóvember 2022. Í tilkynningunni er lýsing á tildrögum slyssins og kemur þar fram að sú slasaða hafi verið að reisa harðvið upp við vegg með öðrum og hafi þurft að lyfta upp þungri spýtu. Hinn aðilinn hafi síðan farið frá skyndilega og sú slasaða hafi misst spýttuna á höfuðið og fengið við það hnykk á hálsinn. Sama lýsing er í tilkynningu A til Sjúkratrygginga Íslands. Samkvæmt gögnum málsins var M frá vinnu tvær vikur eftir slysið. Ekki liggur fyrir vitnisburður samstarfsaðila M sem hélt á spýttunni með henni en í framangreindum tilkynningum sem A ritar er staðfest lýsing M á atvikum sem leiða til slyssins,

þ.e. gáleysi samstarfsmanns M. Með vísan til þess hefur M sýnt fram á það að slys hennar er að rekja til athafna starfsmanns A sem A ber ábyrgð á. Slys M er því bótaskyld hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 29. október 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 177/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanns.

Váttryggingartaki (X)

Skadabótaábyrgð.

Gögn.

147. Málskot mótttekið 10. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
148. Bréf V dags. 10. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi leitað til lögmannsstofu X í tengslum við skilnað M og Y. Hinn 21. janúar 2019 hafi M og Y gert með sér kaupmála sem hafi verið færður í kaupmálabók hinn 24. janúar 2019. Degi síðar hafi Y slitið samvistum þeirra. Við fjárskipti hafi komið í ljós að dagana fyrir viðmiðunardag skiptanna, sem hafi verið 1. febrúar 2019, hafi Y afsalað bifreiðinni A og mótórhjólinu B til sonar síns Z. Með úrskurði héraðsdóms 9. apríl sama ár hafi bú M og Y verið tekið til opinberra skipta og skiptastjóri skipaður. Hafi aðilar náð samkomulagi um skipti á hjúskapareignum að undanskildum A og B. Ágreiningi um þær eignir hafi verið vísað til héraðsdóms. Á því stigi hefði M með réttu átt að gera endurgjaldskröfu á grundvelli 2. mgr. 107. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 vegna ökutækjanna A og B sem Y hafi afsalað til Z án endurgjalds. Hafi X hins vegar staðið rangt að kröfugerð í málinu og í stað slíkrar kröfu hafi verið gerð krafa um ógildingu kaupmálans. Hafi héraðsdómur, með úrskurði dags. 5. ágúst 2021 í máli Q-21/2021, hafnað ógildingarkröfunni og A og B því ekki komið til skipta. Verðmat umræddra ökutækja hafi samtals numið sex milljónum kr. Sé því ljóst að M hafi orðið af þremur milljónum við skiptin vegna rangrar kröfugerðar X. Ákvæði 4. mgr. 107. gr. hjúskaparlaga komi þá í veg fyrir að hægt sé að hafa uppi endurgjaldskröfu eftir að skiptum er lokið. Hafi núverandi lögmaður M þó gert kröfu á hendur Y og Z á grundvelli þess að um óréttmæta auðgun hefði verið að ræða. Þeirri kröfu hafi að endingu verið vísað frá héraðsdómi með úrskurði í máli E-456/2023 á grundvelli þess að ágreiningur milli aðila við opinber fjárslit milli hjóna yrði ekki lagður fyrir dóm á annan hátt en eftir ákvæðum laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Hafi þá orðið endanlega ljóst að M yrði af þeim fjármunum sem um ræddi. Er því gerð krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V enda hafi X ekki gætt hagsmuna M sem skyldi og sýnt af sér vanrækslu í starfi. Er gerð krafa um bætur vegna þess að A og B hafi ekki komið til skipta, vegna þóknunar sem M hafi greitt X, vegna þóknunar sem M hafi greitt núverandi lögmanni og vegna tildæmds málskostnaðar.

Í bréfi V er tekið fram að málarekstur í máli Q-21/2021 hafi aðeins að litlu leyti varðað afsal Y á ökutækjunum A og B. Hann hafi fyrst og fremst snúist um það hvort umræddur kaupmáli skyldi ógiltur en rétturinn hafi ekki fallist á þá kröfu M. Í málinu hafi einnig verið gerð krafa um að A og B yrðu látin falla undir skiptin. Hafi dómurinn hafnað þeirri kröfu með vísan til þess að gengið hefði verið frá eigendaskiptum fyrir viðmiðunardag skipta. Þá hafi dómurinn talið sig skorta heimild til að leysa úr ágreiningi um eignarhald þriðja manns, þ.e. Z, í ágreiningsmáli um opinber fjárskipti milli hjóna. Þá hafi komið fram í niðurstöðu dómsins að M hefði getað látið reyna á endurgjaldskröfu á grundvelli 107. gr. hjúskaparlaga að því marki sem eigendaskiptin fólu í sér örlætisgjörning af hálfu Y. Í umsögn X um málið komi fram að ekki hafi verið gerð endurgjaldskrafa þar sem bifreiðin sem um ræði hafi verið sögð illa farin og þá hafi hún verið staðsett austur á fjörðum og því ekki hægt að skoða hana. Árétti X þá að verðmat það sem M byggði á sé víðs fjarri hugsanlegu tjóni. Verði umsögn X ekki skilin öðru vísi en svo að á umræddum tíma hafi ekki þótt tilefni til að gera sérstaka endurgjaldskröfu og bendi ekkert í gögnum málsins sérstaklega til þess að sú ákvörðun hafi verið röng eða tekin gegn vilja M. Verði því ekki litið svo á að um saknæm mistök af hálfu X hafi verið að ræða. Þá sé ekki sannað að Y hafi afsalað sér ökutækjunum í því skyn að koma þeim undan skiptum, enda hafi hún borið fyrir dómi að A hafi verið seld Z til uppgjörs á skuld Y við hann. Ekkert bendi til annars en að hún hafi haft fulla heimild til þeirrar ráðstöfunar og að eðlilegt endurgjald hafi komið fyrir. Þá hafi hún gefið Z bifhjólið B. Jafnvel þó hún hafi þannig gefið honum einhverja fjármuni verði ekki séð að um verulega fjárhæð, eins og 107. gr. hjúskaparlaga áskilji, hafi verið að ræða, enda

virðist verðmæti ökutækjanna hafa verið óverulegt. Verði því einnig að teljast ósannað og í raun útilokað að niðurstaða endurkröfumáls hefði orðið M í vil. Er það þá afstaða V að eðlilegt hafi verið að láta reyna á ógildingu kaupmála og að þó niðurstaðan í Q-21/2021 hafi verið M í óhag verði það ekki rakið til mistaka X. Þá liggja fyrir að málareksturinn sem slíkur verði ekki rakinn til mistaka enda hafi verið lagt í hann að yfirlögðu ráði og í samráði við M. Hvað varðar kröfu M um bætur vegna þeirrar þóknunar sem hann hafi greitt núverandi lögmanni er það mat V að málarekstur í E-456/2023 hafi bersýnilega verið óþarfur enda hafi verið ljóst af málsmeðferðarreglum hjúskaparlaga að hann hefði aldrei getað borið árangur og hafi frávísun verið fyrirsjáanleg. Samandregið telji V því ósannað að X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í störfum sínum og þess utan sé ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni sem rakið verði til starfa X.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að M hafi orðið fyrir tjóni og að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Í máli Q-21/2021 gerði X þær kröfur fyrir hönd M að kaupmáli aðila yrði dæmdur ógildur. Umræddur kaupmáli kvað m.a. annars á um að tiltekin fasteign sem M taldi að verðmæti 80 milljónar kr., skyldi vera séreign Y. Verður að líta svo á að það hafi verið meginefni ágreinings aðila. Einnig var þess krafist að ökutækin A og B kæmu til skipta. Var þeirri kröfu hafnað með vísan til þess að Z væri lögformlegur eigandi A og B og ekki yrði leyst úr ágreiningi um eignarhald hans í máli sem varði opinber fjárskipti hjóna. Þá var þess getið að M hefði getað látið reyna á endurgjaldskröfu en það hefði ekki verið gert.

M byggir á því að það hafi verið saknæm mistök af hálfu X að láta ekki reyna á endurgjaldskröfu skv. 2. mgr. 107. gr. hjúskaparlaga og að allt það tjón sem hann krefst bóta vegna megi rekja til þeirra mistaka. 2. mgr. 107. gr. er svohljóðandi: *Nú hefur annað hjóna rýrt hjúskapareign sína eða sameign hjóna með því að misbeita ráðum yfir hjúskapareigninni eða með öðru óhæfilegu atferli og slíkt hefur leitt til verulegrar skerðingar á fjárhlut þeim sem hitt hjóna á tilkall til og getur þá hitt hjóna eða dánarbú þess krafist endurgjalds af hjúskapareign beggja þegar skipti fara fram. Af orðalagi ákvæðisins er ljóst að svo endurgjald komi til álita á grundvelli þess þurfi tvö meginskilyrði að vera uppfyllt, þ.e. annars vegar að um misbeitingu eða annað óhæfilegt atferli hafi verið að ræða og hins vegar að rýrnun hjúskapar- eða séreignar hafi leitt til verulegrar skerðingar á hlut hins. Hugtakið verulegt er þá háð nokkru mati og ekki virðist til að dreifa dómafordæmum er veiti skýrar leiðbeiningar um það hvenær hlutfall skerðingar telst verulegt. Í dómi Hæstaréttar í máli 483/2002 segir þó um þetta tiltekna atriði: *...hefur ráðstöfunin sem hér um ræðir numið um það bil 15% af heildareignum aðilanna. Í ljósi þessa og umfangs þeirra eigna er til skipta koma verður ekki fallist á með sóknaraðila að ráðstöfunin hafi leitt til verulegrar skerðingar á fjárhlut hennar. Af atvikalýsingu í máli Q-21/2021 verður ráðið að eignir sem komið hafi til skipta hafi verið að verðmati um 40 milljónir kr., og samkvæmt mati M á verðmæti A og B hafi það numið 15% þeirrar fjárhæðar.**

Í málskoti kemur fram að verðmat A og B hafi numið sex milljónum kr. á viðmiðunardegi skipta. Engin frekari gögn liggja frammi til stuðnings því mati. Fyrir rétti bar Y að A hafi verið afsalað til Z til lúkningsar skuldar að fjárhæð þrjár milljónir kr., en engin gögn virðast heldur hafa legið fyrir því til stuðnings. Í yfirlýsingu X er vísað til þess að A hafi verið sögð illa farin og að ekki hafi verið unnt að skoða hana og því hafi verið ákveðið að gera ekki endurgjaldskröfu. Fyrir liggur að bifreiðin A var nýskráð í mars 2007 og var því tólf ára á viðmiðunardegi skipta, þá voru númer hennar innlögð í desember 2023. Af eigendaferli í ökutækjaskrá má þá ráða að Y hafi fest kaup á bifreiðinni um einu og hálfu ári fyrir viðmiðunardag skipta en ekkert liggur fyrir um kaupverð hennar þá eða ástand. Verður því að teljast óupplýst hvert verðmæti A hafi verið við skiptin. Bifhjólið B var nýskráð á árinu 2004 og númer þess lögð inn í júní 2013. Fyrir liggur að Y keypti B á sama tíma og A en engin frekari gögn liggja fyrir um kaupverð þess eða ástand. Er því ósannað hvert verðmæti A og B hafi verið á viðmiðunardegi skipta og liggur ekkert fyrir um að verðmat þeirra hafi legið fyrir á þeim tíma.

Verður samkvæmt öllu framangreindu að telja ósannað að það skilyrði endurgjaldskröfu að um verulega skerðingu hafi verið að ræða hafi verið uppfyllt. Er því ekki sýnt fram á að X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi með því að gera ekki endurgjaldskröfu á grundvelli 2. mgr. 107. gr. hjúskaparlaga. Að fenginni þeirri niðurstöðu eru ekki efni til að fjalla frekar um kröfugerð M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmans X hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 180/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

- Málskot mótttekið 22. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 13. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 9. nóvember 2022, hafi M verið þátttakandi í skipulögðum cross fit tíma hjá X. Hafi hún verið að gera „tær í slá“ á upphíffingastöng er hún missti takið á stönginni og lenti illa á róðravél sem var staðsett aftan við stöngina. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við slysið og krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 9. apríl 2024, hafnað bótaskyldu með vísan til þess að slysið yrði ekki rakið til vanrækslu X heldur óhappatilviks eða eigin aðgæsluleysis M. Í málskoti er rakið að M telji aðstæður hjá X hafa verið hættulegar þeim sem þangað komu og að X hafi vanrækt athafnaskyldur sínar til þess að tryggja öryggi þeirra sem sóttu þar þjónustu. Er vísað til reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem fram komi, í 1.mgr. 54. gr., að rekstri heilsuræktarstöðva skuli þannig háttáð að heilsa og öryggi iðkenda séu sem best tryggð. Tæki og búnaður skuli vera samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum. Þar sem róðravélin hafi verið staðsett við stöngina hafi heilsa og öryggi M ekki verið tryggð, enda sé ekki óalgengt að iðkendur missi takið á slíkri stöng og því mikilvægt að engin tæki sem þeir geti fallið á séu fyrir neðan stöngina. Í 14. gr. reglugerðarinnar komi þá m.a. fram að húsnæði skuli vera þannig viðhaldið og umgengið að heilsutjón eða óþægindi hljótist ekki af. Í þessu tilviki hafi aðstæður verið hættulegar þar sem X hafi vanrækt fyrrgreindar athafnaskyldur. Er þá vísað til þess að auknar kröfur séu lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem neytendur venji komur sínar og er vísað til dómafordæma því til stuðnings.

Þá eru gerðar ýmsar athugasemdir við rök V fyrir höfnun bótaskyldu. V hafi þannig vísað til þess að iðkendur sjálfir sjái um að ná í þann búnað sem þurfi fyrir æfingar. Jafnvel þó það hafi tíðkast að þátttakendur sæktu sér nauðsynlegan einstaklingsbúnað, s.s. lóð og dýnur, hafi stærri æfingartæki verið sett upp af þjálfurum eða iðkendum. Á slysdagi hafi verið búið að setja róðravélar upp áður en M mætti á æfingu. Þá hafi margir iðkenda ekki fengið neina grunnþjálfun, auk þess sem á grunnnámskeiði hafi ekki verið farið yfir almenn öryggismál. Þeir hafi að mati M almennt ekki verið almennt meðvitaðir um þá kröfu að búnaður skyldi ekki staðsettur undir eða nálægt upphíffingarsvæðum.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt X sjái iðkendur á hópæfingum sjálfir um að ná sér í þann búnað sem þurfi til að framkvæma æfingu dagsins. Tækin séu ekki staðsett varanlega í sal heldur nái þátttakendur í þau tæki og búnað sem þurfi hverju sinni. Róðravélar séu þá mjög meðfærilegar og sé þeim lyft og ýtt á hjólum mjög auðveldlega á milli staða. Samkvæmt X hafi þá allir þátttakendur tekið grunnnámskeið í cross fit, enda hafi aðeins mátt sækja prufutíma án slíks námskeiðs og það verið forsenda áframhaldandi iðkunar. Þar hafi þátttakendur lært hvernig bera eigi sig að við æfingar og séu því meðvitaðir um að enginn búnaður megi vera undir eða nálægt svæðum sem hangið sé á. Megi einnig fullyrða að almenn skynsemi leiði til þess að almennt megi gera þær kröfur til fólks að það átti sig á því að ekki sé skynsamlegt að framkvæma æfingar hangandi í slá ef tæki á við róðravél eru staðsett nálægt. M hafi þá sótt slíkt grunnnámskeið og haft nokkra reynslu af cross fit iðkun. V vísar þá til almennra sönnunarreglna skadabótaréttar. Á M hvíli sönnunarbyrðin um hvaða atvik séu að baki kröfu hennar og að orsakatengsl séu milli tjóns hennar og þeirra atvika. Þá hvíli sönnunarbyrðin um ætlaða sök og ólögmeta háttsemi X á M og hafi slík sönnun ekki tekist. Ekkert í gögnum málsins leiði þannig líkum að því að nokkuð hafi verið athugavert við aðbúnað í salnum og hafi hann verið venjubundinn og í fullu samræmi við það sem almennt tíðkist í sambærilegum sölum. V hafi þá fullyrt að M hafi sjálf stillt upp róðravélinni og engin gögn hafi verið lögð fram til stuðnings hinu gagnstæða.

M hafi þá ekkert upplýst um aðdraganda slyssins, s.s. varðandi það hvort hún hafi notað róðravélina áður en hún hóf upphíftingar en róðravélar hreyfist almennt úr stað við notkun. Jafnvel þó starfsmenn X hefðu staðsett vélinu með umræddum hætti hefði M þá átt að gera sér grein fyrir hættunni sem var til staðar. Er það því afstaða V að slysið verði rakið til óhappatilviks eða athafna og aðgæsluleysis M sjálfra.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón M verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Samtímagögn um slys M eru af skornum skammti og greinir aðila í verulegum atriðum á um aðdraganda þess. Fyrir liggur að M hélt í upphíftingarslá og var að setja tærnar að slánni er hún missti takið og féll aftur fyrir sig og á róðravélina sem var staðsett aftan við slána. Því hefur ekki verið mótmælt að umrædd róðravél sé á hjólum og færanleg og verður því ekki litið svo á um varanlegan aðbúnað í salnum hafi verið að ræða, þ.e. að vélin hafi varanlega verið staðsett með þeim hætti að fæli í sér hættu fyrir iðkendur. Gegn neitun X er þá ekki sýnt fram á að starfsfólk þess hafi komið vélinni fyrir með þessum hætti, en að öðru leyti liggur lítið fyrir um aðkomu og umsjón þjálfara með umræddri æfingu og hvernig þeim málum hafi almennt verið háttað.

Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins verður því að telja að M hafi ekki tekist að axla þá sönnunarbyrði sem á henni hvílir og er það mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á að slys hennar verði rakið til atriða sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Er þá óþarft að fjalla frekar um það hvort M sjálf kunnir að hafa sýnt af sér aðgæsluleysi í aðdraganda slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. október 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 181/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

149. Málskot dags. 22. maí 2024, ásamt fylgiskjölum og myndbandsupptöku.
150. Bréf V, dags. 21. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi hinn 18. febrúar 2020 verið farþegi í lítilli bifreið, B, þegar bifreiðin A, sem er stór flutningabifreið, var ekið yfir á vegarhelming B. Náði ökumaður B að hemla til að koma í veg fyrir stórslys. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A vegna andlegrar vanlíðunar eftir atvikið. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A. M vísar til fyrirbyggjandi myndbandsupptöku af atvikinu. Uptakan stafar frá bifreið sem A var að taka fram úr umrætt sinn. Á myndbandinu sést að bifreiðin A var staðsett í framúrakstri á öfugum vegarhelmingi þegar hún nálgast bifreiðina B sem kom úr gagnstæðri átt. Sest á myndbandinu að bifreiðin B er nær kyrrstæð þegar A fór framhjá. Telur M að litlu hafi mátt muna að háorkuárekstur ætti sér stað þar sem óumdeilanlegt sé að M og ökumaður B hefðu orðið fyrir stórfelldu líkamstjóni eða jafnvel látið lífið. Hafði M fulla ástæðu til að ætla að líf hennar væri í mikilli hættu og eðlileg afleiðing þess að hún varð fyrir miklu og varanlegu andlegu áfalli í kjölfar þessa. Þá sé einnig óumdeilanlegt að aksturslag A var glæfralegt. Vísar M til fyrirbyggjandi gagna til staðfestingar því að M hafi hlotið varanlegt heilsutjón sem rekja megi til háttsemi ökumanns A. Hafi M í kjölfarið sýnt hamlandi einkenni kvíða auk áfallastreitu einkenna sem hafa töluverð áhrif á hennar líf í kjölfar atviksins. Hafi hún upplifað ofsahræðslu og endurupplifanir vegna atviksins ásamt því að töluverðar truflanir hafi orðið á svefni. Hugtakið líkamstjón hafi verið víkkað að verulegu leyti í greinargerð með frumvarpi til skaðabótalaga og geðrænt tjón fellt undir það hugtak.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að af hálfu V verði ekki fallist á að M hafi orðið fyrir tjónsatburði sem leitt geti til bótaréttar úr ábyrgðartryggingu flutningabifreiðarinnar A. Þegar um sé að ræða tilvik þar sem einstaklingur heldur því fram að hafa orðið fyrir tjóni án þess að snerting eigi sér stað telur V að gera verði auknar sönnunarkröfur varðandi atvikið sjálft, afleiðingar og orsakatengsl. Afstaða V byggir á því að M hafi hvorki nægjanlega sýnt fram að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni, sem talist geti sennileg afleiðing af notkun A né að orsakasamband sé fyrir hendi. Af skoðun á myndskaiðinu verði ekki nákvæmlega greint hversu mikil fjarlægð var á milli ökutækjanna þegar framúraksturinn átti sér stað og verði því heldur ekki fullyrt að raunveruleg hætta hafi verið á ferðum. Samkvæmt upplýsingum eiganda A, var umræddur ökumaður með áratugareynslu af akstri slíkra bifreiða og mat hann aðstæður þannig að framúrakstur væri í lagi. Að sögn ökumannsins mun ökumaður bifreiðarinnar sem uptakan stafar úr, hafa aukið hraðann þegar framúrakstur var hafinn og þannig valdið aukinni hættu við framúraksturinn. Að mati V er í fyrirbyggjandi vottorðum aðeins lýst almennum og eðlilegum tilfinningalegum viðbrögðum sem flestir einstaklingar upplifa einhvern tímann á lífsleiðinni af ýmsum ástæðum og geti ekki talist líkamstjón í skilningi skaðabótareglana.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, vegna þeirra andlegu einkenna sem lýst er í læknisfræðilegum gögnum málsins. Í 4. gr. laga nr. 77/2019 um ökutækjatrýggingar kemur fram að eigandi (umráðamaður) skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 1. mgr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni, greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Með líkamstjóni er hér ekki eingöngu átt við líkamleg meiðsli, heldur getur geðrænt

tjón einnig fallið hér undir, sbr. umfjöllun í greinargerð í frumvarpi því er varð að skaðabótalögum. Út frá þessu þarf að skoða hvort andlegt tjón M verði rakið til bifreiðarinnar A en þá þarf að víkja frá þeirri meginreglu skaðabótaréttar að einungis sá sem með beinum hætti verður fyrir tjóni vegna bótaskylds atburðar, eigi rétt til greiðslu skaðabóta. Við mat á því hvort víkja skuli frá meginreglunni er horft til þess hvort viðkomandi hafi orðið vitni að atburði, til sakarstigs þess sem bótaábyrgð ber og eftir atvikum tengsla við aðila sem verða fyrir meiðslum í tjóninu. Það er skilyrði að viðkomandi hafi í raun verið í hættu á að slasast sjálfur og að áfall hans sé af þeim sökum. Af gögnum málsins og þá sérstaklega af fyrirbyggjandi myndbandi verður ekki annað ráðið en bifreiðin A hafi verið komin yfir á réttan vegarhelming nokkru áður en hún kom að bifreið þeirri sem M var farþegi í. Verður af gögnum málsins ekki unnt að leggja til grundvallar að M hafi sjálf verið í slíkri hættu umrætt sinn að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi. Um er að ræða undantekningarreglu sem túlka ber þröngt samkvæmt viðteknum lögskýringarreglum. Verður því ekki talið að andleg einkenni hennar megi rekja til notkunar bifreiðarinnar A. Með vísan til alls ofangreinds er það afstaða nefndarinnar að M eigi ekki rétt á bótum vegna andlegra einkenna sinna úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A, hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 29. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 182/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

151. Málskot mótttekið 23. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
152. Bréf V, dags. 1. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 29. nóvember 2021 slasast við störf sín í fiskvinnslu X. Hafi M ásamt samstarfsmanni verið að vinna við að setja hurð á gám. Samstarfsmaður M hafði það hlutverk að keyra hurðina að gámnum á lyftara og hékk hurðin í klemmu. M var við gáminn og var að losa pinna úr lóm gámsins með slaghamri. Þegar samstarfsmaður M var kominn með hurðina að gámnum losnaði hún úr klemmunni og féll á hægri læri M. Leitaði M á bráðamóttöku LSH tveimur dögum síðar eða þann 1. desember 2021. Slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu þar sem tilkynning barst stofnuninni þann 7. desember 2021. Hefur M gert kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, hjá V vegna slyssins. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað á grundvelli þess að slys M yrði ekki takið til sakar X, heldur aðeins til óhappatilviljunar.

M telur að orsakir slyssins verði raktar til vanbúnaðar á klemmu og gáleysis stjórnanda lyftarans sem leiddi til þess að hurðin losnaði úr klemmunni. Þar af leiðandi beri X skaðabótaábyrgð á tjóni því sem M varð fyrir á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og sakarreglunnar. Þá telur M að verkstjórn hafi verið ófullnægjandi m.a. vegna skorts á eftirliti, upplýsingagjöf og verklagsreglum, sbr. 21. gr. laga nr. 46/1980. Þá telur M að full ástæða til að tilkynna Vinnueftirlitinu strax um slysið í ljósi þess að hann hafi strax upplýst vinnuveitanda um slysið og auk þess hafi stjórnandi lyftarans orðið vitni að slysinu. Þá var hann óvinnufær frá slysdagi til 6. desember 2021.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á grundvelli þess að slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X eða aðila sem hann ber ábyrgð á. Hafnar V því sem ósönnuðu að umrætt slys verði rakið til þess að búnaður sem notaður var til verksins hafi ekki hentað og/eða gáleysis stjórnanda lyftarans, ófullnægjandi verkstjórnar, upplýsingagjöf og skorts á verklagsreglum. Fyrirliggjandi gögn og lýsingar beri með sér að um óhappatilvik hafi verið að ræða en engin önnur gögn hafi verið lögð fram sem renna stoðum undir málatilbúnað M. M vann út slysdaginn og leitaði ekki til læknis fyrr en 1. desember 2021. Rannsóknir í framhaldinu sýndu eingöngu fram á mar á læri en ekki alvarlega áverka. Er því hafnað af hálfu V að skylda hafi vaknað til að tilkynna um slysið innan sólarhrings skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Slys M var ekki tilkynnt innan sólarhrings til Vinnueftirlitsins og upplýst er að enginn frá eftirlitinu kom á slysstað til úttektar. Ekki verður séð af gögnum málsins að aðstæður hafi verið þannig þann dag að X hafi borið skylda til tilkynningar til Vinnueftirlitsins innan sólarhrings. M var vegna afleiðinga slyssins óvinnufær til 6. desember 2021. Tilkynning barst Vinnueftirlitinu þann 7. desember 2021 og verður því talið að X hafi tilkynnt slysið án ástæðulausrar tafa eins og áskilið er í fyrrgreindu lagaákvæði.

Sönnunarstaða í málinu er því þannig að M þarf að sýna fram á að hann hafi hlotið líkamstjón í tjónsatviki þennan dag og að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á því. Að gögnum málsins virtum verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar á klemmu, gáleysis stjórnanda lyftarans eða ófullnægjandi verkstjórn. M, á ekki rétt til greiðslu bóta úr starfsábyrgðatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 183/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis A

Samsömun. Varúðarreglur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23.maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. júní 2024.
3. Bréf M, dags. 12. júní 2024.
4. Bréf V, dags. 12. júní 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á ökutækinu A 14.mars 2024 þegar kærasti M hafi ekið A og lent í árekstri. Fram kemur að M sé umráðamaður A og að eigandi sé S en að þau hafi gert með sér kaupsamning, dags. 21. janúar 2022, þess efnis að Milena yrði eigandi bifreiðarinnar þegar kaupverðið yrði að fullu greitt. Þá kemur fram að samkvæmt váttryggingarskírteini váttryggingarinnar sé M váttryggingartaki og greiðandi váttryggingarinnar en að S sé váttryggður skv. 4. gr. skilmála kaskótryggingarinnar. Í málskotinu kemur ennfremur fram að M hafi tilkynnt að kærasti sinn hafi tekið ökutækið án hennar vitneskju og að hann sé ekki með ökuréttindi. V hafnaði bótaskyldu úr kaskótryggingunni þar sem ökumaður A var ölvaður þegar tjónið varð og að hann teljist hafa haft almenn umráð og vörslur yfir ökutækinu með samþykki váttryggingartaka þar sem hafi verið í sambúð með M og haft sama lögheimili þegar tjónið varð. M hafnar því að hún sé meðváttryggð með S skv. 3. mgr., 2. mgr. 39. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem skýrt sé samkvæmt ákvæðum kaskótryggingar að skráður eigandi teljist váttryggður. Hvergi komi þar fram eða á skírteini tryggingarinnar fram að umráðamaður teljist váttryggður. S hafi á engum tímapunkti samþykkt ökumann ökutækisins umrætt sinn og að engin tengsl séu á milli þeirra.

Í bréfi V kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að M teljist meðváttryggð í skilningi 3. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl). Niðurstöður blóðrannsóknna hafi sýnt að ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur og því verið óhæfur til að stjórna ökutækinu umrætt sinn með vísan til 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. V vísar til þess að háttsemi þriðja manns geti haft áhrif á bótarétt váttryggðs úr kaskótryggingu ökutækja með vísan til 17.2. gr. skilmála kaskótryggingar ökutækja nr. B-2 sbr. 20. og 29. gr. vsl. V ítrekar að samkvæmt 39. gr. vsl sé tryggingin til hagsbóta fyrir váttryggingartaka sem séu taldir upp í ákvæðinu. Að lokum tekur V fram að M og ökumaður ökutækisins séu í sambandi og með sameiginlegt lögheimili og því ljóst að ökumaður hafði nokkuð varanleg umráð og vörslur yfir ökutækinu með samþykki M.

Álit.

Í máli þessu er í fyrsta lagi ágreiningur um það hvort M teljist váttryggð vegna kaskótryggingar fyrir ökutæki A. Samkvæmt gögnum málsins er S skráður eigandi ökutækisins og M er umráðamaður. Þá liggur fyrir að M tók ákvörðun um að hafa ökutækið kaskótryggt og greiddi fyrir þá váttryggingu. Í 3. mgr. sbr. 2.mgr. 39. gr. vsl kemur fram að váttrygging sé til hagsbóta fyrir váttryggingartaka. Verður ekki öðru vísi litið á en að það ákvæði eigi við um M enda tók hún sjálf kaskótryggingu fyrir ökutæki sem hún var sannanlega með í umráðum og var þar með váttryggingartaki eins og kemur fram á váttryggingarskírteininu. Á engan hátt er unnt að líta þannig á að M hafi verið að kaupa kaskótryggingu fyrir S sem var seljandi ökutækisins og ekki með ökutækið í umráðum þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skilmálans um kaskótryggingu.

Þá kemur til álita hvort M hafi veitt ökumanni A leyfi til þess að aka ökutækinu umrætt sinn. Í málinu kemur fram að M og ökumaður A hafi verið í sambúð á þessum tíma og haft sama lögheimili. Einnig liggur fyrir að ökumaður A var ekki með ökuréttindi til að aka A. Í 1. mgr. 29. gr. vsl er mælt fyrir um

Það að í váttryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, er óheimilt að semja með þeim hætti að váttryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl. Samkvæmt a. lið 2. mgr. sömu gr. má, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., semja svo um að við váttryggingu ökutækja megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Í athugasemdum með lagafrumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 segir um 29. gr. að heimild a-liðar 2. mgr. til að semja um samsömun sé látin ná til manns sem með samþykki váttryggðs sé ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Hér þurfi að koma til að váttryggður hafi meðvitað afhent umráð og vörslur hins váttryggða með nokkuð varanlegum hætti. Ekki mundi nægjanlegt að hið váttryggða yrði lánað í skamman tíma með venjulegum hætti og ekki yrði talið nægjanlegt þótt um varanlega heimild til afnota væri að ræða ef váttryggður annast um eða rekur hið váttryggða. Í 17. gr. váttryggingarskilmálans er heimild til samsömunar vegna háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða. Í máli þessu eru engar upplýsingar um að M hafi afhent umráð og vörslur til ökumannsins. Þannig er ekki sýnt fram á heimild til samsömunar milli M og ökumannsins en V ber sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði a-liðar 2. mgr. 29. gr. vsl séu uppfyllt. Sú sönnun hefur ekki tekist og er V því ekki heimilt að fella niður bótarétt á grundvelli kaskótryggingar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 25. júní 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 186/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

153. Málskot mótttekið 27. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
154. Bréf V dags. 14. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
155. Ódagsettar viðbótarathugasemdir lögmanns M.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 31. mars 2023 í vinnslusal fiskvinnslu. Myndbandsupptökur liggja fyrir af tjónsatviki sem sýna að M dettur og af lýsingum má ráð að M hafi verið á leið niður af palli sem er stillt upp við vél í vinnslusal X. Í málskoti M kemur fram sú lýsing að hann hafi runnið í tröppu eða þrepi og fallið aftur fyrir sig og slor eða bleyta hafi verið orsök. Í lýsingu X af atvikinu, í skjali sem nefnt er atvikaskráning, kemur fram að M hafi verið að stíga niður af palli þegar hann flækti fót milli þreps og palls með þeim afleiðingum að hann féll á gólfið. Einnig er í því skjali vitnað til þess að M virðist ekki hafa flækt fótinn í neitt heldur hafi fóturinn gefið sig eftir hásinaslit. Í sama skjali kemur fram undir liðnum „tillögur að úrbótum“ að það megi bæði setja handrið á pallinn og setja „bak í þrepið“, auk þess sem megi fara „...yfir handrið á öllum pöllum.“ í vinnsluhúsnæði X. Einnig kemur fram að þær úrbætur hafi verið gerðar í kjölfar tjónsatviks X, þ.e. að sett hafi verið handrið á tröppur og myndir af aðstæðum fyrir og eftir að það handrit var sett upp. Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M varð óvinnufær á slysdegi og í nokkurn tíma í kjölfarið og í sjúkraskrárfærslu á slysdegi kemur fram að M hafi lýst atvikum þannig hjá lækni að hann hafi runnið í vinnu af palli og fengið hnykk á hægri ökkla og heyrt brak. Ekki liggur fyrir lögregluskýrsla vegna atviksins, þrátt fyrir að í tjónstilkynningu X til V hafi komið fram að lögregla hafi komið á staðinn, og ekki liggur fyrir að líkamstjón M hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og þannig liggur skýrsla þeirrar stofnunar um vinnuáðstæður M á tjónsdegi og orsakir slyss ekki fyrir.

Í málskoti er meðal annars gerð grein fyrir röksemdum fyrir bótaskyldu úr slysatryggingu launþega en í gögnum frá V kemur fram að fallist hafi verið á bótaskyldu úr þeirri váttryggingu og verður því ekki fjallað sérstaklega um hana í þessum úrskurði, heldur einungis kröfu M um viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

M telur að ástæður slyss hans hafi verið annars vegar þær að mjótt þrep sem hann þurfti að stíga á hafi verið hættulega hált og sleipt sökum slors og bleytu og hins vegar að skort hafi á að pallur hafi verið útbúinn handreiði þannig að fyllsta öryggis M og samstarfsmanna hans hafi verið gætt. Þannig megi rekja slys M til saknæms og ólögmeats vanbúnaðar á vinnustað X. M telur að X hafi ekki fylgt fyrirmælum 13. og 14. gr., sbr. 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig vísar M til ákvæða í reglum um húsnæði vinnustaða þar sem komi fram að atvinnurekendum beri að ganga frá aðstæðum við stíga o.fl. þannig að ekki sé hætt á að fólk falli niður sem og skyldur til að draga úr hálfu og að umferðarleiðir skuli vera greiðar. M telur verulega slysaheitu hafa verið af sleipri tröppu og hafi umferðarleið M því ekki verið greið og frágangur tröppu og aðbúnaður farið gegn fyrirmælum í fyrirnefndum ákvæðum.

V telur í fyrsta lagi ósannað að M hafi runnið vegna bleytu eða slors heldur megi sjá á myndskreiði af atvikinu að M hafi snúið sér í hálfhring þegar hann steig niður á þrep og féll við. V bendir á að almennar sönnunarreglur geri ráð fyrir því að M þurfi að sanna að skilyrði skaðabótaábyrgðar X séu fyrir hendi Engin sambærileg slys hafi orðið á sama stað og nær ómögulegt sé að mati X að slor hafi getað verið til staðar við þá vél sem M vann við, auk þess sem þrep og pallur sé úr rist og þannig festist bleyta ekki og að starfsmenn séu í þar til gerðum skóm sem séu ekki háilir. V bendir á að ekki

komi heldur fram í samtímagögnum að M hafi runnið vegna bleytu eða slors. V telur að rangfærslur séu í málskoti M um pall og hæð hans og vísar til upplýsinga frá X um að tröppur séu áfastar við pall og vinnupallur áfastur við sprautuvél þá sem M var að vinna við. Þannig geti hvorki vinnupallurinn né tröppur hafa færst til. Einnig hafi X mælt hæð frá efri brú á gólf sem 57 cm, frá efri palli niður á tröppu hafi verið 24 cm og frá tröppu niður 32 cm. V telur að þrátt fyrir að handrið hafi verið sett upp á þeim stað sem M slasaðist feli það ekki í sér viðurkenningu á því að aðstæður hafi verið ófullnægjandi á slysdegi auk þess sem öryggisreglur geri ekki ráð fyrir handriði á þessum stað. V telur að slys M sé hægt að rekja til óhappatilviljunar sem engum verði um kennt.

Í viðbótarathugasemdom M er vísað til myndbandsupptaka af slysi M og að þar komi fram að bleyta hafi þar sést víða og allar líkur til þess að svo hafi einnig verið á því þrepi eða palli sem M rann á, ef ekki einnig slor. Einnig bendir M á að stamt undirlag hefði dregið úr líkum á því að starfsmenn X rynnu af þrepinu eða pallinum auk þess sem slys M hefði ekki orðið, ef handrið það sem X setti upp eftir slysið hefði verið komið upp á tjónsdegi. Enn fremur bendir M á að V hafi ekki lagt fram gögn um skóbúnað M.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að M varð óvinnufær á slysdegi og í nokkurn tíma eftir það. Við þær aðstæður bar X sem atvinnurekanda að tilkynna um slys M til Vinnueftirlitsins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Það að slík tilkynningarskylda sé vanrækt þýðir að rannsókn Vinnueftirlitsins skv. 81. gr. sömu laga getur ekki beinst að orsök slyssins, vegna þess að hún fer ekki fram án fyrrnefndrar tilkynningar. Í dómaframkvæmd hefur vanræksla á slíkri tilkynningarskyldu almennt verið metin þannig að frásögn tjónþola sé lögð til grundvallar málsatvikum og þar með orsökum slysa og jafnvel hefur í dómaframkvæmd verið gengið svo langt að meta óvissu um orsök vinnuslysa þannig að sönnunarbyrði um orsökina sé snúið við, sbr. Hrd. 151/2017.

Í málskoti kemur fram af hálfu M að hann hafi runnið í bleytu eða slori og þannig fallið og við það hlotið líkamstjón. Af myndbandsupptökum af tjónsatviki verður ekki með skýrum hætti ráðið að bleyta eða slor hafi ekki getað verið á þeim palli sem M þurfti að stíga á til að komast niður á gólf, frá þeim stað sem hann stóð við sprautunarvél í vinnslusal X. Einnig kemur fram í gögnum málsins að X hafi gert úrbætur á vinnustaðnum í kjölfar slyss M og komið fyrir handriði til að auðvelda starfsmönnum að ganga niður af palli og verður ekki annað ráðið af sömu gögnum en að auðvelt hafi verið að koma slíku handriði fyrir.

Af ofansögðu verður ekki annað ráðið en að X hefði með auðveldum hætti getað tryggt öryggi starfsmanna sinna í greint sinn og hafi starfsaðstæður M því ekki verið eins öruggar og þær hefðu með sama auðvelda hætti getað verið. Augljós fallhætta verður að teljast vera á tjónsstað vegna mögulegrar bleytu sem var sýnileg víðs vegar í vinnslusal X á myndbandsupptökum. Þannig telst X ekki hafa tryggt öryggi starfsmanna sinna nægilega vel, sbr. almenn fyrirmæli í lögum nr. 46/1980 og ber þannig skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M vegna slyss hans 31. mars 2023.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. október 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 188/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Váttryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

- Málskot, móttaki dags. 27. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 28. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 13. maí 2022 þegar hann var að vinna við að færa girðingarsteinana ásamt samstarfsmanni. Samstarfsmaðurinn hafi verið á lyftara sem var notaður til að færa steinana en þeir hafi verið sitt hvoru megin við girðinguna sem var úr krossviði þannig að þeir sáu ekki hvor annan. M hafi ætlað að fjarlægja grjót sem var fyrir og hafi látið vita af því en samstarfsmaðurinn hafi ekki heyrt það því í sama mund ýtti hann steininum með lyftaranum með þeim afleiðingum að M klemmdist milli steinsins og girðingarinnar. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að líkamstjón M væri ekki að rekja til saknæmrar háttsemi samstarfsfélaga hans. M vísar til ákvæða laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem meðal annars komi fram að vinnuveitandi eigi að ganga úr skugga um og tryggja að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé gætt á vinnustað. M byggir á því að nauðsynlegt hafi verið að hafa þriðja mann til að gefa mönnum merki þar sem ekki var hægt að sjá vegna girðingarinnar sem var úr krossviði og vísar í því samhengi til II. viðauka reglugerðar nr. 367/2006, um notkun tækja, þar sem fram komi að stjórnandi tækis skuli hafa aðstoðarmann sem gefi honum merki ef hann sér ekki yfir allt svæði sem byrðinni er lyft. Þá byggir M á því að stjórnandi lyftarans hafi sýnt af sér gáleysi og ekki viðhaft nægilega varfærni þegar hann ýtti steininum án þess að ganga úr skugga um að það væri hægt án þess að skapa hættu. M telur sig ekki hafa sýnt stórkostleg gáleysi og að sönnunarbyrði hvíli á vinnuveitanda um að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Að lokum kemur fram í málskoti að váttryggingartaki hafi vanrækt að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins án tafar og slysið hafi því ekki verið rannsakað eins og bar að gera.

Í bréfi V kemur fram að vinnan sem um ræðir verði ekki framkvæmd með handaflí heldur þurfi að nota vél til að ýta steininum á réttan stað. Hlutverk M hafi einungis verið að leiðbeina starfsmanninum sem stýrði lyftaranum og láta hann vita hversu langt hann átti að ýta og ekkert annað. Hlutverk starfsmannsins á lyftaranum hafi verið að ýta girðingarsteininum samkvæmt leiðbeiningum frá M. M hafi verið búinn að gefa lyftaramanninum merki um að ýta steininum en hafi ákveðið í sömu andrá að stinga hönd sinni á milli girðingarsteinins og girðingarinnar til að fjarlægja steina sem voru fyrir með þeim afleiðingum að höndin klemmdist. Starfsmaðurinn á lyftaranum hafi því aðeins verið að fylgja leiðbeiningum M þegar hann ýtti á girðingarsteininn. Því er hafnað að rekja megi líkamstjón M til hættulegs verklags í umrætt sinn sem A verði látinn bera skaðabótaábyrgð á. Um fremur einfalt verk var að ræða sem þarfnáðist ekki sérstakrar þjálfunar við sem fólst í því að ýta steini og hverjum manni hafi mátt vera það ljóst að ekki væri ráðlegt að setja hönd sína skyndilega á milli steinsins og girðingar í þessu ferli nema þá aðeins ef búið væri að gefa lyftarastjórnanda það skýrt til kynna hvað til stæði og ganga úr skugga um að skilaboðin hafi komist til skila. V telur ákvæði reglugerðar 367/2006 ekki eiga við hér þar sem ekki var verið að lyfta byrði sem yrði ekki stýrt heldur ýta við girðingarsteini með lyftara. Þá verði ekki séð að ákvæðið geri ráð fyrir að kröfur séu um þrjá aðila. V telur að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði ekki leitt annað eða nýtt í ljós en þegar liggur fyrir og því breyti það engu um sönnun á atvikum.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort A beri ábyrgð á því að M slasaðist við vinnu sína. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hans sé að rekja til saknæmra og ólögðra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á.

Það liggur fyrir í málinu að slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins 17. maí 2022 og einnig liggur fyrir að slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu. Ekki verður litið svo á að það hafi áhrif á sönnunarbyrði í málinu þar sem slysið var tilkynnt innan eðlilegs tíma en slysið varð á föstudegi og var tilkynnt til Vinnueftirlitsins næsta þriðjudag.

Það liggur ekki nákvæmlega fyrir hvað olli því að hendi M klemmdist milli steinsins og girðingarinnar því aðilum málsins ber ekki saman um atvik. Af gögnum málsins má þó ráða að það hafi verið hlutverk M að segja starfsmanni á lyftaranum til um það hvenær hann átti að yta steininum en í þetta tiltekna skipti virðist hafa orðið misskilningur á milli þeirra. Það var þó hlutverk M að tryggja það að samstarfsmaðurinn vissi hvenær hann ætti að færa steininn í tiltekið skipti og stóð það því honum nær að gæta þess að vera ekki fyrir þegar samstarfsmaðurinn ýtti á steininn. Það liggur því ekki fyrir í þessu máli að slys M sé að rekja til saknæmra eða ólögðra athafna starfsmanns A eða annarra atvika sem A ber ábyrgð á. Með vísan til þess er slys M ekki bótaskyld hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 190/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar. Umfang tjóns.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 27. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. júní 2024.
3. Ódags. viðbótarathugasemdir M.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 12. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. apríl 2024 hafi orðið vatnstjón í fasteign M, en leki frá uppþvottavél hafi valdið skemmdum á parketi auk þess sem sökklar á eldhúsinnréttingu hafi skemmst. Ekki sé ágreiningur um atvik eða það að bótaskylda sé til staðar. Hins vegar sé deilt um umfang bótaskylds tjóns en M krefst þess að V greiði bætur vegna útskipta á 50,75 fermetrum af parketi. M byggir á því að eldhúsið sé ekki lengur lokað og aðskilið frá stofu og borðstofu eins og teikningar af húsinu geri ráð fyrir. Stór hluti veggjar sem áður aðskildi eldhúsið frá stofunni hafi verið fjarlægður og sé nú um að ræða alrými. Flæðandi parket hafi verið lagt á allt rýmið og það parket sé ekki lengur fánlegt. Yrði eingöngu skipt um parket í eldhúshluta rýmisins, þ.e. þeim 15 fermetrum sem V hafi boðist til að greiða bætur vegna, yrði ekki sama heildarútlit á öllu rýminu heldur þyrfti að aðskilja hluta þess með gólflista á stóru svæði á áberandi stað. Leggur M fram myndband og ljósmyndir af rýminu máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi fallist á að umrætt tjón sé bótaskyldt úr vatnstjónslið fasteignatryggingar M hjá V. Fyrir liggir að tjón hafi aðeins orðið á gólfefnum í eldhúsi og sé afstaða V sú, með vísan til skilmálaákvæðis um að aðeins séu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður, að við uppgjör tjónsins skuli aðeins miða við gólfefni í eldhúsi. Að mati V sé um tvö aðskilin rými að ræða, en ekki alrými stofu og eldhúss, og beri framlagðar ljósmyndir það einnig með sér. Þó skipulagi hafi verið breytt frá teikningum, þannig að hurð hafi verið fjarlægð og dyraop breikkað sé eldhúsið enn afmarkað með veggjum að verulegu leyti. Þá sé loft niðurdregið ofan við dyraopið sem bendi einnig til þess að um skil milli aðliggjandi rýma sé að ræða. Sé eldhúsið því sérstaklega afmarkað rými. Þá hafi M ekki sýnt fram á að það hafi tjón í för með sér að skipta eingöngu út parketi í eldhúsi.

Í viðbótaathugasemdum M kemur fram að horfa verði til þess hvernig rýmið sé raunverulega skipulagt í dag en ekki til fimmtíu ára gamalla teikninga af því. Mat V á tjóni eigi þá að endurspegla raunverulegt tjón og ekki sé eðlilegt sé tjónamat alla jafna lægra en raunverulegt tjón. Þá tekur M fram að V hafi aldrei leitast eftir því að senda fulltrúa sinn á vettvang til mats á tjóninu og aðstæðum. Raunar sé flæðandi parket í allri fasteigninni, þ.m.t. á gangi og í svefnherbergjum. M haldi því þó ekki fram að herbergin teljist hluti sama rýmis og eldhús og stofa enda séu 90 sentimetra hurðarop á herbergjunum og eðli máls samkvæmt um önnur rými að ræða. Dyraop eldhússins sé hins vegar um 150 sentimetrar að breidd og mundi það hafa verulega neikvæð áhrif á útlit rýmisins væri listi settur í dyraopið og mismunandi gólfefni sitt hvoru megin við hann. Þá tekur M fram að upphaflegu tilboði V um bótauppgjör hafi verið hafnað og eftir það hafi V ekki sýnt neinn samningsvilja og tölvupóstum M hafi ekki verið svarað. M sé hins vegar reiðubúinn að mæta V á miðri leið en telji þó ljóst að sú lausn sem V hafi boðið upp á mundi rýra verðgildi fasteignarinnar.

Álit.

Samkvæmt framansögðu gerir M kröfu um að við bótauppgjör sé miðað við útskipti á parketi á stofu og eldhúsi en ekki aðeins í eldhúsrými. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga á váttryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í váttryggingarsamningi. Er því almennt gert ráð fyrir því, þegar um bótaskyldt tjón á fasteign er að ræða, að eignin sé ekki í verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Þá vísar V til þess að sérstaklega komi fram í skilmálum váttryggingarinnar að komi til tjóns á gólfefnum séu aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Liggur því fyrir nefndinni að meta hvort eldhús og stofa í fasteign M séu

hluti sama rýmis. Af ljósmyndum má ráða að dyraop milli eldhúss og stofu sé breiðara en almennt gerist en þó er það mat nefndarinnar að um tvö rými sé að ræða. Eldhús og stofa eru þannig að miklu leyti aðskilin með vegg og þrátt fyrir að dyraopið hafi samkvæmt framansögðu verið breikkað frá upprunalegri hönnun og sama gólfefni hafi verið lagt á bæði rýmin verður að telja að um aðskilin rými sé að ræða. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur M hvorki sýnt fram á að eldhús og stofa séu í sama rými í skilningi skilmálaákvæðisins, né að ástand eignarinnar sé lakara en það var fyrir tjónið eða að heildarútlit raskist þannig að sjálfstæður bótaréttur stofnist þess vegna. Þrátt fyrir að einhver sjónarmunur kunni að verða milli gólfefnis eldhúss og stofu og þó nauðsynlegt kunni að verða að setja lista í fyrrgreint dyraop, er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V en þegar hafa verið boðnar af hálfu V.

Reykjavík, 25. júní 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 193/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 28. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 29. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M ódagsettar.
- Tölvupóstur V dags. 30. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram sú lýsing atvika frá ökumanni bifreiðarinnar X um að hann hafi verið við akstur í snjó og krapasnjó hinn 25. apríl 2024 þegar hann ók bifreiðinni utan í hraunkant með þeim afleiðingum að dekk bifreiðarinnar rifnaði.

M telur að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr kaskótryggingu X og vísar til þess að orsakatengsl séu milli tjóns hans og þess að ekið hafi verið utan í hraunkant sem hafi verið undir yfirborði snjós. M telur að það hafi ekki orðið tjón á dekki bifreiðarinnar X vegna slits vegna venjulegrar notkunar. M vísar einnig til þess að ekki sé verið að krefjast bóta vegna búnaðar sem bilaði sem og að skemmdir á bifreiðinni séu óháðar þeirri bilun.

V hefur hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X og telur í fyrsta lagi að meginorsök tjóns sé bilun loftventils sem leiddi til þess að loft fór úr dekki bifreiðarinnar. Í öðru lagi vísar V til orðalags tjónstilkynningar M þar sem fyrst sé tekið fram að loftventill hafi bilað og þar á eftir að ekið hafi verið út í hraunkant sem skorið hafi á dekkið. V vísar til undanþáguákvæða váttryggingarskilmála, annars vegar b. liðar gr. 5.1 þar sem komi fram að undanskilin séu tjón sem verða vegna bilunar á ökutæki eða búnaði þess og hins vegar k. liðar sömu greindar þar sem komi fram að ekki séu bætt tjón vegna tæringar eða annars slits á ökutæki eða einstökum hlutum þess. V telur ósannað að tjón hefði orðið á dekki bifreiðarinnar X ef bilun hefði ekki átt sér stað.

Í viðbótarathugasemdum M koma fram mótmæli við því að viðurkenning á bilun í loftventli af hálfu M feli í sér að það hafi verið höfuðorsök tjóns á bifreiðinni. M telur engan mun á því hvort mikið eða lítið loft sé í dekkinu þegar því er ekið á hraunkant sem hulinn sé snjó. M ítrekar einnig að hann sé ekki að krefja V um bætur vegna búnaðar sem bilaði.

Í tölvupósti V frá 30. maí 2024 kemur fram að V geri ekki frekari athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón á dekki bifreiðarinnar X falli undir gildissvið kaskótryggingar V og ef svo er hvort undanþáguákvæði váttryggingarskilmála eigi við. Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á dekki við það að bifreiðinni X var ekið á hraunkant. Í gr. 4.1 í váttryggingarskilmálum V kemur fram að váttryggingin bæti tjón vegna skyndilegra, utanaðkomandi atvika sem ekki séu sérstaklega undanskilin í sömu skilmálum. Í b.lið gr. 5.1 segir að váttryggingin bæti ekki „*Bilun á ökutæki eða búnaði þess nema hana megi rekja til bótaskylds atburðar skv. grein 4 að framan.*“ Í k. lið gr. 5.1 segir að váttryggingin bæti ekki „*Tjón eða slit á ökutæki, lakki, lakkvörn, dekkjum, felgum eða öðrum einstökum hlutum, vegna notkunar, t.d. tæring, ryðbruni og annað hefðbundið slit.*“

Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að tjón falli undir gildissvið váttryggingar en ef V ætlar að bera fyrir sig undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum þá ber V sönnunarbyrði fyrir því að tjón falli skýrlega undir þær aðstæður lýst er í slíkum ákvæðum.

Ljóst er af lýsingu í tjónstilkynningu að ökumaður bifreiðarinnar X ók bifreiðinni á hraunkant og því hefur ekki verið mótmælt að tjón vegna þess teljist til skyndilegt og utanaðkomandi atviks í skilningi gr. 4.1 í váttryggingarskilmálum V. Telst tjón M því falla undir gildissvið váttryggingarinnar.

Eins og áður segir hvílir sönnunarbyrði á V um að atvik séu eins og tilgreind eru í undanþáguákvæðum gr. 5.1 í váttryggingarskilmálum, nánar tiltekið b. og k.lið þeirrar greinar. Hvað b.liðinn varðar kemur m.a. þar fram að váttryggingin bæti ekki bilun á búnaði bifreiðar. Af gögnum málsins verður ekki séð að orsakatengsl séu milli þess að loft hafi lekið úr dekki bifreiðarinnar X og þess að váttryggingaratburður varð. Telst V því ekki hafa sýnt fram á að undanþáguákvæði b.liðar gr. 5.1 í váttryggingarskilmálum eigi við um það tjón sem krafist er bóta vegna, þ.e. tjón vegna rifu á dekki. Hallann af sönnunarskorti á orsakatengslum þarna á milli ber V. Hvað orðalag k.liðar gr. 5.1 varðar verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að það eigi við um tjón það sem M hefur krafist bóta vegna. Undanþáguákvæðið verður ekki skilið þannig að allt tjón á dekkjum sé með hlutlægum hætti undanskilið gildissviði váttryggingarinnar heldur sé þar verið að einskorða undanþáguákvæðið við aðstæður tjón sem verða vegna notkunar eða slits sem tengist ekki bótaskyldum tjónsatburði í skilningi gr. 4.1. Telst k.liður gr. 5.1 því ekki heldur eiga við tjón M. Þetta þýðir að greiðsluskylda er fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X hjá V vegna tjóns á dekki hinn 25. apríl 2024.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 194/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

- 156. Málskot mótttekið 29. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 157. Bréf V, dags. 13. júní 2024, ásamt váttryggingarskírteini.
- 158. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. júní 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að eigur M voru kyrrsettar 21. desember 2018. Taldi M ekki skilyrði fyrir kyrrsetningu á eignum hennar og fór fram á að kyrrsetningargerðin yrði úrskurðuð ólögmet og hún felld úr gildi. M var talin bera sjálfskuldarábyrgð vegna skattaskulda fyrrverandi eiginmanns hennar vegna árána 2010 og 2011. Sætti fyrrverandi eiginmaður hennar skattrannsókn og var talið að hann hefði vangreitt opinber gjöld vegna tekjuáranna 2010–2016. M hafði skilið við fyrrverandi eiginmann sinn árið 2013. Körfu M um ógildingu eða breytingu á kyrrsetningargerð sýslumanns var hafnað af Landsrétti með úrskurði í júní 2019. Fékk M greidda málskostnaðartryggingu hjá V vegna þess dómsmáls. Skattar fyrrverandi eiginmannsins voru endurákvarðaðir árið 2021 og hóf Skatturinn innheimtumál gagnvart honum. Fjárnám í eignum M fór svo fram 26. maí 2023. M mótmælti fjárnáminu og höfðaði svo í kjölfarið einkamál með kröfu um að fjárnámsgerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu yrði felld úr gildi. Krafan um ógildingu fjárnámsins byggist aðallega á þeirri málsástæðu að ráðstöfun fjármuna fyrrverandi eiginmanns hennar frá því í mars 2023 hafi verið röng. Hafa bæði héraðsdómur og Landsréttur fallist á kröfur M og er málið nú á leið til Hæstaréttar.

M vísar til þess að líta verði til þess að um er að ræða staðlaða samningsskilmála sem samdir eru einhliða af V. Getur M ekki fallist á að málin séu af sömu rót. Annars vegar var um að ræða ágreining um hvort heimilt væri að kyrrsetja eigur hennar og hins vegar var um innheimtumál að ræða. Innheimtumálið var höfðað eftir að kyrrsetning fór fram. Málið varðar fjárnám sem er varanlegt öfugt við kyrrsetningu sem er bráðabirgðagerð. Lögmeti fjárnámsins veltur á atvikum sem gerðust löngu eftir að úrskurður Landsréttar frá því í júní 2019 gekk.

V vísar til þess í bréfi sínu að M hafi verið í tveimur ágreiningsmálum þ.e. kyrrsetningarmáli og aðfararmáli og rót beggja málanna megi rekja til skattrannsóknar á skattskilum fyrrverandi eiginmanns M fyrir tekjuárin 2011–2016. V hafi greitt tjónabætur úr réttaraðstoðartryggingu M vegna reksturs kyrrsetningarmálsins og greitt hámarksbætur úr váttryggingunni skv. skírteini, kr. 1.451.000. Hefur V hafnað greiðsluskyldu vegna aðfararmálsins á þeim grundvelli að skv. 33. gr. skilmála váttryggingarinnar sé um að ræða eitt tjón þar sem bæði málin eru af sömu rót. Nánar tiltekið eiga bæði rót sína að rekja til þess að M var í sjálfskuldarábyrgð vegna greiðslu opinberra gjalda vegna gjaldáranna 2011–2012 skv. 116. gr. laga nr. 90/2003.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að ákvæði 33. gr. skilmálanna sé bæði undantekningarregla og staðlaður samningsskilmáli sem settur er einhliða af V. Gildissvið ákvæðisins verði því að túlka þrengra en rýmra. Af því leiðir að ekki sé unnt að vísa til svo víðtækrar nálgunar á orðalaginu „*sömu rót*“. Kyrrsetningaraðgerð frá 7. desember 2018 sé rót dómsmáls sem endaði með úrskurði Landsréttar. Kyrrsetning er bráðabirgðaaðgerð sem gerð er meðan skattrannsókn stendur yfir. Um tímabundna ráðstöfun er að ræða og menn hafa hagsmuni af því að fá slíkar kvaðir felldar niður. Tapaði M því dómsmáli í Landsrétti í júní 2019. Á þeim tímapunkti hafði skattkrafa ekki verið stofnuð á hendur fyrrum eiginmanni M. Skattar hans voru ekki endurákvarðaðir fyrr en með úrskurði ríkisskattstjóra 2. desember 2021 og féllu á gjalddaga 12. desember 2021. Rót dómsmálsins var ráðstöfun greiðslu í mars 2023 og fjárnámsgerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 26. maí 2023. Með úrskurði Landsréttar í júní 2024 var fallist á rökstuðning M og fjárnámið var felld úr gildi. Í ljósi niðurstöðu málsins verði að telja að ekki geti verið um sama mál að ræða og fjallað var um í úrskurði Landsréttar á árinu 2019.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort V geti borið fyrir sig undanþáguákvæði í váttryggingarskilmála réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar sem hljóðar svo: „*Ef váttryggður á í fleiri ágreiningsmálum, skulu slík mál talin eitt tjón, svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.*“ Hefur V borið fyrir sig að það ágreiningsmál sem M er nú í gangi milli M og Skattsins og snýst um fjárnámsgerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 26. maí 2023, sé af sömu rót og ágreiningur um kyrrsetningargerð frá 7. desember 2018. Vegna síðarnefnda ágreiningsmálsins fékk M greiddar hámarksbætur úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V og hefur V hafnað greiðslu frekari bóta úr réttaraðstoðartryggingu með vísan til fyrrgreinds skilmálaákvæðis.

Í fyrirbyggjandi greinargerð Skattsins til Landsréttar dags. 26. mars 2024 vegna kæru embættisins á úrskurði Héraðsdóms Reykjaness kemur fram að málið eigi sér nokkuð langa forsögu. Í greinargerðinni eru rakin málsatvik sem ná aftur til þess að hjónabandi M og fyrrum eiginmanns hennar lauk með skilnaði í febrúar 2013. Í kjölfarið er rakið að Skatranssóknarstjóri krafðist kyrrsetningar á eignum fyrrum eiginmanns M og svo var gerð kyrrsetningarbeiðni í eignum M dags. 21. desember 2018. Vísað er til fyrra dómsmáls þar sem M freistaði þess að fá kyrrsetningargerðina fellda úr gildi en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði Landsréttar á árinu 2019. Sambærileg málsatvik eru rakin í greinargerð M til Landsréttar. Af gögnum málsins og þá sérstaklega fyrirbyggjandi greinargerðum aðila til Landsréttar verður ekki annað ráðið en að kröfur þær sem hafðar eru uppi í dómsmáli því sem nú er í gangi milli M og Skattsins vegna fjárnámsgerðar sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu sem fram fór 26. maí 2023, séu af sömu rót og kröfur ágreiningsmálsins sem V hefur þegar greitt bætur til M vegna. Rótin er endurákvörðun Skattsins á opinberum gjöldum fyrrum eiginmanns M vegna áranna 2011-2012 og sjálfskuldarábyrgð M á þeim gjöldum. Teljast málin því til eins tjóns í skilningi undanþáguákvæðis váttryggingarskilmála V og á M því ekki rétt á frekari bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 195/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

159. Málskot móttakið 29. maí 2024.
160. Tölvupóstur V, dags. 25. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
161. Viðbótarframburður M, dags. 27. júní 2024.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B, sem báðar eru váttryggðar hjá V, á bifreiðastæði við Bjarkagötu á Patreksfirði þann 7. maí 2024. Báðum bifreiðunum var ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins. Ökumenn skiluðu inn tjonstilkynningu til V. Ökumaður A kveðst hafa bakkað úr bílastæði sínu nokkru áður og var að fara af stað þegar ökumaður B ók aftur á bak úr bílastæði og á A. Segir ökumaður A bifreið sína hafa verið kyrrstæða. Ökumaður B kveðst hafa litið vel í kringum sig og ekki séð neina bifreið áður en hann ók af stað afturábak. Er hann ók aftur á bak hafi skynjarar bifreiðarinnar byrjað að gefa frá sér hljóð og reyndi ökumaður þá að hemla, en náði ekki að koma í veg fyrir árekstur. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 248/24 að sök skiptist til helminga. M, sem er eigandi A, telur ökumann A vera í fullum rétti þar sem ökumaður B gætti ekki nægjanlega að sér er hann ók aftur á bak úr stæði. Vísar M til fyrirliggjandi ljósmynda af skemmdum aftan á B og á hlið A til stuðnings því að ökumaður B gætti ekki að sér. Hefði hann gætt að sér hefði hann séð bifreiðina A fyrir aftan sig. A hefði átt að sjást bæði vel á bakkmyndavél bifreiðarinnar B og í hliðarspeglum. Telur M að vegna staðsetningar á skemmdum á A sé ómögulegt að ökumaður B hafi ekki séð bifreiðina A þegar hann ók aftur á bak.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki verði annað lesið en að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs og þar sem báðar bifreiðar eru tryggðar hjá V mun V ekki taka sérstaka afstöðu til skiptingu sakar.

Í viðbótarathugasemdom sínum bendir M á ósamræmi í lýsingum sem fram koma í gögnum og niðurstöðum V um sakarskiptingu milli ökutækja.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Óumdeilt er að báðum bifreiðunum var ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. M kveður bifreiðina A hafa verið kyrrstæða nokkru fyrir árekstur. Hefur það ekki úrslitaáhrif þótt ökumaður A hafi hugsanlega stöðvað rétt áður en áreksturinn varð, enda verður ekki annað ráðið en að einungis hafi verið um augnabliksstöðvun að ræða. Ákomur á bifreiðunum benda heldur ekki til þess að árekstur verði einungis rakinn til óaðgæslu ökumanns bifreiðarinnar B. Af gögnum málsins telst því hvorugur ökumanna hafa gætt að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga við akstur aftur á bak. Ber því að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 196/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.

Nafn váttryggðs (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

162. Málskot mótttekið 29. maí 2024, ásamt fylgiskjöllum.
163. Bréf V dags. 19. júní 2024.
164. Viðbótarathugasemdir lögmanns M með bréfi dags. 26. júní 2024 og tölvupósti dags. 2. júlí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að X sá sem löggiltur fasteignasali um sölu á íbúðinni A með kaupsamningi dags. 9. nóvember 2020. M var kaupandi íbúðarinnar. Í söluyfirliti sem prentað var 18. október 2020 kemur fram að um sé að ræða íbúð í kjallara í fjöleignarhúsi og tilvísun er til fastanúmers eignarinnar í fasteignamati Þjóðskrár Íslands. Einnig lá fyrir útprentun fasteignayfirlits sem sótt var 27. ágúst 2020. Í málskoti kemur fram af hálfu M að teikningar hafi ekki legið fyrir af íbúðinni með söluyfirliti eða við gerð kaupsamnings. Einnig hafi komið í ljós við eftirgrennslan M eftir afhendingu að íbúðin hafi verið „ósamþykkt“ og sækja þurfi um byggingarleyfi vegna þeirra breytinga sem gerðar voru án slíks leyfis áður en M keypti hana. Viðræður voru milli M og seljanda í tengslum við yfirlýsingu um riftun M á kaupum á eigninni á árinu 2021 en án árangurs.

M telur að X hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 70/2015 um sölu fasteigna með því að hafa ekki tiltækar teikningar með söluyfirliti. Um sé að ræða opinber gögn sem M hefði mátt treysta að X hefði kynnt sér og auðvelt hefði verið að afla t.d. af teikningavef Reykjavíkurborgar. Það sem hefði komið fram ef það hefði verið gert er að teikningar voru ekki til af íbúðinni eins og hún var útbúin þegar kaupsamningur var gerður, heldur eingöngu eldri teikningar. Á þeim teikningum komi fram að eignin sé skráð sem geymslur, verkstæði, þvottahús o.fl. M vísar einnig til þess að stuttu eftir afhendingu hafi M óskað eftir staðfestingu á því frá Reykjavíkurborg að íbúðin væri samþykkt og fengið það svar að íbúðin stæðist ekki skilyrði byggingarreglugerðar t.d. vegna lofthæðar, birtuskilyrða og fleira og það sem M gæti gert væri að freista þess að fá eignina skráða sem ósamþykkt íbúð, en til þess þyrfti hann að sækja um byggingarleyfi. M telur að þó eignin hafi gengið kaupum og sölum áður og það að eignaskiptayfirlýsing liggja fyrir frá árinu 1965 breyti ekki því að X hefði haft nægt tilefni til að kanna betur hvort íbúðin væri samþykkt. M vísar auk þess til þess að sá einstaklingur sem komið hafi fram fyrir hönd X hafi verið nemi til löggildingar fasteignasala og hafi því ekki haft heimild til að skoða eignina, gera söluyfirlit eða koma einn fram gagnvart M. M vísar auk þess að sú fasteignasala sem X starfar hjá hafi séð um sölu á sömu íbúð árið 2018 og eftir það hafi veggur verið brotinn niður í íbúðinni og íbúðin hafi litið öðruvísi út, m.a. að ekkert klósett hafi verið í íbúðinni. M telur að það hafi verið vítavert af hálfu X að kynna sér ekki framkvæmdir fyrri eiganda og hvort leyfi hafi verið veitt vegna þeirra. Einnig vísar M til þess að þrátt fyrir yfirlýsingu í söluyfirliti um að nýtt rafmagn hafi verið dregið í íbúðina hafi rafmagn ekki virkað sem skyldi. M vísar um það til tilboðs sem hann fékk löggiltum rafverktaka til lagfæringa að fjárhæð 514.238 kr. Þessu til viðbótar vísar M til þess að upplýsingar um geymslu í söluyfirliti hafi ekki verið réttar, þ.e. að venja væri fyrir einkaafnotum íbúðareiganda á geymslunni, heldur væri hún sameign allra íbúa. Einnig telur M að X hafi ekki kynnt sér nægilega breytingar sem hafi verið gerðar á baðherbergi eignarinnar eftir árið 2018, en þær breytingar hafi átt sér stað eftir að fasteignasala X hafi séð um sölu á eigninni í fyrsta skipti. M vísar til ákvæða laga nr. 70/2015 um hvað eigi að koma fram í söluyfirliti og skoðunarskyldu fasteignasalans auk skyldna X að liðsinna bæði seljanda og kaupanda, sbr. 15. gr. laganna og telur að X hafi vanrækt slíkar skyldur.

V hefur hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X og vísar til þess að skv. X hafi allar upplýsingar í söluyfirliti verið í samræmi við upplýsingar úr opinberum skrá og í samræmi

við upplýsingar frá seljanda sem og sjálfstæða ástandsskoðun X. Seljandi og M hafi báðir undirritað söluyfirlitið án athugasemda og hafi það verið í samræmi við ákvæði 12. gr. laga um sölu fasteigna. X hafi sótt upplýsingar um fasteignamat en hvergi komið fram í sömu 12. gr. að fasteignasala sé skylt að rannsaka hvort opinberar upplýsingar séu réttar. Almennt verði að ganga út frá því að upplýsingar í opinberum skráum séu réttar. Ekkert komi fram í fasteignaryfirliti um að íbúðin sé ósamþykkt. Einnig vísar V til þess að ekki séu til „reyndarteikningar“ af íbúðinni, en þær teikningar sem til eru séu teikningar frá 1938. V telur einnig að M hafi sýnt af sér tómlæti í ljósi þess að ekki liggi fyrir gögn um annað en samskipti hafi verið milli M og seljanda um riftun árið 2021 kröfum hafi ekki verið beint að X fyrr en í febrúar 2024. V mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að fasteignin A sé ósamþykkt íbúð og bendir á að það sé ekkert í opinberum skráum sem sýni að svo sé. Tölvupóstssamskipti M við starfsmenn Reykjavíkurborgar sanni ekki að opinber skráning sé röng. V vísar til þess að íbúðin hafi áður gengið kaupum og sölum og m.a. verið seld nauðungarsölu án nokkurra athugasemda, hvorki þinglýsingarstjóra né annarra. Ekkert hafi því gefið X tilefni til að ætla að opinber skráning hafi verið röng. Ekki sé heldur hægt að álykta út frá því að ekki séu teikningar af íbúðinni í gagnasafni Reykjavíkurborgar að gerð íbúðarinnar hafi verið óleyfisframkvæmd á sínum tíma. V vísar einnig til þess að með hugtakinu „reyndarteikningar“ sé um að ræða hugtak sem vísað sé til í reglugerðum og dómum og séu einfaldlega teikningar sem gerðar séu eftir að breytingar séu gerðar á fasteignum og vísar V til tiltekinna dóma Hæstaréttar um notkun hugtaksins. V vísar auk þessa til þess að það liggi ekki nákvæmlega fyrir hvenær kjallara var breytt í íbúð en af gögnum málsins megi ráða að það hafi gerst á tímabilinu 1938-1965. Því er hafnað af hálfu V að X hafi borið að skoða A sérstaklega í ljósi þess að hann hafði áður selt eignina og því einnig hafnað að á X hafi hvílt sú skylda að kanna sjálfstætt hvort breytingar á íbúðinni hafi verið leyfisfiskyltar. Því er einnig hafnað að X hafi átt að kanna sérstaklega ástand raflagna. Einnig telur V ósannað að M hafi verið meinud afnot geymslu. Hvað varðar baðherbergisframkvæmdir áréttar V einnig að X hafi verið skylt að kanna hvort yfirstaðnar framkvæmdir hafi verið sérstaklega leyfisfiskyltar eða að húsfélagi sé skylt að lýsa þeim framkvæmdum sem yfirstaðnar séu. V telur því að það sé ósannað að upplýsingar í söluyfirliti A hafi verið rangar eða ófullnægjandi. V vísar einnig til þess að upplýsingar í söluyfirliti hafi eðli málsins samkvæmt stafað að nokkru leyti frá seljanda og sjálfstæð skoðun X hafi ekki gefið honum tilefni til að skoða ástand fasteignarinnar frekar og ekkert í opinberum skráum hafi gefið til kynna að A væri ósamþykkt íbúð. Kaupverð hafi auk þess verið nálægt fasteignamati og hafi tekið mið af ástandi hennar. V telur einnig að það liggi ekki fyrir hvers vegna M hélt ekki til streitu riftunarkröfu gagnvart seljanda og tómlæti hans því verulegt. Einnig telur V að meint tjón M sé ósannað.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram að grandvar fasteignasali hefði átt að átta sig á því að lofthæð A væri ekki fullnægjandi, en hún sé aðeins 2,2 metrar og rör upp um alla vegg, eins og komi fram á ljósmyndum. Þannig hafi X borið að benda á að íbúðin væri ekki með fullri lofthæð í söluyfirliti. X hafi átt að búa yfir slíkri þekkingu en M hafi verið að kaupa sína fyrstu fasteign og treyst á upplýsingar frá X. Auk þess er ítrekað að breytingar við færslu veggs á baðherbergi hefði ekki mátt dyljast X sem hafi áður selt sömu íbúð án þeirra breytinga. Vísað er til b. liðar 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 um að teikningar séu eitt af þeim vottorðum sem liggja skuli fyrir með söluyfirliti, auk þess sem vísað er til skyldna fasteignasala í 10.-12. gr. sömu laga. Auk þessa vísar lögmaður M á bug að um tómlæti M hafi verið að ræða þar sem seljandi hafi ekki sinnt erindum sem og hafi X ekki boðað M til afsalsgerðar. Einnig er vísað til þess að seljandi hafi haft það að atvinnu að leigja út húsnæði en M hafi verið kaupandi að sinni fyrstu eign.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnunnar X hjá V. Gildissvið starfsábyrgðartryggingar nær til skaðabótaskyldu fasteignasala m.a. á grundvelli 27. gr. laga nr. 70/2015. Um skyldur fasteignasala er fjallað í fleiri ákvæðum laganna, m.a. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 þar sem kemur fram að fasteignasali skuli gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana.

Í b-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um staðsetningu eignar og númer, stærð hennar samkvæmt opinberum skráum, fasteignamat, brunabótamat, byggingarlag og byggingarefni og byggingarár eignar og einstakra hluta hennar ef við

á; teikning sem sýni fyrirkomulag innan húss skal jafnan vera fyrir hendi, svo og lóðaruppdráttur sé hann til. Í 1. mgr. 12. gr. segir að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluþyrliti, og skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er en ástand eignarinnar, gerð hennar og búnað skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluþyrliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í fyrirnefndri 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat skv. dómafrankvæmd.

Sakarmat í þessu máli byggir fyrst og fremst á því hvort X hafi sýnt saknæma háttsemi með því að leggja ekki fram teikningar af íbúð A með söluþyrliti og hvort X hafi við sjónskoðun átt að vekja athygli á því að íbúðin væri t.d. ekki með fulla lofthæð og það að framkvæmdir hafi verið gerðar á íbúðinni hafi átt að leiða til frekar skoðunar X á því hvort þær framkvæmdir hafi verið leyfisskyldar.

Í fyrirnefndum b. lið 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 kemur fram að teikning sem sýni fyrirkomulag innan húss skuli jafnan vera fyrir hendi. Í þessu máli verður ekki séð að X hafi gert ráðstafanir til þess að afla teikninga sérstaklega af íbúð, en verður að ætla að aðgangur að slíkum teikningum hefði verið greiður fyrir X. Þær teikningar sem lagðar hafa verið fram í málinu sýna allt annað skipulag af íbúðinni A heldur en lýsing í söluþyrliti gaf til kynna og í ljósi þess hefði verði rétt af X að benda væntanlegum kaupendum á það þannig að þeir hinir sömu gætu metið fyrirhuguð kaup út frá því. Strangar kröfur eru gerðar til löggiltra fasteignasala um að gæta þess að upplýsingar um fasteignir séu fullnægjandi í söluþyrliti og verður X að bera hallann af því að hafa ekki sýnt fram á að ekki hafi verið nauðsynlegt að leggja fram teikningar af íbúðinni A við sölu hennar. Telst sú háttsemi í ljósi fyrirmæla í b.lið 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 vera saknæm af hálfu X sem leiðir, þegar af þeirri ástæðu, til viðurkenningar greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Þegar litið er til gagna málsins í heild verður þó ekki séð hver fjárhæð tjóns M sé vegna umræddrar saknæmu háttsemi og verður því ekki tekin sérstök afstaða til umfangs tjóns.

Niðurstaða.

Viðurkennd er greiðsluskylda úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 197/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 29. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. júní 2024, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. júní 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var hinn 13. september 2021 á leið til vinnu þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hennar í hringtorginu á Arnarneshæð. Daginn eftir áreksturinn leitaði M til heimilislæknis vegna einkenna sinna og var svo í kjölfarið fjarverandi frá vinnu í nokkra daga vegna verkja frá baki. Næsti vikur og mánuði eftir slysið var M mikið frá vinnu vegna óútskýrðra veikinda og leið eins og líkaminn sinn væri að gefast upp þar sem hún fann ávallt til verkja. Í maí 2022 var hún hætt að geta sinnt störfum sínum sem deildarstjóri á leikskóla og fór í mánaðarlangt veikindaleyfi. Í september 2022 átti M erfitt með að klára fullan vinnudag og fór því til heimilislæknis þann 16. september 2022 og fékk beiðni í sjúkraþjálfun. Hefur M leitað ítrekað til sjúkraþjálfara eftir umferðarslysið á tímabilinu frá 27. september 2022 til 27. febrúar 2023 og svo aftur frá 4. september 2023. Í febrúar 2024 var meðferð enn ekki lokið. Af greinargerð sjúkraþjálfara má ráða að afleiðingar umferðarslyssins hafi haft mikil áhrif á M og að líkamstjónið sé varanlegt. Líkamstjónið var tilkynnt til V þann 21. október 2022. Hefur V hafnað bótaskyldu með vísan til þess að gögn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði getað hlotist af atvikinu. Mótmælir M þessari afstöðu V og vísar til hlutlægu ábyrgðarreglu 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Á grundvelli hennar þurfi M eingöngu að sýna fram á að orsakatengsl séu á milli notkunar ökutækis og þess heilsutjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir. Telur M að fullsannað sé skv. gögnum málsins að hún hafi orðið fyrir heilsutjóni í kjölfar slyssins sem rekja megi til notkunar ökutækisins A.

V telur ósannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og einkenna M. Kraftur í umræddum tjónsatburði hafi ekki verið nægur til þess að valda skaða á líkama M. Ekkert tjón á bifreið M hefur verið tilkynnt til V og engin viðgerð hefur því farið fram á vegum V né hafa bætur verið greiddar út. Einu myndir af bifreið M eftir áreksturinn eru myndir sem bárust frá M um einu og hálfu ári eftir áreksturinn. Ósannað sé að einhver ákoma hafi verið á bifreið M eftir áreksturinn. M eigi aðeins tvær læknskómur í tengslum við umferðarslysið og líður ár á milli þeirra. Í þessum komum lýsir M bakverkjum og höfuðverkjum. Þau einkenni sem M telur sig vera að glíma við eftir áreksturinn eru ekki sértæk fyrir áverka vegna umferðarslyss. Einkennin eru almenns eðlis og þarf ekki að koma til sérstakra atvika í lífi einstaklings til þess að slík einkenni geti gert vart við sig.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að það liggi fyrir samskipti sem staðfesti að tjónvaldur hafi boðist til að láta gera við skemmdirnar á sinn kostnað til að sleppa því að tilkynna tjónið til tryggingafélagsins. Auk þess megi sjá af fyrirliggjandi ljósmyndum að sýnilegar skemmdir séu á bifreið M þótt þær séu ekki miklar. Samtímagögn styðji að M hafi kennt sér meins strax eftir slysið. Slysið gerðist á tímum heimsfaraldurs og var ekki hlaupið að því að fá tíma hjá heimilislækni á því tímabili sem leið á milli fyrstu komu hennar til læknis og þar til hún fékk aftur tíma í september 2022. Gerði hún tilraunir til að vinna sjálf í þeim meiðslum sem hún hlaut í slysinu en það gekk ekki upp svo hún leitaði aðstoðar sjúkraþjálfara.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 13. september 2021. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af ljósmyndum af bifreið M má ráða að afar lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði til læknis 14. september 2021 og kvartaði undan bakverkjum og höfuðverk. Fékk hún almennar

ráðleggingar og sagt að hafa samband eftir þörfum. Leitaði M næst til læknis ári síðar eða þann 16. september 2022 og kveðst hafa haft bakverki eftir umferðarslysið og höfuðverki og fékk hún beiðni um sjúkraþjálfun. Þá liggur fyrir að M leitaði 14 sinnum til sjúkraþjálfara á tímabilinu frá 27. september 2022 til 27. febrúar 2023. Og svo í 10 skipti frá 3. september 2023. Einkenni þau sem sjúkraþjálfari var að meðhöndla voru verkir í hálsi, brjóstþrygg, öxlum, höfði, svima og ljósnæmni. Samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkraskrá sem nær aftur til 1. janúar 2017 er ekki að sjá að M hafi fyrir slysið glímt við einkenni frá baki eða hálsi fyrir áreksturinn þann 13. september 2021. Af sömu sjúkraskrá má hins vegar sjá að M leitar oft til heimilislæknis vegna ýmissa kvilla á næstu mánuðum eftir slysið og var m.a. óvinnufær um tíma vegna andlegrar vanlíðunar og kvíða. Minnst hún ekki aftur á slysið fyrr en við komu til heimilislæknis þann 16. september 2022 og minnst þar á bakverki og höfuðverki og fær beiðni um sjúkraþjálfun sem hún svo sinnir líkt og fyrr greinir. Samkvæmt skýrslu sjúkraþjálfara voru einkenni þau sem hann var að meðhöndla mun víðtækari en þau sem M rekur til árekstursins. Telja verður á grundvelli þess að ekki sé til staðar samfella einkanna M í kjölfar árekstursins. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn líkt og læknisvottorð eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, sem staðfesta að varanlegt líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum þann 13. september 2021. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hennar megi rekja til árekstursins þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu milli einkenna M í dag og árekstursins þann 13. september 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 199/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

165. Málskot mótttekið 29. maí 2024 ásamt fylgiskjali.
166. Bréf V2 dags. 26. júní 2024.
167. Bréf V1 dags. 18. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í skýrslu Aðstoðar og öryggis dags. 22. mars 2024 kemur fram að þann sama dag hafi orðið árekstur milli A og B, en M var ökumaður hennar. Hafi atvik verið þau að ökumaður A hafi ekið vestur Ármúla í Reykjavík með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri á gatnamótum Ármúla og Háaleitisbrautar. Hafi hann sveigt til vinstri til að taka fram úr kyrrstæðri bílaröð í þeim tilgangi að komast á beygjuakrein. Ökumaður B hafi ekið frá bifreiðastæði við Ármúla 1 og hafi ætlað að aka Ármúla í austurátt. Hafi ökumenn í bílaröðinni gefið honum svigrúm til að aka gegnum röðina og inn á götuna. Þá hafi A komið frá vinstri og bifreiðarnar skolið saman. Fram kemur þá að B vilji meina að A hafi verið ekið yfir miðlínu og verið á öfugum vegarhelmingi. Ökumaður A segist hins vegar ekki hafa verið á öfugum vegarhelmingi enda hafi hann verið a.m.k. að 75% á réttri akrein. Báðir ökumenn telji sig vera í rétti.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að B bæri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem ökumanni hennar hefði borið að veita allri umferð um Ármúla forgang. M fellir sig ekki við þau málalok og byggir í málskoti á því að A hafi ekið yfir óbrotna miðlínu, þar sem framúrakstur hafi verið óheimill og hafi ökumaður hennar því gerst brotlegur við ákvæði umferðarlaga. Þá hafi A verið ekið of hratt. B hafi þá verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs.

Í bréfi V1, sem var á tjónsdegi váttryggjandi A kemur fram að ætla megi að áreksturinn hafi orðið í um þriggja metra fjarlægð frá upphafi beygjuakreinar til vinstri, og í um 40 metra fjarlægð frá gatnamótum. Af loftmyndum megi þá ráða að engin miðlína og/eða brotin miðlína sé á vettvangi árekstursins. Það sé afstaða félagsins að B hafi gerst brotlegur við 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sem kveði á um a ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði eða svipuðu svæði. Á vettvangi hafi verið brotin miðlína sem heimili framúrakstur og það sé þá eðlilegt og samkvæmt venju að ökumenn færi sig yfir á vinstri akrein nokkru áður en komið er að formlegri akreinaskiptingu. Vísar V1 þá til fordæmis nefndarinnar í máli nr. 386/2019 því til stuðnings að B beri alla sök á umræddum árekstri.

V2 gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að B hafi verið ekið inn á Ármúla frá bifreiðastæði. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga ber ökumanni að veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg frá t.a.m. bifreiðastæði. Vegna þeirrar skyldu ber ökumaður bifreiðar B sönnunarbyrði þess að ökumaður bifreiðar A hafi hagað aksturslagi sínu í andstöðu við fyrirmæli umferðarlaga eða þannig að hann beri einnig sök á árekstrinum. Af fyrirliggjandi ljósmyndum af vettvangi verður ekki annað ráðið en að miðlína hafi verið brotin og framúrakstur því heimill á þeim stað sem árekstur varð. Hefur M þá ekki lagt fram nein þau gögn er sýni fram á hið gagnstæða. Í málskoti ber M því einnig við að A hafi ekið hratt og háskalega. Samkvæmt framburði ökumanns A var aksturshraði hans um 30 til 35 kílómetrar á klukkustund en hámarkshraði á vettvangi er 30 kílómetrar á klukkustund. Er því ekki sýnt fram á að aksturshraði A hafi verið slíkur að metið verði ökumanni hennar til sakar. Verður M, eins og hér háttar til, að bera hallann af framangreindum sönnunarskorti.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 29. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 201/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Brunatrygging lausafjár.****Gildistími váttryggingar.****Gögn.**

168. Málskot mótttekið 6. júní 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
169. Bréf V dags 18. júlí 2024, ásamt váttryggingarskírteini og lista yfir váttryggt lausafé og lista yfir muni sem urðu fyrir tjóni.

Málsatvik.

Af málskoti verður ekki annað ráðið en að M hafi orðið fyrir tjóni hinn 26. nóvember 2023 vegna bruna í húseign í Reykjavík. Af lista M um „vinnutap og tjón vegna bruna“ er gerð grein fyrir ýmsum lausafjármunum sem M telur að hafi orðið fyrir tjóni, samtals að fjárhæð 3.102.000 kr.

M telur að réttur til bóta sé fyrir hendi þar sem hann hafi orðið fyrir tjóni vegna slökkvistarfa og eldsvoða sem ekki hafi tengst M á neinn hátt. Um bruna hafi verið að ræða í ólöglegu leiguhúsnaði og húseigendur hafi fengið bætur en ekki M.

V vísar til þess að brunatrygging lausafjár M hafi ekki tekið gildi fyrr en 21. desember 2023 hjá V en tjónsdagur hafi verið 26. nóvember 2023. Þannig hafi M ekki verið váttryggður á tjónsdegi með váttryggingarskilmálum brunatryggingar lausafjár, en þar komi fram í 1. gr. váttryggingarskilmála að það lausafé sé váttryggt sem tiltekið sé í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í váttryggingarskírteini M komi fram að váttrygging taki til muna samkvæmt lista. Sá listi sem liggja fyrir tilgreini einungis einn mun sem gerð sé grein fyrir að hafi orðið fyrir tjóni. Þannig eigi M ekki rétt til bóta.

Álit.

Í þessu máli liggja fyrir gögn um að tilteknir lausafjármunir í eigu M hafi verið brunatryggðir með brunatryggingu lausafjár frá 21. desember 2023. Sá tjónsatburður sem M vísar til í málskoti að valdið hafi tjóni á tilteknum lausafjármunum hans átti sér stað hinn 26. nóvember 2023. Það var áður en brunatrygging lausafjár tók gildi hjá V. Þegar af þeirri ástæðu telst M ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr brunatryggingu lausafjár hjá V.

Ekki verður séð af gögnum málsins að aðrar váttryggingar hjá V geti náð til tjóns M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr brunatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 202/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

170. Málskot mótttekið 3. júní 2024.
171. Bréf V dags. 10. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
172. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. október 2024.
173. Viðbótarathugasemdir V dags. 31. október 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjonstilkynningu M sem var send V 2. febrúar 2024 varð hann var við vatnstjón á heimili sínu hinn 25. janúar 2024 er hann sneri heim úr þriggja vikna utanlandsferð. Kemur fram í tilkynningunni að niðurlímt parket sé bólgið á tveggja metra kafla, og um sé að ræða ljóta og áberandi skemmd. Um geti verið að ræða leka frá ofni/röri, glugga eða sprungu í vegg en komast þurfi að því hvaðan lekinn komi.

Í málskoti kemur fram að í kjölfarið hafi farið fram skoðun tjonamatsmanns sem hafi kallað til pípulagningameistara til frekari skoðunar og rakaleitar. Sú skoðun hafi leitt í ljós að ekki mældist óeðlilegur raki á umræddu svæði. Að mati V bendi ekkert til þess að um leka frá lögnum hafi verið að ræða og telji V því líkur á að um utanaðkomandi raka hafi verið að ræða. Á grundvelli þess hafi bótaskyldu verið hafnað. M tekur í málskoti fram að skemmdin sé beint fyrir neðan ofn/inntak í borðstofu, um sé að ræða mjög afmarkaða og sérkennilega staðsetningu. M hafi fengið tvo utanaðkomandi aðila til að skoða aðstæður og þeir telji báðir að kuldakast í janúar hafi orsakað tjónið. Aðrir íbúar í húsinu hafi skrúfað upp í hitakerfi vegna kuldans og oft verði það til þess að lagnir missi raka.

Í bréfi V til nefndarinnar og viðbótarathugasemdum þess kemur fram að við skoðun á tjóninu hafi ekki mælst raki og enginn lagnaleki hafi verið til staðar. Hafi það verið mat pípulagningameistara að líklegast væri um raka frá glugga að ræða þó það hefði ekki verið staðfest. Er þá vísað til þess að það hvíli á M að sýna fram á orsök tjónsins og að atvik falli undir gildissvið váttryggingarinnar. Hallann af sönnunarskorti hvað það varði verði M að bera. Í skilmálum komi fram að váttryggingin bæti tjon vegna skemmda á váttryggðri húseign sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar. M vísi í málskoti til þess að það sé mat óháðra aðila að ofnlagnir hafi misst raka þar sem aðrir íbúar hafi hækkað hita í sínum íbúum. Frekari upplýsingar um framangreinda aðila eða matsgerðir þeirra liggi þó ekki fyrir og hafi M ekki framvísað neinum gögnum er sýni fram á lagnaleka. Þá telji V M ekki halda því fram í málskoti að um lagnaleka hafi verið að ræða. Tjon sem rekja megi til langvarandi raka eða vatnsleka sé þá ekki bótaskyldt samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar og hvort sem tjon M verði rakið til utanaðkomandi vatns eða raka eða vegna þess að lagnir hafi misst raka sé ljóst að í hvorugu tilvikinu sé bótaskylda fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M rekur hann að enginn raki sé í útvegg og leki verði ekki rakinn til glugga sem sé í eins metra hæð frá gólfi. Svalir hinum megin við útvegginn séu þá með gólfhalla og niðurfalli og vatn leiti ekki inn þaðan. Enginn frekari leki hafi þá átt sér stað þrátt fyrir vatnsveður í sumar og hafi húsið nýlega verið steinað og sprunguviðgert. Eftir standi þá aðeins að um sé að ræða leka frá vatnsinntaki við miðstöðvarofn sem sé í um 10 sentimetra hæð frá gólfi. Aðilar sem skoðað hafi aðstæður séu sammála um orsök skemmdanna og það standist ekki skoðun að leita að öðrum orsökum.

Álit.

Vatnstjónstrygging fasteignatryggingar M tekur skv. 1 gr. viðeigandi skilmála til tjóns sem verður af nánar tilgreindum tjónsorsökum sem eru tilteknað í þremur stafliðum. Í a.-lið kemur fram að bætur séu greiddar vegna skemmda á váttryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða

frárennislögnum hennar. Það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að atvik falli undir framangreinda skilgreiningu.

Í athugasemdum V kemur fram að pípulagningamaður á þess vegum hafi ekki fundið nein merki um lagnaleka sem falli að framangreindri skilgreiningu og af gögnum málsins má ráða að nokkur vafi sé um orsök tjónsins. M byggir á því að tjón á gólfefnum verði rakið til leka eða raka frá lögnum, þ.e. þess að þær hafi „misst raka“. Vísar M þá til þess að sú afstaða hans sé byggð á mati tveggja fagaðila sem skoðað hafi aðstæður. Engin frekari gögn, s.s. álitsgerðir umræddra aðila, liggja þó fyrir nefndinni.

Í því ljósi og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að telja ósannað að tjón M verði rakið til atvika sem falli undir framangreinda skilgreiningu í skilmálum V. Verður hann að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 203/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

174. Málskot móttakið 3. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.

175. Bréf V, dags. 19. júní 2024, ásamt ljósmynd.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. mars 2021 hafi M slasast er hún féll um misfelli á gangstétt fyrir utan verslun X. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við fallið og gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 3. apríl 2023, hafnað bótaskyldu með vísan til þess að slysið yrði ekki rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X, heldur óhappatilviljunar eða eigin aðgæsluleysis M. Telur M að aðstæður fyrir utan verslun X hafi verið hættulegar þeim sem þangað komu. Hafi X látið hjá líða að setja upp nægilegar merkingar eða varúðarráðstafanir þar sem misfellan var í gangstéttinni. Vísar M til ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og samskonar ákvæða í eldri byggingarreglugerðum. Þá vísar M einnig til þágildandi 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 þar sem fram kemur að húsnæði skuli vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast, starfa eða nálægir íbúar, hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af. Vísar M til þess að auknar kröfur séu lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna, þar sem rekin er starfsemi sem laðar að neytendum eða veitir þjónustu, um að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. Því hafi X borið að grípa til ráðstafana vegna aðstæðna á slystað. Vísar M til dóma því til stuðnings.

Í bréfi V kemur fram að ástand gangstéttarinnar hafi verið kannað eftir atvikið og hafi ekkert athugavert fundist. Brún gangstéttarinnar hafi verið máluð í skærum lit allt frá árinu 2016 og reglulegu viðhaldi sé sinnt á málningunni. Er það því afstaða V að slys M verði ekki rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem það ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna, þar sem rekin er verslun eða þjónusta, að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Af fyrirbyggjandi gögnum málsins og þá sérstaklega ljósmyndum af viðkomandi gangstétt, verður ekki annað ályktað en að X hafi gripið til viðeigandi ráðstafana til að vara vegfarendur við brún gangstéttarinnar með áberandi málningu sem máluð hefur verið á brúnina. Með vísan til framangreinds er það afstaða nefndarinnar að X hafi gert tilhlýðilegar ráðstafanir til að draga úr hættu fyrir vegfarendur. Um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. október 2024.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 206/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar: (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

5. Málskot mótttekið 3. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
6. Bréf V dags. 18. júní 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kvöldi hins 11. janúar 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni er hann rann í hálku og lenti illa á bifreiðastæði við íþróttamiðstöð X að lokinni æfingu þar. M hafi krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X en V hafi hafnað kröfu hans með vísan til þess að ekki hafi verið um saknæma og ólögmeta háttsemi X að ræða heldur megi rekja tjón M til óhappatilviks og/eða eigin aðgæsluleysis. M vísar til þess að í lögregluskýrslu um atvikið, dags. 21. janúar 2023, komi fram að M hafi verið að ganga á bifreiðaplani við sundlaugina í X þegar hann rann í hálku með þeim afleiðingum að snerist upp á vinstri ökkla hans. Þá komi fram í lögregluskýrslunni að vettvangur hafi verið mjög ísilagður og mikil hálka hafi verið á planinu. Þá hafi skýrsluritari ekki talið að neinar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar vegna hálkunnar. Verði að meta X og starfsfólki þess til gáleysis að hafa ekki komið í veg fyrir slyshættu með því að gera viðhlítandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem leið áttu í íþróttamiðstöðina. Af fyrirliggjandi lögregluskýrslu sé þá ljóst að tilefni til slíkra aðgerða hafi verið ærið. Er þá vísað til þess að auknar kröfur séu lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem boðið er upp á þjónustu og almenningur venur komur sínar, og hafi því skylda X til að grípa til ráðstafana verið enn ríkari en ella. Er þá vísað til nokkurra dómafordæma Hæstaréttar því til stuðnings. Hafi þau sem sóttu þjónustu í umrædda íþróttamiðstöð því mátt treysta því að gerðar væru slíkar ráðstafanir sem með sanngirni mætti krefjast af X í þeim tilgangi að tryggja öryggi en auðvelt og kostnaðarlítið hefði verið að koma í veg fyrir slys M með því að salta eða sanda bifreiðastæðið og þá sérstaklega við inngang miðstöðvarinnar. V byggir þá afstöðu sína m.a. á því að búið hafi verið að loka húsnæðinu og ekki sé hálkuvarið að kvöldi til. Er þeirri afstöðu mótmælt af hálfu M og verði að gera þær kröfur að aðkoma að húsnæði sem opið er að kvöldlagi sé einnig örugg á kvöldin og það sé engan veginn fullnægjandi að sinna hálkuvörnum aðeins að morgni. Er vísað til fordæmis Hæstaréttar í máli 251/2005 framangreindu til stuðnings. Brýn nauðsyn hafi staðið til þess að hálkuverja svæðið aftur síðdegis og/eða um kvöldið. Fyrst miðstöðin sé opin til 21 að kvöldi verði að tryggja aðgengi fólks fram til þess tíma en ljóst sé að hálkuvörn sem framkvæmd er að morgni gagnist lítið að kvöldlagi. Þá haldi V því fram að alllangt sé milli bifreiðastæðisins og aðalinngangs byggingarinnar. Því er hafnað af hálfu M enda séu ekki mörg bifreiðastæði framan við miðstöðina og stutt frá inngangi að bifreiðastæðum. Svæðið sem þurfi að hálkuverja sé því ekki stórt. Með hliðsjón af framangreindu telur M því bótaskyldu fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að því sé hafnað að slysið hafi átt sér stað við aðalinngang íþróttamiðstöðvarinnar. Í lögregluskýrslu komi fram að slys M hafi átt sér stað á bílaplaninu en ekkert tekið fram um að það hafi verið á bifreiðastæði við aðalinngang. Af fyrirliggjandi ljósmynd megi sjá að alllangt sé milli aðalinngangs og bifreiðastæðisins. Þá er því hafnað að ekki hafi verið búið að hálkuverja fyrir utan miðstöðina, enda hafi starfsmenn X hálkuvarið samkvæmt verkáætlun um morguninn og notað til þess salt- og sanddreifara. Slysið hafi átt sér stað kl. 21, eftir lokun sundlaugarinnar. Starfsdegi starfsmanna X hafi þá verið lokið og ekki séu vaktir sem salti eða hálkuverji á kvöldinn. Starfsmenn sundlaugarinnar sjái um að hálkuverja við innganginn. Ekkert liggi fyrir um að nauðsynlegt hafi verið að hálkuverja aftur yfir daginn en engar tilkynningar eða kvartanir hafi borist þess efnis að aðstæður væru slíkar að það þyrfti að hálkuverja að nýju. Starfsfólk X hafi því gert nauðsynlegar og eðlilegar ráðstafanir vegna hálkunnar. Þau fordæmi sem M vísi til eigi þá ekki við enda séu atvik ekki sambærileg. Slys M hafi þá átt sér stað um hávetur þegar hálka og klaki hafi verið um allan bæ og aðstæður því augljóslega með þeim hætti að þörf væri á aðgæslu. Hafi M verið á

leið til baka í bifreið sína að æfingu lokinni og hafi honum því verið kunnugt um að hálfka væri á staðinu. Er afstaða V því sú að ekki sé til staðar bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir slysi sem sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Hvað X varðar er vissulega rétt að sem rekstraraðila sem veitir almenningi þjónustu hvílir á því rík skylda til að viðhafa sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem leggja leið sína að og frá húsnaðinu. Verður þá að taka undir með M varðandi það að sú skylda fellur ekki niður að loknum hefðbundnum dagvinnutíma, og verður að gera þær kröfur til slíkra aðila að einhvers konar verkáætlun er miði að því að tryggja öryggi þeirra sem í fasteignina leita á opnunartíma, en ekki aðeins á dagvinnutíma, sé í gildi. Samkvæmt V hálfkuverja starfsmenn miðstöðvarinnar við innganginn en ekki koma fram nánari lýsingar á því hvernig verklagi við það sé háttað.

Utan fyrrgreindrar lögregluskýrslu eru gögn fyrir nefndinni um atvikið takmörkuð. Þannig liggur ekki fyrir afstöðumynd er sýni nákvæmlega hvar umrætt slys atvikaðist, né er staðsetning þess merkt inn á fyrirliggjandi loftmynd af svæðinu í kringum íþróttamiðstöðina. Þá eru engar ljósmyndir af vettvangi frá slysdegi fyrirliggjandi. Enn fremur liggja engar upplýsingar fyrir um veðurfar á slysdegi, né kemur fram hvernig aðstæður voru á bifreiðastæðinu er M lagði bifreið sinni áður en hann sótti æfingu.

Í yfirlýsingu M sem er meðfylgjandi málskoti segir m.a. að hann hafi dottið viku fyrir slysið og látið starfsfólk X vita af því. Þá kemur fram að tveimur vikum fyrir slysið hafi hann einnig beðið um að hálkuvörnum væri sinnt. Engin gögn, s.s. vitnisburðir, liggja fyrir um framangreind samskipti eða fyrra slys M.

Þá segir í yfirlýsingu M að lögreglan hafi nokkrum sinnum haft samband við móður hans í kjölfar slyssins. Í þeim samtölum hafi komið fram að lögreglan hefði gert eða hygðist gera ítarlega skýrslu um atvikið, en lögregla hafi m.a. tekið ljósmyndir af vettvangi, sem lögfræðingur M gæti lagt fram með bótakröfu. Engin slík skýrsla liggur fyrir nefndinni.

Gegn neitun X er þá ekki sýnt fram á að starfsmönnum þess hafi verið kunnugt um að aðstæður hafi verið með þeim hætti að þörf væri á frekari hálkuvörnum, eða að tilkynningar eða umkvartanir þess efnis hafi borist umræddan dag. Án upplýsinga um veðurfar verður þá ekki byggt á því að þörf á frekari hálkuvörnum hafi legið í augum uppi. Slys M átti sér þá stað um hávetur þegar allra veðra er von og sviptingar í veðri geta verið með þeim hætti að ómögulegt sé að bregðast við hálkumyndun í tíma.

Ekki verður betur séð en að í þeim dómsúrlausnum sem vísað er til kröfu M til stuðnings hafi upplýsingar um framangreinda þætti, þ.á.m. um staðsetningu og veðurfar, legið fyrir og að niðurstaða dómstóla sé m.a. byggð á mati á þeim. Þar sem gögn um fyrrgreind atriði liggja ekki fyrir verður því ekki talið sýnt fram á fordæmisgildi umræddra dómsúrlausna í þessu tilviki.

Samkvæmt framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að slys M megi rekja til atriða sem X verði gert að bera bótaábyrgð vegna. Verður M eins og hér háttar til að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 207/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Fjarskiptalög.

Gögn.

176. Málskot mótttekið 3. júní 2024, ásamt ljósmyndum.
177. Bréf V, dags. 30. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
178. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
179. Viðbótarathugasemdir V, dags. 18. september 2024, ásamt ljósmynd.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að verktakinn X hafi unnið að niðurrifi fasteignar á vegum verkkaupans A. Við þær framkvæmdir, hinn 25. janúar 2023, fóru í sundur þrjú 50 mm stofnrör í eigu M. M greip þegar til aðgerða sem fólust í að grafa niður á rör og skipta því út ásamt því að blása nýjum strengjum í rörin og tengja þá í brunna. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli 86. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 og á grundvelli sakarreglunnar. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V. Bótaskyldu var hafnað af hálfu V á þeim grundvelli að starfsmaður X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi þegar hann vann verkið. Hafnar M þessum röksemdum X. Strengurinn hafi verið auðkenndur með appelsínugulum merkingum og því vissi verktaki eða mátti vita hvar hann lá. Ríkt tilefni hafi verið til aðgæslu þegar sökkull hússins var rifinn, enda lá fyrir að lagnir væru þar nærri.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að starfsmaður X vann á gröfu við niðurrif húseignarinnar f.h. verkkaupans A. Starfsmaður X hafði ekki fengið upplýsingar frá A að þeir strengir sem farið var í lægju upp við sökkulvegg húseignarinnar eins og raun bar vitni eða að lega strengja M gætu ollið vandræðum við niðurrif húseignarinnar. Fulltrúar A höfðu verið í samtali við fulltrúa M um legu strengja á svæðinu og höfðu þeir ekki fengið þær upplýsingar frá fulltrúum M þrátt fyrir að fulltrúar A tilkynntu þeim að vinna við niðurrif húseignarinnar væri að hefjast og var X því í góðri trú þegar hann vann við niðurrifið. Sú vinna fólst einungis í greftri innan sökkuls húseignarinnar þar sem hann togaði sökkulana inn í grunninn og þurfti þar af leiðandi ekki graftarleyfi. Þar sem strengir í eigu M voru fastir upp við sökkulvegginn að X óafvitandi og lágu mjög grunnt, fór gröfumaður X í þá með þeim afleiðingum að þeir urðu fyrir tjóni. Í bréfinu kemur enn fremur fram að sakarreglan gildi og að sönnunarbyrði um sök X, orsakatengsl og önnur skilyrði sakarreglunnar hvíli alfarið á M. Þá er einnig byggt á því að verið var að vinna innan lóðarmarka og að X hafi aldrei grafið fyrir utan sökkul. Strengirnir hafi verið fastir upp við sökkulvegginn sem var langt innan lóðarmarka. Lega lagna hafi verið könnuð með jarðvinnu í huga. Starfsmenn X hafi ekki fengið fullnægjandi upplýsingar frá tengiliðum M um að strengir lægju upp við sökkulvegg húseignarinnar. Þá hafnar V því að X beri skaðabótaábyrgð á grundvelli 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022. Hafi lega strengsins verið merkt með einhvers konar úða þá hafi hann horfið undir snjó stuttu síðar. Sá X engar merkingar á staðnum. Hafi X ekki getað komist hjá tjóni þar sem hann mátti ekki vita að hann þyrfti að passa lagnir við niðurrifið þar sem hann var ekki að grafa utan sökkulveggjar við framkvæmdina og ekki verði annað séð en að lagnirnar hafi verið lagðar á minna en 20 cm dýpri. Því sé ljóst að X beri ekki skaðabótaábyrgð á umræddu tjóni á grundvelli 86. gr. laga um fjarskipti.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að þann 15. desember 2022 kl. 14.00 hafi starfsmenn M gengið til fundar með verkefnastjóra framkvæmdarinnar. Tilgangur fundarins var að ræða vernd lagna M og annarra veitufyrirtækja á framkvæmdareitnum. Hafi eftirlitsmaður M farið í beinu framhaldi af fundinum á verkstað og merkt inn legu lagna M með appelsínugulri údamálningu. Tjónsatburðurinn varð tæpum sex vikum eftir merkingarvinnu eftirlitsmanns M. Kvaðabréf lá einnig fyrir m.a. um legu lagna M frá Reykjavíkurborg sem fylgdi deiliskipulagsbreytingum þeim sem gerðar voru fyrir lóðina, dags. 25. maí 2022 og sýndi kvaðir um áframhaldandi legu strengjanna við verkstað. Jafnframt voru lagnirnar skilmerkilega merktar inn í opinberum gögnum í Borgarvefsjá og Luksjá Orkuveitunnar. Engin fordæmi séu fyrir því eða vitneskja um að jarðlagnir M hafi nokkurn tímann festar við neins

konar mannvirki, enda mikið óþarfaverk og skapar rask og vandkvæði ef færa eða eiga þarf við lagnirnar síðar meir.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að af ljósmynd sem M lagði fram verði ekki annað séð en að lagnirnar liggi upp við sökkulvegginn og mun nær húseigninni en hnitsetning lagnarinnar gefur til kynna. Þá var verkkaupinn A upplýstur um það af fulltrúum M á umræddum fundi aðila að merking lagna á svæðinu í Borgarvefsjá væri ónákvæm og því ljóst að staðsetning lagnanna var ekki í samræmi við gögn. Þá er ítrekað að X hafði fengið þær upplýsingar frá fulltrúum A, þ.e. bæði byggingarstjóra og verkefnastjóra að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af fjarskiptalögnum við niðurrifið og mátti hann treysta því að þær upplýsingar væru réttar enda komu þær frá A sem hafði setið fund með M þar sem tilgangur fundarins var að ræða vernd lagna. Þá var X ekki upplýst um að M hugðist merkja hvar lagnir lægju með appelsínugulum merkingum. Enginn á framkvæmdasvæðinu varð var við þegar það var gert eða að það hafði verið gert og lét M hvorki verkkaupann A né aðra verktaka á svæðinu ekki vita þegar því var lokið. Þar sem einungis vinna við niðurrif átti sér stað á þeim tíma er tjónið varð og jarðvegsvinna ekki byrjuð máttu aðilar því ekki vita að M hefði lokið merkingum lagna. Þá var snjór yfir svæðinu og mátti X því ekki vita að undir snjónum væru merkingar þar sem hann hafði ekki verið upplýstur um það og gat ekki séð þær við sjónskoðun.

Álit.

Umræddur strengur M fellur undir skilgreiningu 16. tl. 5. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og telst vera fjarskiptavirki. Í 3. mgr. 86. gr. sömu laga er að finna sakarlíkindareglu, en af henni leiðir að ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skuli tjónvaldur þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Þá er honum jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hafi verið sýnd. Bótaábyrgð þessi gildir skv. ákvæðinu ekki um lagnir sem lagðar eru á minna en 20 cm dýpi innan lóðarmarka fasteigna. Sönnunarbyrði þess að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt hvílir því á X. Ekki er ágreiningur um að það var starfsmaður X sem stýrði skurðgröfunni sem olli tjóni á strengnum. Af hálfu X er í fyrsta lagi byggt á því að umræddur strengur hafi legið á minna en 20 cm dýpi. Ekki liggja þó fyrir neinar mælingar og verður ekki ráðið af fyrirliggjandi ljósmyndum að strengurinn hafi legið á minna en 20 cm dýpi. Í öðru lagi telur X að hann hafi sýnt fyllstu aðgæslu umrætt sinn. Hefur X upplýst að hann sat ekki samráðsfund með M þar sem rætt var um legu lagna og ákveðið var að eftirlitsmaður M myndi merkja legu þeirra. Kveðst X hafa treyst á upplýsingar sem hann fékk frá verkkaupnum A um að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af fjarskiptalögnum við niðurrifið. Hefur X ekki lagt fram nein gögn því til staðfestingar að hann hafi fengið slíkar upplýsingar frá starfsmönnum A. Bar hann sjálfstæða skyldu á að sýna fyllstu aðgæslu við framkvæmdirnar. Verður ekki annað ráðið af ljósmynd sem tekin var á tjónsdegi en að gröfumaður X hafi grafið út fyrir ætlaðan sökkul fasteignarinnar á þeim stað sem lagnir M fór í sundur. Gögn frá M staðfesta að lega strengsins hafi verið merkt með appelsínugulri málningu þann 15. desember 2022. Hefur X ekki lagt fram gögn því til staðfestingar að merkingar M hafi ekki verið sýnilegar á þeim tíma sem leið frá því merkingar voru gerðar og fram að tjónsdegi. Þá lágu fyrir á tjónsdegi opinber gögn með hnitmerkingu af legu lagnanna og af þeim sést lega lagna M nálægt sökkulveggi fasteignarinnar. Ósannað verður að telja að lagnir M hafi verið festar við sökkulvegin. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á að gröfumaður X hafi sýnt af sér gáleysi umrætt sinn er hann hóf að toga sökkla fasteignarinnar inn í grunninn með gröfunni áður en hann var búinn að kynna sér legu lagna í eigu M. Eins og mál þetta horfir við nefndinni sýndi X ekki fyllstu aðgæslu umrætt sinn og er bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 208/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Vátryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

- Málskot, mótttekið dags. 3. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 28. júní 2024, ásamt fylgigagni.
- Bréf M, dags. 4. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 19. febrúar 2022 þegar hún var gestur í baðlóninu A. Slysið hafi atvikast með þeim hætti að hún rann á mjög hálum flísam á baðherbergi í baðlóninu og lenti illa með þeim afleiðingum að hún hlaut alvarlegt brot á fótlegg. Starfsmaður A hafi komið að M liggjandi á gólfinu og sótt eiginmann hennar sem kvaðst hafa séð mikla bleytu og olú á gólfinu. Vinahjón og eiginmaður hafi tekið yfir aðstæður og óskað eftir hjólastól og ábreiðum og að hringt yrði á sjúkrabíl. M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins og búi við varanlegar afleiðingar sem hafi verið metnar til 15% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku í matsgerð, dags. 4. apríl 2024. V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að engin slys hefðu áður átt sér stað á þessu salerni og ekki á flísam af þessari tegund. M telur að A beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og að orsök slyssins megi rekja til þess að ekki hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi gesta A. M bendir á að mjög margir gestir og mikill umgangur hafi verið í baðlóninu þennan dag og að aðstæður hafi kallað á sérstaklega stöðug þrif og að passað yrði upp á að hreinsa olú og bleytu af gólfi jafnóðum til að fyrirbyggja hálkuslys. Það hafi skapast hættulegar aðstæður á baðherberginu þar sem mikil bleyta og olía hafði safnast fyrir og þ.a.l. voru flísarnar mjög hálar. M telur að starfsmenn A hafi sýnt af sér sök með því að bregðast ekki betur við aðstæðum og koma í veg fyrir hálkumyndum með þrifum og háлкуvarnarefni. M vísar til þess að A hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. ákvæðum reglugerðar nr. 814/2020, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, og reglugerð nr. 460/2014, um baðstaði í náttúrunni. M vísar enn fremur til eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlitsins frá 10. mars 2022 þar sem fram komi að endurskoða þurfi neyðar- og viðbragðsáætlun A og tilkynna Heilbrigðiseftirliti um öll slys sem flokkast alvarleg. Þá sé bent á mikilvægi þess að stöðug þrif væru á olú sem berst á gólf í aðstöðunni til að fyrirbyggja hálkuslys af hennar völdum. M telur hafa skort á að háлкуvarnarmerkingar og neyðar- og viðbragðsáætlun hafi ekki verið viðunandi. Þá telur M að ljóst sé að eigendur og umráðamaður fasteigna þar sem rekin sé verslun eða þjónusta sæti mun strangari mati á saknæmi en eigendur íbúðarhúsnæðis sérstaklega þegar litið er til þess að þessi fyrirtæki leitist við að laða til sín fólk. Að lokum kemur fram að A hafi mátt vera ljós sú slyshætta sem myndaðist vegna mikillar bleytu og olú sem safnaðist á hálar flísar og því hafi A borið að grípa inn í og tryggja stöðug þrif ásamt því að bera háлкуvarnarefni á flísar og setja upp viðvörunarmerkingar.

Í bréfi V kemur fram að engin slys hafi áður gerst á þessu salerni frá því að A opnaði og ekki á flísam af þessari tegund. A hafi ekki fengið ábendingu um að flísarnar væru hálar áður en þetta slys gerðist og þær hafi almennt ekki verið taldar hálar. Af þessari ástæðu hafi ekki verið settar upp háлкуvarnarmerkingar á þessu salerni eða háлкуvarnarefni borið á flísarnar. Flísarnar þar sem slysið gerðist séu gerðar og ætlaðar til að vera á baðherbergjum og einnig í sturtum. V mótmælir því að umgangur gesta hafi kallað á stöðug þrif A enda sé það ekki raunhæf krafa. Í bréfinu kemur fram að í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins komi fram að gólf flísar séu í samræmi við staðal RB og borið hafi verið háлкуvarnarefni á þá staði sem hafi reynst hættusvæði og sé ráðgert að bæta enn frekar við hvað það varði. Hafi efnið reynst mjög vel að sögn og dregið hafi umtalsvert úr föllum vegna háلكu. Háлкуvarnarmerkingar hafi einnig verið settar upp á hættusvæðum. V telur að þessar ábendingar sem komi fram eftir slys M renni ekki stoðum undir kröfu M. A hafi ekki haft vitneskju um slyshættu á svæðinu þar sem slysið varð og geti V því ekki fallist á að slysið megi rekja til sakar vátryggingartaka.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hennar sé að rekja til saknæmra og ólögmetra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Af myndum sem fylgja gögnum málsins má sjá að það er viðvörun um hálku á svæðinu þar sem salernið er staðsett og slysið átti sér stað í. Þótt ekki hafi verið viðvörunarskilti á salerninu sjálfu mátti M gera ráð fyrir því að þar gæti verið bleyta og gólf hál eins og við er að búast á stöðum sem þessum. Þrif á gólfi geta aldrei komið alveg í veg fyrir að hálka myndist á gólfum. Samkvæmt vitnum var bersýnilega mikil bleyta á salerninu og samkvæmt því hefði M átt að vera meðvituð um að gólfín gætu verið hál. Þá hefur M hefur ekki sýnt fram á að flísarnar salerninu væru hál en við mátti búast. Samkvæmt framansögðu hefur M ekki sýnt fram á að A beri sök á aðstæðum á slysstað og er slys hennar því ekki bótaskyld hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 15. október 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 209/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Umfang tjóns. Samningur.

Gögn.

180. Málskot mótttekið 9. maí 2024, ásamt fylgiskjölum.
181. Tölvupóstur V dags. 28. júní 2024, ásamt afsali.
182. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 28. júní 2024.
183. Tölvupóstsamskipti M og starfsmanna V og heildargögn málsins send að beiðni nefndarinnar frá V 27. og 28. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifhjóli í eigu M vegna áreksturs við X hinn 7. maí 2024. Ekki er ágreiningur um að tjón á bifhjóli M beri að greiða úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Ágreiningur er hins vegar um umfang tjónsins. Nefndin óskaði eftir því að fá send öll samskipti M við V vegna málsins og voru þau send til nefndarinnar hinn 27. og 28. ágúst 2024. Þar kemur fram að hinn 29. maí 2024 hafi M verið í tölvupóstsamskiptum við starfsmann V kl. 10.47 þar sem V segist geta greitt 650.000 kr. fyrir bifhjólið gegn afsali. M svaraði þeim tölvupósti kl. 10.57 með frekari spurningum og kl. 12.40 segist M ekki samþykkja 650.000 kr. greiðslu vegna tjóns á bifhjólinu. Frekari samskipti eiga sér síðan stað milli M og V um mögulegar bótagreiðslur og í tölvupósti kl. 14.32 segir M að hann taki 650.000 kr. þar sem hann hafi ekki tíma til að fá frekara mat. V biður í kjölfarið um frekari upplýsingar um bifhjólið og í kjölfarið koma fram upplýsingar um að M hafi stuttu fyrir tjónið keypt bifhjólið á 400.000 kr. skv. afsali þar um dags. 2. maí 2024. V kvaðst þá vilja greiða að hámarki 400.000 vegna tjónsins.

M telur að tjón hans sé 700.000 kr. sem samsvari mati á verðmæti bifhjólsins skv. mati bílasala. M telur ekki skipta máli hvert kaupverð bifhjólsins hafi verið þar sem verðmæti þess sé hærra.

V hefur boðið greiðslu upp á 400.000 kr. vegna tjónsins gegn afsali og telur að verðmæti bifhjóls M sé ekki meira en það sem hann sjálfur hafi greitt fyrir það fimm dögum fyrir tjónsatvikið. Einnig vísar V til upplýsinga um verðmæti bifhjólsins frá Suzuki á Íslandi upp á 300-400.000 kr. Auk þess vísar V til þess að sama bifhjól hafi orðið fyrir tjóni í ágúst 2021 og við uppgjör á því tjóni hafi verið miðað við að verðmæti hjólsins á þeim tíma hafi verið 500.000 kr. Með hliðsjón af því telur V að M sé eins settur fjárhagslega og fyrir tjónið með greiðslu 400.000 kr.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um umfang tjóns M. Ekki liggja fyrir sérstök gögn um mat á verðmæti þess frá sérfræðingum eins og bæði M og V bera um að hafa aflað sér, þ.e skjölin sjálf liggja ekki fyrir hjá nefndinni og verður því ekki byggt á því til sönnunar. Eina skjalið sem liggur fyrir er afsal dags. 2. maí 2024, eða fimm dögum fyrir tjónsatvikið þar sem kemur fram að M hafi greitt 400.000 kr. fyrir bifhjólið.

Af tölvupóstsamskiptum M og V vegna samningaviðræðna um fjárhæð tjóns verður ekki séð, með vísan til reglna samningaréttta, að bindandi samningur hafi komist á milli M og V um aðra bótafjárhæð. Til þess að bindandi samningur komist á samkvæmt áður nefndum reglum samningaréttarins þarf M að hafa samþykkt upphaflegt tilboð V upp á 650.000 kr. án fyrirvara eða annarra upplýsinga. Slíkt samþykki lá ekki fyrir þegar tilboðið var sett fram, heldur hafnaði M því tilboði í tölvupósti. Þegar M sendi síðan tölvupóst um að hann myndi samþykkja þá fjárhæð verður það ekki túlkað öðruvísi en að hann hafi gert nýtt tilboð sem V þurfti þá að samþykkja til að bindandi samningur kæmist, sbr. til hliðsjónar orðalag 6. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936. Af þeim samskiptum sem fylgdu í kjölfarið verður ekki ráðið að V hafi

samþykkt að greiða 650.000 kr. bifhjólíð heldur setti V fram nýtt tilboð á grundvelli nýrra gagna, þ.e. 400.000 með vísan til áðurnefnds afsals.

Það sem stendur þá eftir að er að taka afstöðu til þess hvort sýnt hafi verið fram á að umfang tjóns M sé meira en 400.000 kr. Upplýsingar af hálfu M um annað og hærra verðmæti eru ekki studdar neinum skriflegum gögnum. Verður að telja M bera sönnunarbyrði um að verðmæti bifhjóls hans sé meira en kaupverð fimm dögum fyrir tjónið, þ.e. 400.000 kr. skv. afsali dags. 2. maí 2024. Ber M hallann af sönnunarskorti um annað en á honum hvílir sönnunarbyrði um umfang tjóns hans skv. almennum reglum skaðabótaréttar. Telst M því ekki eiga rétt til hærri en 400.000 kr. bóta vegna tjóns á bifhjólí hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til hærri bóta en 400.000 úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 210/2024 – leiðrétt orðalag í niðurstöðu**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

184. Málskot mótttekið 5. júní 2024.
185. Bréf V dags. 18. júní 2024.
186. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram miðstöðvarofn hafi lekið í íbúð M í fjöleignarhúsinu X og hafi hann fengið pípulagningamann til að skipta um ofn. Þegar það verk hafi staðið yfir hafi komið í ljós að það vantaði loka svo unnt væri að ljúka verkinu og hafi pípulagningamaðurinn náð í hann en það hafi tekið 20 til 30 mínútur. Á þeim tíma hafi maður í stigaganginum farið og skrúfað frá kerfinu þannig að bunaði úr leiðslum og varð mikið tjón á fasteign M. Pípulagningamaðurinn hafi áður gengið á dyr í stigaganginum og látið vita að til stæði að skrúfa fyrir vatnið, og þá hafi viðkomandi einnig mátt vita af þeim þar sem fram hafi komið á húsfundi að til stæði að fara í þessar framkvæmdir þá um helgina. Hafi viðkomandi því sýnt af sér mikið gáleysi með því að skrúfa frá vatninu þrátt fyrir að vita um yfirstandandi framkvæmdir. Telji M sig því eiga rétt á bótum úr tryggingu húsfélagsins vegna tjónsins.

Í bréfi V kemur fram að félagið líti svo á að krafa sé komin fram um bætur úr fasteignatryggingu M, en ekki hafi komið fram krafa um bætur úr ábyrgðartryggingum annarra aðila. Fasteignatrygging M innifeli svokallaða vatnstjónstryggingu og komi fram í skilmálum hennar til hvaða tjónsorsaka bótaskylda ná. Hafi V hafnað bótaskyldu þar sem umrætt atvik falli ekki undir skilgreint gildissvið váttryggingarinnar. Þannig hafi ekki verið um að ræða ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka enda hafi mátt sjá fyrir að leka mundi úr lögnunum væri skrúfað frá vatnsinntaki. Í málskoti vísi M þá til þess að sá aðili sem skrúfaði frá beri sakarábyrgð á tjóni hans. Engin krafa hafi þó komið fram í váttryggingu þess aðila og komi ekki fram hver hann sé. Hafi félagið því ekki tekið afstöðu til mögulegrar bótaskyldu úr váttryggingum þess aðila. Í skilningi samþykktu nefndarinnar hafi því ekki stofnast ágreiningur um bótaskyldu á grundvelli þessa. Þó tekur V jafnframt fram að það telji ósannað að viðkomandi aðili beri skaðabótaábyrgð á tjóni M enda sé alls ósannað að tilkynnt hafi verið um fyrirhugaðar framkvæmdir og ekkert í gögnum málsins bendi til þess að viðkomandi hafi mátt vera ljóst að ekki væri óhætt að skrúfa frá vatnsinntaki. Verði þá jafnframt að gera strangar kröfur til pípulagningamannsins um að tryggja það með öruggum hætti, t.a.m. með merkingum eða vöktun, að ekki yrði skrúfað frá inntakinu. Hann hafi hins vegar skilið við kerfið opið sem hafi falið í sér augljósa tjónshættu. Verði tjón M því fremur rakið til vanrækslu hans. Að þessu sögðu gerir V þó kröfu um að ágreiningi er varði mögulega ábyrgð þriðja aðila verði vísað frá nefndinni.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að ekki sé rétt að pípulagningamaðurinn hafi skilið eftir opið áður en hann skrapp frá í smátíma. Hann hafi sett loka áður en hann fór í burtu sem átti að þola 2 bör en hleypt hafi verið inn sex til átta börum. Þetta snúist þó ekki um það heldur um það að um verulega slæmt vatnstjón hafi verið að ræða sem V beri að bæta.

Álit.

Undir rekstri málsins kallaði nefndin eftir frekari gögnum frá V, þ.e. váttryggingarskírteini og skilmálum þeirrar váttryggingar sem um ræðir. Samkvæmt skilmálum fasteignatryggingar eru váttryggðir þinglýstir eigendur hinnar váttryggðu fasteignar eða eignarhluta sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini. Í framlögðu váttryggingarskírteini kemur fram að m.a. allar íbúðir á stigagangi M séu váttryggðar, en váttryggingin tekur til fjölbýlishúss sem telur alls fimm stigaganga og er húsfélag þess greiðandi iðgjalda. M nafngreindir ekki þann aðila sem hann segir hafa skrúfað frá inntakinu, en í málskoti kemur fram að viðkomandi sé formaður húsfélagshluta stigagangsins og hafi verið viðstaddur húsfund þar sem fjallað hafi verið um fyrirhugaða viðgerð. Verður því að telja nægilega sýnt fram á að viðkomandi aðili hafi verið eigandi eins eignarhlutans í stigaganginum og þar

með einn váttryggðra samkvæmt framansögðu, enda vandséð að utanaðkomandi aðili hafi getað verið að verki, vitað af lokuninni og vatnsleysi vegna hennar og hvar inntakið var að finna. Verður þá að telja íbúa fjöleignarhúss það til sakar að skrífa frá sameiginlegu vatnsinntaki sem lokað hefur verið fyrir án þess að ganga fyrst úr skugga um að það sé óhætt, enda má ætla að ekki sé lokað fyrir vatnsinntak án ástæðu.

Í skilmálum váttryggingarinnar kemur fram að ábyrgðartryggingarliður hennar taki til skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu fasteignar eða eignarhluta váttryggðs í henni eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins í hlutfalli við eignarhlut hans. Af 51. og 52. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 má ráða að annars vegar eigandi séreignar og hins vegar húsfélag séu ábyrgð gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra vegna m.a. mistaka við meðferð og viðhald annars vegar á séreign og hins vegar á sameign. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna segir um 51. gr. að vanræksla eða mistök þurfi að vera saknæm, þ.e. að eigandi eða einhver sem hann ber ábyrgð á samkvæmt almennum reglum þurfi að hafa valdið tjóni af ásetningi eða gáleysi. 51. gr. laganna tekur til viðhalds og búnaðar séreignar en ekki sameignar, en í athugasemdum greinargerðar um 52. gr. sem fjallar um búnað sameignar er vísað til framangreindra athugasemda. Leiði mistök við meðferð sameignar til tjóns fyrir einstaka eigendur skiptist bótaábyrgð því milli eigenda í hlutfalli við eignarhlut þeirra.

Eins og rakið er að framan verður að meta það viðkomandi aðila til sakar að hafa skrúfað frá inntakinu. Er það því mat nefndarinnar að bótaskylda á grundvelli 52. gr. laga um fjöleignarhús hafi stofnast enda var um að ræða mistök við meðferð búnaðar sameignar stigagangsins. Er því bótaskylda úr váttryggingunni til staðar, enda tekur hún m.a. eins og áður segir til sameiginlegrar skaðabótaábyrgðar eigenda.

V ber því við að ágreiningur um bótaábyrgð þess sem skrúfaði frá inntakinu hafi ekki stofnast og verði því ekki tekinn til meðferðar nefndarinnar. Nefndin getur ekki fallist á þann málflutning, enda má vera ljóst af málskoti að M gerir kröfu um bætur úr váttryggingu þess aðila og má jafnframt ætla að sömu atvikalýsingu hafi verið að finna í tjonstilkynningu M til V. Þá er í andsvörum V að finna röksemdir fyrir höfnun, en ekki aðeins frávísunar, slíkrar kröfu og verður því að telja að V hafi komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Af öllu framangreindu er það því afstaða nefndarinnar að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar fjöleignarhússins X, hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2023.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 211/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

187. Málskot mótttekið 5. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
188. Bréf V dags. 28. júní 2024, ásamt afriti úr sjúkraskrá M.
189. Bréf lögmanns M dags. 2. júlí 2024, ásamt tölvupóstsamskiptum við V.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður bifreiðarinnar X hinn 23. janúar 2022 þegar M missti stjórn á bifreiðinni á Reykjanesbraut með þeim afleiðingum að hún valt og endaði utan vegar í Hvassahrauni. Í lögregluskýrslu vegna tjónsatviksins kemur fram að bifreiðin hafi verið á hvolfi þegar lögregla kom á á vettvang og mikið skemmd. Einnig kom fram að M kvartaði undan verkjum í hægri síðu og að hann hafi verið fluttur með sjúkrabifreið á heilbrigðisstofnun. Í gögnum málsins kemur einnig fram að M hefur lent í öðrum umferðarslysum bæði 18. júní 2021 og 14. júlí 2022.

M telur að orsakatengsl séu milli líkamstjóns hans og tjónsatviksins 23. janúar 2022. M vísar til skráninga í sjúkraskrá M á tjónsdegi sem og annarra færslna þar sem fjallað er um einkenni frá annað hvort eingöngu hægri öxl eða báðum öxlum. M bendir á að með því að hafna bótaskyldu og neita að standa að mati á afleiðingum slyssins standi V í vegi fyrir því að óhlutdrægir sérfræðingar leggi mat á hverjar afleiðingar slyss M séu í skilningi skaðabótalaga. M vísar einnig til þess að nauðsynlegt hafi verið fyrir hann að skjóta málinu til nefndarinnar þar sem ársfrestur sé senn liðinn frá því að V hafnaði bótaskyldu og að V hafi ekki svarað beiðni um að falla frá því að bera þann frest fyrir sig vegna matsferlis sem málið er í.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda og telur að miðað við þau gögn sem liggja fyrir sé ekki ljóst að M hafi haft varanlegar afleiðingar af líkamstjóni í tjónsatvikinu 23. janúar 2022. Um það vísar V til færslna í sjúkraskrá M þar sem komi einungis fram ein koma á sjúkrahús á tjónsdegi vegna þess en eftir það hafi M fyrst og fremst leitað til læknis vegna afleiðinga annars slyss sem varð 14. júlí 2022. V bendir einnig á að ekki sé fjallað um einkenni frá hægri hlið í sjúkraskrá M einkenni frá hægri öxl séu ekki tengd við afleiðingar tjónsatviksins 23. janúar 2022 heldur slitbreytingar. V bendir einnig á að M hafi ekki óskað mats á afleiðingum slyssins og hafi ekki sannað tjón sitt.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að M hafi ekki óskað mats á afleiðingum slyssins 23. janúar 2022, heldur hafi V staðið í vegi fyrir því að slíkt mat væri framkvæmt. V hafi neitað að taka þátt í matsferli og þvingað M til að bera málið undir nefnd vegna þeirra réttaráhrifa sem fylgja tilkynningarfresti ef slíkt sé ekki gert. M vísar til framlagðra tölvupóstsamskipta við V þar sem ítrekað sé óskað efir því að mat fari fram á afleiðingum slyssins 23. janúar 2022.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til umferðarslyss hinn 23. janúar 2022 þar sem M velti bifreiðinni X. Ljóst er af gögnum málsins að M kvartaði undan verkjum í hægri síðu á slyssstað og í færslu í sjúkraskrá á slyssdegi er minnst á að M hafi lýst slysinu þannig að hann hafi dottið á hægri öxl. Í öðrum færslum í sjúkraskrá eftir það er minnst á einkenni frá öxlum en ekki ljóst af þeim hvort þau einkenni séu vegna sjúkdóms, slits eða tjónsáverka og þá hvort það sé tjónsáverki frá 23. janúar 2022 eða vegna annars eða annarra slíkra.

Þau gögn sem liggja fyrir um eðli og afleiðingar líkamlegra einkenna M eru því mjög takmörkuð varðandi einkenni eftir það slys sem hér er til umfjöllunar. Ekki liggur fyrir vottorð frá sérfræðingi eða annað sem staðfestir að meiri líkur en minni séu á því einkenni M nú sé hægt að rekja til téðs tjónsatviks eða annars konar mat á orsakatengslum.

Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirbyggjandi gögnum, er þannig vafi um að orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því. Í því felst að M hefur ekki sýnt fram á, með fyrirbyggjandi gögnum, að hann eigi rétt til frekari bóta, t.d. sjúkrakostnaðar sem fælist í kostnaði vegna matsgerðar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða annarra bóta skv. ákvæðum sömu laga úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X hjá V vegna tjónsatviks 23. janúar 2022.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 214/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Umbúnaður mannvirkja.

Gögn.

7. Málskot mótttekið 5. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
8. Bréf V dags. 27. júní 2024.
9. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, ásamt hópi annarra kvenna, leigt tvö sumarhús af X helgina 3. til 5. nóvember 2023. Laugardagskvöldið 4. júlí hafi brunaviðvörðun í öðru húsanna farið í gang með tilheyrandi hávaða en enginn eldur hafi verið innandyrna í húsinu. Hafi verið reynt, m.a. af hálfu M, að aftengja kerfið en það ekki borið árangur. Hafi M fengið nóg af hávaðanum og farið út á pall eða verönd við húsið og ákveðið að fara fyrir hornið til að athuga hvort eldur utandyrna hefði orsakað viðvörðunina. Hafi hún gengið eftir veröndinni en handrið hennar hafi endað skyndilega og M þá fíkrað sig varlega áfram en kolniðamyrkur hafi verið og engin lýsing á svæðinu. Hafi M fundið að það voru tröppur fram undan en ekkert handrið hafi verið við þær. Hafi hún fíkrað sig áfram og farið niður tvær fyrstu tröppurnar. Hafi hún svo fundið aðra brún og því búist við þriðju tröppunni en þegar hún steig áfram hafi hún steypst fram fyrir sig á ójafna grasflöt. Hafi M ökklabrotnað og farið úr lið á hægri fæti og ristarbrotnað á vinstra fæti við fallið. Vegna líkamstjóns síns hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X en V hafi hafnað kröfu hennar með vísan til þess að slys M væri ekki að rekja til saknæmrar vanrækslu af hálfu X, ófullnægjandi aðstæðna eða annarra atvika sem X gæti borið ábyrgð á.

Í málskoti kemur fram að M telji slys sitt að rekja til óforsvaranlegra og beinlínis hættulegra aðstæðna sem X hafi borið ábyrgð á. Því til stuðnings er vísað til reglugerðar nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit en samkvæmt henni beri eigandi mannvirkis ábyrgð á að fullnægt sé kröfum um brunavarnir. Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar skuli séð til þess að flóttaleiðir séu ávallt greiðfærar þannig að þær uppfylli þörf fyrir fljóta og örugga rýmingu. Þá komi fram í byggingarreglugerð nr. 112/2012 að flóttaleiðir í byggingum skuli þannig skipulagðar og frágengnar að allir geti komist út af eigin rammleik eða fyrir tilstilli annarra, skuli flóttaleiðir þá vera einfaldar, auðrataðar og greiðfærar. Skuli byggingar þá þannig hannaðar og byggðar að hætta á slysum, m.a. vegna hæðarmunar, sé í lágmarki. Skuli stigar, tröppur og þrep í og við byggingar hönnuð og byggð þannig að fólk geti gengið um án óþæginda og hættu á slysum. Lóð í kringum húsnæði X hafi þá, skv. ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 átt að vera frágengin og húsnæðið þannig gert og frágengið að þeir sem þar dvöldu hlytu ekki heilsutjón eða óþægindi af. Fasteignareigandi verði þá að gera ráð fyrir að allar umferðarleiðir, þ.á.m. sú sem M notaði, séu notaðar, sér í lagi við þær aðstæður að brunaviðvörðunarkerfi fari í gang. Stiginn sem M datt í hafi ekki verið í neinu samræmi við þær kröfur sem gerðar séu til flótta- og umferðarleiða samkvæmt framangreindu, enda hafi bæði vantað á hann handrið og neðstu þrepin. Hafi ekki verið ætlast til þess að umræddur stigi væri notaður hefði X þá borið að girða með einhverjum hætti fyrir umferð um hann. Vegarlóði hafi verið frá umræddum stiga og megi X því hafa verið það ljóst að leigjendur nýttu stigann til umferðar. Þá eru gerðar athugasemdir við að engin lýsing hafi verið á svæðinu enda geri byggingareglugerð nr. 112/2012 ráð fyrir því að birta á umferðarleiðum bygginga og lóð sé nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af öryggi. Sumarhús X sé í útleigu allt árið og því sérstaklega brýnt að huga að lýsingu. Hvíli þá sú skylda á eigendum fasteigna, sér í lagi þar sem boðið sé upp á þjónustu fyrir almenning, að gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem leggja leið sína þangað.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt fasteignaskrá hafi húsið verið byggt árið 1965 og hafi engar breytingar eða framkvæmdir átt sér stað síðan. Ekki liggi annað fyrir en að húsið hafi uppfyllt skilyrði þágildandi byggingarreglugerðar en samkvæmt dómaframkvæmd sé almenna reglan

sú að fasteign þurfi ekki að fullnægja gildandi kröfum heldur aðeins þeim kröfum sem voru í gildi á byggingartíma. Ekkert í gögnum málsins styðji þá að X hafi brotið gegn ákvæðum reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit og byggingarreglugerðar um að flóttaleiðir skuli ávallt greiðfærar þannig að þær uppfylli þörfina fyrir fljóta og örugga rýmingu. Vísi ákvæðin til þess að flóttaleiðir séu greiðfærar komi til eldsvoða og verði ekki séð af gögnum málsins að þær flóttaleiðir sem í boði voru hafi ekki verið greiðfærar. Þá hafi ekki verið um eldsvoða að ræða og skorti því á orsakatengsl milli meintra brota og slyssins. V tekur fram að stiginn sem M segist hafa dottið í sé ekki að aðalinngangi hússins heldur liggi hann niður af sólpalli sem sé baka til við húsið. Niður af pallinum sé svo annar stigi sem sé vel búinn með handriði beggja vegna og sé hann ætlaður sem útgönguleið af pallinum og blasi við þegar gengið sé úr húsinu. Þá er tekið fram að heilbrigðiseftirlit hafi, við reglubundna úttekt, ekki gert athugasemdir við stigann og ekki sé vitað til þess að áður hafi orðið slys í honum. Sé það samkvæmt framansögðu og samkvæmt gögnum málsins mat V að slys M verði rakið til óhappatilviljunar sem engum verði um kennt.

Í viðbótarathugasemdum M er bent á að horfa verði til þess hvers kyns starfsemi sé rekin í húsinu og verði því að telja að umræddur stigi þurfi að uppfylla einhverjar lágmarksöryggiskröfur, í það minnsta hafi lýsing þurft að vera til staðar eða gestum gert viðvart með skilti eða merkingu um að það vantaði handrið og þrep í stigann. Þá sé það mat M að ákvæði reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit svo og byggingarreglugerðar eigi við, en frágangur stigans hafi ekki uppfyllt áskilnað þeirrar síðarnefndu. Það hafi þá ekki þýðingu að umræddur stigi hafi ekki verið við aðalinngang hússins enda hafi hann verið ætlaður til notkunar þeirra sem dvöldu í húsinu og gera megi ríkar kröfur til þess að allar útgönguleiðir séu forsvaranlegar og öruggar. Hafi umræddur stigi í engu uppfyllt þær kröfur. Hvað varði vísun til úttektar heilbrigðiseftirlitsins á aðstæðum liggi þá engin umsögn þess fyrir nefndinni og verði ekki á henni byggt.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir slysi sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum af umræddum stiga má sjá að ekkert handrið er við hann. Þá eru tvær tröppur í stiganum en er seinni tröppunni sleppir er töluvert bil frá henni og niður á gras. Virðist því sem a.m.k. eina tröppu vanti í stigann svo samræmi sé í hæð milli þrepa. Þrátt fyrir að aðrar tröppur séu upp á pallinn við húsið verður að telja að X hafi mátt ætla að leigutakar hússins nýttu þennan stiga einnig til umferðar. Verður þá að líta svo á að hættu hafi stafað af notkun hans, sér í lagi fyrir skammtímaleigjendur sem ekki hafi verið kunnugir aðstæðum. Verður þá einnig að líta til þess að auðvelt hefði verið fyrir X að vara við notkun stigans eða loka fyrir umferð um hann.

Verður því að telja að vanbúnaður umrædds stiga hafi orsakað slys M og er því bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X fyrir hendi. Er þá jafnframt höfð hliðsjón af fordæmi Hæstaréttar í máli 777/2013.

Kemur þá til álita hvort M skuli bera hluta tjóns síns sjálf á grundvelli eigin sakar. Samkvæmt lýsingu í málskoti var kolniðamyrkur og eins og áður segir ekkert handrið á umræddum stiga. Þrátt fyrir það, og þrátt fyrir að önnur umferðarleið niður af pallinum stæði henni til boða, ákvað M að fikra sig áfram niður tröppurnar og þreifa fyrir sér með fótunum. Verður að meta henni slíkt aðgæsluleysi til sakar og er því rétt að hún beri helming tjóns síns sjálf.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem nemur helmingi heildartjóns hennar.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 215/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging sjómanna.

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. júní 2024, ásamt niðurstöðu blóðrannsóknar í lögreglumáli.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 2. júlí 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 4. júlí 2022 hafi bát sem M stýrði verið siglt upp í grjótgarð á hafnarsvæði á Skagaströnd. Í skýrslunni kemur einnig fram að bátnum hafi verið siglt á grjótgarðinn á mikilli ferð og hafi verið mikið skemmdur. Ljósmyndir fylgja skýrslunni sem sýna bátinn langt upp á grjótgarðinum. Skipstjórinn M var illa áttaður þegar lögregla kom á vettvang og sagðist hafa sofnað á siglingu í land og muni ekki eftir atvikinu og hafi líklegast rotast við atvikið. M var látinn blása í áfengismæli og mældist 1.09 prómill í þeirri mælingu. Einnig voru tekin blóð- og þvagsýni úr M þegar hann komst undir læknishendur og mældist 1.86 prómill í þvagsýni og 1.13 prómill í fyrri blóðsýni og 0.94 prómill í blóðsýni sem tekið var aðeins seinna. Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að M hafi siglt um Húnaflóa allan daginn og hafi verið á landleið þegar hann sofnaði og vaknaði síðan við mikið högg og hlotið af því líkamstjón. Í sömu tjónstilkynningu kemur fram að M hafi ekki verið undir áhrifum áfengis.

M hefur krafist bóta úr slysáttryggingu sjómanna hjá V og vísar til þess að hann hafi ekki stjórnað bátnum undir áhrifum áfengis og þess vegna merkt með þeim hætti í tjónstilkynningu til V. M kveðst, eftir tjónsatvikið, hafa fundið Gatoradeflösku í bátnum sem hann hafi drukkið úr, án þess að vita að í henni hafi verið sterkt áfengi. Það sé skýring á því að mælt hafi áfengi í blóði og þvagi hans eftir sýnatöku lögreglunnar. Þannig hafi hann ekki gefið rangar upplýsingar til V, þrátt fyrir niðurstöður úr sýnatöku. Einnig vísar M til þess að í 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sé einungis heimild til takmörkunar ábyrgðar en ekki skylda og þar sem hann hafi ekki stýrt báti undir áhrifum áfengis hafi hann heldur ekki sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi ákvæðisins. M telur síðan, ef nefndin telji að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða af hans hálfu þá geti takmörkun bara verið að hluta og vísar um það til dómaframkvæmdar og framkvæmdar hjá nefndinni.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur M hafa sýnt stórkostlegt gáleysi við skipsstjórn með því að hafa verið undir áhrifum áfengis og leiði það til þess að bótaréttur falli niður að fullu. V vísar til sönnunargagna sem sýna niðurstöðu áfengismælingar í blóði og þvagi M eftir tjónsatvikið og miðað við þau hafi M verið óhæfur til að stjórna báti og orsakatengsl séu milli þess ástands hans og tjónsatviksins. V telur miðað við niðurstöður mælinga að sönnunarbyrði sé komin á M um að hann hafi ekki verið undir áhrifum við stjórn bátsins og hafi einungis drukkið eftir tjónsatvikið og vísar um það til dómafordæma Hæstaréttar. V vísar til 90. gr. laga um váttryggingarsamninga og 9. gr. sameiginlegra skilmála V þar sem fram komi að lækka eða fella megri niður ábyrgð V hafi váttryggður valdið váttryggingaratburði með stórkostlegu gáleysi. V vísar til þess að M hafi með háttsemi brotið gegn fyrirmælum í 238. gr. um að ekki sé heimilt að stjórna skipi undir áhrifum áfengis og ef vínandamagn í blóði fari yfir 0.5 prómill sé viðkomandi ekki hæfur til að stjórna skipi, né heldur ef þreyta gerir fólk óhæft til að stjórna skipi, sbr. skýringar M á því að hann hafi sofnað. Einnig telur V að M hafi brotið gegn 1. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga við tilkynningu líkamstjóns síns til V þar sem hann hafi vísitandi gefið rangar upplýsingar um áfengisneyslu sína m.v. upplýsingar um niðurstöðu sýnatöku þar sem mældist áfengi bæði í blóði og þvagi hans.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir afgerandi niðurstöður mælingar á áfengismagni í blóði og þvagi M stuttu eftir tjónsatvik. Miðað við mælingar á blóðsýnum og sérstaklega þvagsýni sem sýndi 1.86

prómill, í samhengi við almennar upplýsingar um niðurbrotstíma áfengis í blóði og þvagi, verður ekki annað ályktað en að áfengisneysla M hafi hafist nokkru áður en tjónsatvikið varð. Eru skýringar sem hafðar eru eftir honum sjálfum í málskoti til nefndarinnar af þeim sökum ótrúverðugar og verða að engu hafðar. Í samræmi við dómaframkvæmd Hæstaréttar verður sönnunarbyrði lögð á þann segist einungis hafa drukkíð áfengi eftir tjónsatvik og ber M hallann af sönnunarskoti um það.

Í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og 9. gr. almennra váttryggingarskilmála V er V heimilt að takmarka ábyrgð sína að hluta að öllu leyti þegar stórkostlegt gáleysi váttryggðra hefur leitt til tjóns. Það að stjórna báti undir áhrifum áfengis fer gegn fyrirmælum í siglingalögum nr. 34/1986 og hefur augljósa hættu í för með sér. Telst háttsemi M vera stórkostlegt gáleysi. Í 1. mgr. 90. gr. segir einnig að við mat á takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags verði að líta sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Í þessu máli telst, eins og áður segir sannað að M hafi verið undir áhrifum áfengis og er sök hans mikil. Orsakatengsl teljast augljós milli þess að geta ekki stýrt bátnum örugglega sökum þeirrar neyslu eða að áfengisneysla hafi leitt til þess að M sofnaði. Með hliðsjón af þessu telst V heimilt að takmarka ábyrgð sína að fullu. Er því ekki þörf á því að fjalla um ákvæði 1. og 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga þar sem M á engan rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 216/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.****Gögn.**

- Málskot móttakið 7. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 24. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 30. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 14. apríl 2024 hafi M skrifað undir eigendaskiptayfirlýsingu Samgöngustofu sem kaupandi að bifreiðinni A. Greiðandi kaupverðsins hafi verið X, 17 ára sonur M og fyrirhugað hafi verið að hann yrði skráður eigandi A við 18 ára aldur, en hann hafi haft A til umráða. Hinn 15. apríl 2024 hafi M tekið eftir verulegum ágalla á bifreiðinni sem svari ekki kostnaði að gera við og óhugsandi sé að seljandi hafi ekki vitað af. Hafi M því, samkvæmt fyrirbyggjandi bréfi lögmanns hans, dags. 2. maí 2024, lýst yfir riftun kaupanna en seljandi hafnað því að endurgreiða kaupverðið. Jafnframt hafi M, hinn 16. apríl 2024, haft samband við Samgöngustofu og fengið kennitölulás á eigendaskiptin. Þá hafi lögmaður M sent erindi til V vegna greiðslu bóta úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V. Bótaskyldu hafi verið hafnað með bréfi dags. 16. maí 2024, á grundvelli þess að váttryggingin taki ekki til ágreinings sem varðar váttryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis.

M hafnar þeirri afstöðu V. Hann sé ekki skráður eigandi A samkvæmt Samgöngustofu heldur seljandi. Hann sé kaupandi en vegna kennitöluláss á eigendaskiptin sé hann ekki skráður eigandi. X hafi þá greitt fyrir bifreiðina en sé heldur ekki skráður eigandi A. M sé þá ekki notandi A, en utan prufuaksturs er hann aðstoðaði X við kaupin hafi hann ekki ekið A. Þá sé hann ekki stjórnandi A enda snúist málið ekki um óhapp eða tjón sem átt hafi sér stað í akstri. Eigi umrætt undanþáguákvæði því ekki við.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telji gögn málsins bera með sér að M hafi eignast A með staðgreiðslukaupum hinn 14. apríl 2024 þegar greitt var fyrir bifreiðina og M fékk hana afhenta. Verði að líta svo á að frá þeim degi teljist M eigandi hennar og skipti þá ekki máli þó skráning eigendaskipta hafi ekki farið fram, enda hafi allar meginreglur íslensks kauparéttar um eigendaskipti verið uppfylltar. Fyrir liggir að fyrirhugað riftunarmál snúi með beinum hætti að eignarhaldi M á A, enda gæti hann tæplega orðið aðili að slíku máli teldist hann ekki eigandi A. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna feli í sér skýra og hlutlæga ábyrgðartakmörkun sem verði að túlka samkvæmt orðanna hljóðan og falli tilvik M undir gildissvið þess. Komi bótaskylda því ekki til álita.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir M öllum málaltilbúnaði V. Þannig sé hann ekki eigandi A enda hafi hann, samkvæmt ráðleggingum Samgöngustofu, stöðvað skráningu A á sitt nafn. Hafi eigendaskiptin því aldrei farið í gegn og sé hann enn kaupandi, en ekki eigandi A. V meðtaki ekki tilgang og virkni kennitöluláss sem sé ætlað að koma í veg fyrir lögformleg eigendaskipti til að tryggja hagsmuni kaupenda fyrir dómi. Þá sé það rangt hjá V að meginreglur íslensks kauparéttar um eigendaskipti hafi verið uppfylltar enda hafi seljandi m.a. brotið gegn upplýsingaskyldu laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. V hafi þá ekki lagt fram nein lög eða reglugerðir sem sýni fram á að kennitölulás Samgöngustofu stöðvi ekki lögformleg eigendaskipti. Þá er ítrekað að M sé ekki eigandi, notandi eða stjórnandi A. Málið varði M sem kaupanda en ekki eiganda. Eigandi A sé seljandi hans. Þá leggi V ekki fram neina tilvísun til laga eða reglugerða varðandi það að M sé eigandi A og sé sú staðhæfing V þvert á það sem Samgöngustofa, lögregla og lögfræðingar hafi tjáð M. Skýrt sé að skilmálar V undanskilji ekki mál sem varði kaup á ökutækjum og því falli tilvik M ekki þar undir. Váttryggingarskilmálar eigi þá að vera skýrir og aðgengilegir og túlkun V sé hvorugt.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að kaupsamningur milli M og seljanda A hafi verið undirritaður hinn 14. apríl 2024. Var kaupverð A að fullu greitt og skrifuðu aðilar undir tilkynningu um eigendaskipti. Um

viðskiptin gilda lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Skömmu eftir kaupin varð M var þess að A var gölluð og lýsti hann á grundvelli þess yfir riftun kaupanna til samræmis við fyrrgreind lög. Það er almennt viðurkennd regla, sem verður jafnframt að telja að samræmist almennum málskilningi, að kaup séu að fullu gengin í gegn þegar söluhlut hefur verið veitt viðtaka og umsamin greiðsla innt af hendi. Þ.e. litið er svo á að áhættuflutningur miðist við það tímamark og að kaupandi sé þá orðinn eigandi söluhlutar, óháð því hvort hann grípi til vanefndaúrræða við síðara tímamark.

M byggir m.a. á því að svo hafi ekki verið í hans tilviki þar sem kennitölulás Samgöngustofu hafi verið settur á eigendaskiptin. Í 12. gr. b. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003 með áorðnum breytingum segir að kennitölulás sé ein tegund eigendaskiptalása, en þeir feli í sér að ekki sé unnt að skrá eigendaskipti að ökutæki. Víst er að eigendaskráning ökutækis hefur ýmsar lögfylgjur, svo sem varðandi váttryggingarskyldu sé um váttryggingarskylt ökutæki að ræða og ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda.

Hins vegar verður ekki talið sýnt sé fram á að lás á skráningu eigendaskipta haggi réttaráhrifum lausafjárkaupa á grundvelli laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Í skilningi þeirra laga er kaupandi, eftir að afhending og greiðsla kaupverðs hafa farið fram, orðinn eigandi söluhlutar.

Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að M krefjist bóta úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V þar sem honum sé nauðugur sá kostur að höfða mál til riftunar kaupanna. Verður þá að líta til þess að riftun í sjálfu sér varðar eignarhald. Riftun gengur þannig út á að eignarhald lausafjár flyst aftur yfir til seljanda og hvor aðili um sig skilar þeim verðmætum sem þeir hafa veitt viðtöku. Er vandséð að aðild M að slíku riftunarmáli verði ekki einmitt byggð á eignarhaldi hans á A.

Í skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V segir, í g.-lið 31. gr. að váttryggingin taki ekki til ágreinings sem varði váttryggðan sem m.a. eiganda vélknúins farartækis. Á grundvelli alls framangreinds verður að telja að ágreiningur M og seljanda varði M sem eiganda farartækisins A og að umrætt undanþágúakvæði eigi því við. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 217/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sveitarfélag.

Gögn.

190. Málskot mótttekið 10. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
191. Bréf V dags. 26. júní 2024.
192. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. júlí 2024.
193. Viðbótarathugasemdir V dags. 23. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, í starfi sínu sem sérkennari hjá tilteknum skóla sem rekinn er af X, fallið aftur fyrir sig af skrifborðsstól og hlotið af því líkamstjón. Atvikið átti sér stað hinn 8. október 2019 í svokölluðu tómsundaherbergi í sérskóla sem felur í sér tímabundið skólaúrræði fyrir börn og unglunga sem eiga í alvarlegum geðrænum, félagslegum eða hegðunarerfiðleikum. Í málskoti er atvikum lýst þannig að bak skrifstofustólsins hafi gefið sig vegna þess að nemandi í skólanum hafi skrúfað skrúfu stólsins lausa með þeim afleiðingum að bak hans gaf sig.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans í greint sinn og vísar til þess að X beri ábyrgð á því að starfsmenn þess búi við hættulausa og viðunandi starfsaðstöðu, sérstaklega þurfi að tryggja öryggi gagnvart nemendum með hegðunar- og þroskavandamál. M telur X bera stranga ábyrgð sem vinnuveitanda auk þess sem vísað er til gr. 7.6.1 í kjarasamningi M þar sem kemur fram að starfsmaður sem sinni einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum eigi rétt á að beina skaðabótakröfu að launagreiðanda. M telur slíka ábyrgð falla undir gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V þar sem komi þar fram í 4. gr. váttryggingarskilmála að tryggingin bæti líkamstjón vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggðan „...samkvæmt íslenskum lögum.“ M telur ekki vafa leika á því að skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum sé til staðar í málinu. M bendir auk þess á að ekki hafi nokkuð komið fram í málinu sem bendi til þess að M sjálfur hafi sýnt aðgæsluleysi sem geti leitt til skerðingar eða brottfalls bótaréttar til hans og að orsakatengsl séu milli tjónsatviks og þeirra einkenna sem M hefur vegna slyssins.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sýnt að starfsfólk skóla X hafi vitað eða mátt gera ráð fyrir því að nemandi losaði skrúfu úr stól þeim sem M settist hinn 8. október 2019. Einnig bendir V á að M hafi ekki tilkynnt yfirmönnum sínum um atvikið fyrr en rúm einu ári eftir að það átti sér stað. Þá hafi verið unnin svokölluð atvikaskráning og slysið tilkynnt til Vinnueftirlitsins í kjölfarið. V bendir aukinheldur á að þar sem M hafi ekki látið sína yfirmenn vita af atvikinu fyrr en haustið 2020 sé ekki ljóst um hvað stól sé að ræða og þannig ómögulegt að bera um ástand stólsins við slysið eða gerð hans að öðru leyti. V telur að M beri að sanna að slys hans megi rekja til háttsemi samstarfsmanna M eða annara atvika sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að hætta gæti verið af því að nota hefðbundin húsbúnað, eins og stóla, í húsnæði skólans sem M vann við og ekki sýnt að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið með góðum hætti. Auk þess liggja ekki fyrir að um vanbúin húsbúnað hafi verið að ræða. V telur auk þess að gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nái ekki til skaðabótaábyrgðar sem tilgreind sé í gr. 7.6.1 í kjarasamningi Félags grunnskólakennara. Ekkert komi fram um slíka vernd í váttryggingarsamningi, hvorki í váttryggingarskírteini né váttryggingarskilmálum.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að skólastjórnendum hafi mátt vera ljóst um hvaða stól var að ræða á tjónsdegi þar sem atvikið hafi verið skráð í dagbók skólans og dagbók nemandans hjá skólanum af hálfu samkennara M. Þannig hafi verið hægt að tilkynna um slysið til viðeigandi yfirvalda, en stjórnendur X hafi ekki sinnt því. M vísar til dóms Landsréttar í máli nr. 291/2022 og telur að leggja verði staðhæfingar M um aðstæður og orsakir slyssins til grundvallar. Einnig ítrekar M tilvísun sína til gr. 7.6.1 í kjarasamningi Félags grunnskólakennara þar sem segi að M geti skv. því

ákvæði beint skaðabótakröfu að launagreiðanda ef sá sem ber ábyrgð á líkamstjóni sé einstaklingur sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum. Einnig vísar M til 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem fram komi að réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fari eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni. M vísar auk þessa til þess að ákvæði í váttryggingarskilmálum V um frjálsa ábyrgðartryggingu segi að tryggingin bæti tjón vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem falli á hann skv. íslenskum lögum. Þannig hljóti ákvæði kjarasamningsins með stoð í 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga að falla undir skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum. Einnig vísar M til þess að starfsemi sem eigi sér stað í skólanum sem M starfaði við á tjónsdegi feli í sér meiri hættu fyrir starfsfólk en starfsemi annarra grunnskóla þar sem börn við þennan skóla glími við alvarlega geðræna-, hegðunar- eða félagslega erfiðleika. Þannig hvíli ríkari ábyrgð á X að gæta að öryggi starfsmanna. Einnig vísar M til verklagsreglna sem giltu í skólanum um að nemendur hans ættu ekki undir neinum kringumstæðum að vera eftirlitslausir heldur alltaf í fylgd stuðningsfulltrúa. Þannig megi álykta að stuðningsfulltrúi þess drengs sem skrúfaði bakið laust á stólnum sem M settist í hafi ekki sinnt því eftirliti sem hann átti að sinna. M skorar auk þess á V að leggja fram afrit af verklagsreglum sem lúta að eftirliti og stuðningi við nemendur skólans og að þeim hafi verið fylgt á tjónsdegi

Í viðbótarathugasemdom V segir að skráning í dagbók um daglega starfsemi og einstaka nemendur verði ekki jafnað við slysatilkynning starfsmanns til yfirmanns og því hafnað að dómur Landsréttar í máli nr. 291/2022 geti í þessu máli haft fordæmisgildi. Einnig vísar V til þess að skaðabótaskylda skv. kjarasamningi veiti kjarasamningum ekki lagagildi, þó lagagrundvöllur sé fyrir kjarasamningsgerðinni sjálfri. Ennig ítrekar V að gildissvið ábyrgðartryggingar X nái til skaðabótaskyldu að íslenskum lögum en ekki kjarasamningsákvæðisins. V telur að M verði sjálfur að bera hallann af því að hafa ekki látið vita fyrir um afleiðingar tjónsatviks og þannig rýrt rannsóknarmöguleika.

Álit.

Ágreiningur málsins er í fyrsta lagi hvort X ber skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum á líkamstjóni því sem M hlaut við að detta af stól hinn 8. október 2019 við vinnu sína í grunnskóla á vegum X. Til þess að til skaðabótaábyrgðar skv. íslenskum lögum stofnist í þessu máli þarf að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð á grundvelli bótareglna skaðabótaréttar, t.d. svokallaðrar sakarreglu eða reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Báðar reglurnar byggja á því að sýnt sé að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi sem leitt hafi til líkamstjóns M. Í tengslum við þetta er einnig ágreiningur um hvort rannsókn á tildrögum slyssins hafi verið ófullnægjandi af hálfu X og hvort vitneskja um slysið eftir það hafi kallað á önnur viðbrögð en viðhöfð voru. Hvað það varðar verður ekki séð með skýrum hætti að ágreiningur sé um málsatvik hvað það varðar að M hafi dottið af stól þar sem bak stólsins hafi verið laust. Því hefur ekki verið sérstaklega mótmælt að líklega hafi verið um tiltekinn nemanda að ræða. Ekkert í málsatvikum gefur sérstaklega til kynna að stóllinn hafi verið vanbúinn og enn síður að vitneskja um slíkt hafi legið fyrir hjá samstarfsmönnum M eða stjórnendum áður en slysið varð. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að brögð hafi verið að því áður að nemendur losuðu stólbök eða sérstök ástæða til að ætla að búast mætti við því þannig að sérstakar varúðarráðstafanir hefði átt að gera. Ekki verður heldur ályktað af gögnum málsins að atvik sem þessi hafi ítrekað komið upp í tilgreindum skóla eða að eftirliti með nemendum hafi verið ábótavant. Verður því ekki talið sannað að slys M verði rakið til skaðabótaábyrgðar X.

Í öðru lagi er ágreiningur um hvort gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nái til skaðabótaábyrgðar sem byggist á ákvæði 7.6.1 í kjarasamningi sem gilti um störf M hjá X. Ljóst er af því ákvæði að það byggir ekki á skaðabótareglum skv. íslenskum lögum heldur er sérstök bótaregla í kjarasamningnum sem gengur lengra en hefðbundnar skaðabótareglur. Skilyrði slíkrar bótareglu er að tjón sé rakið til einstaklinga sem ekki geta borið ábyrgð á gerðum sínum. Engin gögn í málinu sýna að þannig hafi verið ástatt um tjónvald. Verður auk þess ekki séð af gögnum málsins að X hafi getað keypt vernd vegna skuldbindinga X skv. kjarasamningnum á grundvelli víðtækra bótareglna með hefðbundnum váttryggingarskilmálum frjálsrar ábyrgðartryggingar hjá V. Ekki verður heldur séð að V hafi váttryggt þá áhættu sérstaklega með öðrum hætti í váttryggingarsamningi, t.d. ákvæði í váttryggingarskírteini.

Af þessu leiðir að ekki hefur verið sýnt fram á að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og réttur til greiðslu úr ábyrgðartryggingu X hjá V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann T. Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 219/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A), (B) og (C).****Sakarskipting.****Gögn.**

194. Málskot móttakið 11. júní 2024.
195. Bréf V1 dags. 12. júlí 2024.
196. Bréf V2 dags. 29. ágúst 2024.
197. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. september 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 4. apríl 2024, var hinn sama dag árekstur við Geirakot á Snæfellsvegi. Samkvæmt framburði M, sem var ökumaður A, fyrir lögreglu sagðist hann hafa komið í vettvang til að toga upp bifreið sonar síns sem hefði setið föst í vegkantinum. Hafi hann bakkað A að bifreiðinni, sett í „park“ og handbremsu og kveikt á viðvörunarljósum til aðvörunar fyrir aðra umferð. Hafi hann verið að lykkja reipi á bifreið sonar síns þegar hann hafi tvívegis heyrt mikinn hávaða. Hafi hann þá séð hvar C var ekið á A og B hafi svo ekið aftan á C. Haft er eftir ökumanni C að hann hafi ekið vestur Snæfellsveg og hafi útsýni verið skert vegna snjókomu. Skyndilega hafi hann séð A kyrrstæða á öfugum vegarhelmingi. Hafi hann reynt að hemla en ekki tekist og C hafi runnið framan á A. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi ekið á eftir C í um 50 metra fjarlægð frá henni. Hafi hann svo séð að C var ekið á aðra bifreið. Hafi hann reynt að hemla og forða árekstri við C en án árangurs.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hefði stöðvað bifreið sína gegn akstursstefnu og með ógætilegum hætti með tilliti til aðstæðna.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og byggir í málskoti á því að aðvörunarljós hafi verið kveikt og A verið stillt upp á þennan hátt svo unnt væri að draga hina bifreiðina upp. Skyggni hafi þá ekki verið svo slæmt en M telji ökumenn B og C hafa brugðist seint og illa við aðstæðum.

V1, sem var á tjónsdegi váttryggjandi A og B, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var á tjónsdegi váttryggjandi C, til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að M hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 28. og 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en í 1. mgr. 28. gr. komi fram að eigi megi stöðva eða leggja ökutæki þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Þá verði ekki séð að M hafi tendrað hættuljós eða viðhaft aðrar ráðstafanir til að vara aðra umferð við, sbr. 1. mgr. 35. gr. umferðarlaga. Með því að stöðva A gegnt akstursstefnu í vonskuveðri og litlu skyggni beri M því að mati V2 alla ábyrgð á því að árekstur varð.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að hann hafi verið með neyðarljós kveikt og lögregla hafi verið á svæðinu og séð það. Þá ítrekar M að hann telji ökumenn B og C ekki hafa brugðist rétt við, og hann hafi ekki einu sinni heyrt bremsuhljóð frá þeim.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga má eigi stöðva ökutæki eða leggja því þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Óumdeilt er að A var staðsett á móti akstursstefnu á veginum. M segist þá, bæði í málskoti og eins í framburði sínum fyrir lögreglu að hann hafi tendrað hættuljós bifreiðarinnar en í lögregluskýrslu er ekki fjallað frekar um það atriði. Ekkert liggur þá fyrir um að hann hafi jafnframt sett upp viðvörunarþríhyrning svo sem skylt er samkvæmt 1. mgr. 35. gr. umferðarlaga.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu segir að aðstæður á vettvangi hafi verið erfiðar, mikil snjócoma og hvassviðri. Þá hafi vegurinn verið mjög háll. Þá kemur fram að ef ekið sé vestur að vettvangi sé farið yfir litla blindhæð rétt áður en komið er á vettvang.

Telja verður að M hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði fyrrgreinds ákvæðis 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga umrætt sinn. Á grundvelli þess, svo og m.t.t. aðstæðna á vettvangi, er það því mat nefndarinnar að tjón sem varð á B og C vegna atviksins skuli bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A.

Liggur þá ekkert fyrir um að aksturslag ökumanna B og C í aðdraganda áreksturs hafi verið í andstöðu við umferðarlög eða að öðru leyti með þeim hætti að tilefni sé til að leggja hluta sakar á þá.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 220/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 18. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 1. júlí 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 26. september 2023 slasast við störf sín í fiskvinnslu X. Hafi M verið að tæma kæli með frosnum fiskiblokkum í stálrómmum/pönnum og hafi þanna af toppi pallettu runnið á tá M með þeim afleiðingum að hann tábrotnaði. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins daginn eftir slysið en engin rannsókn fór fram af hálfu eftirlitsins. Hefur M gert kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, hjá V vegna slyssins. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað með tölvupósti þann 17. apríl 2024. M telur að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna saknæmrar háttsemi sem X ber ábyrgð á. X hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980. Ber X ábyrgð á að af verkefnum sem unnin eru á vinnustaðnum stafi ekki hætta fyrir starfsfólk, bæði hvað varðar leiðbeiningar til starfsfólks og þjálfun þeirra auk viðunandi búnaðar, verkstjórnar og almennrar umgjardar þeirra verkefna sem þar eru unnin. Engin gögn liggja fyrir af hálfu X til sönnunar því að hann hafi uppfyllt þær skyldur sínar. Hafi honum ekki verið útvegaðir skór með stáltá og fékk hann ekki leiðbeiningar um að slíkur búnaður væri nauðsynlegur við þessi störf.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins á grundvelli þess að slysið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi X, starfsmanna hans eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á. Allir starfsmenn fái öryggisskó vegna vinnunnar og allir starfsmenn eru meðvitaðir um að nauðsynlegt sé að nota slíka skó við vinnuna. M hafði sinnt umræddu starfi oft áður og hafði fengið allar viðeigandi leiðbeiningar og þjálfun til að sinna starfinu, þ.á.m. leiðbeiningar um notkun þess öryggisbúnaðar sem tiltækur var við starfið. Mótmælir V því sem ósönnuðu að skortur á öryggisbúnaði hafi orsakað slysið og að X geti með einhverjum hætti borið skaðabótaábyrgð á slysi hans. Varðandi tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá liggja fyrir að slysið gerðist kl. 16.00 þann 26. september 2023 og var tilkynning móttekin hjá Vinnueftirlitinu daginn eftir, eða innan sólarhrings. Eðli málsins samkvæmt kom ekki í ljós fyrr en daginn eftir slysið að M væri óvinnufær vegna þess. Telur V engan vafa leika á því að X tilkynnti um slys M innan þess frests sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að það hafi eðli málsins samkvæmt strax legið fyrir þegar slysið varð að M yrði óvinnufær af völdum slyssins og bar því að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins án tafar. Ekki komi fram í fyrirliggjandi gögnum hvenær dags tilkynning vegna málsins barst Vinnueftirlitinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Slys M var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins og upplýst er að enginn frá eftirlitinu kom á slysstað til úttektar. Samkvæmt lækisfræðilegum gögnum var M skráður óvinnufær í langan tíma vegna afleiðinga

slyssins. Það liggur hins vegar fyrir að slysið var tilkynnt strax daginn eftir og í ljósi þess að slysið varð kl. 16.00 daginn áður verður að telja að tilkynning hafi borist eftirlitinu innan áskilins frest skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Er því ekki tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að X tilkynnti ekki slysið strax til Vinnueftirlitsins. Á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllst öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Ekki verður annað ráðið en að verk það sem M vann í umrætt sinn hafi við einfalt verk sem M hafði skv. upplýsingum frá X unnið oft áður. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi allir starfsmenn fengið öryggisskó vegna vinnunnar og verið meðvitaðir um nauðsyn þess að nota slíka skó. Engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu M sem hnekkja þeirri staðhæfingu. Að gögnum málsins virtum verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til skorts á viðeigandi búnaði, ófullnægjandi verkstjórn, leiðbeininga eða þjálfun starfsmanna. M, á ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. júlí 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 221/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

198. Málskot mótttekið 13. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
199. Bréf V, dags. 26. júlí 2024.
200. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X þann 13. maí 2022. Atvikið átti sér stað með þeim hætti að M var að færa 25 kg poka af frystri rækju til. Við verkið stóð M ofan á bretti sem stóð ofan á öðru bretti. Þegar M var að koma pokunum fyrir milli brettanna féllu lausir rækjupokar ofan á hægri öxl hans og handlegg. Í kjölfarið féll M til jarðar og í beinu framhaldi féllu fjölmargir pokar ofan á hann er hann lá á jörðinni. Lögregla kom á vettvang og bendir M á að ekki hafi verið rétt eftir honum haft í skýrslu lögreglu. Horfa eigi til annarra samtímagagna og frásagnar vitnis hvað málsatvik varðar. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, X vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjónsins.

M byggir á því að X beri ábyrgð á tjóni hans á grundvelli þess að aðstæður á vinnustað hafi verið hættulegar þannig að öryggi hans hafi verið stefnt í hættu. Pokarnir sem þurfti að hlaða hafi bæði verið sleipir og þungir, auk þess að hafa verið illa raðað upp á brettið. Það hafi haft þær afleiðingar að farmurinn hafi orðið óstöðugur. Enginn búnaður hafi verið á staðnum sem hefði getað gert M kleift að vinna verkið með öruggari hætti. Þá hafi M verið við störf í 15 klst þegar slysið átti sér stað og vinnutími hans þennan dag því langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Mikil pressa hafi verið á M og aðra starfsmenn við verkið. Hafi X mátt vera ljóst að verkið sem M vann gæti reynst hættulegt. Ekkert áhættumat hafi lagið fyrir og var slysið ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga, máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins og byggir á því að slysið verði ekki rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi X eða annarra sem hann ber ábyrgð á. Samkvæmt upplýsingum frá X sé M vinnslustjóri og hafi verið í a.m.k. 10 ár er slysið átt sér stað en mun hafa starfað hjá X mun lengur eða allt frá árinu 1983. Hann hafði því áratuga reynslu af störfum líkt og þeim sem hann sinnti á tjónsdegi og hafði allar forsendur til að taka ákvörðun um hvernig standa skyldu að málum líkt og hann gerði ásamt öðrum móttökustarfsmönnum. Þar sem pokarnir voru hálir og magnið mikið var hætta á skriði og hruni en starfsmenn voru meðvitaðir um þá hættu og hvattir til að fara varlega t.d. með því að vera aldrei einir inni í frysti. Er því hafnað sem ósönnuðu að slysið verði rakið til þess að mikil pressa hafi verið á starfsmönnum af hálfu rekstrarstjóra og vegna þess að M hafði unnið langt umfram venjulegan vinnudag er slysið átti sér stað. Ekkert í gögnum málsins styðji þá niðurstöðu. Telur V réttast að miða málavaxtalýsingar við frumskýrslu M sjálfs sem tekin var strax í kjölfar slyssins en ekki endursagnar úr læknavottorði eða skýrslu vitnis.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M því alfarið að atvikið megi rekja til hans eigin gáleysis. Kjarni málsins sé þvert á móti sá að slysið varð vegna vanbúnaðar sem X ber ábyrgð á. Hefði Vinnueftirlitið mætt á vettvangi hefði slysið verið tilkynnt þangað og óháð rannsókn hefði farið fram.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. M byggir á því í málskoti að líkamstjón hans megi rekja til þess að aðstæður á vinnustað hafi verið hættulegar og skorts á áhættumati. Þá vísar M jafnframt til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við 79. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar

tilkynna til Vinnueftirlits öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M frá vinnu í nokkrar vikur eftir slysið. Þannig er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins án ástæðulausrar tafar. Það var ekki gert og því voru tildrög slyssins ekki rannsökuð af eftirlitinu. Hins vegar kom lögregla á vettvang, tók ljósmyndir og ræddi við rekstrarstjóra X, samstarfsmann M og M sjálfan. Í málinu er ágreiningur um málsatvik þar sem M telur að sú lýsing á tildrögum slyssins sem lýst er í lögregluskýrslu og höfð er eftir honum sjálfum, sé röng. Vísar M til frásagnar vitnis í sömu skýrslu og annarra samtímagagna máli sínu til stuðnings. Í ljósi þess að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins, eins og atvinnurekanda bar að gera, sbr. fyrrgreind lagafyrirmæli, verður með hliðsjón af dómaframkvæmd að leggja frásögn M til grundvallar málsatvikum málsins. Er þar horft til þess að frásögn M í málskoti er á sama veg og frásögn vitnis í lögregluskýrslu sem lýsir tildrögum slyssins á þann veg að M hafi verið að stafla lausum pokum af rækju á milli tveggja bretta til að skorða þau af. M hafi staðið á bretti sem var ofan á öðru bretti til að ná að koma pokunum fyrir. Hafi M dottið niður og fallið á jörðina og í kjölfarið hafi bretti fallið og hafi 15-20 pokar af rækju falið ofan á M þar sem hann lá á jörðinni. Um var að ræða tiltölulega einfalt verk en hætta gat skapast þar sem pokarnir voru sleipir og þungir. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Fram kemur í gögnum málsins að M hafi verið vinnslustjóri hjá X og starfað þar frá árinu 1983. Verður í ljósi stöðu hans og reynslu að telja að honum sjálfum hafi borið að tryggja öryggi sitt og annarra starfsmanna með því að gera viðeigandi varúðarráðstafanir. Ósannað er að M hafi verið beittur þrýstingi til þess að vinna verkið hratt eða að slysið megi rekja til langs vinnudags M. Er það mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á annað en að um hafi verið að ræða óhapp og eigin aðgæsluleysi M sem ákvað að vinna umrætt verk með þeim hætti sem hann gerði umrætt sinn án þess að leita aðstoðar samstarfsmanna eða grípa til ráðstafana til að tryggja pokana betur. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 222/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Tilkynningarfrestur. Matsfrestur.

Gögn.

201. Málskot móttækið 13. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
202. Bréf V, dags. 28. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
203. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í vinnuslysi þann 30. janúar 2020 á vinnustað sínum sem er hjúkrunarheimili sem rekið er af X. Á slysdagi var M, sem starfsmaður X, tryggð í slysáttryggingu launþega hjá V. M tilkynnti tjón sitt til V þann 29. febrúar 2024. V sendi í beinu framhaldi afstöðu sína þess efnis að V hafnar allri bótaskyldu þar sem slysið hefði ekki verið tilkynnt innan þess ársfrests sem kveðið er á um í 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.). Jafnframt væri þriggja ára frestur M, til að óska eftir mati á afleiðingum slyssins, liðinn. Getur M ekki fellt sig við niðurstöðu V. Að mati M samræmist túlkun V á 124. gr. vsl., ekki dómaframkvæmd hér á landi, sem og, sé það bersýnilega ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju, eins og atvikum þess máls er háttað, að V beri fyrir sig þriggja ára matsreglu, sem komi fram í skilmálum V. Byggir M á að upphaf tilkynningarfrests skv. 124. gr. vsl., eigi að miða við það tímamark, þegar M var fyrst ljóst, að slys hennar hefði haft í för með sér varanlegar afleiðingar. Það hafi ekki verið fyrr en í nóvember 2023. Ekki fyrr en þá, hafi læknisfræðileg staðfesting legið fyrir um, að M hefði hlotið áverka í slysinu 30. janúar 2020, enda hafi fyrri rannsókn á vinstri öxl M gefið hið gagnstæða til kynna. Eldri rannsóknir á öxl M sýndu að hún hefði hvorki hlotið beinbrot eða aðra áverka á öxlinni í slysinu. Vísar M máli sínu til stuðnings til dómaframkvæmdar. Þá telur M að víkja eigi til hliðar ákvæði lokamálsliðsgreinar 13.2.5 í skilmála V þ.e. þriggja ára matsreglu. Kröfu sína reisir M á 36. gr. laga nr. 7/1936 um samninga, umboð og ógilda löggæringa (smnl.), svo og á 33. gr. þeirra laga. Varnar ákvæðið með öllu að M geti notið kjarasamningsbundinna réttinda sinna, sem meðal annars felur í sér að M eigi að vera tryggð verði hún fyrir líkamstjóni í vinnu sinni. Umrædd matsregla eigi sér ekki stöð í ákvæðum gildandi kjarasamnings, er slys M atvikaðist og eigi því að virða ákvæðið að vettugi.

Afstaða V er sú að bótaréttur M hafi fallið niður í janúar 2023 þegar þrjú ár voru liðin frá því að slys M gerðist þar sem fyrirforst af hálfu M að undirgangast mat innan þriggja ára frá slysi, sbr. ákvæði 13.2.5 skilmála slysáttryggingar launþega. Samkvæmt gr. 13.2.5. skilmálanna skal örorkan að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. Atvikið átti sér stað 30. janúar 2020 og leið því matsfrestur undir lok þann 30. janúar 2023. Það hafi ítrekað verið staðfest af dómstólum að ákvæði í skilmálum slysáttrygginga sem kveða á um matsfresti hafi fullt gildi. Vísar V til dóma Hæstaréttar í málum nr. 22/2004, 604/2017 og 36/2022 máli sínu til stuðnings. Þá byggir V á að umrætt skilmálaákvæði í gr. 13.2.5 í skilmálum slysáttryggingar launþega sé í samræmi við ákvæði vsl. Hvað tilkynningarfrest skv. 124. gr. vsl. varðar þá tilkynnti M ekki V um slysið fyrr en 29. febrúar 2024 en þá voru 4 ár og tæpir 2 mánuðir liðin frá atvikinu. Þá hafi tilkynningarfrestur samkvæmt framangreindu ákvæði verið liðinn. Síðasta samtímaskráning í sjúkraskrá vegna atviksins 20. janúar 2020 er 27. febrúar 2020 og telur V að miða beri við þá dagsetningu þegar ársfresturinn skv. 124. gr. vsl. er metinn.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M þá afstöðu sína að frestákvæði í skilmálum geti ekki takmarkað eðlilegt og sanngjarnt svigrúm tjónþola til að fá tjón sitt metið, til að leita fullnustu bóta fyrir það tjón sem tjónþoli hefur sannanlega hlotið. Slíkar óhóflegar takmarkanir ganga augljóslega í bága við þá réttarstöðu sem lögum nr. 30/2004, er ætlað að tryggja váttryggingum. Þá telur M að dómur Hæstaréttar í málum nr. 22/2004 og 604/2017 sem V vísar til hafi enga þýðingu fyrir úrlausn þessa máls.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist annars vegar um það hvaða tímamark miða ætti upphaf frests samkvæmt 124. gr. vsl. og hins vegar hvort frestur M til að undirgangast örorkumat hafi verið liðinn sbr. ákvæði 13.2.5 í skilmála váttryggingarinnar þar sem kveðið er á um að örorka skuli metin ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. Ágreiningslaust er að M varð fyrir líkamstjóni á vinnustað sínum þann 30. janúar 2020 og tilkynnti V um tjón sitt þann 29. febrúar 2024. Voru þá liðin rúmlega fjögur ár frá tjónsdegi. Er það afstaða M að tilkynningarfrestur hafi ekki byrjað að líða fyrr en í nóvember 2023 og því hafi hann ekki verið liðinn þegar tjónið var tilkynnt til V. Þá telur M að fyrrgreint skilmálaákvæði sem kveður á um að örorku skuli meta ekki síðar en þremur árum eftir slysdag, sé í andstöðu við ákvæði samningalaga nr. 7/1936. Í nýlegum dómi sínum í máli nr. 36/2022 frá 8. febrúar 2023 vísar Hæstiréttur til eldri dóma sinna í málum nr. 22/2004 og 604/2017 sem fjalla allir um sambærilegan ágreining um þriggja ára matsfrest og segir að viðurkennt hafi verið að váttryggingafélög hafi réttmæta hagsmuni af því að mæla í skilmálum slysatrygginga fyrir um tímafresti sem tjónþolar hafa til að afla sér sönnunar um varanlegar afleiðingar slyss og er þriggja ára frestur þar ekki talinn óeðlilegur. Þá er jafnframt vísað til þess að samningsfrelsi ríki um það hvernig ábyrgð er takmörkuð samkvæmt váttryggingarsamningi og vísað til þess að tjónþola var í lófa lagið, ekki síst eftir að slysið varð, að kynna sér skilmála slysatryggingarinnar sem mörkuðu nánar inntak réttar sem hann átti samkvæmt tryggingunni. Þá hefur Hæstiréttur einnig hafnað því að slík skilmálaákvæði fari gegn 36. gr. laga nr. 7/1936. Með vísan til alls ofangreinds er það afstaða nefndarinnar að umrætt skilmálaákvæði sé hvorki óeðlilegt né óskýrt og brjóti ekki gegn lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga né 33. eða 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Matsfrestur var því liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt þann 29. febrúar 2024. Þegar af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M og koma þá önnur ágreiningsatriði þ.e. hvort M hafi tilkynnt tjón sitt of seint í skilningi 1. mgr. 124. gr. vsl., ekki til skoðunar. M á því ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 223/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Almenn slysatrygging og slysatrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Sönnun tjónsatviks. Orsakatengsl.

Gögn.

204. Málskot mótttekið 13. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
205. Bréf V dags. 3. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 28. mars 2022 hafi M, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Hafi M verið að safna saman rusli af byggingarlóð er hann hafi hrasað um stein. Uppfylli atvik að baki slysi hans því skilyrði slyshugtaks váttryggingaréttar. V hafi, með bréfi dags. 15. september 2023, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu launþega og almennri slysatryggingu með þeim rökum að misstig hafi verið að ræða. M geri ekki ágreining um það að misstig eitt og sér geti ekki talist til bótaskylds slyss. Í tilviki M hafi hins vegar ekki verið um misstig að ræða heldur hafi hann hrasað um stein, sem hafi þá verið utanaðkomandi orsök slyss hans. Því til stuðnings er vísað til fyrirliggjandi vottorðs bæklunarlæknis, svo og yfirlýsingar Y, samstarfsaðila M, en þar komi fram að M hafi tjáð honum hvernig slysið atvikaðist. Hvað varði ónákvæma lýsingu á tildrögum líkamstjónsins í sjúkragögnum þá hafi heilbrigðisstarfsfólk í upphafi ekki tekið umkvartanir M nægilega alvarlega auk þess sem tungumálaörðugleikar hafi í einhverjum tilvikum komið í veg fyrir rétta skráningu. Þá hafi tjónstilkynning M til V ekki verið mjög ítarleg. Eftir standi þó að M hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi og með fyrirliggjandi vottorði sé sýnt fram á orsakatengsl þess við einkenni M.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að ósannað sé að sannanlegt slys hafi leitt til einkenna M. Þannig sé ítrekað í læknisfræðilegum gögnum að engin áverkasaga sé til staðar, auk þess sem óljóst sé hvenær umrætt atvik eigi að hafa átt sér stað. Bendi læknisfræðileg gögn til þess að um króníska verki sé að ræða. Hvað varði fyrirliggjandi vottorð bæklunarlæknis þá beri það með sér að vera skrifað að beiðni lögmanns M og grundvallist á skoðun sem hafi átt sér stað löngu eftir meintan atburð. Umræddur læknir hafi þá ekki haft M til meðferðar á fyrri stigum. Sé sönnunargildi þess vottorðs því afar takmarkað.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort sýnt sé fram á að atvik sem falli undir slyshugtak váttryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi váttryggingarskilmálum hafi leitt til líkamstjóns M. Í viðeigandi skilmálum er slys skilgreint svo að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Sönnunarbyrði þess að svo sé hvílir á tjónþola, þ.e. M, sem byggir á því að þar sem hann hafi hrasað um stein séu framangreind skilyrði uppfyllt.

Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá leitaði M til læknis 11. apríl 2022 vegna „viku sögu um verk í hægra fæti.“ Ekki er minnst á tiltekið tjónsatvik. Í skráningu vegna komu M til læknis 4. maí 2022 kemur fram að engin áverkasaga sé til staðar. Má sjá af sjúkraskrá að M leitaði í framhaldinu nokkuð oft til læknis vegna einkenna frá hægra fæti en hvergi virðist minnst á áverka eða að einkennin hafi hafist í kjölfar tiltekins atviks. Í læknabréfi Heilsustofnunar NLFÍ, en M dvaldi þar um haustið 2022, kemur fram að ekki sé „trauma í sögu“ en jafnframt að M hafi ítrekað misstigið sig á yngri árum. Í tjónstilkynningu M til V, dags. 11. maí 2023, segir að hann hafi „misstigið“ sig 28. apríl 2022.

M vísar til yfirlýsingar Y dags. 11. mars 2024, sem óbeinnar sönnunar fyrir því að umrætt atvik hafi átt sér stað með þeim hætti sem lýst er í málskoti. Er þá að líta til þess að um Y varð ekki vitni að atvikum, heldur er um að ræða endursögn á frásögn M, sem skráð er um tveimur árum eftir að M segir atvikið hafa átt sér stað. Er þá vísað til vottorðs bæklunarlæknis, dags. 6. mars 2024. Er þar byggt á frásögn M sjálfs af atvikum og skoðun læknisins 6. mars 2024. Verður ekki talið að umrætt vottorð feli í sér sönnun þess að atvik hafi verið með þeim hætti sem byggt er á í málskoti.

Verður af öllu framangreindu að telja að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til slyss í skilningi vátryggingaréttar. Verður hann að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr almennri slysatryggingu hjá V. M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 15. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 224/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis og ábyrgðartrygging ökutækis

Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sönnun tjónsatviks. Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

206. Málskot móttakið 1. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
207. Bréf V, dags. 23. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu lýsir M, eigandi bifreiðarinnar A, atvikum á þann veg að þann 12. júní 2023, hafi hann mætt flutningabifreiðinni B á Norðurlandsvegi við Reykjarhól, sem jós grjóti og ryki yfir bifreið hans með þeim afleiðingum að hliðarrúða brotnaði ásamt ýmsu tjóni á vinstra framhorni, hlið og framrúðu. Nýtt slitlag hafi verið á veginum og búið var að taka niður hraðann á þessum stað úr 90 km/klst í 50 km/klst. Hafi M sjálfur ekið á um 50 km/klst en flutningabifreiðinni hafi verið ekið á um 80-90 km/klst. Hafi M farið á eftir flutningabifreiðinni B í þeim tilgangi að stöðva hana og gerði hann ýmsar tilraunir til að vekja athygli ökumanns B, án árangurs. Hann hafi því stöðvað bifreiðina og haft samband við lögreglu. Í skýrslu lögreglu kemur fram að lögregla hafi stöðvað B og kannaðist ökumaður þeirrar bifreiðar við tilraunir ökumanns A til þess að stöðva bifreið hans. Viðurkenndi hann einnig að hafa ekið á 90 km/klst. á umræddum vegkafla. Neitaði ökumaður ekki að tjónsaatburður hefði orðið. Báðar bifreiðarnar eru váttryggðar hjá V og gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu B vegna tjónsins. Þá hafnaði V jafnframt bótaskyldu úr kaskótryggingu A vegna tjóns á lakki bifreiðarinnar en samþykkti bótaskyldu úr rúðutryggingu A vegna tjóns á hliðar- og framrúðu bifreiðarinnar. M telur sig hafa góða sönnun fyrir því að atvikið hafi átt sér stað og finnst undarlegt að V sé ekki tilbúið að bæta tjónið.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A og B á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram það mat V að tjón sem varð á bifreiðinni A verði ekki með nokkru móti rakið til notkunar bifreiðarinnar B. Hafnar V því kröfu M um bætur úr lögboðinni ábyrgðartryggingu B vegna tjónsins. Vísar V til þess að samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttarins, beri tjónþola að sýna fram á tjón sitt og hver olli því. Engin vitni hafi verið af atvikinu og engar upptökur úr öryggismyndavélum eða mælaborðsmýndavélum hafi verið lagðar fram sem varpað gætu skýru ljósi á aðdraganda þess að M varð fyrir tjóni. Þá hafi ökumaður B ekki orðið var við bifreið M fyrr en M ók fram úr honum.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist í fyrsta lagi um hvort sannað sé að tjón sem varð á bifreiðinni A, megi rekja til notkunar bifreiðarinnar B. Sönnunarbyrðin hvílir á M. Ökumaður B staðfesti fyrir lögreglu að hafa verið að aka á þeim stað og á þeim tíma sem M upplýsti að tjónsatvikið hefði átt sér stað. Þá liggur einnig fyrir að nýtt slitlag var á umræddum vegkafla og að ökumaður B ók á 90 km/klst. á vegkaflanum og var því á 40 km/klst. meiri hraða en heimilt var. Slíkur hraði yfir nýtt slitlag er til þess fallinn að valda miklu steinkasti enda ekki að ástæðulausu sem ökutæki eru látin draga úr hraða við slíkar aðstæður. Tjón á bifreiðinni A er að mati nefndarinnar ekki hefðbundið enda brotnaði hliðarrúða bifreiðarinnar auk annars tjóns á bifreiðinni. M gerði sitt besta til þess að stöðva bifreiðina B í kjölfar tjónsins án árangurs. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna verður að telja að M hafi lagt fram fullnægjandi sönnun þess að umrætt tjón á bifreiðinni A megi rekja til notkunar bifreiðarinnar B. Hafa verður einnig í huga að í skýrslu lögreglu kemur fram að ökumaður B neitaði ekki að tjónsaatburður hefði orðið. Á M því rétt á bótum vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V.

Í annan stað hafnaði V bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A með vísan til d-liðar 3. gr. kaskóskilmálans þar sem fram kemur að hefðbundið slit á lakki sem leiðir af eðlilegri notkun ökutækis, sé sérstaklega undanþegið í kaskótryggingunni. Í 2. gr. skilmála kaskótryggingarinnar kemur fram að váttryggingin bæti tjón á hinu váttryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika með þeim undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálanum. Telja verður með vísan til ofangreinds að tjón á bifreiðinni A verði rakið til skyndilegs

og óvænts utanaðkomandi atviks. Kemur þá til skoðunar hvort fyrrgreint undanþáguákvæði d-liðar 3. gr. eigi við um tjónið. Er það V sem ber sönnunarbyrði fyrir því að undanþáguákvæðið eigi við. Að mati nefndarinnar verður ekki talið að V hafi sýnt fram á að tjónið verði rakið til eðlilegs slits á lakki né verður talið að V hafi sýnt fram á að um hefðbundið steinkast hafi verið að ræða. Verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að tjónið hafi verið óvenjulegt og rakið til mikils gáleysis ökumanns B sem gætti ekki að því að hægja á hraða bifreiðarinnar á vegi með nýlagt slitlag. Afleiðing þess er sú að grjót og ryk kastaðist yfir bifreið M af slíku afli að hliðarrúða brotnaði. Með vísan til framangreinds er bótaréttur einnig til staðar úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V, kjósi M fremur að gera kröfu í þá tryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B eða úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 225/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Gildissvið váttryggingar. Umfang tjóns.

Gögn.

7. Málskot dags. 18. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
8. Bréf V, dags. 15. október 2024.
9. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. nóvember 2024.

Málsatvik.

Þann 17. febrúar 2023 slasaðist M er hann féll af palli vörubifreiðar. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr slysáttryggingu launþega vinnuveitanda síns og hefur V samþykkt bótaskyldu vegna slyssins. Þann 29. febrúar 2024 sendi lögmaður M beiðni til V um að afla læknisvottorðs frá lækni hjá einkareknu læknastöðinni A. Í tölvupósti dagsettu 6. mars 2024 samþykkti V að kalla eftir læknabréfum eða afriti af sjúkraskrá frá A í stað vottorðs. Þann 30. apríl 2024, barst M reikningur fyrir umræddri gagnaöflun að fjárhæð kr. 15.000. V hefur hafnað að endurgreiða M þá fjárhæð með vísan til þess að A sé samkvæmt úrskurði heilbrigðisráðuneytisins nr. 23/2023 óheimilt að rukka fyrir afrit af sjúkraskrá. M mótmælir þessari afstöðu V og bendir í fyrsta lagi á að V hafi samþykkt að þessara gagna yrði aflað. Samkvæmt grein 5.3 í skilmálum slysáttryggingar launþega greiðir V kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð, þegar þeirra er aflað að beiðni V. Samkvæmt þessu ákvæði ber V að greiða umrædda gagnaöflun. Vísar M til þess að umræddur skilmáli er saminn einhliða af V sem sé bundið við hann. Samkvæmt andskýringarreglunni, ber að túlka óljósa og umdeilanlega skilmála þeim í óhag sem samdi þá einhliða. Í öðru lagi bendir M á að úrskurður heilbrigðisráðuneytisins nr. 23/2023 eigi ekki við um einkaaðila. Í úrskurðinum sé fjallað um gjaldtöku Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þá bendir M á að jafnvel þótt úrskurðurinn ætti við í þessu máli, geti það hvorki talist eðlilegt né sanngjarnt að M eigi að bera hallann af því að A túlki úrskurðinn með þeim hætti að hann eigi ekki við um þeirra starfsemi. Telur M ljóst að V beri að greiða umrædda gagnaöflun í máli sínu. Enda sé um að ræða nauðsynleg læknisfræðileg gögn í tengslum við slys hans sem aflað hafi verið með samþykki V.

V bendir á að réttur sjúklinga til aðgangs að gögnum úr sjúkraskrá byggist á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna eigi sjúklingur eða umboðsmaður hans rétt að aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Ljóst sé að lögin gildi um allan aðgang að sjúkraskrá, óháð því hvort heilbrigðisþjónusta er veitt af opinberum aðilum eða einkaaðilum. Því sé ljóst að mati V að lög nr. 55/2009 gildi um aðgang M að sjúkraskrá sinni hjá A. Í framangreindum lögum sé ekki veitt heimild til gjaldtöku vegna aðgangs að sjúkraskrá eða afritun af slíkum gögnum. Heimildir til gjaldtöku vegna þjónustu sjálfstætt starfandi lækna sé að finna í 3. tl. 29. gr. laga nr. 112/2008. Felur sá tölulíður ekki í sér heimild til innheimtu á þjónustugjaldi vegna afhendingu á sjúkraskrá. Í reglugerð nr. 1551/2023 séu framangreindar heimildir til gjaldtöku nánar útfærðar. Öll gjaldtaka af hálfu A þurfi að eiga stoð í þeirri reglugerð, að öðrum kosti teljist hún óheimil. Telur V því að úrskurður heilbrigðisráðuneytisins nr. 23/2023, eigi einnig við um gjaldtöku A vegna afhendingar sjúkraskrár og færslum úr henni. Samkvæmt framansögðu sé ljóst að mati V að A sé ekki heimilt skv. lögum nr. 112/2008 og reglugerð nr. 1551/2023 að innheimta gjald vegna afritunar gagna úr sjúkraskrá eða veitingu aðgangs að sjúkraskrá sjúklings. V bendir á að skv. meginreglu skaðabóta- og váttryggingaréttar sé tjónþola skylt að takmarka tjón sitt með þeim hætti sem honum er unnt, en umrædd regla endurspeglar í gr. 5.3. skilmála slysáttryggingar launþega. Þar komi skýrt fram að V greiði kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð. Skilmálar félagsins séu skýrir um að V greiðir kostnað vegna læknisvottorða, enda sé heimild til staðar til innheimtu gjalds vegna slíkrar gagnaöflunar. Framangreind meginregla um tjónstakmörkun feli það í sér að tjónþoli, eða eftir atvikum lögmaður hans, geti ekki stofnað til kostnaðar sem telst óþarfur til sönnunar á tjóni, án samþykkis V, og gert kröfu um að sá kostnaður verði bættur úr viðkomandi tryggingu. Með því að greiða reikning A athugasemdalaust stofnaði lögmaður M því til

kostnaðar sem verði að teljast ónauðsynlegur og umfram það sem eðlilegt getur talist m.v. framangreindar forsendur. Telur V liggja fyrir að umræddur kostnaður hafi verið ónauðsynlegur og að M hafi ekki gætt að skyldu sinni til tjonstakmörkunar með því að greiða hann athugasemdarlaust.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M þær athugasemdir sem fram komu í málskoti hans og tekur fram að hann hafi takmarkað tjon sitt með því að kalla fremur eftir sjúkraskrá en læknisvottorði frá A. Hann hafi ekki stofnað til kostnaðar sem var óþarfur til sönnunar á tjonni, enda ljóst að V taldi að um nauðsynleg gögn væri að ræða. V hafi aldrei beint M á að hann væri að kalla eftir gögnum sem ekki yrði greitt fyrir. Það hafi ekki verið fyrir en reikningur var sendur á V sem fram kom að V myndi ekki greiða fyrir öflun þessara gagna.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V beri að greiða kostnað M vegna öflunar sjúkraskrár frá einkareknu læknastöðinni A. Fjárhæð sú sem um ræðir er kr. 15.000. Óumdeilt er að V samþykkti að sjúkraskrár yrði aflað frá A og að M hafi fengið reikning að fjárhæð kr. 15.000 frá A sem lögmaður hans svo greiddi fyrir hans hönd. Samkvæmt 3. gr. samþykpta fyrir nefndina frá 17. desember 2021, heyra mál undir starfssvið nefndarinnar sem varða réttarágreining um váttryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingarstarfsemi að öðru leyti. Fellur það utan við starfssvið nefndarinnar að úrskurða um lögmati þess að A krefji M um greiðslu fyrir afhendingu sjúkraskrár. Takmarkast álit nefndarinnar því við ágreining er varðar það hvort M hafi borið að takmarka tjon sitt með því að neita að greiða reikning A og þar með ekki krefja V um endurgreiðslu þess kostnaðar.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 skal váttryggður gera það sem sanngirnir er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjon. Skylda M takmarkast þannig við að gera það sem sanngjarn er að ætlast til af honum. Í 4. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga er mælt fyrir um afleiðingar þess að váttryggður vanrækir þær skyldur sem lagðar eru á hann til að takmarka tjon sitt af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við matið ber að líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti. Í samskiptum milli V og M áður en til þess kom að lögmaður M aflaði umræddra sjúkragagna, var ekki af hálfu V, sett það skilyrði að gögnin væru gjaldfrjáls. Sú málsástæða kom ekki fram fyrir en eftir að gagnanna hafði verið aflað og lögmaður M greitt reikning frá A vegna sjúkraskrárinnar. Að mati nefndarinnar er ekki sanngirnir í því fólgin af hálfu V að gera þá kröfu að M eða eftir atvikum lögmaður fyrir hans hönd, krefjist endurgreiðslu af hálfu A eða eftir atvikum kæri afstöðu A til heilbrigðisráðuneytisins. Líkt og áður hefur verið sagt tekur nefndin ekki afstöðu til lögmatís reiknings A, og því er til staðar óvissa um hvort M hefði í raun takmarkað tjonnið með höfnun á greiðslu reikningsins. Slík höfnun gæti hafa leitt til verulegs aukakostnaðar, svo sem dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Með samþykki sínu fyrir gagnaöfluninni skapaði V réttmætar væntingar hjá M um að sá kostnaður sem myndi falla til yrði endurgreiddur, í samræmi við skilmála slysatryggingarinnar. Samkvæmt andskýringarreglunni, ber að túlka óljósar reglur þeim í óhag sem setja þær, í þessu tilfelli V. Þegar af þeirri ástæðu þykir að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að M hafi ekki gætt að tjonstakmörkunarskyldu sinni umrætt sinn, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga. Á grundvelli greinar 5.3. í skilmálum váttryggingar þeirrar sem hér um ræðir, á M samkvæmt framansögðu rétt á endurgreiðslu kostnaðar vegna öflunar sjúkragagna að fjárhæð kr. 15.000.

Niðurstaða.

M á rétt á endurgreiðslu kostnaðar að fjárhæð kr. 15.000 vegna öflunar sjúkraskrár, úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 226/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Váttryggingartaki (X)

Slysahtak váttryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

- 208. Málskot mótttekið 18. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
- 209. Bréf V dags. 9. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 22. janúar 2022, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að hann hafi verið einn við vinnu og verið uppi í stiga að dæla eldsneyti á flugvél. Hafi vindhviða lent á M með þeim afleiðingum að hann féll úr stiganum og lenti á hægri öxl sinni á jörðinni. M hafi þá sagt vaktstjóra frá slysinu og skrifað undir skjal sem hinn síðarnefndi hafi fyllt út vegna þess. Hinn 28. janúar hafi M leitað til læknis og fengið óvinnufærnivottorð. Óvinnufærnivottorðið, sem beri þess merki að um slys hafi verið að ræða, hafi verið tekið gilt af hálfu X. Slysið hafi þá verið tilkynnt til Sjúkratrygginga og hljóti sú tilkynning að hafa stafað frá X. Sannað sé að um slys hafi verið að ræða, þ.e. utanaðkomandi atburð og eigi M því rétt á bótum úr launþegatryggingu X hjá V vegna líkamstjóns síns.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að upphaflega hafi slysdagur verið sagður 30. janúar 2022. Í læknisvottorði dags. 28. janúar 2022, þ.e. tveimur dögum fyrir meint slys, komi fram að M hafi verið mjög slæmur af verk í öxl í sex daga en ekkert komi fram þar um að M hafi lent í slysi. Þá liggi fyrir annað læknisvottorð þar sem óskað hafi verið eftir því að hakað sé við slys en ekki sjúkdóm sem orsök óvinnufærni. Fyrir liggi tilkynning til Sjúkratrygginga sem sé einhliða undirrituð af þáverandi lögmanni M og fjalli um slys sem hafi átt sér stað 30. janúar 2022. Hinn 13. júní 2023 hafi V borist yfirlýsing frá aðila, Y, sem ekki hafi séð atvikið en vilji meina að hann hafi heyrt af því um einum til þremur dögum síðar. Hinn 12. desember 2022 hafi V hafnað bótskyldu á grundvelli þess að engin samtímagögn séu til um slys hinn 30. janúar 2022. Hafi því hvorki legið fyrir sönnun þess að slys hafi átt sér stað né sönnun orsakatengsla milli meints slyss og þeirra einkenna sem M reki til þess. Hinn 29. desember 2023 hafi V borist umboð núverandi lögmanns M og í því umboði sé fjallað um vinnuslys sem átt hafi sér stað í desember 2021. Í bréfi frá lögmanni M sem V hafi borist 5. mars 2024 og meðfylgjandi leiðréttu umboði sé svo að finna nýja dagsetningu hins meinta atviks, þ.e. 22. janúar 2022. Afstaða félagsins um höfnun hafi verið áréttuð. Ný yfirlýsing Y, dags. 27. maí 2024, um að samstarfsmaður hans, M, hafi sagt honum af slysinu að morgni 22. janúar 2022, breyti engu í þeim efnun.

Álit.

M byggir kröfu sína um bætur úr slysáttryggingu launþega á því að hann hafi, hinn 22. janúar 2022, orðið fyrir slysi í skilningi váttryggingaréttar við störf sín í þágu X. Það hvílir á M að sýna fram á tjón sitt og atvik að baki því, þ.e. að tjón hans megi rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar.

Engin vitni voru að meintu atviki. Fyrir liggur tilkynning til Sjúkratrygginga, dags. 15. júlí 2022. Kemur þar m.a. fram að M hafi fallið úr stiga við það að vindhviða kom á hann. Framangreind tilkynning er undirrituð samkvæmt umboði af hálfu M, en ber þess engin merki að framangreind atvikalýsing hafi verið staðfest af hálfu X eða að X hafi komið að tilkynningunni. Verður því að líta á hana sem einhliða frásögn sem sett er fram af hálfu M en ekki sönnun þess að atvik hafi verið með tilteknum hætti.

Fyrirliggjandi er læknisvottorð, dags. 4. október 2022. Þar kemur m.a. fram að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 28. janúar 2022. Í nótu vegna þeirrar komu segir m.a. að M hafi, undangengna sex daga, verið slæmur af verkjum í hægri öxl. Kemur fram að einkenni hans samræmist „impingement“ eða klemmueinkennum í öxl. Er í engu getið um að tiltekið atvik eða slys hafi valdið þeim einkennum eða að þau séu sértæk fyrir áverka fremur en t.a.m. langvarandi álag eða einhæfar og krefjandi hreyfingar. Fékk M útgefna beiðni um sjúkraþjálfun og vottorð vegna fjarvista frá vinnu.

Fyrirliggjandi eru tvö óvinnufærnivottorð vegna daganna 28. janúar 2022 til 2. febrúar s.á. (misritað 2. janúar). Í öðru þeirra, sem gefið er út 28. janúar 2022, er hakað við að um sjúkdóm sé að ræða en í hinu, sem gefið er út 23. febrúar 2022, er hakað við að um vinnuslys sé að ræða. Segir í samskiptaseðli heilsugæslu, dags. 23. febrúar 2022, að M hafi þurft að láta haka við vinnuslys „svo vinnuveitandi geti notað vottorðið“. Liggur þó ekkert frekar fyrir um ástæður þessarar breytingar á umræddu vottorði.

Þá fylgdi yfirlýsing Y, dags. 27. maí 2024, með málskoti. Kemur þar fram að árla morguns hinn 22. janúar 2022, er Y mætti til vinnu, hafi M tjáð honum um atvikið. Y hafi þá sagt honum að gera slysaskýrslu og afhenda hana yfirmanni. Í málskoti segir jafnframt að yfirmaður M hafi gert einhvers konar skýrslu um atvikið. Engin slík skýrsla liggur þó fyrir né frekari upplýsingar um hvort hún hafi verið gerð. Í tölvupósti sem Y sendi þáverandi lögmanni M, dags. 13. júní 2023, er frásögn hans hins vegar sú að M hafi sagt honum frá slysinu einum til þremur dögum síðar og að þá hafi M sagst hafa gert slysaskýrslu með yfirmanni sínum. Verður ekki talið að framangreindar yfirlýsingar feli í sér sönnun þess að atvik hafi verið með tilteknum hætti.

Er þá jafnframt rétt að taka fram að dagsetningar eru nokkuð á reiki. Þannig segir í ofangreindri tilkynningu til Sjúkratrygginga að slysið hafi átt sér stað 30. janúar 2022 og er einnig vísað til þeirrar dagsetningar í umboði fyrrverandi lögmanns M. Í upphaflegu umboði núverandi lögmanns M er þá vísað til þess að slysið hafi átt sér stað í desember 2021, en síðar var því breytt í janúar 2022.

Það hvílir á M að sýna fram á að atvik sem uppfylli skilyrði slyshugtaks vátryggingaréttar hafi átt sér stað og leitt til þess líkamstjóns sem hann rekur til þess. Samkvæmt öllu framansögðu hefur slík sönnun ekki tekist. Verður M eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 227/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

210. Málskot mótttekið 18. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
211. Bréf V dags. 8. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum; váttryggingarskírteini.
212. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 10. júlí 2024 ásamt myndum.
213. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 11. júlí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hluti innbús M eyðilagðist í bruna hinn 26. júlí 2023, en um var að ræða innbú sem M geymdi utan heimilis síns. Í váttryggingarskilmálum V segir að bætur vegna innbús sem geymt sé með þeim hætti takmarkist við 15% af heildarváttryggingarfjárhæð innbústryggingar. Í tilviki M virðist vera óumdeilt að hámarksbætur geti þannig verið 2.828.906 kr. Þær bætur sem V hefur boðið eru 1.304.000 kr.

M telur að tjón hans sé ekki fullbætt með afgreiðslu V og telur tjón sitt vera um 7 millj. kr. og vísar um það til lista sem hann hafi sent V. M telur ekki unnt að leggja fram frekari gögn um andvirði þeirra muna sem brunnu og vísar til þess að starfsmaður V hafi komið á tjónsstað og skoðað hann og tekið myndir af því sem hafi verið uppistandandi. M telur að starfsmenn V eigi að hafa sérfræðipekkingu á því hvernig meta eigi tjón og ekki sé hægt að krefjast þess að fólk eigi almennt sölunótur fyrir öllu sínu innbúi.

V telur að ekki sé sýnt fram á frekara tjón en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur boðið M til greiðslu, þ.e. 1.304.000 kr. Það byggir V á skoðun starfsmanns þess á tjónsstað þar sem ekki hafi verið hægt að staðreyna nema að litlu leyti að þeir munir sem M hefur krafist bóta vegna hafi verið á staðnum þegar brann. V vísar til upplýsingaskyldu M í 18. gr. almennra skilmála félagsins og telur M bera sönnunarbyrði um að hann hafi átt þá mun sem hann gerir kröfu um bætur vegna og hvert verðmæti þeirra hafi verið. M hafi ekki brugðist við áskorunum um að leggja fram gögn sem staðfesti verðmæti munanna, hvorki kvittanir né greiðslufærslur, né heldur upplýsingar frá söluaðilum. Einnig bendir V á að krafa M sé sett fram m.v. nývirði muna en ekki sé reiknað með afskriftum, sbr. 4. gr. váttryggingarskilmála, en þar komi fram að aldur muna ráð afskriftarhlutfalli.

Í viðbótarathugasemdum M vísar M til þess að hann geti ekki metið virði einhverra þeirra innbúsmuna sem hann eigi í dag og vísar til ljósmynda af þeim munum til skýringa. Einnig telur M að ef taka eigi röksemdir V til greina þýði það að það að ekki séu til kvittanir fyrir þeim munum hann eigi í dag þýði að þeir séu verðlausir. Það sé ekki í samræmi við tilgang trygginga sem gangi út á að neytendur standi í sömu sporum og fyrir tjónið. Einnig telur M að það verði að koma upp betra kerfi fyrir neytendur vegna mats á verðmæti muna.

Í viðbótarathugasemdum V eru ítrekuð þau sjónarmið að innbú M hafi verið geymt utan heimilis, í iðnaðarhúsnæði og tilkynning um bruna hafi ekki borist fyrir en 15. febrúar 2024 til V, eða tæpum sjö mánuðum eftir tjónsatburðinn. Auk þessa hafi munir ekki verið greinanlegir á tjónsstað og M ekki lagt fram gögn um að hann hafi keypt eða átt munina, auk þess sem hann hafi ekki sýnt fram á virði þeirra.

Álit.

Sönnunarbyrði um verðmæti þeirra muna sem brunnu hinn 26. júlí 2023 hvílir á M. Í kröfubréfi M er gerð grein fyrir ýmsum munum sem urðu fyrir tjóni. Til þess að réttur til bóta stofnist úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar V verða þeir munir að falla undir að vera almennt innbú í skilningi 2. gr. váttryggingarskilmálanna og ekki munir sem undanskildir eru bótaskyldu. Fallist er á þær röksemdir V að ýmsir munir sem M vísar til í kröfu sinni falli ekki undir almennt innbú í skilningi fyrrnefndra váttryggingarskilmála, eins og loftþessa, flísar, lím, fúga og parket, auk þess sem bátar eru sérstaklega undanskildir váttryggingarvernd. Þessu til viðbótar verður að gera ráð fyrir að

afskriftarreglur 4. gr. vátryggingarskilmála gildi um nokkuð af þeim munum sem M gerir grein fyrir í kröfu sinni, eða í besta falli að endursöluverð sé ekki það sama og nývirði þeirra muna.

Ljóst er að þegar innbúsmunir brenna liggja ekki í öllum tilvikum fyrir tilbúna kvittanir vegna kaupa á innbúsmunum. Það þýðir þó ekki að þeim sem eiga slíka muni sé ómögulegt að leggja fram einhver gögn eða upplýsingar um mögulegt verðmæti þeirra á tjónsdegi, t.d. upplýsingar um hvenær munir voru keyptir eða með því að finna verðmæti sambærilegra muna á sölusíðum með notaða muni eða með sambærilegum hætti. Með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu og því að sönnunarbyrði hvíli á M um verðmæti þeirra innbúsmuna sem forgörðum fóru í bruna telst M ekki hafa sýnt fram á að tjón hans sé meira en nemur þeim 1.304.000 kr. sem V hefur boðist til að greiða í bætur. M ber hallann af sönnunarskorti um annað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 228/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

10. Málskot dags. 19. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.

11. Bréf V, dags. 9. júlí 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur á gatnamótum Snorrabrautar og Grettisgötu þann 18. september 2023 milli bifreiðarinnar A og vélknúna hlaupahjólans B sem M ók. Lögreglumaður var vitni að árekstrinum og lýsir atvikum í skýrslu sinni á þann veg að lögreglubifreiðin hafi verið kyrrstæð á hægri akrein Snorrabrautar við gangbrautarljósin. Röð af ökutækjum hafði myndast frá gatnamótum Snorrabrautar og Laugavegs þar sem rautt ljós var á umferðarljósum um Snorrabraut gagnvart Laugavegi. Náði sú röð yfir Grettisgötu. Tvær akreinar eru um Snorrabraut til norðurs. Veitti lögreglumaðurinn M athygli þar sem hann stóð við gönguljós á austurhluta Snorrabrautar og virtist vera að undirbúa sig undir að fara yfir gangbrautina á leið til vesturs. Skömmu eftir að lögreglubifreiðin stöðvar vegna umferðar við gangbrautarljósin lagði M af stað á hlaupahjólina yfir akbrautina. Í sömu mund og hann fór yfir á vinstri akrein var bifreiðinni A ekið til norðurs með þeim afleiðingum að M lendir utan í hægri hlið bifreiðarinnar. Rautt ljós logaði fyrir umferð gangandi um gangbrautina og grænt ljós logaði fyrir umferð ökutækja um Snorrabraut. Hefur M gert kröfu um bætur fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. V hefur samþykkt bótaskyldu en skerðir bætur um 1/3 hluta með vísan til þess að M hafi valdið umferðarslysnu af stórkostlegu gáleysi þar sem M ók hlaupahjólina yfir gangbrautina gegn rauðu ljósi. M mótmælir afstöðu V og vísar til þess að á slysdegi hafi umferð verið mikil og hæg og sjónarhorn M á vinstri akreininni hafi verið skert bæði vegna umferðar og staðsetningu lögreglubifreiðarinnar. Í ljósi þess verði það ekki talið óforsvaranlegt að M hafi metið það óhætt að fara yfir gangbrautina þar sem bifreiðin næst honum hafði stöðvað til að hleypa honum yfir. Vísar M til dóma Hæstaréttar í málum 293/2015 og 370/2005 máli sínu til stuðnings. Þá byggir M á því að orsök slyssins sé að rekja til ógætni ökumanns A, enda bar honum að sýna aðgát þegar hann ók yfir umrædda gangbraut skv. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Afstaða V er sú að skerða eigi bætur um 1/3 hluta tjóns M, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar þar sem hann ók rafhlaupahjól sínu gegn rauðu ljósi. Með því sýndi hann af sér stórkostlegt gáleysi.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur þessa máls um það hvort V sé heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 1/3 hluta á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Í 1. og 4. mgr. 4. gr. laganna segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns, en þó má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur af tjóninu með stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna umrætt sinn. Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur milli A og B á Snorrabraut við umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur sem staðsett eru sunnan við gatnamót Grettisgötu. Óumdeilt er að rautt ljós logaði fyrir gangandi umferð og grænt ljós logaði fyrir umferð ökutækja um Snorrabraut. Hafði röð ökutækja myndast á hægri akrein Snorrabrautar og var lögreglubifreiðin á hægri akrein því kyrrstæð er M lagði af stað yfir gatnamótin. Bifreiðinni A var ekið eftir vinstri akrein og gætti M ekki að umferð á þeirri akrein þegar hann lagði af stað gegn rauðu gönguljósi. Bar M

Þannig að sýna sérstaka aðgát skv. 3. mgr. 42. gr. umferðarlaga og fara eftir fyrirmælum umferðarljósa skv. 3. mgr. 7. gr. sömu laga en telja má að hann hafi misskilið aðstæður á gatnamótunum í umrætt sinn. Í lögregluskýrslu er ekki getið að M hafi farið yfir gatnamótin á miklum hraða né að hann hafi á annan hátt brotið gegn öðrum ákvæðum umferðarlaga. Með háttsemi sinni sýndi hann af sér gáleysi en ekki verður talið að gáleysið hafi verið það mikið að telja verði að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur vélknúna hlaupahjólsins í umrætt sinn. Að öllu framangreindu og með vísan til allra aðstæðna umrætt sinn telst M því eiga rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 229/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

214. Málskot mótttekið 20. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
215. Bréf V2, dags 17. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
216. Tölvupóstur V1, dags. 10. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiða A og B hinn 8. maí 2024 og bifreiðunum hafi báðum verið ekið eftir þjóðvegi 1 nálægt Höfn í Hornafirði þegar árekstur varð. Bifreið A er váttryggð hjá V1 og bifreið B hjá V2. Af gögnum málsins má einnig ráða að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á undan bifreið A þegar bifreið B var ekið til vinstri áleiðis inn á vegarslóða í sömu mund og bifreið A var ekið fram úr bifreið B. Árekstur varð þegar bifreið B var ekið til vinstri. Málið fór fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem skipti sök þannig að ökumaður bifreiðar B bæri 2/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægilega að umferð fyrir aftan sig þegar beygt var til vinstri og ökumaður bifreiðar A bæri 1/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægilega að sér við framúrakstur.

M telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B fyrir óvarlegt ökulag. M, sem var ökumaður bifreiðar A í greint sinn, lýsir ökulagi bifreiðar B í aðdraganda áreksturs þannig að ekið hafi verið ýmist hratt eða hægt, eða ýmist á 30 km/klst hraða eða 85 km/klst. M kveðst hafa ekið í nokkurn tíma á eftir bifreið B og beðið með framúrakstur þar sem M hafi vitað af vinsælum stöðum þar sem ferðamenn stöðvi gjarnan. M ber einnig um það í málskoti að þrisvar hafi verið farið fram úr báðum bifreiðum áður en M hafi reynt framúrakstur á bifreið A. Þegar M hafi hafið framúrakstur hafi verið gott skyggni og ökumaður óþekkrar bifreiðar á undan hafi gefið merki M merki að hún gæti ekið fram úr, en bifreið A hafi verið ekið á undan þeirri bifreið. M telur að vinstri beygja hafi verið tekin snögglega og án þess að huga að annarri umferð og að hún sem ökumaður bifreiðar A eigi ekki að bera nokkra sök á árekstrinum.

V2 telur að skipta beri sök í samræmi við niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingafélaganna og að sérstök aðgæsluskylda hafi hvílt á M sem ökumanni bifreiðar A við framúrakstur, sérstaklega með tilliti til lýsinga M á aksturslagi ökumanns bifreiðar B.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera sök á árekstrinum en til vara að farið verði eftir sakarskiptingu Tjónanefndar váttryggingafélaganna.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að árekstur varð á þjóðvegi 1 þegar bifreið B var ekið til vinstri áleiðis út af veginum á sama tíma og bifreið A var ekið fram úr bifreið B. Ljóst er af 1. mgr., og eftir atvikum 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að ökumanni bifreiðar B bar að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig áður en ekið var til vinstri út af veginum. Af gögnum málsins má ráða að þess hafi ökumaður bifreiðar B ekki gætt og ber hann því meginsök á árekstri við bifreið A. Í ljósi lýsinga M, sem ökumanns bifreiðar A á aksturslagi ökumanns bifreiðar B í aðdraganda áreksturs sem og háttænisreglu 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga um aðgæsluskyldu við framúrakstur verður ekki hjá því komist að rekja orsök áreksturs einnig að einhverju leyti til sakar M sem ökumanns bifreiðar A. Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B telst bera 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 1/3 sakar og ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 18. desember 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 231/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

- 217. Málskot mótttekið 20. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 218. Bréf V, dags. 6. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 219. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keyptu glugga af fyrirtækinu X í október 2022. Nokkru eftir afhendingu glugganna kom í ljós að X veitti rangar upplýsingar um þá og hafa M undir höndum hljóðupptöku af fundinum þar sem upplýsingarnar voru veittar. Við markaðseftirlit Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) í mars 2023 kom í ljós að gluggarnir uppfylltu ekki skilyrði laga og reglna, þrátt fyrir að seljandi hefði fullvissað M um að svo væri á umræddum fundi. Var því sett tímabundið sölubann á gluggana þann 23. mars 2023 af hálfu HMS og þann 12. apríl 2023 var því breytt í ótímabundið sölubann. M lýstu yfir riftun kaupanna og hófust samningaviðræður milli aðila um framkvæmd riftunar, eða ígildi hennar. Samningar náðust ekki og var M stefnt þann 4. júní 2024 til greiðslu eftirstöðva vegna kaupanna. Vegna dómsmálsins hafa M gert kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V sem hafnað hefur bótaskyldu á þeim grundvelli að samkvæmt skilmála váttryggingarinnar taki hún ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði tryggðan sem eiganda húseignar.

M telur V leggja óeðlilega rúma merkingu í orðin „sem eiganda húseignar“ miðað við þann ágreining sem liggur fyrir. Málið varði ekki galla á fasteign, heldur galla á vöru. Hvort sem varan hefur verið notuð í fasteign eða ekki hefur í raun ekkert gildi. Í framkominni stefnu í málinu, er byggt á meginreglum kröfuréttar en varðar ekki fasteign í þeirra eigu. Í stefnu er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og laga um byggingarvörur nr. 114/2014 vegna eiginleika vörunnar sem seld var af hálfu X. M hyggjast gagnstefna og krefjast þess að kaupunum verði rift á grundvelli laga um neytendakaup nr. 48/2003. Niðurstaða ágreinings mun engin áhrif hafa á fasteignina, samsetningu hennar, virkni, verðgildi eða gæði þar sem M hafa þegar fest kaup á nýjum gluggum sem notaðir verða, og breytir því engu í því tilliti hvort fallist verði á riftun kaupanna eður ei.

V vísar til þess í bréfi sínu til nefndarinnar að afstaða V byggir meðal annars á því að kaup á umræddum gluggum standi í beinum tengslum við eignarhald á fasteign og ljóst sé að kaupin á gluggunum hefðu annars ekki komið til. Á þeim tímapunkti sem ágreiningur kom upp virðist sem gluggarnir hafi þegar verið settir í fasteignina. Ekki verði séð að komið hefði til málareksturs fyrir dómstólum og tjóns M hefðu þau ekki verið eigendur fasteignar. Afstaða V eigi bæði við um ágreining vegna meintra galla á gluggunum og um riftun neytendakaupanna í framhaldinu en B telur að sömu sjónarmið eigi við vegna

beggja atriða.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að það hljóti að vera takmörk á því með hversu afleiddum hætti sé hægt að tengja ágreining við M sem eigendur fasteignar. Það sé ekki í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 55/2021 þar sem talið var að ágreiningur vegna láns, sem tekið var vegna fasteignakaupa, félli undir váttryggingarskilmála málskostnaðartryggingar váttryggjanda. Gluggarnir eru andlag ágreiningsins, það er fasteignin ekki. M telur ekki skipta höfuðmáli að gluggarnir hafi þegar verið komnir í fasteignina þegar ágreiningur reis.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort V geti borið fyrir sig undanþáguákvæði í váttryggingarskilmála réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar þar sem fram kemur að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði tryggðan sem eiganda húseignar.

Við túlkun þessa undanþáguákvæðis verður að líta til þess að um er að ræða staðlaða samningsskilmála sem settir eru einhliða af V. Ágreiningur við söluaðila glugganna snýst um að gluggarnir uppfylli ekki skilyrði laga og reglna sem um glugga á Íslandi gilda. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eru í byggingarreglugerð gerðar sértækar kröfur á Íslandi varðandi nothæfi glugga í fasteignum m.t.t. mikilvægra eiginleika sem byggja á veðurfari. Óumdeilt er að gluggar þeir sem M keyptu voru ætlaðir til notkunar í fasteign M og eru þeir við ísetningu orðnir hluti fasteignarinnar. Skiptir hér ekki máli hvort þeir voru komnir í fasteignina er ágreiningur kom upp eða ekki. Verður að mati nefndarinnar ekki unnt að líta svo á að gluggarnir hafi engin tengsl við M sem eigendur húseignar enda er það meginástæða riftunarkröfu M að gluggarnir standist ekki kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð og tengjast veðurfari og sérstökum skilyrðum sem gluggar í fasteignum þurfa að uppfylla svo selja megi þá á Íslandi. Ágreiningur M og X væri ekki til staðar ef gluggarnir hefðu ekki verið keyptir til þess að nota í fasteign M og voru þeir við ísetningu orðnir hluti af fasteigninni. Ágreiningur M við X varðar þannig M sem eigendur fasteignar og eiga M því ekki rétt á bótum úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 232/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Biðskylda. Ekið afturábak.

Gögn.

220. Málskot mótttekið 20. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
221. Bréf V1 dags. 1. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
222. Bréf V2 dags. 22. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu ökumanna bifreiða A, sem váttryggð er hjá V1, og B, sem váttryggð er hjá V2, kemur fram hinn 30. mars 2023 um kl. 3 að nóttu til hafi orðið árekstur með bifreiðum A og B við gatnamót Pósthússtrætis og Hafnarstrætis. Af teikningu á framhlið tjonstilkynningarinnar má sjá að bifreið A var ekið beint áfram en bifreið B afturábak í aðdraganda áreksturs. Ökumaður bifreiðar A, M, segir í skýrslu sinni að ökumaður bifreiðar B hafi bakkað á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa verið að bakka og snúa bifreið B til að halda áfram og ökumaður bifreiðar A hafi ekki virt biðskyldu. Myndbönd liggja fyrir í gögnum málsins af bifreiðunum eftir áreksturinn.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa bakkað á bifreið A. M vísar til þess að hann hafi stöðvað við biðskyldu og beðið í 10-15 sekúndur á eftir bifreið B, án þess að ökumaður þeirrar bifreiðar færði bifreiðina og þess vegna hefði hann ekið af stað. M bendir einnig á að bifreið B hafi verið ólöglega lagt.

V1 telur að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi ekið gegn fyrirmælum 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem komi fram að veita eigi umferð forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu. Einnig telur V1 að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt að fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga þar sem komi fram að sá sem aki afturábak skuli ganga úr skugga um að það sé gert án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þar að auki er vísað til þess að ökumaður bifreiðar B hafi átt að veita umferð á akbraut forgang þar sem hann hafi ekið úr bifreiðastæði, sbr. 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga. V1 telur með vísan til þessa að sök eigi að skiptast til helmingja milli ökumanna.

V2 telur að öll sök liggi hjá M sem öikumanni bifreiðar A þar sem honum hafi borið að veita allri umferð á gatnamótum Pósthússtrætis og Hafnarstrætis forgang, sbr. ákvæði 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga, óháð því á hvaða leið ökumaður bifreiðar B var og að ósannað sé að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekið skyndilega af stað úr kyrrstöðu eða þannig ógætilega að hann eigi að bera hluta sakar.

Álit.

Í gögnum málsins virðist ekki vera ágreiningur um að bifreið A var ekið gegn biðskyldu og bifreið B var bakkað í aðdraganda áreksturs og sýna myndbönd stöðu bifreiðanna á tjonnsstað. Ágreiningur er hins vegar milli ökumanna hvort ökumaður bifreiðar B hafi gefið M, sem öikumanni bifreiðar A, til kynna að hann gæti ekið áfram gegn biðskyldu eftir að hann hafði beðið í um 10-15 sekúndur án þess að ökumaður bifreiðar B æki af stað. Í 2. mgr. 16. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur skýrt fram að öikumenn sem aka gegn biðskyldu þurfa að veita umferð forgang sem og kemur fram í 1. mgr. 20. gr. sömu laga að þeir sem aka afturábak skuli gæta þess að það sé hægt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Öikumenn bifreiða A og B gættu þessa ekki nægilega vel og bera því báðir nokkra sök á árekstrinum. Ekki liggja fyrir vitnaskýrslur eða önnur sambærileg sönnunargögn sem sýna að annar ökumaður hafi sýnt meiri sök en hinn og skiptist hún því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna ökutækis A og B.

Reykjavík, 29. október 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 233/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

223. Málskot mótttekið 20. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
224. Bréf V dags. 9. júlí 2024.
225. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. júní 2023, er hún var á skemmtistað X, hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M féll aftur fyrir sig í tröppum milli fyrstu og annarrar hæðar staðarins sökum þess að tröppurnar hafi verið mjög hálar og blautar. Telji M ljóst að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns hennar. V hafi hins vegar, með bréf dags. 22. apríl 2024, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri að slys M yrði rakið til aðstæðna sem X bæri ábyrgð á. Þá komi fram í bréfinu að takmörkuð gögn væru til staðar um atvikið og X hafi ekki haft vitneskju um slysið fyrr en V hafði samband við X í kjölfar þess að krafa barst frá M. M telur tildrög slyssins að fullu sönnuð og vísar til yfirlýsinga vitna að slysinu en yfirliggjandi eru yfirlýsingar sambýlismanns M og félaga hans sem var með þeim á skemmtistaðnum. Eru þær dags. 12. febrúar 2024 og samhljóða varðandi það að stigatrappa milli jarðhæðar og annarrar hæðar hafi verið blaut og hál svo og það að sambýlismaður M hafi tilkynnt öryggisverði um atvikið en að hann hafi ekki skráð það. Í málskoti kemur fram að ekkert liggi fyrir er varpi efa á þessar yfirlýsingar. Þá megi ráða af þeim að starfsmaður X hafi vitað af slysinu. M hafi þá verið flutt af vettvangi með sjúkrabifreið og geti það ekki hafa farið fram hjá starfsfólki X. Auk þess hafi einn starfsmanna X aðstoðað M í kjölfar slyssins og meðan hún beið eftir sjúkraflutningi. Lögmaður M hafi óskað eftir myndbandsupptökum úr öryggismyndavélum staðarins en þær hefðu ekki verið vistaðar sérstaklega og því óaðgengilegar. Geti M ekki borið hallann af sönnunarskorti sem komi til vegna vanrækslu X á að varðveita gögn um slysið. Slys M hafi komið til vegna þess að hellst hafi úr glösum viðskiptavina á víð og dreif um stigann og starfsfólk X hafi ekki gætt að því að þurrka upp bleytuna. Er þá vísað til þess að auknar kröfur séu lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem neytendur venji komur sínar, þá ekki síst vínveitingahúsa, og er vitnað til fræðaskrifa og dómafordæma því til stuðnings. Ábyrgð X á því að tryggja öryggi viðskiptavina sé rík og beita verði ströngu sakarmati. Við mat á saknæmi verði þá að líta til þess hve mikil hætta var á tjóni, hversu mikið tjón var líklegt og hversu auðvelt hefði verið fyrir starfsfólk X að átta sig á hættunni og gera ráðstafanir til að hindra tjón. Á skemmtistöðum séu drykkir hafðir um hönd og algengt að það hellist úr glösum. Hætta af bleytu í stiga sé þá augljós, ekki síst síðla kvölds í takmarkaðri birtu og hefði verið auðvelt að grípa til ráðstafana til að draga úr henni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt X hafi það fyrst fengið vitneskju um slys M hinn 23. janúar 2024, og enginn starfsmanna X kannski við að slys hafi orðið. Af þeim sökum hafi myndbandsupptökum af atvikinu verið eytt til samræmis við 11. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vottun. Hefði X haft vitneskju um slysið hefði verið heimilt að varðveita myndefnið en engin slík vitneskja hafi verið til staðar. Einu samtímagögnin séu læknisfræðileg gögn frá bráðamóttöku. Í þeim komi fram að M hafi fallið aftur fyrir sig í stiga í húsakynnum X en engin gögn liggi fyrir um ástæður fallsins. Ósannað sé að bleyta hafi orsakað slys M. Jafnvel þó miðað væri við að bleyta hafi orsakað slysið leiði það ekki sjálfkrafa til þess að bótaskylda stofnist, enda liggi t.a.m. ekki fyrir hvort X eða starfsfólk þess hafi mátt vita af umræddri bleytu eða hvaðan bleytan stafaði. Þá kannski X ekki við að sambærileg slys hafi orðið í stiganum sem gæfu tilefni til ráðstafana. Hvað varði yfirlýsingar vitna sé um hlutdræga aðila að ræða auk þess sem yfirlýsingarnar séu nákvæmlega eins og beri þess því vott að vera ekki samdar af þeim aðilum sjálfum og feli því ekki í sér sjálfstæða lýsingu þeirra á atburðum. Hafi M því ekki axlað þá sönnunarbyrði sem á henni hvíli varðandi það að slys hennar verði rakið til saknæms vanbúnaðar eða athafnaleysis af hálfu X.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að starfsfólk X hafi mátt vita af slysinu, sbr. yfirlýsingar vitna, það að M var flutt brott með sjúkrabifreið svo og það að starfsmaður X aðstoðaði M í kjölfar slyssins. M geti ekki borið ábyrgð á því að starfsfólk hafi ekki aðhafst frekar og látið X vita af slysinu. X hafi haft, eða átt að hafa, vitneskju um slysið og því heimild til að varðveita umrætt myndefni. Það sé hins vegar augljóslega X í hag að bera fyrir sig að sú vitneskja hafi ekki verið til staðar. Þá er enn ítrekað að starfsfólk X hafi mátt vita að hellst geti úr glösum og því hafi verið mikilvægt að starfsmenn sæju til þess að engin bleyta væri í stiganum. Þá er áréttað að ekkert liggi fyrir í málinu sem leiði til þess að rétt sé að draga yfirlýsingar vitna í efa og eigi ekki að skipta máli þó þær séu samhljóða enda hafi bæði vitnin staðfest þær með undirritun sinni. Feli yfirlýsingar þeirra því í sér sönnun um aðstæður og orsök slyssins.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Samtímagögn um slys M eru af skornum skammti. Fyrirliggjandi er reikningur vegna sjúkraflutnings M frá skemmtistaðnum og á bráðamóttöku. Hins vegar liggur engin skýrsla sjúkraflutningamanna fyrir né verður séð að lögregla hafi verið kvödd á vettvang. Í fyrirliggjandi sjúkragögnum kemur þá fram að M hafi fallið aftur fyrir sig í stiga en segir ekkert frekar um orsakir þess. Hvað varðar fyrirliggjandi yfirlýsingar vitna verður að skoða þær í því ljósi að um sambýlismann M og féлага hans er að ræða og verður ekki litið svo á að þeir séu óhlutdræg vitni. Eru þær yfirlýsingar þá einu gögn málsins sem styðja þá frásögn M að bleyta hafi verið í stiganum svo og það að starfsmanni X hafi verið tilkynnt um atvikið.

Jafnvel þó fallist væri á það að bleyta í stiganum hafi leitt til falls M leiðir það eitt og sér ekki sjálfkrafa til bótaskyldu enda liggi ekki fyrir nein frekari gögn um aðstæður og atvik. Liggur þannig ekkert fyrir um það hvenær umrædd bleyta kom til, hvort starfsfólk X hafði vitneskju um hana og hvernig þrifum og eftirliti var að öðru leyti háttað. Verður jafnframt að telja að framangreint séu ekki atriði sem upplýst hefði verið um hefði títtnefnd myndbandsupptaka verið varðveitt. Jafnvel þó um strangt sakarmat eigi við um X verður að telja, eins og M byggir á, að algengt sé að bleyta slettist úr glösum viðskiptavina á ferð um stigann. Verður að telja óraunhæft að ætla rekstraraðilum vínveitingahúsa að viðhafa slíka aðgæslu að strax sé tekið eftir bleytu sem kemur til með þeim hætti og að hún sé samstundis þurrkuð upp.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður því að telja að ekki sé sýnt fram á að slys M sé að rekja til atriða sem X verði gert að bera skaðabótaskyldu vegna. Verður hún að bera hallann af þeim sönnunarskorti og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 235/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

226. Málskot móttakið 24. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
227. Bréf V1 dags. 18. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
228. Bréf V2 dags. 8. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
229. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 12. nóvember 2024.
230. Viðbótarathugasemdir V1 dags. 19. nóvember 2024 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Hinn 11. maí 2024 varð árekstur milli A, sem M ók og B við Grandagarð, Reykjavík. Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi heldur sendu hvor sína tjónstilkynningu. Í tilkynningu M til V1 segir að hann hafi rétt verið að taka af stað úr merktu bifreiðastæði samsíða götunni. Þá hafi B bakkað úr stæði hinum megin götunnar á ofsahraða þvert yfir götuna og á A. Í tjónstilkynningu eiganda B til V2 segir B hafi verið að bakka úr stæði. Í því sem hann hafi verið nánast búinn að bakka inn á hægri akrein í akstursstefnu hafi hann rekist á A sem hafi verið að aka úr stæði sem hann hafi lagt í andstætt akstursstefnu. B hafi talið sig öruggan að bakka úr stæðinu inn á akbrautina þar sem hæfileg lengd hafi verið í næstu bifreiðar í akstursstefnu hans. Hann hafi ekki tekið eftir eða vænt þess að A væri lagt í stæði gegn akstursstefnu og þaðan af síður að A yrði ekið út á götuna á móti umferð til að komast yfir á hægri akrein

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að skipta bæri sök til helminga, þar sem A hefði ekki gætt nægilega að annarri umferð við akstur úr stöðureit og B hefði ekki gætt nægilega að annarri umferð við akstur aftur á bak.

M fellir sig ekki við þau málalok og tekur í málskoti fram að hann hafi ekið rólega úr stæðinu og er hann varð var við umferð í átt að sér hafi hann stöðvað bifreiðina og hafi hún verið kyrrstæð er B kom með glannalegum hætti bakkandi úr stæði þvert yfir heila akrein og inn á næstu akrein og á A. Hafi A ekki átt þess neinn kost að koma í veg fyrir áreksturinn.

Fyrir liggur yfirlýsing vitnis að árekstrinum og segir í henni að A hafi ekið rólega úr bifreiðastæðinu. Augnabliki síðar hafi B ekið snögglega úr stæði hinum megin götunnar og skolið á A.

Í bréfi V1, sem var á tjónsdegi váttryggjandi A, er vísað til fyrirliggjandi myndbands af atvikinu en framburðir aðila séu að mestu til samræmis við það sem þar komi fram. Fyrir liggir að B hafi ekki séð A í aðdraganda áreksturs og að A hafi stöðvað er hann sá B og reynt án árangurs að forða árekstri. Er afstaða félagsins sú að B sem hafi í engu gætt að umhverfi sínu er hann ók aftur á bak úr stöðureit beri alla sök á árekstrinum. Séu þannig engin efni til að leggja hluta sakar á A sem hafi sýnt af sér þá varúð sem með sanngirni megi vænta.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var váttryggjandi B, til nefndarinnar kemur fram að staðhæfingar um ætlaða glannalega háttsemi B eða hraðakstur hans séu ekki studdar neinum gögnum og fyrirliggjandi myndband dugi ekki til sönnunar þeim. Vísar félagið þá til þess að óumdeilt sé að A hafi verið lagt þvert á akstursstefnu og verið ekið af stað gegn akstursstefnu. Hafi ökumaður hennar því ekki gætt nægilega að áskilnaði 28. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að ökumaður skuli ekki leggja ökutæki þannig að valdið geti hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð og að veita skuli umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði. Hins vegar liggir einnig fyrir að ökumaður B hafi ekki gætt að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. sömu laga er hann ók aftur á bak úr bifreiðastæði án þess að gæta nægilega að umferð fyrir aftan sig. Séu ekki efni til að leggja meiri sök á annan ökumanna umfram hinn og því rétt að skipta sök til helminga.

Álit.

Fyrirliggjandi er myndbandsupptaka af umræddu atviki. Má þar sjá er A ekur út úr bifreiðastæði sem er samsíða gangbraut vestan megin við Grandagarð, en akstursstefna A er til norðurs á móti umferð. Svo virðist sem A hafi hafið akstur frá stöðureitnum en staðnæmst er óþekkt bifreið ók suður

Grandagarð. Í sömu mund og A er ekið af stað að nýju er B ekið aftur á bak úr stæði austan megin við Grandagarð, að því er virðist nokkuð greiðlega, og yfir á hægri akrein með akstursstefnu til suðurs. Sjá má að A stöðvast þegar hún er komin að u.þ.b. tveimur þriðju hlutum úr stöðureit sínum en B virðist verða A var og kom til áreksturs milli bifreiðanna.

Er þetta að mestu til samræmis við atvikalýsingu ökumanns A og eiginkonu ökumanns B eins og þær koma fram í tjónstilkynningum. Af þeirri síðarnefndu má ráða að ökumaður B hafi gætt að umferð suður Grandagarð en ekki veitt A athygli áður en hann hóf aksturinn. Verður þá einnig ráðið af atvikalýsingu í tjónstilkynningu svo og fyrirbyggjandi myndbandi að B hafi ekki veitt A athygli meðan á akstrinum stóð enda hafi hann talið sig öruggan að bakka úr stæðinu þar sem hæfileg vegalengd var í aðrar bifreiðar sem óku suður Grandagarð. Verður að ætla að með hæfilegri aðgæslu hefði B mátt verða A var áður en til áreksturs kom. Verður að telja að ökumaður B hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður þá ekki fallist á að ökumaður A hafi umrætt sinn gerst brotlegur við háttarnisreglur umferðarlaga þannig að orsakað hafi umræddan árekstur. Vissulega lagði hann bifreið sinni gegnt akstursstefnu en hins vegar má ráða af framlögðu myndbandi að hann hafi hugað að annarri umferð er hann ók úr stæðinu og eins að hann hafi orðið B var áður en til áreksturs kom og stöðvað bifreiðina í viðleitni til að forða árekstri. Eru því að mati nefndarinnar ekki efni til að leggja hluta sakar á A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 236/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skadabótaábyrgð. Veitur.****Gögn.**

231. Málskot mótttekið 24. júní 2024 ásamt fylgigögnum.
232. Bréf V dags. 27. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
233. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. september 2024.
234. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. september 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins uppgötvaðist vatnstjón á fasteign M hinn 5. apríl 2023. Kom í ljós að lagnir í fasteigninni höfðu frostsprungið með þeim afleiðingum að vatn flæddi úr neysluvatnslögnum og olli miklum raka- og mygluskemmdum þannig að ekki þykir forsvaranlegt að ráðast í endurbætur eignarinnar. Ekki liggur fyrir hvenær nákvæmlega tjónið atvikaðist en eignin var mannlaus yfir vetrartímann.

Í málskoti kemur fram að samkvæmt fyrirliggjandi matsskýrslu sé orsök tjónsins sú að inntakssía hafi stíflast og því frosið í lögnum hússins. Fyrir liggir að viðgerðir hafi staðið yfir á lagnakerfi sveitarfélagsins og hafi það haft áhrif á lagnir á svæðinu. Vegna þess hafi fulltrúar X gengið á milli húsa í desember 2022 og hreinsað inntakssíur eftir að leir og önnur óhreinindi höfðu borist í lagnakerfið vegna framkvæmdanna. Í tilviki M hafi þær aðgerðir greinilega ekki skilað fullnægjandi árangri.

Á grundvelli þessa gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafi, með bréfi dags. 26. júní 2023, hafnað kröfunni á grundvelli þess að það teldi ekki sýnt fram á að tjónið væri tilkomið vegna stíflu í síu í eigu X. M áréttar að niðurstaða sérfræðings hafi verið sú að leir og óhreinindi í síunni hafi lokað alveg, eða að minnsta kosti að miklum hluta, fyrir rennsli að eigninni. Ætla megi að það hafi hægt á straumi vatns í lögnum hússins með þeim afleiðingum að fraus í þeim og lagnirnar frostsprungu. Þegar hlýnaði í byrjun apríl hafi klaki í lögnum þiðnað með þeim afleiðingum að vatn streymdi úr þeim. Þar sem X beri skýra ábyrgð á hreinsun og endurnýjun síu í tengigrind telji M að X hafi brugðist skyldum sínum og að tjón hennar megi sannarlega rekja til mistaka starfsmanna þess, sem hafi annað hvort ekki hreinsað síuna með fullnægjandi hætti eða vanrækt að fylgja því eftir að ekki væru frekari leir og óhreinindi í kerfinu vegna þeirra mistaka sem áttu sér stað í lok árs 2022.

Í bréfi V er tekið fram að svo bótaskylda stofnist þurfi M að sýna fram á að saknæm og ólögmat háttsemi starfsmanna X hafi leitt til tjónsins. Ósannað sé að umræddar frostsKemmdir sé a rekja til óhreininda í síu að heitavatnsinntaki. Hefði sían verið stífluð hefði enda ekkert heitt vatn komist inn í húseignina en gufa komið frá húsinu sem bendi til þess að heitt vatn hafi komist inn á lagnakerfi þess. Um sé að ræða gamalt hús sem hafi verið illa haldið við og megi gera ráð fyrir að húsið sé illa einangrað og þoli illa hitasveiflur. Þar sem enginn dvaldi í húsinu yfir veturinn hefði þá verið skynsamlegt að tæma lagnir þess og loka fyrir inntak í því skyni að forðast tjón en ekkert liggir fyrir um hvernig frágangi hafi verið háttáð fyrir veturinn. Myndband sem sýni hreinsun síunnar eftir tjónið sýni þá vissulega að í henni hafi verið óhreinindi en ekki verði séð að þau hafi verið slík að þau hafi stíflað inntakið. Telji V líklegra að lagnir hafi sprungið vegna þess að of kalt hafi verið í húsinu.

Jafnvel þó litið væri svo á að tjónið sé að rekja til óhreininda í síunni sé ekki bótaréttur til staðar þar sem tjón M verði samt sem áður ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Sé það hluti af eðlilegum rekstri hitaveitu að óhreinindi geti borist með heitu vatni og hreinsi X síur eftir þörfum. Sían hafi verið hreinsuð með fullnægjandi hætti hinn 6. desember 2022. Ekkert hafi bent til þess að þörf væri á endurnýjun síunnar þar sem hún var í góðu lagi eftir þá hreinsun. X hafi ekki fengið aðra beiðni um hreinsun, t.a.m. vegna lélegs vatnsþrýstings og hafi starfsfólk þess því ekki mátt vita að óhreinindi hefðu aftur safnast í síunni á þeim stutta tíma sem um ræddi. Umhirða X með síunni hafi ekki verið á skjön við reglugerðarákvæði eða verklagsreglur, og krafa um ítarlegra eftirlit með síum

húseigna sé hvorki raunhæf né sanngjörn. X beri ekki hlutlæga ábyrgð a tjóni af takmörkunum á afhendingu vatns eða vegna óviðráðanlegra atvika heldur byggi bótaábyrgð á sakarreglunni.

Í viðbótarathugasemdum M er málsatvikalýsingu X mótmælt. Engin gögn liggi fyrir um að sían hafi verið í góðu lagi eftir hreinsun X og hafi hún augljóslega verið full af drullu og skít þegar tjónið atvikaðist. Þá liggi fyrir tvær matsskýrslur hverra niðurstaða sé sú að tjónið sé langlíklegast að rekja til stíflu í síunni. Sé þá eðlilegt að gufa hafi myndast í húsinu, enda hafi stíflan valdið tregðu sem olli því að leiðslur frostsprungu. Við þíðu hafi vatn svo frussast út um frostsprungnar leiðslurnar. Séu skilyrði bótaskyldu þá uppfyllt enda hvíli skýr athafnaskylda á X um að endurnýja og hreinsa síu í tengigrind. Það hafi augljóslega ekki verið gert með fullnægjandi hætti.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að fyrirbyggjandi gögn feli ekki í sér sönnun þess að umrætt tjón verði rakið til inntakssíunnar heldur sé aðeins um ágiskun að ræða. eru þá fyrri afstaða og röksemdir ítrekaðar.

Álit.

Fyrirliggjandi eru tvær skýrslur um tjónið á fasteign M. Annars vegar er um að ræða skýrslu um ástandsskoðun þar sem er að finna lýsingu og ljósmyndir af ástandi eignarinnar. Henni fylgja þá ljósmyndir og myndband af hreinsun inntakssíunnar og má af þeim sjá að töluverð drulla var í henni við skoðun. Hins vegar er um að ræða ástandsskýrslu sem unnin var að beiðni M og segir í niðurstöðum hennar m.a. eftirfarandi um umrædda inntakssíu: „*Er það mat undirritaðs að rekja megi vatnstjón að Y til þess að inntakssía sem staðsett er framan við mæli á inntaksgrind hafi stíflast eða svo mikil tregða orðið á rennsli af heitu vatni inn á ofnakerfið að kerfið innan fasteignarinnar hafi sprungið.*“ Rökum V varðandi það að hefði sú verið orsök inntakssíunnar hefði heitt vatn ekki getað bunað úr heitri neysluvatnslögn og valdið gufumyndun er svarað með því að við þíðu í byrjun apríl megi ætla að klaki í lögnum hafi bráðnað og vatn þá streymt úr þeim. Án þess að geta staðreynt það er það því mat skoðunarmanns að stífla eða tregða í síunni hafi valdið tjóninu og að þá stíflu eða tregðu megi rekja til endurbóta í götulögnum sem hafi valdið því að óhreinindi bárust í lögnum.

Engin gögn liggja fyrir er hnekki framangreindu mati. Með hliðsjón af því, svo og myndbandi af hreinsun síunnar, er það því mat nefndarinnar að yfirgnæfandi líkur séu til þess að stífla eða tregða í síunni hafi í það minnsta verið meðverkandi orsök fyrir tjóni M.

Samkvæmt skilmálum ábyrgðartryggingar X hjá V bætir vátryggingin líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum. Um grundvöll skaðabótaábyrgðar gildir almennt sakarreglan nema lög mæli á annan veg. Verður ekki séð að svo sé í þessu tilviki og X beri ekki hlutlæga ábyrgð vegna umræddrar inntakssíu. Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir þá samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Er því ekki nægilegt að sýnt sé fram á að óhreinindi í inntakssíunni hafi valdið tjóninu.

Í 6. mgr. 9. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitu nr. 488/2021 segir: *Í tengigrind er sía sem þjónar þeim tilgangi að minnka líkur á að óhreinindi komist í hitakerfi eiganda og valdi truflunum á rekstri þess. Sían er eign hitaveitunnar sem annast endurnýjun hennar. Hitaveitan hreinsar síu eftir þörfum.*

Óumdeilt virðist að umrædd sía hafi verið hreinsuð hinn 6. desember 2022. Er ekki sýnt fram á að sú hreinsun hafi tekist illa eða verið ófullnægjandi. Liggur þá ekkert fyrir um að endurnýjunar síunnar hafi verið þörf. Óumdeilt virðist þá að hreinsunin hafi verið framkvæmd í tengslum við lagnaframkvæmdir sveitarfélagsins en ekkert liggur fyrir um að framkvæmdir við lagnakerfi þess hafi átt sér stað eftir 6. desember og fram til þess að vart varð við tjónið þannig að tilefni hafi verið til að hreinsa síuna af þeim sökum. Liggur þá ekkert fyrir um að X hafi verið tilkynnt um skert flæði inn á lagnir húseignarinnar eftir að umrædd hreinsun átti sér stað. Hefur því ekki verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi gert mistök við hreinsunina sem slíka, eða að tilefni hafi verið fyrir X að ætla að þörf væri á frekari hreinsun síunnar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að ekki hafi tekist að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 237/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V) og (ABÍ).

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Ekið aftan á annað ökutæki.

Gögn.

235. Málskot mótttekið 24. júní 2024.
236. Bréf V dags. 23. júlí 2024.
237. Bréf ABÍ dags. 1. ágúst 2024 ásamt greinargerð ökumanns og eiganda bifreiðar B.
238. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 8. ágúst 2024.
239. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 13. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningarskýrslu A&Ö dags. 26. mars 2024 kemur fram að þann dag hafi orðið árekstur með bifreiðum A, sem er váttryggð hjá V, og bifreið B sem var óváttryggð og kemur tjónsuppgjörsmiðstöð (ABÍ) skv. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 fram vegna kröfu um greiðslu bóta vegna þeirrar bifreiðar.

Í umræddri tjónstilkynningarskýrslu kemur fram að báðum bifreiðum (A og B) hafi verið ekið Laugaveg í austurátt, en af myndum af vettvangi má álykta að tvær akreinar séu í sömu átt á þeim stað. Bifreið B var ekið aftan á bifreið A á vinstri akrein Laugavegar þegar ökumaður bifreiðar A stöðvaði bifreið sína til að taka U-beygju inn á Laugaveg í vesturátt. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur fram að hann hafi verið á um 45-50 km/klst við akstur austur Laugaveg í aðdraganda áreksturs. Síðan segir hann: „Ég sá að það var enginn bill að koma inn á móti mér inn á Laugavegi og því bremsaði ég, sennilega setti ég ekki stefnuljósinn á og trúi hinum ökumanninum með það að hún sá ekki stefnuljós. Ég byrjaði svo að taka U-beygjuna. Þá fann ég högg aftan á minn bíl.“ Í framburði ökumanns bifreiðar B kemur eftirfarandi fram: „Ég var að keyra á Laugavegi í austurátt og var að koma að Bolholti. Skyndilega snarbremsar bíllinn fyrir framan mig og byrjar að taka U-beygju inn á Laugaveg í vesturátt. Við vorum búin að vera að aka á um 50 km/klst hraða fram að þessu. Hann bremsaði svo hratt að ég náði ekki að bregðast mikið við og þó ég bremsaði ók ég aftan á bílinn hans.“ Gögnum málsins fylgja einnig ljósmyndir af aðstæðum á vettvangi.

M vísar til þess í málskoti að V hafi upphaflega komist að þeirri niðurstöðu að hann, sem ökumaður bifreiðar A, bæri ábyrgð á árekstrinum. Tjónanefnd váttryggingafélaganna hafi síðan komist að niðurstöðu um að báðir ökumenn bæru jafna sök vegna árekstursins. M telur ökumann bifreiðar B bera sök á árekstrinum og vísar til 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga þar sem komi fram að þannig bil skuli vera milli ökutækja að ekki sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem á undan sé stöðvist eða dregið sé úr hraða þess og eigi að hafa til viðmiðunar að það taki ekki minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. M telur að hann hafi mátt taka U-beygju á þeim stað sem hann hugðist gera það og að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á ofsahraða.

V telur ökumann bifreiðar B bera alla sök á árekstrinum þar sem sá ökumaður hafi ekki gætt að fyrirmælum 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með því að gæta þess að hafa nægt bil á milli bifreiðanna og ekki nægilega gætt að umferð fyrir framan sig í aðdraganda áreksturs. Einnig vísar V til þess að miðað við ákomur á bifreiðunum bendi allt til þess að miðað við uppgefinn aksturshraða bifreiðar B hafi ökumaður hennar lítið sem ekkert brugðist við eða náð að bremsa áður en árekstur varð. Einnig vísar V til þess að ekki sé hægt að meta háttsemi ökumanns bifreiðar A (M) til sakar þar sem sá hafi hagað akstri sínum í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga og með því að taka vinstri beygju sem næst miðlínu akbrautar og að engin umferðarmerki sýni að bannað sé að taka U-beygju á þeim stað sem M beygði til vinstri.

ABÍ telur ökumann bifreiðar A bera alla ábyrgð á árekstrinum og vísar til framburðar hans í tjónstilkynningarskýrslu um að hann hafi eingöngu gætt að umferð úr gagnstæðri átt þegar hann ákvað að aka til vinstri í fyrirhugaða U-beygju en ekki umferð sem á eftir kom, auk þess sem hann hafi viðurkennt að hafa ekki gefið stefnuljós þegar hann tók ákvörðun um að bremsa og beygja. Það fái síðan stöð í framburði ökumanns bifreiðar B auk þess sem ekkert komi fram í gögnum um meintan

ofsahraða ökumanns bifreiðar B, eins og M hafi haldið fram í viðbótargögnum. Einnig er vísað til þess að ökumaður bifreiðar B hafi verið sérstaklega vör um sig þar sem hún hafi verið nýlega orðin ófrísk. Einnig er vísað til þess að innskot það sem M hafi ætlað að nota til að taka U-beygju sé illa sýnilegt vegna hárrar girðingar sem sé staðsett á umferðareyju milli akreina austurs og vesturs á Laugavegi, auk þess sem það innskot sé aðallega ætlað þeim sem aki Laugaveg í vesturátt og ætli að taka vinstri beygju inn í Bolholt og augljós hættu sé að því að haga akstri eins og ökumaður bifreiðar A gerði. Einnig er vísað til athugasemda ökumanns bifreiðar B þar sem segir að það hafi komið henni mikið á óvart að ökumaður bifreiðar A hafi ætlað að beygja þar sem akstur hans hafi ekki gefið það í skyn hvorki með því að hægja ferð né gefa stefnuljós. Einnig mótmælir ökumaður bifreiðar B því að hún hafi ekið á ofsahraða eða hafi verið tvísaga um atvik í aðdraganda áreksturs og vísar til þess að það hafi M frekar verið.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann hafi verið í uppnámi vegna árekstursins og þannig hafi hann mögulega ekki gefið skýrar upplýsingar strax eftir hann. M leggur áherslu á að það að taka U-beygju hafi ekki verið skyndiákvörðun hans og hann hafi ekki sagt það í skýrslutöku eftir áreksturinn. Einnig bendir M á að ekki hafi verið umferð á hægri akrein Laugavegar til austurs og hafi ökumaður bifreiðar B því getað fært sig yfir á þá akrein.

Í viðbótarskýringum V kemur fram að félagið taki undir viðbótarathugasemdir M og ítrekar að ekkert hafi komið fram í gögnum málsins um að M hafi farið gegn ákvæðum umferðarlaga í greint sinn.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi borið að gæta að umferð fyrir framan sig í samræmi við háttænisreglur 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þar segir: „Ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skal vera svo langt frá því að eigi sé hættu á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess að jafnaði gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna.“ Ökumaður bifreiðar B ók aftan á bifreið A og verður ekki annað ályktað að gögnum málsins að árekstur megi rekja að meginstefnu til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt nægilega vel að þessu.

Þegar hins vegar litið er til aðstæðna á vettvangi og framburðar ökumanns A (M) í tjónstilkynningarskýrslu um að hann hafi stöðvað, sennilega án þess að gefa stefnuljós, verður að telja honum það til sakar. Helst verður þar að líta til þess að miðað við aðstæður á vettvangi er ekki augljóst ökumenn sem aka austur Laugaveg nýti sér þá opnun umferðareyju sem ökumaður bifreiðar A ætlaði að nýta sér til U-beygju. Af aðstæðum má ráða að þessi opnun sé aðallega ætluð umferð vestur Laugaveg sem ætlar að aka til vinstri inn Bolholt. Engin aðrein er fyrir umferð austur Laugaveg fyrir þá vinstri beygju sem ökumaður bifreiðar A ætlaði sér og var því nauðsynlegt með vísan til almennar tillitsemi skv. 4. gr. umferðarlaga að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig, hægja á sér í tæka tíð og gefa stefnumerki í tæka tíð vegna mögulegrar umferðar fyrir aftan bifreið A. Þegar litið er til allra atvika telst M, sem ökumaður bifreiðar A, bera 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar vegna áreksturs bifreiðanna 26. mars 2024.

Reykjavík, 22. október 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 238/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. júlí 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 7. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 3. október 2022 hafi M orðið fyrir slysi þegar hlaupahjól, sem hann var á, rann á hálu götulistaverki þannig að M datt og slasaðist. Nánar tiltekið sé um að ræða götulistaverk sem hafi verið málað á göngustíg með útimálningu. Af gögnum málsins má ráða að málavextir hafi verið með þeim hætti að M hafi ferðast á hlaupahjólinu á fjölförnum göngustíg á leið frá tónlistaskóla Sigursveins ofan við bókasafnið í Gerðubergi á tjónsdegi þegar hjólið rann á hálu götulistaverki, sem X hafði látið mála á stíginn. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni og etji hann enn við afleiðingar þess. Á tjónsdegi var blautt og lauf höfðu fallið á göngustíginn. Vísar M til þess að slys hans megi rekja til saknæmrar og ólögmastrar háttsemi X við aðbúnað á stígnum þegar hann var málaður með götulistaverki án þess að gæta öryggis vegfarenda. Vísar M til þess að þeir sem fara um fótgangandi eða á hjólum eigi að geta treyst því að frágangur, aðgengi og umhverfi séu með þeim hætti að ekki skapist hætta fyrir vegfarendur. Þannig hafi engar viðvaranir eða merkingar verið uppi við götulistaverkið þar sem slysið átti sér stað til að vara við hálu undirlagi vegna götulistaverksins. Þá hafnar M því að til staðar hafi verið skilti sem vöruðu við því að yfirborð listaverksins gæti orðið hált í bleytu sem og þeirri fullyrðingu V að sérstökum viðbótarsandi hafi verið bætti í málninguna til að hálkuverja hana enn frekar. Loks vísar M til þess að götulistaverkið hafi verið fjarlæggt skömmu eftir slysið. Þannig telur M að X hafi borið að sjá til þess að almenningi yrði tryggt öruggt og heilsusamlegt umhverfi á svo fjölförnum stað þar sem slysið varð. Það hafi ekki verið gert og stór hluti leiðarinnar hafi verið flugháll vegna götulistaverksins sem sé á ábyrgð X.

V hafnar bótaskyldu þar sem ekki þyki sýnt fram á að atvikið verði rekið til saknæmrar vanrækslu eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verður látinn bera sönnunarbyrði á. Vísar V til þess sem fram kemur í höfnunarbrefi félagsins og áréttar að X hafi leitast við að gæta fyllsta öryggis við gerð listaverksins og settur hafi verið sérstakur viðbótarsandur til að auka öryggi vegfarenda. Þá hafi verkið verið framkvæmt af fyrirtæki sem sérhæfir sig í bílastæðamálun og notuð hafi verið nánar tiltekin málning sem hafi verið mikið notuð úti við. Einnig beri viðnámsmæling á svæðinu með sér að mælingar hafi verið í takt við mælingar á bílastæðum fyrir hreyfihamlaða, sem séu bestu fánlegu gæðin. Loks er vísað til þess að X hafi sett upp tvö skilti sem vöruðu við því að verkið gæti orðið hált í bleytu, sbr. nánari í gögnum málsins. Vísar V þannig til þess að X hafi sannarlega gert öryggisráðstafanir í því skyni að leitast við að tryggja öryggi vegfarenda eftir fremsta megni. Einnig vísar V til þess að mikil rigning hafi verið á tjónsdegi og laufblöð á listaverkinu sem V telur líklegt að hafi átt þátt í slysinu.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að ekki sé hægt að fallast á að fullnægjandi öryggisráðstafanir hafi verið til staðar á tjónsdegi, enda ljóst að myndir sem fylgja athugasemdum V hafi ekki verið teknar á sama tíma og slysið varð. Þvert á móti hafi myndir, sem fylgdu málskoti M og voru teknar á tjónsdegi, ekki sýnt borða eða skilti til að vara við hálfu. Þá vísar M til þess að í bréfi V, og umsögn X, komi fram staðfest vitneskja um að verkið geti orðið hált í bleytu. Telur M mjög varhugavert og í raun vítavert að setja götulistaverk á stíg sem er fjölfarinn og sérstaklega af börnum þar sem vitneskja er um að listaverkið verði flughált í bleytu. M hafi verið á leið úr tónlistarskóla þegar slysið varð, en einnig sé bókasafn og skóli í nágrenni við stíginn. Þá hafi önnur slys orðið vegna verksins og vísar M til umræðu á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem fram kom að fleiri hafi runnið og staðfesti hættueiginlega verksins. Telur M ekki hægt að leggja þær skyldur á hendur

börnum, en M var 15 ára þegar slysið varð, að leggja mat á veðurfarsaðstæður þegar verið er að ganga eða hjóla á götulistaverki sem X kemur fyrir á fjölförnum göngustíg. Byggir M á því að saknæm háttsemi X felist í að koma fyrir verki sem vitneskja var um að gæti reynst vegfarendum hættulegt og aðgerðarleysi við að bregðast við slyshættunni baki X bótaskyldu í málinu.

Með viðbótarathugasemdum V fylgdu gögn sem gáfu til kynna að myndir af göngustígnum, sem sýna viðvörumerki, voru líklega voru teknar 19. ágúst og 30. september 2022. Samhliða kemur fram að ómögulegt sé að segja til um hvort skiltin hafi verið færð til eða þau skemmd fram að tjónsdegi.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögðra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Af framlögðum gögnum má ráða að 12. – 15. ágúst 2022 hafi X málað, eða látið mála, götulistaverk á fjölfarinn göngustíg við bókasafnið í Gerðubergi. Um sé að ræða götulistaverk sem hafi verið málað að beiðni viðburðardeildar umhverfis- og skipulagssviðs X. Einnig liggur fyrir að notast hafi verið við málningu sem kallast Hempatex Hi-Build 46410-46410 – Hempel sem sé mikið notuð úti við í þeim tilvikum þar sem nota þarf mismunandi líti. Málningin sé náskyld hefðbundinni vegamálningu og af gögnum málsins má ráða að í kjölfar slyssins hafi X látið viðnámsprófa göngustíginn og reyndist hann með álíka viðnám og bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Af viðnámsprófinu, sem dagsett er 13. október 2022, má ráða að viðnámið á máluðum hlutum göngustígsins sé næstum helmingi lægra en á ómáluðum hlutum göngustígsins. Af myndum sem M, eða foreldri M, tók á tjónsdegi og birtust m.a. á samfélagsmiðlum, verður ekki séð að sérstakar merkingar hafi verið við götulistaverkið á tjónsdegi. Þá liggja engin gögn fyrir sem staðfesta að X hafi reglulega, eða a.m.k. stuttu fyrir tjónsdag, sett viðbótarsand á málninguna.

Með vísan til framangreinds er það mat nefndarinnar að hinn málaði hluti göngustígsins, þ.e. götulistaverkið, verði að teljast sérstaklega hættulegur og til þess fallinn til að valda tjóni. Óumdeilt er að X var það kunnugt þegar listaverkið var málað á stíginn enda kveðst X hafa sett upp tvö skilti sem vöruðu við því að verkið gæti orðið hált í bleytu. Þá ber sérstaklega að horfa til þess að um er að ræða sérstakar aðstæður á fjölförnum stað þar sem vænta má mikillar umferðar. Í því felst að gera verður auknar kröfur þegar um er að ræða fjölfarinn stíg þar sem ólíkir aðilar, þ.m.t. börn, ferðist um á ólíkum farartækjum, þ.m.t. hjólum og hlaupahjólum á leið til og frá skóla. Í slíkum stöðum verður að gera sérstakar og auknar kröfur þegar átt er við stíginn, sérstaklega ef verið er að gera stíginn hættulegri en ella. Verður því að teljast sérlega varhugavert af hálfu X mála götulistaverk á stíginn þar sem gögn málsins bera með sér að starfsmenn X voru meðvitaðir um að við málningu götulistaverksins myndaðist hált undirlag vegna götulistaverksins. Í ljósi þess er það mat nefndarinnar samkvæmt framangreindu að aðstæðum á umræddum slysstað hafi verið ábótavant, og því sé til staðar bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X.

Hins vegar verður að taka til athugunar hvort háttsemi M eigi að leiða til þess að hann beri sjálfur meðábyrgð vegna líkamstjóns síns. Er þá að líta til þess að slys M átti sér stað, samkvæmt frásögn hans sjálfs, í rigningu og laufblöð höfðu fallið á götulistaverkið. Hvað sem því líður, þá verður að horfa til þess að M var 15 ára gamall á tjónsdegi þegar hann ferðaðist eftir fjölförnu göngustíg sem ætlaður er almenningi til frjálsrar umferðar á leið heim úr tónlistarskóla. Að mati nefndarinnar verður ekki, þegar þannig stendur á, ekki hægt að leggja þær skyldur á herðar börnum að leggja mat á hvenær veðurfarslegar aðstæður séu með þeim hætti að hættulegt geti verið að ganga eða hjóla á götulistaverki sem X kemur fyrir á fjölförnum göngustíg.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 239/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Umfang tjóns.****Gögn.**

240. Málskot mótttekið 25. júní 2024 ásamt fylgiskjölum.
241. Bréf V dags. 10. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
242. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
243. Viðbótarathugasemdir V dags. 2. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. nóvember 2021 hafi forsvarsmanni M verið tilkynnt um innbrot í eina af fasteignum þess. Hafi V verið tilkynnt um tjónið og tjónamatsmaður þess mætt á svæðið. Hafi hann í framhaldinu tjáð M að málið væri í ferli og hafi M verið í þeirri trú að skýrsla yrði gerð um málið. Þegar M taldi sér ekki fært að bíða lengur eftir niðurstöðu í málinu var óskað eftir fundi með V. Hafi þá komið í ljós að ekkert mál hafði verið stofnað um tjónið og engin gögn lágu fyrir um það. Hafði V ekki heldur kallað eftir lögregluskýrslu vegna málsins. Í kjölfarið hafi verið töluverð samskipti milli V og M, en V hafi ekki fengist til að viðurkenna bótaskyldu. Félagið hafi þó boðið fram greiðslu án viðurkenningar á bótaskyldu.

Er í málskoti byggt á því að óumdeilt sé að M hafi orðið fyrir tjóni við innbrotið svo og að M hafi verið með í gildi fasteignatryggingu hjá V á tjónsdegi. Tjón M nemi þá, samkvæmt tjónamati, 2.066.977 kr. og sé þar um að ræða beint tjón af þeirri háttsemi sem viðhöfð var við innbrotið. Beri V að bæta það tjón. Skort á sýnilegum sönnunargögnum megi þá rekja til handvammar starfsmanns V við skráningu málsins en með réttum vinnubrögðum af hálfu V hefðu sannanir um tjónið verið tryggðar. M hafi haft réttmætar væntingar til þess að vinna við mál þess væri fagleg og að það fengi svar við kröfu sinni, og ekki sé rétt að M beri hallann af vinnubrögðum V. Töf á afgreiðslu málsins hafi þá valdið M töluverðu tjóni í formi tapaðra leigugreiðsla.

Í bréfi V kemur fram að rafræn tjónstilkynning hafi borist V hinn 1. apríl 2022. Þar hafi komið fram að skemmum hafi verið valdið á fasteigninni, útidyrhurð hafi verið brotin, göt gerð á vegg, rafmagnsdósir rifnar af o.s.frv. Hinn 24. maí 2023 hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ekki hafi legið fyrir nein gögn sem sýndu fram á tjón sem rekið yrði til innbrots. Við síðari vinnslu málsins hafi svo komið í ljós að málið hafði verið tilkynnt til lögreglu og var bótaskylda staðfest hinn 2. apríl 2024 eftir að lögregluskýrslur bárust V. Sé því ekki ágreiningur um bótaskyldu sem slíka heldur aðeins um umfang beins fjártjóns M sem rekja megi til innbrotsins. Samkvæmt skilmála húseignatryggingar bæti hún tjón á váttryggðri húseign vegna innbrots eða innbrotstilraunar. Hvað vinnslu félagsins á málinu varði þá komi fram í málskoti að M hafi tilkynnt símleiðis um tjónið og að tjónamatsmaður hafi í kjölfarið skoðað vettvang. Ekki komi fram hvenær það hafi átt sér stað og engar upplýsingar um framangreint liggi fyrir í gögnum V. Er bent á að V geri ávallt kröfu um að tjón séu tilkynnt með sannanlegum hætti og að formleg tilkynning eigi sér stað áður en vinnsla bótakröfu hefist. Rafræn tilkynning hafi ekki borist V fyrr en í apríl 2022. Hvað varði þá umfang tjónsins hafi M ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á beint fjártjón þess, s.s. kvittanir fyrir útlögðum viðgerðarkostnaði. Tjónamat sem lagt sé fram með málskoti hafi ekki áður verið sent V og hafi verið einhliða aflað af M. Þá sé óljóst af því hvort það hafi verið unnið eftir ljósmyndum eða af skoðun á tjónsstað, en m.a. er vísað til þess að mála þurfti alla íbúðina sem bendi til þess að viðgerð hafi verið lokið við gerð þess. Samkvæmt almennum skilmálum beri M að hafa samráð við V um viðgerðir. Þá telji V fjárhæðir matsliða einnig langt umfram eðlilegar fjárhæðir og liggi ekki fyrir hvort tillit hafi verið tekið til aldurs og afskrifta. Það hvíli á M að sýna fram á umfang tjóns síns og hafi ekki tekist að sýna fram á að það sé meira en sem nemur þeirri 500.000 kr. bótafjárhæð sem V hafi þegar boðið fram.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að farið hafi verið í einu og öllu að leiðbeiningum starfsmanns V hvað varðaði tjónstilkynningu. Þá er ítrekað að starfsmaður V hafi mætt á vettvang og verði M ekki

láið gjalda þess að sá aðili hafi ekki tryggt gögn og skráningar með nægjanlegum hætti. Þá sé það ekki rétt að M hafi ekki lagt fram gögn er sýni fram á tjón þess. Hafi M afhent starfsmanni skjal um það dags. 17. ágúst 2023. Hvað varði tjónamat sem lagt var fram með málskoti þá hafi það verið unnið eftir á og eftir ljósmyndum af vettvangi vegna vanrækslu starfsmanns V á að tryggja gögn um tjónið. Sé ótækt ef slík gögn eru talin marklaus enda væri þá auðvelt fyrir vátryggingafélög að komast hjá bótaskyldu séu slögn ekki aðgengileg hjá þeim sjálfum. Hvað varði þá framboðnar bætur af hálfu V, þ.e. 500.000 kr. þá sé vísa til þess að sú fjárhæð byggji á meðalbótafjárhæðum sambærilegra tjónsatvika en sú upphæð sé hvergi birt opinberlega og sé vanreifað hvernig V hafi komist að niðurstöðu um þá fjárhæð. Er þá ítrekað að V hafi alltaf verið í góðri trú um að vinnsla málsins væri í farvegi.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir þess ítrekaðar. Það hvíli á M að leggja fram fullnægjandi upplýsingar varðandi tjón sitt og formleg vinnsla máls geti ekki hafist hjá V fyrr en formleg tjónstilkynning hefur borist. Þá ítrekar V athugasemdir sínar vegna fyrirbyggjandi matsgerðar sem hafi að mati V ekkert sönnunargildi. Fyrirbyggjandi ljósmyndir séu óskýrar og óljóst hvernig kostnaðarmat verði byggt á þeim. Þá miði matsgerðin við að skipta þurfi út hurðum en óljóst sé af framkomnum gögnum hvort þess hafi verið þörf eða hvort unnt hafi verið að gera við þær án útskipta. Hafi viðgerðir farið fram, en M hafi borið að hafa samráð við V um þær, sé M þá í lófa lagið að leggja fram kvittanir er sýni fram á útlagðan kostnað. Það hafi ekki verið gert og sé ósannað að umfang tjóns M sé meira en nemi þeirri fjárhæð sem V hafi þegar boðið fram.

Álit.

Óumdeilt er að brotist var inn í fasteign M enda liggur og fyrir lögregluskýrsla þess efnis dags. 7. desember 2021, þar sem m.a. kemur fram að ummerki um innbrot hafi verið á útidyrhurð. Er þá jafnframt óumdeilt að M eigi rétt á að fá fjártjón sitt vegna innbrotsins bætt úr fasteignatryggingu þess hjá V. Verður því að líta svo á að ágreiningur aðila snúi aðeins að umfangi þess tjóns en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir þá á M að sýna fram á tjón sitt og umfang þess.

Í málskoti kemur fram að V hafi þegar verið tilkynnt um atvikið og tjónamatsmaður þess hafi mætt á vettvang. Engin gögn, s.s. tölvupóstur, vitnisburðir eða annað liggja fyrir um þau samskipti og verður því að teljast ósannað að V hafi fengið vitneskju um tjónið fyrr en með tjónstilkynningu dags. 1. apríl 2022. Rétt er þó að benda á að afstaða V til þeirrar kröfu lá ekki fyrir fyrr en hinn 24. maí 2023, og verður það að teljast heldur langur afgreiðslutími þó ekki sé ljóst hverju sæti. Í kjölfar þess að lögregluskýrsla barst V breytti það þá afstöðu sinni og var M tilkynnt um það með tölvupósti 2. febrúar 2024 að fallist væri á bótaskyldu og óskað var eftir gögnum er sýndu fram á umfang tjónsins.

M byggir kröfu sína á fyrirbyggjandi matsgerð dags. 1. maí 2024. Þar segir að útihurð hafi verið brotin upp og tvær innihurðir, önnur með pumpu. Þá hafi tíu tenglar og rofadósir verið brotin upp og „boxað“ í gegnum vegg á tveimur stöðum. Vegna alls þessa hafi þurft að sparsla og laga mála alla íbúðina og skipta um hurðir svo og tengla og rofadósir. Er áætlaður kostnaður þessa 2.066.977 kr. Matsgerðin er unnin eftir ljósmyndum og má helst ráða af orðalagi hennar að viðgerð hafi þegar farið fram. Í lögregluskýrslu er þó aðeins minnst á tjón á útihurð svo og það að óreiða hafi verið í íbúðinni. Liggja engar kvittanir, fyrir vinnu eða efniskostnaði vegna viðgerða á eigninni, fyrir nefndinni. Ekki liggur heldur fyrir mat á því hvort altjón hafi orðið á hurðunum sem um ræðir og hvort nauðsynlegt hafi verið að skipta þeim út, en eins og áður segir er matsgerðin byggð á ljósmyndum en ekki sjálfstæðri skoðun. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ósannað hvaða tjón hlaust af innbrotinu, þó telja verði nægilega sannað að eitthvað tjón hafi hlotist af því.

Hefur M samkvæmt öllu framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni ekki sýnt fram á að tjón það sem rekja megi til umrædds innbrots nemi hærri fjárhæð en þeim 500.000 kr. sem V hefur þegar boðið fram.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr fasteignatryggingu hjá V en þegar hafa verið boðnar fram.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 240/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis(A)

Umfang tjóns. Afnotamissir.

Gögn.

244. Málskot mótttekið 25. júní 2024.
245. Bréf V mótttekið 11. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
246. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. nóvember 2024.

Málsatvik.

Hinn 22. febrúar 2024 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem er í eigu M. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að A sem var á tjónsdegi váttryggð hjá V, bæri alla sök á árekstrinum en upphafleg niðurstaða V var sú að skipta bæri sök til helminga.

Hins vegar greinir aðila á um hvort greiða eigi M bætur vegna afnotamissis B í 30 daga eða 48 daga eins og M fer fram á. Í málskoti kemur fram að 48 dagar hafi liðið frá árekstrinum og þar til M fékk B í hendur að viðgerð lokinni. M geti ekki borið hallann af því að málið hafi tafist vegna rangs sakarmats í upphafi eða vegna þess að samskipti milli váttryggingafélaga eða V og viðgerðaraðila, hafi tafið málið. Hún hafi einfaldlega orðið fyrir tjóni og ekki haft bifreiðina til afnota í 48 daga. Beri að greiða henni bætur til samræmis við það.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram á áreksturinn hafi átt sér stað 22. febrúar 2024, en tjónstilkynning ökumanns B hafi ekki borist váttryggingarfélagi M fyrir en viku síðar, eða 29. febrúar. Tjónstilkynning hafi þá ekki borist V fyrir en 4. mars. Niðurstaða tjónanefndar hafi legið fyrir hinn 12. mars sama ár, en M hafi áður, eða hinn 5. mars, verið búin að fjarlægja bifreiðina sem var óökuhæf eftir áreksturinn, af geymslusvæði Króks. M hafi svo ekki aðhafst neitt í kjölfar niðurstöðu tjónanefndar fyrir en 22. mars 2024, þegar samskipti voru milli dóttur M og V. Í kjölfarið hafi V haft samband við viðgerðaraðila vegna tjónmats. Vegna páskaleyfis hafi tjónamat ekki borist fyrir en 4. apríl. Í heild hafi því liðið 22 dagar frá árekstri og þar til tjónamat barst V, en frá 5. mars til 4. apríl hafi B verið í vörslu M og V því ekki haft forsendur eða heimildir til að koma viðgerðarferli af stað. Hafi V samþykkt tjónamatið sama dag og það barst og viðgerð verið lokið 10. apríl. Að mati V geti það ekki talist ábyrgt fyrir tímanum sem leið frá árekstri og þar til tilkynnt var um tjónið. Hið sama gildi um þann tíma sem liðið hafi frá því að niðurstaða tjónanefndar lá fyrir og fram til þess að dóttir M hafði samband við V. Það hafi verið í höndum M að láta framkvæma tjónamat og/eða afla þeirra upplýsinga sem hún taldi þörf á til að halda áfram með málið eftir að niðurstaða nefndarinnar lá fyrir. Sé samtals um að ræða 17-33 daga sem það hafi verið á ábyrgð og forræði M að tilkynna um tjónið og hefja viðgerðarferli, en á þeim tíma hafi V annars vegar ekki haft vitneskju um tjónið og hins vegar ekki heimildir til að aðhafast vegna þess. V hafi nú þegar greitt M bætur sem nemi afnotamissi í 30 daga og hafni frekari kröfum um bætur vegna afnotamissis.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún hafi ekki stýrt ferlinu í kringum viðgerðina, og hafi hún ansi oft rekið á eftir tjónamati í því skyni að fá B viðgerða. Þá er því sérstaklega mótmælt að B hafi verið í hennar vörslum á umræddu tímabili.

Álit.

Óumdeilt er að V beri að bæta það fjárhagslega tjón sem M varð fyrir vegna áreksturs A og B. Það er meginregla í skaðabótarétti að það hvílir á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns, svo og að takmarka það eins og kostur er. Þegar um afnotamissi er að ræða gerir V ekki kröfu um að sýnt sé fram á raunverulegt umfang fjárhagslegs tjóns heldur stendur tjónþolum til boða að fá greiðslu á afnotamissi: meðan á „eðlilegum viðgerðartíma“ stendur.

Fyrir liggur að V hefur greitt M bætur vegna afnotamissis í 30 daga, eða samtals 165.000 kr. M fer hins vegar fram á greiðslu vegna 48 daga en óumdeilt virðist að bifreið hennar hafi verið óökuhæf frá árekstri og þar til viðgerð á henni var lokið eða í 48 daga.

Fyrir liggur tjónstilkynning frá dóttur M til váttryggingafélags þess sem M er í viðskiptum við, og er hún dagsett 29. febrúar 2024. Samkvæmt gögnum málsins átti árekstur A og B sér stað hinn 22. febrúar og verður því að miða við að ekki hafi verið tilkynnt um tjónið fyrir en viku síðar. Verður að fallast á með V að M beri ábyrgð á þeim drætti og að V verði ekki gert að greiða bætur vegna afnotamissis sem kom til vegna hans. Þá verður ráðið af gögnum málsins að 10 dagar hafi liðið frá því niðurstaða tjónanefndar um sakarskiptingu barst þar til dóttir M hafði samband við V og virðist ekkert hafa verið aðhafst af hálfu M á þeim tíma. Er þá nokkuð óljóst hvort og þá á hvaða tímabili A var í vörslum M. Verður að telja að framangreindur dráttur á rekstri málsins sé ekki á ábyrgð V og ekki innan þess tíma sem rúmast innan „eðlilegs viðgerðartíma“.

Í ljósi alls framangreinds og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er það mat hennar að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna afnotamissis en V hefur þegar greitt bætur vegna.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt á bótum vegna afnotamissis en V hefur þegar greitt.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 241/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakaframkvæmdir.

Gögn.

- 247. Málskot mótttekið 25. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 248. Bréf V dags. 16. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 249. Tölvupóstur M dags. 19. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið á íbúð M á 1. hæð húseignar í Reykjavík (hér eftir H). Nánar tiltekið hafi komi upp leka- og rakavandamál í H og haustið 2021 hafi framkvæmdir hafist í íbúð M eftir að M samdi við tiltekinn framkvæmdaaðila (D) um að hafa umsjón með verkinu. Í málskoti kemur fram að D hafi fengið X, sem er pípulagningarfyrirtæki, til að vinna að þeim verkþáttum sem lutu að pípulögnum.

Þess ber sérstaklega að geta að annar eigandi íbúðar í H var málskotsaðili í máli nefndarinnar nr. 226/2022 þar sem ágreiningur snerist um hvort bæta ætti tjón á þeirri íbúð úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Í úrskurði vegna þess ágreinings kemur fram að ekki var fallist á að greiðsluskylda væri fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X og var niðurstaðan byggð á því að ekki hefði verið sýnt fram á með skýrum sönnunargögnum, eins og t.d. matsgerð sérfræðinga, hver tjónsorsök væri eða hvort vinnubrögð starfsmanns eða starfsmanna X hefðu verið gáleysisleg. Ekki var heldur talið liggja fyrir með nákvæmum hætti hver verkaskipting var milli fyrirtækja við framkvæmdir í H í nóvember 2021, hverjir komu að framkvæmdum eftir það og hverjir tóku ákvarðanir í mars 2022 hvað gert yrði. Þar kom einnig fram að einhliða skýrsla málskotsaðila í því máli gæti ekki talist fullnægjandi sönnun atvika eða saknæmrar háttsemi af hálfu X. Í þessu málskoti M er í raun um sama ágreining að ræða og í máli nefndarinnar nr. 286/2022 en ekki sami málskotsaðili og einhver frekari lýsing á atvikum sem og einhver ný gögn. Ekki verður þó hjá því litið að nefndin hefur tekið afstöðu í sams konar máli áður á grundvelli þeirra gagna sem lágu til grundvallar fyrrnefndu málskoti nágranna M í máli nr. 286/2022.

Ágreiningur í þessu máli lýtur fyrst og fremst að því hvort starfsmaður eða eftir atvikum starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi við störf sín í íbúð M og að fyrirtækið hafi þannig skapað sér skaðabótaábyrgð skv. reglum skaðabótaréttarins, en það er forsenda þess að tjón M falli undir gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V. Umfjöllun í þessum úrskurði einkorðast því við þau atriði sem máli skipta vegna þessa og sérstaklega hvort frekar sönnunargögn liggi fyrir en þegar nefndin tók afstöðu í fyrrnefndu máli nr. 286/2022.

Til áréttingar verður hér tekið fram að af bréfi M með málskoti í þessu máli má ráða að X hafi komið til starfa í íbúð M hinn 9. nóvember 2021 og þá hafi verið búið að aftengja fimm ofna á 1. hæð H og einn ofn hafi verið fjarlægður og lagnir hans standi óhreyfðar upp úr gólf og er vísað til ljósmynda því til stuðnings. M vísar auk þess til ljósmynda sem teknar hafi verið á tímabilinu 9.-12. nóvember 2021 sem sýni að klippt hafi verið á lagnir, alveg við gólfplötu á tímabilinu og telur að þar hafi starfsmaður X átt í hlut. M vísar til ljósmynda sem tekin hafi verið 13. nóvember 2021 og að hún sýni að búið hafi verið að klippa þá á lagnaenda þar sem þeir séu ekki sjáanlegir en á sömu mynd sjáist móta fyrir opnum og afklipptum lagnaendum í gólfplötu. Einnig vitnar M til upplýsinga um fræsingavinnu og reikning vegna hennar máli sínu til stuðnings. M telur að starfsmaður X hafi klippt á lagnir án þess að setja svokallaða hatta á þér á þremur stöðum í íbúð sinni og vísar til ljósmynda þar um. Einnig vísar M til þess að starfsmenn framkvæmdaaðilans D hafi steipt hafi verið yfir opna lagnaenda miðað við ljósmynd 18. nóvember 2021.

Eftir þetta tóku við samskipti um gólfhitalagnir sem X lagði í íbúð M og ágreiningur um hvernig undirlag þeirra átti að vera, stöðvun framkvæmda vegna leyfisumsóknar til byggingaryfirvalda og

ágreiningur M við X um að gólfhitalagnir yrðu fjarlægðar sökum óvissu um fagleg vinnubrögð við þá lagningu sem og hvort gólfhitalagnakerfi yrði yfirhöfuð tengt í íbúð H. M kveður X hafa „hlaupið frá“ ókláruðu verki í lok febrúar 2022 og vísar M til þess að þá hafi engin augljós ummerki verið til staðar í íbúð hennar að opnar og virkar lagnir væru huldar í gólfplötu undir steypu. Þar að auki vísar M til ljósmyndar sem tekin var 16. febrúar 2022 af gólfplötu á fyrstu hæð H þar sem komi fram að engir sjáanlegir lagnaendar með höttum hafi staðið upp úr steyptri gólfplötu á þeim stað. Einnig vísar M til þess að nýr pípari sem tók við verki eftir X hafi gert margvíslegar athugasemdir við verk X og hafi M sent lögmanni sínum þær athugasemdir í kjölfarið.

Hinn 22. mars 2022 verður síðan vatnsleki í íbúð fyrir neðan íbúð M. Við athugun hafi komið í ljós að upptök vatnslekans hafi verið þar sem áður stóð ofn í íbúð M. M telur að ljósmyndir sem teknar voru sama daga sýni að klippt hafi verið á lagnir alveg við eða ofan í gólfplötu í nóvember 2021 áður en steipt afi verið yfir og enginn hattur settur á lagnaenda áður en steipt var yfir þá af starfsmönnum D. M telur að X beri ábyrgð á slíkri handvömm.

Í samskiptum pípulagningarmeistara X við V eftir að krafa er gerð í ábyrgðartryggingu hans árið 2022 vegna þessa kemur fram af hans hálfu að hann hafi ekki klippt á neina lögn og að lokar hafi verið á öllum lögnum sem enginn hafi átt að opna nema fagmenn og sannreyna áður en flotað var yfir.

M telur að pípulagningarmeistari X hafi farið með rangt mál í skýringum sínum til V og þær standist ekki skoðun. Einnig gagnrýnir M starfsmenn V fyrir að hafa ekki haft samband við pípulagningarfyrirtækið sem tók við verki af X eða brugðist við athugasemdum M á árinu 2022 og skoðað málið nægilega vel. Til viðbótar við þetta telur M sýnt fram á með ljósmyndum og staðfestingu lögmanns á vitnisburði samstarfsmanns verktaka fyrir dómi sem og fleira sýni að vinnubrögð X hafi verið ófullnægjandi.

M lýsir síðan margs konar tjóni sem hún hafi orðið fyrir vegna vinnubragða á vegum X, bæði vegna atvika sem varða lögn á gólfhitalögn sem og lögmannskostnað vegna dómsmáls sem D höfðaði á hendur henni vegna greiðslu reiknings auk annarra atvika sem varða beint tjón á fasteign sinni vegna vatnstjónsins sem varð í mars 2022.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar um það að mestu til skýringa pípulagningarmeistara X um að hann hafi ekki klippt á neina lögn og að lokar hafi verið á öllum lögnum sem enginn hafi átt að opna nema fagmenn og sannreyna áður en flotað var yfir, sbr. það sem kemur fram hér að ofan. Í athugasemdum V til nefndarinnar dags. 16. ágúst sl. er auk þess vísað til þess að á fundi 26. apríl 2022 með M, smiði á hennar vegum, starfsmanni V, pípulagningarmeistara X og íbúa á jarðhæð hafi skilningur starfsmanns V verið sá að pípari sem tók við verki af X hafi tengt aflagt ofnakerfi úr eir og hleypt síðan vatni á gamla ofnalögn. Auk þess hafi ekkert komið fram við umrædda skoðun sem bent hafi til þess að tjón hafi verið hægt að rekja til mistaka af hálfu X. Einnig vísar V til þess að frásögn pípulagningarmeistara X af vinnuferli sínu sé þannig að ef skera þurfi á lagnir þá sé undantekningarlaust settur tappi á rörenda og rör séu auk þess ekki skorin við yfirborð gólfs því þá sé ekki unnt að loka þeim. Auk þess hafi hann nefnt að mögulega hafi iðnaðarmenn sem sáu um flotun eða önnur verk á eftir X átt við rörin. Frásögn pípulagningarmeistara X er staðfest með tölvupóstum. V ítrekar að sönnunarbyrði hvíli á M um að tjón hennar sé hægt að rekja til tjónsatviks sem X ber skaðabótaábyrgð á og miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu sé það ósannað.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar dags. 19. ágúst 2024 kemur fram sú afstaða M að svör V séu eins og fyrri samskipti við félagið og taki ekki á viðbótargögnum og eða upplýsingum sem sýna að pípulagningarmeistari X hafi ítrekað sagt ósatt í samskiptum við V.

Álit.

Eins og í máli nefndarinnar nr. 286/2022 er í þessu máli enn ágreiningur um hvort vinnubrögð á vegum X hafi verið með þeim hætti að fyrirtækið beri skaðabótaábyrgð á tjóni á húseign M sem varð í mars 2022. Í gr. 3.1 í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar atvinnureksturs hjá V segir að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á vátryggðan vegna skemmda á munum, enda séu skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Af þessu ákvæði verður ekki annað ráðið en að það sé skilyrði fyrir greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V, þ.e. að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi af hálfu X og skemmdir á munum verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar, eins og t.d. þess vatnstjóns sem varð í mars 2022. Ágreiningur M við X um vinnubrögð við lögn gólfhitalagnar að

öðru leyti falla því utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar og verður því ekki fjallað frekar um hann hér.

Í þessu máli verður hins vegar ekki litið framhjá því að almennar sönnunarreglur einkamálaréttarfars og skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem telur að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í því fellst bæði að atvik séu sönnuð sem og að skilyrði um saknæma háttsemi séu einnig sönnuð. Sönnunarbyrði hvílir á M í þessu máli og til þess að M geti sýnt fram á að umrædd skilyrði eigi við í málinu þurfa að liggja fram skýr gögn sem staðreyna að einhver á vegum X hafi gert mistök, öðrum orðum sýnt saknæma háttsemi og sú háttsemi hafi leitt til tjóns hennar. Þó skýringar M séu ítarlegri á verkaskiptingu milli fyrirtækja við framkvæmdir í H í nóvember 2021 þá verður ekki talið nægilega sannað af þeim gögnum sem nú liggja fyrir að tjón hennar megi eingöngu rekja til háttsemi af hálfu X en ekki annarra verktaka sem komu að framkvæmdum. Um þá sönnun dugar ekki að vísa til þess að hafa upplýst lögmann um það sem kom fram í samtali M við nýjan pípara eða ummæli aðila á vegum D fyrir dómi í dómsmáli D gegn M. Ekki dugar heldur til sönnunar að skýrsla M sjálfrar af atvikum sé nú ítarlegri en í máli nr. 286/2022. Ekki liggur fyrir matsgerð eða önnur sönnunargögn þar sem mat hlutlausra aðila liggur fyrir af atvikum sem leiddu til tjóns eða hvort vinnubrögð hafi verið fullnægjandi.

Að þessu sögðu og með vísan til sönnunarbyrði M verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og á því ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 242/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

- 250. Málskot mótttekið 26. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 251. Bréf V dags. 18. júlí 2024.
- 252. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. mars 2024 hafi M verið lögð inn á sjúkrahús í Kaupmannahöfn þar sem hún hafi greinst með blóðtappa í lungum. Eftir að hún kom aftur heim hafi hún leitað til læknis og liggur fyrir vottorð, dags. 8. apríl 2024, þess efnis að M ráðið frá lengri flugum og ferðalögum. Hafi M því orðið að hætta við fyrirhugaða ferð til Feneýja dagana 17. til 20. apríl 2024. Hafi V fallist á bótaskyldu vegna forfalla sem slíka en hafnað að greiða hlut M í gistikostnaði. Hafi V vísað til þess að M hafi átt þess kost að afpanta gistinguna fram til 10. apríl og fá fulla endurgreiðslu hennar. Afbókun hafi ekki átt sér stað þar sem samferðaraðili M, sem greitt hafi hálfan gistikostnaðinn á móti henni, hafi nýtt sér gistinguna, enda hafi verið útilokað að finna aðra gistingu með svo skömmum fyrirvara nema greiða margfalt verð fyrir. Standist það að mati M því enga skoðun að hún hafi vanrækt að afbóka gistinguna, enda hafi hún ekki átt þess neinn kost að afpanta „hálfá íbúð“.

Í bréfi V er vísað til þess að samkvæmt skilmálum gistisala hafi verið heimilt að afpanta gistinguna gegn fullri endurgreiðslur fram til 10. apríl. M hafi því haft tækifæri til að afpanta gistingu án kostnaðar eftir að ljóst varð að hún kæmist ekki í umrædda ferð. Vísar V þá til þess að tjónstakmörkunarskylda hvíli á M og þess að samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar sé tjón sem stafi af því að váttryggður vanræki að tilkynna um forföll ekki bætt. Því hafi ekki verið um óendurkræfan kostnað að ræða og M hafi ekki sótt endurgreiðslu eins og henni hefði verið í lófa lagið að gera.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram margvísleg gagnrýni á upplýsingagjöf V og þjónustu. Þá er áréttað að ekki hafi verið hægt að koma í veg fyrir tjónið enda hafi M keypt gistingu með öðrum aðila og hafi staðið til að þau samnýttu hana. Er þá áréttað að útilokað hafi verið að finna aðra gistingu, nema þá á uppsprengdu verði enda mikið um að vera í Feneýjum umrædda daga.

Álit.

Í 11. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála kemur fram að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og fæst ekki endurgreiddur, allt að 350.000 kr., vegna ferðar sem hinn tryggði kemst ekki í ef ástæða þess er m.a. veikindi hins tryggða. Þá segir í f.-lið 12. gr. sömu skilmála að félagið bæti ekki tjón sem verði vegna þess að vanrækt sé að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutning eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður, þ.e. ef tjón er ekki takmarkað með slíkri tilkynningu. V vísar þá til tjónstakmörkunarskyldu M en samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 skal váttryggður gera það sem með sanngirni má ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort M hafi borið að afpanta umrædda gistingu. Fyrir liggur að M keypti gistingu ásamt öðrum aðila sem til stóð að samnýta gistinguna með og að sá aðili hafi eftir sem áður farið í ferðina og nýtt gistinguna. M hefur fært fram trúverðug rök fyrir því að það hafi verið skynsamleg tilhögun. Verður því ekki litið svo á að M hafi vanrækt að tilkynna gistisala um að hún kæmist ekki í ferðina, sbr. fyrrgreint skilmálaákvæði, enda var gistirýmið nýtt af öðrum aðila. Eins og mál þetta liggur fyrir er það mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á að með sanngirni hafi mátt krefjast þess af M hún afpantaði gistingu fyrir hönd ferðafélaga auk sjálfrar sín í þeim tilgangi að takmarka sitt eigið tjón. Verður V að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar. Er að mati nefndarinnar ljóst að M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna kaupa á gistingu sem hún gat ekki nýtt sér vegna veikinda og á hún, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga um váttryggingarsamninga, rétt á að fá það tjón bætt.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V vegna útlagðs kostnaðar hennar vegna gistingar.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 243/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

- 253. Málskot mótttekið 27. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 254. Bréf V, dags. 15. júlí 2024.
- 255. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. mars 2022 var ekið aftan á bifreið M í kjölfar þess að hún skipti um akrein í veg fyrir stærri bifreið sem kom á töluverðum hraða og ók aftan á bifreið M. Við áreksturinn hlaut M hnykk á bakið og kenndi m.a. til í hálsi og brjóstbaki og leitaði samdægurs til læknis. Líkamstjónið var tilkynnt til V þann 18. júní 2023. Hefur V hafnað bótaskyldu með vísan til þess að engin samfella væri í sjúkraskrá M vegna slyssins og þess að tjonstilkynning hafi ekki borist V innan tilkynningarfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Getur M með engu unað við framangreinda niðurstöðu V. Hvað tilkynningarfrest varðar bendir M á að hvorki í ákvæðinu sjálfu, né í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2004, kemur fram að ársfresturinn hefjist við váttryggingaratburð líkt og V byggir höfnun sína á. Þvert á móti sé skýrt tekið fram í ákvæðinu að ársfresturinn byrji að líða á þeim tímabili er váttryggingarfékk vitneskju um þau atvik sem bótakrafa hans er reist á. M hafi gert ráð fyrir að einkenni hennar vegna slyssins myndu lagast með tímanum og gat því ekki vitað strax á slyssdegi hvort afleiðingar slyssins myndu hafa einhverjar varanlegar afleiðingar í för með sér eða ekki. Í hennar tilviki var það ekki ljóst fyrir en u.þ.b. 13-14 mánuðum síðar, en þá leitaði M aftur til læknis vegna slyssins. Hvað samfella í sjúkraskrá varðar þá bendir M á að hún fékk almennar ráðleggingar varðandi svokallaðan „whiplash“ áverka sem læknir taldi að hún hefði hlotið af árekstrinum. Tjáði læknirinn henni það að algengast væri að áverkar sem þessir gengju til baka með tímanum. Leitaði M almennt lítið til læknis á tímabilinu frá 16. mars 2022 til 1. júní 2023 og taldi í raun ekki tilefni til að ræða bakverkina er hún leitaði læknisástoðar á tímabilinu vegna flensu og ofnæmisútbrot. Voru bakverkirnir mismunandi eftir dögum/vikum og vænti hún þess að ná fullum bata á þeim tíma. Um miðjan maí 2023 fór M að gera sér grein fyrir því að líkamstjónið myndi að öllum líkindum hafa í för með sér varanlegt heilsutjón fyrir hana og leitaði í kjölfarið til læknis þann 1. júní 2023. Því sé ekki vafi fyrir hendi hvað varðar orsakatengsl á milli þeirra áverka sem hún lýsti í læknisheimsókninni þann 1. júní 2023 og umrædds umferðarslyss.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðaróhappinu þann 16. mars 2022. M hafi ekki leitað til læknis eftir slysdag fyrir en um 14 og hálfum mánuði síðar og kvartað undan sambærilegum einkennum og hún hafði áður gert og var greind með vöðvabólgu. Á þessu tímabili sem liðu á milli læknisheimsókna vegna slyssins leitaði M í fjölmörg skipti til lækna án þess að minnst einu orði á að hún væri að glíma við eftirstöðvar einkenna vegna umferðarslyssins 16. mars 2022. Þá telur V einnig að tjonstilkynning hafi ekki borist innan tilkynningarfrests.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M röksemdum V og vísar til þess að í sjúkrasögu M kemur fram að um var að ræða fáar heimsóknir til lækna á umræddu tímabili og voru þær aðallega vegna flensu og útbrot. Önnur skráð samskipti í sjúkraskrá eru rafræn samskipti vegna beiðna um endurnýjun lyfja sem M tekur að staðaldri, krabbameinsskimun og heimsókn til sérfræðings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það annars vegar við hvaða tímamark miða ætti upphaf frests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 og hins vegar hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 16. mars 2022. Samkvæmt fyrrgreindri 1. mgr. 124. gr. glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf þessa frests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjonþoli undirgengst aðgerð, eða

við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 10/2015. Líkamstjón það sem hér um ræðir varð þann 16. mars 2022 og var það tilkynnt til V þann 18. júní 2023, rúmlega 14 mánuðum eftir tjónsatvikið. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að M hafi vitað eða mátt vita eingöngu 2-3 mánuðum eftir áreksturinn, um atvik sem krafa hennar er reist á þ.e. að áverkar þeir sem hún rekur til slyssins myndu ekki ganga til baka með tímanum. Verður því að miða við að umræddur tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar M tilkynnti V um líkamstjón sitt rétt rúmlega 14 mánuðum eftir umræddan tjónsatburð.

Víkur þá að þeim ágreiningi hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 16. mars 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af ljósmyndum af bifreið M má ráða að nokkuð munatjón hafi orðið við áreksturinn. Fyrir liggur að M leitaði til læknis á heilsugæslu á slysdegi og kvartaði undan stífleika í hálsi og verkjum niður í handlegg. Greining læknisins var að M hafi hlotið „whiplash“ áverka í árekstrinum og fékk hún almennar ráðleggingar m.a. um sjúkraþjálfun ef hún yrði ekki betri eftir 2-3 vikur. M leitaði næst til læknis þann 1. júní 2023 og kvartaði undan verkjum aftan í hálsi og í brjóstbaki með leiðni út í vinstri handlegg. Greining læknis var vöðvabólga og fékk hún ávísuð lyf og tilvísun til sjúkraþjálfara. Ekki liggur fyrir hvort M hafi leitað til sjúkraþjálfara í kjölfar tilvísunarinnar auk þess í málinu liggja ekki fyrir nein gögn líkt og læknisvottorð eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, sem staðfesta að varanlegt líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum þann 16. mars 2022. Þá liggja eingöngu fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar M aftur til ársins 2019. M ber hallan af sönnunarskortum um að líkamstjón hennar megi rekja til árekstursins þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu milli einkenna M í dag og árekstursins þann 16. mars 2022.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 244/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

256. Málskot mótttekið 27. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
257. Bréf V, dags. 3. september 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirleggjandi lögregluskýrslu varð árekstur með bifreiðum A og B hinn 15. apríl 2024 á Suðurlandsvegi. Með lögregluskýrslu fylgja ljósmyndir af vettvangi þar sem kemur fram að báðar bifreiðar hafi stöðvast eftir áreksturinn nokkuð utan vegar, bifreið A talsvert utan vegar en bifreið B nær veginum. Skemmdir voru talsverðar á hægri framhorni bifreiðar B og var bifreiðin óökufær og miklar skemmdir voru á vinstri hlið bifreiðar A sem hafi einnig verið óökufær. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A (M) í lögregluskýrslu að hann hafi verið að aka eftir þjóðvegi nr. 1 og hafi ákveðið að beygja út á hliðarveg til vinstri. M kveðst hafa hægt ferð í um 10-15 km/klst hraða og gefið stefnuljós til vinstri og síðan beygt og þá hafi bifreið B verið ekið inn í hlið bifreiðar A. Í framburði ökumanns bifreiðar B kom fram að hann hafi verið að aka á eftir bifreið A á þjóðvegi 1 og sú bifreið hafi verið á um 60 km/klst hraða þegar hann hafi ákveðið gefa stefnuljós til vinstri til að aka fram úr bifreið A. Ökumaður bifreiðar B segist hafa verið komin samsíða upp að bifreið A þegar þeirri bifreið hafi verið ekið til vinstri án þess að gefa merki þar um.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B fyrir að hafa tekið fram úr bifreið A við vegamót, en malarvegur sá sem M, sem ökumaður bifreiðar A, ók inn á hafi verið fjölfarinn og vel sýnilegur. Einnig bendir M á að hann hafi hægt á sér áður en hann beygði til vinstri, auk þess sem hann hafi gefið stefnuljós. Einnig er vísað til bremsufara sem M telur sýna að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt að hliðarbili við framúrakstur. Auk þessa er vísað til þess að árekstur hafi verið nokkuð harður.

V tekur ekki sérstaka afstöðu til skiptingu sakar en vísar til afstöðu Tjónanefndar váttryggingafélaganna þar sem 2/3 hlutar sakar var lögð á ökumann bifreiða A og 1/3 hluti sakar lagður á ökumann bifreiðar B. V bendir á að framúrakstur hafi verið heimilaður, sbr. 36. reglugerðar nr. 250/2024 þar sem miðlínur á vegi hafi verið brotnar en þannig hafi einnig hvílt enn ríkari skylda á ökumönnum að gæta að umferð fyrir aftan sig, sbr. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um sakarskiptingu milli ökumanna bifreiðar A og B, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar B hafi ætlað að aka fram úr bifreið A og árekstur hafi orðið með bifreiðunum við vinstri beygju bifreiðar A með fyrirhugaðan akstur inn á malarlóða eða veg.

Í 40. tl. 1. mgr. 30. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að vegur í skilningi laganna geti verið bæði t.d. götuslóði og bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar. Af ljósmyndum á vettvangi verður sú víða skilgreining á vegi lögð til grundvallar og þannig að ökumaður bifreiðar A hafi verið að beygja til vinstri á vegamótum í skilningi 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaganna.

Í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að aka fram úr bifreiðum rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, auk frekari háttennisreglna við framúrakstur í 23. gr. sömu laga. Af ljósmyndum á vettvangi sjást máðar, málaðar brotnar línur á akbraut, þ.e. að brotin lína hafi verið máluð á akbrautina en í 36. gr. reglugerðar nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra kemur fram að heimilt sé að aka yfir þær línur með fyllstu varúð. Varúðarskylda hvíldi því á ökumanni bifreiðar B þegar hann hóf framúrakstur m.t.t. fyrrnefndra ákvæða og ber hann nokkra sök á

árekstrinum með því að gæta ekki fyllstu aðgátar við framúrakstur rétt við vegamót. Verður einnig að líta svo á að bifreið B hafi verið ekið nokkuð hratt m.v. hvers langt fyrir utan veg bifreið A lenti og hversu mikið tjón varð á báðum bifreiðum.

Háttsemi ökumanns bifreiðar A verður að skoða með hliðsjón af aðgæsluskyldu 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga og þess að ekki liggur fyrir afgerandi sönnun á því að hann hafi gefið stefnumerki í aðdraganda áreksturs, sem og að ágreiningur er um hraða bifreiðar A í aðdraganda árekstursins. Sérstök aðgæsluskylda hvílir á ökumönnum sem beygja til vinstri, við þær aðstæður sem uppi voru á tjónsvettvangi þar sem framúrakstur er heimilaður, að gæta að umferð fyrir aftan sig áður en beygt er til vinstri. Auk þessa verður ekki annað séð en að ökumaður bifreiðar B hafi hafið framúrakstur áður en bifreið A var ekið til vinstri. Telst ökumaður bifreiðar A því einnig bera nokkra sök á árekstrinum.

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar hér að ofan um háttsemi ökumanna og sönnunarstöðu, auk þess sem ágreiningur er milli þeirra um aksturslag hins, verður að telja að hvorugur ökumaður hafi nægilega gætt að sér í aðdraganda áreksturs. Sök verður því skipt til helminga eins og aðstæður voru í þessu máli, ekki verður ályktað af fyrri framkvæmd nefndarinnar að aðstæður séu alveg eins og þær sem uppi voru í öðrum úrskurðum, enda byggist sakarmat skv. 5. gr. laga um ökutækjategygingar nr. 30/2019 á því að meta aðstæður í hvert sinn.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á árekstrinum.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 245/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis A

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Tilkynningarfrestur vátryggingafélags.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
14. Bréf V, dags. 18. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
15. Bréf M, dags. 22. júlí 2024.
16. Bréf V, dags. 23. júlí 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir umferðarslysi 13. apríl 2021 á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Listabrautar þegar ökutæki hennar A lenti á ökutæki B sem hafi verið sveigt í veg fyrir hana. Í kjölfarið missti M stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún endaði á vegriði. Samkvæmt matsgerð dags. 7. apríl 2024 var niðurstaðan sú að miski M væri 5 stig og varanleg örorka 5 stig. Jafnframt var metið 100% tímabundið atvinnutjón fyrir tímabilið 10.4.21-28.4.21. V hafnaði bótakröfu með vísan til stórkostlegs gáleysis M skv. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga. M telur að V geti ekki beitt fyrir sig fulla skerðingu bótaréttar vegna tómlætis skv. 94. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og til vara er á því byggt að M hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. M telur að slík tilkynning skuli send án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veiti því heimild til að beita þessum rétti sínum. V hafi tilkynnt að til skoðunar væri að fella niður bætur sex mánuðum eftir slys en fullnaðartilkynning hafi ekki borist fyrr en tveimur árum og þremur mánuðum eftir slysið eða þann 21. júlí 2023. Allar upplýsingar sem V hafi byggt skerðingu bóta á hafi legið fyrir í ágúst 2021. Þá byggir M á því að hið meinta stórkostlega gáleysi sé ósannað. Þegar litið sé til heildarmats á aðstæðum sýni gögnin að orsakir slyssins megi rekja til háttsemi ökumanns ökutækis B fremur en M. V byggir á því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa verið í aksturskeppni í almennri umferð ásamt því að gerast brotleg við skráðar umferðarreglur í aðdraganda slyssins. M geti á engan hátt fallist á þessi rök og bendir á að V beri sönnunarbyrði fyrir því að atvik slyssins hafi veið með þeim hætti.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi tilkynnt M mánuði eftir að tilkynning um tjónið barst að tekið yrði til skoðunar að fella niður bætur að hluta eða í heild. Töluverður dráttur hafi verið á afhendingu gagna frá lögreglu þrátt fyrir nokkuð margar ítrekanir af hálfu V. Öll gögn sem V hafi óskað eftir hafi skipt máli við vinnslu málsins og síðustu gögnin hafi borist 15. maí 2023. Fram kemur að í öllum lýsingum komi fram að M hafi verið á beygjuakrein sem leiði inn til Listabrautar þegar M hafi tekið upp á því að beygja til hægri inn á vinstri akrein Kringlumýrarbrautar á ofsahraða með þeim afleiðingum að framhjól A rakst í vegkant og slysið varð. Þá hafi A hringsnúist og rekist þá fyrst í ökutækið B. Þetta komi fram hjá M í framburðarskýrslu 20. apríl 2021. Ekki sé fyllilega ljóst hve hratt M ók en ljóst sé að hámarkshraði á slystað hafi verið 60 km/klst. M segist sjálf hafa ekið á 90 km/klst en lýsingar vitna kveða á um að M hafi ekið töluvert umfram það. Þá komi fram að bróðir M telji hana hafa ekið á 100-120 km/klst. Í ljósmyndaskýrslu lögreglu dags. 4. maí 2021 sé útskýrt að A hafi kastast til og hringsnúið í um 100 metra frá þeim stað er bifreiðin snerti kantstein í upphafi slyssins. Um sé að ræða gríðarlega langa vegalengd sem það hafi tekið bifreiðina að nema staðar sem renni stöðum undir það að ökuhraði M verði lagður að jöfnu við ofsakstur bæði með tilliti til ökuhraða og ökulags M. Öll yfirferð á málsgögnum bendi til að M hafi verið í kappakstri við bifreiðarnar C og D. Hvort sem um hafi verið að ræða skipulagðan kappakstur eða ekki verði því ekki neitað að þær aðstæður sem M stofnaði með aksturslagi sínu beri að leggja við jöfnu við kappakstur með tilliti til hættueiginleika. Öll vitni málsins sem ekki séu tengd M fjölskyldu- eða vinaböndum lýsa því að aksturslag M og samferðarmanna hafi borið það með sér að þau hafi verið í kappakstri þar sem þeim hafi verið ekið afar glæfralega og á ofsahraða.

Álit.

Í máli þessu er í fyrsta lagi tekist á um hvort tilkynning V um að það ætli sér að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð sé of seint fram komin. Það kemur fram í 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/1994 að ef félag hyggist bera fyrir sig að það sé samkvæmt ákvæðum kaflans laust úr ábyrgð að öllu leyti eða að hluta skuli það tilkynna váttryggingartaka eða þeim sem rétt á til váttryggingarbóta skriflega um afstöðu sína. Enn fremur kemur fram að tilkynningin skuli send án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beiti rétti sínum samkvæmt ákvæðinu. Það liggur fyrir í málinu að V hafi verið tilkynnt um líkamstjón M 30. ágúst 2021 og að V hafi rúmum mánuði síðar eða 8. október 2021 tilkynnt M um að það komi til skoðunar að fella niður bætur. Þá kemur fram að V hafi beðið eftir afhendingu gagna frá lögreglu sem tafir hafi orðið á og gögnin hafi borist V í maí 2023. Nefndin getur ekki litið öðruvísi á en edlilegt hafi verið fyrir V að bíða eftir að rannsókn lögreglu lyki svo unnt væri að taka endanlega afstöðu til bótaskyldu og telur því að bréf V, dags. 21. júlí 2023 sé ekki of seint fram komið, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Kemur þá til álita hvort fallist verði á skerðingu V á bótarétti M vegna stórkostlegs gáleysis. Það liggur fyrir að það er 60 km/klst hámarkshraði þar sem slysið varð. Í lögregluskýrslu viðurkennir M að hafa ekið yfir hámarkshraða og segist aðspurð hafa verið á 90 km/klst. Í skýrslunni telur bróðir M hana hafa ekið á 100-120 km/klst. M segir að bifreiðinni B hafi verið sveigt í veg fyrir hana svo hún hafi ekið í utan í B og misst vald á A í framhaldinu. Í framburði vitnis kemur fram að hann hafi tekið eftir þremur bifreiðum sem hafi verið ekið greitt, líklega yfir hámarkshraða og ógætilega vestur Miklubraut að Kringlumýrarbraut og síðan hafi bifreiðunum þremur verið ekið til vinstri af Miklubraut inn á Kringlumýrarbraut til suðurs. Vitnið sagði að ökumenn bifreiðanna hefðu verið í kappakstri og hefði hann ekið sömu leið á eftir bifreiðunum. Vitnið tiltekur að ökumaður A hefði tekið ólöglega framúr bifreið sem var á beygjuakreininni og hefði ekið áfram til suðurs af beygjuakreininni inn á gatnamótin og á kanstein umferðareyju sem aðskilur akstursáttir Kringlumýrarbrautar. Þá hefði ökumaður A beygt snarlega frá kansteininum til hægri og ekið utan í vinstri hlið bifreiðarinnar B sem ekið var suður Kringlumýrarbrautar. Við áreksturinn hefði ökumaður A misst stjórn á bifreiðinni og lent á vegriðinu sem aðskilur akstursáttir á Kringlumýrarbraut og svo endað þvert á hægri og vinstri akrein vegarins. Tvö önnur vitni sem óku Kringlumýrarbraut til norðurs þegar slysið varð tóku undir það sem fyrra vitnið sagði.

Þegar litið er til framburðar vitnanna þykir nokkuð ljóst að M hefur keyrt langt yfir hámarkshraða í þegar slysið varð svo jaðra má við ofsaaðstur. Ekki verður hægt að líta öðruvísi á en að hún hafi reynt að taka fram úr öðrum bifreiðum á ofsahraða og þar með stofnað öðrum í umferðinni í hættu á einni fjölförnustu götu borgarinnar. Nefndin lítur því svo á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar slysið varð og að rétt sé að beita 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 um atvikið. Með hliðsjón af atvikum öllum telur nefndin rétt að skerða bætur M um helming. Með vísan til þess á M rétt á bótum að helmingi úr slysatryggingu ökumanns.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta slysatryggingu ökumanns A hjá V en heimilt er að skerða bætur hennar um helming.

Reykjavík, 22. ágúst 2024.
rafræn undirskrift.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 246/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

258. Málskot mótttekið 1. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
259. Bréf V, dags. 22. júlí 2024.
260. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi í október 2023 verið greindur með tvo æðagúlpa í framheila. Truflun í blóðrás í heila M sökum æðagúlpsins, hafi valdið taugaskemmdum með tilheyrandi sjóntapi fyrir M. Vegna þessa sjúkdóms hafi M gengist undir tvær aðgerðir, þá fyrri 16. nóvember 2023 og hina síðari 20. nóvember 2023. Afleiðingar sjúkdóms M séu þær að M glataði að nær öllu leyti sjón á öðru auga sínu, auk þess að glíma við önnur einkenni líkt og höfuðverki. Hefur M gert kröfu um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að sjúkdómseinkenni og sjúkdómsgreining falli ekki undir gildissvið tryggingarinnar.

M telur að sjúkdómur hans falli undir gildissvið tryggingarinnar, nánar tiltekið teljist sjúkdómur hans falla undir bótaþáttinn „Heilablóðfall“ sem skilgreindur er með þeim hætti að þar falli undir sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur varanlegum einkennum frá taugakerfi. Túlka verði umrætt ákvæði með rýmkandi skýringu. Að sama skapi megi gagnálykta frá þeim undantekningum sem eru tæmandi taldar í ákvæðinu, og álykta sem svo að falli sú blóðrásartruflun í heila M, ekki undir þær undantekningar sem sérstaklega eru tilgreindar í ákvæðinu, þá ber V að bæta tjón M. Samkvæmt skilgreiningu lækna flokkist æðagúlpar undir hjarta- og æðasjúkdóma, þar sem veiklun verður á æðaveggnum sem veldur truflun á blóðrás, og ef allt fer á versta veg, getur gúllinn rofnað, með þeim afleiðingum að næsta víst er að sjúklingurinn hljóti bana af. Af fyrirbyggjandi sjúkragögnum megi ráða að einn æðagúlpanna í höfði M hafi valdið varanlegum skemmdum á sjóntaug.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að veikindi M falli ekki undir bótasvið sjúkdómatryggingar. Sjúkdómsgreiningin þurfi að vera heilablóðfall. Þá vísar V til 1. mgr. 7. gr. skilmálans þar sem fram kemur að aðrir sjúkdómar, aðgerðir og tilvik en þau sem talin eru upp sem bótaskyld í 4. gr. skilmálans, séu ekki bótaskyld samkvæmt tryggingunni. Í tilviki M hafi ekki verið um að ræða blóðrásartruflun, þ.e. heilablóðþurrð þar sem æð stíflast vegna blóðtappa eða þrenginga né heldur heilablæðingu vegna þess að æð rofnar. Æðagúlpar séu í eðli sínu sjúkdómur þar sem æðaveggir gefi eftir á litlu svæði og æðin víkki og gúll myndist. Slíkt sé ekki blóðrásartruflun enda renni blóð óhindrað áfram í gegnum æðina og valdi þannig ekki súrefnisskortu í heilastöðvum.

Í viðbótarathugasemdam M kemur fram að afstaða V samræmist ekki viðurkenndum sjónarmiðum samninga- og váttryggingaréttar. Allan vafa beri að skýra M í hag, sbr. ákvæði samningalaga nr. 7/1936.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort æðagúlpar þeir sem M hefur greinst með, falli undir 4. gr. váttryggingarskilmála sjúkdómatryggingar M. Nánar tiltekið hvort æðagúlpar falli undir bótaflokkinn „Heilablóðfall“. Í skilmála váttryggingarinnar er að finna eftirfarandi skilgreiningu á heilablóðfalli: „Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur varanlegum einkennum (*neurological sequelae*); þetta nær til fleygdreps í heilavef, blæðinga og blóðreks frá upptökum utan höfuðkúpu. Greiningin skal vera staðfest af sérfræðingi byggð á klínískum einkennum og niðurstöðu tölvusneiðmyndar (CT) eða segulóm skoðunar (MRI). Sýnt skal fram á starfsgalla í taugakerfi í að minnsta kosti þrjá mánuði.“ Í skilmálanum er sérstaklega tekið fram að undanskilið sé skammvinnu blóðþurrðarkast (TIA), heilaskaði vegna áverka, taugakerfiseinkenni vegna mígrenis og ördrep án taugakerfistruflunar. Ljóst er af málgögnum að M hefur ekki hlotið læknisfræðilega sjúkdómsgreiningu heilablóðfalls. Liggur þannig ekki fyrir greining staðfest af sérfræðingi á því að sjúkdómur M falli samkvæmt orðanna hljóðan, undir skilgreiningu heilablóðfalls í

vátryggingarskilmála V. Hvílir það á M að sýna fram á að um bótaskyldan atburð sé að ræða og hefur það samkvæmt framansögðu ekki tekist. Á M því ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafrænt undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 247/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

261. Málskot mótttekið 2. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
262. Bréf V dags. 16. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
263. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 26. júlí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M rann í hálfu hinn 21. nóvember 2020 á leið sinni heim úr vinnu og hlaut við það ökklabrot. Um miðjan desember fór M síðan til dvalar í Póllandi og naut þar lækniástoðar vegna afleiðinga slyssins. Slys M var tilkynnt til V hinn 3. október 2022 en hinn 14. júlí 2023 hafnaði V greiðsluskyldu úr slysáttryggingu launþega og vísaði til þess að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar tjónið var tilkynnt til V. Í gögnum málsins eru læknisfræðilegar upplýsingar um heilsufar M eftir slysið. Þar kemur meðal annars fram að M hafi losnað við spelku hinn 4. janúar 2021 hjá lækni og þar hafi hún fengið tilvísun til endurhæfingar hjá sjúkráþjálfara, sem og tilvísun til meðferðar hjá sálfræðingi. M hafi síðan lokið meðferð hjá sjúkráþjálfara í nóvember 2021 og hreyfigeta hafi þá ekki verið komin tilbaka að fullu og þá hafi lækni metið að hún myndi hafa varanlegar afleiðingar af líkamstjóni sínu.

M telur upphaf tilkynningarfrests 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi í fyrsta lagi verið í nóvember 2021, þegar lækni M tilkynnti henni að hún myndi ekki ná sér að fullu. Þannig hafi ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga ekki verið liðinn þegar tilkynnt var um slys M til V hinn 3. október 2022.

V telur upphaf tilkynningarfrests 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafa byrjað að líða hinn 4. janúar 2021 þegar hún leitaði til bæklunarlæknis í Póllandi og hafi þá verið með verulega skerta hreyfigetu í ökklaði auk þess sem hún hafi haft veruleg andleg einkenni vegna þess. V vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 7/2009 þar sem upphaf tilkynningarfrests hafi verið miðað við þann dag sem tjónþoli leitaði til sérfræðilæknis. Þannig telur V að árstilkynningarfrestur hafi verið liðinn hinn 3. október 2022 þegar tilkynning barst V.

Í viðbótarathugasemdum M koma fram mótmæli við að M hafi mátt vera ljósar varanlegar afleiðingar slyss síns hinn 4. janúar 2021. M hafi þá verið búin að vera í gifsspelku frá slysdegi og endurhæfing ekki hafin. Einnig komi fram í læknafréfi frá 14. desember 2020 að endurhæfing geti ekki hafist fyrr en í fyrsta lagi 6 vikum eftir slysið. M telur að tilvísanir til endurhæfingu hafi gefið til kynna að vænta hefði mátt frekari bata vegna afleiðinga slyssins. Einnig bendir M á dóma Hæstaréttar í málum nr. 10/2015 og 49/2014, sem og dóm Landsréttar í máli nr. 813/2019 með röksemdum um að upphaf tilkynningarfrests miðist við þegar tjónþoli gerir sér raunverulega grein fyrir að slys hafi varanlegar afleiðingar fyrir hann.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða félaginu hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur sé um bætur vegna varanlegra afleiðinga slyss M hinn 21. nóvember 2020, en ekki tímabundinna afleiðinga.

Í gögnum málsins kemur fram að M fékk gifsspelku vegna afleiðinga ökklabrots hinn 21. nóvember 2020 og í læknafréfi frá 14. desember 2020 kemur einnig fram að endurhæfing vegna afleiðinga þessa geti ekki hafist fyrr en 6 vikum eftir það. Einnig kemur fram að M hafi losnað við umrædda gifsspelku þegar hún leitaði til bæklunarlæknis í Póllandi hinn 4. janúar 2021, þar sem hún var greind með skerta

hreyfigetu í ökkla og fékk vegna þess tilvísun til endurhæfingar og sálfræðings. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að M sinni slíkri endurhæfingu og mat á ástandi hennar eftir það var framkvæmt í lækniheimsókn í nóvember 2021, eða tæpu ári eftir slysið. Þá mat læknir að varanlegar afleiðingar yrðu af því líkamstjóni sem M hlaut í umræddu slysi.

Ekki verður litið svo á að heimsókn M til bæklunarlæknis í janúar 2021, eða um 6 vikum eftir slys hennar, hafi M mátt vera ljóst að líkamstjón hennar hefði í för með sér varanlegar afleiðingar. Á þeim tímapunkti hafði endurhæfing ekki farið fram og í lækni- og sálfræðilegum gögnum kemur ekki fram að M hafi verið greint frá því að um varanlegar afleiðingar yrði að ræða eða að líkamstjónið væri þess eðlis að yfirgnæfandi líkur væru á því.

Verður að þessu sögðu og með vísan til lækni- og sálfræðilegra gagna ekki miðað við að M hafi verið kunnugt um varanlegar afleiðingar líkamstjóns síns fyrr en í nóvember 2021. Þegar tilkynnt var um tjón hennar til V hinn 3. október 2022 var ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga því ekki liðinn. M á því rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 248/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Málshöfðunarfrestur. Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

264. Málskot mótttekið 2. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
265. Bréf V dags. 23. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
266. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 24. júlí 2024.
267. Viðbótarathugasemdir V dags. 30. júlí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að aðfaranótt hins 3. júlí 2022 fékk lögregla tilkynningu um að bifreið hafi verið ekið á skilti á frárein frá Kringlumýrarbraut að Kársnesbraut. Hjólför á vettvangi leiddu lögreglu að bifreiðinni X sem lagt var í stæði við Ásbraut og fólk þar við, meðal annars M sem var klæddur blárri skyrtu og var hann handtekinn á vettvangi. Í lögregluskýrslu er haft eftir vitni að M setið í öikumannssæti bifreiðarinnar X þegar vitnið kom að henni og að bifreiðin hafi þá verið í gangi. Niðurstaða blóðsýnatöku úr M síðar um nóttina sýndi að hann var undir verulegum áhrifum áfengis eða meira en tveimur prómillum. Í skýrslutöku yfir M síðdegis hinn 3. júlí 2022 kemur fram að M kveðst ekki muna eftir að hafa verið ökumaður í greint sinn. Hinn 3. september sendi lögmaður M tölvupóst á almennt netfang Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um að hann væri tilnefndur verjandi M vegna tiltekins lögreglumáls hjá embættinu og sendi í sama tölvupósti upplýsingar um að tilgreindur einstaklingur, annar en M, hefði verið ökumaður bifreiðarinnar X hinn 3. júlí 2022. Í gögnum málsins kemur einnig fram að hinn 8. september 2022 veitti M lögmanni skriflegt umboð til að gæta hagsmuna sinna. Hinn 7. mars 2023 var M ákærður fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni X undir áhrifum áfengis hinn 3. júlí 2023. Hinn 12. mars 2024 var tekin skýrsla af þeim einstaklingi sem tilgreindur var sem ökumaður í tölvupósti sem lögmaður M sendi með fyrrnefndum tölvupósti hinn 3. september 2023. Í þeirri skýrslu viðurkenndi sá einstaklingur að hafa ekið bifreiðinni á skilti og tilgreindi ástæður þess að hann fór af vettvangi eftir atvikið og að hann hafi drukkið 1-2 bjóra fyrir um kvöldið. Með bréfi dags. 28. maí 2024 var ákæra gegn M afturkölluð.

Hinn 11. júlí 2022 barst V frumskýrsla lögreglu um að M hafi verið handtekinn grunaður um ölvun við akstur þegar bifreiðinni X var ekið á skilti. Hinn 31. ágúst 2022 barst V síðan niðurstaða matsgerðar Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði þar sem komu fram niðurstöður blóðsýna sem tekin hafi verið úr M eftir handtöku og að þær væru að M hefði ekki getað stjórnað ökutæki með öruggum hætti vegna ölvunar. Í bréfi V til M dags. 2. september 2022 var M tilkynnt að félagið hafnaði bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar X vegna tjónsatviks hinn 3. júlí 2022 með vísan til ákvæða í váttryggingarskilmálum um tjón sem valdi er af stórkostlegu gáleysi og brota á varúðarreglum sem og ákvæða 26. og 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í því bréfi var M bent á að niðurstöðu félagsins væri hægt að skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og ef það, eða að málinu yrði stefnt fyrir dómstóla, gerðist ekki innan árs frá móttöku bréfsins glattist réttur hans til bóta skv. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

M hefur gert kröfu um greiðslu bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna tjóns sem varð á bifreið hans hinn 3. júlí 2022. M telur sannað, með framburðarskýrslu annars ökumanns en hans sjálfs og afturköllun ákæru á hendur honum, að hann hafi ekki valdið tjóni af stórkostlegu gáleysi eða vegna brota á varúðarreglum og þannig geti V ekki takmarkað ábyrgð sína vegna tjónsins á grundvelli 26. og 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga. M vísar til þess að hann hafi reynt að koma upplýsingum um réttan ökumann til rannsóknardeildar lögreglu með símtölum eftir tjónsatvikið sem og tölvupósti hinn 3. september 2022 en án árangurs. M bendir á að hann eigi ekki að bera hallann af

Því að það hafi tekið lögreglu langan tíma að bregðast við umræddum upplýsingum. Einnig telur M að upplýsingar í skýrslu ökumanns, sem tekin hafi verið af viðkomandi hinn 12. mars 2024, fari ekki í bága við upplýsingar frá vitni sem hafi ekki séð þegar tjónsatvikið varð heldur hafi einungis getað borið um það sem gerðist eftir það. Einnig telur M að þar sem X sé rafmagnsbifreið hafi vitnið ekki átt að geta heyrt hvort bifreiðin var í gangi eða ekki. M hafnar einnig að hann þurfi að afsanna að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið óhæfur til aksturs sökum viðurkenningu hans á því að hafa drukkið 1-2 bjóra fyrr um kvöldið, auk þess sem ekkert liggi fyrir um að M hafi vitað af þeirri áfengisdrykkju ökumannsins og það liggi engin gögn fyrir um hana.

V hefur hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu X og byggir afstöðu sína í fyrsta lagi á því að frestur til lögfræðilegra aðgerða af hálfu M hafi verið liðinn þegar málskot til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum var mótttekið hinn 2. júlí 2024. Þar vísar V til 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og 17. gr. sameiginlegra skilmála V um að ársfrestur sé liðinn frá því að M móttók tilkynningu um höfnun bótaskyldu og þannig hafi hann glatað rétti til bóta. Verði ekki fallist á það telur V í öðru lagi að sannað sé að M hafi verið ökumaður bifreiðarinnar X þegar hún varð fyrir tjóni og vísar til framburðarskýrslu M sjálfs hjá lögreglu rétt eftir atburðinn þar sem hann kveðst ekki muna neitt og framburðar vitnis sem segist hafa séð M í ökumannsæti bifreiðarinnar sem hafi verið í gangi. Sjálfstæð rannsókn starfsmanns V á því hvernig hljóð væri X þegar hún var í gangi hafi síðan sýnt að þrátt fyrir að X sé rafmagnsbifreið heyrir í henni hljóð þegar hún er í gangi auk þess sem ljós kvikni sjálfvirkt. V telur auk þess að ekki hafi verið lögð fram gögn um hvenær M hafi fyrst haldið því fram að annar ökumaður en hann hafi ekið X í greind sinn. Auk þessa telur V framburð þess ökumanns, í símaskýrslu sem tekin hafi verið af honum í mars 2024, ótrúverðugan þar sem langur tími hafi liðið milli atviks og skýrslunnar, samtímagögn sýni ekki að hann hafi verið ökumaður og að hann hafi ekki getað gefið greinargóð svör um atvik málsins. Einnig vísar V til dóma og úrskurðarframkvæmdar máli sínu til stuðnings. Í þriðja lagi vísar V til þess að ef fallist verði á að sannað sé að annar ökumaður en M hafi ekið X verði að líta svo á að sá ökumaður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við þann akstur. V vísar vegna þess til viðurkenningar viðkomandi á því að hann hafi drukkið áfengi fyrr um kvöldið og ber þannig sönnunarbyrði um það að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis þegar tjón á X varð. Þessu til viðbótar vísar V einnig til þess að ef báðir hafi verið undir áhrifum áfengis hafi M samþykkt að ökumaðurinn hafi ekið undir áhrifum áfengis og þannig verið „jafn mikill þátttakandi í því að hafa valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi og með broti á varúðarreglu og ef hann hefði sjálfur ekið.“

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram að M hafi getað leitað til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða dómstóla fyrr en að lokinn lögreglurannsókn og niðurfellingu þess máls. Einnig bendir M á að V hafi endurskoðað afstöðu sína og kallað eftir frekri gögnum í kjölfar niðurfellingar málsins á árinu 2024 og þannig hafi ný afstaða verið tekin og nýr frestur byrjað að líða. Einnig er bent á að M og lögmaður hans hafi strax í upphafi reynt að koma upplýsingum til lögreglu um ökumann bifreiðarinnar.

Í viðbótarathugasemdum V eru þau sjónarmið V ítrekuð að ársfrestur til lögfræðilegra aðgerða hafi hafist hinn 2. september 2022 þegar M fékk tilkynningu um að kröfu hans hafi verið hafnað. Einnig er bent á að fresturinn hafi aldrei verið framlengdur og ekki komi fram í lögum um váttryggingarsamninga að lögreglurannsókn geti framlengt frestinn. Þá hafnar V því að svar félagsins í tölvupósti hinn 4. júní 2024 veiti nýjan frest til lögfræðilegra aðgerða þar sem þar komi efnislega fram að ný gögn breyti ekki afstöðu félagsins og vísað er til höfnunarbréfsins dags. 2. september 2022.

Álit.

Í 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 er fjallað um fresti til lögfræðilegra aðgerða. Þar segir í 2. mgr.: „Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða að hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað. Í slíkri tilkynningu er skylt að geta framangreinds frests, með hvaða hætti unnt er að rjúfa hann og afleiðinga þess að ekki er aðhafst fyrir lok hans.“

Bréf V til M dags. 2. september 2022 uppfyllti þær kröfur sem umrætt ákvæði felur í sér um að gera váttryggðum grein fyrir því hvernig hægt sé að rjúfa frestinn og afleiðinga þess að ekki sé aðhafst fyrir lok hans. Gerðar eru þær athugasemdir að ranglega er vísað til 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem nær yfir persónutryggingar, í bréfinu en sú grein er efnislega sambærileg

2. mgr. 51. gr. laganna, sem nær yfir skaðatryggingar, sem kaskótrygging ökutækis sannanlega er. Sú misritun telst þó ekki vera þannig að V hafi ranglega upplýst M um frest til lögfræðilegra aðgerða.

Ljóst er af gögnum málsins að lögmaður M reyndi, með tölvupósti dags. 3. september 2022 til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í gegnum almennt netfang embættisins, að koma á framfæri upplýsingum um að annar ökumaður en M hafi ekið X þegar sú bifreið varð fyrir tjóni aðfaranótt 3. júlí 2022. Það gerðist daginn eftir dagsetningu fyrrnefnds höfnunarbréfs V til M. Í málskoti og bréfum til nefndarinnar hefur einnig verið vísað til þess að reynt hafi verið að hafa samband við lögreglu með upplýsingar um ökumanninn. Ekki liggja hins vegar fyrir skjalfestar upplýsingar um þau símtöl.

Þó nýjar upplýsingar hafi komið fram á árinu 2024 í máli M verður að líta til afdráttarlausss orðalags 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga við mat á því hvort M hafi glatað rétt sínum til bóta. Um slit þess frests sem mælt er fyrir um í því ákvæði gilda lög um fyrningu kröfurettinda nr. 150/2007 og þannig verður frestinum ekki slitið nema mál sé höfðað til heimtu bóta eða viðurkenningar á rétti til þeirra, mál er lagt fyrir gerðardóm og að öðru leyti ákvæði 93. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um hvenær mál telst höfðað. Einnig verður, með hliðsjón af 1. mgr. 16. gr. laga um fyrningu kröfurettinda að fresti verði slitið þegar krafa kemur fram um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd. Að öðru leyti yrði fresti slitið ef V hefði viðurkennt skyldu til greiðslu beint eða óbeint. Ekkert af þessu liggur fyrir í máli M. Verður því að líta svo á að ársfrestur til lögfræðilegra aðgerða af hans hálfu hafi liðið 2. september 2023, en ekki hefur annað komið fram í málinu en að bréf V dags. 2. september 2022 hafi borist M samdægurs. Hefur M því glatað rétti til bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Verður einnig til þess að líta að M hefði með þeim lögfræðilegu aðgerðum innan ársfrestsins getað komið á framfæri frekari sönnunargögnum til mats á því hvort hann hafi sjálfur valdið tjóni í ljósi þess að í einkamálum gildir regla 44. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um frjálst sönnunarmat og eru aðilar því ekki bundnir af lögregluskýrslum eða framgangi lögreglurannsókna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 249/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

268. Málskot mótttekið 2. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
269. Bréf V dags. 1. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
270. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. ágúst 2024.
271. Viðbótarathugasemdir V dags. 4. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M eigi fasteign í Grindavík en vegna jarðhræringa hafi þeim verið gert að yfirgefa húseignina í nóvember 2023. Hinn 16. janúar 2024 hafi pípulagningarmenn X farið inn í húsnæðið að beiðni Almannaavarna í þeim tilgangi að koma „hlutum í lag“, en bæjarfélagið hafi þá verið rafmagns- og hitalaust. Að kvöldi hins 19. janúar hafi M skoðað myndir úr eftirlitsmyndavélum sem þau hafi komið upp í húsnæðinu. Hafi þá litið út eins og það snjóaði inn í húsið. Hafi M gert lögreglu viðvart og morguninn eftir hafi annað þeirra fengið að fara í húseignina ásamt vinnufélaga sínum og tveimur slökkviliðsmönnum. Hafi mætt þeim mikil gufa og móða. Hafi lok yfir gólfhitagrind verið opið og heitt vatn streymt úr krana sem staðsettur er í grindinni og niður á gólf. Mikið tjón hafi orðið á fasteign M vegna þessa.

Hafi M krafist bóta úr fasteignatryggingu sinni vegna tjónsins en þeirri kröfu verið hafnað af hálfu V með bréfi dags. 21. mars 2024 á grundvelli þess að félagið teldi útilokað að bilun hafi verið valdur að tjóninu og að allar líkur væru á því að gleymst hafi að loka fyrir aftöppunarloka eftir að búið var að tappa af kerfinu, þ.e. að starfsmenn X hafi gleymt því. Teldi félagið þá atvikalýsingu þá samræmast því sem komi fram í tjónstilkynningu. Væri því að mati félagsins ekki um að ræða tjón sem rakið yrði til leka sem stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum orsökum. Í málskoti segir að þegar M hafi yfirgefið heimili sitt hafi ekki streymt vatn úr umræddum aftöppunarloka. Vatn hafi ekki tekið að streyma um lokann fyrr en eftir að X hafi yfirgefið húsið. Því sé haldið fram af starfsmönnum X að frosttappi hafi verið í lögnum og eðli máls samkvæmt hafi vatn byrjað að streyma úr þeim þegar frosttappinn bráðnaði. Það feli í sér hinn ófyrirsjáanlega, skyndilega og óvænta leka sem um ræði, þ.e. þegar lagnastíflan brast og vatnið tók að streyma út um krana sem átti að vera lokað fyrir.

M krefjast þess fyrir nefndinni að viðurkennd verði bótaskylda úr vatnstjónstryggingarlið fasteignatryggingar þeirra. Er sú krafa byggð á því að öll skilyrði skilmála váttryggingarinnar fyrir bótaskyldu séu uppfyllt. Þannig hafi skemmdir á húseign M stafað af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka sem hafi átt upptök sín innan veggja húseignarinnar. Áréttað er þá að váttryggingunni sé ætlað að ná utan um vatnstjón sem rekja megi til stíflaðra lagna, og umrædd lögn hafi verið stífluð með frosttappa. Leiki einhver vafi á því hvort tjón M teljist bótaskyldt samkvæmt skilmálum er þá bent á að samkvæmt 1. mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggeringna beri að túlka óljósa skilmála neytanda í hag.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að að lokinni skoðun hafi niðurstaðan verið sú að orsök tjónsins væri sú að lofttæmingarloki á gólfhitagrind var skilinn eftir opin. V vísar þá í skilmála fasteignatryggingar M en í umfjöllun um vatnstjónalið komi fram að váttryggingin bæti „skemmdir á váttryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar.“ Geti það ekki talist ófyrirsjáanlegur, skyndilegur og óvæntur leki þegar vatntjón verður rakið til þess að loki sé skilinn eftir opin. Ekkert vatn hafi streymt um lokann þegar hann var opnaður af starfsmönnum X heldur hafi leki hafist síðar og staðið í nokkra daga. Tjónið verði því ekki rakið til leka sem eigi upptök sín innan veggja hússins. Ekki hafi þá verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til bilunar á lagnakerfinu. Sé því ljóst að skilyrðum umrædds skilmálaákvæðis sé ekki fullnægt. Þá hafi einnig verið um að ræða langvarandi vatnsleka en váttryggingin bæti ekki slíkt tjón. Þá liggja fyrir að tjón M

verði ekki beinlínis rakið til stíflu, enda hefði ekkert tjón orðið hefði verið réttilega skrúfað fyrir lokann, og breyti engu um það hvort í lögninni hafi verið frosttappi sem síðar hafi losnað. Telji nefndin frosttappa hafa orsakað tjónið sé þá ljóst að tilurð frosttappans verði rakin til náttúruhamfara og tjón af völdum náttúruhamfara sé sérstaklega undanskilið bótaskyldu. Sé bótaskylda úr fasteignatryggingu M því ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að tjón M verði rakið til leka sem átti upptök sín innan veggja hússins. Hefði lokinn verið staðsettur utanhúss hefði enda ekkert eða í öllu falli takmarkað, tjón orðið. Þá sé ljóst að lekinn hafi ekki verið langvarandi eða kominn til vegna skorts á viðhaldi heldur hafi hann verið skyndilegur og óvæntur. Eina ástæða þess að M hafi ekki orðið samstundis vör við hann sé sú að þau voru fjarri heimili sínu vegna opinberra fyrirmæla. V beri sönnunarbyrði þess að tilvik falli undir takmarkanir í skilmálum og sú sönnun hafi ekki tekist.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að tjón sem verði vegna þess að opið sé fyrir lagnir geti ekki talist til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka.

Álit.

Það athugast að hér er um að ræða sama tjónsatvik og fjallað er um í máli nr. 250/2024 fyrir nefndinni, en þar er gerð krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þar sem tvö aðskilin mál voru lögð fyrir nefndina er rétt að einblína hér á þau atriði sem varða ágreining um bótaskyldu úr fasteignatryggingu M þrátt fyrir að málalíbúnaður aðila og gögn fyrir nefndinni varði bæði málin.

Í 1. gr. skilmála vatnstjónstryggingarliðar fasteignatryggingar M hjá V segir að vátryggingin greiði bætur vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum og öðrum gögnum málsins má sjá að umræddur aftöppunarloki er staðsettur í gólfhitagrind sem aftur er staðsett í forstofu húss M. Er ágreiningslaust að vatn hafi lekið úr þessum loka og er því ljóst að skemmdirnar eiga upptök sín frá lögnum innan veggja hússins.

Verður þá jafnframt að líta svo á að um skyndilegan leka hafi verið að ræða, þ.e. því er ekki haldið fram að til staðar hafi verið fyrri bilun eða leki frá fyrrgreindum loka og þó fasteign M hafi væntanlega verið mannlæs þegar tók að leka virðist ekki ágreiningur um að lekinn sem slíkur hafi verið skyndilegur. Að sama skapi verður að telja að hann hafi verið óvæntur og ófyrirsjáanlegur, enda hafi M með engu móti getað séð fyrir að umræddur loki tæki að leka.

Verður því að telja að öll skilyrði 1. gr. skilmálans fyrir bótaskyldu séu uppfyllt.

Verður þá ekki fallist á það með V að um „langvarandi“ vatnsleka í skilningi undanþáguákvæðis c-liðar 2. gr. skilmálans hafi verið að ræða og bótaskylda ekki til staðar á þeim grundvelli. Það eitt að eigendur fasteignar uppgötvi ekki leka samstundis þar sem þeir eru ekki heima við getur ekki leitt til þess að leki teljist „langvarandi“. Leki sem stendur yfir að hámarki í örfáa daga getur þá í sjálfu sér ekki talist „langvarandi“ samkvæmt almennum málskilningi né heldur verður talið að tilgangur umrædds undanþáguákvæðis hafi verið að ná til slíkra tilvika. Hafi sú verið ætlunin hefði V enda verið í lófa lagið að taka af allan vafa með því að segja fyrir um tiltekin tímamörk í umræddu skilmálaákvæði. Hefur V því ekki sýnt fram á að umrætt undanþáguákvæði eigi við.

Af öllu framansögðu er það mat nefndarinnar að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 250/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

272. Málskot móttakið 2. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
273. Bréf V dags. 1. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
274. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. ágúst 2024.
275. Viðbótarathugasemdir V dags. 4. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M eigi fasteign í Grindavík en vegna jarðhræringa hafi þeim verið gert að yfirgefa húseignina í nóvember 2023. Hinn 16. janúar 2024 hafi pípulagningarmenn X farið inn í húsnæðið að beiðni Almannaavarna í þeim tilgangi að koma „hlutum í lag“, en bæjarfélagið hafi þá verið rafmagns- og hitalaust. Að kvöldi hins 19. janúar hafi M skoðað myndir úr eftirlitsmyndavélum sem þau hafi komið upp í húsnæðinu. Hafi þá litið út eins og það snjóaði inn í húsið. Hafi M gert lögreglu viðvart og morguninn eftir hafi annað þeirra fengið að fara í húseignina ásamt vinnufélaga sínum og tveimur slökkviliðsmönnum. Hafi mætt þeim mikil gufa og móða. Hafi lok yfir gólfhitagrind verið opið og heitt vatn streymt úr krana sem staðsettur er í grindinni og niður á gólf. Mikið tjón hafi orðið á fasteign M vegna þessa.

Hafi M krafist bóta úr fasteignatryggingu sinni vegna tjónsins en þeirri kröfu verið hafnað af hálfu V með bréfi dags. 21. mars 2024 á grundvelli þess að félagið teldi útilokað að bilun hafi verið valdur að tjóninu og að allar líkur væru á því að gleymst hafi að loka fyrir aftöppunarloka eftir að búið var að tappa af kerfinu, þ.e. að starfsmenn X hafi gleymt því. Komi þá fram í fyrrgreindu bréfi að tjónið verði rakið til mistaka X.

Fyrir nefndinni gera M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Byggja þau kröfu sína á því að X hafi, hinn 16. janúar 2024, sýnt af sér gáleysi með því að loka ekki fyrir aftöppunarlokann. Afleiðing þessa hafi verið sú að þegar frosttappi, sem X segi hafa verið í lögninni, bráðnaði hafi vatn tekið að streyma gegnum kranann og á gólf fasteignarinnar. V hafi hafnað kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X með bréfi dags. 23. maí 2024, með þeim rökum að ekki væri útilokað að annar verktaki hefði verið að störfum í húsinu.

Er af hálfu M vísað til þess að V hafi á fyrri stigum fullyrt að tjónið væri að rekja til mistaka X. Einu rökinn sem V hafi sett fram fyrir því að víkja frá þeirri afstöðu séu óljósar hugleiðingar um að einhver annar hefði getað verið að störfum í húsnæðinu á eftir X. Slíkar langsóttar vangaveltur standist ekki skoðun og vísa M til skjals frá Ríkislögreglustjóra er sýni viðveru allra iðnaðarmanna í húsnæðinu í tengslum við aðgerðir Almannaavarna. Komi þar fram að verktakinn Y hafi verið við störf í húsinu frá klukkan 14:39 til 16:35 hinn 16. janúar og verktakinn X frá kl. 16:54 til 20:53. Hafi því sannanlega enginn annar verktaki farið inn í húsi á eftir X. Ljóst sé að tjón M hafi komið til í beinu framhaldi af störfum X og standi löglíkur til þess að það sé að rekja til handvammur X. Þegar svo standi á hvíli sönnunarbyrði þess að X hafi lokað fyrir lokann á X sjálfum og þeirri sönnunarbyrði hafi ekki verið mætt. Yfirlýsing sem starfsmaður X hafi sent V, um að hann hafi lokað fyrir aftöppunarlokann, sé þá samhljóða fyrri framburði hans fyrir lögreglu. Gögn frá lögreglu hafi legið fyrir er V lýsti fyrri afstöðu sinni og sé vísan til síðari yfirlýsingar X því haldlaus sem röksemd fyrir breyttri afstöðu félagsins. V sé einfaldlega ekki stætt á að breyta afstöðu sinni með þessum hætti. Geti V þá ekki haldið því fram annars vegar að aftöppunarlokinn hafi verið skilinn eftir opin og hins vegar því að X hafi ekki skilið hann eftir opin enda standist sá málflutningur enga skoðun.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið líti svo á að afstaða þess til bótaskyldu úr fasteignatryggingu M, þ.e. höfnun kröfu þeirra á grundvelli þess að um mistök X hafi verið að ræða, feli ekki í sér staðfestingu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Eftir að krafa M um bætur úr ábyrgðartryggingu barst V hafi félagið óskað afstöðu og umsagnar X. Í umsögn X sé fullyrt að starfsmaður muni greinilega eftir því að hafa lokað fyrir lofttæmingarlokann og hafi X eindregið

hafnað bótaskyldu í málinu. Að sögn X hafi mikil ringulreið ríkt á svæðinu enda um fordæmalausar aðstæður að ræða. Nokkrir dagar hafi liðið frá því X voru að störfum í húsinu og þar til tjónið uppgötvaðist. Margir verktakar hafi verið að störfum á svæðinu og sé því ekki útilokað að aðrir aðilar hafi farið inn í húsið í millitíðinni og átt við lokann. Hafi því, gegn staðfastri neitun X, ekki verið sýnt fram á að starfsmaður X hafi skilið lokann eftir opinn.

Í viðbótarathugasemdom M er áréttað að ekki verði lagt á þau að sanna að eitthvað hafi ekki átt sér stað og telji þau fullyrðingu um að ekki sé útilokað að aðrir verktakar hafi farið í húsið á eftir X og átt við lokann ósannaða, ótrúverðuga og ranga. Það standi X næst að tryggja sér sönnun um hvernig staðið var að verkinu og fyrir þessari langsóttu fullyrðingu. Er þá áréttuð fyrri staðhæfing M um að enginn hafi verið að störfum í húsinu á eftir X.

Í viðbótarathugasemdom V kemur m.a. fram að líklegt sé að aðrir aðilar hafi farið inn í húsið og sé því ekki unnt að fella sök á X.

Álit.

Það athugast að hér er um að ræða sama tjónsatvik og fjallað er um í máli nr. 250/2024 fyrir nefndinni, en þar er gerð krafa um bætur úr fasteignatryggingu M hjá V. Þar sem tvö aðskilin mál voru lögð fyrir nefndina er rétt að einblína hér á þau atriði sem varða ágreining um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þrátt fyrir að málalíbúnaður aðila og gögn fyrir nefndinni varði bæði málin.

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess, starfsmanna þess, annarra aðstæðna eða atvika sem því verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Sönnunarbyrði þess hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum á M.

Ágreiningslaust er að X voru að störfum í fasteign M síðdegis hinn 16. janúar 2024. Samkvæmt framlögðu yfirliti um viðveru iðnaðarmanna var annar verktaki, Y, að störfum í húsinu fyrir um daginn en ekkert kemur þar fram um að aðrir aðilar hafi verið að störfum þar á eftir X. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu dags. 2. febrúar 2024, er haft eftir forsvarsmanni X að hann og meðeigandi hans hafi farið inn í húsið í þeim tilgangi að koma hita á það. Í húsinu sé gólfhiti sem ekki hafi tekist að koma á hita strax. Dagana áður hafi verið talsvert frost og gruni hann að það hafi verið frost í einhverri lögn og myndast tappi sem síðan hafi losnað. Þá sé meðeigandi hans viss um að þeir hafi lokað fyrir þá krana sem þeir hafi opnað. Forsvarsmáður X ítrekar svo, í umsögn sinni til V, að hann sé þess fullviss að hafa lokað fyrir umræddan loka.

Óumdeilt virðist að engin skemmd eða tjón varð á umræddum loka og að þegar að var komið hafi verið nægjanlegt að loka fyrir lokann til að stöðva lekann. Kann að vera að frosttappi, sem síðar hafi bráðnað, hafi komið í veg fyrir að læki út um opinn lokann á þeim tíma sem X voru þar að störfum. Eins og fram kemur í viðbótarathugasemdom V bendir þó ekkert til að frost, eða þrýstingur af völdum þess, hafi eitt og sér valdið lekanum. Verður því að telja nægilega sannað að orsök tjónsins hafi verið sú að umræddur loki hafi verið skilinn eftir opinn.

Höfnun V virðist í meginatriðum byggja á því að aðrir aðilar gætu mögulega hafa átt við lokann á eftir X og í ljósi þeirrar óvissu verði sök ekki felld á X svo og því að forsvarsmáður X sé staðfastur í framburði sínum varðandi það að hafa lokað fyrir lokann. Að mati nefndarinnar er ekkert í gögnum málsins sem sýnir fram á að aðrir aðilar hafi verið að störfum í fasteign M eftir að X luku þar störfum. Í öllu falli verður að telja svo yfirgnæfandi líkur á því að tjón M megi rekja til þess í fyrsta lagi að lokinn hafi verið skilinn eftir opinn, og í öðru lagi að X hafi skilið lokann eftir opinn að sú atvikarás teljist nægilega sönnuð. Hefur V þá ekki sýnt fram á að önnur atburðarás sé sennileg. Er það því mat nefndarinnar að tjón M megi rekja til þess gáleysis X að skilja lokann eftir opinn er þeir luku störfum í fasteign þeirra.

Af öllu framansögðu er það mat nefndarinnar að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 251/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging vegna dýra.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

276. Málskot mótttekið 2. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
277. Bréf V dags. 9. júlí 2024.
278. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. júlí 2024.
279. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hún féll af hestbaki hinn 10. september 2022. Tildrög slyssins hafi verið þau að hún hafi verið á leið frá hesthúsi sínu í hesthúshverfi í Hafnarfirði þegar hundur, sem var laus á svæðinu, gekk í átt að hestinum. Hafi það orðið til þess að hesturinn varð hræddur, prjónaði og sneri við hlaupandi í átt að húsinu. Hafi M fallið af baki við það og orðið fyrir líkamstjóni. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vegna hundsins sem á tjónsdegi hafi verið í gildi hjá V. Með bréfi dags. 5. júlí 2023 hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að orsakatengsl milli lausagöngu hundsins og líkamstjóns M væru ekki sönnuð. M mótmælir þeirri afstöðu. Er í málskoti vísað til þess að hundahald og lausaganga hunda á svæðinu sé bönnuð, bæði samkvæmt samþykkt sveitarfélagsins um hundahald og samkvæmt reglum um hesthúshverfið. Hafi X því ekki farið að skráðum háttænisreglum við vörslur hundsins og hafi það leitt til tjóns M. V byggir á því að ekki sé sýnt fram á að hesturinn hefði ekki fælst jafnvel þó hundurinn hefði verið í taumi. Rétt sé að benda á að allt hundahald, bæði taumganga og lausaganga, sé stranglega bannað á svæðinu og hefði hundurinn því aldrei átt að vera þar. Hefði hundurinn verið í taumi hefði eigandi hans þó getað haft stjórn á honum og komið í veg fyrir að hann nálgast hestinn með fyrrgreindum afleiðingum. Það hvort hundurinn hafi sýnt ógnandi tilburði skipti þá ekki máli í þessu samhengi enda séu hestar flóttadýr og beiti ekki rökhugsun við greiningu hegðunar þess sem þeir óttast. Ljóst sé að viðvera hundsins hafi fælt hestinn og séu því bein orsakatengsl milli þess að hundur hafi verið laus á svæðinu og tjóns M.

Í bréfi V er bent á að sú samþykkt sveitarfélagsins um hundahald sem M vísi til hafi ekki tekið gildi fyrr en 21. nóvember 2022, þ.e. eftir að umrætt slys átti sér stað. Í eldri samþykkt hafi hvorki verið að finna bann við hundahaldi né lausagöngu hunda á umræddu svæði. Þá vísi M til 8. gr. húsfélags-samþykkt á svæðinu en það ákvæði banni hundahald og lausagöngu hunda á svæðinu. Þá sé í samþykktinni vísað til þess að að öðru leyti gildi samþykktir sveitarfélagsins, en sem áður segir hafi eldri samþykkt verið í gildi á slysdegi. Opinber stjórnvaldsfyrirmæli hafi því ekki lagt bann við hundahaldi og lausagöngu hunda þegar slysið atvikaðist. Það sé því ekki rétt að hundahald og lausaganga hunda hafi verið bönnuð á svæðinu. Verði því ekki við mat á saknæmi byggt á því að X hafi brotið gegn opinberum stjórnvaldsfyrirmælum. Það hvíli á M að sýna fram á sök meints tjónvalds og að orsakatengsl séu milli meintrar saknæmrar háttsemi og tjóns. Slík sönnun hafi ekki tekist. Þá er áréttuð sú afstaða V að það hefði engu breytt þó hundurinn hefði verið í bandi umrætt sinn.

Í viðbótarathugasemdum M er mótmælt þeirri afstöðu V að þar sem X hafi ekki brotið í bága við opinber stjórnvaldsfyrirmæli hafi hann ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Háttænisreglur séu þannig ekki takmarkaðar við opinber stjórnvaldsfyrirmæli og sé í auknum mæli litið til annarra háttænisreglna og viðmiða en þeirra sem finnast í settum lögum þegar lagt er mat á saknæmi. Lög húsfélags hesthúshverfisins hafi verið gildandi reglur á svæðinu og hafi þau lagt skýrt bann við hundahaldi á svæðinu. Hafi X því gerst sekur um saknæma háttsemi er hann braut gegn því banni.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að á slysdegi hafi hundahald og lausaganga á svæðinu ekki verið bönnuð, hvorki í samþykktum sveitarfélagsins né húsfélagsins. Þær síðarnefndu byggja enda á þeim fyrrnefndu sem ekki hafi bannað hundahald á umræddu svæði.

Álit.

Af gögnum málsins virðist óumdeilt að slys M megi rekja til þess að hestur hennar fældist við að mæta hundi á hesthúsasvæði. Einnig er óumdeilt að umræddur hundur hafi verið laus á svæðinu. Á

tjónsdegi var í gildi ábyrgðartrygging vegna hundsins. Samkvæmt skilmálum hennar er henni ætlað að bæta beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar hins tryggða sem fellur á hann sem eiganda hunds samkvæmt íslenskum lögum. Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X sem eiganda hunds hvílir á M.

Í málgögnum er vísað til nágildandi samþykktar um hundahald í Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ en eins og réttilega kemur fram í máli V hafði sú samþykkt ekki tekið gildi á slysdegi og koma ákvæði hennar því ekki til frekari skoðunar. Á slysdegi var í gildi samþykkt um hundahald á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi nr. 154/2000. Sú samþykkt er ekki jafnítarleg og nýja samþykktin né jafnafráttarlaus varðandi taumskyldu. Í henni kemur þó fram að hundur skuli ávallt vera í taumi þar umferð ökutækja eða gangandi er almenn og auk þess er gert ráð fyrir sérstakri merkingu svæða þar sem sleppa megi hundum lausum og gefur það til kynna að taumskylda sé meginreglan. Þá er í samþykktinni lögð sú skylda á eiganda eða umráðamann hunds að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu eða óþægindum.

Þá liggja fyrir nefndinni sérstakar húsfélagssamþykktir um umgengni í hesthúsahverfinu, en ekki er ágreiningur um að þær hafi sem slíkar verið í gildi á slysdegi. Kemur þar fram að hundahald og lausaganga hunda séu stranglega bönnuð á svæðinu. Þrátt fyrir að ákvæðið vísi til reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og fyrrgreindrar þágildandi samþykktar um hundahald, sem ekki hafa að geyma sambærilegt ákvæði, verður að líta svo á að um sé að ræða sjálfstætt bannákvæði í skráðum háttennisreglum sem gilda á svæðinu og aðilar að húsfélaginu hafi komið sér saman um. Verður þá ekki annað ráðið en að um húsreglur í skilningi 74. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús sé að ræða og er í samþykktunum m.a. vísað til þeirra laga. Í málflytningu M kemur fram, og hefur því ekki verið mótmælt, að X hafi verið „inni í sínu hesthúsi“ þegar slysið átti sér stað. Verður því að miða við að X hafi mátt vera kunnugt um ákvæði samþykktanna.

Þess utan er það þó mat nefndarinnar að jafnvel þótt skráðra reglna nyti ekki við felist í því töluvert gáleysi að hafa hund lausan á hesthúsasvæði, enda mun það vel þekkt að hestar kunni að fælast komi hundur nálægt þeim. Skiptir ekki máli í því samhengi að hundur X hafi ekki verið ógnandi, enda hafi nærvera hans verið nóg til að fæla hestinn. Er það þá mat nefndarinnar að orsakatengsl séu milli þess að hundurinn hafi verið laus og tjónsins sem varð, en hefði hundurinn verið í taumi má ætla að X hefði getað brugðist við atvikum og beint hundinum frá hesti M.

Er það samkvæmt öllu framansögðu mat nefndarinnar að X hafi umrætt sinn sýnt af sér gáleysi við vörslur hunds síns og að skýr orsakatengsl séu milli þess gáleysis og þess líkamstjóns sem M varð fyrir.

Niðurstaða.

M rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu vegna hunds X hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 252/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Vinnuvélatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Upplýsingaskylda váttryggingafélags.

Gögn.

280. Málskot mótttekið 2. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
281. Bréf V dags. 6. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
282. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að hinn 26. júlí 2023 hafi krani á vörubifreiðinni A, sem er í eigu M, orðið fyrir tjóni þegar hann rakst upp undir brú á Vesturlandsvegi. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr vinnuvélatryggingu bifreiðarinnar hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að engin húftrygging hafi verið skráð á bifreiðina eða krana hennar. M vísar til samskipta sinna við V á árinu 2022, en á þeim tíma gerði V tilboð í allar tryggingar M. Í þeim samskiptum tók fyrirsvarsmaður M sérstaklega fram að óskað væri eftir tryggingu sem tæki t.d. á tjónum á krana ef þeir myndu rekast í brú. Fékk fyrirsvarsmaður M svar frá V þar sem fram kemur að tryggingin skiptist í tvennt, ábyrgðartryggingu og húftryggingu og vísað er til tiltekinna ákvæða skilmálans sem fjallar um undanþágur frá bótaskyldu. Samþykkti M tilboð V í kjölfarið og tryggingar voru gefnar út. Var M þannig í góðri trú að tryggingar M innihéldu báða tryggingarliði og var það ávallt ein af forsendum fyrir viðskiptum M við V. Hafði starfsmaður V áður upplýst fyrirsvarsmann M að einu tryggingarnar sem M gæti þurft að bæta við sig væru frjáls ábyrgðartrygging, launþegatrygging og slysa- og sjúkratrygging. Aldrei var minnst á að vörubifreiðarnar og kranar þeirra væru ekki tryggðar með húftryggingu og að tilboðið innihéldi ekki slíkar tryggingar. Byggir M á því að V berði að bera hallan af því að svara ekki með skýrum hætti að tilboðið innihéldi ekki váttryggingavernd fyrir kranann ef hann skyldu rekast í brú. Hafi V með engum hætti sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart M, sem dreifingaraðili váttrygginga skv. 5. tl. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) með síðari breytingum. Í lögnum eru lagðar ríkar skyldur á dreifingaraðila váttrygginga varðandi skýra og persónulega ráðgjöf um þær tryggingar sem verið er að bjóða í. Fer M fram á að nefndin viðurkenni greiðsluskyldu V í málinu og að V verði gert að greiða kr. 1.810.300 vegna viðgerðarkostnaðar á krananum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi gefið M tilboð í þær tryggingar sem voru til staðar hjá fyrra tryggingafélagi M auk þess að ráðleggja M að bæta við frjálsri ábyrgðartryggingu, launþegatryggingu og slysa- og sjúkratryggingu fyrir fyrirsvarsmann M en það séu þær tryggingar sem V metur að henti atvinnurekstri M. Kom skýrlega fram á tryggingayfirliti fyrra tryggingafélags að kranar M voru aðeins tryggðir ábyrgðartryggingu en ekki húftryggingu eða sambærilegri tryggingu. Hafði M undir höndum tilboð V þar sem skýrlega kom fram að aðeins væri um að ræða ábyrgðartryggingu og að húftrygging hefði ekki verið valin. Því gat M ekki dulist að aðeins svar V vegna ábyrgðarliðar hefðu þýðingu varðandi hans vernd. Þannig hafi kranarnir sannanlega verið tryggðir fyrir ábyrgðartjónum sem þeir kynnu að valda við það að rekast á brýr. Því hafi engin húftrygging verið til staðar á vélinni á tjónsdegi. Til vara vísar V til þess að tjón sem orsakast vegna bilunar falli ekki undir skilmála tryggingarinnar. Þá hafi umrætt sinn verið um verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem ökumanni bar að viðhafa við aksturinn umrætt sinn. Ber því að skerða bætur með vísan til stórkostlegs gáleysis um helming. Mótmælir V fjárhæð kröfu M vegna viðgerðarkostnaðar með vísan til þess að ekki liggi skýrlega fyrir hvaðan umræddur reikningur stafar, ekki liggi fyrir sundurliðað tjónamat eða vinnuskýrsla. Auk þess innihaldi reikningurinn virðisaukaskatt sem ætti ekki að teljast til fjártjóns M.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M því að ökumaður kranabifreiðarinnar hafi með einhverju móti sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur. Þá hafnar M því að reikningur fyrir viðgerð sé með einhverju móti óskýr og/eða ósundurliðaður.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ágreiningur þessa máls lýtur aðallega að því hvort V hafi með réttum hætti sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart M í samskiptum þeirra á milli í aðdraganda þess að M tók tilboði V í tryggingar fyrirtækisins á árinu 2022. Í 6. gr. vsl. kemur fram að áður en váttryggingarsamningur sé gerður skuli dreifingaraðili skilgreina kröfur og þarfir viðskiptavina og skv. 6. gr. a skal dreifingaraðili veita persónulega ráðleggingu og útskýra hvers vegna tiltekin váttrygging samræmist best þörfum hans. Á tilboðsýfirliti dags. 2. maí 2022 kemur fram að húftrygging hafi ekki verið valin í vinnuvélatryggingu vörubifreiðarinnar A. Í tölvupósti M til V þann 24. maí 2022 spyr M þriggja spurninga. Ein þeirra varðar krana bifreiðarinnar og hljóðar svo: „Ef þeir rekast undir brú eru þeir þá tryggðir?“. Í svari V við þessari spurningu sama dag segir: „Það er ekkert í skilmála tryggingarinnar sem snýr að þessari fyrirspurn. Tryggingin skiptist í tvennt ábyrgðartryggingu og húftryggingu. Varðandi ábyrgðarliðinn þá vísa ég í 23.gr. í 2.kafla, félagið greiðir ekki skaðabótakröfu vegna tjóns sem hlýst af þunga vinnuvélarinnar t.d á brúm, vegum eða lögnum í jörðu. Hvað varðar húftryggingarliðinn þá vísa ég í 4.gr. í 1.kafla, félagið greiðir ekki bætur þegar tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi váttryggðs.“ Af framangreindum samskiptum verður ekki annað ráðið en að V hafi umrætt sinn gefið M tilefni til að ætla að til staðar væri húftrygging sem tæki til tjóna ef krani rekst undir brú. Bar V á grundvelli 6. gr. vsl. að skilgreina kröfur og þarfir M. Þessa gætti V ekki að enda kemur hvergi fram í samskiptum starfsmanns V við fyrirsvarsmann M að M hafi verið boðin húftrygging á vörubifreiðina A. Var það sérstaklega mikilvægt í ljósi fyrirspurnar M um tjón á krana. Réttaráhrif slíks getur annað hvort verið réttur til skaðabóta eða að sá váttryggingarsamningur sem keyptur var þrátt fyrir vanrækta upplýsingaskyldu sé víkkaður út til að ná til þeirrar váttryggingarverndar sem M taldi sig hafa keypt. Tekur nefndin ekki frekari afstöðu til þess hvora þá leið V ákveður að fara til að koma til móts við M vegna þess.

Í ljósi framangreinds er rétt að nefndin taki einnig afstöðu til þess hvort V sé heimilt að skerða bætur til handa M á grundvelli þess að ökumaður bifreiðarinnar A hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi umrætt sinn. Í skýrslu sem fyrirtækið Aðstoð & Öryggi gerði á vettvangi er að finna framburðarskýrslu ökumanns A. Þar segir: „Ég rak kranann í brúna. Ég hélt að hann væri nógu langt niðri. Ég gat ekki lagt kranann lengra niður.“ Í 3. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja kemur fram að ökumaður skuli gæta þess sérstaklega, með tilliti til hæðar ökutækis, að valda ekki hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður. Þessa gætti ökumaður A ekki að á tjónsdegi. Verður ekki annað ráðið af framburði hans en að hann hafi vitað að kraninn væri hátt uppi en ákveðið að taka áhættuna á að hann væri nógu langt niðri til að komast undir brúna. Er það mat nefndarinnar að sök stjórnanda A hafi verið veruleg og að skýr orsakatengsl séu milli háttsemi hans og tjónsins. Á grundvelli þess er V heimilt að takmarka bætur til hans um helming á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga eða eftir atvikum líta svo á að hann beri sjálfur helming sakar vegna meðábyrgðar sinnar kjósi V að greiða skaðabætur. Vegna vísunar M til þess að tjón vegna bilunar falli ekki undir skilmála vinnuvélatryggingar er rétt að geta þess að umrætt tjón á krananum orsakaðist vegna áaksturs kranans við brúna og því er um að ræða tjónsorsök sem fallið hefði undir grein 3.1. í skilmála váttryggingarinnar.

Nefndin tekur ekki frekari afstöðu til þess hvernig V kemur til móts við M vegna þessa máls þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um það hvernig uppgjóri hefði verið háttað, hefði húftrygging verið til staðar. Þannig liggja ekki fyrir upplýsingar um það hvort og þá hver eigin áhætta M hefði verið eða hvort M hefði getað nýtt virðisaukaskatt viðgerðarreiknings í starfsemi sinni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr hendi V vegna vanrækslu V, sem dreifingaraðila váttrygginga, á upplýsingaskyldu skv. lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. V er heimilt að skerða þær bætur um helming vegna háttsemi ökumanns.

Reykjavík, 29. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 254/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

283. Málskot dags. 2. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
284. Bréf V dags. 5. september 2024 ásamt fylgiskjali.
285. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. september 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 26. apríl 2023, sem er undirrituð af vinnuveitanda M, Y, segir að hinn 20. janúar 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M hafi verið staddur á Neskaupsstað á vegum Y og hafi verið að dæla olú á vinnubifreið. Hann hafi verið við verslun á staðnum þegar húfan hans fauk af honum en mikið rok hafi verið á vettvangi. Hafi hann farið á eftir húfunni og gengið fram hjá nýbyggingu þar sem byggingarframkvæmdir á vegum X stóðu yfir. Hafi smiðir þar verið að taka niður vinnupall, en einn þeirra misst pall úr höndunum með þeim afleiðingum að hann féll niður um sex metra og á höfuð M. Hafi M rotast við höggið og verið fluttur á sjúkrahús. Í málskoti kemur fram að M hafi krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns síns. V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 3. júlí 2023 með vísan til þess að slys M yrði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X eða atvika sem X beri ábyrgð á heldur til óhappatilviljunar. M telur hins vegar að gáleysi hafi vissulega verið fyrir hendi. Vinnupallurinn og meðhöndlun hans hafi verið á ábyrgð X og ákvörðun um að taka þá niður hafi verið tekin af X og á þess ábyrgð. Engar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar við þann starfa, t.a.m. með því að vara gangandi vegfarendum við niðurrifi pallsins. Hefði X þá átt að vera ljós sú slyshætta sem fólst í því að taka pallinn niður í því veðri sem var á slysdegi. Til stuðnings kröfu M er þá vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglna settra með stöð í þeim, þ.á.m. 7. gr. reglugerðar nr. 729/2018 um röraverkpalla en þar segi að niðurtaka röraverkpalla skuli fara fram á tryggilegan hátt.

Í bréfi V koma fram athugasemdir við málavaxtalýsingu í málskoti. Þannig hafi vinnupallurinn ekki verið nema tveir metrar á hæð og hann hafi ekki fokið heldur slengst til þegar M var upp við hann í þeim tilgangi að ná í húfuna sína. Lýsing M á atvikum hafi þá ekki verið borin undir X og sé um einhliða frásögn M að ræða. Sönnunarbyrði þess að slys hans verði rekið til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð vegna hvíli á M og þá sönnun hafi hann að mati félagsins ekki axlað. Því er þá mótmælt að þörf hafi verið á að vara gangandi vegfarendur sérstaklega við pallinum. Slysið hafi atvikast um hábjartan dag og pallurinn sést greinilega og ljóst hafi verið að starfsmenn X voru að taka hann niður. Hafi M því borið að sýna eðlilega aðgæslu við pallinn. Hafi M þá ekki bent á neinar hlutlægar eða huglægar háttænisreglur sem X eigi að hafa brotið enda hafi starfsmenn X einmitt verið að taka pallinn niður í þeim tilgangi að tryggja öryggi þar sem farið var að hvesa. Hvað varði frásögn M um það að pallurinn hafi verið hinum megin við húsið og ekki sést frá gangstéttinni hafi hún fyrst komið fram einu og hálfu ári eftir slysið og verði að skoða hana í því ljósi.

Með viðbótarathugasemdum M fylgdi yfirlýsing vitnisins Z, samstarfsmanns M, dags. 9. september 2024. Þar er atvikum lýst svo að Z hafi verið að dæla olú á bifreiðina en M hafi farið í matvöruverslun rétt hjá. Þegar M var á leið aftur að bílnum hafi komið vindhviða og feykt húfunni af höfði hans. Hafi M farið á eftir húfunni og Z misst sjónar á honum. Framkvæmdir hafi staðið við hús sem M þurfti að ganga fram hjá en þar hafi staðið yfir niðurrif vinnupalls. Hafi starfsmenn X misst pall sem þeir héldu á milli sín og hafi hann tekist á loft og hafnað á höfði M. Af þessu telur M að sjá megi að lýsing V á atvikum sé kolröng. Er þá jafnframt vísað til fyrirliggjandi yfirlýsingar M sjálfs, dags. 24. júní 2024, þar sem m.a. kemur fram að pallurinn hafi verið á vesturhlið hússins, en ekki við gangstétt framan við húsið, og ekkert hafi bent til þess fyrr en komið var að húshorninu að pallurinn væri þar. Er þá áréttað að pallurinn hafi ekki slengst í M heldur hafi hann tekist á loft og komið

fljúgandi á höfuð M. Þá sé varla hægt að tala um „hábjartan“ dag í janúar auk þess sem það hafi verið hvasst og þungbúið. Samandregið séu atvik þau að M hafi farið fótgangandi eftir gangstétt meðfram húsalengju og handan við horn hennar hafi verið unnið að niðurrifi vinnupalls. Engar vísbendingar hafi verið um að um vinnusvæði væri að ræða. Eru þá ítrekaðar röksemdir um að starfsmenn X hafi umrætt sinn sýnt af sér gáleysi. Er því jafnframt alfarið hafnað að M hafi sýnt af sér gáleysi enda hafi hann verið staddur á gangstétt þegar hann fékk vinnupall í höfuðið.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Samtímagögn um umrætt atvik eru fremur takmörkuð og atvikalýsing M sjálfs er dags. 24. júní 2024, og yfirlýsing vitnisins Y er dags. 9. september 2024. Það virðist þó ekki ágreiningur um það annars vegar að hvasst hafi verið á vettvangi þennan dag og hins vegar að vindhviða hafi orðið til þess að starfsmaður X missti stjórn á palli sem hann var að handleika, en í upphaflegu höfnunarbréfi V segir um það atriði: „...hafi snörp vindhviða slengt pallinum úr höndum starfsmanns X með þeim afleiðingum að hann lenti því miður á M.“ Er því ágreiningslaust að pallurinn lenti á M og skiptir ekki máli í því samhengi hvort hann „slengdist“ eða „flaug“. Liggur þá fyrir að M varð fyrir líkamstjóni vegna þessa.

Þá virðist óumdeilt að M hafi verið upp við vinnupallinn og kemur það m.a. ítrekað fram í málflutningi V. Þá virðist jafnframt óumdeilt að engar merkingar eða viðvaranir hafi verið við vinnusvæðið. Í því samhengi er rétt að vísa til reglugerðar nr. 729/2018 um roraverkpalla en roraverkpallur er skilgreindur sem „vinnupallur, ýmist á hjólum eða ekki á hjólum, sem notaður er af einum eða fleiri starfsmönnum við vinnu í hæð, svo sem til að geyma efni og verkfæri sem notuð eru við vinnuna. Vinnupallurinn er settur saman með rorum sem fest eru saman með sérstökum tengjum eða eftir sérstöku samsetningarkerfi.“

Liggur ekki annað fyrir en að umræddur vinnupallur falli undir framangreinda skilgreiningu. Í 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir þá eftirfarandi: „Þegar unnið er við uppsetningu og niðurtöku roraverkpalls skal merkja það svæði þar sem vinnan fer fram með almennum viðvörðunarkerkjum í samræmi við ákvæði reglna um öryggis- og heilbrigðismerkingar á vinnustöðum, þar með talið að koma fyrir viðeigandi tálum, svo sem grindverki, til að hefta tímabundið aðgang fólks að vinnusvæðinu.“

Verður því að telja að á starfsmönnum X hafi hvílt skýr skylda til að koma fyrir hindrun af einhverju tagi til að hindra aðgang fólks að svæðinu meðan unnið var að því að taka pallinn niður. Verður að telja að hefðu slíkir tálmar verið fyrir hendi hefði M ekki verið svo nálægt pallinum sem raunin var. Verður því að telja bein orsakatengsl milli framangreindrar vanrækslu á því að gagna tryggilega frá vinnusvæðinu og líkamstjóns M. Er það því mat nefndarinnar að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 255/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Björgunarstörf.

Gögn.

- Málskot mótttekið 4. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 12. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. og 16. júlí 2024.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. júlí 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 6. janúar 2023 hafi maður á vegum X komið upp á þak M til að hreinsa snjó og klakahengju sem stóð langt út fyrir þakkant. Fór maðurinn upp á þak með járnkall og hreinsaði þakið hjá M og dóttur M. Um miðjan júlí sama ár kom í ljós að járnplötur þakanna voru gataðar á mörgum stöðum þannig að bæði þökin voru talin ónýtt. Fékk dóttir M greiddar bætur frá V vegna tjóns á þaki hennar en M hafa ekki fengið greiddar bætur vegna tjóns á þeirra þaki. Telur M að það hafi verið vítavert kæruleysi og/eða kunnáttuleysi að nota járnkall á þak til að hreinsa klaka. Eins og allir viti séu þakplötur mjög þunnar og lítið þurfi til að gata með höggi frá járnkalli. Báðu M um að klaki og snjór yrði fjarlægður af þakinu og hefur það ekkert með járníð á þakinu að gera.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bótaskylda hafi verið hafnað þann 18. apríl 2024 þar sem váttrygging X taki ekki til tjóns á munum sem váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjónið verður af verkinu eða við verkið skv. i-lið 3. gr. skilmála ábyrgðartryggingarinnar. Um ræðir skýrt undanþáguákvæði í skilmála tryggingarinnar og þegar af þeirri ástæðu telst tjónið falla utan gildissviðs tryggingarinnar. Bendir V á að dóttir M fékk greiddar bætur án viðurkenningar á bótaskylda vegna tjóns á húspaki hennar. Hafnar V því að afgreiðsla á tjóni dóttur M með framangreindum hætti hafi vægi við niðurstöðu í því máli sem hér er til umfjöllunar og varðar tjón á húspaki foreldra hennar.

Í viðbótarathugasemdum dóttur M kemur fram að bótaskylda hafi verið viðurkennd vegna tjóns á þaki hennar. Það sé eftiráskýring að tjónið hafi ekki verið bótaskyld.

V vísar til þess í viðbótarathugasemdum sínum að ágreiningsefnið sem hér er til umfjöllunar hjá nefndinni varðar ekki húseign dóttur M. Hafnar V þar af leiðandi að atvik sem varðar afgreiðslu á tjóni á húseign dóttur M hafi nokkurt vægi við afgreiðslu á tjóni M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort tjón M sé bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjónið M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Óumdeilt virðist vera að aðili á vegum X hafi ollið umræddu tjóni á þaki M. Hefur V borið fyrir sig að váttrygging X taki ekki til tjóns á munum sem váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjónið verður af verkinu eða við verkið skv. i-lið 3. gr. skilmála ábyrgðartryggingarinnar. Ákvæðið er undantekningarákvæði frá meginreglu 2. gr. um gildissvið váttryggingarinnar og ber því að skýra ákvæði greinarinnar þröngt. Samkvæmt tjónstilkynningu M urðu skemmdir á þaki hússins þegar maður á vegum X fjarlægði klaka og snjó af þakinu. Verður því að telja að umræddur aðili sem starfar á vegum X hafi í umrætt sinn verið að vinna við þakið með einum eða öðrum hætti er tjónið varð í skilningi fyrrgreinds skilmálaákvæðis. Þar af leiðandi á áður nefnt undanþáguákvæði við og er bótaréttur M úr ábyrgðartryggingu X því ekki fyrir hendi. Bindur afgreiðsla V á sambærilegu tjóni hjá dóttur M ekki hendur V til þess að bera fyrir sig fyrrgreint undanþáguákvæði í máli M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 256/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

286. Málskot mótttekið 4. júlí 2024.
287. Bréf V1 dags. 24. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
288. Bréf V2 dags. 31. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
289. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. desember 2024.

Málsatvik.

Hinn 12. febrúar 2024 varð árekstur milli A og B á bifreiðastæði við leikskóla í Garðabæ. Ökumaður A lýsir atvikum svo að hún hafi sest í bifreiðina en á þeim tíma hafi vinstri afturhurð B verið lokuð. Hún hafi bakkað örlítið úr stæðinu en þá tekið eftir því að hurðin var opin. Hafi hún þá strax stöðvað A. Hafi hurðin á B þá verið föst í A og ekki hægt að loka henni. Í viðleitni við að losa bifreiðarnar frá hvor annarri hafi A ekið örlítið áfram, sem hafi gert illt verra og svo örlítið aftur á bak. Hafi hurðin þá losnað en skilið eftir sig djúpa beyglu á A. Bifreiðastæðin séu mjög þröng og hafi hurðin legið alveg upp við A. M, sem var ökumaður B, lýsir atvikum svo að hún hafi staðið við B og verið að losa eitt barn úr bílstól en annað barn hafi staðið við hlið hennar þegar A hóf akstur aftur á bak. Rétt sé að bifreiðastæðin séu þröng og kalli það á sérstaka varúð við akstur aftur á bak úr þeim. Að ætla sér að aka af stað með þeim hætti meðan verið sé að ferja börn úr bifreiðinni við hliðina sé fjarstæðukennt. Sé hún því þá ósammála að hurðin á B hafi legið að A.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að B bæri alla ábyrgð á umræddu atviki þar sem henni hefði borið að gæta að annarri umferð áður en hún opnaði hurð bifreiðarinnar.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir í málskoti að A hafi verið kyrrstæð þegar M fór úr B, lokaði bílstjórakur hennar og gekk að afturduynum til að opna þær. Þar sem myrkur hafi verið á vettvangi og A svört að lit og með skyggðar rúður hafi hún þá ekki getað áttá sig á því hvort A var mannlaus, en engin hljóð eða annað hafi komið frá henni sem bent gæti til aksturs. Hún hafi sýnt fulla aðgát og gætt að því að eins mikið bil og mögulegt væri, miðað við þröngar aðstæður, milli hurðarinnar og A. Með eðlilegri aðgæslu hefði það þá ekki getað farið fram hjá A að M gekk út úr B og að afturhurð hennar. Hefðu hreyfiskynjarar í A þá átt að gera viðvart um ferðir M. Ljóst sé því að ökumaður A hafi annað hvort ekki litið í hægri hliðarspegil áður en hún hóf akstur eða ákveðið að aka af stað þrátt fyrir að sjá M standandi milli bifreiðanna og hurðina opna. M hafi allan tímann verið vinstra megin við B og hljóti A að hafa gefið gaum að umhverfi sínu, enda myrkur og háannatími hvað umferð í leikskólann varði. Telur M þá að myndbandsupptökur úr A eigi að geta gefið rétta mynd af atvikum en þær liggi ekki fyrir.

Í bréfi V1 sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, er vísað til 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem kveðið sé á um að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sé það mat V1 að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að framangreindum áskilnaði umrætt sinn og beri hún því alla sök á umræddu tjónsatviki.

Í bréfi V2 sem á tjónsdegi var váttryggjandi B, kemur fram að svo virðist sem ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að umhverfi sínu áður en hún ók af stað og er vísað til 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga þar sem segi að ef ökumaður ekur aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé hægt án þess að skapa hættu og óþægindi fyrir aðra. Í ljósi aðstæðna á vettvangi verði að gera enn ríkari kröfur til þess að farið sé eftir þeim áskilnaði. Telji V2 sýnt að afturhurð B hafi verið opin þegar A var ekið af stað og beri A alla sök á umræddu atviki.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins voru A og B kyrrstæðar á samsíða bifreiðastæðum í aðdraganda umrædds atviks. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort orsök árekstursins hafi verið sú að A hafi ekki gætt

nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga þar sem segir að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra, eða sú að B hafi umrætt sinn brotið gegn 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum.

Af fyrirbyggjandi gögnum telur nefndin ljóst að M hafi verið að losa barn úr aftursæti B og hafi í því skyni farið úr B bílstjóramegin og gengið meðfram vinstri hlið hennar til þess að opna afturdyrnar. Í frásögn A kemur fram að þegar hún settist í bifreið sína hafi afturdyr B verið lokaðar. Ekkert kemur þó frekar fram um það í frásögn A að hún hafi litið í spegla eða gengið með öðrum hætti úr skugga um að unnt væri að aka af stað án þess að skapaði hættu eða óþægindi áður en hún hóf aksturinn. Af frásögn aðila verður að telja að A hafi verið rétt lögð af stað er atvikið átti sér stað. Með hliðsjón af því og líklegri afstöðu M verður að telja að A hefði átt að veita M athygli hefði hún gætt nægilega að framagreindu. Verður jafnframt að telja að sérstök ástæða sé til slíkrar aðgæslu á bifreiðastæði við leikskóla þar sem ætla má að ökumenn opni afturdyr til að hleypa börnum inn og út úr bifreiðum.

Er að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að M hafi umrætt sinn brotið gegn 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Verður enda ekki talið sýnt að M hafi mátt átta sig á því við þær aðstæður sem virðast hafa verið á vettvangi að A hygðist aka af stað.

Samkvæmt framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er það mat hennar að A beri alla sök á umræddu atviki.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddu atviki.

Reykjavík, 27. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 257/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

- Málskot mótttekið 4. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V dags. 20. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á bifreið M þann 7. september 2023. Bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá V á slysdegi. M leitaði á Læknavaktina vegna bakverkja daginn eftir slysið. Því næst leitaði hún til læknis þann 11. september 2023 og svo ítrekað eftir það. Var hún með öllu óvinnufær frá slysdegi til 1. mars 2024. M tilkynnti tjón sitt til V þann 3. október 2023. Með bréfi dags. 18. mars 2024, hafnaði V bótaábyrgð með vísan til þess að orsakatengsl væru ekki til staðar á milli umferðarslyssins og einkenna M. Vísaði V í því samhengi til samskiptaseðils Læknavaktarinnar dags. 8. september 2023 og hraða- og höggkraftsútreiknings, svokallaðrar PC-crash skýrslu.

M byggir á því að umferðarslysið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Telur M ljóst að orsakasamband sé til staðar á milli líkamstjóns hennar og umferðarslyssins. M kveðst hafa glímt við léttvæga bakverki fyrir slys en af sjúkraskrá hennar verði ráðið að hún hafði aldrei þurft að leita sér lækniástoðar vegna þess. Slysið gerði það að verkum að bakverkir hennar versnuðu til muna. Í kjölfar slyssins leitaði hún margoft til læknis vegna bakverkja sem höfðu það m.a. í för með sér að hún var óvinnufær með öllu í u.þ.b. sex mánuði. Byggir M á því að svonefnd PC-skýrsla, sem V aflaði einhliða, hafi ekki sönnunargildi við mat á því hvort orsakasamband sé fyrir hendi á milli líkamstjóns M og árekstursins. Vísar M til dóma Hæstaréttar þar sem skýrslum sem þessum hefur verið hafnað.

V ítrekar fyrri afstöðu félagsins og bendir á að M leitaði til Læknavaktarinnar daginn eftir slysið vegna verkja í baki með leiðni niður í hægri rasskinn og aftanvert læri sem hún hafði þjáðst af í einn og hálfan mánuð. M minnst ekkert á umferðarslysið í þeirri komu til læknis. Í læknisvottorði vegna umsóknar um endurhæfingarlífeyri kemur fram að við segulóm skoðun hafi komið í ljós brjós-klos á milli hryggjarliða L4 og L5 sem klemmir rót L5 taugarinnar. Telur læknirinn að þetta skýri öll hennar einkenni. Telur V ómögulegt að umrætt brjós-klos hafi komið til vegna afleiðinga umferðarslyssins þann 7. september 2023. Í fyrsta lagi voru einkennin komin til löngu áður en slysið átti sér stað og í öðru lagi sé ómögulegt að höggið af árekstrinum, sem var mjög vægur, hafi komið af stað brjós-klosi. Af myndum af bifreiðunum megi ráða að skemmdir voru nánast engar og samkvæmt niðurstöðu PC-Crash útreiknings dags. 13. febrúar 2024 var þyngdarkraftur sem verkaði á bifreið málskotsaðila 0,55 G, sem er ákaflega lítið. M hafi ekki óskað mats á meintum afleiðingum slyssins. Ekki liggi fyrir matsgerð þar sem tekin er afstaða til orsakatengsla milli slyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hallan af því að engin slík sönnun liggi fyrir.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að það sé ekki skilyrði fyrir bótaskyldu að slys sé meginorsök líkamstjóns heldur nægi að hin bótaskylda háttsemi sé meðorsök líkamstjónsins. Slysið hafi gert það að verkum að bakverkir hennar versnuðu til muna. Fær það stoð í sjúkraskrá M. Það eigi ekki að hafa áhrif á bótarétt hennar að hún hafi verið viðkvæmari en ella fyrir afleiðingum árekstursins. Þeir bakverkir sem M glímdi við fyrir slysið öllu því að hún var viðkvæmari fyrir tjóni, þannig að vægur árekstur var líklegri til að valda henni tjóni en heilsuhaustum einstaklingi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 7. september 2023. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af skýrslu um hraða- og höggkraftsútreikning dags. 13. febrúar 2024,

sem V aflaði, má ráða að áreksturinn var vægur. Ekki verður litið fram hjá því að ekki var samkomulag um öflun hennar þó V hafi látið M vita af gerð skýrslunnar. Þó skýrslan lýsi litlum höggkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af niðurstöðu skýrslunnar. Líta verður heildstætt á öll þau gögn sem liggja fyrir, einnig læknisfræðileg gögn þegar tekin er afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Slíkt mat er einstaklingsbundið og ræðst af fjölda þátta hverju sinni.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði daginn eftir slys á Læknavaktina vegna bakverkja. Tengdi hún einkenni sín þann dag ekki við umferðarslysið daginn áður en horfa verður til þess að M talar ekki íslensku og litla ensku svo mögulegt er því að ekki hafi verið rétt haft eftir henni. Við komu til heimilislæknis nokkrum dögum síðar, eða þann 14. september 2023 lýsir M versnun á fyrri bakeinkennum í kjölfar umferðarslyssins. Leitaði hún næstu vegna einkenna sinna ítrekað til lækna og var með öllu óvinnufær frá slysdegi til 1. mars 2024. Fyrir umferðarslysið hafði hún aldrei leitað til læknis á heilsugæslunni vegna bakeinkenna. Hefur hún einnig leitað til sjúkrapjálfa vegna einkenna sinna. Hafa einkenni M verið viðvarandi þrátt fyrir þá meðferð sem hún hefur sótt. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-crash skýrslu sem V byggir mál sitt á, verða ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo geti verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 259/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Frestur til lögfræðilegra aðgerða.

Gögn.

290. Málskot mótttekið 10. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
291. Bréf V dags. 11. júlí 2024.
292. Bréf M dags. 24. janúar 2025.
293. Bréf V dags. 24. janúar 2025.
294. Bréf M dags. 27. janúar 2025.
295. Viðbótargögn frá V dags. 5. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. október 2022 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Með tölvupósti dags. 11. júlí 2023 hafi V hafnað bótaskyldu en fallist á að standa að öflun matsgerðar vegna slyssins og tveggja annarra slysa sem M hafi orðið fyrir. Beðið sé eftir niðurstöðu matsgerðarinnar. Sé málið lagt fyrir nefndina í því skyni að bregðast við lögboðnum ársfresti 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 en farið fram á frestun fyrirtöku þess fyrir nefndinni þar til matsgerðin liggja fyrir.

Umrædd matsgerð barst með bréfi M dags. 24. janúar 2025. Var niðurstaða hennar sú að í umræddu slysi hefði M í mesta lagi orðið fyrir tímabundinni versnun fyrri einkenna. Ekki taldist sýnt fram á orsakatengsl milli umkvartana M og umrædds slyss og tímabundnar og varanlegar afleiðingar þess í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993 engar. Í bréfi M til nefndarinnar kemur fram að hún sé ósammála þeirri niðurstöðu en eina leiðin til að hnekka matsgerðinni sé að afla matsgerðar dómkvaddra matsmanna.

V segir í bréfi sínu til nefndarinnar að það sé sammála niðurstöðu matsgerðarinnar hvað þetta varði og geri ekki frekari athugasemdir fyrir nefndinni.

Álit.

Í málskoti kom ekki skýrlega fram úr hvaða váttryggingu M krefðist bóta vegna árekstursins hinn 13. október 2022. Óskaði nefndin því eftir frekari gögnum um umrætt tjónsatvik frá V. Kom fram í svörum þess að öll sök á árekstrinum hefði verið felld á ökumann A. Í upphaflegu höfnunarbréfi V til M dags. 11. júlí 2023 var m.a. vísað til þess að ef ágreiningi yrði ekki vísað til nefndarinnar eða dómstóla innan árs félli krafa M niður með vísan til 51. og 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í því samhengi verður að geta þess að í 2. mgr. 51. gr. laganna, en það ákvæði tekur til skaðatrygginga, kemur fram að váttryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að váttryggingafélag hafnar kröfu hans. Mögulegur réttur M til bóta hjá V er úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Sá sem er váttryggður í þeirri tryggingu er eigandi bifreiðarinnar en ekki sá sem krefst skaðabóta í skilningi skaðabótaréttar, en M er einmitt í þeirri stöðu gagnvart V. Á framangreint ákvæði því ekki við í málinu. Það var þá einnig rangt að vísa til þess að krafa M félli niður með vísan til 2. mgr. 124. gr. laganna enda á það ákvæði við um slysa-, sjúkra- eða heilsutryggingar en ekki ábyrgðartryggingar. Hefði M því ekki glatað rétti til bóta úr ábyrgðartryggingunni við það eitt að meira en ár liði milli höfnunar bótaskyldu og málskots til nefndarinnar. Var því í raun óþarft að leggja málið fyrir nefndina með þeim hætti sem gert var.

Hvað sem því líður varðar ágreiningur aðila það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem megi rekja til árekstursins hinn 13. október 2022 en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Fyrirliggjandi er matsgerð dags. 10. janúar 2025 og er niðurstaða hennar sú að tímabundnar og varanlegar afleiðingar árekstursins á heilsu M séu engar. Engin gögn hafa verið lögð fram er hnekki þeirri niðurstöðu og hefur M því ekki sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem hún rekur til hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 260/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging, skaðsemisábyrgð.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðsemisábyrgð. Ágalli.

Gögn.

296. Málskot mótttekið 11. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum og myndbandsupptökum.
297. Bréf V dags. 9. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 18. september 2022 varð M fyrir slysi þegar stigi sem hann stóð í hrökk í sundur þegar festing efst á stiganum losnaði með þeim afleiðingum að M féll niður. Um var að ræða tvöfaldan stiga sem hægt er að setja í A-stöðu. Við fallið rotaðist M og hlaut einnig alvarlega áverka á fingur, högg á bak og höfuðhögg. Stiginn var keyptur hjá X og telur M ljóst að stiginn hafi verið haldinn ágalla í skilningi laga nr. 25/1991 og X beri því skaðabótaábyrgð á tjóninu sem hann varð fyrir vegna þessa. Notendur samskonar stiga megi með réttu vænta þess að stiginn eða festing hans gefi sig ekki með þeim hætti sem hann gerði í tilviki M og valdi þeim líkamstjóni. Vísar M til þess sem sést á myndum og myndbandsupptökum af slysinu. Kveðst M hafa sýnt fulla aðgát við notkun og uppsetningu stigans í umrætt skipti og hafi festingin því gefið sig við hefðbundna notkun stigans. Stiginn hafi verið haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga nr. 25/1991 og á grundvelli 10. gr. laganna beri X ábyrgð á slysi hans.

V hefur hafnað bótaskyldu úr skaðsemisábyrgðartryggingu verslunarinnar X og vísar til þess að X hafi haft samband við framleiðanda stigans sem svaraði því til að ekki væri hægt að fallast á það að um galla hafi verið að ræða þar sem af upptöku megi greinilega sjá að stiginn hafi ekki verið notaður með réttum hætti. Er þar fyrst og fremst átt við þá staðreynd að bönd stigans voru ekki strekkt meðan M vann í stiganum. Þá liggja ekki fyrir nein sönnun um að stiginn hafi verið haldinn ágalla.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um hvort bótaskylda sé til staðar úr skaðsemisábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 25/1991 telst vara haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum hvernig hún var boðin og kynnt, notkun þeirri sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir og hvernig vörunni var dreift. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna ber tjónþola að sanna tjón sitt, ágalla vörunnar og orsakatengsl milli ágalla og tjóns. Fyrir nefndinni liggur myndbandsupptaka af slysinu. Af þeirri upptöku má ráða að bönd stigans hafi ekki verið strekkt þegar M stóð í stiganum. Hefur framleiðandi stigans vísað til þess að M hafi ekki notað stigann með réttum hætti þar sem M gætti þess ekki að bönd stigans væru strekkt þegar hann fór upp í stigann.

Sönnunarbyrði um það að stiginn hafi verið haldinn ágalla hvílir á M. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið vegna hvers stiginn brotnaði, þ.e. hvort það megi rekja til rangrar notkunar eða ágalla stigans. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Það telst því ekki sannað að stiginn hafi verið haldinn ágalla. Með vísan til þess hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr skaðsemisábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 262/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Umfang tjóns.

Gögn.

298. Málskot mótttekið 11. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
299. Bréf V dags. 30. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
300. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. september 2024 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 27. apríl 2024 hafi orðið árekstur milli bifreiðanna A og B sem er í eigu M. Ekki er ágreiningur um að ökumaður A beri sök á árekstrinum.

Í málskoti kemur fram að eldri skemmdir hafi verið á B, þ.e. á stuðara og frambretti farþegamegin. Við áreksturinn hafi orðið auknar skemmdir á bretti og framstuðara og sé ekki möguleiki að laga þær með einföldum hætti eins og hafi verið ætlun M vegna hins fyrra tjóns. Þá sé komin ný skemmd á hurðina farþegamegin auk þess sem framljós þeim megin sé rispað. M sé ekki að fara fram á að V bæti skemmdir á B að fullu enda hafi hún ekki verið í 100% standi fyrir áreksturinn. Hann vilji hins vegar fá það tjón sem varð við áreksturinn bætt. Í kjölfar árekstursins hafi M, samkvæmt fyrirætlun V, farið með B á viðurkennt verkstæði þar sem honum hafi verið sagt að ekki yrði gert við sílsinn þar sem um eldra tjón væri að ræða. Frambrettið og stuðarinn yrðu hins vegar lagfærð. Síðar hafi verkstæðið tilkynnt um að frambrettið og stuðarinn hefðu verið ónýt fyrir árekstur A og B. V hafi í kjölfarið skoðað málið og tilkynnt M að sennilega hafi félagið ekki átt að bæta neitt. M hafi bent á að stuðarinn væri meira brotinn en áður og frambrettið meira beyglað. V hafi þá bent M að fara með tjónið í gegnum kaskótryggingu B hjá öðru váttryggingafélagi og að það váttryggingafélag mundi þá meta hvaða skemmdir tilheyri V. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu og krefst þess að V bæti honum tjónið sem orðið hafi á B við áreksturinn.

Í bréfi V kemur fram að við nánari skoðun á skýrslu Aðstoðar&Öryggis um áreksturinn hafi komið í ljós að B var töluvert tjónuð fyrir og hafi t.d. bæði framstuðari og frambretti verið ónýt. Af ljósmyndum megi sjá að framstuðari hafi verið límdur saman og hafi verið skemmdir á honum sem ekki komu til við áreksturinn. Telji félagið að einungis rispur á stuðarahorni og frambretti séu komnar til vegna árekstursins og séu það skemmdir sem V beri að bæta. V hafni því hins vegar að bæta nýtt frambretti og stuðara þar sem þau hafi augljóslega verið skemmd áður.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að tjónið á B hafi aukist við áreksturinn. Festingar á framstuðara hafi brotnað og frambretti beyglast auk þess sem engar rispur hafi verið á framljósi fyrir áreksturinn. Tilboð í viðgerð á framstuðara fyrir áreksturinn hafi þá hljóðað upp á 60 – 70.000 kr., og hafi miðað að því að laga stuðarann burðarlega séð þó útlitslega mundu sjást merki um viðgerð. Tjónið á B sé nú mun meira. Sé því ljóst að tjónið á B hafi aukist við áreksturinn.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns og samkvæmt reglum skaðabótaréttar á tjónþoli að vera eins settur og ef tjón hefði ekki komið til. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A sem nema þeirri fjárhæð að koma B í sama ástand og hún var í fyrir tjónið.

Óumdeilt er að tjón hafi verið á B fyrir áreksturinn, og af ljósmyndum af vettvangi má sjá að framstuðari var límdur saman. Fyrirliggjandi eru þá ljósmyndir af B frá því fyrir áreksturinn og má þá sjá að stuðari er brotinn og skemmdir við númeraplötu og á hægri framhorni. Við áreksturinn varð ákoma á hægri framhorn B og hefur V, í tölvupósti til M dags. 9. júlí 2024, fallist á að bæta rispur á stuðarahorni og mögulegar rispur inn á frambretti fremst en það er tjónið sem V telur að hafi komið til við áreksturinn. M byggir hins vegar á því að festingar á framstuðara hafi brotnað og að frambretti hafi beyglast lítillga, og þá sé framljós rispað. Í ljósi þess að ástand framstuðara og brettis virðist hafa verið töluvert bágborið fyrir umrætt atvik, svo og þess að M hefur engin gögn, önnur en eigin staðhæfingar, lagt fram til stuðnings framangreindu verður að telja að ekki sé sýnt fram á að umrætt tjón hafi komið til við áreksturinn.

Verður því að telja, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að M hafi ekki sýnt fram á frekara tjón við áreksturinn en V hefur þegar fallist á að bæta, þ.e. rispur á stuðarahorni og fremst á frambretti. Verður M samkvæmt almennum sönnunarreglum að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A en þegar hafa verið boðnar fram af hálfu V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 263/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Váttryggingartaki (X)

Slyshugtak váttryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

301. Málskot mótttekið 16. júlí 2024, ásamt fylgiskjöllum.
302. Bréf V dags. 26. júlí 2024.
303. Tölvupóstur lögmanns M dags. 29. júlí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum þannig lýst að M hafi slasast við vinnu sína hinn 4. maí 2023 með þeim hætti að M hafi runnið á gólfi og fallið með þeim afleiðingum að hlaut áverka á vinstra hné. Af málskoti má ráða að aðdragandi atviksins hafi verið sá að M hafi verið að ganga frá þremur plastskúffum úr uppvaski og þegar hann hafi lagt eina þeirra frá sér hafi hann snúið sér við og runnið með ofangreindum afleiðingum. Atvikið var tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands með tilkynningu dags. 5. maí 2023 og M tilkynnt hinn 8. maí 2023 að lög um slysáttryggingar almannatrygginga næðu til tjóns hans. Í þeirri tilkynningu er atvikum lýst þannig: „Það var verið að ganga frá eftir vaskinn og nokkrar skuffur dattu niður á hnjánum hjá starfsmannin.“ Í bráðamóttökuskrá Landspítala Háskólasjúkrahúss segir að M hafi „Twisted his knee at work while turning.“ Í göngudeildarnótu bæklunarlæknis segir síðan „...verkur í hné, eftir patella lux 9.5.23. 1. traumatic (rann á gólfi við vinnu KFC)...“ Í nóvember 2023 var gerð liðspeglun á hné þar sem kom fram að brjóskskaði hafi orðið í „...apex patella eftir 1. lat luxation.“ M var óvinnufær frá 4. maí til 8. júní 2023.

M telur að tjónsatvik sé slys í skilningi váttryggingarskilmála slysáttryggingar launþega hjá V og við mat á lýsingum atviksins verði að líta heildstætt á þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu. Einnig bendir M á að sökum tungumálaerfiðleika og vanþekkingu M á þýðingu nákvæmra upplýsinga um aðdraganda atviksins hafi því ekki verið lýst með nákvæmari hætti þegar hann leitaði fyrst til læknis. Einnig er bent á að í læknisfræðilegu gögnum frá bæklunarlækni hafi komið fram að M hafi runnið á gólfi. M bendir á að texti í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands hafi verið ritaður einhliða af starfsmanni váttryggingartaka hjá V sem hafi ekki sjálfur séð hvað gerðist og hafi byggt lýsingu á orðum annarra. Einnig er bent á að lýsing í þeirri tjonstilkynningu sé ekki í samræmi við þá áverka sem M hafi sannanlega hlotið við atvikið. M telur að meiðsli hans séu afleiðingar slyss í skilningi gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega hjá V, það er að um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli meiðslunum. Máli sínu til stuðnings vísar M til dómaframkvæmdar sem og að fallist hafi verið á bótaskyldu hjá Sjúkratryggingum Íslands vegna slysáttrygginga almannatrygginga, en í frumvarpi til laga 74/2002 hafi verið vísað til slyshugtaks váttryggingaréttarins vegna orðalags í frumvarpinu.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að þrjár atvikalýsingar liggi fyrir af atvikum sem leiddu til meiðsla M og þær séu mismunandi. Ekki sé fyllilega sannað vegna þessa misræmis hver raunveruleg atvik voru og þannig ekki hægt að fallast á bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega.

Í tölvupósti lögmanns M segir síðan að ekki sé þörf á frekari athugasemdum við bréf V.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að atvikum sem leiddu til líkamsmeiðsla M sé mismunandi lýst í gögnum málsins. Skilyrði þess að um slys sé að ræða í skilningi gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega eru meðal annars að meiðsli megi rekja til utanaðkomandi atburðar en ekki sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama M. Við mat á því hvort sannað sé að utanaðkomandi atburður hafi leitt til meiðsla verður að meta þær upplýsingar sem liggja fyrir um aðdraganda tjónsatviks. Þær upplýsingar fara ekki að öllu leyti saman en af þeim má þó álykta að M hafi fundið fyrir einkennum í vinnu hjá X og hafi hann þá verið að vinna í eldhúsi við uppvask. Ágreiningur er um hvort nægilega sé sannað að M hafi runnið til á gólfi, en það væri sá utanaðkomandi atburður sem leitt hefði getað til meiðsla hans, eða hvort meiðslin sé hægt að rekja til

innra ástands í líkama M. Þegar litið er til heildarmats á gögnum málsins verður séð að bæði M sjálfur heldur því fram að hann hafi runnið á gólfi og haft er eftir honum hjá einum lækni að þannig hafi tjónið orðið. Önnur gögn benda ekki til þess að M hafi runnið heldur frekar snúið sig. M ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti að utanaðkomandi atburður hafi átt sér stað. Hallann af sönnunarskorti um það ber M. Í læknisfræðilegum gögnum kemur heldur ekki með skýrum hætti fram að þau meiðsli sem M fékk meðferð við séu þess eðlis að þau gætu ekki komið til nema vegna utanaðkomandi atburðar. Verður einnig að meta hallann af sönnunarskorti um það M í óhag.

Þess verður einnig að geta að í lögum um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 er í gildandi 1. mgr. 5. gr. laganna annað slyshugtak en slyshugtak vátryggingaréttar. Í fyrnefndri lagagrein teljast meiðsli sem rekja má til skyndilegra, óvæntra atburða vera slys, en ekki lengur gerð krafa þar um utanaðkomandi atburð. Tilvísun til þeirra laga og að Sjúkratryggingar Íslands hafi viðurkennt bótarétt M skv. þeim lögum hefur því takmarkaða þýðingu við mat á því hvort meiðsli M falli undir atvik sem samið var um að vátryggingarsamningur X hjá V næði yfir, enda er skilgreining í þeim samningi ekki sú sama.

Af framangreindu verður því ekki talið nægilega sannað að þau meiðsli sem M hlaut við vinnu sína hjá X hafi verið slys í skilningi gr. 3.1 í vátryggingarskilmálum slysatryggingar launþega og á M því ekki rétt til bóta á grundvelli þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 264/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Hestatrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

304. Málskot mótttekið 16. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
305. Bréf V dags. 25. júlí 2024.
306. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hesturinn X sem var í eigu M, hafi veikst af hrossasótt og þegar verið meðhöndlaður af dýralækni. Þegar sú meðhöndlun bar ekki árangur hafi verið framkvæmd aðgerð á X en hann hafi dáið í aðgerðinni. V hafi hafnað bótaskyldu úr líftryggingarlið hestatryggingar þar sem bótasvið hennar taki samkvæmt skilmálum aðeins til þess ef hestur deyr af völdum sjúkdóms eða slyss, eða ef hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflífun er ráðlögð af dýralækni. Í málskoti kemur fram að hestar sem veikist af hestasótt séu ekki tafarlaust aflífaðir heldur sé, eins og í tilviki X, alltaf gerð tilraun til meðhöndlunar. Það sé þá afstaða M að X hafi dáið vegna sjúkdóms. Í fyrirliggjandi tjónstilkynningu M til V er að finna nánari lýsingu á meðferð X, en þar kemur fram að hann hafi veikst 19. júní 2024. Hafi hann þá þegar verið meðhöndlaður með verkjalyfjum, slakandi lyfjum og parafínolíu til að koma hreyfingu á sandstíflu í meltingarfærum. Meðhöndlun hafi verið endurtekin 20. júní en þar sem hún skilaði ekki tilætluðum árangri var ákveðið að framkvæmd yrði aðgerð á X. Fyrirliggjandi er þá vottorð dýralæknis, dags. 4. júlí 2024. Þar kemur fram að komið hafi verið með X á neyðarvakt dýraspítala að kvöldi 20. júní 2024. Hafi hann verið mjög verkjaður og slappur og grunur leikið á að um garnastíflu í smáþörmum væri að ræða. Hafi blóðrannsókn leitt í ljós hækkuð nýrna- og lifrargildi og dýrið verið mjög veikt. Grunur um sandstíflu hafi þá verið staðfestur í aðgerðinni og hafi garna aðgerð (enterotomia) verið framkvæmd. X hafi dáið í aðgerðinni.

Í bréfi V er vísað til fyrrgreinds skilmálaákvæðis, þ.e. að takmörkuð líftrygging taki til þess ef hestur deyr af völdum sjúkdóms eða slyss eða ef tafarlaus aflífun er ráðlögð af dýralækni þar sem meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið. Hvorugt eigi við í tilviki X. Dauði í aðgerð sé ekki hluti af bótasviði váttryggingarinnar og því greiðist ekki bætur vegna X.

Í viðbótarathugasemdum sem settar eru fram af hálfu M kemur fram að það sé bagalegt sé afstaða V sú að ekki eigi að reyna að bjarga lífi dýra. Dýralæknirinn sem framkvæmdi aðgerðina hafi talið möguleika á að bjarga X og hafi aðgerð gengið vel en í lok aðgerðar hafi X hætt að anda.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr samkvæmt framansögðu af því hvort atvik að baki dauða X falli undir bótasvið líftryggingarliðar hestatryggingar, þ.e. hvort X hafi dáið af völdum sjúkdóms. Fyrir liggur að X var með sandstíflu (e. sand colic) en eftir því sem næst verður komist er sandstífla algeng meðal hesta og ein algengasta dánarorsök yngri hesta. Er um alvarlegan sjúkdóm að ræða sem leitt getur til dauða á skömmum tíma.

Fyrir liggur að vægari meðferðarúrræði skiluðu ekki árangri og var því ákveðið að framkvæma aðgerð á X. Samkvæmt fyrirliggjandi vottorði dýralæknis var X mjög sjúkur þegar hann var fluttur til aðgerðar, verkjaður og nýrna- og lifrargildi hækkuð. Verður því að telja ljóst að dýrið hafi verið nokkuð langt leitt af umræddum sjúkdómi. Þá liggur ekkert fyrir um að aðgerðin sem slík hafi ekki gengið samkvæmt áætlun eða að eitthvað hafi farið úrskeiðis við hana.

Er það því mat nefndarinnar að dauði X hafi verið af völdum sjúkdóms, og verður ákvæði skilmálanna ekki túlkað svo að dauði vegna sjúkdóms geti ekki átt sér stað meðan á meðhöndlun, þ.m.t. aðgerð, stendur. Fellur dauði X því innan bótasviðs skilmála takmarkaðrar líftryggingar reiðhestatryggingar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr líftryggingarlið hestatryggingar hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 266/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Fasteignatrygging

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið dags. 17. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
17. Bréf V, dags. 12. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
18. Bréf M, dags. 21. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M1 og M2 hafi tilkynnt grun um rakavandamál 12. febrúar 2024 og í kjölfarið hafi komið matsmaður frá V sem sendi pípara til að skoða málið. Píparinn hafi talið rakann stafa af utanaðkomandi vatni vegna staðsetningu drenlagna, þ.e. jarðvatns. Síðar hafi komið í ljós að lekinn hafi verið frá frárennislögn á baðherbergi. M telur V hafa framkvæmt ófullnægjandi skoðun og út frá því hafi þau grafið allt í kringum húsið til að dreina og síðan hafi allt verið rífið að innan til að losna við raka í útveggjum og gólfi sem drenlekinn hafi valdið en þá hafi nánast engin ummerki verið um raka út frá dreni. Þannig hafi þau farið í framkvæmdir á hlutum sem voru ekki í lagi. Lekinn á frárennislörinu sé vissulega óvæntur, skyndilegur og ófyrirsjáanlegur. Þá hafi V valdið þeim óþarfa fjárhagslegu tjóni með rangri niðurstöðu í skoðunum.

Í síðara bréfi M kemur fram að þau hafi farið í dren framkvæmdir til að fyrirbyggja vandamál þar sem þau hafi þá ekki verið orðið vör við nein vandamál. Þá kemur fram að það taki tíma að vita af leka hvort sem um sé að ræða neysluvatnslagnir, ofanlagnir eða frárennislagnir. Ef tilkynnt sé um leka um leið og hann komi í ljós geti það varla talist langvarandi leki. Enn fremur kemur fram að þau hafi rífið upp allt heimilið til að finna leka á lögn sem var ekki skoðuð. Ef V hefði framkvæmt fullnægjandi skoðun hefði mátt koma í veg fyrir frekari skemmdir vegna leka og ekki hefði þurft að rífa eins mikið úr íbúðinni.

Í bréfi V kemur fram að M2 sé ekki eigandi fasteignarinnar og geti þar af leiðandi ekki verið váttryggð í skilningi váttryggingarskilmálans né heldur geti hún verið aðili þessa máls. Fram kemur að skoðun pípulagningameistara hafi leitt í ljós að orsök rakans væri sennilegast sú að drenlögn sem hafi verið endurnýjuð árið áður væri staðsett of ofarlega og að rakann í loftinu á baðherberginu mætti rekja til ófullnægjandi frágangs við niðurfall á efri hæð. Þar sem fram komi í 1. gr. skilmála váttryggingarinnar að váttryggingin bæti tjón af skemmdum á váttryggðri húseign sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar hafi V sent tvö höfnunarbréf. Annars vegna vegna tjóns þar sem rakann í gólfi og veggjum var að rekja til staðsetningar drenlagnar og því ekki um leka að ræða sem á upptök sín innan veggja hússins og hins vegnar vegna tjóns þar sem rakinn í loftinu á baðherberginu var rakinn til ófullnægjandi frágangs við niðurfall á efri hæð og því ekki um að ræða leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hússins. M hafi óskað eftir því í júní að orsök tjónsins yrði betur skoðuð og þá hafi verið búið að fjarlægja sturtuklefa og flísar á gólfi. Eðli málsins samkvæmt hafi því verið ómögulegt að skoða hvort leki tengdist sturtunni sem hafði verið þar. Ekki hafi verið unnt að sjá leka frá ofna- og neysluvatnslögnum með hita- og rakamælingum. Fyrir liggir að drenlagnir hafi verið settar árið 2023 og að viðvarandi rakamál frá því ári hafi ekki lagast við drenlagnirnar. Ekki hafi verið sýnt fram á að leki frá frárennislögnum sé orsök eða meðorsök raka í gólfi og veggjum en yfirgnæfandi líkur eru til þess að rakann megi rekja til viðvarandi rakavandamála og rangrar staðsetningar drenlagna, sbr. tölvupóst M frá 28. febrúar 2024. Þá telur V að ástand lagnanna bendi til þess að þær hafi lekið í langan tíma, jafnvel um árabil og verði því alltaf að líta á slíkan leka sem langvarandi leka í skilningi váttryggingarskilmálans sem sérstaklega er undanskilinn skv. skýru ákvæði c-liðar 2. gr. hans. V tekur fram að þótt það hafi aðstoðað M við að greina orsök tjónsins geti það þó ekki ráðist í umfangsmiklar rannsóknir á dren- og skólplögnum og það sé á ábyrgð M að mynda lagnir líkt og honum hafi verið bent á í tölvupósti dags. 28. febrúar 2024.

Álit.

Í bréfi V kemur fram að málskotsaðilar séu tveir en einungis annar sé eigandi fasteignarinnar. Þegar af þeirri ástæðu verður eigandi fasteignarinnar, M1, talinn málskotsaðili í þessu máli.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort tjón á húseign M falli undir 1. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar M hjá V. Samkvæmt a-lið 1. gr. vátryggingarskilmálans greiðir vátryggingin bætur vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar. Samkvæmt almennum sönnunarreglum vátryggingaréttar, ber þeim sem gerir kröfu um bætur úr vátryggingu að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Meðal gagna málsins eru ljósmyndir af fasteign M og aðkomuskýrsla pípulagningameistara sem mætti á staðinn á vegum V. Í aðkomuskýrslunni kemur fram að engan leka hafi verið að sjá á lagnakerfi í stofu og gangi út frá hita og rakamælingum í febrúar 2024 og sama niðurstaða hafi verið í júní 2024. Einnig kemur fram að í framhaldinu hafi verið ákveðið að mynda frárennslid og þá hafi komið í ljós að upprunalegar frárennislagnir úr steini hafi verið farnar að leka og frárennslid hafi verið dæmt ónýtt. M hefur ekki lagt fram skýrslur eða matsgerðir sem sýna fram á það að tjón á fasteigninni megi rekja til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr lögnum hússins. Með vísan til þess verður þannig talið að M verði að bera hallan af sönnunarskortu í málinu og á hann því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 267/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Umfang tjóns.

Gögn.

307. Málskot mótttekið 17. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
308. Bréf V dags. 14. ágúst 2024.
309. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
310. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að ekki sé ágreiningur um að hinn 17. mars 2023 hafi orðið tjón á hópferðabifreiðinni B sem er í eigu M, þegar steypuslettur sem stöfuðu frá A lentu á henni og að leiða megi tjónið til notkunar á A. Hins vegar sé ágreiningur um umfang tjónsins.

Í málskoti kemur fram að reynt hafi verið að hreinsa B en sú hreinsun hafi aðeins tekist að litlu leyti. Þurfi að mála stóran hluta á hægri hlið B í tveimur litum auk þess sem skipta þurfi um merkingar á þeirri hlið. Samkvæmt mati óháðra aðila nemi kostnaður þess 830.300 kr. að meðtöldum vsk. en V hafi boðið bætur að fjárhæð 250.000 kr. sem sé ófullnægjandi. Að mati V hafi ástand B fyrir viðgerðina ekki verið slíkt að þörf væri á a gera við, mála eða endurmerkja B en engin ákoma eftir eldra tjón hafi verið á þessum flötum. Er þá áréttað að ekki sé gerð krafa um greiðslu kostnaðar vegna málunum á allri hægri hlið B heldur aðeins á þeim flötum sem steypa slettist á og viðgerðaraðili telur að þurfi að mála. Fallist nefndin ekki á að úrskurða um bætur samkvæmt fyrirbyggjandi mati er farið fram á lægri bætur að álitum, enda ótækt að tjónvaldur beri aðeins lítinn hluta þess kostnaðar sem af tjóninu hlaut.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að á tjónsdegi hafi skráningarnúmer B legið inni frá 1. júní 2022 og séu það enn, og hafi bifreiðin því ekki verið í notkun. B hafi síðast verið skoðað 27. maí 2020 og þá verið ekið 177.497 km. Í kostnaðarmati fyrirtækisins X vegna málunar komi fram að ekki sé tekið tillit til ástands lakksins fyrir tjónið. Fyrir liggja þá yfirlýsing X um að lakk þeirra flata sem um ræðir hafi verið í slæmu ásigkomulagi, tæring hafi verið til staðar, ryð og rispúr. Boð V um bætur að fjárhæð 250.000 kr. taki þá jafnframt mið af því að starfsemi M sé virðisaukaskattskyld. Tjónþoli eigi aðeins að fá raunverulegt fjártjón sitt bætt og ekki hagnast á váttryggingaratburði. Sönnunarbyrði fyrir tjóni og raunverulegu umfangi þess hvíli þá á M. Fyrirbyggjandi kostnaðarmat sýni fram á kostnað fullnaðarviðgerðar en ekkert liggja fyrir um raunverulegan kostnað þess að koma B í sama ástand og hún væri í hefði ekki komið til tjóns.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að B sé sérútbúin fyrir flutning hjólastóla og sé því oft minna notuð en aðrar bifreiðar í eigu M. Númer hópferðabifreiða séu þá oft lögð inn tímabundið með hliðsjón af verkefnastöðu og eigi það ekki að hafa áhrif á úrlausn málsins. Ljóst sé að eini möguleikinn til að bæta tjónið sé að mála og endurmerkja umrædda fleti. Telji V að horfa beri til ástands á lakkinu áður en tjón varð liggja sönnunarbyrði um frádrátt vegna þess hjá V en ekki M. Þrátt fyrir það hafi M aflað kostnaðarmats um mössun á þeim flötum sem um ræðir, en áréttað er að engar ákomur séu á þeim, og hljóði það upp á 42.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Í viðbótarathugasemdum V kemur m.a. fram að sönnunarbyrðin um umfang tjóns hvíli alfarið á M og hafi M ekki sýnt fram á raunverulegt fjártjón sitt. Þá lagfæri mössun ekki tæringu og ryð og aðeins rispúr í glæru, en ekki lakki, bifreiðar.

Álit.

Óumdeilt er meðal aðila að tjón hafi orðið á B og að það verði rakið til notkunar á A. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns og samkvæmt reglum skaðabótaréttar á tjónþoli að vera eins settur og ef tjón hefði ekki komið til. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A sem nema þeirri fjárhæð að koma B í sama ástand og hún var í fyrir tjónið.

Fyrirliggjandi er kostnaðarmat X við málum þeirra flata á hægri hlið B sem um ræðir svo og vegna endurmerkingar á hægri hlið hennar. Hjóðar kostnaðarmat X upp á 575.000 kr. auk vsk. vegna málunar og kostnaður við lagfæringu merkingar er metinn 95.000 kr. auk vsk. Í fyrirliggjandi tölvupósti X til V segir að lakk á umræddum flötum hafi ekki verið gott fyrir tjón „tæring, ryð og rispur“ hafi verið til staðar á þeim stöðum sem um ræðir. Í ljósi þessa hvílir það á M að sýna fram á kostnað þess að koma A í sambærilegt ástand og fyrir tjón en framangreind lýsing bendir til þess að með málun flatanna yrði ástand hennar betra en ef tjón hefði ekki komið til. Engin frekari gögn eða matsgerðir er þetta varðar liggja þó fyrir nefndinni.

Fyrir liggur að V hefur boðið M 250.000 kr. í bætur vegna tjónsins. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á að umfang tjóns M sé meira en því nemur og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A en þegar hafa verið boðnar fram af hálfu V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 268/2024.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

- Málskot móttakið 17. júlí 2024, fylgiskjöl móttakin 23. ágúst 2024.
- Bréf V dags. 2. september 2024 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi lengi verið með opið sár á fæti og að gróandi þess hafi verið lítill þar sem hún þjáist af MS. Hún hafi farið til Spánar 29. desember 2023 og hafi þá sárið verið í góðu standi og M haft meðferðis leiðbeiningar til þarlanda heilbrigðisstarfsmanna varðandi það hvernig ætti að meðhöndla sárið, en skipt hafi verið um umbúðir á því vikulega. Rétt áður en heimferð M frá Spáni var fyrirhuguð hafi hún fengið tvær eða fleiri sýkingar, líklega hafi ein þeirra verið í sárinu en óljóst sé með uppruna hinna. Ljóst sé að engar sýkingar hafi verið til staðar er M hélt utan og hafi hún verið heilsuhraust meðan á dvölinni stóð, þar til umræddar sýkingar komu upp og hún þurfti að leggjast inn á sjúkrahús vegna þeirra. Fyrirhuguð heimferð M frá Spáni hafi verið 29. mars 2024, en þar sem henni hafi verið tjáð að hún þyrfti að vera á sjúkrahúsi fram yfir þann tíma hafi hún seinkað heimferð sinni til 12. apríl 2024. Síðar hafi komið í ljós að hún kæmist heim 29. mars en þá hafi hún þurft að kaupa nýja flugmiða fyrir sig og eiginmann sinn. Hafi hún því orðið fyrir tjóni og sé fráleitt af V að hafna bótaskyldu á grundvelli þess að M hafi haft umræddan sjúkdóm er hún fór í ferðina.

Í bréfi V kemur fram að vegna sýkingar í sári á vinstri fæti hafi M orðið að leggjast inn á sjúkrahús á Spáni hinn 20. mars 2024. Vegna aukins kostnaðar við heimflug sem af þessu hafi leitt geri M kröfu um að fá bætur úr greiðslukortatryggingu sinni. Við yfirferð sjúkragagna hafi komið í ljós að M hafi lengi haft sár á vinstra fæti sem hafi ekki gróid vegna MS sjúkdómsins. Meðferð vegna þess hafi staðið yfir í tvö ár fyrir kaup M á umræddri utanlandsferð. Ástæða innlagnar hennar á sjúkrahús hafi verið sýking í þessu sári. Vísar V þá til skilmála váttryggingarinnar en þar komi fram að félagið greiði ekki bætur vegna sjúkrakostnaðar, þ.á.m. heimferðarkostnað sem kemur til vegna veikinda, sé um að ræða kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma sem váttryggður hefur þjáðst af og notið læknishjálpar og/eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Þar sem M hafi verið til meðferðar vegna sama sárs og sýking varð í í tvö ár fyrir kaup ferðarinnar sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Álit.

Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir nefndinni um þá meðferð sem M hlaut á Spáni, eða um ástæður innlagnar hennar á sjúkrahús þar. Í málskoti segir að M hafi fengið sýkingar og að líklega hafi önnur þeirra verið í sári á fæti hennar. Í hjúkrunarbréfi dags. 28. desember 2023 kemur fram að M hafi verið með umrætt sár í um tvö ár og að skipt hafi verið um umbúðir vikulega, margs konar sár meðferð hafi verið reynd en engin skilað árangri.

Án læknisfræðilegra gagna sem sýni fram á annað verður að draga þá ályktun af framangreindu að sjúkrahúsvist M megi rekja til sárs sem hún var með á vinstri fótlegg og var til meðferðar vegna í um tvö ár áður en hún hélt í umrædda ferð. Sé því um að ræða veikindi sem M þjáðist af og naut meðferðar vegna á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds en tjón vegna slíkra veikinda eru undanþegin bótaskyldu samkvæmt skilmála váttryggingarinnar. Skiptir ekki máli í því samhengi þó engin sýking hafi verið fyrir hendi er M hélt utan, enda virðast skýr tengsl milli sársins og veikinda M erlendis. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 269/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

- Málskot mótttekið 19. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V1, dags. 4. september 2024, ásamt fylgigögnum.
- Tölvupóstur V2, dags. 4. nóvember 2024.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. nóvember 2024.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Larsenstræti á Selfossi hinn 18. maí 2024, milli bifreiðarinnar A sem er váttryggð hjá V1 og bifreiðarinnar B sem er váttryggð hjá V2. Lögregla kom á vettvang og gerði skýrslu. Í framburði ökumanns A kemur fram að hún hafi verið að aka til suðurs frá bifreiðastæðinu að Larsenstræti milli húsa númer 3 og 5. Hafði hún heyrt smá högg en ekki áttað sig hvað hefði gerst. Kvaðst hún ekki hafa ekið hraðar en 15 km/klst. Ökumaður B sagðist hafa ekið frá bifreiðastæðinu og sagðist hafa heyrt „dink“ og stöðvað bifreið sína. Sagðist hann ekki hafa séð bifreiðina A og ekki litið nógu vel í kringum sig. Aðspurður um ökuhraða kvaðst hann hafa ekið mjög hægt. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. M, sem var ökumaður A, er ósátt við þá niðurstöðu og vísar til þess að ökumaður B hafi staðfest að hann hafa ekið á sig. Ekið hafi verið aftan á bifreið hennar og hún hafi verið komin lengra en hægri réttur á bifreiðastæðinu gat krafist.

V1 telur að árekstur bifreiðanna verði ekki rakinn til háttsemi M. Þvert á móti verði að telja að aðgæsluleysi ökumanns B hafi leitt til þess að árekstur varð með bifreiðunum.

V2 vísar til þess að M hafi ekki virt 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sem kveður á um forgang umferðar sem er ökumanni á hægri hönd þegar leiðir ökumanna skerast á opnum svæðum. Hafi M því borið að veita ökumanni B forgang og beri alla sök á árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum sínum lýsir M yfir óánægju sinni með að lögregla hafi ekki tekið neina yfirlitsmynd af vettvangi. Hafi hún ekki getað veitt B forgang þar sem hún var búin að aka framhjá og var kyrrstæð fyrir aftan óþekkta bifreið við hlið bifreiðastæðis sér á hægri hönd.

Álit.

Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Af gögnum málsins og þá sérstaklega ákomum á bifreiðum, sem eru aftan á hægri horna A og hægri framhorni B, auk framburðar ökumanns B, verður ekki ráðið að árekstur megi rekja til þess að M hafi ekki virt forgangsreglu 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Ber ökumaður B því alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt að umferð fyrir framan sig í aðdraganda áreksturs.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 270/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

313. Málskot mótttekið 22. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
314. Bréf V, dags. 11. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi átt í viðskiptum við erlenda ferðapjónustu vegna fyrirhugaðrar ferðar til Barcelona. Greiðsla fyrir ferðina átti fara fram í tveimur hlutum og greiða átti 1800 evrur í hvort skipti. Í boði var að nota kreditkort eða erlenda millifærslu. M kaus að nota kort og greiddi fyrri greiðsluna sem nam kr. 274.981 til fyrirtækisins þann 29. maí 2024. Þann 4. júní 2024 barst M svo tölvupóstur sem hann taldi vera frá fulltrúa erlendu ferðapjónustunnar þar sem fram kom að kortagreiðslan hefði verið ógild og spurt hvort M gæti millifært á banka með IBAN. M tók þessu trúanlega og millifærði með aðstoð síns viðskiptabanka kr. 270.540 sem svarar til 1800 evra, inn á bankareikning á Spáni. Um mánaðamótin júní/júlí tók M eftir að hann hefði tvígreitt, kortagreiðslan hefði einnig farið í gegn og í ljós kom að um var að ræða netsvik þar sem óprúttir aðilar höfðu komist inn í tölvupóstsamskipti M við fulltrúa erlendu ferðapjónustunnar og síðan komið fram gagnvart M sem seljandi ferðarinnar. M hefur vegna þessa rætt við lögreglu og einnig hefur erlendi ferðaaðilinn gert hið sama. Hefur M gert kröfu um bætur úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna fjármuna sem hann glataði í þessum netsvikum, annars vegar á grundvelli þess að um innbrotspjófnað hafi verið að ræða og svo hins vegar greiðslukortatjóns. V hefur hafnað bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M þar sem tjónið fellur ekki undir gildissvið tryggingarinnar.

M telur of þrönga túlkun vera á þjófnaðarhugtaki tryggingarskilmála. Sá sem kaupir sér innbrotstryggingu geri það í þeirri trú að hún gildi hvers kyns innbrotum, einnig netinnbrotum. Þá var ferðin keypt með korti en með svikum og innbroti er það greiðsluferli rofið og sagt að kortagreiðslan hafi reynst ógild og þess vegna sé nauðsynlegt að millifæra á uppgefin reikning sem reyndist stofnaður í sviksamlegum tilgangi. Eigandi kortsins situr uppi með tapið. Ákvæði í skilmálum tryggingarinnar varðandi greiðslukort séu ekki í takti við tímann, frekar en skilgreiningin á innbroti og þjófnaði.

V hefur líkt og fyrir segir hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að fjársvik líkt og M lýsir í málskoti sínu fellur ekki undir gildissvið fjölskyldutryggingarinnar. Í 6. kafla skilmálans er fjallað um greiðslukortatryggingu. Orðalag ákvæðisins er skýrt um skilyrði bótaskyldu og hafnar V að tjóni M verði jafnað við þau tjónsatvik sem falla undir trygginguna. Þá virðist M vera að gera kröfu um að skilgreining á innbroti verði útvíkkað svo það nái einnig yfir netinnbrot. Að mati V er orðalag ákvæðisins D-liðar 3. gr. skilmálans sem fjallar um innbrotspjófnað, skýrt og auðskiljanlegt skv. orðanna hljóðan. Hafnar V því að það atvik sem hér er til umfjöllunar geti verið fellt undir þennan bótalið. Þá vísar V til þess að samkvæmt 26. gr. almennra skilmála bætir V ekki hvers kyns tjón sem beint eða óbeint hlýst af netglæpum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni vegna fjármuna sem hann glataði vegna netsvika í tengslum við ferð sem hann keypti í gegnum erlenda ferðapjónustu. Vísar M til þess að annars vegar hafi verið um innbrotspjófnað að ræða og svo hins vegar greiðslukortatjón. Sönnunarbyrði hvílir á M um að tjón falli undir gildissvið váttryggingarinnar skv. almennum sönnunareglum. Í 1. kafla innbústryggingar í váttryggingarskilmálum V er í D-lið 3. gr. fjallað um innbrotspjófnað. Þar kemur fram að váttryggingin taki til þjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús eða hjólhýsi. Innbrot í tölvupóstsamskipti fellur skv. orðanna hljóðan ekki hér undir. Í 6. kafla skilmálans er fjallað um greiðslukortatryggingu og er í gildissvið þeirrar tryggingar afmarkað við greiðslukort sem tapast eða óviðkomandi aðili notaði það með sviksamlegum hætti. Hér er um hvorugt tilvikið að ræða enda tengist tjón M ekki notkun óviðkomandi aðila á kreditkorti M. Fyrrgreind ákvæði váttryggingarskilmálans eru skýr auk þess sem

netglæpir eru sérstaklega undanskildir skv. 26. gr. almennra skilmála V. Með vísan til framangreinds er bótaskylda vegna netsvika er M varð fyrir ekki til staðar úr fjölskylduþryggingu M hjá V. Rétt er að geta þess, vegna athugasemda M í málskoti, að í samræmi við almennar reglur samningaréttar um samningsfrelsi er váttryggingafélögum almennt frjálst að ákveða efni váttryggingarsamnings og þar af leiðandi gildissvið váttryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskylduþryggingu sinn hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 271/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar. Slysahugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

315. Málskot mótttekið 22. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
316. Bréf V dags. 12. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi hinn 31. mars 2024, rifbeinsbrotnað við það að framkvæma fótapressu í líkamsrækt. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V. Með bréfi dags. 11. júlí 2024, hafnaði V bótaskyldu á þeim grundvelli að enginn skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi orsakað meiðsli M. M mótmælir þeirri afstöðu í fyrsta lagi á þeim grundvelli að æfing sú sem hann var að framkvæma hafi falið í sér snöggar og kraftmiklar hreyfingar. Meiðslin hafi verið bein afleiðing æfingarinnar og uppfylli því skilyrði þess að vera óvænt og skyndilegt. Í öðru lagi styðji læknisfræðileg gögn að rifbeinsbrotið sé vegna skyndilegs átaks. Í þriðja lagi þá geri skilmálaákvæðið ekki kröfu um tafarlaus og augljós meiðsli.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í færslu í sjúkraskrá, dags. 5. apríl 2024, sem er fyrsta koma M til læknis, sé haft eftir M að hann hafi verið að gera fótapressu og ekki fundið fyrir því að eitthvað hefði gerst en eftir það verið með viðvarandi verk í síðu. Telur V að enginn utanaðkomandi atburður hafi getað leitt til meiðslanna, enda sé það sérstaklega útskýrt, að ekkert hafi gerst þegar M var að taka lyftuna. Afstaða V sé því sú að atvikið fullnægi ekki skilyrðum slysahugtaksins.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort líkamstjón M, sem varð þann 31. mars 2024, megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar eða innri orsaka. Samkvæmt váttryggingarskilmálum er hugtakið „slys“ skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Í dómaframkvæmd hefur verið miðað við að ekki sé um utanaðkomandi atburð að ræða ef sýnt er að rekja megi líkamstjón og aðdraganda þess til innri sjúkdóms eða veikleika í líkama M. Í ljósi fyrirbyggjandi gagna og lýsinga á atvikum verður talið að rifbeinsbrot M hafi átt sér stað í tengslum við fótapressuæfingu í líkamsrækt. Slík æfing felur í sér endurtekið álag á líkama og er því um álagsmeiðsli að ræða sem rakin verða til innri líkamlegra þátta og ekki til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar. Með hliðsjón af öllum gögnum hefur M ekki tekist að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi í skilningi skilmálaákvæðis V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 272/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega

Nafn váttryggingartaka (X)

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. júlí 2024, ásamt fylgiskjólum.
2. Bréf V dags. 1. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni er hann rann í hálfu á leið sinni til vinnu þann 20. nóvember 2020. Á slysdegi var vinnuveitandi M, sveitarfélagið X, með í gildi launþegatryggingu hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu vegna tjónsins á grundvelli þess að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar M tilkynnti tjónið til V þann 8. janúar 2024. M rekur í málskoti komur sínar til lækna og sjúkrahafnana vegna áverka sinna. Ekki hafi mikið verið gert úr áverka M af hálfu læknis þegar hann leitaði til hans þann 18. desember 2020 til þess að fara yfir niðurstöður úr segulóm skoðun. Ráðlagði læknir honum að gera léttar æfingar og fara í sjúkraþjálfun til að ná bata. Síðar reyndist það fullreynt án árangurs og telur M að hann hafi ekki vitað, eða mátt vita um varanlegar afleiðingar slyssins fyrir en öll úrræði hafi verið fullreynd og af þeim sökum eigi bótaskylda við í máli hans. Ekki hafi verið ætlun löggjafans með ákvæði 124. gr. laga nr. 30/2004 að setja stranga reglu um tilkynningarfrest, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 813/2019. M hafi verið í góðri trú um að hann myndi ná skjótum bata með æfingum og sjúkraþjálfun samkvæmt ráðleggingu læknis en hafi síðar verið það ljóst að bati hafi reynst árangurslaus þegar öxlin fór úr lið með reglulegu millibili með tilheyrandi óþægindum sem og röskun á svefni. Hafi hann gert allt sem hafi verið á sínu valdi til að reyna að takmarka tjónið en án árangurs.

Í bréfi V er vísað til þess að M leitaði ekki til lækna frá því hann fór í segulómun á öxl og svo í viðtal hjá axlarsérfræðingi í lok árs 2020 þar til í september 2022. Tilkynning til V hafi verið send 8. janúar 2024. Telur V að M hafi mátt vera ljóst að hann hafi hlotið varanlegar afleiðingar af slysinu í desember 2020 er hann fór í viðtal hjá sérfræðilækni. Fékk hann á þeim tímamarki fullnægjandi upplýsingar um einkenni sín og umfang þeirra. Í fyrirbyggjandi sjúkraskrá liggja fyrir að M leitaði nokkrum sinnum til lækna á árinu 2021 án þess að afleiðingar slyssins 2020 bæri á góma. Verði því ekki hægt að draga aðra ályktun en að einkenni hans hafi verið orðin stöðug á því tímamarki. Þá liggja einnig fyrir að sjúkraþjálfunarmeðferð lauk í september 2022 og verði að miða við að þá hafi M talið að frekari meðferð sjúkraþjálfara myndi ekki skila frekari árangri. Hafi M verið ljóst í síðasta lagi í september 2022 að einkenni hans væru varanleg. Upphaf tilkynningarfrests ætti því að mati V aldrei að miðast við seinna tímamark en september 2022. Var tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga nr. 30/2004 því liðinn þegar slysið var tilkynnt til V.

Álit.

Aðila greinir á um við hvaða tímamark ætti að miða upphaf frests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 og hvort M hafi glatað rétti til bóta úr slysáttryggingu launþega, sem vinnuveitandi hans, X, var með hjá V, þar sem tilkynning um slysið hafi ekki borist V innan tilskilins frests. Samkvæmt ákvæðinu, glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf frests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð, eða við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 10/2015. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ráðið að M hefur búið við einkenni frá öxlinni allt frá slysdegi. Leitaði hann strax til læknis á heilbrigðisstofnun Vesturlands og svo aftur viku síðar. Fór hann í segulómun af vinstri öxl í

Orkuhúsinu þann 11. desember 2020 og í kjölfarið í viðtal til bæklunarskurðlæknis þann 18. desember 2020 sem lét hann hafa sjúkraþjálfunardeiðni og ráðlagðar voru æfingar. Samkvæmt yfirliti yfir komur M til sjúkraþjálfara var hann í sjúkraþjálfun frá 1. desember 2020 til 28. september 2022. Verður ekki ráðið hversu lengi hann var í meðferð vegna axlarinnar þar sem hann var einnig í meðferð vegna bakverkja. Með hliðsjón af framangreindu er það álit nefndarinnar að M hafi í allra síðasta lagi í lok sjúkraþjálfunartímabilsins, þ.e. þegar honum var ljóst að bati myndi ekki nást í meðferðinni, vitað eða mátt vita, um atvik sem krafa hans er reist á. Verður því að miða við að umræddur tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt og ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 274/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) (B) og (C)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

317. Málskot mótttekið 22. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
318. Athugasemdir V, dags 28. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
319. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 5. desember 2024.
320. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 6. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 2. júní 2022 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem við það kastaðist á bifreiðina C sem M ók. Bæði B og C stóðu kyrrstæðar á rauðu ljósi á Miklubraut skammt frá Kringlunni þegar óhappið átti sér stað. Ekki virðist ágreiningur um að A hafi átt sök á árekstrinum. Í málskotinu er á því byggt að við áreksturinn hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Nánar tiltekið hafi hann orðið fyrir tognun og ofáreynslu á hálsþrygg, brjóstþrygg og hægra hné ásamt áverka á utanvert hægra hné. Því til staðfestingar liggi fyrir í málinu læknisvottorð, dags. 5. desember 2022 og 26. júní 2023, auk matsgerðar eins læknis, dags. 1. nóvember 2024. Bendir M m.a. á í bréfi dags. 5. desember 2024 að í því mati hafi lækurinn komist að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl séu á milli umferðarslyssins 2. júní 2022 og þeirra líkamlegu einkenna sem matsbeiðandi býr við í dag og hann tengir slysinu. Nánar tiltekið segir eftirfarandi um þessi einkenni í matsgerðinni: „Þau einkenni sem tjónþoli býr við í dag og hann rekur til slyssins 01.06.2022 eru verkir í hálsi með leiðni niður í herðar sem versna við álag einkum þegar líður á vinnudaginn. Ekki er um að ræða sértæk einkenni, heldur algeng hjá fólki sem stundar erfiðisvinnu af því tagi sem tjónþoli stundar. Þau eru á hinn bóginn mjög áþekkt þeim einkennum sem tjónþoli kvartaði um við skoðun læknis tveimur dögum eftir slysið og engin fyrri saga var um slík einkenni. Í ljósi ofan talins telur undirritaður líklegra en ekki að núverandi einkenni [M] hvað háls varðar séu afleiðingar umferðarslyssins 01.06.2022.“

Bifreiðin A var ábyrgðartryggð hjá V. Félagið telur ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðaróhappinu. Byggir V þá niðurstöðu sína á því að um hafi verið að ræða lágorku árekstur og það komi fram í fyrirliggjandi PC Crash skýrslu að sá þyngdarkraftur sem virkaði á bifreiðina C hafi verið með minnsta móti og því ekki nægjanlegur til þess valda líkamstjóni því sem byggt er á að M hafi orðið fyrir. **Álit.**

Aðila greinir á um hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni 2. júní 2022, en samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði þess að svo hafi verið. Þó svokölluð PC Crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti áreksturs verður ekki talið að það eitt og sér útiloki að líkamstjón hafi orðið enda verður við mat á því að líta heildstætt til allra gagna málsins, einkum læknisfræðilegra.

Fyrirliggjandi er læknisvottorð, dags. 5. desember 2022, þar sem fram kemur að M hafi leitað læknis á læknavaktinni 3. júní 2022, eða einum degi eftir áreksturinn. Var M þá greindur með tognun og ofreynslu í hálsþrygg, brjóstþrygg og hægra hné auk áverka á utanvert hægra hné. Þá er fyrirliggjandi vottorð heilsugæslulæknis, dags. 26. júní 2023, þar sem fram kemur að M hafi leitað á heilsugæslu 23. janúar 2023. Í því vottorði er haft eftir M að hann hafi verið með verki í hálsi og herðum frá slysdegi. Skoðun heimilislæknis sýndi ekki eymsli yfir hálsþryggjarliðum, Paravertebral eymsli háls/herða svæði en fulla hreyfigetu í hálsi. Taldi lækurinn að um væri að ræða tognun og ofreynslu á hálsþrygg. Einnig kemur fram í vottorðinu að ítarleg yfirferð á rafrænni sjúkraskrá við heilsugæsluna, sem nær aftur til ársins 2000, hafi ekki sýnt fram á neina sjúkdóma eða slys sem gætu haft áhrif á einkenni M. Þá liggur eins og áður hefur komið fram fyrir matsgerð læknis, dags. 1. nóvember 2024, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að það sé líklegra en ekki að núverandi einkenni M hvað háls varðar séu afleiðingar umferðarslyssins.

Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það mat nefndarinnar að sýnt hafi verið fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn þó ekki liggi fyrir hvert umfang þess sé, þar með talið hvort um sé að ræða varanlegt tjón. Það er enda á valdi hæfra og óvilhallra matsmanna að meta frekar orsakatengsl umrædds áreksturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Telst M samkvæmt öllu framansögðu eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem sýnt verður fram á tjón með slíkri matsgerð. Í framangreindri niðurstöðu felst jafnframt að M telst eiga rétt til greiðslu þess sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem hlýst af öflun matsgerðar á öllum afleiðingum líkamstjónsins, þar með talið matsgerð dags. 1. nóvember 2024 sem lögð hefur verið fram að hálfu M.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 276/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

- Málskot mótttekið 23. júlí 2024.
- Bréf V dags. 26. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M dags. 2. september 2024.
- Viðbótarsvör V til nefndarinnar dags. 19. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að X hafi sinnt framkvæmdum á þaki húseignar M. Búið hafi verið að leggja og festa þakpappa þegar óvænt gerði norðan hvassviðri með mikilli úrkomu hinn 20. september 2023. Spáð hafi verið norðanátt með mikilli úrkomu en veður hafi verið til muna verra en spáð var. Starfsmenn X hafi fest pappann niður með aukafjöllum en vegna veðurofsans hafi það ekki dugað til. Hafi pappinn rifnað á a.m.k. tveimur stöðum og það leitt til talsverðs vatnsleka. Hafi starfsmenn X sannfært M um að ábyrgðartrygging X tæki til tjónsins. V hafi hins vegar tjáð starfsmönnum X að tjónið félli undir Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ). Hafi starfsmenn X staðið í þeirri trú að fulltrúi V mundi koma málinu í réttan farveg þar. Þrátt fyrir tíð samskipti M við X hafi engar frekari fréttir borist, en hinn 2. júlí 2024 hafi M sjálfur hringt í NTÍ. Þá hafi hann fengið þær upplýsingar að málið hefði aldrei verið sent þangað auk þess sem NTÍ tryggi ekki tjón af völdum ofsaveðurs, rigningar eða foks. Hefði fulltrúa V átt að vera fullljóst um það. Hinn 18. júlí 2024 hafi M svo fengið tölvupóst frá V þar sem fram kom að bótaábyrgð væri hafnað. Það hafi tekið meira en níu mánuði að fá þau svör og á þeim tíma hafi tjónið ágerst en ráðleggingar váttryggingafélaga séu að leggja ekki í lagfæringar fyrr en niðurstaða fáist í tjónamáli. M vísar þeirri spurningu til nefndarinnar hvort V beri annars vegar að greiða bætur vegna málsins og hins vegar hvort töl á málinu og vinnubrögð V í því séu viðunandi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að svo bótaskylda stofnist þurfi M að sýna fram á að saknæm og ólögmat háttsemi starfsmanna X hafi leitt til tjónsins. Af fyrirliggjandi gögnum verði ekki ráðið að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi eða gáleysi í tengslum við frágang á þakinu. Þvert á móti hafi þeir fest þakpappann með aukaspýtum til að varna leka. Ekkert í gögnum málsins bendi þá til þess að frágangur pappans hafi verið óvenjulegur eða honum ábótavant. Um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki sé bótaskyld úr váttryggingu X en megi rekja til þeirra ófyrirsjáanlegu breytinga sem urðu á veðri frá því sem spáð var. Hvað varði NTÍ virðist þá hafa verið um misskilning að ræða en V fari aldrei með mál tjónþola fyrir NTÍ. Hvað varði mögulegar auknar skemmdir hafi M þá borið, til samræmis við ákvæði almennra skilmála V, að gera allt í hans valdi til að takmarka tjón sitt.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur M fram að honum finnist um skritinn misskilning að ræða hvað varði samskipti við NTÍ og gerir athugasemdir við að V hafi ekki fært fram nánari rök fyrir því í hverju hann hafi falist.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Óumdeilt virðist að veður hafi orðið mun verra en búist var við. M hefur ekki sýnt fram á að viðbrögð X, þ.e. að bregðast við veðurspá með því að festa þakpappann með aukafjöllum, hafi verið ónæg miðað við það veðurfar sem von var á, eða að frágangur á þaki fasteignar hans hafi með öðrum hætti verið ófullnægjandi eða í andstöðu við hefðbundið verklag. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu X.

Hvað varðar samskipti við NTÍ þá liggur fyrir að sú stofnun starfar til samræmis við lög nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Samkvæmt 4. gr. þeirra laga vátryggir NTÍ gegn beinu tjóni af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Ljóst er að tilvikið sem hér um ræðir fellur ekki undir þá skilgreiningu og að því hafi bótaskylda NTÍ í raun aldrei komið til greina.

M vísar til þess að V hafi veitt starfsmönnum X rangar upplýsingar hvað NTÍ varði. Þá kemur fram í tjonstilkynningu X til V, dags. 2. júlí 2024, að starfsmanni X hafi í þrígang sagt að málið væri í „ferli“, og að hann hafi verið í góðri trú um að málið væri í réttum farvegi. Engin frekari gögn um þessi samskipti X við V, eða nánari lýsing X á þeim, liggja fyrir nefndinni. Í svari V við fyrirspurn nefndarinnar varðandi þau samskipti sem áttu sér stað frá tjónsdegi og fram til 2. júlí 2024, kemur fram að V hafi verið í samskiptum við X en ekki eru veittar frekari upplýsingar um eðli eða inntak þeirra samskipta. Lýsingu X, eins og hún kemur fram í fyrrgreindri tjonstilkynningu, en engin frekari gögn er þetta varðar eru fyrirbyggjandi, hefur því ekki verið hnekkð eða mótmælt af hálfu V sem í andsvörum sínum tekur fram að um „misskilning“ hafi verið að ræða. Framangreint bendir að mati nefndarinnar til þess að úrvinnslu tjónsins og þjónustu vegna þess kunni að hafa verið að einhverju leyti ábótavant af hálfu V, að því er varðar málshraða og upplýsingagjöf. Ekki er þó sýnt fram á að X hafi orðið fyrir tjóni vegna þess og er þá jafnframt litið til þess að tjónþola ber skylda til að takmarka tjón sitt eins og kostur er.

Samkvæmt öllu framansögðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 277/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

- Málskot mótttekið 29. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V2, dags. 11. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Tölvupóstur V2, dags. 26. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 9. febrúar 2024, kl. 17.55 ók M, bifreið sinni A frá Langholtsvegi inn á Hólsveg. Snjór og ruðningur var í vegköntum og bílum lagt í götunni. Var gatan því þröng. M sá strætisvagninn, B, koma á móti og ákvað því að stöðva við gatnamótin til þess að hleypa honum sína leið í stað þess að keyra á móti honum og valda vandræðum við mætingu. B ók fram hjá A, mjög nálægt þannig að hliðarspeglar næstum því snertust. Þegar vagninn beygði til hægri inn á Langholtsveg, ýttist vinstra afturhorn vagnsins inn í A og skrapaði hjólaskálina við vinstra afturhjól. Stöðvaði B stutta stund og fór M þá út úr bifreið sinni og hugðist ræða við ökumann B en þá ók hann í burtu. M tók upp símann sinn og tók mynd af B keyra í burtu. Hringdi M þá á neyðarlínuna til þess að fá leiðbeiningar sem fólust í því að tilkynna um árekstur og afstungu á vef lögreglunnar sem hann og gerði. Tilkynnti hann tjón sitt til síns tryggingafélags, V1. Fékk M upplýsingar um hvaða vagn hefði verið þarna á ferð og tilkynnti tjónið til V2 þar sem eigandi B var með lögboðna ábyrgðartryggingu. V2 hefur hafnað bótaskyldu og byggir höfnun sína á neitun ökumanns B.

V2 vísar til þess að ökumaður B umrætt sinn fullyrði að enginn árekstur hefði orðið með bifreiðunum og ritaði „I didn't touch that car“ aftan á tjónstilkynningu. Vísar V2 til almennra reglna skaðabótaréttarins en samkvæmt þeim ber tjónþola að sýna fram á hver olli honum tjóni og svo umfang þess tjóns sem hann varð fyrir. Ekki hafi verið lagðar fram myndir af ákomum á B, rannsókn af hálfu lögreglu eða Aðstoðar & Öryggis, eða önnur frekari gögn sem staðfesta að tjón á bifreið M sé tilkomið vegna notkunar strætisvagnsins B. V1 skilar ekki inn athugasemdum í málinu.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort árekstur hafi orðið milli A og B, en ökumaður B neitar sök. Í málinu liggur fyrir, auk framburðar M, ljósmynd af strætisvagni nr. 24 á vettvangi umrætt sinn, ljósmynd af bifreið M á vettvangi, skjáskot af símtalaskrá M þar sem sést að hann hringdi í 112 og varði það símtal í 2 mínútur og 14 sekúndur, ljósmynd af tjóni á bifreið M og tjónstilkynning M til V2 á tjónsdegi. Öll þessi gögn styðja frásögn M af tjónsatvikinu og enn fremur verður ekki annað ráðið af ákomu á hjólaskál bifreiðarinnar A en að um sé að ræða tjón sem líklegt má telja að strætisvagn geti valdið þrátt fyrir að ekki sjáist gulur litur í ákomunni.

Samkvæmt framansögðu verður að telja nægilega sýnt fram á að árekstur hafi orðið með A og B umrætt sinn. Liggur þá ekki annað fyrir en að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður B hafi ekið utan í A þar sem hún var kyrrstæð á Hólsvegi enda styðja gögn málsins þá frásögn M. Ber ökumaður B því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, ábyrgð á því tjóni sem af hlaust og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 fyrir hendi.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 278/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

- Málskot móttakið 31. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 3. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 6. ágúst 2023 hafi M verið búinn að bakka bifreið sinni, A, úr bifreiðastæði við verslun X og verið við það að leggja af stað þegar innkaupakerra rann af stað inn í hægri hlið bifreiðarinnar. Hafi nokkrar kerrur verið saman við hjólagrindur fyrir utan verslunina. Hjólagrindin var staðsett í halla svo kerran hafði runnið af stað, niður kant og á bifreið M. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns á bifreiðinni A. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2023, hafnaði V bótaskyldu. M telur X bera bótaábyrgð vegna tjónsins. Starfsmenn hafi verið meðvitaðir um aðstæðurnar og hættuna sem skapast á bifreiðastæðinu. Eftir tjónið hafi verið settir upp steyptir bekkir til að fyrirbyggja tjón af þessu tagi. Enginn vindur hafi verið þennan dag og því megi eingöngu rekja tjónið til gáleysis starfsmanna X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V aflaði upplýsinga frá X og þar hafi komið í ljós að aðstæður hafi verið með fullnægjandi hætti enda hafi verið nóg pláss í kerrustæðum þar sem þau hefðu verið nýtæmd. Með því að vera með starfsmann á vakt sem fór út með reglubundnum hætti hafi X uppfyllt skilyrði um það sem verslun geti gert til að koma í veg fyrir tjón. Ekki sé hægt að ætlast til þess að starfsmenn X fylgi hverjum viðskiptavini út til þess að tryggja að þeir gangi frá kerrum með þeim hætti að ekki hljóttist af þeim tjón.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Ljóst er að umrædd innkaupakerra sem rann utan í bifreið M hefur ekki verið skilin eftir í viðeigandi kerrustæði á bifreiðastæðinu, heldur var hún skilin eftir við hjóla rekka sem staðsettur er fyrir framan bifreiðastæði við verslunina. Í málskoti sínu vísar M til frásagnar ónafngreindra starfsmanna X sem að sögn M voru meðvitaðir um aðstæður og hættuna sem þetta skapaði á bifreiðastæðinu. Leggur M ekki fram vitnaframburði eða önnur gögn sem styðja það að starfsmenn X hafi verið meðvitaðir um þessa hættu eða að slík tjón hefðu áður gerst. Það að X hafi ákveðið eftir tjónið að setja steypta bekki til að minnka líkur á slíku tjóni felur ekki í sér viðurkenningu á bótaskyldu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að tjónið megi rekja til saknæms athafnaleysis af hálfu starfsmanna X enda var starfsmaður á vegum X úti að taka kerrur af stæðinu. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 279/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

321. Málskot mótttekið 29. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.

322. Bréf V dags. 15. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið á bifreið M hinn 12. júlí 2024 þar sem innkaupakerra í eigu X hafi lent á bifreiðinni, M kveðst hafa tilkynnt tjónið til verslunarstjóra X á staðnum sem hafi tekið myndir af bifreiðinni og til er myndbandsupptaka af

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á bifreið hennar og vísar til þess að verslunarstjóri X hafi sagt á tjónsstað að svona tjón væru alltaf bætt.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að skv. myndbandsupptöku sem til er af tjónsatvikinu hafi innkaupakerra runnið á bifreið M þar sem illa hafi verið gengið frá innkaupakerrunni, hún hafi ekki verið sett í kerruskýli sem hafi verið á bifreiðastæðinu V vísar einnig til þess að nægt pláss hafi verið í slíkum skýlum auk þess sem starfsmaður X hafi verið að vinna við að taka saman kerrur á sama tíma og tjónið varð. V telur að ekki sé sýnt fram á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M og X hafi gert þær ráðstafanir sem með sanngirni megi ætlast til að hann geri á tjónsdegi. Ekki sé hægt að ætlast til að gera svo strangar kröfur til X að hann geti komið í veg fyrir öll tilvik þar sem viðskiptavinir skilji eftir kerrur með óforsvaranlegum hætti.

Álit.

Í váttryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar X hjá V er tekið fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttrygðan m.a. vegna skemmda á munum. Til þess að slík skaðabótaábyrgð sé staðreynd í máli M þarf að liggja fyrir fullnægjandi sönnun fyrir því að tjón M sé hægt að rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um það.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort starfsmenn X hafi gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að innkaupakerrur færu af stað á bílastæði viðskiptavina við verslun X í ljósi veðurs og aðstæðna á vettvangi. Í málinu liggur ekki fyrir að fjöldi sambærilegra tjóna hafi orðið hinn 12. júlí 2024 vegna veðuraðstæðna. Verður því ekki talið sýnt að sérstakar athafnaskyldur hafi hvílt á starfsmönnum X vegna aðstæðna þann dag sem M fór í verslun X. Þegar litið er til almennra athafnaskyldna sem hvíla á eigendum verslana varðandi tómar innkaupakerrur á bílastæðum verður ekki ráðið að starfsmenn X hafi í greint sinn vanrækt að tína saman tómar innkaupakerrur eða sýnt gáleysi gagnvart þeim aðstæðum sem voru á vettvangi þó ein kerra hafi í greint sinn fokið á bifreið M. Verður M að bera hallann af því að geta ekki sýnt fram á gáleysi starfsmanna X með frekari gögnum. Af öllum gögnum málsins virtum verður því ekki talið nægilega sannað að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar X og verður M að bera hallann af sönnunarskorti þar um.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 280/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns.

Gögn.

323. Málskot mótttekið 6. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
324. Bréf V dags. 7. október 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðin B sem er í eigu M hafi lent í árekstri við bifreiðina A hinn 1. júlí 2020. Ekki hafi verið ágreiningur um að tjón á B væri bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A. Hafi B því verið færð til tjónaviðgerðar hjá X. Þegar viðgerð var lokið en áður en B var afhent M hafi M haft samband við starfsmann tjónaskoðunar V og lýst yfir áhyggjum af viðgerðinni og talið að frágangi og vinnu við hana væri ábótavant. Starfsmaður V hafi mætt á vettvang og sagt frágang og viðgerð í lagi. Tæpum fjórum árum eftir viðgerðina hafi hins vegar ýmsir annmarkar komið í ljós sem rekja megi ófullnægjandi tjónaviðgerðar. Bifreiðin hafi því verið færð til skoðunar hjá umboðsaðila og niðurstaðan verið sú að viðgerð X væri ábótavant. Meðal annars hafi frágangur á kíttri- og sprautuvinnu á toppi bílsins verið ófullnægjandi og þá hafi tæring verið byrjuð að myndast fyrir innan lista o.s.frv. Í málskoti gerir M kröfu um úrbætur á þeirri vinnu sem framkvæmd var af X og skoðuð og samþykkt af starfsmanni V. Skoðun fagmanna staðfesti að bifreiðin hafi ekki verið viðgerð samkvæmt stöðlum og sé því í lakara ástandi en fyrir tjónið.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram í kjölfar árekstursins hafi M fengið sendan tengil með upplýsingum um næstu skref og honum bent á að velja sér verkstæði sem mundi sjá um tjónamat og viðgerð. Það hafi M gert og tjónamat X borist 6. júlí 2020. Hafi V samþykkt matið samdægurs og viðgerð farið fram dagana 10. til 18. ágúst. Hinn 21. ágúst 2020 hafi M haft samband við V og gert athugasemdir við viðgerðina. V hafi haft samband við X sem hafi samþykkt að gera þær lagfæringar sem þyrfti svo viðgerðin teldist fullnægjandi. Hafi þeim viðgerðum verið lokið 20. apríl 2021 og M verið sáttur við þær er hann tók við B. Hinn 16. maí 2024 hafi M aftur haft samband við V og lýst því hvar lakkið var byrjað að flagna á samskeytum topps og afturbrettis. Hafi starfsmaður V haft samband við X og komið í ljós að pattstaða var komin í málið þar sem X og M vildu hvorugur eiga í frekari samskiptum við hinn. Krafa M um úrbætur á fyrri vinnu virðist nú beinast að V en ljóst sé að V sjálf sjái ekki um viðgerð tjóna heldur ábyrgist að tjónþoli fái tjón sitt bætt, t.a.m. með greiðslu reikninga frá verkstæðum. Sé það á ábyrgð hvers og eins verkstæðis hvernig það skili sinni vinnu á grundvelli laga nr. 42/2000 um þjónustukaup og ekki verði betur séð en ágreiningurinn sé milli M og X. Gerir V því kröfu um að málinu verði vísað frá nefndinni. Verði ekki fallist á þá kröfu er það mat V að félagið hafi staðið við allar sínar skuldbindingar gagnvart M og að hann eigi ekki rétt á frekari bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A eða öðrum aðgerðum af hálfu V.

Álit.

Það er mat nefndarinnar að túlka verði ágreining aðila svo að hann snúi að því hvort M hafi fengið tjón sitt að fullu bætt í kjölfar árekstursins hinn 1. júlí 2020, en óumdeilt er að V beri að bæta það fjárhagslega tjón sem M varð fyrir vegna hans. Telur nefndin því frávísun, á grundvelli þess að ágreiningsefnið eigi fremur undir lög um þjónustukaup og falli því ekki undir starfssvið hennar, ekki koma til álita og kemur mál þetta því til efnislegrar afgreiðslu.

Það er meginregla í skaðabótarétti að það hvílir á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns, og hvílir sönnunarbyrði þess að hann hafi ekki fengið tjón sitt að fullu bætt því á M. Fyrirliggjandi eru nokkuð margar ljósmyndir af B og þá vísar M í málskoti til þess að hún hafi verið skoðuð af umboðsaðila og að niðurstaða skoðunar hafi verið sú að viðgerðinni væri töluvert ábótavant. Eftir skoðun fagmanna sé því staðfest að bifreiðin hafi ekki verið viðgerð samkvæmt stöðlum og sé því í lakara ástandi en fyrir tjón. Ekki liggur þó fyrir nefndinni neins konar mat eða yfirlýsing umræddra fagaðila er sýni fram á

að ástand bifreiðarinnar nú sé að rekja til þess að tjón á henni hafi ekki verið réttilega bætt á sínum tíma.

Um fjögur ár liðu frá því umrædd viðgerð fór fram og þar til málskot M barst nefndinni. Af þeim gögnum sem liggja fyrir, þ.e. ljósmyndum af B; verður ekki fullyrt að viðgerð hafi, og þá með hvaða hætti, verið ábótavant þannig að M hafi ekki fengið tjónið að fullu bætt á sínum tíma.

Þar sem M hefur ekki tekist að sýna fram á að umfang tjóns hans sé meira en þegar hefur fengist bætt er því óhjákvæmilegt, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta en V hefur þegar greitt.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 282/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Gildissvið laga um sjúklingatryggingu. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

325. Málskot mótttekið 30. júlí 2024, ásamt fylgiskjölum.
326. Bréf V dags. 13. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi farið í aðgerð vegna legslímuflakks hjá fæðingar- og kvensjúkdómalækninum Y, hjá fyrirtæki hans X, þann 6. apríl 2022. Hafi M upphaflega átt að fara í kviðarholsspeglun hjá Y, en umræddan dag var tekin ákvörðun um að fjarlægja bút úr legi M án hennar samþykkis sem reyndist M mikið áfall. Í málskoti er lýst með ítarlegum hætti næstu mánuðum sem einkennast af endurteknum sýkingum og komum M á bráðamóttöku vegna sýkinga, verkja og annarra einkenna. Þá leitaði M einnig endurtekið til Y sem m.a. framkvæmdi aðra aðgerð á henni þann 14. desember 2022 þar sem hreinsa átti út örvef með það markmið að taugar myndu gróa betur saman og lina verki. Gekk það ekki eftir, fékk hún þvagteppueinkenni og þurfti á endurteknum sýklalyfjaskömmtum að halda vegna einkenna sinna. Þann 8. febrúar 2023 gekkst M undir ástungu vegna vökvapolls sem myndast hafði í kvið hennar. Var hún útskrifuð með sýklalyf og gekkst svo undir enn eina aðgerðina 28. febrúar 2023 hjá Y þar sem vökví var skolaður úr kvið hennar. M kveður að þrálát sýkingareinkenni hafi tekið sinn toll og gert það að verkum að hún hafi ekki getað sótt vinnu frá því aðgerðin átti sér stað þann 6. apríl 2022 vegna viðvarandi verkja og þvagteppueinkenna sem og sýkinga. Telur M að þvagteppueinkennin megi rekja til mögulegra taugaskemmda sem hún hafi orðið fyrir í umræddri aðgerð. Vegna einkenna sinna eftir aðgerðina gerði M kröfu í sjúklingatryggingu Y hjá V sem hafnað hefur bótaskyldu.

M kveðst ekki hafa verið upplýst um áhættu vegna aðgerðar né að hún væri að fara í þá aðgerð sem framkvæmd var þann 6. apríl 2022. Hafi hún glímt við fylgikvilla í kjölfar aðgerðarinnar sem felast m.a. í sýkingum, verkjum og takmörkun á hreyfigetu sem og vinnutapi. Séu fylgikvillarnir meiri en svo að sanngjarnt sé að hún þoli bótalaust. Vísar M til 1. og 4. t. l. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Ljóst sé að Y hafi sýnt af sér verulegt gáleysi við meðferð M sem og í eftirliti með henni. Vísar M þar til aðgerðarinnar, myndbirtingar á netinu sem og að láta allt líta vel út í eftirskoðunum þrátt fyrir sögu um ítrekaðar sýkingar í kjölfar aðgerðarinnar sem spanni í tæpt ár. Þá taki 4. t. l. til hvers konar fylgikvilla sjúkdóms þar á meðal sýkinga sem að öllum líkindum stafi af rannsókn eða meðferð.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X og vísar til þess að M hafi í símaviðtali við Y verið upplýst um að áætluð hafi verið kviðsjáraðgerð og fjarlæging á legslímuflakki í aðgerðinni þann 6. apríl 2022. Ræddar hafi verið áhættur vegna þessa, m.a. áhættu á sýkingu. Aðgerð hafi verið framkvæmd 6. apríl 2022 þar sem í ljós hafi komið legslímuflakk sem óx alveg í gegnum leggangavegg og nálægt ristli. Allt þetta hafi verið skorið í burtu og sent í vefjagreiningu sem staðfesti greiningu um legslímuflakk. Vegna aukinnar áhættu á sýkingu voru gefin sýklalyf í æð í aðgerðinni. M lýsi einkennum sem gætu bent til taugaskaða, þ.e. erfiðleikum við þvaglát. Það sé möguleiki að þau einkenni muni ganga til baka en það þurfi að líða um 12 mánuðir frá aðgerð áður en það komi í ljós. Gögn um varanlegan skaða á þvagblöðru liggja ekki fyrir. M hafi verið með legslímuflakk á fjórða stigi (hæsta stig) og því með langt genginn sjúkdóm sem nauðsynlegt var að gera aðgerð vegna og fjarlægja legslímuflakkið. Hún hafi verið upplýst um áhættur meðferðar. M fékk sýkingu og aðra fylgikvilla sem eru þekktir við slíkar aðgerðir. Það hafi ekki verið gerð mistök við uppvinnslu, greiningu, meðferðir eða eftirlit eftir aðgerð og því sé ekki fyrir hendi bótaskylda samkvæmt 1. t. l. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Tíðni fylgikvilla í kjölfar aðgerða vegna legslímuflakks séu tíðar, eða um 6,8%. Samkvæmt 4. t. l. 2. gr. þurfi að verða tjón vegna sjaldgæfs fylgikvilla þar sem horft sé til þess hve tjón er mikið og hins vegar sjúkdóms og heilsufars að öðru leiti. V telur að skilyrði

ákvæðisins um misvægi þess hve tjónið er mikið og þess hve veikindi sjúklings voru alvarleg sé ekki uppfyllt. Einnig vísar V til þess að þegar svo hagar til að sýkingu megi rekja til bakteríu sem sjúklingur var með áður, er skilyrði 2. gr. laganna um að tjónið sé að rekja til meðferðarinnar ekki uppfyllt.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1. eða 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í 1. tl. 2. gr. laganna kemur fram að bætur skuli greiða ef ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í 4. tl. kemur fram að greiða skuli bætur vegna tjóns sem hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalest. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Hvað 1. tl. varðar þá eru gögn málsins nokkuð takmörkuð. Engin læknisfræðileg gögn né álit- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggja fyrir í málinu sem gera líklegt að í aðgerðinni sem M gekkst undir hjá Y hinn 6. apríl 2022 eða eftirfylgni eftir hana hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hafi verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Þar af leiðandi hefur réttur til bóta úr tryggingunni ekki stofnast á grundvelli 1. tl. 2. gr. laganna.

Hvað varðar mögulega bótaskyldu skv. 4. tl. verður ekki ráðið af fyrirliggjandi gögnum að tjón M sé meira en svo að sanngjarnt sé að hún þoli það bótalest, sbr. og þau viðmið sem sett eru fram í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Fyrir aðgerðina hafði M 15 ára sögu um stoðkerfisverki, aðallega í mjöðmum. Fann hún hún fyrir mikilli þreytu og svefnleysi. Var hún mjög aum á svæði þar sem hún fann smá fyrirferð og var með talsverða verki við blæðingar. Óumdeilt er að hún fékk í kjölfar aðgerðarinnar þrálátar sýkingar og verki sem höfðu mikil áhrif á líf hennar næstu mánuði á eftir. Þá lýsir hún þvageppueinkennum sem hún telji að megi rekja til mögulegra taugaskemmda eftir aðgerðina. Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á að M hafi orðið fyrir taugaskaða í kjölfar aðgerðarinnar. Ekki liggja fyrir nýrri læknisfræðileg gögn en frá 28. febrúar 2023 og því liggur ekki fyrir hvort þvageppueinkenni og önnur einkenni hennar eftir aðgerðina séu enn til staðar í dag. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að gerðin sem slík hafi skilað tilætluðum árangri þ.e. að fjarlægja legslímufلاك sem staðsett í leggöngum og við ristil. Höfðu þessi einkenni mikil áhrif á líf M fyrir aðgerðina. Vegna skorts á gögnum er ekki unnt að leggja heildarmat á ástandi M fyrir og eftir aðgerðina því verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að skilyrðum 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu um alvarleika fylgikvilla hafi verið uppfyllt þ.e. að M búi við fylgikvilla sem sé meiri en sanngjarnt þykir að hún þoli bótalest. Þá hefur M ekki heldur lagt fram gögn sem sýna fram á að um fátíða fylgikvilla sé að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá V er tíðni fylgikvilla í kjölfar aðgerða vegna legslímufلاكs, tíð eða um 6,8%. Af öllu ofangreindu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.

rafræn undirskrift

Þór Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 283/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

327. Málskot mótttekið 6. ágúst 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
328. Tölvupóstur V til nefndarinnar dags. 21. ágúst 2024.
329. Bréf V dags. 25. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
330. Viðbótarathugasemdir M með ódagsettu bréfi og fylgigögnum, samtals 83 bls.
331. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 17. október 2024, ásamt skjáskoti af heimasíðu Byko.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að vatnstjón varð í húseign í eigu M hinn 8. október 2023. Einnig liggja fyrir upplýsingar í gögnum málsins um að V hafi viðurkennt bótaskyldu úr fasteignatryggingu en ágreiningur sé um umfang tjónsins.

Í málskoti er kröfum M um bætur vegna lagningar nýs parkets, í stað þess að nýju parketi sé skeytt saman við gamalt, á um 70 m² gólflöt með flæðandi parketi lýst og vísað til gr. 9.1.1. í váttryggingarskilmálum V þar sem komi fram að váttrygging greiði „...kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki.“ M vísar í málskoti til álits þriggja fagaðila um að ekki sé mælt með því að skeyta nýju gólfefni saman við það eldra sem og álits fasteignasala um að verðgildi fasteignar muni við það rýrna. Einnig vísaði M til staðfestingar frá söluaðila parkets um að parket sem var á íbúð M sé ekki lengur framleitt og útlit nýs parkets sé ekki það sama. Einnig er vísað til þess í málskoti að M hafi haft kostnað, þ.e. fjárhagslegt tjón, af því að fela öðrum umboð til þess að annast samskipti við V, þar sem hann hafi ekki haft næga þekkingu til og V hefði ítrekað bent M á að leita til lögfræðings, en erfitt hafi verið að finna slíkan sem væri tilbúinn til að taka mál M að sér. Einnig er bent á að V hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart M þegar tjón varð skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, en ítrekað hafi verið óskað eftir sundurliðun á bótarétti án árangurs.

V viðurkenndi bótaskyldu gagnvart M eftir að málskot barst nefndinni og tilkynnti um það til nefndarinnar 21. ágúst 2024, með afriti á M og umboðsmann hans, með þeim orðum að M myndi óska eftir afturköllun málskotsins.

Með tölvupósti umboðsmanns M til nefndarinnar dags. 19. september 2024 var tilkynnt um að M hefði ekki óskað eftir því að mál hans stöðvaðist eða færi í bið hjá nefndinni og frekari upplýsingar um umfang þess tjóns sem M taldi enn óbætt voru sendar til nefndarinnar. Þar kemur fram að M telji sig eiga óbættu kröfu vegna eftirtalinna liða: Afskurð parkets (31.344 kr.), vinnu við málningu (100.000 kr.), gólflistar (44.701 kr.) útlagðan kostnað óháðs fagaðila á skoðun gólfefnis á tjónsstað (58.568 kr.), útlagðan kostnað vegna vinnu umboðsmanns (373.750 kr.) og viðbótarvinna og hagsmunatengd þóknun (ekki tiltekin fjárhæð). Samtals geri þetta að minnsta kosti 608.363 króna kröfu sem ágreiningur sé um við V. Skýringar M á viðbótarkostnaði koma fram í ítarlegum gögnum frá M og vísað er til þeirra í gögnum málsins.

V telur ágreining við M eingöngu snúast um umfang tjóns og gerir grein fyrir því að mat V á tjóni M hafi verið miðað við 890.732 kr. og hafi V einnig fallist á að greiða 171.053 kr. hagsmunatengda þóknun vegna vinnu umboðsmanns M vegna samskipta við V. V bendir á að við mat á tjóni M hafi verið reiknað með 10% afskurði á parketi (31.344 kr.), og vísar um það til skjáskots úr tjónamatskerfi félagsins. V samþykkir kröfu vegna málningarvinnu (100.000 kr.). V hafnar kröfu vegna gólflista (44.701 kr.) og vísar um það til mats félagsins á því að hægt sé að nýta eldri gólflista að hluta og þeir séu hefðbundnir og auðveldlega hægt að fá sambærilega slíka. Hvað varðar útlagðan kostnað M vegna

mats fagaðila (58.568 kr.) telur V að ekki hafi verið byggt á umræddu mati við uppgjör og M hafi aflað matsins einhliða og því eigi ekki að greiða þann kostnað. Hvað varðar kostnað vegna vinnu umboðsmanns M telur V að hægt sé að greiða vegna slíkrar bætur sem nema hagsmunatengdri þóknun lögmanna skv. gjaldskrá sem V leggur til grundvallar almennt og byggji hún á meðalgjaldskránn nokkurra lögmansstofa sem sérhæfa sig í tjónamálum og sé uppfærð árlega miðað við vísitölur.

Í viðbótarathugasemdum M telur hann það tjón sem eftir eigi að fá bætt sé tjón við afskurð parkets (30.833 kr.), gólflista (44.701 kr.), útlagðan kostnað vegna mats fagaðila (58.568 kr.) og útlagðan kostnað vegna vinnu umboðsmanns (373.750 kr.), auk frekari kostnaðar vegna frekari vinnu umboðsmanns sem og hagsmunatengda þóknun. Hvað varðar afskurð parkets þá telur M tjónamat V ekki skýrt um þennan lið eða parketverð sem lagt er til grundvallar. Krafa um gólflista er ítrekuð m.t.t. að ekki sé sýnt að hluti eldri gólflista nýtist óskemmdir. Krafa um útlagðan kostnað vegna mats fagaðila er ítrekuð með vísan til þess að M hafi ekki átt annan kost en að leita til fagaðila í samskiptum sínum við V. Útlagður kostnaður umboðsmanns og frekari slíkur kostnaður er síðan rökstuddur með því að um sé að ræða raunverulegt tjón M sem ekki hafi átt annan kost en að leita sérfræðiaðstoðar gegn V sem sé stærrí aðilinn með sérfræðipækkingu gagnvart M sem neytanda og að V hafi misbeitt sérþekkingu sinni í hagnaðarskyni.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að félagið hafi ekki getað viðurkennt bótaskyldu strax þar sem gögn hafi bent til þess að sama parket og sé á íbúð M hafi enn verið til, áður en skýr yfirlýsing hafi verið lögð fram um annað. Verð á parketi sé miðað við verðmæti á tjónsdegi 8. október 2023 en ekki daginn í dag. Einnig er ítrekað að hægt sé að endurnýta gólflista, mat faglegs aðila hafi verið einhliða og sú vinna sem lögð hafi verið í málið af hálfu umboðsmanns M hafi verið að mestu þarflaus. Einnig vísar V til i.liðar 4. gr. samþykktar nefndarinnar þar sem komi fram að nefndin fjalli ekki um kröfu málskotsaðila um málskostnað eða annan kostnað málskotsaðila sem leiðir af málskoti.

Álit.

Í þessu máli hefur nefndin til umfjöllunar hluta ágreinings sem var uppi vegna vatnstjóns í fasteign M þegar málskot barst nefndinni hinn 6. ágúst sl. Eftir það féllst V á að greiða bætur, að nokkrum hluta á þeim forsendum sem M hafði gert kröfu um, en út af stendur ágreiningur um hluta tjónsins sem V hefur ekki fallist á að greiða.

Til áréttingar verður að minna á 12. gr. b í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem segir: „Vátryggingafélag skal sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar.“ Þegar gögn máls þessa eru metin virðist sem samskipti M og starfsmanna V hafi ekki verið nægilega skýr og verður að minna V á umrædda grein í lögum um vátryggingarsamninga.

Hvað ágreiningur um umfang tjón varðar þar sem í fyrsta lagi standa eftir þrenns konar kostnaðarliðir, áætlaður kostnaður vegna afskurðar parkets (30.833 kr.), áætlaður kostnaður vegna kaupa á nýjum gólflistum (44.701 kr.) og útlagður kostnaður M vegna mats fagaðila (58.568 kr.), samtals 134.102 kr. Þegar litið er til gagna málsins í heild telst V ekki hafa fært sannfærandi rök fyrir því að fjárhæð í tengslum við 10% afskurð á parketi sé úr hófi og sama gildir um kaup á nýjum gólflistum vegna tjóns M. Hvað varðar það að M hafi aflað mats hjá fagaðila til að leggja fram fyrir V við meðferð málsins verður, með hliðsjón af atvikum öllum, að fallast á þau sjónarmið sem M vísar til varðandi þann lið, þ.e. að nauðsynlegt hafi verið fyrir hann að afla slíks gagns, en ekki verður séð af gögnum málsins að þau gögn sem V lagði fram á sama tíma hafi verið fullnægjandi til að skýra út fyrir M með nægilega skýrum hætti hvernig bætur væru ákveðnar. Það verður því fallist á að V beri að greiða M samtals 134.102 krónur til viðbótar þeim fjárhæðum sem V hefur áður fallist á að greiða.

Í öðru lagi er ágreiningur um fjárhæð kostnaðar sem M hefur haft af því að leita sér aðstoðar hjá sérfræðingi vegna samskipta við V áður en málskot var sent til nefndarinnar, sem og við meðferð málsins hjá nefndinni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi nú þegar greitt 373.750 kr. til umboðsmanns síns og að sú greiðsla hafi átt sér stað 12. júní 2024. Við mat á því hvort fjárhæðin sé sanngjarnt endurgjald fyrir þá aðstoð sem M fékk hjá umboðsmanni sínum vegna uppgjörstjóns vegna skemmda á fasteign sinni verður að líta til þess að um er að ræða kostnað sem M hafði þá þegar greitt áður en V féllst á að greiða bætur á þeim forsendum sem breyttust í ágúst 2024, eftir að málskot hafði verið sent til nefndarinnar. Af samskiptum milli M og V verður ekki annað ráðið en að V hafi ítrekað bent M á að leita sér aðstoðar og bent á kæruleiðir, en ekki er hægt að sjá af sömu gögnum að skýr gögn eða upplýsingar eða gögn hafi verið lögð fram af V til upplýsinga fyrir M

um hvernig bótafjárhæð til hans var ákveðin. Ekki telst því óeðlilegt að M hafi leitað til þess umboðsmanns sem hann gerði, en af gögnum málsins verður heldur ekki annað séð en að M hafi reynt að leita til lögmanna, sem hefðu þá mögulega áskilið sér hagsmunatengda þóknun vegna aðstoðar við M. Með hliðsjón af sérstökum atvikum þessa máls telur nefndin að kr. 373.750 kr. útlagður kostnaður M sé ekki úr hófi.

Þessu til viðbótar hefur umboðsmaður M áskilið sér frekari greiðslur vegna aðstoðar við M við málskot. Vegna þess liðar verður að vísa til i.liðar 4. gr. samþykktar nefndarinnar þar sem fram kemur að nefndin fjalli ekki um kröfu málskotsaðila um málskostnað eða annan kostnað málskotsaðila sem leiðir af málskoti.

Þetta þýðir að fallist er á að kostnaður að fjárhæð 507.852 kr. standi eftir af því tjóni sem M á enn óbætt hjá V en kröfu um annan kostnað sem leiðir af málskotinu sjálfu er vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

M á rétt til frekari bóta að fjárhæð 507.852 krónur úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna tjóns á húseign sinni hinn 8. október 2023. Kröfu um frekari kostnað sem leiðir af málskoti er vísað frá með vísan til i.liðar 4. gr. samþykktar nefndarinnar.

Reykjavík, 14. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 284/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

332. Málskot dags. 8. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.

333. Bréf V, dags. 29. ágúst 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í tveimur slysum, annars vegar þann 8. janúar 2023 og hins vegar 18. janúar 2023 í vinnu sinni hjá X. Vegna líkamstjóns sem M hlaut í slysunum hefur hann gert kröfu um bætur úr slysáttryggingu launþega og fer fram á að uppgjör bóta fari fram á grundvelli skaðabótalaga. Í málskoti rekur lögmaður M samskipti sín við starfsmenn V vegna slysanna og telur að starfsmenn V hafi viðurkennt rétt M til bóta úr tryggingunni og að uppgjör skuli fara eftir almennum reglum skaðabótaréttarins, sbr. ákvæði 8.9.1.1. í kjarasamningi X og Sameykis. Fram kemur í ákvæði 8.9.1.1. í kjarasamningi að við mat og uppgjör kröfu gildi almennar reglur skaðabótaréttarins. Þar af leiðandi skuli mat á varanlegum afleiðingum slysanna beggja fara fram á grundvelli skaðabótaréttarins. Í málinu liggi ljóst fyrir að í gildi var trygging frá 1. janúar 2023 hjá V. Samkvæmt skírteini gildir sú trygging fyrir launþega skv. kjarasamningi. Þá segir í kjarasamningi að við mat og uppgjör gildi almennar reglur skaðabótaréttarins. Þá sé sérstök áritun á skírteini sem tekur sérstaklega fram að innifalin í tryggingunni séu tjón sem verða ef starfsmenn slasast vegna starfa sinna í varnarátökum við skjólstæðinga X. Verði ekki annað séð en að M hafi verið tryggður þegar slysin áttu sér stað og hann hafi slasast í átökum við skjólstæðinga og ber því að gera málin upp á grundvelli skaðabótalaga. Samkvæmt andskýringarreglunni ber að skýra umdeilanleg og óljós samningsákvæði sem samin eru einhliða þeim í óhag sem samdi þau. Ef ætlunin var hjá varnaraðila að uppgjör slysa líkt og málskostaðili varð fyrir ætti ekki að gera upp á grundvelli skaðabótareglna þá var honum í lófa lagið að setja slíka fyrirvara á skírteini.

V segir í bréfi sínu til nefndarinnar að bótaskylda hafi verið samþykkt úr hefðbundinni slysáttryggingu launþega vegna beggja tjónsatvikanna. Ágreiningurinn byggist á misskilningi sem grundvallast fyrst og fremst á heiti tveggja trygginga sem í gildi voru hjá V. Til að byrja með hafi X fengið hefðbundna slysáttryggingu launþega. Það hafi ekki verið fyrr en 27. janúar 2023 sem váttryggingarsamningur komst á milli V og X þar sem hlutlæg ábyrgð er innifalin. Verði með engu móti séð að V sé bótaskyld skv. hlutlægi ábyrgð enda var ekki trygging í gildi á slysdögunum tveimur þ.e. 7. janúar 2023 og 18. janúar 2023. Lögmanni M var tilkynnt um þetta strax í byrjun er málið var tekið til meðferðar.

Álit.

Í grein 8.9.1.1. í kjarasamningi Sameykis, stéttarfélags í almannaþjónustu og X, með gildistímamann 1. mars 2019 til 31. mars 2023, kemur fram að verði starfsmaður fyrir líkams- eða munatjóni í starfi sínu við að sinna einstaklingi sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, skal honum bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Í bókun 3 við kjarasamninginn kemur fram að X muni vinna að því að tryggja starfsmenn sína fyrir slíkum bótarétti, með því að gera hann að hluta af þeim váttryggingum sem félagið hefur. Skal þeirri vinnu lokið fyrir 1. maí 2021 og nýtt fyrirkomulag taka gildi þá.

M varð fyrir líkamstjóni á vinnutíma annars vegar hinn 8. janúar 2023 og hins vegar hinn 18. janúar 2023. Á þeim tíma var X með í gildi slysáttrygging launþega hjá V. Á skírteini váttryggingarinnar sem tók gildi 1. janúar 2023 er áritað „*Innifalin í váttryggingu þessari eru tjón sem verða ef starfsmenn slasast, vegna starfa sinna, í varnarátökum við skjólstæðinga váttryggingartaka. Hlutlæg ábyrgð ekki innifalin.*“

V hefur lagt fram váttryggingaskírteini þeirrar tryggingar sem tók gildi 27. janúar 2023, þar er áritað: „*Innifalið í váttryggingu þessari eru tjón sem verða ef starfsmenn slasast, vegna starfa sinna, í*

varnarátökum við skjólstæðinga vátryggingartaka, sbr. ákvæði 8.9.1.1 í kjarasamningi Klettabæjar og Sameykis. Vátryggingin tekur einungis til tjóna sem verða eftir að vátrygging þessi tekur gildi, frá og með 27.01.23.“ Við samanburð á þeim tveimur vátryggingaskírteinum slysátryggingar launþega sem X var með hjá V verður ekki annað séð en að orðalag þeirra sé mjög sambærilegt. Orðalagið „í varnarátökum við skjólstæðinga vátryggingartaka“ er notað í báðum tilfellum þrátt fyrir að V hafi sagt í samskiptum sínum við lögmann M að áritun þessi eigi við undanþáguákvæði greinar 7.a. í skilmála vátryggingarinnar en ekki grein 8.9.1.1. Telja verður að orðalag þessarar áritunar sé til þess fallið að valda misskilningi. Nærtækara hefði verið að vísa til ákvæðis kjarasamningsins eða vátryggingarskilmála sem verið er að undanskilja. Hallann af óskýru orðlagi skírteinis og skilmála ber V, sbr. túlkunarreglu 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 og almenna andskýringarreglur samningaréttarins. Þá benda samskipti lögmanns M við V til þess að misskilnings hafi gætt í samskiptum aðila sem m.a. má rekja til ónákvæms orðalags fyrrgreindra vátryggingarskírteina og einnig til orðalags í tölvupósti V til lögmannsins þann 27. júní 2023 þar sem segir: „Félagið hefur skodað þetta betur og það er rétt hjá þér, smá misskilningur hér hjá okkur. Við munum stofna þetta í slysátryggingu launþega sem [X] hefur hjá félaginu. Læt fylgja með það skírteini sem var í gildi á þeim tíma sem um ræðir.“ Vill nefndin af því tilefni minna á þær skyldur vátryggingafélaga að veita tjónþolum fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn sbr. 12. gr. b. laga um vátryggingarsamninga.

Þrátt fyrir ofangreint er ekki unnt að líta framhjá því að ákvæði 8.9.1.1. felur í sér hlutlæga ábyrgð X á líkams- og munatjóni starfsmanna sem þeir verða fyrir við tilteknar aðstæður við vinnu sína. Á vátryggingaskírteini slysátryggingar launþega sem í gildi var á slysdögum er að finna áritun sem undanskilur hlutlæga ábyrgð. Áritun á vátryggingaskírteini er hluti vátryggingaskilmála tryggingarinnar. Með vísan til alls ofangreinds telst M ekki eiga rétt á bótum skv. skaðabótalögum úr slysátryggingu launþega X hjá V. Í úrskurði þessum er ekki tekin afstaða til greiðsluskyldu X á grundvelli kjarasamnings.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum á grundvelli skaðabótalaga úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 285/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

334. Málskot dags. 31. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
335. Bréf V1 dags. 28. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
336. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. september 2024
337. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 13. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
338. Bréf V2 dags. 27. september 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 6. janúar 2024, hringdi M hinn 31. desember 2023 í lögreglu og lýsti því að bifreið A hefði ekið á bifreið B, sem er í eigu M. M lýsti atvikum svo að B hafi verið kyrrstæð er A var ekið á hana, og A að því loknu ekið burt en aksturslag hans benti til þess að hann væri undir áhrifum áfengis. Lögregla fann A eftir stutta leit, þar sem henni var ekið „löturhægt“ nærri vettvangi. Var ökumaður A handtekinn og samkvæmt niðurstöðum blóðsýnatöku, en staðfesting úr sýnaskrá var meðfylgjandi bréfi V2 til nefndarinnar, var áfengismagn í blóði hans 2,42 prómill.

Samkvæmt framburði M fyrir lögreglu dags. 22. febrúar 2024 lýsti hann atvikum nánar svo að hann hafi verið að bakka úr bifreiðastæði við heimili sitt þegar hann veitti því athygli að A var ekið frekar hratt inn götuna og hafi hún rásað eftir götunni. Hafi M þá ákveðið að aka aftur inn í bifreiðastæðið og hafi B verið komin inn í stæðið og í línu við aðrar bifreiðar sem lagt hafi verið við gangstétt, þegar hann hafi fundið þungt högg koma aftan á hana. Eftir áreksturinn hafi ökumaður B haft í frammi ógnandi tilburði og ýtt við M svo hann féll í jörðina. Sambærilega lýsingu er að finna í framburði eiginkonu M fyrir lögreglu dags. 22. febrúar 2024.

Samkvæmt framburði ökumanns A fyrir lögreglu dags. 1. janúar 2024 kannaðist hann ekki við að hafa ekið A umrætt sinn. Hann hafi setið undir stýri en hafi ekki verið að keyra. Síðar í framburði hans kemur fram að hann geti hafa verið að keyra en haldi að svo hafi ekki verið. Þá muni hann ekki eftir umferðaróhappi en verið geti að einhver annar hafi verið að keyra. Þá kemur fram að hann muni lítið þar sem hann hafi verið mjög ölvaður.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu um bætur vegna munatjóns vegna tjóns á B og vegna þess líkamstjóns sem hann hafi orðið fyrir við áreksturinn. Hafi M í kjölfar árekstursins fundið fyrir verkjum frá hendi og öxl og hafi þurft að leita til sjúkrahjálfa. Hann hafi þá verið óvinnufær eftir slysið og telji einnig að hjartaáfall sem hann hafi fékk í kjölfar þess sé að rekja til slyssins og eftirmála þess. Gögn málsins, ölvun A, erfiðar akstursaðstæður, en hálka og snjóþekja hafi verið á vettvangi, svo og sú staðreynd að hann hafnaði á kyrrstæðri bifreið, bendi eindregið til þess að hann eigi sök á atvikinu. Jafnframt telji M sig eiga rétt á miskabótum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er vísað til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu hafi A verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar og ekki með gild ökuréttindi. Hafi A þá sýnt af sér ógnandi hegðun áður en hann flúði af vettvangi og bendi framangreint til þess að hann hafi valdið tjóninu af stórfelldu gáleysi.

Í bréfi V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að auk fyrrgreindra lögregluskýrsla hafi félaginu borist tjónstilkynning M til V2. Þar komi fram að A hafi verið ekið fyrir aftan B, A hafi tekið að rása á götunni og hafi hún nálgast B á miklum hraða. A hafi þá rekist á B með þeim afleiðingum að sú síðarnefnda hafi snúist um 90 gráður á veginum. V hafi hafnað bótaskyldu enda hafi ekki verið að finna ítarlega lýsingu á atvikum í lögregluskýrslu, engar upplýsingar hafi legið fyrir um ákomur á bifreiðunum og nokkurt misræmi sé milli framburðar M á vettvangi og síðar til komins framburðar hans, hvað varði atvikalýsingu og lýsingu á staðsetningu ákomu á B. Telji félagið þá ljóst af gögnum málsins að M hafi ekið B aftur á bak úr bifreiðastæði án þess að gæta nægilega að ákvæði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og forgangi annarrar umferðar um veginn. Engin

gögn liggi þá fyrir er styðji þá frásögn M að B hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs og bendi ljósmyndir af vettvangi þvert á móti til þess að afturhluti hennar hafi skagað töluvert út á götuna. Sé þá ekkert í málinu sem sýni fram á orsakatengsl milli ölvunar A og þess að árekstur varð. Telji félagið af öllu framangreindu að B beri sök á árekstrinum. Þá kemur fram að félagið telji ekki æskilegt að taka afstöðu til meints líkamstjóns M fyrir en niðurstaða um sakarskiptingu liggi fyrir.

Í viðbótarathugasemdum M er lýst þeirri afstöðu að atburðarás sú sem V1 leggi til grundvallar eigi sér enga stoð í gögnum málsins. Ekki sé um að ræða lýsingu sem styðjist við framburð A enda beri hann við ölvun og minnisleysi. Hvað varði mögulegt misræmi í atvikalýsingu M verði að líta til þess að tjónstilkynning til V2 sé afar stuttur og hafi verið fyllt út með aðstoð dóttur M, sem kunni eitthvað takmarkað í ensku, en sjálf tali M og eiginkona hans hvorki íslensku né ensku. Kunni það að hafa orðið til þess að atvikalýsing í tjónstilkynningu var ekki jafnítarleg og í framburðarskýrslum fyrir lögreglu þar sem þau nutu aðstoðar túlks. Hvað varði orsakatengsl þá sé það þá svo að séu áfengis-eða fíkniefnaáhrif sönnuð hvíli þá á váttrygðum að sýna fram á að þau áhrif hafi engu skipt um það að váttryggingaratburður varð.

Í viðbótarathugasemdum V1 er ítrekað félagið telji orsakatengsl milli árekstursins og ástands A ósönnuð. Hvað varði þá breyttan framburð M sé framburður hans um meinta líkamsárás a og hinn þunga höggkraft sem eigi að hafa leitt til þess að B snerist á veginum ótrúverðugur og ekki í samræmi við fyrri framburð og skýrist slíkt ósamræmi ekki af tungumálaörðugleikum.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, er lýst þeirri afstöðu að M eigi rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V1. Byggi sú afstaða á því að framburður M um málsatvik sé trúverðugur og hafi hann án tafar haft samband við lögreglu sem hafi handtekið ökumann A nærri vettvangi. Hafi þá komið í ljós að skemmdir á bifreiðunum samræmdust málsatvikalýsingu M, þ.e. skemmd var framan á A og aftan á B. Þá muni ökumaður A ekkert eftir atvikum og sé honum því ómögulegt að mótmæla atvikalýsingu M. Verði A, sem hafi verið handtekinn undir stýri undir verulegum áfengisáhrifum að bera hallann af sönnunarskorti í málinu. Því verði að leggja til grundvallar að B hafi verið kyrrstæð er bifreið A rásaði eftir veginum og hafnaði á B. Beri A því alla sök á umræddum árekstri.

Álit.

Í málskoti er eins og áður er rakið gerð krafa um bætur vegna muna- og líkamstjóns M auk þess sem gerð er krafa um greiðslu miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í bréfi V1 er farið fram á að aðeins verði úrskurðað um sakarskiptingu sem slíka og verður orðalag í viðbótarathugasemdum lögmanns M ekki skilið öðru vísi en að fallist sé á það af hálfu M. Varðar umfjöllun nefndarinnar hér á eftir því aðeins sakarskiptingu sem slíka.

Að mati nefndarinnar er fullsannað að A var á umræddum tíma óhæfur til að stjórna bifreið vegna áfengisáhrifa, enda liggur fyrir niðurstaða blóðsýnatöku sem sýnir fram á að áfengismagn í blóði M var 2,42 prómill um klukkustund eftir handtöku. Kemur þá einnig fram í framburði hans sjálfs að hann hafi verið mjög ölvaður. Verður jafnframt að telja fullsannað að A hafi verið við akstur á þeim tíma sem um ræðir enda kemur það skýrt fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu. Er því ljóst að A gerðist brotlegur við 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að ef magn vínanda í blóði ökumanns nemur 1,2 prómillum eða meira teljist hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Hvað varðar tjón á B þá kemur fram í lögregluskýrslu að ákoma sé á „vinstri“ afturhlið B. Af ljósmyndum sem M hefur lagt fram má þá ráða að hlíf á varadekki sem er aftan á B hafi brotnað og að ákoma sé hægra megin á afturhléra hennar. Hefur atvikalýsing M og farþega í B frá upphafi verið stöðug varðandi það að B hafi verið kyrrstæð í aðdraganda áreksturs og að ekið hafi verið aftan á hana. Verður M ekki látinn bera hallann af framangreindu ósamræmi á milli vinstri og hægri en lítil skoðun virðist hafa farið fram af hálfu lögreglu á tjóni á B á vettvangi.

Eins og komið hefur fram ber A fyrir sig minnisleysi vegna ölvunar og hefur hann því ekki mótmælt atvikalýsingu M sem slíkri. Í lögregluskýrslu dags. 6. janúar 2024, segir þá að vegna umfangs málsins, þ.e. atvika í tengslum við handtöku A, hafi láðst að taka myndir af vettvangi og af tjóni á B. Af fyrirliggjandi ljósmynd af B, sem sýnir m.a. brak á vettvangi, verða þá ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um stöðu hennar í aðdraganda áreksturs, sér í lagi með hliðsjón af því að M segir bifreiðina hafa kastast til við áreksturinn. Utan þessarar ljósmyndar eru engin gögn fyrirliggjandi er sýni fram á afstöðu bifreiðanna í aðdraganda áreksturs. Eins og mál þetta liggur fyrir eru því engin gögn sem

hnekkja frásögn M af atvikum, og hefur ekki verið sýnt fram á að háttalag hans í aðdraganda áreksturs hafi verið í andstöðu við ákvæði umferðarlaga.

Í ljósi atvika allra verður A að bera hallann af sönnunarskorti í málinu og verður samkvæmt framansögðu að byggja niðurstöðu um sakarskiptingu á frásögn M af atvikum, þ.e. að A hafi ekið á B kyrrstæða eftir að hafa rásað um götuna. Er það því mat nefndarinnar að A beri alla sök á umræddum árekstri og að orsakatengsl séu milli ölvunarástands hans og þess að árekstur varð.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 287/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

339. Málskot mótttekið 20. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.

340. Bréf V, dags 13. ágúst 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiða A og B á Miklubraut hinn 19. júní 2024.

Ökumaður bifreiðar A lýsir atvikum þannig í tjónstilkynningu að hún hafi ekið á miðjuakrein á Miklubraut og götuvatnarmarkir hafi vísað umferð á vinstri akrein. Þegar hún hafi fært sig á vinstri akrein þá hafi bifreið B lent aftan í vinstra horn bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið Miklubraut á akrein sem var lengst til vinstri og á akrein lengst til hægri hafi verið merki um vegaframkvæmdir og umferð því beint til vinstri. Ökumaður bifreiðar B kveður ökumann bifreiðar A hafa verið á miðjuakrein þegar hún hafi skipt um akrein til vinstri, þá þá akrein sem ökumaður bifreiðar B ók á, og þegar bifreið A hafi verið komin um hálf inn á þá akrein hafi hægst á umferð fyrir framan og bifreið B lent með hægra framhorn á vinstra afturhorn bifreiðar A.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi ekið aftan á bifreið A. M telur ökumann bifreiðar A hafa gætt að fyrirmælum 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að gæta að umferð fyrir aftan sig og til hliðar þegar hún skipti um akrein. Einnig vísar M til þess að bifreið A hafi verið komin vel inn á akreinina þegar ökumaður bifreiðar B ók aftan á hana. Þannig megi ætla að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður og í andstöðu við n.lið 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga þar sem kemur fram að sýna skuli sérstaka aðgæslu þar sem vegavinna fer fram. Einnig vísar M til þess að V hafi samþykkt bótaskyldu og án nokkurs fyrirvara og skýringar hafi afstaða V breyst gagnvart M.

V telur árekstur bifreiðanna A og B rakinn til þess að ökumaður bifreiðar A hafi skipt um akrein í veg fyrir ökumann bifreiðar B og stöðvað og þannig upptekið hemlunarvegalengd ökumanns bifreiðar B. Slík háttsemi sé í andstöðu við 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem aðgæsluskylda sé á ökuönnum sem ætli að skipta um akrein, stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess. Ekkert komi fram í gögnum málsins um að tilefni sé til að leggja hluta sakar á ökumann bifreiðar B en gögn málsins beri með sér að hann hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að koma í veg fyrir árekstur og M hafi sönnunarbyrði um annað. Einnig bendir V á að bótaskylda hafi aldrei verið viðurkennd úr ábyrgðartryggingu eiganda bifreiðar B og afstaða V til sakarskiptingar hafi því ekki breyst. Til sé hljóðupptaka af samtali M við starfsmann V þar sem sú afstaða komi fram og geti V lagt hana fram að að fengnu skriflegu samþykki M.

Álit.

Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur skýrlega fram að ökumenn sem skipta um akrein eða aka á annan hátt til hliðar verði að gæta að þess sé unnt án óþæginda fyrir aðra. Það gildir einnig um þá sem þurfa að draga skyndilega úr hraða. Ökumaður bifreiðar A bar slíka aðgæsluskyldu þegar hún ók eftir miðjuakrein.

Sönnunarbyrði hvílir á M um að aksturslag ökumanns bifreiðar B hafi verið gáleysislegt. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að bifreið B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður, þrátt fyrir ákvæði n. liðar 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga og ekki liggja fyrir til dæmis framburður vitna af slíkum akstri eða annað sem getur gefið slíkt til kynna. Verður M að bera hallann af þessum sönnunarskorti og verður, að ofansögðu, öll sök lögð á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök á árekstri við bifreið B.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 288/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Umfang tjóns. Bindandi samningur.

Gögn.

341. Málskot mótttekið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
342. Bréf V dags. 13. ágúst 2024.
343. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 16. ágúst 2024 og 1. september 2024.
344. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 20. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni hinn 21. ágúst 2023 á leið heim úr vinnu. Í sjúkraskrá M af bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss kemur fram að M hafi leitað þangað hinn 22. ágúst 2023 og lýst atvikum þanni gað hún hafi misstigið sig við að ganga út úr strætó. M greindist síðan með brot í „distal fibula“ neðan við ökkllalið og var óvinnufær í nokkurn tíma. Í tilkynningu vinnuveitanda um slys til V dags. 12. október 2023 kemur fram eftirfarandi lýsing: „Viðkomandi missteig sig á leið í strætó á leið heim úr vinnu og fótbrotnaði á vinstri fæti.“ Í tjónstilkynningu frá lögmanni M til V dags. 7. febrúar 2024 kom hins vegar fram að misfella í gangstétt hafi verið þess valdandi að M missteig sig.

M telur að leggja eigi hennar eigin lýsingu til grundvallar af atvikum málsins, þ.e. að hún hafi hrasað um misfelli á gangstétt. M vísar meðal annars til þess að hún sé ekki mælandi á íslensku, hafi ekki haft túlk sem og að hún hafi ekki mátt gera sér grein fyrir að nákvæm lýsing þegar hún leitaði til læknis væri nauðsynleg.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur samtímalýsingar á atvikinu, þegar M leitaði til læknis, sýna að M hafi misstigið sig og þannig megi rekja líkamstjón hennar til innra ástands í líkama hennar en ekki utanaðkomandi atburðar. Einnig bendir V á að M hafi notið aðstoðar vinkonu sinnar sem túlkaði fyrir hana samskipti við lækna á heilsugæslu. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að líkamstjón hennar sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar, en M beri sönnunarbyrði um það.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram lýsing M í sjúkragögnum útiloki ekki að utanaðkomandi atburður hafi leitt til líkamstjóns hennar og hennar lýsingar séu skýrar og trúverðugar. Ekki sé hægt að gera þær kröfur til tjónþola að þeir átti sig á lögfræðilegum skilgreiningum á slyshugtaki við lýsingu atvika. Þannig hafi V getað fengið skýrari upplýsingar frá M um atvik í stað þess að hafna bótaskyldu. Þannig er vísað til lýsingar í tjónstilkynningu 6. febrúar 2024. Einnig vísar lögmaður M í seinni athugasemdum til dómaframkvæmdar um slyshugtakið sem og fræðiskrifa og telur að sönnunarbyrði hvíli á V um að líkamstjón sé hægt að rekja til innra ástands M.

V ítrekar í viðbótarathugasemdum sínum að það sé hin váttryggða sjálf sem beri sönnunarbyrði fyrir því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem falli undir skilmála slysáttryggingar launþega. Samtímagögn í málinu styðji ekki að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og lýsingar á slíkum hafi ekki komið fram af hálfu M fyrr eftir að bótaskyldu var hafnað. V bendir á að lýsingar M í læknisfræðilegum gögnum sýni að M hafi misstigið sig og dómaframkvæmd sýni að misstig eitt og sér vegna hreyfingar váttryggðs teljist ekki koma til af utanaðkomandi atburði.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að atvikum sem leiddu til líkamsmeiðsla M sé mismunandi lýst í gögnum málsins, þ.e. lýsingar í sjúkragögnum og tilkynningu vinnuveitanda M til V lýsa atvikum sem misstigi en tjónstilkynning lögmanns M fyrir hennar hönd ber með sér að misstigið hafi orðið vegna misfelli í gangstétt.

Skilyrði þess að um slys sé að ræða í skilningi 2. gr. váttryggingarskilmála slysáttryggingar launþega eru meðal annars að meiðsli megi rekja til utanaðkomandi atburðar en ekki sjúkdóma eða annars innra

ástands í líkama M. Við mat á því hvort sannað sé að utanaðkomandi atburður hafi leitt til meiðsla verður að meta þær upplýsingar sem liggja fyrir um aðdraganda tjónsatviks.

Eins og áður segir fara þær upplýsingar ekki að öllu leyti saman en fyrstu lýsingar M af atvikum sýna að hún hafi misstigið sig. Ágreiningur er um hvort nægilega sé sannað að M misstigið sig vegna misfelli á jörðinni, en það væri sá utanaðkomandi atburður sem leitt hefði getað til meiðsla hennar, eða hvort meiðslin sé hægt að rekja til innra ástands í líkama M.

Þegar litið er til heildarmats á gögnum málsins verður litið til þess að samtímagögn geyma lýsingu af misstigi, án þess að getið sé sérstaklega til þess að það hafi stafað af misfelli á jörðinni. M ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti að utanaðkomandi atburður hafi átt sér stað. Hallann af sönnunarskorti um það ber M.

Í læknisfræðilegum gögnum kemur heldur ekki með skýrum hætti fram að þau meiðsli sem M fékk meðferð við séu þess eðlis að þau gætu ekki komið til nema vegna utanaðkomandi atburðar. Verður einnig að meta hallann af sönnunarskorti um það M í óhag.

Af framangreindu verður því ekki talið nægilega sannað að þau meiðsli sem M hlaut á leið frá vinnu sinni hafi verið slys í skilningi 2. gr. í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega og á M því ekki rétt til bóta á grundvelli þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 290/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

345. Málskot mótttekið 7. ágúst 2024 ásamt fylgisköllum.
346. Bréf V dags. 8. nóvember 2024 ásamt fylgiskjali.
347. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis voru A, sem er í eigu M og B báðar kyrrstæðar á bifreiðastæði hinn 12. júlí 2024. Kemur fram í skýrslunni að þegar A var ekið af stað hafi hjólhýsi sem A var með í eftirdragi spennt upp aftari farþegahurð B. Er haft eftir eiganda B að hurðin hafi verið opin þar sem hún hafi verið að koma dóttur sinni fyrir í bílnum. Hafi A þá ekið af stað og þar sem hjólhýsið hafi verið breiðara en A sjálf hafi það farið utan í hurðina á B. Eftir öikumanni A er haft að hann hafi ekið af stað, en hafi þá um leið fundið að eitthvað fór utan í hjólhýsið og hann þá strax stöðvað. Þegar hann hafi stigið úr A hafi hann séð að hurðin á B var utan í hjólhýsinu. Hafi eigandi B þá lagt hurðina á B upp að hjólhýsinu.

V sem var á tjónsdegi váttryggjandi beggja bifreiða, tilkynnti M með bréfi dags. 16. júlí 2024 að félagið teldi A bara alla sök á atvikinu.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir í málskoti að hann telji sig hafa verið í fullum rétti. B hafi opnað hurð sem hafi legið utan í hjólhýsinu. Samkvæmt B hafi hún opnað hurðina út á svæðið sem var milli A og hjólhýsisins en engar skemmdir séu þó sjáanlegar framan á hjólhýsinu, heldur aðeins á hlið þess. Þá muni litlu, eða aðeins um 10 sentimetrum, á breidd A og hjólhýsisins. Þá hafi M og eiginkona hans ekki orðið þess vör þegar þau gengu að bifreið sinni að hurðin á B hafi verið opin, og sé því ólíklegt að svo hafi verið. M telji því að á meðan hann undirbjó sig til að aka af stað hafi B opnað hurðina og lagt hana að lista sem sé fremst á hjólhýsinu enda beri tjónið á því þess merki.

Í athugasemdum öikumanns B sem fylgdu bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hún telji alveg skýrt að hurðin hafi ekki legið utan í hjólhýsinu og að hjólhýsinu hafi verið ekið utan í hurðina, og sé það til samræmis við fyrirbyggjandi skýrslu um atvikið. Hurðin hafi verið hálfopin, og hafi verið opin í nokkra stund, þegar ekið var utan í hana og fyrst hafi hún opnast alveg og svo spennst upp við átakið og þá hafi myndast rispa á hlið hjólhýsisins. Ákoman beri þess þá merki að M hafi ekið í nokkra metra áður en hann stöðvaði A. Hefði B lagt hurðina að hlið hjólhýsisins eins og M haldi nú fram hefði ákoman verið minni og hurðin líklega ekki spennst upp á þann hátt sem hún gerði. Aðalatriði málsins sé það að M hafi ekið af stað án þess að taka eftir aðliggjandi bifreið.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að málsatvicalýsingin sem aðilar sammæltust um að senda Aðstoð og öryggi hafi verið gróf og án smáatriða en er fyrirtækið hafði samband við hann hafi hann útlistað atvik með nánari hætti. Skemmdirnar á hjólhýsinu séu aðeins um metri að lengd og því ljóst að hann hafi ekki ekið í nokkra metra áður en hann stöðvaði A. Er þá árétt að M og eiginkona hans hefðu ekki orðið þess vör að hurð B væri opin er þau gengu að A. Eins hefði B átt að veita því athygli er þau komu að A og hún var gagnsett. Telji M augljóst að hurðin hafi legið utan í hjólhýsinu þegar hann ók af stað en ákoman byrji við kant fremst á hjólhýsinu. Telji M að eigandi B hafi gengið aftur fyrir bifreiðina meðan hann leit í spegla og gangsetti A og undirbjó akstur hennar. Þegar B hafi opnað hurðina hafi hún svo farið utan í hjólhýsið með fyrrgreindum afleiðingum. Þá gagnrýnir M vinnubrögð V í málinu og telur að málið hefði verið réttilega upplýst hefði félagið hlutast til um tjónaskoðun á hjólhýsinu. Það hafi ekki verið gert heldur hafi hann verið umsvifalaust dæmdur í órétti.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins voru A og B kyrrstæðar á samsíða bifreiðastæðum í aðdraganda umrædds atviks. Þá liggur fyrir að eigandi B opnaði afturhurð hennar í því skyni að festa barn í B. Þegar A var ekið af stað úr bifreiðastæðinu rákust afturhurð B og hjólhýsi sem var tengt við A saman.

Ákomur á hjólhýsinu sem byrja fremst á vinstri hlið þess, benda að mati nefndarinnar til þess að hurð B hafi verið opnuð út á það svæði þar sem tengibeisli hjólhýsisins var staðsett og að hjólhýsinu hafi verið ekið á brún hennar með þeim afleiðingum að hún spenntist upp og tjón varð á henni og hjólhýsinu. Það skiptir að mati nefndarinnar ekki meginmáli í því samhengi að hurðin, þegar hún var opin, hafi náð yfir línuna sem aðskilur bifreiðastæðin. M byggir á því að hurðin hafi legið að hjólhýsinu en jafnvel þó sýnt væri fram á það telur nefndin ekki að tjónið sem slíkt megi rekja til þess heldur þess að A var ekið af stað. Er að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að eigandi B hafi umrætt sinn brotið gegn 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum, enda virðist hættan fyrst hafa raungerst við það að A var ekið af stað.

Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi heldur sendu Aðstoð og öryggi málavaxtalýsingu sem þeir virðast hafa sammælt um. Í kjölfarið hafði Aðstoð og öryggi samband við aðila og segir m.a. í frásögn M: „Ég fer svo út og sest upp í bíl og þegar konan mín kemur í bílinn ók ég af stað. Strax og ég ók af stað finn ég að eitthvað fer utan í hjólhýsið og þá stoppa ég strax.“ Sambærilega frásögn er jafnframt að finna í málskoti. Líta verður á skýrsluna sem frumgagn í málinu og segir ekkert þar um að M hafi litið í spegla eða gengið með öðrum hætti úr skugga um að honum væri óhætt að aka af stað. Má jafnframt ráða af framangreindu að afturhurð B hafi verið opin er M ók af stað enda hafi M „strax“ fundið fyrir því að eitthvað fór utan í hjólhýsið. Er það því mat nefndarinnar að umrætt tjón megi rekja til þess að M ók bifreið sinni ásamt hjólhýsi af stað úr kyrrstöðu án þess að gæta sérstaklega að því að það væri unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra.

Samkvæmt framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er það mat hennar að A beri alla sök á umræddu atviki.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddu atviki.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 291/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

348. Málskot móttækið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
349. Bréf V dags. 21. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
350. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. september 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu A&Ö, dags. 8. maí 2023, varð hinn sama dag árekstur milli ökutækjanna A, sem M ók, og B. Ók M aftan á bifreiðina B á vinstri akrein Kringlumýrarbrautar við Bústaðabrú. Óumdeilt er að M ber, sem ökumaður A, alla sök á umræddum árekstri. Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum og sótt bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. Með bréfi V dags. 30. ágúst 2023 var bótaréttur M felldur niður um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis M. Byggir V á því að M hafi hvoru tveggja verið að aka yfir hámarkshraða og auk þess verið að líta í símann sinn í sömu andrá og hafi það orsakað umferðarslysið. M telur að hraði bifreiðarinnar geti ekki verið tilefni til stórkostlegs gáleysis enda hámarkshraði 80 km/klst. Varðandi meinta símnótun sem vísað er til átti M aldrei við annað en að hún hafði verið að tala í símann þegar umferðarslysið átti sér stað og var það í gegnum handfrjálstan búnað bifreiðarinnar enda var símtækið sjálft í töskunni hennar sem var í aftursæti bifreiðarinnar. Símtæki hennar tengdist bifreiðinni með þráðlausu staðarneti. Það að hún hafi litið af veginum er vissulega óheppilegt en þó heldur ekki tilefni til stórkostlegs gáleysis. Ljóst sé að auglýsingaskilti sem og margt annað sem verði í vegi okkar í umferðinni sé til þess fallið að taka athygli frá veginum. Þá sé nauðsynlegt að taka mið af því að tungumálaörðugleikar geti átt þátt í þeim misskilningi sem virðist vera uppi um þetta atriði enda íslenska ekki fyrsta tungumál M. Komist nefndin hins vegar að því að M hafi sýnt af sér gáleysi sé skerðing um 2/3 hluta í öllu falli úr hófi fram.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til framburðar M í fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu A&Ö þar sem fram komi að hún hafi verið á um 90 km/klst. hraða og í símanum. Samkvæmt 90. gr. laga nr. 30/2004 og 9. gr. skilmála V sé heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi váttryggður valdið váttryggingaratburði með stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort tiltekin háttsemi í aðdraganda slyssins teljist stórkostlegt gáleysi verði að mati V að taka mið af frumgögnum málsins. Ekki sé hægt að meta þá lýsingu M á símanotkun sem fram kemur í málskoti sem trúverðuga. Sú lýsing sé ekki í samræmi við þá lýsingu sem gefin var á vettvangi, og kom fyrst fram rúmum átta mánuðum eftir slysið. Í tjónstilkynningu A&Ö komi skýrlega fram sú lýsing M að hún hafi verið í símanum þegar slysið gerðist og hafi þar af leiðandi ekki haft augun á veginum. Þá komi jafnframt fram að hún hafi verið á 90 km/klst. M hafi með því að aka á þeim hraða brotið gegn 36. og 37. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar sem fjalla um að tungumálaörðugleikar geti leitt til misskilnings á vettvangi. Ljóst sé að auðvelt sé að missa athygli af veginum þrátt fyrir að vera ekki að horfa á símann sem slíkan.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig. Samkvæmt framburði M í fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu A&Ö var hún á um 90 km/klst hraða fyrir áreksturinn. Var hún í símanum og leit af veginum og ók því óvart aftan á. Mótmælir M því að hafa brotið gegn 57. gr. umferðarlaga sem leggur bann við notkun farsíma án handfrjálsts búnaðar. Gegn neitun M verður að telja ósannað að hún hafi með beinum

hætti verið að tala í farsíma án handfrjáls búnaðar. Það liggur hins vegar fyrir að athygli M var ekki við aksturinn umrætt sinn og tengir hún það sjálf í við notkun símans. Seinni lýsingar á aðdraganda slyssins koma fram það löngu eftir tjónsatvikið að ekki verður á þeim byggjandi. Ekki liggur fyrir hvort M leit aðeins af veginum og á símann eða hvort hún framkvæmdi einhverjar aðgerðir í símanum umrætt sinn. Verður að telja að til staðar séu orsakatengsl milli þessa aðgæsluleysis M og umrædds áreksturs. Á umræddum tíma var M að aka norður Kringlumýrarbraut í morgunumferð þar sem leyfður hámarkshraði er 80 km/klst. en gera má ráð fyrir að umferð hægi verulega á sér við Bústaðabrúnna vegna þeirra umferðarljósa sem fram undan eru. Nauðsynlegt var því fyrir M að hafa alla athygli við aksturinn og þær bifreiðar sem fyrir framan hana voru. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga skal jafnan miða ökuhraða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Skv. 2. mgr. sömu greinar hvílir sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður í þéttbýli. Er það mat nefndarinnar að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að líta af veginum á síma sinn umrætt sinn og að skerðing bóta sé því heimil með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga. Á grundvelli alls framanritaðs er það mat nefndarinnar að sú skerðing skuli nema 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hennar um 1/3 hluta.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 292/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging og starfsábyrgðartrygging læknis.

Nafn váttryggðs (X)

Gildissvið laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

351. Málskot mótttekið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
352. Bréf V dags. 22. ágúst 2024.
353. Viðbótarathugasemdir lögmanns M með bréfi dags. 9. september 2024.
354. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 11. september 2024, ásamt sjúkraskrá og lyfseðlaskrá.
355. Viðbótarathugasemdir lögmanns M við viðbótarathugasemdir V og ný gögn með bréfi dags. 2. október 2024 ásamt fylgiseðli lyfsins Seretide.
356. Tölvupóstur V dags. 10. október 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins keur fram að foreldrar M hittu X sem barnalækni hinn 17. desember 2021 vegna veikinda M sem fólust í háum hita og hósta. Í svokallaðri stofunótu X þann dag segir: „Kemur í fylgd foreldra, kvef, hósti og urg og surg í lungum í nokkrar vikur, stundum með hita. Hósti meiri á nóttu og þegar hún hamast eða hlær, ekki saga um ofnæmi, exem eða asma í fj. Nú verið með gröftr og samanlímd augnlok í 10 daga og roða. Hafa áhyggjur af eyrum.“ Í málskoti kemur fram að X hafi ekki framkvæmt nánari skoðun á lungum M en hafi komist að þeirri niðurstöðu að hún væri með hósta og veirusýkingu og ráðlagt M að taka verkjalyf. Hinn 30. desember 2021 flaug M til Póllands ásamt foreldrum sínum og var þá enn veik og lögð inn á sjúkrahús 1. janúar 2022. Þar var M greind með lungna- og brjósthimnubólgu og ígerð í vinstra lunga. M hlaut meðferð á sjúkrahúsi í Póllandi og var þar í 36 daga og í málskoti kemur fram að M glími enn við afleiðingar veikinda sinna, bæði hafi ör á lungum þau áhrif að M andi mjög grunnt. Ónæmiskerfi hennar sé mjög veikburða og sálrænar afleiðingar af veikindunum séu fyrir hendi.

M telur að réttur til greiðslu bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V sé fyrir hendi og telur að öllum líkindum hefði mátt komast hjá tjóni M hefði rannsókn og meðferð X við fyrirliggjandi aðstæður verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði, sbr. 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þannig vísar M til lögskýringargagna með umræddum lögum og að það dugi fyrir tjónþola að sýna fram á að líklegra sé að tjón stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum. M telur að viðbrögð X hafi verið röng og að þar sem lungnahlustun hafi falið í sér urg og surg í lungum hafi verið ástæða til að frekari rannsókn færi fram og röng sjúkdómsgreining af hálfu X að hafa talið að um kvef og veirusýkingu hafi verið að ræða hjá M hinn 17. desember 2021. Þannig hafi M orðið af meðferð sem hefði verið hægt að beita fyrr. M krefst einnig bóta úr starfsábyrgðartryggingu X og vísar til þess að háttsemi X hafi verið saknæm þegar hann hafi ranglega greint M með kvef og veirusýkingu í stað lungnabólgu. M vísar til þess að strangt sakarmat gildi um X sem lækni og að beiting sönnunarreglna sé þannig vegna reglna um sérfræðiábyrgð að sönnunarbyrði hvíli á X um að háttsemi hans hafi ekki valdið tjóni.

V vísar í fyrsta lagi til þess að krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu komi ekki til skoðunar nema M hafi ekki fengið tjón sitt að fullu bætt úr sjúklingatryggingu skv. 7. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Hvað varðar bótakröfu í sjúklingatryggingu X hjá V telur V ekki sannað að sjúkdómsgreining X hafi verið röng í læknisheimsókn M til X hin 17. desember 2021. V vísar til þess að veirusýkingar séu algengar hjá ungum börnum og hafi X skrifað lyfseðil fyrir astmalyfinu Seretide, en það lyf auðveldi sjúklingum innöndun og dragi úr bólgu í öndunarvegi. V telur að sýnt hafi verið fram á að M hafi verið með veirusýkingu sem hafi síðar þróast í lungnabólgu seinna. V bendir á að M hafi einungis komið einu sinni til X og hafi flogið veik til Póllands um hálfum mánuði seinna og þá hafi veikindi M versnað til muna m.v. upplýsingar úr sjúkragögnum. V telur löglíkur á að

orsakatengsl séu milli versnunar einkenna M og flugferðarinnar og engin gögn hafi verið lögð fram sem renna stoðum undir það að X hafi ranglega sjúkdómsgreint M hinn 17. desember 2021.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hverfi frá kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X. Einnig bendir M á að ráðleggingar X hafi verið að M tæki verkjalyf og ósannað sé að X hafi skrifað út astmalyf fyrir M. Einnig mótmælir M því að löglíkur séu fyrir orsakatengslum milli flugferðar og lungnabólgu M.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram X hafi ekki ráðlagt töku verkjalyfja og fái fullyrðingar um að slík lyf hafi verið skrifuð út til M ekki stoð í gögnum málsins. Einnig er vísað til sjúkraskrár M þar sem komi fram upplýsingar um þau lyf sem X skrifaði út fyrir M hinn 17. desember 2021 og með hliðsjón af lyfseðlaskrá M komi fram að lyfið Seretide hafi verið leyst út samdægurs. V bendir á að ekki hafi verið haft samband við X vegna frekari meðferðar eftir þessa einu heimsókn sem var hinn 17. desember 2021 til X og hafi X því ekki geta aðhafst frekar. Þar að auki hafi ekki verið fengið álit læknis áður en ákveðið hafi verið að fljúga erlendis með M, sem þá hafi enn verið veik.

Í viðbótarathugasemdum M við viðbótarathugasemdir V kemur fram að ávísun X á lyfinu Seretide breyti engu um röksemdir fyrir því að X hafi framkvæmt ófullnægjandi rannsókn vegna einkenna M hinn 17. desember 2021 og sú ávísun lyfsins hafi auk þess verið óforsvaranleg meðferð við fyrirbyggjandi aðstæður og að líkur standi til þess að notkun M á lyfinu sé meðorsök tjóns hennar. Bent er á að Seretide sé ætlað að meðhöndla langvarandi öndunarfærasjúkdóma eins og t.d. astma en ekki ætlað til meðferðar á bráðum sjúkdómum eða sýkingum í öndunarfærum, eins og lungnabólgu þar sem sýklalyf séu notuð til meðferðar. Vísað er til upplýsinga í fylgiseðli lyfsins Seretide um að lyfið geti verið skaðlegt einstaklingum sem glíma t.d. við lungnabólgu og aðrar sýkingar í öndunarfærum þar sem það innihaldi virka efnið flútikasón sem sé baksteri. Þeir veikji ónæmiskerfið og dragi þannig úr getu þess til að bregðast við sýkingum. Auk þess sé lyfið ekki ætlað börnum yngri en fjögurra ára. Þannig er ítrekað að ávísun lyfsins Seretide af hálfu X við einkennum M sem hafi skýrlega bent til sýkingar sem krefðist sýklalyfjameðferðar hafi verið í hróplegu ósamræmi við viðurkenna læknisfræðilega þekkingu og staðla og þannig sé yfir hendi bótaskylda skv. 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Einnig er bent á að ef ekki sé sannað að M hafi verið með lungnabólgu fyrir heimsókn sína til X þá hafi notkun lyfsins Seretide orsakað lungnabólgu hennar. Upplýsingar á fylgiseðli lyfsins sýni að lungnabólga sé algeng aukaverkun lyfsins og í ljósi ungs aldurs M hafi hún verið viðkvæmari fyrir aukaverkunum lyfsins en einstaklingar með þroskaðra ónæmiskerfi.

Í viðbótarathugasemdum V við viðbótarathugasemdum M kemur fram að V ítreki að ekki sé sannað að M hafi verið með lungnabólgu hinn 17. desember 2021.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem uppfylli skilyrði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og bótaábyrgð X á grundvelli þeirra laga.

Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 segir m.a. svo um umræddan tölulið: „Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið mistök er hér notað í mun víðtækari merkingu en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli hvernig mistökin eru.“ Orðalag 2. gr. laganna „að öllum líkindum“ vísar til þess að slakað er á hefðbundnum sönnunarkröfum í skaðabótarétti, sjúklingi í hag.

Þegar gögn málsins eru virt er aðalágreiningur málsins sá hvort meðferð M hjá X hafi að öllum líkindum verið þannig að komast hefði mátt hjá tjóni með frekari rannsóknum vegna þeirra einkenna sem M var með við læknisheimsókn til X hinn 17. desember 2021. Í frekari málatilbúnaði M er síðan einnig vísað til þess að ávísun lyfsins Seretide hafi orsakað lungnabólgu M sem greind var hinn 1. janúar 2022 á sjúkrahúsi í Póllandi.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um læknisfræðilegt mat á því hvort þau einkenni sem X lýsti í stofunótu sinni vegna læknisheimsóknar hinn 17. desember 2021 hafi verið þannig að frekari rannsókn hefði verið nauðsynlegt eða hvort þau einkenni samsvari einkennum lungnabólgu. Það er

læknisfræðilegt mat sem nefndin getur ekki framkvæmt. Þannig verður, þrátt fyrir að slakað sé á hefðbundnum sönnunarkröfum, sjúklingi í hag í skilyrðum 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, að líta svo á að frekara læknisfræðilegt mat á því hvað hefði verið rétt greining einkenna M hinn 17. desember 2021 verði að liggja fyrir til að hægt sé að fallast á að skilyrði 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé uppfyllt. Slík gögn liggja ekki fyrir og verður M að bera hallann af sönnunarskortum um það. Sama gildir um sönnun orsakatengsla milli notkunar lyfsins Seretide og þess að M fékk lungnabólgu. M á því ekki, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 293/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

Gögn.

- 357. Málskot móttakið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 358. Bréf V, dags. 20. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 359. Tölvupóstur lögmanns M dags. 30. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M fór í hjáveituaðgerð hjá X hinn 7. desember 2023 í þeim tilgangi „...að breyta magaermi í Roux-y hjáveitu vegna bakflæðis hjá málskotsaðila.“ Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur fram að í aðdraganda aðgerðarinnar hafi M farið í magaspeglun 2. nóvember 2023 og í læknafréfi X dagsett sama dag kemur fram X telji magaermi M nokkuð víðari en hann telji eðlilegt. Álit X var síðan að M væri með greinilegt þindarslit sem sé líklega að útskýra bakflæði hennar og henni hafi verið afhent upplýsingaefni um Roux-y hjáveitu í kjölfarið. Einnig liggur fyrir afrit tölvupósts frá M í bréfi X dags. 5. nóvember 2023 þar sem M svarar því játandi að hún sé búin að kynna sér myndband frá X og að hún óski eftir hjáveituaðgerð vegna bakflæðis. Einnig liggja fyrir upplýsingar um aðgerðina frá X sem og upplýsingar um að M hafi sent X tölvupóst tveimur dögum eftir aðgerð þar sem hún lýsir einkennum frá baki og uppköstum og X kveðst hafa hringt til M og ráðlagt henni að leita á bráðamóttöku ef verkir versni um helgi en annars geti X tekið á móti M strax eftir helgi. Hinn 11. desember 2023 liggja einnig fyrir upplýsingar um símtal sem X hafi átt vegna meðferðar M á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Í málinu liggja einnig fyrir tölvupóstsamskipti M og X frá 9. desember fram til 11. desember 2023. Þann dag var síðan gerð „opin aðgerð“ á Landspítala háskólasjúkrahúsi þar sem var „grunur um þrengsli í enteroenteroanastomosuna og það var gerð ný anastomosa.“ Af læknisfræðilegum gögnum verður einnig séð að lækni á Landspítala hafi rætt við X varðandi enduraðgerð en M hafi viljað að aðgerðin væri gerð á Landspítala. Gögn málsins lýsa þeirri aðgerð og eftirmeðferð M vegna hennar. Með gögnum málsins eru einnig ítarlegar upplýsingar um þá aðgerð sem M gekkst undir hjá X og mögulega fylgikvilla hennar í upplýsingariti læknastofu X.

M telur að höfnun V á bótaskyldu sé ekki byggð á staðreyndum málsins heldur hafi hún einungis verið ákvörðuð út frá einhliða sjónarmiðum og tilgátum X. M telur að sú opna aðgerð sem M þurfti að gangast undir á Landspítala hafi verið gerð til að lagfæra mistök X sem hafi átt sér stað í aðgerð á læknastofu hans hinn 7. desember 2023. M telur ljóst af ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu að bætur skuli greiðast án tillits til þess hvort einhver beri skaðabótaábyrgð skv. reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið atvika sem nefnd eru í ákvæðinu. M vísar til lögskýringagagna þar sem segi að ef engu verði slegið föstu um orsök tjóns verði að veða og meta allar hugsanlegar orsakir og ef niðurstaða verði sú að eins líklegt sé óháð meðferð sé bótaréttur ekki fyrir hendi. M telur með hliðsjón af sjúkrasögu M að nokkuð ljóst sé að orsök óþæginda M í dag sé bein afleiðing aðgerðar X hinn 7. desember 2023 og verulegs gáleysis X. Þannig falli tjón hennar undir 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Einnig sé hægt að líta til 4.tl. 2. gr. sömu laga um fylgikvilla sem ekki sé sanngjarnt að M þoli bótalaust.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu og telur undirbúning fyrir aðgerð og aðgerðina sjálfa hafa verið í samræmi við þau vinnubrögð sem rétt sé að viðhafa. V bendir á að M hafi útskrifast eftir aðgerð hjá X á föstudegi og þegar hún hafi haft samband með tölvupósti á laugardegi eftir aðgerðina vegna óþæginda hafi X bent á að ef verkir hættu ekki þyrfti hún að leita á bráðamóttöku Landspítalans þar sem læknastofa X væri ekki opin um helgar. X hafi síðan fylgst með í gegnum Heilsugáttina þeim blóðþrufum og rannsóknum sem M fór í á Landspítala. X vísar til svar röntgenlæknis eftir tölvusneiðmynd sem gerð var þar sem kom fram „Grunur um þrengsli í entero/entero anastomосу með bakflæði upp í biliary grein þarms og ekki merki um anastomosuleka. X telur að mestar líkur hafi þá verið á einhvers konar hlykk við „common-channel hluta entero/entero-anastomосу“, eða að görn hafi lagst á þann hátt að slíkur hlykkur hafi myndast og einfalt að toga í görnina til að breyta legu

hennar í stuttri kviðsjáraðgerð til að leysa vandann, eftir að komið væri fyrir sondu til að létta á þrýstingnum í kerfinu. X lýsir síðan samskiptum sínum við skurðlækni á Landspítalanum um að M yrði færð á læknastofu X þannig að hann gæti framkvæmt aðgerðina en fengið síðar skilaboð um að M vildi ljúka aðgerðinni á Landspítala og hafi X því ekki haft frekari aðkomu að málinu. Í afstöðubræfi X til V dags. 3. mars 2024 kemur fram sú afstaða X að hraðari afgreiðsla hjá Landspítala hefði getað komið í veg fyrir að M hafi þurft að gangast undir opna aðgerð þar. V telur að aðgerð X hinn 7. desember 2023 hafi verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu X, sbr. orðalag 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. V telur einnig að ekki sé um að ræða fylgikvilla aðgerðar sem sé meiri en svo að sjúklingur skuli þola hann bótaust, sbr. 4.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1. eða 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í þeirri grein laganna eru tilgreind að hvaða skilyrðum fullnægðum réttur til bóta stofnast úr sjúklingatryggingu. Þar segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

„1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

[...]

4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.“

Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að meðferð hafi í umrætt sinn ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði eða komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðartækni eða aðferð. Ekki verður séð af framlögðum gögnum að umfjöllun lækna á Landspítala um meðferð M þar sýni með skýrum hætti að ætla megi að komast hefði mátt hjá opinni aðgerð M ef rannsókn eða meðferð X hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði, sbr. orðalag 1. tl. 2. gr. Þó sönnunarbyrði sé vægari en almennt í bótarétti í orðalagi 2. gr. laga um sjúklingatryggingu verða einhver læknisfræðileg gögn að liggja fyrir sem sýna að skilyrði 1.tl. ákvæðisins eigi við. Þau liggja ekki fyrir í þessu máli og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Þegar af þeirri ástæðu getur ekki komið til álita að réttur til bóta úr tryggingunni hafi stofnast á grundvelli 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu.

Kemur þá til skoðunar hvort M búi við fylgikvilla eftir meðferð X sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að hún búi við það bótaust. Ekki liggur fyrir með nægilega skýrum hætti að sá fylgikvilli sem M býr við sé vegna aðgerðar X hinn 7. desember 2023 eða aðgerðar á Landspítala nokkrum dögum síðar. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að alvarleiki hans sé þannig að skilyrði 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu séu uppfyllt. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. október 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 294/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

360. Málskot mótttekið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
361. Bréf V, dags. 6. september 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málgögnum kemur fram að hinn 2. ágúst 2022, hafi bifreiðinni A verið ekið aftan á bifreið M þar sem hún var kyrrstæð á rauðu ljósi við Smáralind í Kópavogi. Sama dag leitaði M á bráðamóttöku LSH þar sem hún kvartaði undan verkjum í hægri öxl, hálsþrygg, suði í eyrum, höfuðverk, svima, ógleði og uppköstum. Næst leitaði hún á heilsugæslu 5. ágúst 2022 og kvartaði undan verkjum í hnakka, hálsþrygg, herðum og út í axlir ásamt svima. Gerð var beiðni í sjúkraþjálfun. Næsta koma á heilsugæslu var 19. október 2022 þar sem M kvartar undan álagsverk í vinstri mjöðm og kveðst einnig vera með vöðvaverki og fara tvisvar sinnum í viku í sjúkraþjálfun vegna þeirra. Næsta koma var 17. nóvember 2022 þar sem hún kvartar undan einkennum í hálsi og herðum. Gerð var ný sjúkraþjálfunarbúiðni. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 19. ágúst 2023, voru ekki fleiri skráðar komur á heilsugæslu vegna einkenna M eftir umferðarslysið. Vegna einkenna sinna gerði M kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Með bréfi, dags. 28. ágúst 2023, hafnaði V bótaskyldu á þeim grundvelli að umrætt tjónsatvik sé ekki til þess fallið að valda líkamstjóni M. Hafnaði V að greiða sjúkrakostnað í málinu, standa sameiginlega að gangaöflun og/eða sameiginlegu mati. M telur að það sé háð læknisfræðilegu mati, hvort líkamstjón hafi orðið í slysi. Leikmenn og starfsmenn tryggingafélaga geti ekki ályktað um slíkt. Vísar M til ýmissa dóma Hæstaréttar því til stuðnings. Þá telur M einnig að V hafi ekki farið að í samræmi við lög og ekki viðhaft eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Með því hafi V brotið gegn 6. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 535/2022 og 8. tl. sömu greinar.

V telur með vísan til gagna málsins að ekki verði talið að umrætt atvik sé til þess fallið að valda líkamstjóni því sem M rekur til tjónsins. Þegar litið sé til þess hve vægur áreksturinn var, sé þörf á mun frekari læknisfræðilegum gögnum í málinu til þess að sýna fram á orsakatengsl milli einkenna M og tjónsatviksins. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 2. ágúst 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af ljósmyndum af bifreið M má ráða að afar lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði til lækni samdægurs og var með víðtæk einkenni. Eftir það eru skráðar þrjár komur á heilsugæslu þar sem hún fær m.a. beiðni í sjúkraþjálfun vegna einkenna sinna. Engin koma er skráð eftir 17. nóvember 2022. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn líkt og skýrsla sjúkraþjálfara, læknisvottorð eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, sem staðfesta að varanlegt líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum þann 2. ágúst 2022. M ber hallann af sönnunarskortum um að líkamstjón hennar megi rekja til árekstursins þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu milli einkenna M í dag og árekstursins þann 2. ágúst 2022.

M byggir á því í málskoti að framkvæmd V samræmist ekki góðum viðskiptaháttum, sbr. 4. gr. reglna nr. 353/2022 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavinum og meðhöndlun

kvartana. Samkvæmt 12. gr. reglnanna er það Fjármálaeftirlit Seðlabankans sem er eftirlitsstjórnvald með reglum nr. 353/2022. Fellur ágreiningur þar að lútandi því utan við starfssvið nefndarinnar, sbr. a-lið 4. gr. samþykktu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 296/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

- 362. Málskot mótttekið 8. ágúst 2024, ásamt fylgiskjöllum.
- 363. Bréf V dags. 6. september 2024.
- 364. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M rann á hálkubletti hinn 10. janúar 2022 með þeim afleiðingum að hún hlaut ökklabrot á hægri fæti. Aðgerð var framkvæmd á ökklanum þann 14. janúar 2022 og í endurkomutíma 2. febrúar 2022 upplýsti aðgerðarlæknir að allt liti vel út. Þremur dögum síðar, hinn 5. febrúar, kvartaði M undan slæmum verkjum í ökklanum og var í kjölfarið framkvæmd önnur aðgerð þann 9. febrúar 2022. Í þeirri aðgerð voru skrúfur teknar og aðrar settar í staðinn. Næstu vikur og mánuði undirgekkst M endurhæfingu í formi sjúkrahjálfunar. Mætti hún í endurkomur til aðgerðar- og meðferðarlæknis 15. mars, 11. maí og 21. september 2022. Ákveðið var að framkvæma eina aðgerð til viðbótar sem framkvæmd var 16. nóvember 2022. Átti M svo endurkomutíma 8. maí 2023 og 2. ágúst 2023. Hinn 16. maí 2024 var fjórða aðgerðin framkvæmd og gekk sú aðgerð vel. Sumarið 2023 leitaði M eftir aðstoð lögmanns til innheimtu slysabóta vegna afleiðinga slyssins, en hún var tryggð í slysatryggingu hjá V. Með tölvupósti 27. júlí 2023 tilkynnti þáverandi lögmaður hennar V um slysið. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að M hafi ekki virt lögbundna tilkynningarskyldu 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. M telur þessa synjun V óréttmæta og telur að fyrrgreindur ársfrestur hafi ekki verið liðinn þegar slysið var tilkynnt V. Óhugsandi er að M hafi verið kunnugt um varanlegar afleiðingar slyssins þann 14. janúar 2022 eða 25. febrúar 2022 líkt og V heldur fram. Á þeim tímamarki fékk hún enga staðfestingu frá kunnáttumanni þess efnis að hún hefði hlotið varanlegt mein við fallið. Vísar M til norskrar réttarframkvæmdar og dóms Hæstaréttar í máli nr. 7/2009, máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða V að M hafi átt að hafa vitneskju um að um varanlegan

áverka hafi verið að ræða þegar hún fór í aðgerð vegna kurlaðs ökklabrots hjá bæklunarlækni þann 14.01.2022. Ekki verði séð í gögnum málsins að bæklunarlæknir hafi með einhverjum hætti lofað M fullum bata með aðgerð. Þá bendir V enn fremur á að M var mjög verkjuð allt frá aðgerð og þurfti að fara í fyrstu enduráðgerð rúmlega þremur vikum síðar. Vísar V til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að V snúi bæði reglunni í 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga sem og sönnunarbyrðinni í málinu, alfarið á haus. Það sé V sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að M hafi haft vitneskju um að slys hefði varanlegar afleiðingar fyrir hana. Ekkert í gögnum málsins bendi til að M hafi verið meðvituð um varanlegar afleiðingar ökklabrotsins. Það segi sig sjálf að ef læknir M getur ekki metið hvort afleiðingar ökklabrotsins verði varanlegar fyrir en minnst ári frá maí 2022, geti M ekki haft raunverulega vitneskju um varanlegar afleiðingar mörgum mánuðum fyrir það tímamark. Vísar M til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar og Landsréttar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Aðila greinir á um við hvaða tímamark ætti að miða upphaf frests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 og hvort M hafi glatað rétti til bóta úr frítúmaslysatryggingu sinni hjá V. Samkvæmt ákvæðinu, glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð, eða við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá,

sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann. M varð fyrir slysi þann 10. janúar 2022 þar sem hún hlaut ökklabrot á hægri fæti. Gekkst M undir aðgerð vegna brotsins þann 14. janúar 2022 og vegna slæmra verkja gekkst M undir aðra aðgerð þann 9. febrúar 2022. Eftir þá aðgerð átti M að vera án ástigs í sex vikur. Við komu til bæklunarlæknis þann 11. maí 2022 gekk M með tvær hækjur og var í meðferð hjá sjúkraþjálfara. Við þá komu skráir læknirinn í göngudeildarnótu: „*Þarf að halda áfram í sjúkraþjálfun aktivri og fær upplýsingar um að það sé erfitt að meta hvað verður þar sem að þetta var mikið trauma á öklann og einnig hefur hún þurft að fara í reoperation og það taki minnst ár til þess að átta sig á hvað verður.*“ Í kjölfar þessa var frekara eftirlit ákveðið að fjórum mánuðum liðnum. Við þessa komu voru þegar liðnir fjórir mánuðir frá því slysið átti sér stað. Verður að telja að í síðasta lagi á þessum tímapunkti hafi M fengið vitneskju um þau atvik, sem krafa hennar er reist á og hefði átt að tilkynna tjón sitt til V. Var frestur M til að tilkynna tjón sitt til V því liðinn þegar tilkynning barst V þann 27. júlí 2023.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar, hjá V.

Reykjavík, 8. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 297/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V1)

Nafn varnaraðila (V2)

Heiti váttryggingar: Lögbundin ökutækjatrýgging.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Líkamstjón. Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

365. Málskot mótttekið 8. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
366. Athugasemdir V1, dags. 9. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
367. Athugasemdir V2, dags. 14. október 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 12. september 2022 var bifreiðunum A og B bakkað með þeim afleiðingum að þær rákust hvor á aðra. M var ökumaður A. Ágreiningslaust er að sök var skipt milli aðila. Í bréfi frá V2, dags. 14. október 2024, kemur fram að um lágorku árekstur hafi verið að ræða. Viðgerðarkostnaður vegna A var kr. 228.492. Í bréfi frá V1, dags. 9. september 2024 kemur fram að sá kostnaður sé til kominn vegna smá skemmda á afturstuðara A. Er þar jafnframt bent á að það verði að telja óumdeilt að um mjög vægt högg hafi verið að ræða og litla ákomu. Í gögnum málsins er ekki að finna upplýsingar um að viðgerð hafi farið fram á B. Eigandi B hefur ekki nýtt sér kaskó tryggingu bifreiðarinnar þar sem eigin áhætta er kr. 126.400. Á ljósmynd sem eigandi B sendi V2 virðist mega sjá að skemmdir á B voru litlar.

M krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda úr ökutækjatrýggingu hjá V1. Í málskoti segir M að hún þjáist enn þann dag í dag af líkamlegum kvillum af völdum árekstursins 12. september 2022. Vísar M nánar í fyrirliggjandi sjúkraskrá um líkamstjónið. Kemur sú skoðun fram í málskotinu að V1 geti ekki hafnað M með þeim rökum að atvikið sé ekki til þess fallið að valda líkamstjóni. Slíkt mat eigi að vera í höndum matsmanna.

V1 hafnaði kröfu M með þeim rökum að M hafi ekki tekist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Í athugasemdum, dags. 9. september 2024, vísar V1 til þess að í málinu liggja annars vegar fyrir sjúkraskrá frá heilsugæslu og hins vegar læknavottorð, dags. 30. júní 2023. Í vottorðinu segi m.a. eftirfarandi: „...kemur til að skrá áverka sem hún hlaut í bílslysi um daginn. Slysdagur: 13. september 2022 – kl. 14 ca. ...Hún fær áverka á hægri hlið, sveiflar höndum í loftinu og fær við það einnig verki í hæ. úlnlið þar sem hún fór í aðgerð vegna slitgigtar fyrir 1,5 ári. Einnig eymsli í herðum hæ. megin, hálsi og leiðir upp í hnakka og meðfram brjóstþrygg milli herðablaða hæ. megin. Stíf í öllum vöðvum hæ. megin á hálsi, hnakka og efst á baki.“ Einnig komi fram í sama vottorði: „Ekki fleiri komur vegna umrædds slyss og því ekki hægt að segja til um núverandi einkenni eftir slysið.“ Bendir V1 á að í sjúkraskrá M frá heilsugæslu fyrir tímabilið 12. september 2022 til 29. júní 2023 komi fram að samskipti M við heilsugæsluna á því tímabili hafi verið mikil vegna umkvartana um önnur einkenni en þau sem að framan greinir. Telur V1 að þegar gögn málsins séu skoðuð verði ekki talið að umrætt atvik sé til þess fallið að valda líkamstjóni því sem M rekur til árekstursins. Byggir V1 þetta mat sitt fyrst og fremst á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um umfang munatjónsins og því sem fram kemur í læknagögnum, en aðeins sé þar skráð ein koma vegna atviksins. Því telur V1 að ekki sé hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á mögulegum afleiðingum, hvort meiri eða minni líkur séu á að einkenni M tengist árekstrinum eða afleiðingum annarra atvika eða aðstæðna.

Í bréfi frá V2, dags. 14. október 2024, er því einnig hafnað að M hafi tekist að sýna fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamslegu einkenna sem hún vill tengja við þann atburð. Bendir V2 á að sönnunarbyrðin um þetta skilyrði hvíli á B. Þá metur V2 það svo að gögn málsins séu þess eðlis að ólíklegt sé að grundvöllur sé til staðar svo farið verði í að afla sameiginlegrar matsgerðar. V2 bendir einnig á að engin gögn liggja fyrir um fyrri heilsufar M auk þess sem fyrirliggjandi sjúkraskrá sýni fram á langa sögu um viðtæka verki M, þar með talið mikla sögu um verki undir höndum og aðgerðir á þeim auk sögu um slitgigt. Jafnframt komi fram í þeim takmörkuðu

gögnum sem liggja fyrir í málinu að M hafi einungis kvartað undan verkjum í herðum hálsi og baki fyrst eftir áreksturinn. Gögn málsins bendi því til þess að þeir verkir hafi ekki orðið varanlegir ef á annað borð tækist að sýna fram á tengsl þeirra við áreksturinn. Þessu til viðbótar bendir V2 á að sjúkrasaga M til dagsins í dag liggja ekki fyrir.

Álit.

Í málinu liggur fyrir sjúkraskrá M frá heilsugæslu fyrir tímabilið 15. september 2022 til 15. júní 2023 og vottorð, dags. 30. júní 2023, frá lækni sem starfar við þá heilsugæslu. Í vottorðinu kemur fram að í símtali 22. september 2022, upplýsti M lækninn um að hún hafi lent í bílslysi. M kom síðan til viðtals við lækninn 3. október. Þann dag eru skráð niður þau einkenni sem M byggir kröfugerð sína á. Í læknisvottorðinu kemur jafnframt fram að læknirinn hafi farið ítarlega yfir sjúkraskrá M í tengslum við skrif vottorðsins. Sjúkraskráin nær aftur til ársins 1994. Læknirinn tekur þó fram að M hafi einnig leitað til annarra lækna vegna slyssins og því geti verið að þær nótur komi ekki fram í vottorðinu. Að lokum er í vottorðinu að finna upptalningu á þeim atriðum tengdum fyrra heilsufari M sem læknirinn telur að gætu haft áhrif á afleiðingar slyssins.

Eins og að framan greinir eru fyrirliggjandi upplýsingar í málinu um heilsufar M fremur af skornum skammti og duga ekki að mati nefndarinnar til þess að það teljist sannað að rekja megi þau heilsufarslegu einkenni sem M kvartar yfir í dag til árekstursins. Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það því mat nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl milli árekstursins 12. september 2022 og þeirra einkenna. Hér ber M sönnunarbyrðina. Í þessu sambandi telur nefndin t.d. að þær upplýsingar sem þó liggja fyrir í málinu um fyrra heilsufar M sýni ekki fram á að þau einkenni sem um er deilt geti ekki að hluta eða fullu verið rakin til fyrri sjúkdóma eða slysa M. Framangreind niðurstaða leiðir til þess að M á ekki rétt á bótum vegna afleiðinga árekstursins 12. september 2022.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökutækjetryggingu ökutækis A hjá V1.

Reykjavík, 27. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 298/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Sjúklingatrygging

Vátryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið dags. 8. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
19. Bréf V, dags. 26. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
20. Bréf M, dags. 26. ágúst 2024.
21. Bréf V, dags. 30. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi leitað til A augnlæknis 15. júní 2021 til að fá reglulega augnsprautu í hægra auga. Á leiðinni heim hafi M fengið mikla verki í augað, ljósfælni, móðusýn og táraflæði. Í kjölfarið hafi skoðun A leitt í ljós að M hafi fengið stórt hornhimnuhár, miðlægt á hægra auga. Verkir og sjónmissir hafi ágerst og hafi M þá farið á Landspítala þar sem fram kom að hann hafi hlotið stórt hornhimnusár eftir augnsprautuna. M telur að stórt miðlægt sár á hornhimnu geti ekki talist eðlilegur fylgifiskur sprautumeðferðar í augað. Fram kemur að M telji að skilyrði bótaskyldu samkvæmt 1. tölul. 2. gr. sjúklingatryggingalaga sé uppfyllt. Í málskoti er vísað til aðstöðumunar tjónþola og lækna og erfiðrar sönnunarferðar í slíkum málum. Þá er vísað til þess að dregið hafi verið úr sönnunarkröfum sem almennt eru gerðar til tjónþola um sönnun á saknæmi með sjúklingatryggingalögum nr. 111/2000 og nægilegt sé að sýna fram á að tjón sjúklings sé að öllum líkindum að rekja til rannsóknar og meðferðar en ekki svo langt gengið að krefjast sönnunar um það.

Í bréfi V kemur fram að greina þurfi á milli sársins á hornhimnunni og þeirra varanlegu einkenna sem M telji að rekja sé til þess að sár hafi komið á hornhimnu hægra augans. Ekkert hafi verið komið við hornhimnuna þegar M hafi fengið sprautuna hjá A og ekkert við þá framkvæmd verið öðruvísi en hefðbundið er. V telur að versnandi sjón á hægra auga M verði ekki rakin til þess þegar A sprautaði lyfi í auga hans. Engin gögn hafi verið lögð fram um það. Ekki sé skýring á því hvers vegna gat kom á hornhimnu og að sjónskerðingin í kjölfar hornhimnusársins sé ekki rakin til sársins heldur sé að öllum líkindum um aðra skýringu að ræða en M búi við margvíslegan augnheilsuvanda. Í bréfinu er vísað til þess að skilyrði bótaskyldu samkvæmt sjúklingatryggingalögum séu tilgreind í 2. gr. laganna. Í athugasemdum frumvarpsins með greininni komi fram að skilyrði greiðsluskyldu sé að tjón tengist rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Það leiði til þess að skaðlegar afleiðingar sjúkdóms sem sjúklingur þjáist af fyrir falli ekki undir bótasvið laganna. Í seinna bréfi kemur fram að tjónþolar verði að sanna tjón sitt þegar krafa er gerð í sjúklingatryggingu þó svo að létt hafi verið á sönnunarbyrði í sjúklingatryggingamálum. Þá kemur fram að gögn málsins beri með sér að sjónskerðingu M sé að rekja til undirliggjandi sjúkdóms.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu er tilgreint að hvaða skilyrðum fullnægðum réttur til bóta stofnast úr sjúklingatryggingu. Í 1. tölul. 2. gr. kemur fram að greiða skuli bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í 4. tölul. kemur fram að tjón sem hljótist af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað sé að greina sjúkdóm og tjónið sé af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem sé meiri en svo að sanngjarn sé að sjúklingur þoli það bótaust. Engin matsgerð eða læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu sem staðreyna eða leiða líkum

að því að hornhinnusárið sé að rekja til meðferðar M hjá A. Verður samkvæmt því að telja ósannað að stofnast hafi réttur til bóta úr sjúklingatryggingu A. M á því ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 299/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

368. Málskot mótttekið 9. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
369. Bréf V1 dags. 18. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
370. Bréf V2 dags. 20. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 18. október 2023 hafi orðið árekstur á milli A, sem er í eigu M, en sambýliskona hans ók umrætt sinn og B við leikskóla í Hafnarfirði. Ökumaður A hafi verið að hleypa börnum út úr kyrrstæðri bifreiðinni þegar bifreiðinni við hliðina, B, var bakkað úr stæðinu með þeim afleiðingum að hún rakst utan í afturhurð A. Í tjónstilkynningu M til V1 segir nánar að B hafi bakkað á hurðina og næstum yfir ökumann A og börn hennar þegar þau voru að fara út úr A. Hafi ökumaður A náð að stöðva það að B æki hreinlega yfir þau með því að berja ítrekað í afturrúðu B og koma börnunum undan. Í ljós hafi komið að ökumaður B hafi verið svipt ökuréttindum ævilangt og hlotið dóm fyrir að aka undir áhrifum í skilningi IX. kafla umferðarlaga nr. 77/2019. Telur M að ökumaður B beri alla ábyrgð á umræddum árekstri þar sem hún hafi umrætt sinn ekið án gildra ökuréttinda og undir áhrifum slævandi lyfja auk þess sem hún hafi vanrækt að gæta að aðgæsluskyldu 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga

Ökumenn fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en ökumaður A tilkynnti lögreglu um atvikið hinn 24. október 2023. Í framhaldinu var tekin skýrsla af ökumanni B og lýsir hún atvikum svo að hún hafi verið að bakka mjög hægt úr stæði og á sama tíma hafi henni fundist eins og hurð hafi verið opnuð á B. Hafi henni þótt skrítið hversu æst ökumaður A var og hún hafi ekki séð neina ákomu á B. Í skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 3. apríl 2024, kemur einnig fram hjá ökumanni B að barn hafi opnað hurðina á A utan í B.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri alla ábyrgð á umræddu atviki enda bæri hún hallann af sönnunarskorti um það hurðin hefði verið opin í aðdraganda áreksturs.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, til nefndarinnar kemur fram að séu framburðir aðila lesnir saman og tekið mið af ákomum verði að telja að þegar ökumaður A bankaði í afturrúðu B hafi ökumaður B talið að hurð á A hafi verið opnuð á B. Er þá vísað til 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga þar sem segir að ef ökumaður ekur aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé hægt án þess að skapa hættu og óþægindi fyrir aðra. Í ljósi aðstæðna á vettvangi, rökkurs og annatíma við leikskóla, verði að gera enn ríkari kröfur til þess að farið sé eftir þeim áskilnaði. Í ljósi þessa beri ökumaður B sönnunarbyrði þess að hurð A hafi skyndilega verið opnuð á B og hafi slík sönnun ekki tekist. Beri B því alla sök á umræddum árekstri.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var váttryggjandi B, til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Rétt er að taka fram að þrátt fyrir fullyrðingar um slíkt í málskoti liggur ekkert fyrir um að ökumaður B hafi umrætt sinn ekið undir áhrif lyfja og með því gerst brotleg við ákvæði 1., sbr. 2., mgr. 48. gr. umferðarlaga. Þó fyrir liggi að hún hafi á tjónsdegi verið án ökuréttinda og hafi því gerst brotleg við 1. mgr. 58. gr. sömu laga verður þá ekki talið að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og þess að tjón varð.

Einskorðast mat nefndarinnar því við það hvort orsök árekstursins hafi verið sú að ökumaður A hafi umrætt sinn brotið gegn 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga um að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum eða sú að B hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga þar sem segir að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra.

Af gögnum málsins, þ.á.m. ljósmyndum, má ráða að A og B hafi verið kyrrstæðar á samsíða bifreiðastæðum í aðdraganda umrædds atviks. Sneri ökumannshlið A að farþegahlið B. Samkvæmt frásögn ökumanns B í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis var hurðinni á A lamið í þrígang utan í B og lenti hún á hægri afturljósi B. Sennilegra verður að telja, með hliðsjón af ákomum og staðsetningu bifreiðanna, að það sem ökumaður B heyrði hafi verið ítrekuð högg ökumanns A á afturrúðu B. Verður jafnframt að miða við að þegar áreksturinn átti sér stað hafi ökumaður A verið að hleypa börnum úr aftursæti hennar. Verður þá einnig að miða við að ökumaður A hafi stigið úr bifreiðinni ökumannsmegin og gengið eftir hlið hennar í því skyni að opna afturdynnar. Ekkert kemur fram um það í frásögn ökumanns B að hún hafi litið í spegla eða gengið með öðrum hætti úr skugga um að unnt væri að aka af stað án þess að skapaði hættu eða óþægindi áður en hún hóf aksturinn. Af frásögn beggja aðila má ráða að B hafi verið nýlega lögð af stað er atvikið átti sér stað. Með hliðsjón af því og líklegri afstöðu ökumanns A verður að telja að ökumaður B hefði átt að veita henni athygli hefði hún gætt nægilega að framagreindu. Verður jafnframt að telja að sérstök ástæða sé til aukinnar aðgæslu á bifreiðastæði við leikskóla þar sem ætla má að ökumenn opni afturhurðar til að hleypa börnum inn og út úr bifreiðum.

Hefur að mati nefndarinnar ekki verið sýnt fram á að ökumaður A hafi umrætt sinn brotið gegn 5. mgr. 28. gr. umferðarlaga um að opna skuli dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum.

Samkvæmt framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er það mat hennar að B beri alla sök á umræddu atviki.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddu atviki.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 300/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A), (B) og (C)****Sakarskipting.****Gögn.**

371. Málskot mótttekið 9. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
372. Bréf V1 dags. 26. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
373. Bréf V2 dags. 30. september 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 7. apríl 2024, varð hinn 1. apríl s.á. árekstur milli A, B og C á Vestfjarðavegi í Vattafirði á Barðaströnd. Kemur fram í lögregluskýrslu að þungfært hafi verið á vettvangi, ísing, hálka og skafrenningur. Var haft eftir ökumanni A að það hafi verið mjög blint á leiðinni og hann ekkert séð vegna mikils skafrennings. Skafl hafi verið á veginum en búið að stinga gegnum miðju hans. A hafi hægt á sér og verið á sinni akrein en skyndilega hafi bifreiðin B komið á móti honum. A hafi þá sveigt til vinstri og B sömuleiðis. A hafi vankast við árekstur A og B en rankað við sér og A þá verið úti í kanti á öfugum vegarhelmingi. Í kjölfarið hafi C ekið aftan á B og þaðan á A. Framburður M, sem var farþegi í A er sá að skyggni hafi verið mjög slæmt og snjóskafli á veginum hægra megin við A sem hafi gert veginn einbreiðan. B hafi birst skyndilega og A og B skolið saman. Í lögregluskýrslu er þá haft eftir ökumanni B að hann hafi verið á sínum vegarhelmingi en ekki séð mikið vegna veðurs. Mikill snjór hafi verið á veginum vinstra megin við B. Skyndilega hafi A birst fyrir framan B og bifreiðarnar skolið saman. Í kjölfarið hafi C ekið aftan á B. Farþegi í B bar fyrir lögreglu að mikil hálka hafi verið, skafrenningur og blint og skafl á veginum sem hafi gert hann einbreiðan. Ökumaður C lýsti atvikum svo fyrir lögreglu að hann hafi verið að aka suður Vestfjarðaveg á um 80 kílómetra hraða á klukkustund þegar hann tók eftir stærðarinnar skafl á veginum fyrir framan sig. B hafi verið ekið fyrir framan C og hafi C hægt á sér vegna aðstæðna og til að gefa B rými til að athafna sig, en vegurinn sem sé alla jafna tvíbreiður hafi í raun verið einbreiður vegna snjóþyngsla. Hafi C þá séð hvar A kom á móti B og hafi A stefnt beint framan á B þar sem vegurinn hafi í raun verið einbreiður. A og B hafi svo rekist saman og B nánast þverað veginn og hafi C rekist á hana. Farþegi í C staðfesti framburð ökumanns.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem sannað þætti að hann hefði ekið yfir á öfugan vegarhelming í aðdraganda áreksturs.

M, eigandi A, fellir sig ekki við þá afstöðu og byggir í málskoti á því að A hafi verið á réttum vegarhelmingi en B hafi ekið yfir á öfugan vegarhelming og á A. Beri B því alla sök á árekstrinum. Til vara fer M fram á að sök verði skipt til helminga enda liggi ekkert fyrir um staðsetningu og hreyfingu A og B í aðdraganda áreksturs, en þær hafi báðar verið fluttar til áður en lögregla kom á vettvang. Af framburði aðila sé ljóst að snjóskafli á veginum hafi gert hann einbreiðan. Ökumaður A hafi þá ætíð haldið því fram að hann hafi ekið á sinni akrein þegar B birtist skyndilega. Þegar árekstur varð hafi M verið farþegi í aftursæti. Vilji hún á rétta að mikill snjór hafi verið á báðum akreinum en ekki bara hægra megin við A.

Í bréfi V1, sem var á tjónsdegi váttryggjandi A og C er tekið undir röksemdir M, um að ummæli M fyrir lögreglu um að snjóskafli hafi þrengt að akrein A verði ekki skilin sem svo að ekki hafi verið sambærileg þrenging á hinni akreininni. Snjómoksturstaeki hafi verið við vinnu rétt hjá og hafi því hreinsun vegarins staðið yfir. Að öðru leyti sé erfitt að átta sig á aðstæðum og afstöðu bifreiðanna út frá framburðum aðila og fyrirbyggjandi ljósmyndum. Af framburðum aðila megi telja að báðir ökumenn hafi ekið varlega í aðdraganda áreksturs og báðir hafi talið sig aka eftir réttum vegarhelmingi. Þá hafi verið mjög slæmt skyggni og hvorugur ökumanna tekið eftir hinum fyrir en rétt áður en árekstur átti sér stað. Sé það mat V1 að skipta skuli sök til helminga milli A og B þar sem ekki sé tilefni til að leggja sök á annan ökumanna umfram hinn.

Bréfi V1 fylgdu þá tjonstilkynningar A og C og athugasemdir eiganda C, sem var ekki ökumaður eða farþegi í C umrætt sinn. Í tjonstilkynningu C segir að A hafi verið á öfugum vegarhelmingi og í fyrrgreindum athugasemdum kemur fram að ekki hafi verið búið að stinga í skafllinn miðjan enda hafi mokstursteiki verið búið að moka vinstri akrein frá A séð. Bréfi V1 fylgja þá einnig tvær afstöðuteikningar frá ökumanni C. Á þeirri fyrri teppir snjóskafli vegarhelming A sem af myndinni að dæma nálgast skafllinn frá öfugum vegarhelmingi. Snjóskafli þrengir þá einnig eitthvað að þeirri akrein sem B og C óku eftir, en þó miklum mun minna. Er þá merkt inn á myndina að C hafi verið ekið á 80 kílómetra hraða á klukkustund en í athugasemdum eigenda C er því mótmælt að ökumaður C hafi tilgreint þann aksturshraða fyrir lögreglu enda hafi aðstæður ekki boðið upp á svo mikinn hraða. Á hinni seinni virðist snjóskafllinn að mestu utan við akbrautina en A þó enn á röngum vegarhelmingi í aðdraganda áreksturs.

Í bréfi V2, sem var á tjónsdegi vátryggjandi B, er tekið undir niðurstöðu Tjónanefndar enda sýni gögn málsins, þ.á.m. framburðir ökumanna B og C, svo og M, með afdráttarlausum hætti að A hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming í aðdraganda áreksturs.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort A eða B hafi ekið yfir á öfugan vegarhelming í aðdraganda áreksturs. Fyrirliggjandi ljósmyndir af vettvangi virðast allar vera af tjóni á bifreiðunum en ekki er unnt að átta sig á afstöðu þeirra eða á aðstæðum á veginum, þ.á.m. hvað varðar stærð og staðsetningu skafli á veginum, af þeim. Verður því að byggja á frásögnum aðila, og koma þá helst til skoðunar upprunalegir framburðir þeirra fyrir lögreglu.

Af framburðum ökumanna fyrir lögreglu má ráða að þeim beri öllum saman um að aðstæður á veginum hafi verið erfiðar og snjóþyngsli mikil. Þá bera A og B að það hafi verið blint og þeir ekki séð mikið vegna skafrennings. Þeir segjast þó báðir hafa ekið eftir sínum vegarhelmingi. Þá ber ökumaður C fyrir lögreglu að vegurinn hafi verið einbreiður vegna snjóþyngsla og að hann hafi séð stærðar skafli á veginum nokkuð fyrir framan sig. Hafi hann þá hægt á sér vegna veðurskilyrða og svo B, sem var fyrir framan hann, hafi haft rými til að athafna sig. Að öðru leyti kemur ekki skýrt fram í framburði C hvað umræddur skafli var þó hann hafi síðar gert grein fyrir því með áður nefndum afstöðuteikningum. Í framburði C fyrir hjá lögreglu segir þá ekki beinlínis að A hafi verið á öfugum vegarhelmingi en þess er getið í tjonstilkynningu C til V1.

Í framburði ökumanns B kemur fram að vinstra megin við hann, þ.e. þá á vegarhelmingi A, hafi verið mikill snjór á veginum. Það samræmist framburði M fyrir lögreglu en þar segir að snjóskafli hafi verið á veginum hægra megin við A sem hafi gert veginn einbreiðan. Jafnframt samræmist það áður nefndir afstöðuteikningu ökumanns C.

Verður því að miða við að snjóskafli hafi verið á vegarhelmingi A og að ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er hann ók ökutæki sínu til hliðar og yfir á öfugan vegarhelming í þeim tilgangi að krækja fram hjá umræddum skafli. Ber A því meginsök á umræddum árekstri.

Hins vegar verður að telja að einhver þrenging hafi jafnframt verið á vegarhelmingi B, og samræmist það í raun framburði ökumanns C um að skafli hafi verið fyrir framan hann og að hann hafi hægt á sér m.a. í þeim tilgangi að gefa B rými til að athafna sig vegna skafilsins. Samræmist það einnig títtnefndri afstöðuteikningu C. Verður þá að líta til þess að blint var vegna skafrennings og B segist ekki hafa séð mikið vegna veðurs. Við þær aðstæður verður að telja tilefni til ítrustu varúðar en í framburði B segir ekkert um að hann hafi dregið úr hraða við þessar aðstæður og í tjonstilkynningu C til V1 segir að ökumaður og farþegi í C hafi ekki orðið vör við að B hafi „stigið á bremsuna“. Verður því að telja að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að þeirri ríku aðgæsluskyldu sem á ökumönnum hvílir við aðstæður sem þessar, sbr. og 4. gr. umferðarlaga. Ber hann því einnig nokkra sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 3/4 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 1/4 hluta.

Reykjavík, 15. október 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 301/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

- 374. Málskot mótttekið 14. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 375. Bréf V dags. 26. ágúst 2024.
- 376. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í alvarlegu slysi þann 3. júlí 2021 er hann féll 3,8 metra fram af rampi og lenti á steinsteyptri stétt. Í slysinu hlaut M alvarlegan höfuðáverka og m.a. blæðingu inn á heila og brot á höfuðkúpubotni. Vegna þessara einkenna hefur varanleg læknisfræðileg örorka hans verið metin 35% og hefur M fengið greiddar bætur úr slysatryggingu hjá V. Hefur M einnig gert kröfu um bætur úr sjúkdómatryggingu föður síns sem er einnig hjá V og byggir á því að áverkar hans uppfyllti skilyrði skilmála sjúkdómatryggingarinnar um heilaáfall/slag, sbr. ákvæði 2.e. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að um væri að ræða afleiðingar heilablæðingar vegna slyss. Sjúkdómatryggingin nái ekki yfir slys og er ekki hugsuð í þeim tilgangi. Ekki sé hægt að uppfylla bæði skilyrði sjúkdóms og slyss og gera kröfur í báðar tryggingar.

M telur að slysið hafi orsakað blæðingu á heila sem sé sjúkdómsástand sem falli undir skilmála sjúkdómatryggingarinnar og því sé bótaskylda til staðar úr tryggingunni. V hefði þurft að orða ákvæði skilmála sjúkdómatryggingarinnar með skýrari hætti, ef ætlunin hafi verið að undanskilja tilvik eins og það sem M varð fyrir úr tryggingunni. Þekkt sé að sú heilablæðing sem M hlaut orsakast yfirleitt af alvarlegum höfuðáverka eða vegna þess að æð í heila rofnar vegna slags og án þess að áverki hafi komið til. Í skilmálum sjúkdómatryggingarinnar sé hvergi tekið sérstaklega fram að heilablæðing sem megi rekja til slyss sé sérstaklega undanskilin bótaskyldu. Þvert á móti er ástandi lýst sem bæði getur orsakast af höfuðáverka slagi eða rofi á æð í heila.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telji skilmála tryggingarinnar alveg skýran. Bætur séu greiddar úr 4 bótaflokkum. Bótaflokkur 2 tekur til Hjarta- og æðasjúkdóma. Það sé því alveg ljóst að í þeim bótaflokki eru afleiðingar slysa ekki innifaldar. Þau tilvik sem M leggur áherslu á eigi við slys sem upp eru talin í bótaflokki 4. Skilmálinn sé skýr og þau meiðsli sem M hlaut við alvarlegt slys og var bótaskyld úr slysatryggingu sem var hjá V sé ekki bótaskyld úr sjúkdómatryggingu. Það tilvik sem um er rætt er ekki sjúkdómur heldur sjúklegt ástand í kjölfar alvarlegs slyss. Slysið er þó ekki eitt af þeim tilvikum sem talin eru upp í bótaflokki 4 og bótaflokkur 2 greiðir einungis bætur vegna hjarta- og æðasjúkdóma.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að slysið hafi í raun orsakað sjúkdómsástand sem falli undir ákvæði bótaflokks 2 og því sé hægt að líta svo á að um hjarta- og æðasjúkdóm sé að ræða sem hafi orsakast af slysi sem leiddi til alvarlegra höfuðáverka. Þá telur M að ekki sé hægt að túlka ákvæði 6.1 á þann veg að hugtakið tilvik nái einungis til þeirra atriða sem eru talin upp í bótaflokki 4 sem ber titilinn „Aðrir alvarlegir sjúkdómar og slys“. Þvert á móti sé hægt að leggja þann skilning að tilvik geti líka átt við hina bótaflokkana.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort heilablæðing sú er M hlaut eftir höfuðáverka í kjölfar falls fram af rampi þann 3. júlí 2021, falli undir bótaflokk 2.e. í 5. gr. skilmálasjúkdómatryggingar sem faðir M hefur hjá V. Óumdeilt er að samkvæmt skilmála váttryggingarinnar nær hún einnig til barna váttryggðs yngri en 18 ára og nema bætur 50% af váttryggingarfjárhæð. Á slysdagi var M 17 ára gamall og fellur hann því undir barnasjúkdómatryggingu sem er hluti af sjúkdómatryggingu föður hans. M hefur gert kröfu um bætur úr bótaflokki 2.e. sem tekur til heilaáfalls/slags sem skilgreint er svo: „Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en í sólarhring og felur í sér drep í heilavef, blæðingu eða blóðsega/blóðrek. Skilyrði er að einkenni varanlegra skemmda verði á miðtaugakerfi. Einkenni sem vara skemur en einn sólarhring eru undanskilin. Greiningin skal staðfest

af sérfræðingi í taugasjúkdómum.“ Af læknisfræðilegum gögnum málsins þykir ljóst að M fékk höfuðáverka og heilablæðingu í kjölfar slyssins þann 3. júlí 2021. Í matsgerð dags. 26. október 2023 sem unnin var af sérfræðingi í heila- og taugasjúkdómum hafa einkenni hans verið metin til 35% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Þar af eru 25% vegna vitrænnar skerðingar eftir heilaskaða, 3% vegna helftareinkenna og 7% vegna heyrnaskerðingar. Af framangreindu er ljóst að M hlaut í slysinu þann 3. júlí 2021 heilablæðingu sem uppfyllir þá skilgreiningu sem fram kemur í bótaflokk 2.e. Kemur þá til skoðunar hvort undanskilin sé heilablæðing sem orsakast af slysaatburði. Í grein 5.1 kemur fram að váttryggingin taki til eftirtalinna sjúkdóma og tilvika sem nánar er skipt í fjóra bótaflokka:

Bótaflokkur 1 – Krabbamein

Bótaflokkur 2- Hjarta- og æðasjúkdómar

Bótaflokkur 3 – Tauga- og hrörnunarsjúkdómar

Bótaflokkur 4 – Aðrir alvarlegir sjúkdómar og slys.

Í grein 6.1. kemur fram að váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann henti eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind í 5. gr. Í 8. gr. skilmálans þar sem fjallað er um barnasjúkdóma er að finna sambærilegt ákvæði í grein 8.1. Samkvæmt orðanna hljóðan verða fyrrnefnd ákvæði skilmálans ekki túlkuð á þann veg að heilablæðing í kjölfar slyss sé sérstaklega undanskilin í bótaflokk 2 né að slys geti eingöngu fallið undir bótaflokk 4. Hafi það verið ætlun V að undanskilja sjúkdóma sem eru afleiðing slysa frá bótaflokk 1-3 hefði V átt að taka það fram með skýrum hætti í skilmála tryggingarinnar. Hallann af óskýru orðlagi hvað þetta varðar ber V, sbr. túlkunarreglu 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 og almenna andskýringarreglur samningaréttarins. V getur því ekki hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónsatburðurinn falli ekki undir bótaflokk 2.e. í 5. gr. skilmálans.

Samkvæmt grein 6.5. í skilmála sjúkdómatryggingarinnar er váttryggður sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini rétthafi bóta úr barnatryggingu sjúkdómatryggingar. Í þessu tilviki er það faðir M. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki úrskurðað um rétt M til bóta úr sjúkdómatryggingu föður síns, heldur talið nægja að úrskurða að bótaréttur sé til staðar úr tryggingunni vegna heilablæðingar M. Rétt er þó að geta þess að V hefur ekki borið fyrir sig í samskiptum við lögmann M eða nefndina að M sé ekki réttur aðili að málinu.

Niðurstaða.

Bótaréttur er til staðar úr sjúkdómatryggingu föður M, hjá V vegna heilablæðingar er M hlaut í kjölfar slyss þann 3. júlí 2021.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafrænt undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 302/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Slysahugtak váttryggingaréttar.

Gögn.

377. Málskot mótttekið 15. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.

378. Bréf V dags. 9. september 2024/19. október 2023, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi tjonstilkynningu M, dags. 8. apríl 2024, kemur fram að M hafi fallið á heimili sínu þann 21. febrúar 2023 með þeim afleiðingum að lífbein og mjaðmagrind brotnuðu. Lýsir hún aðdraganda fallsins á þá vegu að hún hafi tveimur vikum fyrir slysið fengið uppáskrifað nýtt sykursýkislyf. Hafi henni liðið illa af lyfinu en verið sagt af hjúkrunarfræðingi að þetta myndi lagast ef hún tæki því rólega og myndi vera dugleg að drekka. Morguninn sem M féll hafi hún vaknað milli 11 og 11.30 og ætlað að sækja símann sinn sem var frammi í stofu. Hafi hún orðið ringluð líkt og hún væri í sykurfalli og dottið á vinstri hlið með fyrrgreindum afleiðingum. Í málskoti M kemur fram að hún telji að heimilistrygging sín eigi að bæta þetta tjon.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að á grundvelli tjonstilkynningarinnar verði ekki annað séð en að tilvikið falli ekki undir skilgreiningu greinar 26.2 í skilmálum váttryggingarinnar um slys, enda hafi ekki verið um að ræða utanaðkomandi atburð. Einkenni líkt og þau að fá sykurfall eða yfirlíð teljist ekki vera utanaðkomandi atburður, heldur séu það einkenni veikinda.

Álit.

Í skilmálum viðkomandi váttryggingar er hugtakið slys skilgreint í grein 26.2 með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Ágreiningur málsins snýr að því hvort líkamstjon það sem M varð fyrir, þann 8. apríl 2024, sé að rekja til utanaðkomandi atburðar eða innri orsaka. Í tjonstilkynningu sinni lýsir M aðdraganda tjonnsins með þeim hætti að hún hafi orðið ringluð og fallið. Af þeirri tjonstilkynningu má því ráða að orsök fallsins sé að rekja til innri orsaka og er ekki að sjá að neinn utanaðkomandi atburður hafi valdið því. Verður því ekki talið að umrætt atvik uppfylli það skilyrði slysahugtaksins að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjon úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 303/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

379. Málskot mótttekið 15. ágúst 2024, ásamt fylgiskjali.
380. Bréf V2, dags. 11. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
381. Tölvupóstur V1, dags. 30. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
382. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. október 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum varð árekstur með bifreiðunum A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2 á Reykjanesbraut til norðurs, við Stekkjarbakka. Ökumaður A kveðst hafa ekið frá Stekkjarbakka inn á Reykjanesbraut til norðurs með fyrirhugaða beygju til vinstri á gatnamótum við Bústaðaveg. Kveðst hann hafa skipt um akrein og var þá óþekktri bifreið ekið aftan á bifreið hans. Við áreksturinn snerist A og rakst utan í vegrið hægra megin. Hafi óþekktu bifreiðinni verið ekið af vettvangi. Vitni að árekstrinum elti óþekktu bifreiðina, sem reyndist vera bifreiðin B, að bifreiðastæði á Straumi. Þar hafði ökumaður yfirgefið hana og gengið að nálægu strætisvagnaskýli þar sem lögregla handtók hann vegna gruns um ölvun við akstur. Ökumaður B segir bifreiðina A hafa verið ekið í veg fyrir sig og að hann hafi orðið skelkaður eftir áreksturinn og því ekið af vettvangi. Kveðst hann ekki hafa ekið undir áhrifum áfengis, aðeins drukkið áfengi eftir að hann lagði bifreiðinni í bifreiðastæðið. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á umræddum árekstri fyrir að gæta ekki nægjanlega að annarri umferð við akreinaskipti. M, sem er eigandi bifreiðarinnar A, telur einsýnt að bifreið hans sé í fullum rétti.

V1, sem er váttryggingafélag A, telur að ökumaður B eigi að bera alla sök á umræddum árekstri. Við úrlausn málsins verði að líta til þess að ökumaður B var undir áhrifum áfengis þegar atvikið átti sér stað og braut með því gegn 2. mgr. 48. gr., 1. mgr. 49. gr. og 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ljóst sé að þegar ökumaður aki bifreið undir áhrifum áfengis, lengist viðbragðstími hans. Hefði ökumaður B verið allsgáður þegar árekstur varð, séu líkur fyrir því að hann hefði getað brugðist við aðstæðum og forðað því að árekstur varð. Þá vísar V1 til 5. mgr. 52. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að ökumanni er óheimilt að neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna í sex klukkustundir eftir að akstri lýkur ef ætla megi að lögreglurannsókn fari fram vegna akstursins.

V2, sem er váttryggingafélag B, kveðst vera sammála niðurstöðu tjónanefndar. Meginorsök árekstursins sé að rekja til þess að bifreið M var skipt um akrein og tók við það upp hemlunarvegalengd bifreiðarinnar B. Gerðist ökumaður A því brotlegur við 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga og við almenna háttisreglu 1. mgr. 4. gr. laganna. Þá telur V2 að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl á milli meints umferðarlagabrot ökumanns B og þess tjónsatviks sem varð.

Álit.

Óumdeilt er að ökumaður A hafi skipt um akrein í aðdraganda áreksturs. Einnig er óumdeilt að ökumaður B mældist með áfengi í blóði eftir áreksturinn en hann hafnar því að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Ekki liggur fyrir matsgerð frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði um ætlað áfengismagn í blóði ökumanns B um það leyti sem árekstur varð. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Af framburðarskýrslu sem fyrirtækið Aðstoð & öryggi tók af ökumanni A og af framburði hans hjá lögreglu, verður að miða við að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að fyrrgreindum áskilnaði umrætt sinn. Í framburði hans hjá Aðstoð & öryggi kemur fram að ökumaður A hafi skipt um akrein og strax í kjölfarið hafi verið ekið aftan á bifreiðina. Kvaðst ökumaður A hafa verið á um 70 km/klst. Í framburðarskýrslu hans hjá lögreglu kveðst hann ekki hafa séð neinn á vinstri akreininni þegar hann færði sig yfir, svo hafi örstuttu síðar verið ekið aftan á bifreið hans. Ákoma á bifreiðinni A eftir

bifreiðina B er aftan á vinstra afturhorni. Tjón á bifreiðinni B er aðallega á hægra framborni bifreiðarinnar. Styður það þá frásögn ökumanns B að bifreiðinni A hafi verið ekið í veg fyrir B. Getur ökumaður A ekki til um það hvort hann hafi gefið stefnumerki áður en hann skipti um akrein. Þrátt fyrir að ökumaður B hafi mögulega verið undir áhrifum áfengis við akstur umrætt sinn og með því brotið gegn 2. mgr. 48. gr. sbr. 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga, dugar það eitt og sér ekki svo sök á árekstrinum verði felld á hann. Orsakasamband þarf að vera á milli þess ástands og umrædds áreksturs. Af fyrirbyggjandi gögnum, einkum framburði ökumanns A, ákomum á bifreiðum, ökuhraða bifreiðar A, sem var undir leyfilegum hámarkshraða á vettvangi, sem og óvissu um stefnumerkjagjöf og mögulega ölvun ökumanns B á meðan áreksturinn átti sér stað, er ósannað að orsakasamband sé milli ölvunar ökumanns B og árekstursins. Því ber ökumaður A alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 304/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Sönnun tjónsatviks. Slysahugtak váttryggingaréttar.

Gögn.

383. Málskot mótttekið 15. ágúst 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.

384. Bréf V dags 4. september 2024, ásamt váttryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hugðist fljúga frá Keflavík til Manchester hinn 23. júní 2024 en flugi hans var frestað um sólarhring vegna rafmagnsleysis. M var váttryggður með greiðslukortatryggingu hjá V en í 31. gr. váttryggingarskilmála þeirrar váttryggingar segir meðal annars:

„Félagið greiðir bætur ef verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valda töfum á ferðum almenningsfarartækis og það leiðir til seinkunar á komutíma tryggðs til ákvörðunarstaðar.“

M telur að ferðatafir hafi orðið vegna atvika sem hann hafi ekki getað ráðið við og þess vegna ætti hann að fá bætur vegna þeirra.

V telur ástæðu ferðatafar M, það er rafmagnsleysi, ekki falla undir þær ástæður sem séu tæmandi taldar í 31. gr. váttryggingar hans og þar af leiðandi sé réttur til bóta ekki fyrir hendi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur fyrst og fremst að því hvort M eigi rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni vegna þess að brottför hans með flugi var frestað um sólarhring. Þær bætur sem helst koma til greina vegna þessara aðstæðna eru bætur vegna ferðatafar, en um þær er fjallað í 11. kafla váttryggingarskilmála V. Í 31. gr. eru tæmandi taldar þær ástæður sem geta leitt til greiðslu bóta vegna ferðatafa. Þær ástæður eru verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun.

Engin þessara ástæðna var ástæða þess að flugferð M var frestað hinn 23. júní 2024, heldur var það rafmagnsleysi. Ekki kemur fram að umrætt rafmagnsleysi hafi stafað af t.d. óhagstæðum veðurskilyrðum eða vélarbilun. Verður því ekki fallist á að M eigi rétt til bóta vegna ferðatafa úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 305/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Hundatrygging.****Váttryggingasamningur. Gildissvið.****Gögn.**

- 385. Málskot mótttekið 19. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 386. Athugasemdir V, dags 6. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 387. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. september 2024, ásamt 13 reikningum.
- 388. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M sem var með hundinn sinn tryggðan hundatryggingu hjá V sendi félaginu tilkynningu þess efnis að hundurinn hafi veikt 12. september 2023. Í tölvupósti, dags. 22. apríl 2024, hafnaði V bótaskyldu í málinu þar sem tilvikið félli ekki undir trygginguna.

Í málskotinu tekur M fram að fjölskyldan hafi ákveðið að tryggja hundinn 1. nóvember 2023. Telur M að í þeirri ákvörðun V að byggja neitunina á þeirri forsendu að hundurinn hafi fengið flogakast í september mánuði, þ.e. áður en tryggingin tók gildi, felist staðreyndavilla. Hið rétta í málinu sé að hundurinn hafi verið greindur með flogaveiki 12. janúar 2024, eins og staðfest sé í fyrirliggjandi sjúkdómavottorði frá dýralækni, dags. 26. febrúar 2024. Það sé þó rétt að hundurinn hafi áður verið hjá dýralækni vegna tilfallandi flogakasta vegna hinna ýmsu verkja sem hrjáðu hann. Þá tekur M fram að aðeins sé verið að fara fram á endurgreiðslu á kostnaði sem féll til eftir að tryggingin tók gildi. Krafa M í þessu máli snýst um útlagðan sjúkrakostnað vegna veikinda hundsins. Í viðbótarathugasemdum M, dags. 24. september 2024, segir að umrædd fjárhæð sé u.þ.b. kr. 300.000. Nefndin lítur því svo á að M krefjist viðurkenningar á bótarétti sínum úr tryggingunni en ekki sé um að ræða kröfu um tiltekna fjárhæð.

Í athugasemdum V, dags. 6. september 2024, er vísað til þess að borist hafi tónstilkynning frá M 22. febrúar 2024 þar sem fram kom að hundurinn hafi fengið flogakast í september 2023 og síðan þrisvar sinnum til viðbótar á sirka mánaðar fresti. Hafi hundurinn að lokum verið greindur með flogaveiki. M hafi gert kröfu um greiðslu sjúkrakostnaðar úr hundatryggingu sem M er með í gildi. V hafnaði bótaskyldu með vísan í gr. 5.1. í skilmála hundatryggingar þar sem undanskildar áhættur koma fram. Tekur V fram að ágreiningurinn í málinu snúist því að hluta til um það hvort tilvikið falli utan gildissviðs tryggingarinnar. Hvað þann ágreiningur varðar bendir V á að í málskotinu komi fram að áður en gengið var frá tryggingunni hjá V hafi hundurinn fengið flogakast, þ.e. í september 2023.

Eins og áður hefur komið fram tók hundatryggingin gildi 1. nóvember 2023. Í athugasemdum sínum bendir V á að í vottorði dýralæknis, dags. 10. september 2023, segir: „Hringt var á vakt. Fékk flogakast í nótt sem varði upp undir 5 mínútur, hefur verið ólíkur sjálfum sér og lítið borðað og ælt fyrir flogakastið.“ Einnig segi eftirfarandi í öðru vottorði frá dýralækni, dags. 12. janúar 2024: „[...] fékk flog í september, og fór þá á annan dýraspítala í skoðun. Hann fékk svo flog aftur 25.11.2023“. Með vísan í þessi vottorð fullyrðir V að það sé ljóst að undanþáguákvæði 5.1. gr. hundatryggingar eigi við í málinu.

Í athugasemdum sínum tekur V einnig fram að auk hins framangreinda ágreinings um gildissvið tryggingarinnar byggi félagið á því að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku váttryggingarinnar 2. nóvember 2023. Byggir V á því með vísan í 2. mgr. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga að vegna þeirrar vanrækslu M sé V heimilt að fella niður ábyrgð sína á tjóni M að fullu. Í þessu sambandi bendir V á að í beiðni um váttrygginguna hafi verið spurt hvort hundurinn hafi meiðst eða veikt á sl. 6 mánuðum og ef sú sé raunin um hvers konar meiðsli eða sjúkdóm hafi verið um að ræða. Þessu hafi M svarað játandi og síðan bætt við að hundurinn hafi líklega borðað eitthvað sem fór illa í hann. M hafi hins vegar ekki nefnt það að hundurinn hafi fengið flog í september 2023. Einnig hafi verið spurt að því í beiðninni hvort hundurinn sé fyllilega hraustur núna.

Bendir V á að þar hafi M merkt við já. Síðan vísar V í 2. mgr. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem fram komi að hafi váttryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Telur V að ef með beiðni M um hundatrygginguna hefðu fylgt upplýsingar um að hundurinn hafi fengið flog í september 2023, þ.e. áður en sótt var um trygginguna, hefðu slíkar upplýsingar haft áhrif á áhættumatið í tryggingunni og það hvort tryggingin hefði verið gefin út. Telur V að þessi ófullnægjandi upplýsingagjöf M eigi að leiða til þess að allur mögulegur bótaréttur M úr tryggingunni sé fallinn niður.

Í viðbótarathugasemdom M, dags. 24. september 2024, er því mótmælt að kostnaðurinn falli utan gildissviðs tryggingarinnar vegna orðalags gr. 5.1. Bendir M á að orðalag ákvæðisins sé óljóst og óskýrt, þar sé t.d. ekki að finna skýringu á orðinu sjúkdómur. Þá byggir M jafnframt á að á þeim tíma sem hinir bótaskyldu atburðir áttu sér stað hafi hundurinn ekki verið haldinn neinum sjúkdómi í skilningi þess ákvæðis. Hundurinn hafi því hvorki verið haldinn sjúkdómi áður en váttryggingin tók gildi né 30 dögum eftir það tímamark. Sjúkdómsgreining vegna flogaveiki hafi fyrst legið fyrir með vottorði dýralæknis, dags. 26. febrúar 2024. Þá fyrst hafi verið ljóst að um sjúkdóm væri að ræða. Með vísan í andskýringarreglu, sem M byggir á að hafi mikla þýðingu í váttryggingarétti, telur M að það beri að túlka óljóst og óskýrt orðalag gr. 5.1 V í óhag. V hafi samið skilmálanna einhliða. Þá hafnar M þeirri málsástæðu V að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína í skilningi 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004 við töku tryggingarinnar. Telur M sig ekki hafa vitað að hundurinn hafi verið haldinn sjúkdómi er sótt var um trygginguna. Ekki sé hægt að vanrækja upplýsingaskyldu um atriði sem ekki liggja ljós fyrir og M hafi ekki haft hugmynd um á því tímamarki sem um ræðir. Írekar M að sjúkdómsgreining lá ekki fyrir er sótt var um trygginguna og því ekkert í hendi um að skilyrðið í gr. 5.1 um sjúkdóm hafi þá verið uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdom V, dags. 12. nóvember 2024, er ítrekað að V telur með vísan í gildisvið gr. 5.1 í skilmálum hundatryggingarinnar að M eigi ekki rétt á að fá kostnað sinn greiddan úr tryggingunni. Bendir V á að tryggingin taki samkvæmt því ákvæði ekki til sjúkdóms sem upp hefur komið áður en váttryggingin tók gildi. Engu máli skipti í þessu sambandi hvenær hundurinn var fyrst greindur með sjúkdóminn af dýralækni, heldur skipti það eitt máli hvort sjúkdómurinn hafi verið kominn upp fyrir gildistöku tryggingarinnar. Telur V að gögn málsins séu skýr og ótvíræð um að hundurinn hafi fengið flogakast fyrir gildistöku tryggingarinnar þó svo að sjúkdómsgreiningin hafi farið fram eftir gildistöku. Það sé því ljóst að mati V að þar sem veikindin komu upp fyrir gildistöku tryggingarinnar taki tryggingin ekki til kostnaðar við sjúkdómsmeðferð hundsins. Til viðbótar ítrekar V þá afstöðu sína að ef M hefði upplýst félagið um fyrra flogakast hundsins við töku tryggingarinnar hefði tryggingin ekki verið gefin út. Kemur fram að V telur að M hafi í umrætt sinn vísvitandi vanrækt upplýsingaskyldu sína.

Álit.

Ágreiningurinn í þessu máli er tvíþættur. Í fyrsta lagi er ágreiningur um það hvort atvikið falli undir gildissvið hundatryggingarinnar, þ.e. gr. 5.1 í skilmálunum. Hvað þann þátt málsins varðar þá kemur fram í sjúkdómsvottorði frá dýralækni, dags. 12. janúar 2024, að hundurinn hafi fengið flog í september 2023. Hafi þá verið farið með hann í skoðun á dýraspítala. Hundurinn hafi síðan fengið annað flog 25. nóvember og komið í skoðun þremur dögum seinna. Þá hafi verið tekin blóðprufa og hundurinn skoðaður ítarlega. Öll gildi í blóðprufu hafi reynst eðlileg en hundurinn hafi verið mjög stífur í hnakkanum og átt erfitt með að sveigja sig. Grunur hafi verið um trauma við hnakka og ákveðið að reyna lasermeðferð og bakstera (Prednisolon). Hundurinn hafi síðan fengið nýtt flog 18. desember en þá hafi nýlega verið búið að lækka prednisolone skammt. Af þessum sökum hafi verið aukið við skammtinn á ný. Hundurinn fékk síðan fjórða flogið aðfaranótt 11. janúar 2024. Eftir það var ákveðið að láta hundinn á flogalyf (Phenoleptil).

V byggir á því að í gr. 5.1 í skilmálum fyrir hundatryggingu sem M var með hjá V, komi fram að eftirfarandi áhætta sé undanskilin., þ.e. falli utan gildissviðs tryggingarinnar: „Meðferð vegna meiðsla eða sjúkdóms, sem hefur komið upp áður en váttryggingin gekk í gildi, svo og sjúkdóms sem kemur upp innan 30 daga frá því að váttryggingin gengur í gildi, þ.m.t. meðfæddir og arfgengir kvillar eða sjúkdómar.“

M byggir á því að framangreint ákvæði sé bæði óljóst og óskýrt. Þannig sé t.d. óljóst hvernig beri að túlka skilyrði þessa ákvæðis um sjúkdóm. Hefur M byggt á því í málalíbúnaði að þar sem hundurinn

hafi ekki verið sjúkdómsgreindur við töku tryggingarinnar hafi hann ekki verið veikur í skilningi ákvæðisins á því tímamarki. V er á öndverði skoðun. M telur með vísan í andskýringarreglu að þessi óvissa eigi að leiða til þess að túlka beri ákvæðið með þeim hætti sem M byggir á enda hafi V samið skilmálana einhliða.

Nefndin hefur fallist á þau rök M að orðalag gr. 5.1 í skilmálunum mætti vera skýrara og að á þeim óskýrleika verði V að bera hallan. Því er fallist á þau rök M að tjón það sem um er deilt í málinu falli undir hundatryggingu M hjá V.

Seinni hluti ágreinings aðila snýr að þeirri spurningu hvort M hafi við töku tryggingarinnar vanrækt upplýsingaskyldu sína samanber 2. mgr. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í 20. gr. þeirra laga um takmörkun á ábyrgð félagsins vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu segir eftirfarandi:

„Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 19. gr. og váttryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð gagnvart honum.

Hafi váttryggingartaki með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta.

Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanræksla váttryggingartaka hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sök hans var mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.“

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að M hafi, þegar sótt var um hundatrygginguna 2. nóvember 2023, vanrækt að upplýsa V um fyrra og þáverandi heilsufar hundsins í ekki óverulegu mæli í skilningi 2. mgr. 20. gr. Jafnframt telur nefndin vanræksluna snúa að atriðum tengdum heilsufari hundsins, sem ástæða er til að ætla að hefðu haft áhrif á mat V á áhættu og það að leiðandi á mat á því hvort M stæði tryggingin til boða. V byggir á því að ef M hefði upplýst félagið um heilsufar hundsins með fullnægjandi hætti, þegar sótt var um trygginguna, hefði umsókninni verið hafnað.

Hvað framangreinda niðurstöðu varðar þá bendir nefndin á að þegar M sótti um trygginguna 2. nóvember 2023 svaraði hún því játandi að hundurinn hafi veikst á síðustu sex mánuðum og að hundurinn væri fyllilega hraustur þegar sótt var um. Hvað fyrri spurninguna varðar þá tók M fram að hundurinn hafi líklega borðað eitthvað sem hafi farið illa í hann. Nefndin telur að þegar horft er til fyrirliggjandi upplýsinga um heilsufar hundsins felist ótvírætt vanræksla á upplýsingaskyldu í framangreindum svörum M. Ekki síst telur nefndin einsýnt að M hafi mátt gera sér grein fyrir því að sú staðreynd að leita hafi þurft með hundinn til dýralæknis í september vegna floga, væri atriði sem upplýsa ætti V um og sem gætu haft áhrif á það hvort trygging fengist. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að framangreind vanræksla M leiði til þess að allur bótaréttur M úr tryggingunni sé fallinn niður. V var því heimilt að hafna bótakröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hundatryggingu hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 306/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Miskabætur.

Gögn.

389. Málskot mótttekið 14. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
390. Bréf V dags. 29. ágúst 2024.
391. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. ágúst 2024.
392. Viðbótarathugasemdir V dags. 2. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 8. nóvember 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við árekstur og sé hún enn að kljást við afleiðingar hans. Atvik hafi verið þau að bifreiðinni A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og í veg fyrir B en M var ökumaður hennar. Í beinu framhaldi hafi bifreiðinni C verið ekið aftan á B. Ágreiningslaust virðist að A beri sök á umræddum árekstri. Er þess krafist fyrir nefndinni að úrskurðað verði um bótaskyldu á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 enda hafi ökumaður A valdið líkamstjóni M af stórfelldu gáleysi. Stórkostlegt gáleysi hans hafi falist í því að hafa án fyrirvara ekið bifreið sinni yfir á öfugan vegarhelming gegn umferð úr gagnstæðri átt. Um fjölfarinn veg hafi verið að ræða þar sem búast megi við töluverðri umferð vegfarenda og því mikil hætta á tjóni af völdum fyrrgreindrar háttsemi. Hafi háttsemi A falið í sér verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa og falið í sér brot gegn 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 18. gr., 23. gr., 24. gr. og 2. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Af tjóni á bifreiðunum megi þá einnig draga þá ályktun að A hafi verið ekið yfir löglegum hámarkshraða og hafi það falið í sér brot gegn 36. gr. umferðarlaga. Er þá vísað til fordæma Hæstaréttar í málum 50/2004 og 502/2016 til stuðnings framangreindu. Framburð A fyrir lögreglu megi túlka sem svo að aðeins hafi verið um augnabliksathugunarleysi að ræða. Verði að skoða framburð A í ljósi hagsmuna hans af úrlausn málsins og hafi hann því ekkert sönnunargildi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi ekki tekið afstöðu til kröfu M á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga en það verði gert þegar matsgerð liggja fyrir en hennar sé að vanta á næstunni. Hafi kröfu M því ekki verið hafnað. Auk þess skorti á nauðsynleg gögn svo V geti tekið afstöðu en nauðsynlegt sé að matsgerð liggja fyrir. Vísar V í því samhengi til ummæla í greinargerð með lögum nr. 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum en þar segi m.a. að við mat á fjárhæð bóta skuli horfa til atvika hvers máls og sérstaklega til umfangs tjóns og sakar tjónvalds. Geri V því kröfu um að máli þessu verði, á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samþykkt nefndarinnar, vísað frá.

Í viðbótarathugasemdum M er afstöðu V mótmælt. Gögn um umfang tjóns séu þannig ekki skilyrði fyrir því að mögulegt sé að taka afstöðu til kröfunnar. Ekki sé farið fram á að nefndin úrskurði um fjárhæð miskabóta heldur aðeins að bótaréttur M sé viðurkenndur. Bótaréttur á grundvelli ákvæðisins sé þá ekki háður því að sýnt sé fram á umfang líkamstjóns heldur þurfi M aðeins að sýna fram á að því hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að félagið telji ekki liggja fyrir fullnægjandi forsendur svo unnt sé að taka afstöðu þar sem umfang tjóns sé eitt þeirra atriða sem þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að taka afstöðu til bótaréttar á grundvelli ákvæðisins. Er þá vísað til þess að 26. gr. skaðabótalaga feli í sér undantekningarákvæði sem beri að skýra þröngt og aðeins sé um heimildarákvæði að ræða. Ekki sé til staðar sjálfkrafa lögvarinn réttur til bótagreiðslna á grundvelli ákvæðisins jafnvel þó tjóni hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi heldur þurfi heildstætt mat, m.a. á umfangi tjóns, að eiga sér stað.

Álit.

Eins og að framan er rakið byggir V á því að ekki sé unnt að taka afstöðu til bótakröfu fyrr en matsgerð liggur fyrir. Beri því, á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samþykkt nefndarinnar, að vísa máli þessu frá. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 37/1999 segir að miskabætur á grundvelli ákvæðisins geti komið til viðbótar bótum fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón og/eða bótum fyrir varanlegan miska. Um fjárhæðir bóta segir svo: *Lögð er áhersla á að fjárhæðir*

bóta samkvæmt greininni eiga að ákvarðast samkvæmt því sem sanngjarnt þykir hverju sinni. Hafa skal m.a. í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Verður samkvæmt þessu að telja ljóst að gögn um umfang tjóns þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að ákvarða bótafjárhæð. Krafa M er hins vegar ekki sett fram sem krafa um tiltekna bótafjárhæð heldur krafa um viðurkenningu á rétti til bóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Getur nefndin ekki fallist á að matsgerð þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að taka afstöðu til þeirrar kröfu sem slíkrar og verður slíkri afstöðu ekki fundin stoð í lögskýringargögnum svo sem V byggir á. Kemur frávisun af þeim sökum því ekki til álita.

Svo miskabótakrafa M, skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, komi til álita þarf hún að sýna fram á að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns hennar. Þarf háttsemi ökumanns A því að hafa falið í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt má telja. Af gögnum málsins er ljóst að áreksturinn má rekja til þess að A fór yfir á öfugan vegarhelming en það eitt og sér felur ekki í sér stórkostlegt gáleysi. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið dags. 14. nóvember 2023, er haft eftir A að hann hafi ekið á um 40 kílómetra hraða þegar hann hafi hnerrað og því næst „rankað við sér við áreksturinn“. Eftir ökumanni C er haft að A hafi farið yfir á öfugan vegarhelming og hafnað á B. Eftir M er haft að hún hafi ekið á um 45 til 50 kílómetra hraða og ekki vitað fyrir en allt í einu að bifreiðin á móti, þ.e. A, hafi ekið framan á hana. Í sama streng tók farþegi í B. Ekkert liggur fyrir um að aksturshraði A hafi verið óeðlilegur miðað við aðstæður eða yfir löglegum hámarkshraða á vettvangi. Þá liggur fyrir að A var ekki undir áhrifum áfengis við aksturinn. Verður jafnframt að telja frásögn ökumanns A um að hnerri hafi valdið því að honum hlekkist á við aksturinn og sveigði yfir á öfugan vegarhelming trúverðuga. Er hún þá ekki í ósamræmi við þann framburð M og C að A hafi mjög skyndilega farið yfir á öfugan vegarhelming. Er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og verður því að hafna kröfu M um miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 307/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

12. Málskot dags. 14. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
13. Bréf V, dags. 10. október 2024.
14. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. nóvember 2024.
15. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. Nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að fara með barn sitt á leikskóla 19. desember 2022 og þegar hann hafi verið að fara niður tröppur að byggingunni hafi hann runnið í hálku og lent illa á bakinu. Þá hafi verið mokað og sandað og samkvæmt lýsingu starfsfólks anni snjóbræðslukerfið í tröppunum ekki álaginu þegar snjóí mikið heldur bræði það snjó næst steypunni og myndi þar klaka sem ekki sé sjáanlegur frá yfirborðinu. M hefur verið með verki í baki frá því slysið varð og átt erfitt með langar setur og gang. M byggir á því að aðstæður í tröppunum hafi verið hættulegar, ekki hafi verið búið að hálkuverja tröppurnar og því hafi M runnið og slasast. Tröppurnar hafi verið þekkt hættusvæði hjá leikskólanum og hafa verði í huga að foreldrar þurfi að fara með poka fullan af útifatnaði á mánudögum en þann dag hafi slysið orðið. Vísað er til 37. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og að leikskólanum hafi borið að sjá til þess að fullnægjandi hálkuvarnir væru til staðar á slysdegi svo þeir sem áttu leið um tröppurnar stafaði ekki hætta af. Einnig er vísað til þess að tryggja eigi öryggi og vellíðan barna og starfsfólks skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og að í 5. kafla handbókar um öryggi og velferð barna í leikskólum komi fram að gæta þurfi að því að þrep séu ekki hál og að huga eigi að hálkuvörnum í kringum leikskóla og að áður en starfsemi hefst þurfi að vera búið að hálkuverja. Þetta hafi starfsfólk vanrækt að gera með þeim afleiðingum að M slasast. M mótmælir því að hann hafi mátt vænta hálku og að starfsfólki leikskólans hafi verið fyllilega ljós slyshættan sem skapaðist. Þá hefði M mátt ganga út frá því að hálkuvarnir væru fullnægjandi á þeim tíma þegar hann átti þar leið um.

Í bréfi V kemur fram að það sé ekki þekkt vandamál að snjóbræðslukerfið anni ekki álaginu með þeim afleiðingum að það myndist klaki sem sé ekki sjáanlegur frá yfirborðinu heldur geti það gerst í einstaka tilvikum þegar snjóþungi er gríðarlegur að snjóbræðslukerfið hafi ekki undan. Því er hafnað að það sé unnt að byggja skaðabótaskyldu á því að á mánudögum sé foreldrar með poka fulla af útifatnaði og hendur þeirra oft bundnar. Það sé á ábyrgð hvers og eins að meta möguleika þess að ná öllu, það er barni og farangri þess, í einni ferð inn í leikskólann út frá aðstæðum hverju sinni. Að taka allt í einni ferð sé aukin áhætta sem sá ber sem tekur þá ákvörðun. Það var óvenjulega snjóþungt þennan morgun eins og komið hefur fram og augljóst að gæta þurfti sérstakar varúðar við gang. V telur að um eigið aðgæsluleysi M hafi verið að ræða sem hafi verið orsök slyssins

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í 5. kafla handbókar um velferð og öryggi barna í leikskólum kemur fram að mikilvægt sé að huga að hálkuvörnum í kringum leikskóla og að skýr verkaskipting þurfi að vera á meðal starfsmanna sveitarfélaga hvað hálkuvarnir varðar. Þá kemur fram að áður en starfsemi hefst í leikskóla þurfi að vera búið að hálkuverja. Það kemur fram í gögnum málsins að ekki hafi verið farið eftir þessum atriðum þegar M varð fyrir slysinu, þ.e. það var ekki búið að hálkuverja tröppurnar sérstaklega eins og tilefni var til. Með vísan til þess að A bar að sjá til þess að starfsmenn gættu að hálkuvörnum í kringum leikskólann ber A ábyrgð á slysi M en rétt þykir að M beri eigin sök að einum

þriðja hluta þar sem honum mátti vera ljóst að tröppurnar voru hálar enda vetraraðstæður og honum bar því að viðhafa almenna aðgæsluskyldu vegna þess.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V, en ber sjálfur einn þriðja (1/3) hluta tjónsins vegna meðábyrgðar sinnar.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 308/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.

Gögn.

393. Málskot mótttekið 19. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
394. Athugasemdir V, dags. 23. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.
395. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. desember 2024.
396. Viðbótarathugasemdir V, dags. 15. janúar 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X 27. febrúar 2023. Í málskoti, dags. 15. ágúst 2024, er slysinu lýst þannig að M hafi verið uppi í stiga við vinnu sína hjá X. Stiginn hafi runnið undan M með þeim afleiðingum að hann hafi fallið um fjóra metra til jarðar og slasast. Hafi M verið óvinnufær frá slysdegi til og með 31. mars 2023.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart sér þar sem rekja megi slysið til vanbúnaðar á vinnustaðnum. Með bréfi, dags. 23. febrúar 2024, hafnaði V skaðabótaskyldu X í málinu. Í því sambandi benti V m.a. á lýsingu á málsatvikum sem er að finna í tjónstilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 31. mars 2023. Þá var einnig tekið fram að M sem hafi verið búinn að vinna hjá X í þrjá mánuði fyrir slysið, hafi er hann hóf þar störf upplýst um að hann væri með sveinspróf í húsasmíði og byggji yfir mikilli reynslu af sambærilegum störfum og unnin eru hjá X. Þessu til viðbótar vísar V til þess að í fyrirliggjandi áhættumati fyrir verkþættina „vinna í stiga/tröppum“, komi fram að tryggja skuli járn sem standa upp úr steypu með timbri eða öryggishlífum. Einnig eigi að tryggja að tröppur og stigar séu í samræmi við hæð og samkvæmt EN131. Ekki eigi að standa í efsta þrepi stiga og að tryggja skuli tröppur þegar það eigi við. Einnig eigi að setja öryggisbatning á plötu með steypuskrúfum til að tryggja að stigi geti ekki runnið. Það sé því skýrt tekið fram í áhættumatinu hvernig starfsmenn eigi að bera sig að við vinnu eins og M vann í umrætt sinn. Byggir V einnig á að áhættumatið hangi uppi í fataklefa á svæðinu auk þess sem endurtekið hafi verið farið yfir það með starfsmönnum. Að lokum vísar V til þess að reglulega hafi verið framkvæmdar öryggisúttektir af hálfu verkkaupa.

V byggir einnig neitun sína á því að M hefði í umrætt sinn átt að nota staðbundna stiga sem bundnir voru við sliskjur frekar en að nota færanlegan stiga. M hafi hins vegar kosið að fara með lausan stiga undir sliskjurnar og með því háttalagi brotið gegn öryggisreglum og áhættumati. Engin hafi ráðlagt honum að haga störfum sínum með þessum hætti. Það skrifist því algerlega á M. Bendir V einnig á að annar starfmaður hafi verið að vinna með M í umrætt sinn og að sá hefði getað haldið við stigann ef M teldi hann ekki nægjanlega tryggan. Það sé því ekkert annað en eigin handvömm M sem geti skýrt slysið. Einnig tekur V fram að vitni geti staðfest háttalag M og því hefði rannsókn Vinnueftirlits engu breytt hvað málsatvik varðar. V hafnaði því einnig að slysið megi rekja til þess að X hafi með einhverjum hætti vanrækt að tryggja góðan aðbúnað eða öryggi á vinnustaðnum. Slysið verði því ekki rakið til gálausrar háttsemi sem X geti borið ábyrgð á.

Í málskoti, dags. 15. ágúst 2024, er lýsingu þeirri á tildrögum slyssins sem er að finna í tjónstilkynningunni til Vinnueftirlitsins mótmælt, enda vilji M meina að hún sé ekki sannleikanum samkvæm. Þá er áréttað að M hafi aldrei sagst vera með sveinspróf í húsasmíði. Í viðbótarathugasemdum M, dags. 27. desember 2024, segist M hafa verið búinn með samningstímann fyrir húsasmíðinn, þar sem hann starfaði undir handleiðslu meistara, en hafi átt eftir 2-3 áfanga til að klára sveinsprófið. M bendir einnig á að það sé hlutverk X að tryggja öryggi starfsmanna óháð því hvort þeir séu reynslumiklir eða ekki. Hvað röksemdafærslu V varðandi tilvist áhættumatsins varðar, byggir M á því að enginn búnaður hafi verið tiltækur á verksvæðinu sem hann hefði getað notað til að

binda eða festa stiga við mótið líkt og komi fram í áhættumatinu, Þá hafi enginn starfmaður verið til staðar til að halda í stigann fyrir hann. Að auki hafi engum starfsmanni verið fengið það verkefni að festa öryggisbatningar á plötu. M hafi því í umrætt sinn verið að sinna vinnu sinni með venjubundnum hætti og í samræmi við fyrirmæli frá X. Hann hafi aldrei verið upplýstur um þann búnað sem V vísar til í bréfinu frá 23. febrúar 2024. Þá dregur M í efa lýsingar í því bréfi á aðstæðum á slysdegi og ítrekar að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits fyrr en rúmlega mánuði eftir slysdag. Af þeim sökum hafi slysið ekki verið rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins eins og bar að gera samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Telur M að þetta eigi að leiða til þess að X verði að bera halla af skorti á upplýsingum um málsatvik sem sé afleiðing þess að rannsókn á slysinu fór ekki fram. Er vísað í dóm Landsréttar í máli nr. 217/2019 í þessu sambandi.

Í athugasemdum til nefndarinnar frá V, dags. 4. nóvember 2024, er röksemdum M í málskoti alfarið hafnað. Er bent á að í áhættumatinu sé skýrt tekið fram hvernig starfsmenn skuli bera sig að við vinnu eins og þá sem M vann á slysdegi. Þetta hafi öllum starfsmönnum verið kunnugt. Þá ítrekar V að M hafi átt þess kost að fara upp sliskjurnar í stað þess að notast við lausan stiga. Hann hafi hins vegar valið hið síðarnefnda, nokkuð sem feli í sér brot á öryggisreglum og áhættumati. Að nota lausan stiga hafi því ekki verið hefðbundið vinnulag. Þegar það hafi þó verið gert, þ.e. að nota lausan stiga, þurfti að tryggja að einhver gæti haldið við stigann. Þetta hafi M verið fullkunnugt um. Þá vísar V til vitnisburðar framkvæmdastjóra X, dags. 11. október 2024, þar sem hann segist m.a. hafa séð M úr fjarlægð skömmu fyrir slysið og ekkert litist á háttsemi M sem hafi verið stórhættuleg. Auk þessa tekur V fram að aðstæður á vinnustað hafi verið góðar. Þá ítrekar V þá fullyrðingu að M hafi við ráðningu sagst vera menntaður húsasmiður og hafi hann reglulega vísað í það sem hann hafi lært af meistara sínum í faginu. Hafi M fengið laun í samræmi við þessar upplýsingar um menntun sína. M hafi því verið fullkunnugt um hvert rétt vinnulag var en kostið að brjóta gegn því.

Í viðbótarathugasemdum frá M, dags. 27. desember 2024, er því m.a. hafnað að M hafi getað farið upp sliskjurnar til að vinna verkið eins og V heldur fram. Fullyrðir M að þvert á móti hafi eingöngu verið hægt að komast að þeim stað þar sem verkið var unnið í umrætt sinn með því að nota lausan stiga. Þá ítrekar M m.a. að slysið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 15. janúar 2025, er því mótmælt að X hafi vanrækt að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Er í því sambandi bent á að M hafi greint X frá því að hann hafi ekkert slasast. Þá hafi M ekki skilað inn óvinnufærnivottorði fyrr en 3. mars 2024. Hafi X tilkynnt um slysið í framhaldinu. Þá fullyrðir V að Vinnueftirlitið hefði ekki komið á staðinn og rannsakað vettvang ef tilkynning hefði borist innan sólarhrings frá slysi, enda hafi M greint X svo frá að hann hafi ekki slasað sig í fallinu. Með vísan til þessa telur V að ekki verði séð hverju það hefði breytt að tilkynnt hefði verið um slysið innan sólarhrings. Þá ítrekar V enn og aftur að M hafi við ráðningu sagst vera með sveinsbréf í húsasmiði og með mikla reynslu. Að lokum telur V að það sé óumdeilt að M hafi haft möguleika á að fara upp sliskjurnar í umrætt sinn til að vinna verkið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í gögnum málsins er að finna fleiri en eina lýsingu á atvikum. Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga, dags. 9. ágúst 2023, lýsir M því þannig: „Ég var að losa rós á steypumóti upp í 4 m hæð, undir sliskju. Er stigi sem var ekki bundinn hrynur undan mér.“ Þá er eftirfarandi lýsingu að finna í sjúkraskrá M, frá slysdegi: „Um 09:30 við vinnu hjá [...], upp í stiga sem stóð upp við vegg. Féll að hann telur 6 metra niður úr stiga lendir með við hlið og hendi á steypustyrktarjárn áður en hann fellur til jarðar.“ Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlitsins, dags. 31. mars 2023, er slysinu lýst

með eftirfarandi hætti: „Starfsmaðurinn stillir stiganum upp svo hann hallar of mikið. Er að negla nagla í gegn um mótið en er einnig í símanum í samtali. Stiginn rennur undan honum...“ Sambærilega lýsingu er að finna í undirrituðum vitnisburði framkvæmdastjóra X, dags. 11. október 2024. Í málskoti er svo tildrögum slyssins lýst með þeim hætti að M hafi í umrætt sinn verið að vinna uppi í stiga sem hafi ekki verið fastur. Stiginn hafi runnið undan M með þeim afleiðingum að hann hafi fallið niður um fjóra metra, lent á vinstri hlið, og slasast.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi:

„Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Eins og að framan greinir leitaði M til heimilislæknis á slysdegi og 3. mars 2023 skrifaðir lækirinn vottorð fyrir M þar sem fram kemur það mat að M teljist óvinnufær frá slysdegi til 10. mars 2023. Í gögnum málsins er einnig að finna vottorð þar sem M er einnig metinn óvinnufær tímabilið 13. til 31. mars 2023.

Eins og áður hefur komið fram var Vinnueftirlitinu tilkynnt um slys M 31. mars 2023, þ.e. rúmlega mánuði eftir slysdag. Nefndin telur að af framangreindu megi draga þá ályktun að X hafi ekki uppfyllt kröfur 1. mgr. 79. gr. framangreindra laga um að tilkynna beri um slys án ástæðulausrar tafar. Þegar svo háttar til, og ágreiningur er uppi í máli um atvik máls, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur að sú sé raunin í tilviki M. Því beri að leggja frásögn hans um atvik máls til grundvallar mati á því hvort bótaskilyrði teljist uppfyllt. Það þýðir þó ekki sjálfkrafa að það teljist sannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi. Nefndin telur hins vegar að framangreindur dráttur og sú staðreynd að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki tildrög slyssins frekar, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik yrðu nánar upplýst. Það gerði X ekki. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og vinnutilhögun snýr að atriðum sem ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn verður X því að mati nefndarinnar að bera hallan.

Nefndin telur að við mat á því hvort slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á, beri að miða við að M hafi í umrætt sinn verið að vinna í um fjögurra til sex metra hæð í stiga sem ekki var festur. Hafi stiginn runnið undan M með þeim afleiðingum að hann féll til jarðar og slasaðist. Ekki er að finna í gögnum málsins haldbetri lýsingu á aðstæðum eða ástandi stigans. Í málskoti er þó á því byggt að M hafi í umrætt sinn stillt stiganum upp með venjubúnum hætti til að komast efst í stigann, þangað sem hann þurfti að komast til að losa ró til að slá frá mótum.

Við mat á því hvort framangreind lýsing eigi að leiða til þess að saknæm háttsemi teljist sönnuð bendir nefndin á eftirfarandi. Í fyrsta lagi er ekki á því byggt í málinu að umræddur stigi hafi á einhvern hátt verið vanbúinn, þ.e. ekki hafi verið forsvaranlegt að hann væri í notkun á vinnustaðnum. Þá liggur ekkert fyrir um annað en að M hafi sjálfur gengið frá stiganum áður en hann fór upp í hann til að vinna umrætt verk. Þessu til viðbótar liggur fyrir í málinu staðfesting þess efnis að öryggisefirlit frá aðalverktaka (verkkaupa) hafi reglulega komið á byggingarsvæðið til að tryggja að undirverktakar fylgdu gildandi öryggisreglum og hafi menn verið minntir á þær reglur ef einhverju var ábótavant.

Í málinu byggir X jafnframt á því að áhættumat á þeim verkþætti sem um ræðir hafi hangið inni í fataklefa á svæðinu. Þar hafi m.a. verið að finna reglur um það hvernig eigi að tryggja örugga notkun á stigum. Ekki verður dregin sú ályktun af málskotinu að M mótmæli því að hann hafi vitað af þessum reglum um áhættumat. Hins vegar byggir M á því að hann hafi ekki haft aðgang að neinum þeim tækum á vinnustaðnum sem tryggt gætu það öryggi sem um er rætt í áhættumatinu. Þá fullyrðir hann einnig að í umrætt sinn hafi engum samstarfsmanni verið til að dreifa sem hefði getað haldið í stigann. Hann hafi því hagað stöfum sínum í samræmi við fyrirmæli vinnuveitanda.

Af framangreindri umfjöllun telur nefndin ljóst að talsvert skorti upp á að málsatvik liggi nægjanlega ljós fyrir. Telur nefndin jafnframt ástæðu til að ætla að ef X hefði hlutast til um að fullnægjandi rannsókn á tildrögum slyssins hefði farið fram strax í kjölfar þess, hefði mátt skýra þá mynd eitthvað.

Sú var ekki raunin, nokkuð sem veldur því að málatilbúnaður aðila felur að talsverðu leyti í sér orð gegn orði. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir telur nefndin að á því verði X að bera hallann. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu, séð í ljósi þeirrar lýsingar á tildrögum slyssins sem lögð verður til grundvallar, að ekki liggi annað fyrir en að M hafi hagað störfum sínum til samræmis við það sem hann mátti gera ráð fyrir að krafist væri af honum af hálfu vinnuveitanda. Fullyrðingar X um hið gagnstæða telur nefndin því, eins og málum er hér háttað, vera ósannaðar. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað. M á því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðatryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Ekki er í málatilbúnaði V vegna X, byggt á því að M eigi að bera tjón sitt að hluta sjálfur vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 310/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Frestur til lögfræðilegra aðgerða. Váttryggingasvik. Orsakatengsl.

Gögn.

397. Málskot mótttekið 19. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
398. Bréf V dags. 10. september 2024.
399. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
400. Bréf V2 dags. 5. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 23. október 2020 varð árekstur milli bifreiðanna A, en V var á tjónsdegi váttryggjandi hennar, og B, en V2 var á tjónsdegi váttryggjandi hennar, en samkvæmt tjónstilkynningu var M farþegi í þeirri síðarnefndu. Ágreiningu um bótaskyldu og sakarskiptingu var vísað til nefndarinnar með málskoti nr. 1/2021. Af atvikalýsingu í tjónstilkynningu mátti ráða að A (B í máli 1/2021) bæri sök á umræddum árekstri en V hafði hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að atvikum væri ekki rétt lýst í fyrirliggjandi gögnum. Nefndin taldi sér í ofangreindu máli ekki unnt að taka tillit til þeirrar afstöðu V og var úrskurðað um að A bæri alla sök á umræddum árekstri.

Í kjölfar árekstursins óskaði V eftir því að fyrirtækið Aðstoð og öryggi skoðaði ákomur á bifreiðunum nánar. Niðurstaða þeirrar skoðunar og álesturs af aksturstölvu A var sú að B hefði verið kyrrstæð, en ekki á hreyfingu eins og tjónstilkynning hafi borið með sér, við áreksturinn og að A hafi í tvígang, með 57 sekúndna millibili, verið ekið á hana í þeim tilgangi að auka ákomur.

Hinn 1. desember 2020 lagði V fram kæru á hendur M og annarra aðila að árekstrinum hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Kom í kærinni fram að V grunaði að hinir kærdðu hefðu sviðsett árekstur og í kjölfarið gefið rangar upplýsingar um atvikið í því skyni að fá greiddar bætur úr ábyrgðar- og kaskótryggingum A. Með bréfi dags. 6. desember 2023 var tilkynnt um þá ákvörðun lögreglustjóra að fella málið niður þar sem það sem fram kom við rannsókn þess þótti ekki nægjanlegt eða líklegt til sakfellingar. Sú ákvörðun var kærð til ríkissaksóknara með erindi dags. 19. desember 2023. Álit ríkissaksóknara sem kom fram í afstöðubrési embættisins dags. 13. febrúar 2024, var það að málið hefði ekki verið fullrannsakað af hálfu lögreglu og ekki verið teknar framburðarskýrslur af öllum hlutaðeigandi aðilum. Hins vegar var tekið undir röksemdir lögreglustjóra um erfiða sönnunarstöðu í málum af þessu tagi og afstaða ríkissaksóknara sú að ólíklegt yrði að teljast að frekari rannsókn mundi leiða til breyttrar sönnunarstöðu. Var því ekki talinn grundvöllur fyrir áframhaldandi rannsókn málsins og henni þar af leiðandi hætt, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Í málskoti kemur fram að M, sem eins og áður segir hafi verið farþegi hægra megin í aftursæti B, hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn, og sé þess getið í upphaflegri tjónstilkynningu. Hafi hann leitað til læknis strax á slysdegi og þá verið greindur með opið sár á höfði, tognun/ofreynslu á háls hrygg og sársauka við liðamót. Hafi m.a. verið til staðar þreifiefymsli í hægri öxl og yfir hægra viðbeini og hafi mat læknis verið það að líklegast þyrfti nánara mat á öxlinni. Þá liggi fyrir gögn frá endurhæfingarmiðstöð þar sem fram komi að M eigi erfitt með líkamlega vinnu vegna bakverkja en upphaf þeirra sé að rekja til bílslyss fyrir þremur árum. Hafi M sótt meðferð sjúkraþjálfara og annarra meðferðaraðila vegna þessa. Liggi þá einnig fyrir læknisvottorð dags. 7. júlí 2024. Komi þar fram að M hafi leitað til læknis hinn 22. mars 2021 og hafi hann þá verið að glíma við verki yfir miðjum hrygg og fengið útgefna beiðni vegna sjúkraþjálfunar. Hafi hann aftur leitað til læknis 2 febrúar 2023 og 2. maí 2023 vegna afleiðinga slyssins og þá fengið endurnýjaða sjúkraþjálfunarbeiðni. Dagana 8. og 9. júlí 2023 hafi M leitað á bráðamóttöku vegna bakverkja og hinn 12. júlí 2023 hafi Tryggingastofnun verið send umsókn um endurhæfingarlífeyri. Hafi M verið hraustur hvað stoðkerfi varði fyrir slysið og séu umræddir bakverkir helsta orsök takmarkaðrar vinnugetu hans. Hinn 16. október 2023 hafi M óskað eftir endurnýjun beiðnar um sjúkraþjálfun vegna viðvarandi bakverkja og í lok júní og byrjun júlí 2024 hafi M leitað læknishjálpar vegna höfuðverkja. Frá slysdegi hafi M einnig greinst með andlega vanlíðan, kvíða og svefntruflanir. Í fyrirliggjandi læknisvottorði segi þá að ólíklegt sé að

fullur bati náist. Byggir M á því að ósannað sé að lýsing hans á slysinu og afleiðingum þess sé röng og sé bótaskylda vegna líkamstjóns því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að bótaskyldu hafi verið hafnað með bréfi dags. 11. desember 2020 þar sem afstaða félagsins væri sú að ósannað væri að atvikið hafi orsakast með þeim hætti sem lýst var í tjónstilkynningu auk þess sem ósannað sé að M hafi verið farþegi í B þegar meint atvik hafi átt sér stað. Telji V þá að mögulegur réttur til bóta hafi glatast, sbr. 51. gr. og 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, enda hafi í fyrrgreindu bréfi verið tilkynnt um að unnt væri að skjóta afstöðu félagsins til nefndarinnar innan árs frá höfnun bótaskyldu. Af hálfu M hafi ekki verið farið fram á framlengdan frest til slíkra aðgerða. Vísar V þá til niðurstaðna Aðstoðar og öryggis er varðar atvik við áreksturinn. Hvað varði orsakatengsl milli einkenna M og atviksins eða atvikanna, en með öllu sé ósannað hvað hafi átt sér stað, þá telur V ekki sýnt fram á þau og sé málið allt með miklum ólíkindablæ. Fyrirliggjandi sjúkragögn séu afar takmörkuð og hafi M leitað til læknis vegna ósértækra einkenna frá baki sem komið hafi fram mörgum mánuðum eftir umrætt atvik og hafi hann ekki leitað aftur til læknis vegna þeirra einkenna sem hann lýsti við fyrstu komu til læknis hinn 23. október 2021. Þá séu engin gögn fyrirliggjandi um meðferð M hjá sjúkrahjálfa né um óvinnufærni hans, en fram komi í gögnum málsins að hann hafi verið starfandi við komu til læknis fimm mánuðum eftir umrætt atvik. Hvíli á M að sýna fram á tjón sitt og að það sé að rekja til bótaskylds atburðar og hafi slík sönnun ekki tekist.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að lögmaður hans hafi óskað eftir endurskoðun á afstöðu V hinn 18. mars 2021 og þá fengið þau svör að afstaða félagsins væri óbreytt „a.m.k. þar til lögregla hefur lokið rannsókn sinni á málinu.“ Í kjölfar þess að rannsókn lögreglu var felld niður hafi lögmaður M enn farið fram á endurskoðun afstöðu V og eftir nokkur samskipti hafi bótaskyldu verið hafnað að nýju hinn 11. júlí 2024. Verði að líta svo á að frestur til lögfræðilegra aðgerða hafi ekki byrjað að líða fyrir en við það tímamark. Er þá vísað til þess að einhliða öfluð skýrsla Aðstoðar og öryggis hafi lítið sem ekkert sönnunargildi í málinu svo og þess að óumdeilt sé að árekstur hafi orðið milli A og B. Er þá vísað til þess að fyrirliggjandi gögn málsins sýni fram á orsakatengsl milli einkenna M og umrædds slyss, en hann hafi reglulega leitað til lækna og sjúkrahjálfa auk þess sem fyrirliggjandi gögn staðfesti óvinnufærni og skerta starfsgetu.

V2 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

V byggir samkvæmt framansögðu í fyrsta lagi á því að málskot M til nefndarinnar sé of seint fram komið og hafi réttur hans til bóta glatast af þeim sökum en í 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að váttryggingafélag hafnar kröfu hans. Mögulegur réttur M til bóta hjá V er úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Sá sem er váttryggður í þeirri tryggingu er eigandi bifreiðarinnar en ekki sá sem krefst skaðabóta í skilningi skaðabótaréttar úr ábyrgðartryggingu, en M er einmitt í þeirri stöðu gagnvart V. Verður því ekki á því byggt að krafa M geti fallið niður með vísan til þessa ákvæðis og á það ekki við í málinu.

Hvað varðar tjónsatvikið sem slíkt þá er það mat nefndarinnar, sbr. og fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, að sýnt sé fram á að árekstur hafi orðið milli A og B. Í tjónstilkynningu vegna atviksins kemur þá fram að M hafi verið farþegi í B við áreksturinn. Er það þá ekki í ósamræmi við framburð ökumanns A að M hafi verið farþegi í B en hann segir karl og konu hafa verið í bifreiðinni. Samkvæmt tjónstilkynningu brotnaði rúða farþegamegin í B og samkvæmt skýrslu Aðstoðar og öryggis voru glerbrot á vettvangi. Þegar M leitaði á Læknavaktina eftir slysið var „fjöldi rispa á hægri vanga“ M sem getur samræmst framangreindu. Er það því mat nefndarinnar að nægilega sé sýnt fram á að M hafi verið í B þegar umrætt atvik átti sér stað.

Mælt er fyrir um rétt M sem farþega í B til bóta í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, en samkvæmt því ákvæði skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Jafnframt segir í 4. mgr. sömu lagagreinar að bætur fyrir líkamstjón megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Hvað varðar atvik að baki umræddum árekstri þá liggur fyrir að V telur að hann hafi verið sviðsettur í þeim tilgangi að fá greiddar bætur úr ábyrgðar- og kaskótryggingum A. Verður að taka undir V hvað það varðar að atvik árekstursins virðast hafa verið með nokkrum ólíkindum og hefur ekkert komið

fram sem hnekkir því sem segir í skýrslu Aðstoðar og öryggis um niðurstöðu álestrar úr aksturstölvu varðandi það að um tvo árekstra með nokkru millibili hafi í raun verið að ræða. Þá virðist töluvert ósamræmi hafa verið í framburðum aðila eftir því sem fram kemur í fyrirbyggjandi afstöðubréfi ríkissaksóknara dags. 14. febrúar 2024. Hvað sem því líður verður ekki litið fram hjá því að rannsókn lögreglu vegna málsins var hætt. Ekki verður þá talið sýnt fram á að M, sem samkvæmt framansögðu var farþegi í aftursæti B hafi haft ásetning til að fremja auðgunarbrot með framangreindum hætti. Verður þá ekki talið sýnt með hvaða hætti hann sem farþegi í aftursæti hafi haft bein áhrif á þá atburðarás sem leiddi til áreksturs, þ.e. með akstri eða eftir atvikum, eins og kemur fram í fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, kyrrstöðu B.

Samkvæmt öllu framansögðu liggur því ekki annað fyrir en að árekstur hafi orðið milli A og B og að M hafi verið farþegi í þeirri síðarnefndu. Liggur þá fyrir, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli 1/2021 að A bar sök á umræddum árekstri. Hefur þá ekki verið sýnt fram á að heimilt sé að fella niður bótarétt M á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, þ.e. á grundvelli þess að hann hafi verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Kemur þá til skoðunar hvort læknisfræðileg gögn málsins sýni fram á orsakatengsl umrædds atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess.

Fyrir liggur að M leitaði samdægurs á Læknavaktina. Var hann þá greindur með opið sár á höfði, tognun/ofreynslu á háls hrygg og mikil þreyfiemygli frá hægri öxl. Viðkomandi læknir vísaði M á bráðamóttöku og taldi þurfa frekara mat á öxl M. Engin gögn liggja fyrir varðandi það hvort M hafi farið á bráðamóttöku og hvort og þá hvaða, frekari rannsóknir hafi farið fram. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði dags. 7. júlí 2024 eru engar upplýsingar um fyrri stoðkerfiseinkenni, slys eða áverka í þeim gögnum sem viðkomandi læknir hefur aðgang að og bendi ekkert til að slík einkenni hafi verið til staðar. Engin heildstæð sjúkraskrá er þó meðal gagna málsins. Í umræddu vottorði kemur þá fram að M hafi leitað til læknis hinn 22. mars 2021 og þá lýst verkjum yfir miðjum hrygg og auknum bakverkjum undangengna mánuði. Hafi hann fengið beiðni í sjúkraþjálfun vegna þess. Hafi M þá leitað til læknis 2. febrúar og 2. maí 2023 til að endurnýja sjúkraþjálfunarbeiðni og komi þar fram að bakverkir séu enn til staðar en misjafnir. Þrátt fyrir þessar endurteknu beiðnir í sjúkraþjálfun liggja hvorki beiðnirnar sjálfar né nokkur gögn um þá meðferð fyrir nefndinni. Þá kemur í vottorðinu fram að M hafi verið sendur í starfsendurhæfingu hjá VIRK en þá einnig vegna andlegra kvilla auk fyrrnefndra bakverkja. Í fyrirbyggjandi tölvupósti um starfsendurhæfingu M kemur fram í hverju meðferðin sé fólgin og að eitt af því sem hindri atvinnuþátttöku M séu bakverkir og í beiðni læknis til VIRK komi fram að bakverkir hamli M við líkamlega vinnu. Engin frekari gögn liggja fyrir um umrædda meðferð. Samkvæmt fyrrgreindu læknisvottorði leitaði M á bráðamóttöku og á heilsugæsluvakt dagana 8. og 9. júlí 2023 vegna m.a. bakverkja, og voru bakverkirnir þá metnir viðvarandi. Hinn 12. júlí 2023 hafi þá verið send umsókn um endurhæfingarlífeyri til Tryggingastofnunar. Sú umsókn er ekki meðal gagna fyrir nefndinni en samkvæmt því sem fram kemur í vottorðinu var þar að finna endurritun af samskiptaseðli Læknavaktarinnar vegna komu M hinn 23. október 2020. Kemur þá fram að M hafi enn fengið sjúkraþjálfunarbeiðni hinn 16. október 2023. Þá kemur fram að M hafi um sumarið 2024 leitað endurtekið til læknis vegna höfuðverkja og þokusjónar.

Verður að taka undir með V varðandi það að fyrirbyggjandi gögn eru af nokkuð skorum skammti, sér í lagi sé litið til fjölda lækniskoma svo og þeirrar meðferðar sem M mun hafa verið vísað í. Þannig eru einu læknisfræðilegu gögnin fyrir nefndinni títtnefnt læknisvottorð og samskiptaseðill Læknavaktarinnar. Hvað sem því líður verður þó að telja sýnt fram á að meiri líkur en minni séu til þess að M hafi hlotið líkamstjón við atvikið, enda virðist hafa verið um töluverða ákomu að ræða og við fyrstu komu til læknis lýsti M töluverðum einkennum. Sú niðurstaða felur þó ekki í sér að tekin sé afstaða til umfangs þess tjóns eða að hvaða leyti það kunni að vera varanlegt, sbr. framangreinda umfjöllun um fyrirbyggjandi gögn, enda þarf að koma til mat hæfra og óvilhallra aðila á þeim þáttum.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 311/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

401. Málskot mótttekið 19. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
402. Bréf V dags. 10. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
403. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 7. mars 2024 hafi M verið lagður inn á sjúkrahús vegna ígerðar í heila af völdum bráðrar bakteríusýkingar hveirrar upptök voru óþekkt. M telur að bótaskylda úr sjúkdómatryggingu sé til staðar en fram kemur í skilmálum hennar að bætur séu greiddar greinst váttryggður með góðkynja heilaæxli. Í málskoti kemur fram að erfitt sé að finna nákvæma meinafræðilega skilgreiningu á hugtakinu æxli en gjarnan sé notast við þá skilgreiningu að æxli sé óeðlileg fyrirferðaraukning í vef þar sem ofvöxtur í vefnum og skortur á samhæfingu við aðlægan eðlilegan vef sé til staðar. M hafi greinst með „abscess“ og í eldri skilgreiningu sé miðað við að öll slík séu æxli. Þá skilgreini önnur váttryggingafélög en V „abscess“ eða sýkingar sérstaklega undir bótaliðum góðkynja heilaæxlis og tekið sé fram að þau séu undanskilin. Engu slíku sé að heilsa í skilmálum V. Hljóti því veikindi M að falla undir það að vera góðkynja heilaæxli og sé bótaskylda þar af leiðandi til staðar.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji veikindi M ekki falla undir skilgreiningu þeirra þátta sem eru bótaskyldir samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Í fyrirliggjandi sjúkraskrá M sé hvergi að finna sjúkdómsgreiningu sem falli undir bótaliði váttryggingarinnar. Jafnvel þó sjúkdómsgreining M feli að einhverju leyti í sér sambærileg einkenni og þeir sjúkdómar sem bótaskylda taki til nægi það ekki til þess að bótaskylda sé til staðar. Sjúkdómatrygging M taki til góðkynja heilaæxla, en æxli sé óeðlilegur frumuvöxtur sem myndist í vef líkamans og er annað hvort illkynja eða góðkynja. M hafi hins vegar greinst með sýkingu með graftarmyndun. Skilmálar váttryggingarinnar hafi að geyma tæmandi upptalningu á þeim sjúkdómum sem hún taki til og sjúkdómur M sé ekki þeirra á meðal.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að skilgreining á góðkynja heilaæxli sé ekki fastmótuð innan lækisfræði og geti verið erfitt að segja fyrir um hvaða tilvik falli innan og utan þess. Er þá vísað til skilgreiningar iðordasafns og fræðigreina. Með hliðsjón af því sem þar komi fram verði ekki annað sé en að sjúkdómsgreining hans falli undir skilgreiningu góðkynja heilaæxlis í þeim skilningi að ígerðin hafi verið æxli eða „fyrirferð vegna góðkynja nývaxtar“. V hafi þá viðurkennt að taugaeinkenni góðkynja heilaæxlis hafi verið uppfyllt. Venja sé fyrir því að ígerð eða „abscess“ flokkist sem góðkynja heilaæxli. Þar sem undanþágutilfelli séu tæmandi talin í skilmálum V verði M ekki látinn bera hallann af því að ígerð sé ekki þeirra á meðal. Sé bótaskylda því til staðar.

Álit.

Í skilmálum umræddrar váttryggingar segir að V greiði bætur vegna góðkynja heilaæxla, þ.e. heilaæxla innan höfuðkúpunnar sem ekki eru illkynja. Eru þá taldar upp í sex stafliðum sjúkdómsgreiningar sem eru undanskildar og eru ígerðir eða sýkingar ekki þar á meðal. Byggir M m.a. á því að þegar af þeirri ástæðu hljóti sýking sú sem hann fékk að leiða til bótaskyldu, enda hafi verið um góðkynja heilaæxli að ræða. Það hvílir á M að sýna fram á að í hans tilviki hafi verið um að ræða góðkynja heilaæxli samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar og snýr ágreiningur aðila að því atriði.

Fyrir liggur að M leitaði til læknis hinn 7. mars 2024, en þá hafði hann þjáðst af vaxandi höfuðverk í fjóra daga, átt erfitt með tal og fundið fyrir sjóntruflunum. Við myndgreiningu sást fyrirferð með aðlægum bjúg í heila. Virðist í upphafi hafa verið óvissa um hvort æxli eða „abscess“ væri að ræða en ítarlegri myndgreining sem framkvæmd var samdægurs leiddi í ljós að um stórt „abscess“ væri að ræða. Í kjölfarið gekkst M undir aðgerð þar sem stungið var á ígerð í heila og graftarvökvi fjarlægður. Frekari greining virðist þá hafa leitt í ljós að um streptococcus sýkingu væri að ræða og var aftur framkvæmd aðgerð á M og stungið á gróftinn. Virðist M þá hafa verið meðhöndlaður með sterum og

sýklalyfjum. Í fyrirliggjandi lækisfræðilegum gögnum kemur ekki fram að um góðkynja heilaæxli hafi verið að ræða né liggur fyrir neins konar mat eða álit lækis á því að svo hafi verið. Hefur M því ekki sýnt fram á að ígerð sú er hann fékk í heila falli undir það að vera heilaæxli, en að mati nefndarinnar verður gerður greinarmunur milli æxlis og ígerðar, þó einkenni sjúklings kunni að vera svipuð. Má þá telja að sú afstaða samræmist einnig almennum málskilningi.

M vísar þá til þess að í skilmálum annars vátryggingafélags séu sýkingar sérstaklega undanskildar bótaskyldu vegna góðkynja heilaæxla. Það hljóti að mati M að benda til þess að sýkingar sem sú er hann fékk teljist almennt vera góðkynja heilaæxli enda væri ella ekki tilefni til að undanskilja þær sérstaklega. Að mati nefndarinnar var sem fyrr segir ekki um að ræða góðkynja heilaæxli í tilviki M. Verður því ekki talinn sá vafi á því hvað falli undir það að vera góðkynja heilaæxli samkvæmt skilmálum V að tilefni sé til að fella ígerð eða sýkingu þar undir, þrátt fyrir framangreint orðalag í skilmálum annarra félaga.

Með vísan til alls framanritaðs hefur M því ekki sýnt fram á að um góðkynja heilaæxli hafi verið að ræða. Verður hann að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 312/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

5. Málskot móttakið 19. ágúst 2024, ásamt fylgiskjöllum.
6. Bréf V dags. 9. september 2024, ásamt fylgiskjali.
7. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var hinn 31. maí 2023 staddur í borginni La Paz í Bolívíu. Var hann með tösku um mittið. Í töskunni var GoPro myndavél, sími og smá fylgihlutir. Einhver hafi komið skyndilega að honum og skorið töskuna af honum án þess að hafa möguleika á að bregðast við. M tilkynnti V, sem er váttryggingafélag greiðslukorts M, um tjónið þann 9. júní 2023 og til lögreglu þann 10. júní 2023. V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 22. ágúst 2023 með vísan til k-liðar 22. gr. skilmálans þar sem M hafi ekki tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu innan sólarhrings. M er ekki sammála þessari niðurstöðu og telur að niðurstaðan sé leidd af forsendu sem ómögulegt hafi verið að uppfylla. Hann hafi ekki átt þess kost að tilkynna þjófnaðinn innan sólarhrings, vegna aðstæðnanna. Í fyrsta lagi hefði það teft öryggi hans í tvísýnu undir þessum kringumstæðum þ.e. í miðborg La Paz, sem hann þekkti lítið til, símalaus að auki. Ekki hafi verið hlaupið að því að finna lögreglustöð, eða þar til hæf yfirvöld í þessari borg. Þetta hafi heimamenn staðfest. Vísar M til niðurstöðu úr leit á ChatGPT sem staðfestir að erfitt sé að tilkynna tjón sem þetta til lögreglu. Hafi hann því ekki átt annan kost en að frest tilkynningu og freista þess að gefa lögregluskýrslu síðar eða við fyrsta tækifæri, sem hann gerði.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr greiðslukortatryggingu M. Höfnun V byggir á því skv. k-lið 22. gr. skilmálans var M að tilkynna um váttryggingaratburð til lögreglu innan sólarhrings eftir að hann á sér stað. Ákvæðið feli einnig í sér tiltekinn sveigjanleika þegar aðstæður séu með þeim hætti að rök standi til að lengja umræddan frest. Horfir V fyrst og fremst til þess að M tilkynnti ekki atvikið til lögreglu fyrr en tíu dögum eftir að þjófnaðurinn átti sér stað. Þá má ráða af lögregluskýrslunni að tilkynnt var um atvikið í borginni Uyuni sem er rúma 500 kílómetra frá La Paz. Hafnar V því að þau atriði sem M nefnir feli í sér réttlætningu á þessum gríðarlega tíma sem leið milli þjófnaðarinnar og tilkynningu til lögreglu. Hafi M lagt fram reikning fyrir nýjum síma sem dagsettur er þann 5. júní 2023, einnig staðsett í La Paz. Þrátt fyrir að hafa nýjan síma lét M líða fimm daga til viðbótar til að tilkynna um atvikið. Að lokum bendir V á að ChatGPT teljist með engu móti vera áreiðanleg heimild.

Í viðbótarathugasemdum sínum lýsir M því að megin rök hans tengist því að hann var að fara frá borginni og gat ekki brugðist við innan sólarhrings á þeim stað sem þjófnaðurinn átti sér stað. Hafi hann lýst réttmætum ástæðum fyrir því. Þegar hann hafi komið til borgarinnar aftur hafi fresturinn verið útrunninn hvort eð er. Telur hann óljóst í sínum huga, hvað teljist vera umfangsmikil töl. Nokkrir dagar til eða frá geri líklega engan gæfumun fyrir V. Þá bendir M á að hann hafi ekki verið að reyna að sanna neitt með notkun á ChatGPT, hann hafi einungis verið að nota að sem stoð við það sem heimamenn héldu fram.

Álit.

Ágreiningslaust er að tjónaatvikið, þjófnaður sem varð hinn 31. maí 2023 í La Paz, fellur undir gildissvið greiðslukortatryggingar sem M hafði hjá V. Ágreiningur þessa máls snýr einungis að því hvort undanþáguákvæði skilmálanna hafi eigi hér við. Samkvæmt k-lið 22. gr. skilmálans bætir tryggingin ekki: „tjón sem verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem tryggður hefur, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu, í því landi sem þjófnaður átti sér stað, sé þess kostur, innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.“ Ákvæðið verður að túlka með hliðsjón af 1. mgr. 28. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sem kveður á um að váttryggður skuli gera það sem nauðsyn krefur og með sanngirni má ætlast til af honum til að tryggja kröfu sína þar til váttryggingafélagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna. Í 4. mgr. sömu greinar segir jafnframt að hafi tjón orðið vegna þess að váttryggður hafi með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar

skv. 1-3. mgr. megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Við mat á því skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingarburð bar að og atvika að öðru leyti.

Í þessu samhengi hvílir sönnunarbyrðin á V um að sýna fram á að M hafi af ásettu ráði eða með stórkostlegu gáleysi vanrækt tilkynningarskyldu sína. Að mati nefndarinnar hefur M lagt fram trúverðugar og réttmætar skýringar á því hvers vegna hann gat ekki tilkynnt tjón sitt til lögreglu innan sólarhrings líkt og ákvæðið kveður á um. Var öryggi hans ógnað við aðstæður þar sem hann var orðinn símalaus og í ókunnugri borg. Auk þess hefur V ekki sýnt fram á að M hafi brotið gegn ákvæðinu með stórkostlegu gáleysi eða að vanræksla hans við tilkynningu til lögreglu hafi leitt til tjóns.

Verður þannig ekki talið að V hafi sýnt fram á að M hafi vanrækt skyldur sínar af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi né að tjónið megi rekja til vanrækslu M á tilkynningu til lögreglu. Í ljósi alls framangreinds, og eins og atvik þessa máls liggja fyrir nefndinni, verður að telja nægilega sýnt fram á M eigi rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 313/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

- 404. Málskot mótttekið 20. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 405. Bréf V dags. 29. ágúst 2024.
- 406. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við störf sín í þágu X þann 11. janúar 2022. Hafði M fengið það verkefni að flytja krana. Með honum var samstarfsfélagi hans A og verkstjórinn B. Þegar búið var að flytja krananna þurfti að taka fætuna undan krananum út. Kraninn hvíldi á timburstaurum en á einum stað sat hann aðeins undir legunni þannig að einn kranafótur fór ekki út. Gripið var til þess ráðs að nota drullutjakk, strekkjara og strappa til að ná kranafætinum út, án árangurs. Mótmælti M ítrekað ferlinu við framkvæmd verksins og lagði til aðra aðferð. Á það var ekki fallist af hálfu verkstjóra sem gaf M og samstarfsmanni hans þau fyrirmæli að nota meitil til þess að þvinga fótinn á krananum niður. Mótmælti M þessu við dræmar undirtektir og taldi M sig ekki geta gert annað en að framkvæma verkið eins og fyrirskipað var af verkstjóra enda var hann þá nýr í starfi. Lítið rými var fyrir starfsmenn að athafna sig og þar af leiðandi þurfti M að halda í meitilinn meðan samstarfsmaður hans sló á hann með slaghamri. Við eitt höggið skaut meitillinn í munn M og leitaði hann í kjölfar á bráðamóttöku Landspítala. Var hann óvinnufær í um viku eftir slysið. Vegna slyssins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þeirri kröfu var hafnað af hálfu V með bréfi dags. 19. október 2023.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni hans á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Fyrst og fremst byggir M á því að sú verkstjórn sem M fékk frá verkstjóra sínum á slysdegi, hafi verið ófullnægjandi með öllu og í ósamræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laganna máli sínu til stuðnings. Bendir M á að hann hafi aðeins unnið hjá X í um það bil viku þegar slysið átti sér stað og taldi sér ekki stætt á því að hafna því að vinna umrætt verk með þeim hætti sem fyrirskipað var. Í öðru lagi byggir M á því að X hafi ekki uppfyllt lögbundna tilkynningarskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, sbr. einnig 34. gr. reglugerðar nr. 920/2006. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar og almennum reglum skaðabótaréttar hafi það veruleg áhrif á sönnunarmat hvort sá sem tilkynningarskyldur er samkvæmt lögum, í þessu tilviki X, sinnir þeirri skyldu sinni. Hefur það verið túlkað með þeim hætti að það sé vinnuveitanda að bera hallan af því að málsatviks séu ekki nægilega upplýst vegna þess að rannsókn hafi ekki farið fram. Bendir M einnig á að hann fékk enga kennslu eða þjálfun áður en verkið var framkvæmt. Þar að auki var honum ekki kynnt áhættumat, hvorki fyrir þetta verk né önnur. Telur M samkvæmt framangreindu að tjón hans megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar og aðstæðna á vinnustað, sem voru ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.

V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, starfsmanna hans eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á. Mótmælir V lýsingu M á málsatvikum. Það liggja þó fyrir að slysið atvikaðist með þeim hætti að meitillinn sem M hélt á, hrökk úr hönd hans þegar slegið var á hann og hafnaði í andliti M. Vísar V til þess að X mótmæli harðlega þeirri lýsingu M að verkstjóri hafi verið á staðnum og gefið starfsmönnum ströng fyrirmæli um að framkvæma verkið með ákveðnum hætti, þvert á tillögur starfsmannanna sjálfra. Samkvæmt lýsingu X voru engar tillögur orðaðar af verkstjóra um hvernig verkið væri unnið, en M og samstarfsmaður hans ákváðu sjálfir hvernig verkið skyldi framkvæmt. Þá var verkstjóri ekki staddur við kranann, hvorki fyrir verkið né eftir verkið, enda um einfalt verk að ræða sem kallar ekki á sérstaka verkstjórn eða leiðbeiningar. Hafi M á grundvelli reynslu sinnar ekki þurft neinar sérstakar leiðbeiningar um hvernig verkið skyldi framkvæmt. Veki það furðu að M hafi

tekið þátt í verkinu við þessar aðstæður, ef hann taldi að um sérstaklega hættulegt verklag væri að ræða, sem hann myndi aldrei sjálfur viðhafa. Þá var engin þörf á að gera sérstakt áhættumat fyrir verkið, enda verði ekki gerð áhættumat fyrir þau verk þar sem menn eru vanir að meðhöndla handverkfæri með fullkomlega eðlilegum hætti. Að mati V er því ekkert sem bendi til þess að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða að aðstæðum eða verkstjórn hafi verið ábótavant. Hér sé því einfaldlega um óhappatilvik að ræða, sem engum verði um kennt, enda engin saknæm og ólöglegt háttsemi sem leiddi til tjóns M. Varðandi skort á tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá nái viðsnúin sönnunarbyrði eingöngu til þeirra þátta sem hefði verið hægt að upplýsa betur um, ef vinnueftirlitið hefði komið á staðinn og rannsakað aðstæður. Möguleg rannsókn vinnueftirlitsins hefði litlu bætt við lýsingu á málsatvikum þ.e. að M hafi slasast þegar meitill sem hann hélt á, krökk úr hönd hans og hafnaði í andliti hans. Viðsnúin sönnunarbyrði snýr því ekki til allra staðhæfinga málskotsaðila um aðstæður á vinnustaðnum, umhverfi og aðstæður, þ.e. ef þær staðhæfingar eru ekki studdar gögnum.

Í viðbótarathugasemddum M er vakin athygli á að X hafi ekki hafnað því að umræddur verkstjóri sé bróðir eiganda X og samstarfsmaður M þennan dag sé jafnframt frændi bræðranna, sem kann að hafa áhrif á þann framburð sem X býður upp á. Hvort sem M taldi sig þurfa leiðbeiningar eða ekki sé staðreyndin sú að honum voru gefnar leiðbeiningar, af verkstjóra verksins, sem hann taldi sér skylt að fylgja.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M frá vinnu í um eina viku eftir slysið þ.e. frá 11 – 18. janúar 2022. Þannig er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulausrar tafar. Það var ekki gert og samkvæmt tölvupósti frá Vinnueftirlitinu dags. 15. júlí 2022 hafði slysið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og voru tildrög slyssins því ekki rannsökuð af eftirlitinu. Með vísan 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í máli því sem hér um ræðir greinir aðila á um það í fyrsta lagi hvort verkstjóri hafi verið á vettvangi slyssins og í öðru lagi hvort það hafi verið umræddur verkstjóri sem gaf M og vinnufélaga hans fyrirmæli um hvernig vinna ætti verkið þ.e. að þeir ættu að nota slaghamar og meitil til þess að losa fót kranans í stað þess að lyfta honum upp. Telja verður að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði varpað ljósi á vinnuáðstæður á vettvangi og þá einnig hvort það verklag sem viðhaft var umrætt sinn hafi verið forsvaranlegt með tilliti til öryggis starfsmanna. Verður að leggja það sem haft er eftir M til grundvallar um málsatvik vegna vanrækslu X á tilkynningu til eftirlitsins. Er þá einnig horft til þess að starfsmaður X undirritar tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands þann 14. júní 2022 þar sem finna má eftirfarandi lýsingu á tildrögum og orsök slyssins: „Slysið átti sér stað þegar verið var að taka út löpp á byggingarkrana sem stóð á sér. Til þess að reyna að þvinga löppina niður ákvað verkstjórinn ásamt öðrum starfsmanni að nota hamar og meitil til þess að þvinga fótinn niður. Við höggið skaust meitillinn í andlitið á umbjóðanda okkar.“ Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Verður X að bera hallan af sönnunarskorti um hvort þessa hafi verið gætt í aðdraganda slyssins. Verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1 október 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 314/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Vátryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

- Málskot, móttaki dags. 22. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 9. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 8. desember 2022 við vinnu sína í nýbyggingu við G. M hafi verið að ná í verkfæri í bíl og þegar hún hugðist ganga upp tröppur sem voru gerðar úr vörubrettum rann hún í hálfu sem höfðu myndast á brettunum og lenti illa á gangstéttarbrún. Í slysinu varð hún fyrir meiðslum og fór í aðgerð á þumalfingri. Fram kemur að V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að A hafi ekki verið með starfsemi í fasteigninni og starfsmenn ekki verið á ábyrgð þess þegar slysið varð og því hafi A ekki verið atvinnurekandi í skilningi laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M byggir á því að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar og hættulegar þeim sem þangað komu. Vörubrettum hafi verið raðað upp sem tröppum en þeir sem hafi átt leið þar um hafi átt að geta treyst því að frágangur og viðhald þeirra væri með þeim hætti að ekki skapaðist hætta fyrir gangandi vegfarendur. M byggir á því að athafnaskylda hafi hvílt á A til að gera allar mögulegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu á umræddri gönguleið. Fram kemur í málskoti að samkvæmt 2. mgr. 6.1.1. gr. byggingareglugerðar nr. 112/2012 skuli tryggja öryggi fólks innan bygginga og á lóðum þeirra. Þá skuli skv. 1. mgr. 12.10.1. gr. aðkoma að hverri byggingu, bílastæði og almenn göngusvæði að og við byggingu þannig staðsett og frágengin að aðgengi að byggingunni sé auðvelt öllum og ekki skapist slyshætta á svæðinu. Í 2. og 3. mgr. segi að yfirborðsefni á lóðum skuli valið þannig að hálkuvíðnám þess henti við þær aðstæður sem það er notað. Þá séu tröppur úr vörubrettum ekki í samræmi við ákvæði reglna nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Samkvæmt reglunum skuli umferðarleiðir vera þannig útbúnar að þær megi nota á öruggan hátt þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af. Þá kemur fram í málskoti að slysið hafi ekki verið rannsakað af Vinnueftirlitinu eins og bar að gera og að A hafi borið að tilkynna slysið strax til þess að hægt væri að rannsaka. M telur að sökum þessa verði A að bera hallann af vafaatriðum og sönnunarskorti. M mótmælir því að engin starfsemi hafi verið á vegum A á slysstað heldur hafi þvert á móti verið þar einn starfsmaður sem hafi spurt hana í kjölfar slyssins hvort það væri í lagi með hana. Þá getur M ekki fallist á það að fasteignin hafi verið ófrágengin og af þeim sökum sé ekki unnt að vísa til ákvæða byggingareglugerðar. M telur að A hafi borið að tryggja öruggt aðgengi að fasteigninni þrátt fyrir að framkvæmdir á eigninni hafi verið ókláraðar. M bendir á að ein íbúð hafi verið tekin í notkun á slysdegi og þess vegna sé ekki unnt að fallast á þá staðhæfingu V að um byggingarsvæði hafi verið að ræða.

Í bréfi V kemur fram að fasteignin G hafi verið í byggingu þegar slysið gerðist og eðli málsins samkvæmt sé ekki hægt að gera þá kröfu að lóð fasteignar sé fullfrágengin meðan á byggingu hennar standi og því ekki hægt að byggja meinta sök A sem fasteignareiganda á því skilyrði byggingarreglugerðar nr. 11/2012, um aðgengi byggingar og frágang lóða, hafi ekki verið uppfyllt enda miðist byggingarreglugerðin við að byggingar séu fullfrágengnar og teknar í notkun eftir lokaúttekt. Í þessu tilviki hafði lokaúttekinn ekki farið fram og fasteignin ennþá á byggingarstigi og ekki tekin í notkun sem íbúðarhús. V hafnar því að aðstæður fyrir framan bygginguna hafi með einhverjum hætti verið óforsvaranlegar eða hættulegar. Engin gögn hafi verið lögð fram um aðstæður á slysstað aðrar en lýsingar M á slysinu og aðstæðum. A hafi hafnað því að hafa verið með starfsemi á staðnum enda aðeins eigandi fasteignarinnar og hafi M ekki sýnt fram á með gögnum eða öðrum rökum að svo hafi verið. Samkvæmt A hafi eina starfsemin á verkstað þegar slysið átti sér stað verið á vegum vinnuveitanda M. V telur að ekki unnt að byggja meinta sök A á því að aðstæður hafi verið ófullnægjandi og að A hafi borið ábyrgð á þeim vanbúnaði enda ósannað að aðbúnaður við fasteignina

hafi ekki verið í samræmi við byggingarreglugerð eða ákvæði laga nr. 46/1980. Í bréfi V kemur ennfremur fram að ekki sé unnt að telja að A hafi verið skylt að tilkynna slys M á grundvelli laga nr. 46/1980. Þá hafi A ekki fengið upplýsingar um að M hafi orðið fyrir slysi og hafi því ekki haft tök á því að tilkynna atvikið innan þess frests sem tilgreindur er í lögnum enda hvíli tilkynningarskyldan á vinnuveitanda starfsmanns sem slasast. V telur því að ekkert bendi til þess að A geti borið skaðabótaábyrgð á slysi M þar sem hvorki A né starfsmenn hans hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmeta háttsemi sem hafi leitt til slyssins.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um það hvort A beri ábyrgð á því að M slasaðist við vinnu sína. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að slys hennar sé að rekja til saknæmra og ólögmetra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem það eða starfsmenn þess bera ábyrgð á. Það liggur fyrir að A var eigandi fasteignarinnar þar sem slysið varð. Ekki liggja fyrir neinar myndir um aðstæður á slysstað né önnur gögn sem staðreyna hvernig slysið bar að. Gegn neitun A telst ekki sannað að starfsmaður á vegum A hafi verið á staðnum á slysdegi. Jafnvel þótt M hafi runnið í hálku á vörubrettum sem mynduðu tröppur hefur M ekki sýnt fram á að A beri sök á aðstæðum á slysstað. Með vísan til framangreinds er slys M ekki bótaskyldt hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V.

Reykjavík, 8. október 2024.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 316/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Veitur.****Gögn.**

407. Málskot mótttekið 23. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
408. Bréf V dags. 23. september 2023, ásamt fylgiskjölum.
409. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 27. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
410. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 7. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að c.a. hinn 11. maí 2024 hafi orðið vart við leka í húseign M í Vestmannaeyjum. Í ljós hafi komið að leki hafi stafað frá heitavatnslögn í eigu X utan við húseign M og hafi heitt vatn komist inn í grunn og kjallara húseignar M og þannig hafi húseignin skemmt.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þar sem það sé þekkt staðreynd í Vestmannaeyjum að á mörgum samskeytum heitavatnslagnar X, sem sé frá áttunda áratugnum, hafi frágangur verið ófullnægjandi frá lagningu hennar með þeim afleiðingum að vatn hafi komist að lögninni, tært hana upp og valdið leka. Heitavatnslögnin sé því gölluð. Þannig hafi X brugðist við þegar leka hafi orðið vart og gert við þegar hann hafi komið upp en ekki við haft fyrirbyggjandi ráðstafanir. M vísar til bréfs pípulagningarameistara máli sínu til stuðnings þar sem komi fram að það sé þekkt vandamál að frágangur við mörg samskeyti á vatnslögnum hafi verið ófullnægjandi í upphafi og það komi einnig fram að skemmdir á húseign M séu vegna stofnlagna X. Einnig er vísað til þess að umræddur pípulagningarameistari þekki vel til lagnarinnar sem slíkrar. Einnig er vísað til greinargerðar tæknifræðings um hitaveitukerfið þar sem komi fram að borið hafi á því að lagnir X hafi gefið sig á samskeytum og það hafi ekki komið fram á yfirborði fyrir en síðar. Einnig er vísað til þess í greinargerðinni að húseign M sé nálægt klöppum og því hafi vatn ekki lekið niður í jarðveg heldur runnið ofan á klöppinni og þannig inn í húseignina. Við þessar aðstæður telur M að ríkari skyldur hvíli á X að viðhafa fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir að leki úr lögnum X. Einnig vísar M til matsgerðar og yfirlýsingar í öðrum máli frá árinu 2011 þar sem orsök annars leka var að frágangur röra í lögnum X hafi verið ófullnægjandi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að komið hafi í ljós hinn 13. maí 2024 að heitt vatn hafi komist inn í grunn eða kjallara húseignar M og hafi húseignin skemmt mikið af þeim orsökum. V vísar til upplýsinga frá X um að orsök tjóns M hafi verið að hitaveiturör hafi gefið sig vegna tæringar og starfsmenn X hafi ekki vitað af því fyrr en tilkynna hafi verið um tjónið. Ekki hafi verið tækifæri til að bregðast við ástandinu áður en tjón varð og hafi hitaveitulagnir á þeim stað sem tæringin kom upp ekki verið orðnar 50 ára, heldur 42-46 ára, en almennt sé gert ráð fyrir því að hitaveitulagnir dugi í að minnsta kosti 50 ár. V telur ósannað að galli sé á samskeytum lagna í Vestmannaeyjum, samskeyti séu almennt viðkvæmari staður í dreifikerfi en lagnirnar sjálfar og dreifikerfið í Vestmannaeyjum sé ekki frábrugðið öðrum svæðum þegar komi að bilanatíðni. Einnig bendir V á að almennt verði að gera þær kröfur til húseigenda að húseignir þeirra haldi frá sér vatni og vegna lekans í maí 2024 hafi vatn ekki flætt um svæðið þannig að jarðvegur hafi verið gegnsósa. Þannig sé ekki heldur sýnt fram á orsakatengsl milli bilunar á lögn og vatnstjóns M. V telur upplýsingar um önnur tjón ekki hafa áhrif á sakarmat og vísar til þess að bótaskylda hafi ekki verið viðurkennd í því máli sem M vísi til í málskoti. V telur starfsmenn X ekki hafa sýnt saknæma háttsemi við störf sín og þannig sé ekki fyrir hendi skaðabótaábyrgð X og þannig ekki greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að tilkynning um leka hafi verið send hinn 6. maí 2024 til X en viðgerð hafi ekki farið fram fyrr en 13. sama mánaðar. Af upplýsingum sem M fékk um lekann megi ætla að um 20 tonn hafi lekið út úr leiðslunni á sólarhring og þannig hafi starfsmenn X ekki brugðist strax við, eins og V hafi fullyrt. Þannig megi gera ráð fyrir að á þeim tíma sem leið milli lekaleitar og viðgerðar hafi gríðarlega mikið vatn farið út. Einnig er því mótmælt að X geti borið fyrir sig að leki hafi verið lítilsháttar og húseign M eigi að halda vatni. Þannig hafi mælingar á hitastigi

bent til þess að mikið heitt vatn hafi lekið í húseign M og mikilvægt hafi verið að viðgerð færi fram strax. Einnig er skorað á X að leggja fram upplýsingar um mælingar sínar á hitastigi. Einnig er vísað til þess að húseign M sé byggð árið 1914 og ekki sé hægt að búast við því að svo stór leki sem var hafi ekki getað haft áhrif í þann tíma sem hann var látinn óáreittur af starfsmönnum X. M bendir á að V sýni ekki fram á að ekki hafi verið um galla eða handvömm af hálfu X að ræða. M ítrekar tilvísun til yfirlýsingar yfirmanns vatns- og hitaveitummála hjá X þar sem komi fram að frágangur röra hafi verið ófullnægjandi vegna þess að þau voru ekki einangruð eða vegna mistaka eða vankunnáttu þeirra sem lögðu lagnirnar. Þannig sé sýnt fram á að galli hafi verið á lögnunum. M. Einnig vísar M til þess að tappi sem hafi átt að vera í gati í lögn X hafi ekki fundist eftir að leki uppgötvaðist og það standi X nær að upplýsa um raunverulega orsök lekans. M telur að hann hafi lagt fram afgerandi gögn sem leiði mjög sterkar líkur að því að tjón M hafi oríð vegna vanbúnaðar og mistaka við lagningu hitavatnslaga X.

Álit.

Ágreiningur er í málinu um hvort M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna á húseign sinni en ábyrgðartryggingin tekur til munatjóns þriðja aðila beri X skaðabótaábyrgð vegna þess. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni verði að sýna fram á skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki er ekki er um það að ræða að X beri hlutlæga ábyrgð á lögnum í þess eigu heldur verður skaðabótaábyrgð X byggð á sök, þ.e. að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi í störfum sínum, gert eitthvað sem þeir áttu ekki að gera eða vanrækt eitthvað sem þeir áttu að gera og að orsakatengsl séu milli þess og tjóns M. Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir þá samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M.

Í málinu liggja fyrir yfirlýsingar M um að það sé þekkt staðreynd að hitaveitulagnir í Vestmannaeyjum hafi í upphafi verið lagðar með ófullnægjandi hætti. Vísað er til yfirlýsinga annarra um það í gögnum málsins. Í yfirlýsingum X gagnvart V er því síðan haldið fram að ekki hafi verið sýnt fram á að umræddar lagnir hafi verið ranglega lagðar eða að eftirliti starfsmanna X með þeim hafi verið ófullnægjandi.

Þegar gögn málsins vísa til yfirlýsinga sem þessara, sem ganga gegn hvor annari, verður að meta gildi sönnunargagna. Í því sambengi verður ekki ráðið með nægilega skýrum hætti að yfirlýsingum þeirra sem halda því fram að hitaveitulagnir í Vestmannaeyjum hafi verið ranglega lagðar í upphafi, eða að viðhald þeirra hafi verið ófullnægjandi, hafi með nákvæmum hætti lýst því hvernig það hafi komið fram t.d. með fjölda tiltekinna atvika þar sem bilana hafi verið vart. Yfirlýsingar frá árinu 2011 varðandi annað tjón á húseign í Vestmannaeyjum telst heldur ekki sýna með afgerandi hætti að almennt ástand lagna hafi verið slæmt.

Eins og áður segir beri M sönnunarbyrði um að tjón á húseign hennar verði rakið til skaðabótaábyrgðar X. Í gögnum málsins er orsök leka á lögn X rakin til tæringar á lögninni. Engin matsgerð eða önnur gögn frá óvilhöllum matsmönnum liggja fyrir um almennt ástand lagna X eða að komast hafi mátt hjá tjóni M með sérstökum aðgerðum sem X hefði átt að framkvæma. Sönnunarbyrði verður ekki snúið við og telst ekki sýnt fram á að gerð eða aðbúnaður lagna X hafi með vitund starfsmanna X verið ófullnægjandi eða viðhald þeirra hafi verið óforsvaranlegt. M verður að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar og á því ekki, m.v. fyrirliggjandi gögn, rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 317/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar. Umfang tjóns.****Gögn.**

411. Málskot mótttekið 26. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
412. Bréf V dags. 3. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
413. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. september 2024 ásamt fylgiskjali.
414. Viðbótarathugasemdir V dags. 12. september 2024.

Málsatvik.

Fyrir liggur að hinn 13. desember 2023 varð vatnstjón í fasteign M. Ekki er um það deilt að bótaskylda úr fasteignatryggingu sé til staðar en í málskoti kemur fram að ágreiningur aðila varði tjón vegna tapaðra leigutekna. M byggja á því að upplýsingar um vænta leigu liggja fyrir en vegna tjóns á húsnæðinu hafi ekki getað orðið af afhendingu þess til leigutaka. Hafi M því orðið af leigutekjum meðan á viðgerðum stóð. V hafi byggt á því að leigusamningur yrði að vera til staðar til að sýna fram á tjónið, en í váttryggingarskilmálum sé þess hvergi getið að leigusamningur þurfi að liggja fyrir. M hafi lagt fram yfirlýsingu þess aðila sem ætlaði að taka eignina á leigu, og skjáskot af samskiptum þeirra við hann í smáskilaboðum. V hafi þó aðeins fallist á að greiða bætur vegna lítils hluta tapaðra leigutekna, eða 500.000 kr. án viðurkenningar á bótaskyldu.

Í bréfi V kemur fram að í upphafi hafi engin krafa verið gerð um bætur vegna húsaleigu og hafi félagið talið það eðlilegt þar sem enginn hafi búið í fasteigninni á þeim tíma. Hinn 20. janúar 2024 hafi M fyrst spurst fyrir um ferðakostnað og bætur vegna húsaleigu. Þeim hafi þá verið tjáð að húsaleigutryggingarliðurinn væri skaðatrygging sem ætlað væri að bæta fjártjón, vegna húsaleigu sem váttryggður tapi eða þurfi að greiða reynist nauðsynlegt að flytja úr húsnæðinu. V hafi þó komið til móts við M með ýmsum hætti, m.a. í formi bótagreiðsla vegna ferðakostnaðar og hafi bætur vegna hans verið óvenju háar þar sem V hafi talið rétt að koma til móts við M þar sem þau hefðu ekki átt rétt á bótum vegna húsaleigu. Er þá áréttað að enginn hafi búið í húsnæðinu þegar tjónið varð og því hafi ekki verið nauðsynlegt að flytja úr því. Hafi M því hvorki orðið fyrir bótaskyldum kostnaði né tjóni. Séu skilyrði skilmálaákvæðisins fyrir bótagreiðslum vegna þessa liðar því ekki uppfyllt. Þá hafi M ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á að húsaleigusamningur hafi komist á. Hafi þau lagt fram smáskilaboð með fyrirspurn tiltekins aðila um hvort unnt væri að leigja húsnæðið frá 1. janúar 2024. Engin svör við þeirri fyrirspurn hafi komið fram í skilaboðunum. Með málskoti leggi M þá fram yfirlýsinu sama aðila um að leigusamningur hafi komist á frá 1. janúar 2024 til átta mánaða. Það skjal hafi enga þýðingu í málinu enda sé ekki um að ræða samtímagagn heldur yfirlýsingu sem sé gerð eftir að bótaskyldu var hafnað og ágreiningur kominn upp. M verði að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varði. Þrátt fyrir það hafi V boðið fram bætur að fjárhæð 500.000 kr. án viðurkenningar á greiðsluskyldu, í þeim tilgangi að ljúka málinu í sátt. Því boði hafi verið hafnað. Af kröfu M megi þá ráða að þau geri kröfu vegna tapaðrar leigu tímabilið 1. janúar til 5. júlí 2024 en bótagreiðslur takmarkist við „eðlilegan viðgerðartíma“. Telji V að viðgerðir hafi ekki þurft að standa yfir í svo langan tíma og eðlilegra sé að miða við einn til tvo mánuði verði niðurstaðan sú að bótaréttur sé yfirleitt til staðar.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að nánast hafi orðið altjón á fasteigninni. Hvað varði verktíma þá hafi tjónamat ekki legið fyrir fyrr en 13. febrúar 2024 og samningar við V ekki náðst fyrr en í lok febrúar. Margir iðnaðarmenn hafi þurft að koma að verkinu og það því tekið tíma. M hafi þá ekki spurst fyrir um húsaleigubætur fyrr en 20. janúar þar sem fyrstu dagana og vikurnar eftir tjónið hafi lítið annað komist að í huga þeirra en að heimili þeirra og eigur væru ónýtar. M áréttar þá að þau telji sig hafa sýnt fram á fjárhagslegt tjón vegna tapaðra leigugreiðsla.

Í viðbótarathugasemdum V er því mótmælt að nánast hafi orðið altjón þó vissulega hafi tjónið verið umtalsvert. Þá hafi einhverjir þættir viðgerðanna sem fram fóru ekki verið nauðsynlegir vegna tjónsins og vinna við þá verkþætti falli ekki undir samkomulag M og V um viðgerðarkostnað. V hafi

þá ekki haft aðkomu að framkvæmdum sem slíkum eða farið með eftirlitshlutverk á vettvangi. Allar framkvæmdir og tafir á þeim hafi verið á ábyrgð M, sem hafi borið að takmarka tjóns sitt en í því felist m.a. að hraða framkvæmdum eins og kostur er.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu um hvort M eigi rétt til bóta úr húsaleigutryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V en um hana segir eftirfarandi í skilmálum: *Vátryggingin greiðir bætur vegna húsaleigu sem vátryggður tapar eða verður að greiða ef nauðsynlegt reynist að flytja úr húsnæði vegna tjóns sem bótaskyld er samkvæmt skilmálum þessum. Hún skal miðast við eðlilega húsaleigu hins vátryggða húsnæðis þann tíma sem viðgerð stendur yfir. Bætur geta þó ekki numið meiru en sem nemur 6% af vátryggingarfjárhæðinni fyrir hvern mánuð. Bætur greiðast í þann tíma sem svarar eðlilegum viðgerðartíma með tilliti til skemmda en þó aldrei lengur en 6 mánuði eftir hvern vátryggingaratburð. Eyðileggist húsið þannig að ekki sé gert við það nema bæturnar einni mánaðarleigu.*

Það hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum á M að sýna fram á tjón sitt og að skilyrði fyrir bótaskyldu séu uppfyllt. Hvað varðar sönnun þess hvort samningur um leigu hafi verið kominn á, þá liggja fyrir skjáskot af fyrirspurn X varðandi það hvort M hafi áhuga á að leigja X, og ef svo sé megi M hafa samband. Engin gögn liggja fyrir um frekari samskipti X og M frá þeim tíma en fyrir liggur yfirlýsing X, dags. 20. ágúst 2024. Þar segir að X hafi í ágúst 2023 haft samband við M og spurst fyrir um hvort mögulegt væri að fá umrædda fasteign á leigu. Hafi M og X verið í símasambandi vegna þessa um tíma og samningar tekist um afhendingu fasteignarinnar „fyrir“ jól. Umsaminn leigutími hafi verið átta mánuðir og umsamið leiguverð 350.000 kr. Ekki hafi verið búið að gera skriflegan leigusamning. Að mati nefndarinnar er umrædd yfirlýsing trúverðug svo og þær skýringar sem fram koma í henni, varðandi munnleg samskipti og að frágangi skriflegs leigusamnings hafi ekki verið lokið. Verður því byggt á henni varðandi það að leigusamningur hafi verið kominn á og verður því að miða við að M hafi orðið af leigugreiðslum vegna tjónsins. Ekki er hins vegar nægilega skýrt hvenær leigugreiðslur áttu að hefjast og þrátt fyrir samkomulag um afhendingu „fyrir jól“ er ekki tiltekinn dagur í því sambandi né hvernig fara skyldi með leigugreiðslur vegna einhverra daga í desembermánuði. Telur nefndin því rétt að miða við 1. janúar sem fyrsta umsamda greiðsludag.

Nefndin getur þá ekki fallist á þá túlkun skilmálaákvæðisins að svo bótaskylda sé til staðar þurfi leigjandi beinlínis að hafa þurft að flytja úr húsnæðinu, og telur í því tilliti nægilegt að tjón á húsnæðinu hafi verið þess eðlis að það sé óíbúðarhæft þeim sem hyggi sannanlega á búsetu í því en ekki virðist ágreiningur um að svo hafi verið. Er því ljóst að nauðsynlegt hefði verið að flytja úr fasteigninni í kjölfar tjónsins.

Þá hefur fjárhæð leiguverðs sem slíkri ekki verið mótmælt og liggur því ekki annað fyrir en að um „eðlilega“ húsaleigu hafi verið að ræða.

Ákvæðið er þá skýrt varðandi það að bætur greiðist aldrei lengur en í sex mánuði frá vátryggingaratburði sem í þessu tilviki varð 13. desember og geta bætur til M því mest numið leigugreiðslum sem þau hefðu fengið til og með 13. júní 2024.

Hvað varðar þá tímamörk „eðlilegs viðgerðartíma“ þá hefur V ekki sýnt fram á að hann hafi verið óeðlilega langur en fyrir liggur að um nokkuð umfangsmikið tjón var að ræða. Liggur þá fyrir að tjónamat sem V lét vinna lá ekki fyrir fyrr en 13. febrúar 2024. Virðist samningar við þann verktaka sem að endingu vann verkið ekki hafa náðst fyrr en í lok febrúar 2024. Samkvæmt verkyfirliti sem er meðfylgjandi viðbótarathugasemdum M, hófst vinna við endurbætur í viku 9, eða 26. febrúar til 3. mars. Hefur að öðru leyti ekki verið sýnt fram á að verktími samkvæmt því yfirliti hafi verið óeðlilegur. Fyrir liggur að M fluttu inn í eignina 5. júlí sl. en ekki kemur skýrt fram í gögnum málsins hvenær framkvæmdum lauk en þó segir í tölvupósti að „gardínur hafi verið settar upp síðdegis“ þann dag. Í framangreindu verkyfirliti kemur þó fram að gluggatjöld, sem eru síðasti verkliðurinn sem þar er tilgreindur, séu sett upp í viku 22, þ.e. 27. maí til 2. júní 2024 og að þrif og lokafrágangur fari fram í sömu viku. Verður hér miðað við það tímamark sem „eðlilegan viðgerðartíma“ í skilningi skilmálaákvæðisins.

Eiga M samkvæmt öllu framansögðu rétt á bótum vegna húsaleigu í fimm mánuði og tvo daga, þ.e. frá 1. janúar til og með 2. júní 2024, þ.e. 1.773.333 kr. Sú fjárhæð tekur ekki mið af frádrætti vegna þess kostnaðar sem M hefðu orðið fyrir vegna leigunnar, s.s. vegna fjármagnstekjuskatts af

leigugreiðslum, en í ljósi þess að M eiga aðeins rétt á að fá raunverulegt fjártjón sitt bætt er heimilt að draga þann kostnað frá bótagreiðslum til þeirra.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna tapaðra leigugreiðsla í fimm mánuði og tvo daga.

Reykjavík, 8. október 2023.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 318/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

415. Málskot mótttekið 22. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
416. Bréf V dags. 26. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
417. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. september 2024.
418. Viðbótarathugasemdir V dags. 13. janúar 2025 ásamt fylgiskjali.
419. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. janúar 2025.
420. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. janúar 2025 ásamt fylgiskjali.
421. Viðbótarathugasemdir M dags. 5. febrúar 2025.

Málsatvik.

Hinn 19. nóvember 2020 varð M fyrir líkamstjóni við starf sitt hjá X. Var lögregla kölluð a vettvang og liggur skýrsla hennar um atvikið, dags. 23. nóvember 2020, fyrir nefndinni. Var Vinnueftirlitinu einnig tilkynnt um slysið samdægurs og er umsögn þess um slysið, dags. 14. desember 2020 meðal fyrirbyggjandi gagna. Í henni segir um tildrög slyssins að M hafi verið að slípa öxla með sandpappír í hálfsjálfvirkum rennibekk. Hafi öxullinn þá gripið í sandpappírinn og hans kann sem M var með, með þeim afleiðingum að hægri hönd hans snerist um öxulinn, hans kann rifnaði af honum og fjögur bein í handarbaki hans brotnuðu.

Í málskoti byggir M á því að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið hættulegar og sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X því fyrir hendi. M hafi ekki getað framkvæmt það verk sem honum var falið öðru vísi en að aftengja útsláttarrofa á rennibekknunum en rennibekkurinn hafi ekki verið ætlaður fyrir umrætt verk. X hafi borið að tryggja að M gæti sinnt skyldum sínum með öruggum hætti. Þá hafi M verið með hanska við verkið en samkvæmt skýrslu Vinnueftirlitsins eigi ekki að vera með hanska við vinnu í rennibekk. Vinnueftirlitið hafi þá bannað vinnu við rennibekkin þar til öryggisbúnaður hans var tengdur að nýju og hafi X verið gert að endurskoða áhættumat fyrir hann. Þá hafi M aðeins starfað hjá X í rúmlega tvo mánuði á slysdegi og hafi kennslu og yfirferð á öryggisatriðum verið ábótavant, en M hafi aldrei verið sagt að ekki mætti nota hanska við verkið. Mikil pressa hafi verið á starfsfólki og hafi yfirmaður M, Y, sérstaklega bent honum á að aftengja öryggisrofann svo hann gæti flýtt fyrir með því að nota rennibekkin til verksins. Af framburði Y fyrir lögreglu megi þá jafnframt ráða að það hafi tíðkast að aftengja öryggisrofann með þessum hætti. Er þá vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra á grundvelli þeirra svo og dómafordæma framangreindu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að það sé rangtúlkun á umsögn Vinnueftirlitsins að M hafi ekki getað sinnt verkinu öðru vísi en með því að aftengja rofann. Verkefni M hafi verið einfalt og hann hafi ekki átt að nota rennibekkin við framkvæmd þess. Hafi M sjálfur aftengt öryggisbúnaðinn vísitandi til að framkvæma verkið með eigin aðferð. Auk þess hafi hann verið í vinnuvettlingum sem sé óheimilt við störf í rennibekk. M sé með sveinspróf í vélvirkjun og hafi starfað sem vélvirki frá árinu 2013. Megi því ætla að hann hafi þekkt helstu öryggisatriði og mátt vita að sú aðferð sem hann beitti við verkið var hættuleg. Þá hafi M viðurkennt fyrir lögreglu að hann hafi vitað að ekki mætti aftengja rofann. Samkvæmt X sé mikil áhersla lögð á að tryggja öryggi starfsmanna og verði ekki annað séð en að gögn málsins styðji þá fullyrðingu. Ekkert bendi þá til þess að vinnuaðstæður hafi verið hættulegar eða kennslu á rennibekkin ábótavant. Sé því ósannað að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi X og verði M að bera hallann af því. Telji nefndin hins vegar að slysið verði að einhverju leyti rakið til saknæmrar háttsemi X sé þá rétt að skerða eða fella niður bætur til M á grundvelli þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að skýrslur lögreglu og Vinnueftirlits staðfesti að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar og verkstjórn ábótavant. Af framburði verkstjórans Y

megi þá ráða að umrætt verklag hafi tíðkast og staðfesti það að verkstjórn hafi verið ábótavant. Y hafi vitað af því að öryggisrofi hefði verið aftengdur en muni ekki hver hafi gert það síðast og bendi það til þess að hann hafi sem verkstjóri vanrækt þær skyldur sem lagðar séu á hann með 23. gr. laga nr. 46/1980. Hafi X þá ekki sýnt fram á að hentugur og öruggur búnaður hafi verið til staðar, né að gefin hafi verið fyrirmæli um að nota annan búnað við verkið.

Viðbótarathugasemdum V fylgdu svör Y við spurningum V en þær bárust V með tölvupósti dags. 9. október 2024. Kemur m.a. fram í þeim að M hafi ákveðið upp á sitt einsdæmi að setja öxlana í rennibekk, taka öryggið af og pússa öxlana með sandpappír í hönskum. Um sé að ræða verk sem sé unnið í höndunum en ekki með þeim hætti sem M gerði. Þá hafi ekki verið venja að taka öryggið af, en þegar það hafi verið gert hafi verið um gerólikt verk að ræða.

M tekur í síðari viðbótarathugasemdum sínum fram að ekki sé hægt að byggja á upplýsingum í tölvupósti starfsmanns X sem sé skrifaður um fjórum árum eftir atvikið. Þá séu svör Y í andstöðu við frumgögn málsins sem staðfesti að það hafi tíðkast að taka öryggið af umræddum rennibekk, að það verk sem M var falið hafi ekki verið ætlað fyrir umrædda vél, að verkstjórn hafi verið ábótavant og að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar. Er þá áréttað að M telji fulla bótaskyldu fyrir hendi.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi pússað öxla með sandpappír í rennibekknunum. Á hurð rennibekksins sé stykki sem fari í hak þegar hurðin sé lokað og bekkurinn fari ekki í gang nema hurðin sé í hakinu. M hafi skrúfað stykkið af hurðinni og sett í hakið. Verður því ekki annað séð en að M hafi sjálfur ákveðið að haga verkinu með þessum hætti og gert ráðstafanir til að komast fram hjá öryggisbúnaði rennibekksins. Þrátt fyrir ummæli Y fyrir lögreglu um að í undantekningartilvikum væri unnið með hurðina opna verður ekki séð að Y hafi haft vitneskju um að M hefði unnið verkið með fyrrgreindum hætti en fyrir liggur að M var einn í vélasal þegar slysið atvikaðist. Er þá haft eftir M að hann hafi verið að vinna við að renna stálöxla í lengdir en þeir hefðu komið skítugir frá seljanda og hann ekki viljað skila þeim þannig frá sér. Því hafi hann pússað þá með sandpappír í bekknum en til þess þurfti að aftengja áðurnefndan öryggisrofa. Verður því heldur ekki ráðið af lögregluskýrslunni að M hafi beinlínis verið falið það verk að pússa öxlana heldur hafi hann sjálfur ákveðið að vinna það verk.

Í fyrirliggjandi umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að orsök slyssins hafi verið þríþætt, þ.e. að verkið sem M vann hafi ekki verið ætlað fyrir umrædda vél; að öryggisútsláttarrofi hafi verið aftengdur; og M hafi verið í hönskum en ekki eigi að vera í hönskum við vinnu í rennibekk. Samkvæmt framansögðu er það álit nefndarinnar að M hafi sjálfur ákveðið að vinna umrætt verk og með þessum hætti, og þá hafi hann sjálfur tekið ákvörðun um að fara fram hjá öryggisbúnaði. Er því ekki sýnt fram á að framangreint verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á.

Í umsögn Vinnueftirlitsins var þeim fyrirmælum beint til X að ekki mætti vinna við rennibekkinn fyrir en umræddur öryggisbúnaður væri tengdur á ný; að endurskoða skyldi áhættumat fyrir rennibekkinn; og að uppfæra skyldi áætlun um öryggi og heilbrigði. Áhættumat og áætlun um öryggi og heilbrigði virðast þó hafa verið til staðar á slysdegi og ekki liggur fyrir hvort eða að hvaða leyti þeim var ábótavant. Verða umrædd fyrirmæli því ekki talin haggja því að ekki telst sýnt fram á sök X eða starfsmanna þess, enda má jafnframt ætla að M, sem hafði reynslu og sérmenntun í sínu fagi, hafi verið alvanur vinnu í rennibekkjum og mátt gera sér grein fyrir hættunni sem fólst í að vinna verkið á þennan hátt og má raunar ráða það af framburði hans fyrir lögreglu.

Af öllu framangreindu leiðir að ekki hefur verið sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt og verður M að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 320/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

- Málskot móttakið 26. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 16. september 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M steig ofan í holu í náttúrulegum X hinn 12. ágúst 2023. Málsatvik voru með þeim hætti að M var staðsett á palli sem skagar út í vatnið er hún steig aftur á bak og lenti með fótinn ofan í gati sem yfirleitt er fullt af steinum. Engir steinar voru í umræddu gati í umrætt sinn og lenti M með fótinn milli járnhrings sem staðsettur er við gatið og pallsins. Við það hlaut hún meiðsli á fæti. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Hafnaði V bótaskyldu með bréfi dags. 30. apríl 2024. M telur ljóst að slysið megi rekja til þess að X vanrækti að tryggja öryggi þeirra sem sóttu þjónustu í húsnæðinu. Ljóst sé að óvarið gat á pallinum hafi verið stórhættulegt og orsakaði sá frágangur slys M þar sem hún féll í gatið á pallinum og varð fyrir töluverðu líkamstjóni. Gestir sem sækja þjónustu X eiga að geta treyst því að frágangur, aðgengi og umhverfi sé með þeim hætti að ekki skapist hætta fyrir gangandi vegfarendur. Engar viðvaranir eða merkingar voru uppi við gatið þar sem slysið átti sér stað. Vísar M til reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, laga nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, reglna 581/1995 um húsnæði vinnustaða og ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012, máli sínu til stuðnings. Vísar M til tölvupósts frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 22. ágúst 2023 þar sem fram kemur að embættið hafi verið í sambandi við X vegna málsins og í þeim samskiptum hafi komið fram að grjóti hafi verið bætt ofan í þetta gat til að koma í veg fyrir frekari óhöpp. M vísar til þess að auknar kröfur verði lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna, þar sem rekin er starfsemi sem laðar að neytendur og veitir þjónustu, um að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. Vísar M til nokkurra dóma máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki þyki sýnt fram á að slys M sé að rekja til saknæms vanbúnaðar, ófullnægjandi frágangs eða aðstæðna sem X verði látið bera skaðabótaábyrgð á. Steinabeðið hafi verið á pallinum frá árinu 2016 og ekki hafi áður orðið óhöpp á þessu svæði svo vitað séð. Á tjónsdegi var ekki komið myrkur utandyra og af myndum að dæma hefði umrætt steinabeð átt að vera öllum vel sýnilegt sem um svæðið fóru. Mótmælir V því að engir steinar hafi verið í beðinu eða að frágangur á svæðinu hafi á nokkurn hátt farið í bága við gildandi lög, reglur eða reglugerðir.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort M eigi rétt á skaðabótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Slys M varð þegar hún steig aftur á bak ofan í gat á palli sem yfirleitt er fullt af steinum en í umrætt sinn voru, af myndum að dæma, fáir steinar í ofan í gatinu. Nánar tiltekið snýst ágreiningur málsins um það hvort rekja megi fall hennar til þess að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi með því að vanrækja að tryggja öryggi þeirra sem sóttu þjónustu í húsnæði X. Sönnunarbyrði hvílir skv. almennum sönnunarreglum á þeim sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu og að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í gögnum málsins liggja fyrir ljósmyndir af umræddu gati á palli X. Við skoðun á þeim ljósmyndum verður ekki annað séð en að umrætt gat hafi verið vel sýnilegt og ekki skapað hættu gagnvart þeim sem ganga um viðarpallinn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að hönnun pallsins eða frágangur steinabeðsins hafi farið í bága við gildandi lög, reglur eða reglugerðir. Eðli málsins samkvæmt getur hætta skapast þeim sem stígur aftur á bak án þess að gæta að umhverfi sínu. Telst M því ekki hafa sýnt fram á að slys hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. október 2024.

rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 323/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

422. Málskot móttakið 27. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
423. Bréf V2 dags. 6. nóvember 2024 ásamt fylgiskjali.
424. Viðbótarathugasemdir M dags. 7. nóvember 2024.
425. Bréf V1 dags. 21. nóvember 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu dags. 13. júlí 2024 varð hinn 12. júlí 2024 árekstur milli leigubifreiðarinnar A, sem M ók og strætisvagnsins B á Skarfagarðum við Klettagarða í Reykjavík. M lýsti atvikum svo fyrir lögreglu að hann hafi ekið á eftir B. B hafi verið kyrrstæð og stefnuljós til hægri logað á henni. Hafi M því talið að ökumaður B væri að hleypa A fram hjá. Hafi hann þess vegna ákveðið að aka fram úr B en henni hafi skyndilega verið beygt til vinstri og á A. Ökumaður B lýsti atvikum svo að hann hefði ekið Klettagarða til vesturs með ætlaða akstursstefnu til hægri á Skarfagarða og þaðan til vinstri inn á athafnasvæði X. Hann hafi gefið stefnumerki um fyrirhugaða vinstri beygju en hafi A þá verið við framúrakstur og árekstur því orðið með A og B. Farþegi í A sagðist hafa séð stefnuljós til hægri loga á B en hann átti sig ekki á því hvort vinstra stefnuljósið hafi einnig logað. Telji hann þá að ökumaður B hafi ekki litið í hliðarspegil áður en hann beygði til vinstri. Annað vitni sagðist þá hafa séð stefnuljós á B en var ekki viss hvort það var hægri eða vinstra megin eða hvort þau hafi bæði logað. Hafi vitnið þá séð A fara fram hjá B á nokkurri ferð.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri alla sök á árekstri bifreiðanna vegna ógætlegs framúraksturs við gatnamót.

M fellir sig ekki við þau málalok telur B bera alla sök á árekstri aðila. Er í málskoti vísað til þess að B hafi gefið stefnuljós til hægri, en ekki vinstri, og hafi B verið kyrrstæð en svo verið skyndilega beygt til vinstri. Hafi ökumaður hennar því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 1. mgr. 24. gr. sömu laga. Þá hafi miðlína á þeim stað þar sem A ók fram úr verið brotin og framúrakstur því heimill og hafi ökumaður hennar að öðru leyti hagað akstrinum til samræmis við ákvæði umferðarlaga um framúrakstur.

Í bréfi V2, sem var á tjónsdegi váttryggjandi B, er vísað til tveggja myndbandsupptaka af atvikinu, annars vegar úr framrúðumyndavél A og hins vegar úr eftirlitsmyndavél X. Sjáist af þeim hvar B er ekið í hægri beygju inn á Skarfagarða með stefnuljós til hægri. Síðan hægi ökumaður hennar ferðina en stuttu síðar sjáist hvar A er ekið austur Klettagarða og til vinstri inn á Skarfagarða. Hafi ökumaður hennar ekið yfir óbrotna miðlínu við gatnamótin og inn á akrein fyrir umferð úr gagnstæðri átt og hafi hann ætlað sér að aka fram hjá B. Er A var ekið inn á Skarfagarða hafi B verið ekið áfram og hafi A og B því ekið samsíða nokkra metra áður en B var beygt til vinstri og árekstur varð. Jafnvel þó ökumanni B hafi borið að gæta að umferð fyrir aftan sig sé ljóst að M hafi verið með öllu óheimilt að aka fram úr B. Hafi A þannig hafið framúrakstur við gatnamót og farið yfir óbrotna miðlínu. Við þær aðstæður sem voru á vettvangi hafi ökumaður B ekki mátt eiga von á neinni umferð vinstra megin við bifreiðina. Sé það því mat V2 að A beri alla sök á umræddum árekstri.

V1, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að framúrakstur hafi verið óheimill enda sjáist af ljósmyndum í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu að miðlína vegarins sé brotin. Þá hafi B verið kyrrstæð er A hóf framúrakstur. Áreksturinn sé að rekja til þess háttalags B að aka skyndilega af stað og til vinstri án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig.

Álit.

Af fyrirbyggjandi myndbandsupptöku úr framrúðumyndavél A verður ekki annað séð en að A hafi, er hann beygði inn á Skarfagarða, ekið beint inn á vinstri akrein, fyrir umferð úr gagnstæðri átt. Verður því að telja nægilega sýnt fram á að um framúrakstur við vegamót hafi verið að ræða. Má þá einnig

greina af umræddu myndbandi að við vegamótin hafi verið óbrotin miðlína og að línan hafi verið óbrotin þar til rétt aftan við staðsetningu B, sem virðist hafa verið á hægri ferð, á myndbandinu. Ákvæði 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga felur í sér bann við framúrakstri rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Þá kemur fram í 36. gr. reglugerðar nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra að óbrotin miðlína merki að óheimilt og hættulegt sé að aka yfir hana. Verður að telja að M hafi ekki gætt að fyrrgreindum atriðum við aksturinn umrætt sinn og að hann beri því meginsök á árekstrinum.

Hvað B varðar þá er ljóst af framburði vitna og myndbandsupptökum að stefnuljós logaði á henni til hægri er A var við framúrakstur. Vitni segjast hins vegar ekki viss um hvort einnig hafi logað á vinstra stefnuljósi, þ.e. hvort varúðarljós hafi verið kveikt á bifreiðinni, né verður það ráðið af myndböndum að B hafi gefið stefnumerki til marks um fyrirhugaða vinstri beygju eins og hann ber fyrir lögreglu. Þrátt fyrir að fallist verði á að B hafi ekki mátt vænta umferðar vinstra megin við sig verður því að telja ósannað að ökumaður B hafi gætt að áskilnaði 1. mgr. 19. gr. laganna þar sem segir að ökumaður skuli, áður en beygt er á vegamótum ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra og að gefa skuli stefnumerki til samræmis við fyrirhugaða akstursstefnu sbr. einnig 2., sbr. 3. mgr., 33. gr. umferðarlaga. Ber hann því einnig nokkra sök á umræddum árekstri.

Samkvæmt framansögðu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjategyggingar, verður sök skipt þannig að A ber 2/3 hluta sakar en B 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Ökumaður A, ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B, 1/3 hluta.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 324/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : (V1) og (V2).

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

22. Málskot mótttekið 6. september 2024.
23. Tölvupóstur V1, dags. 25. september 2024.
24. Bréf V2, dags. 20. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
25. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
26. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 27. janúar 2025, ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð árekstur milli bifreiðarinnar A, sem er váttryggð hjá V1, og bifreiðarinnar B, sem váttryggð er hjá V2, á útakstursakrein frá Orkunni Suðurfelli, inn á Breiðholtsbraut til vesturs þann 9. desember 2023. Lögregla kom ekki á vettvang og gerðu ökumenn ekki sameiginlega ökutækjaskýrslu. Meðal gagna er mynd sem M tók af bifreiðinni B á vettvangi. Að sögn M, sem var ökumaður A, var bifreið hans kyrrstæð er B var ekið aftan á hana. Í málskoti lýsir M því að hann hafi hringt í lögreglu, í gegnum neyðarnúmerið 112, til að tilkynna áreksturinn og mögulegt ástand ökumanns B, sem M taldi að gæti verið undir áhrifum áfengis. Fékk M þær upplýsingar í símtalinu að ökumenn ættu að sjálfir að gera tjónstilkynningu og gætu gert það daginn eftir. Ökumaður B gaf M símanúmerið sitt á vettvangi en hefur þrátt fyrir símtöl frá M, eiganda bifreiðarinnar og V1 og V2, ekki skilað inn skýrslu til V2 vegna árekstursins. V1 fékk fyrirtækið Aðstoð og öryggi til að rannsaka málið frekar. Reyndi fulltrúi þess fyrirtækis einnig ítrekað að ná í eiganda B án árangurs. Vegna árekstursins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu B en V2 hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að málið teljist ósannað þar sem ekki náist í ökumann B þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

V2 telur ljóst af myndum af ákomum á bifreiðar sem fylgdu tilkynningu M, að sjáanlegt tjón sé aftan á A, rispur og brot í stuðara og dæld á skotthlera. Á mynd af bifreiðinni B sé ekki hægt að greina neina ákomu eða annað sem gæti passað við tjón á A. Telur V2 ákomu á bifreið M vera töluvert hærra frá jörðu en á B. Láréttar rispur á B passi ekki við ákomu á A. Gerði V2 mælingar á sambærilegum bifreiðum og samkvæmt þeim er tjón á skotthlera A í um 75 – 90 cm hæð frá jörðu og ákoma á stuðaranum í um 45 – 62 cm hæð. Ákomu á B ná frá lægsta punkti upp í um það bil 70 cm hæð. Telur V2 því ljóst að ekki hafi tekist að færa sönnur á að tjónið á A verði rakið til notkunar B.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort árekstur hafi orðið milli A og B, en hvorki lögregluskýrsla né sameiginleg tjónstilkynning liggur fyrir í málinu. Hefur ökumaður B ekki gefið skýrslu um atvikið þrátt fyrir að fjölmargir aðilar hafi reynt að ná í hann í þeim tilgangi. Í málinu liggur fyrir, auk framburðar M, ljósmynd af B á vettvangi umrætt sinn, ljósmynd af ákomum á A, skjáskot af símtalaskrá M þar sem sést að hann hringdi í símanúmer ökumanns B aðfaranótt 9. desember 2023 og kl. 13.26 þann sama dag og svo nokkrum sinnum eftir það. Þá liggja einnig fyrir samskipti M við V1 og V2, tilkynning M til lögreglu og skýrsla frá Aðstoð og öryggi, dags. 21. desember 2023 þar sem fram kemur að starfsmaður fyrirtækisins reyndi ítrekað að ná í eiganda B í síma án árangurs. Öll þessi gögn styðja frásögn M af tjónsatvikinu. V2 hefur lagt fram mælingar sem framkvæmdar voru á sams konar bifreiðum með það í huga að kanna hvort ákomu á bifreiðunum A og B passi saman. Um er að ræða einhliða mælingar, sem ekki eru framkvæmdar á bifreiðunum sjálfum og af þeim verður ekki séð að gert hafi verið ráð fyrir halla sem er á umræddri akrein. Verður sú mæling því ekki lögð til grundvallar sem sönnun þess að atvikið hafi ekki átt sér stað. Ökumaður B hefur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ekki svarað í síma, né gefið skýrslu af atvikinu. Verður hann að mati nefndarinnar að bera hallann af sönnunarskorti í málinu. Telur nefndin á grundvelli alls ofangreinds, að M hafi sýnt nægilega fram á að árekstur hafi orðið með A og B umrætt sinn. Liggur þá ekkert annað fyrir en að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður B ók aftan á A, þar sem sú bifreið var kyrrstæð. Ber

ökumaður B því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, ábyrgð á því tjóni sem af hlaust og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 fyrir hendi.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 326/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

426. Málskot mótttekið 30. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
427. Bréf V2, dags. 30. september 2024.
428. Bréf V1, dags. 9. október 2024.
429. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. október 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis varð árekstur milli bifreiðanna A, sem er í eigu M, og B, við gatnamót Háaleitisbrautar og Skógarveggar þann 15. ágúst 2024. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem felldi alla sök á ökumann A fyrir ógætilegan framúrakstur á gatnamótum. M mótmælir þeirri afstöðu í málskoti. Lýsir hann því að bifreiðinni B hafi verið ekið mjög hægt og taldi hann að bifreiðin yrði stöðvuð á veginum og ákvað hann því að taka fram úr B enda sá hann fullbrotna línu og auðan veg framundan. Hafði hann ekki séð nein gatnamót eða vísbendingu um að framúrakstur væri bannaður. Í þann mund sem M var að taka framúr B, var þeirri bifreið beygt til vinstri og árekstur varð. Kveðst M ekki hafa séð stefnuljós á B.

V1 vísar til þess að á vettvangi sé 30 km/klst., sem verði að teljast eðlilegt með hliðsjón af aðstæðum, enda sé hjólastígur við hlið vegarins, nálægð við spítala og þó nokkuð um gatnamót. Þrátt fyrir það sé brotin miðlína (fullbrotin) sem gefi til kynna að framúrakstur sé heimilaður enda sé varúðar gætt, sbr. reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024.

V2 telur að leggja beri alla sök á M, sem olli umræddum árekstri með því að aka fram úr á gatnamótum. Með háttsemi sinni hafi hann brotið gegn 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis varð árekstur A og B við gatnamót Háaleitisbrautar og Skógarveggar. Ökumaður B kveðst hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en árekstur varð. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má eigi aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Á vettvangi var brotin miðlína sem samkvæmt 36. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024, merkir að aka megi yfir hana enda sé gætt varúðar. Um er að ræða yfirborðsmerkingu sem á að stuðla að umferðaröryggi og greiðfærni. Gefa slíkar merkingar til kynna reglur fyrir umferð, leiðbeina ökumanni og upplýsa um aðstæður, sbr. 1. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga skal vegfarandi fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru til kynna með umferðarmerkjum, umferðarljósum, merkingum á yfirborði vegar, hljóðmerkjum eða öðrum hætti á eða við veg. Slík fyrirmæli og leiðbeiningar gilda framar almennum umferðarreglum. Taka verður undir með M að fullbrotin miðlína gefur tilefni til að ætla að óhætt sé að aka yfir hana, sé gætt varúðar. Gefur hún ekki tilefni til að ætla að framundan séu vegamót og því óheimilt að aka fram úr öðru ökutæki. Þrátt fyrir þetta bar M skv. b-lið 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga að ganga úr skugga um að hann gæti ekið fram úr án hættu og bar honum einnig að athuga sérstaklega að sá sem á undan var hafi ekki gefið merki um að hann ætlaði að beygja til vinstri. Með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem um framúrakstur gilda og nefnd eru hér að framan er rík aðgæsluskylda lögð á ökumenn við framúrakstur. Hið sama gildir ef ekið er yfir brotna miðlínu, sbr. 36. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra. Þessa gætti M ekki að í aðdraganda áreksturs.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga skal ökumaður vélknúins ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Skal hann gefa gaum að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, svo og umferð sem á móti og á eftir kemur, og gefa stefnumerki í samræmi við fyrirhugaða akstursstefnu. Í framburðarskýrslu sinni kveðst ökumaður

B hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en hann byrjaði að beygja umrætt sinn og séð A á fullri ferð vinstra megin á veginum þegar hann byrjaði að beygja. Af framburði hans er ljóst að hann gætti ekki að umferð fyrir aftan sig áður en hann beygði til vinstri umrætt sinn og braut hann því gegn 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga.

Miðað við gögn málsins þykir nægilega sýnt að hvorugur ökumanna sýndi næga aðgæslu í umrætt sinn. Sök skiptist til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á árekstrinum.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 327/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

430. Málskot mótttekið 3. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
431. Bréf V dags. 23. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
432. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. september 2024.
433. Viðbótarathugasemdir V dags. 4. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið búsett í Grindavík en vegna jarðhræringa hafi hún þurft að yfirgefa heimili sitt. Í viðleitni til að forða tjóni og halda hita á fasteigninni við þær aðstæður sem voru uppi hafi pípulagningamenn á vegum Almannavarna gripið til þess ráðs að útbúa viðbót við lagnakerfi hússins. Hafi það verið gert með þeim hætti að slöngu var komið fyrir frá lagnakerfi og að niðurfalli inni í húsinu. Hafi svo illa viljað til að umrædd slanga fór að leka og þar sem ekkert eftirlit hafi verið með húsinu hafi lekinn staðið yfir lengi með tilheyrandi munatjóni. Hafi M vegna þessa krafist bóta úr innbústryggingu sinni hjá V en V hafi hafnað þeirri kröfu. V vísi til skilmálaákvæðis þar sem segi að váttryggingin taki til „skemmda af völdum vatns, olíu eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins, vatnsrúnum eða fiskabúrum, þó ekki niðurföllum eða þakrennum.“ Fáir M ekki séð hvernig umrætt atvik geti ekki fallið undir þessa skilgreiningu. Þá falli tjónsatvikið ekki undir þau undantekningarákvæði sem komi fram í skilmálanum. Tjónið verði vissulega rakið til leka úr vatnsleiðslum fasteignarinnar enda hafi umrædd slanga verið orðin nauðsynlegur liður í vatnsleiðslukerfi hennar. Er þá bent á að váttryggingin taki til tjóns sem verði á váttrygðum munum vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða þeim frá yfirvofandi bótaskyldu tjóni.

Í bréfi V til nefndarinnar er áréttuð sú afstaða að tjónið verði ekki rakið til vatnsleka sem falli undir skilmála váttryggingarinnar. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að gat hafi komið á slönguna eða hún rofnað með einhverjum hætti. Slangan hafi beinlínis verið tengd ofan í niðurfallið í þeim tilgangi að vatn læki úr henni og í það. Á einhverjum tímipunkti hafi slangan svo losnað frá niðurfallinu. Hafi því ekki verið um það að ræða að vatn streymdi skyndilega og óvænt úr henni svo sem áskilið sé í skilmála. Það sé þá mat V að verktakar á vegum Almannavarna hafi ekki gengið nægilega vel frá slöngunni í niðurfallið en faglærðir pípulagningamenn hefðu mátt sjá það fyrir að frágangur væri ekki tryggur og að fyrirsjáanlegt væri að slangan færðist úr stað. Kunni því bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þeirra aðila að vera til staðar. Þá er því mótmælt að garðslanga geti talist vera orðin hluti af lagnakerfi fasteignar svo og því að um hafi verið að ræða aðgerðir til að forða yfirvofandi bótaskyldu tjóni og í því samhengi sérstaklega bent á að tjón sem rekja megi til náttúruhamfara séu sérstaklega undanskilin samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. V sé þá reiðubúið að greiða M hámarksbætur úr innbúskaskótryggingu berist nauðsynleg gögn um tjónið en þau hafi enn ekki borist.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. áréttuð að um hafi verið að ræða örþrifarad sem gripið hafi verið til með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón sem ella hefði verið óumflýjanlegt. Hefði slöngunni ekki verið komið fyrir með þessum hætti hefðu lagnir hússins sprungið þegar vatni var aftur hleypt á bæinn og hefði þá komið til altjóns. Þá vísi V til þess að váttryggingin taki ekki til tjóns vegna náttúruhamfara og bendir M í því samhengi á að Náttúruhamfaratrygging Íslands bæti aðeins tjón á þeim eignum sem beinlínis hafi orðið fyrir kviku frá eldgosu. Verði því ekki annað séð en að altjón, hefði komið til þess, hefði orðið bótaskyld af hálfu V.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir ítrekaðar og sérstaklega tekið fram að V telji tjón M hafa verið fyrirsjáanlegt vegna lélegs frágangs og beri viðkomandi pípulagningamaður mögulega bótaábyrgð vegna þess. Þá er m.a. ítrekuð sú afstaða að tjón M sé undanskilið í skilmálum þar sem váttryggingin taki ekki til tjóns vegna náttúruhamfara og sé þá ekki miðað við þrönga túlkun Náttúruhamfaratryggingar Íslands.

Álit.

Í skilmálum umræddrar váttryggingar segir, í h-lið 3. gr., að hún greiði bætur vegna: „Skemmda af völdum vatns, olíu eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins, vatnsrúmunum eða fiskabúrum, þó ekki niðurföllum eða þakrennum.“ Er þannig áskilið að vökvinn sem um ræðir streymi úr leiðslum hússins, vatnsrúmunum eða fiskabúrum. Af ljósmyndum af vettvangi má sjá hvernig umrædd slanga var tengd við hitaveitugrind og niður í niðurfall. Þó ekki sé efast um að þessi tenging slöngunnar við lagnir fasteignarinnar hafi átt sér skyringar, þ.e. að þörf hafi verið talin á að tengja fram hjá returlögn hússins með þessum hætti, er ekki unnt að líta svo á að slanga sem tengd er við lagnakerfi á þennan hátt sé orðin hluti af leiðslu- eða lagnakerfi fasteignar. Umrætt tjónstilvik fellur því þegar af þeirri ástæðu ekki innan gildissviðs fyrrnefnds skilmálaákvæðis.

M byggir þá einnig á því að bótaskylda sé til staðar á grundvelli 2. mgr. 3. gr. skilmálans þar sem fram komi að váttryggingin bæti einnig tjón á váttryggðum munum sem verða kunni vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða þeim frá yfirvofandi bótaskyldu tjóni. Það hvílir á M að sýna fram á að skilyrði þessa ákvæðis séu uppfyllt. M byggir á því að umrædd framkvæmd hafi verið bráðnauðsynleg til að forða svo umfangsmiklum skemmdum á innbúi að altjón hefði orðið. Liggja þó engin frekari gögn, s.s. faglegt mat, fyrir á þeim þætti, eða varðandi það að nauðsynlegt hafi verið að tengja slönguna og ganga frá henni með þeim hætti sem gert var. Hefur þá ekki verið sýnt fram á með viðhlítandi gögnum að bótaskyld tjón hafi verið yfirvofandi. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður M að bera hallann af því.

Af öllu framangreindu hefur M ekki tekist að sýna fram á að umrætt tjón sé bótaskyldt samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 328/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

434. Málskot mótttekið 3. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
435. Bréf V dags. 24. september 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu dags. 11. ágúst 2023 varð M fyrir líkamstjóni er hún féll af rafhlaupahjólí aðfaranótt 21. júlí s.á. Samkvæmt öndunarsýni sem tekið var um einni og hálfri klukkustund eftir að M fannst meðvitundarlaus á vettvangi mældist áfengismagn 1,09 prómill og samkvæmt blóðprufu var etanol 40. M hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V féllst á bótaskyldu sem slíka en taldi rétt að skerða bætur til M um 2/3 hluta á grundvelli þess að hún hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Í málskoti kemur fram að M virðist hafa misst stjórn á hjólinu, runnið til og fallið á malbikaða gangstéttina. Telur M sig eiga rétt til óskertra bóta enda hafi ölvun ein og sér ekki sömu réttaráhrif og stórkostlegt gáleysi auk þess sem orsakatengsl milli slyss M og ölvunar hennar séu ósönnuð. Í 37. gr. viðeigandi váttryggingarskilmála komi fram að slys sem verði vegna neyslu áfengis séu ekki bætt. Í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sé kveðið á um heimild váttryggingafélags til að skerða eða fella niður ábyrgð hafi váttryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð. Í báðum tilvikum verði að sýna fram á orsakasamband milli ölvunar og tjóns svo og það að ölvun hafi verið aðalorsök þess. Sönnunarbyrði þess hvíli á V og hafi sú sönnun ekki tekist en engin vitni hafi verið að atvikinu og muni M sjálf ekki skýrlega eftir tildrögum þess, enda hafi hún hlotið höfuðáverka og misst meðvitund. M hafni því að notkun hjólsins hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi. Þá hafi hún farið töluverða vegalengd án vandkvæða áður en slysið varð og bendi það til þess að hún hafi verið fullfær um stjórn hjólsins. V dugi ekki að vísa einungis til þess að M hafi verið undir áhrifum áfengis enda bendi atvik til þess að eitthvað utanaðkomandi, en ekki ölvun M, hafi valdið slysi hennar. Fyrirbyggjandi mæling á áfengismagni í blóði M sé þá ekki mjög áreiðanleg, en blóðsýni hennar hafi ekki verið mælt á Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands eins og venja sé þegar öikumenn séu grunaðir um ölvunarakstur. Hafi blóðsýnið verið tekið í öðrum tilgangi en til að mæla áfengismagn og þá hafi M verið undir áhrifum verkjastillandi lyfja sem geti haft áhrif á niðurstöðuna. Við ákvörðun um skerðingu bóta hafi V þá ekki framkvæmd heildstætt mat á atvikum svo sem skylt sé við beitingu 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga og hafi verið óheimilt að skerða bætur til M aðeins á grundvelli áfengisneyslu hennar.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í gögnum málsins komi ítrekað fram að M hafi verið undir áhrifum áfengið við akstur rafhlaupahjólsins. Í skilmálum váttryggingarinnar komi þá skýrt fram að váttryggingin bæti ekki slys sem verði vegna neyslu áfengis. Ekkert í gögnum málsins bendi þá til þess að lyf sem M voru gefin til verkjastillingar hafi haft áhrif á niðurstöðu um áfengismagn í blóði hennar. Er þá vísað til þess að öndunarsýni hafi einnig sýnt jákvæða niðurstöðu og telji félagið engan vafa leika á því að M hafi verið talsvert ölvuð og með engu móti hæf til að stjórna rafhlaupahjólí örugglega. Hafi hættan af háttsemi M ekki átt að dyljast henni og hefði hún þá hæglega getað gripið til annarra úrræða, s.s. með því að taka leigubifreið. Telji V bein orsakatengsl milli háttsemi M og líkamstjóns hennar. Á grundvelli þessa, og með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, sé því rétt að skerða bætur til hennar um 2/3 hluta.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem á við um slysáttryggingar eins og hér um ræðir, má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort

vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Í framburði M sjálfrar, sbr. fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, kemur fram að hún hafi neytt áfengis fyrir um kvöldið, og niðurstöður mælinga sýna fram á að hún var undir talsvert miklum áfengisáhrifum þegar slysið átti sér stað. Hefur M þá ekki lagt fram nein gögn er hnekki framangreindu.

Samkvæmt 6. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn hjóla eða reyna að hjóla ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna að hann getur ekki stjórnað hjólinu örugglega. Verður að telja að á slysdegi hafi rafhlaupahjól það sem M notaði umrætt sinn fallið undir skilgreiningu laganna á „reiðhjóli“ sbr. þágildandi c-lið 30. t. l. 1. mgr. 3. gr. laganna enda liggur ekkert fyrir um að það hafi verið hannað til hraðari akstur en 25 kílómetra á klukkustund.

Með hliðsjón af framangreindu verður að miða við að M hafi umrætt sinn verið ófær til þess að stjórna hjólinu örugglega sökum ölvunar og að slys hennar verði rakið til þess. Við mat á sök hennar verður að líta til þess að M, sem var 41 árs á slysdegi, gat ekki hafa dulist sú hætta sem fólst í því að stýra rafhlaupahjóli í því ástandi sem hún var. Að mati nefndarinnar telst M því hafa valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi og er sök hennar töluverð.

Af heildstæðri skoðun fyrirbyggjandi gagna þykir rétt að bætur M skerðist um 2/3 hluta og að hún eigi því að sama skapi rétt á bótum að 1/3 hluta úr frítímaslysaftryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr frítímaslysaftryggingu fjölskylduaftryggingar sinnar hjá V en heimilt er að skerða bætur til hennar um 2/3 hluta.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 329/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

436. Málskot mótttekið 4. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
437. Bréf V, dags. 13. september 2024, ásamt tjonstilkynningu.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að hinn 29. maí 2024, hafi M slasast er hún féll á lóð X þar sem matvöruverslun er staðsett. Í tjonstilkynningu, dags. 21. júní 2024, lýsir M slysinu með þeim hætti að innkaupakerra festist í holu eða misfelli í malbiki og við það hafi M fallið harkalega á malbikið. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskylda verið hafnað. M telur að bótaskylda X sé fyrir hendi. Hún telur óásættanlegt hvernig viðhaldi á bifreiðastæði við inngang verslunar X er sinnt. Gera verði ríkar kröfur til verslana af þessu tagi að tryggja að ekki sé hættu fyrir fólk að komast inn og út úr versluninni. Á malbiki við innganginn séu holur og misfellur sem séu til þess fallnar að fólk hrasir um þær, sérstaklega þegar það keyrir innkaupakerrur og sér ekki nákvæmlega beint fyrir framan sig. Þetta á sérstaklega við þegar viðkomandi er með einhverja annmarka eins og sjóndepru, fötlun o.s.frv. M telur að viðhaldi bifreiðastæðis hafi verið verulega ábótavant.

Af hálfu V hefur greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X verið hafnað, þar sem V telur að M hafi ekki náð að sýna fram á að tjon hennar megi rekja til saknæmrar og ólögmetrar vanrækslu X, þ.e. að viðeigandi ráðstafanir hafi ekki verið gerðar vegna misfelli í malbiki á bifreiðastæði. V vísar til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafði verslunin engar upplýsingar um hvar slysið átti sér stað aðrar en að það varð á bifreiðastæði fyrir utan verslunina. X hafi farið að leita að holunni en ekki fundið hana. Þá kannist X ekki við að önnur slys hafi orðið á bifreiðastæðinu vegna holu í malbiki.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjon M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Af fyrirliggjandi gögnum málsins virtum, og þá sérstaklega ljósmyndum af bifreiðastæðinu sem M hefur lagt fram, verður ekki ráðið að þar sé til staðar hola eða misfella í malbiki sem hafi verið sérstaklega hættuleg, þannig að telja verði að starfsmenn X hafi þurft að grípa til sérstakra ráðstafana vegna hennar. Með vísan til framangreinds er það afstaða nefndarinnar að um óhappatilvik hafi verið að ræða, sem ekki verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 330/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.****Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)****Gildissvið laga um sjúklingatryggingu.****Gögn.**

438. Málskot mótttekið 4. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
439. Bréf V dags. 26. september 2024.
440. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 2. janúar 2023 tekið óléttupróf sem reyndist jákvætt. Hafi hún verið áhyggjusöm þar sem hún hafi tvisvar áður misst fóstur sem voru utanlegsfóstur og leitaði því til kvensjúkdómalæknisins X hinn 4. janúar 2023 og greindi honum frá sögu sinni. Þar skýrði X henni frá því að hann sæi hvorki fósturvísi í leginu né utan þess en sagði M samt sem áður að hafa ekki áhyggjur. M tók einnig fram að hún fengi gjarnan blöðrur á eggjastokkana, en X sagði að hann sæi ekki slíkar blöðrur á þeim tíma. Þann 13. janúar 2023 leitaði M aftur til X þar sem hann skoðaði og framkvæmdi sónarskoðun og mældi þykkt legsins. X tjáði henni að honum líkaði ekki við niðurstöðurnar en var handviss um að ekki væri um utanlegsfóstur að ræða. Þann 16. janúar 2023 fór M í blöðprufu en samkvæmt henni hafði hCG magn ekki aukist eins mikið og eðlilegt væri. Þann 19. janúar 2023 hringdi X í M, sem lýsti áhyggjum sínum af hCG magni. Virtist X jákvæður en vildi samt fá að hitta hana aftur áður en hún færi erlendis. Þann 21. janúar 2023 fór M að verkja og fann fyrir ógleði. Leitaði hún á Landspítalann þar sem tekin var blöðprufa og hún sett í sónar. Í ljós kom að kviður hennar var fullur af blóði, að um utanlegsfóstur var að ræða og hafði eggjaleiðari hennar sprungið. Var hún strax send í aðgerð þar sem skera þurfti burt vinstri eggjaleiðara hennar og fjarlægja hálfan lítra af blóði sem hafði safnast innvortis. Spurði M þann lækni sem skar hana hvort ekki væri óvenjulegt að X hafi ekki séð að um utanlegsfóstur hafi verið að ræða og svaraði læknirinn því játandi. Með bréfi dags. 15. maí 2023 óskaði M eftir afstöðu V til bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X þar sem M taldi ljóst að tjón hennar væri að rekja til ófullnægjandi lækni meðferðar og vangreiningar sem félli undir 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Með bréfi dags. 4. október 2023, hafnaði V bótaskyldu úr tryggingunni á þeim grundvelli að V þótti óljóst miðað við fyrirliggjandi gögn hvort um væri að ræða tjón sem komast hefði mátt hjá með aðgerð á fyrri stigum, ef það hefði verið metið réttlætunlegt að framkvæma hana á fyrri stigum.

M byggir rétt sinn á 1. gr. laga um sjúklingatryggingu. Afleiðingar meðferðarinnar hafi haft töluverð áhrif á heilsu M og verði að telja að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsóknum og meðferð hefði verið hagað eins vel og vandlega og kostur var við hinar raunverulegu aðstæður, einkum með hliðsjón af fyrri reynslu M. Reyndi M hvað sem í hennar valdi stóð til að komast hjá því að lenda í kröppum aðstæðum vegna utanlegsfóstur eftir fyrri reynslu og hafði frumkvæði að nánast öllum skoðunum og eftirliti X. Þrátt fyrir mikla pressu og aðhald frá M um eftirfylgd, þurfti að fjarlægja eggjaleiðara í bráðaáðgerð. Telur M ljóst að skýr einkenni utanlegsfósturs hafi legið fyrir í skoðunum hjá X þann 4 – 21. janúar 2023. Auk þess hafi fyrri saga M um utanlegsfóstur sem og niðurstöður blóðrannsóknna rennt frekari stoðum undir þann grun, sbr. fræðsluefni frá Landspítalanum þar sem fram komi að kona sem áður hefur verið með utanlegspungun sé í aukinni hættu á að fá hana aftur.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X þar sem ekki þykir sýnt af gögnum málsins að skilyrði 1. tl. 2. gr. sjúklingatryggingalaga nr. 111/2000 geti talist uppfyllt í tilfalli M. Ljóst sé að ekki liggja enn fyrir álit Landlæknis vegna málsins og hefur V hafnað bótarétti að svo stöddu úr sjúklingatryggingu X m.t.t. allra fyrirliggjandi gagna. X hafi hitt M fyrst 4. janúar 2023 þar sem gerðar voru ítarlegar rannsóknir. Ekkert benti til þess á þeim tímapunkti að um utanlegsfóstur væri að ræða. M var svo boðinn tími að fimm dögum liðnum og voru þá sömu niðurstöður við nánari skoðun. Eftir þann tíma fékk hún aftur tíma 4 dögum síðar eða 13. janúar 2023 og þá var gerð ítarleg ómskoðun. Þar sem ekki sást sekkur í legi var ákveðið að senda M í blöðprufu í Sameind. Niðurstöður mælinga sýndu þá hækkandi hormónagildi sem studdi að um lifandi þungun væri að

ræða. Fylgdi X þeim niðurstöðum eftir með símtali 19. janúar 2023 og bauð M aftur tíma þann 23. janúar 2023 sem hann taldi óhætt, enda var þykknun í slímhúð í legi, ekki vökvi í kvið og ekki verkir né blæðing. Leiðbeindi hann M að leita til Kvennadeildar LSH ef hún fengi verki eða blæðingu.

Í viðbótarathugasemdom sínum mótmælir M fullyrðingu X um að ekkert hafi bent til þess að utanlegsfóstur hafi verið að ræða. Telur hún ljóst að við mælingar á hormónagildum hafi komið í ljós að hCG magn í blóði hafði ekki aukist með þeim hætti sem það hefði átt að gera ef um hefðbundna þungun væri að ræða. Telur M því ljóst að þær niðurstöður hafi gefið sterklega til kynna að utanlegsfóstur væri að ræða og þá hefði X átt að bregðast við. Það hafi hann ekki gert sem varð til þess að M var í lífshættu og varð fyrir líkamstjóni.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í 1. tl. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess atviks að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Ákvæðið lýtur að því hvort rétt hafi verið staðið að rannsókn eða meðferð. Tekur ákvæðið til allra mistaka sem verða við rannsókn eða meðferð. M byggir kröfu sína um bætur á því að með réttri greiningu og meðhöndlun af hálfu kvensjúkdómalæknisins X, hefði mátt komast hjá aðgerð á fyrri stigum. Engin læknisfræðileg gögn, álitsgerð Landlæknis né matsgerð annarra hæfra og óvilhallra aðila liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að rannsókn eða meðferð læknisins X á tímabilinu frá 4 – 21. janúar 2023 hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði á þann veg að unnt hefði verið að greina utanlegsfóstur M fyrir en raunin varð. Verður samkvæmt þessu að telja ósannað að stofnast hafi réttur til bóta úr sjúklingatryggingu X á grundvelli 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Af ofangreindu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 331/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis og vinnuvélatrygging.****Skráningarnúmer ökutækis: (A)****Skráningarnúmer vinnuvélar: (B)****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

441. Málskot mótttekið 4. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
442. Bréf V dags 8. október 2024.
443. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 28. október 2024.
444. Viðbrögð V við viðbótarathugasemdam M með tölvupósti dags. 5. nóvember 2024.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ráðið að ökutæki og krani þess (vinnuvél) í eigu M hafi orið fyrir tjóni hinn 7. ágúst 2024 þegar kranninn rakst upp í brú á gatnamótum Strandgötu og Reykjanesbrautar í Hafnarfirði.

Með bréfi V til M dags. 13. ágúst 2024 var bótaskylda viðurkennd bæði úr kaskó- og vinnuvélatryggingu M hjá V vegna helmings tjónsins. V vísaði til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 því til stuðnings að V gæti takmarkað ábyrgð sína að hluta (50%) vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns ökutækisins, starfsmanns M. Auk þess vísaði V til almennra skilmála V sem gilda samhliða bæði váttryggingarskilmálum kaskótryggingar og vinnuvélatryggingar félagsins.

M telur ósannað að um stórkostlegt gáleysi ökumanns ökutækisins A hafi verið að ræða þar sem bilun hafi verið í hæðarskynjara ökutækisins og þannig hafi gáleysi ökumanns verið ómeðvitað. Ekki sé um sömu aðstæður að ræða og í dómi Landsréttar í máli nr. 127/2018 þar sem ökumaður hafi í tvígang ekki gengið nægilega frá krana. M vísar til þess að orsök tjóns hafi ekki verið háttsemi ökumanns heldur hafi hæðarmælir ökutækisins bilað.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á meinta bilun í hæðarskynjara ökutækisins A og sönnunarbyrði um það hvíli á M. V telur háttsemi ökumanns að gleyma að setja niður krana vera orsök tjóns M og bilun í viðvörðunarkerfi leysi ökumann ekki undan þeirri aðgæsluskyldu sem á honum hvílir. V telur að ákvæði 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gildi um samsömun milli ökumann, starfsmanns M og M og þannig sé unnt að beita ákvæðum 2. mgr. 27. gr. sömu laga um að takmarka megi ábyrgð V ef tjón sé rakið til stórkostlegs gáleysis ökumannsins. V vísar um háttsemi ökumannsins til þess að leyfileg hæð ökutækis sé 4.20 metrar skv. reglugerð um stærð og þyngd ökutækja nr. 155/2007. Staða krana ökutækis M hafi verið í hærri stöðu í ljósi þess að kranninn rakst í brú yfir gatnamótum. Þannig telur V háttsemi ökumannsins, sem er atvinnubílstjóri, vera verulegt og alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa og augljós hætta hafi stafað af henni. V vísar auk þessa m.a. til dóms Landsréttar í máli nr. 127/2018 máli sínu til stuðnings og að það sem sé sammerkt með þeim dómi og máli M sé að stórkostlegt gáleysi ökumanna hafi falist í því að gleyma að ganga frá krönum ökutækja áður en þeir öku af stað. Einnig vísar V til úrskurða nefndarinnar í tilteknum málum.

Í viðbótarathugasemdam lögmanns M kemur fram að M vilji koma því á framfæri að augljóst hafi verið að hæðarskynjari hafi bilað, ella hefði hann látið vita af því að krani var uppreistur að hluta. Einnig er bent á að engin hætta hafi verið á ferðum eins og í máli Landsréttar nr. 127/2018.

V gerði ekki frekari athugasemdir vegna málsins eftir viðbótarathugasemdir lögmanns M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort sannað sé að ökumaður A hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur A, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að aksturinn hafi verið með krana (B)

uppréttan umfram hæðarmörk þannig að hann rakst í brú yfir gatnamótum Strandgötu og Reykjanesbrautar í Hafnarfirði hinn 7. ágúst 2024. Skýring M á því að hæðarskynjari ökutækisins vegna stöðu krana hafi bilað er ekki studd staðfestum gögnum. Verður að gera þær kröfur til ökumanna ökutækja sem búin eru krönum að þeir sjái til þess að kranar séu ekki í uppréttri stöðu við akstur m.t.t. umferðarmannvirkja sem ekið er um. Þó gögn málsins séu ekki umfangsmikil um aðstæður á vettvangi verður að leggja til grundvallar að ökumaður A hafi með háttsemi sinni vikið verulega frá því sem honum bar við akstur A. Ekki verður séð að sérstakur greinarmunur sé á mati á stórkostlegu gáleysi í þessu máli og í dómi Landsréttar í máli nr. 127/2018. Að virtri mikilli sök ökumanns sem og þess að augljós orsakatengsl eru á milli háttseminnar og tjóns, sem og atvika að öðru leyti verður að takmarka ábyrgð V við greiðslu helmings (50%) af heildartjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr kaskótryggingu ökutækis og vinnuvélatryggingu hjá V, en sem nemur 50% af tjóni M.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 333/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.****Nafn váttryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

- 445. Málskot mótttekið 5. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 446. Bréf V, dags. 16. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 447. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og málgögnum kemur fram að M seldi íbúðina A hinn 24. nóvember 2021. Viðskiptin fóru fram fyrir milligöngu fasteignasalans X. Söluverðið var kr. 46.500.000 og skiptust greiðslur þannig að við undirritun kaupsamnings 24. nóvember 2021 var greitt með peningum kr. 6.500.000, með nýjum lánum kr. 39.525.000 og við útgáfu afsals hinn 15. febrúar 2022 kr. 475.000. Viðskiptabanki M tók veð í lánum að fjárhæð kr. 30.400.000 og því komu til greiðslu frá kaupanda samtals kr. 15.625.000. Greiðslur fóru inn á fjárvörslureikning X 24. nóvember og 14. desember 2021. M keypti sér raðhúsið B hinn 29. mars 2022 sem greiða átti með veðflutningi á lánum kr. 30.000.000 við undirritun kaupsamnings, með peningum við afhendingu 1. júlí 2022 eða fyrr, kr. 16.000.000 og við afsal kr. 2.000.000. Hugðist M nýta þá fjármuni sem hún fékk við sölu á A til að greiða kr. 16.000.000 við afhendingu eignarinnar. Þeir fjármunir skiluðu sér aldrei til seljanda B sem stefndu M til greiðslu þeirrar fjárhæðar 19. október 2022. Höfðu seljendur verið í samskiptum við X á tímabilinu fram að stefnu og hafði hún ítrekað lofað greiðslum sem ekki bárust og hafa aldrei skilað sér til M eða seljanda B.

M telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna gáleysis og/eða stórfellds gáleysis X sem notaði fjárhæðir í eigu M inn á önnur mál sem hún var með til meðferðar fyrir mistök og hefur gert kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir M á því að hún hafi ekki orðið vör við að eitthvað væri að fyrr en hún fékk stefnu í hendur til efnda á kaupsamningi vegna B, með tilheyrandi kostnaði sem náðist að semja um. M lést í mars 2023 og við það tók dánarbú hennar við réttindum hennar og skyldum. Af reikningsyfirlitum fjárvörslureiknings X sést að kaupandi A virðist hafa staðið við sína skuldbindingu og lagt umsamdar greiðslur inn á reikninginn eða þær verið lagðar inn fyrir hennar hönd en þeir fjármunir skiluðu sér ekki til M og því hefur afsal ekki farið fram á milli M og kaupanda A.

V hefur hafnað bótaskyldu úr tryggingunni á þeim grundvelli að hún hafi verið niður fallin þegar tjónið átti sér stað. Bendir V á að kaupsamningur um eignina B var gerður 2. maí 2022 en váttrygging M var felld niður þann 22. febrúar 2022. Háttsemi eða vanefndir X hafi því átt sér því stað eftir að váttryggingin var felld niður. Umrædd váttrygging tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggingartaka er til stofnast á váttryggingartímanum, sbr. grein 6.1 í skilmálum váttryggingarinnar. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur V að skaðabótakrafan hafi í fyrsta lagi stofnast haustið 2022 og því utan gildistíma tryggingarinnar. Þá nái váttryggingin ekki til ábyrgðar sem rakin er til ásetnings X.

M telur að það sé misskilningur hjá V að tjónið hafi orðið við kaup M á B. Hið rétta sé að þó tjónið raungerðist fyrir seljanda B viðkaupin á B sé það tilkomið vegna vanefnda á kaupsamningi 24. nóvember 2021. Á þeim tíma hafi tryggingin verið í gildi. Samkvæmt samningi átti að ljúka afsali vegna A hinn 15. febrúar 2022 sem sé innan tímamarka. Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafi fyrst vitað af því að peningarnir hafi ekki farið áfram í fasteignina B, þegar henni var stefnt til greiðslu þann 19. október 2022. Undanfarin ár hafi X séð um þær sölu og kaup sem M kom að. Bar M fullt traust til X vegna þeirra viðskipta og treysti henni fyrir að geyma fjármuni og greiða þá áfram. Raunverulegt tjón hafi orðið þegar greiðslur sem tilheyrðu M fóru út af fjárvörslureikningi fyrir gáleysi í aðrar eignir og virðist hafa verið komin óreiða á bókhaldið á þessum tíma hjá X. Váttrygging X hafi enn verið í gildi þegar greiðslurnar fóru af reikningi hennar. Þá telur M að ósannað sé að tjón hennar verði rakið til ásetnings X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort fasteignasalinn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við meðhöndlun fjármuna sem komu til eftir sölu á eign M hinn 24. nóvember 2021. Kaupandi fasteignarinnar greiddi inn á fjárvörslureikning X, annars vegar kr. 6.500.000 hinn 24. nóvember 2021 og svo hins vegar kr. 9.125.000 hinn 14. desember 2021. Óumdeilt er að X var á þeim tíma með í gildi starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V. Var sú trygging felld niður 22. febrúar 2022. Óumdeilt er að tryggingin var niðurfalinn þegar M keypti B.

Samkvæmt 6. gr. skilmála starfsábyrgðartryggingar X hjá V tekur vátryggingin til skaðabótakröfu gegn vátryggingartaka er til stofnast á vátryggingartímanum. Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- a) að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggingartaka;
- b) að vátryggingartaka verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem gæti fallið undir vátryggingu þessa og kunni að verða rakið til vátryggingartaka eða starfsmanna hans, eða að bein hættu er á að slíkt tjón verði.

Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að M hafi fyrst gert skriflega skaðabótakröfu á hendur X með bréfi dags. 17. janúar 2023. Var trygging X þá niður fallin. Þegar lítið er til ákvæðis b-liðar 6. gr. verður að taka afstöðu til þess sérstaklega hvenær má ætla að X hafi verið fyrst kunnugt um að M hafði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni eða að bein hættu hafi verið á að slíkt tjón yrði. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu frá X sjálfri og því hefur nefndin engar upplýsingar um ráðstöfun hennar á þeim fjármunum sem hún tók við frá kaupanda A í nóvember og desember 2021, aðrar en að samkvæmt reikningsyfirliti fjárvörslureiknings virðist sem fjármunir sem komu inn á hann frá kaupanda A hafi verið millifærðir annað. Byggir M á því að X hafi notað þær fjárhæðir inn á önnur mál sem hún var með til meðferðar fyrir mistök. Af þeim upplýsingum sem M hefur lagt fyrir nefndina verður ekki annað ráðið en að hún hafi falið X að geyma þessa fjármuni og nota til greiðslu í tengslum við kaup hennar á fasteigninni B. Fjárhagslegt tjón M varð samkvæmt því fyrst ljóst þegar þeir fjármunir skiluðu sér ekki til seljenda fasteignarinnar B þann 1. júlí 2022. Mátti X þá vera kunnugt um að M hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem gæti fallið undir vátrygginguna. Ekki hefur af hálfu M verið sýnt fram á að X hafi fyrir þann tíma verið kunnugt um að bein hættu væri á að slíkt tjón yrði. Með vísan í framangreint er það því niðurstaða nefndarinnar að skaðabótakrafa hafi ekki stofnast á vátryggingartímanum, sbr. 6. gr. skilmála vátryggingarinnar. Því er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 334/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

448. Málskot mótttekið 7. júní 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
449. Bréf V dags. 16. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
450. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 18. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
451. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 25. september 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að vatnstjón varð í húseign í eigu M hinn 11. mars 2023 og við það varð tjón á gólfefni húseignarinnar. Í málskoti kemur fram að ágreiningur M við V sé annars vegar um hvort V sé heimilt að ákveða að bæta tjón með peningagreiðslu fremur en að fjarlægja skemmt gólfefni og leggja sambærilegt í staðinni. Hins vegar snúi ágreiningur að bótafjárhæð sem V hefur boðið M til greiðslu. Gögn málsins sýna tjónamatsgerð V dags. 21. maí 2024 að fjárhæð 955.349, tilboð verktakafyrirtækis í vinnu við parketlög og fl. að fjárhæð 1.481.800, tilboð í kaup á Haro, Merbau Favorit parketi, hljóddúk og lista upp á 949.619 kr.

M vísar til þess í málskoti að upphaflegt gólfefni í húseign M hafi verið parket að tiltekinni gerð, það er „Merbau eyk 3ja stafa 14 mm“ og að sú fjárhæð sem V hafi boðið M til greiðslu dugi ekki fyrir kaupum á sambærilegu gólfefni og ekki hafi verið tillit til framlagðra gagna frá M sem er bæði um kaup á sambærilegu parketi og var á gólfi í húseign M sem og tilboð í vinnu.

V vísar til almennra skilmála sinna sem gildi ásamt váttryggingarskilmálum fasteignatryggingar og að þar komi fram í 32. gr. að V sé í sjálfsvald sett hvort það lætur gera við skemmda muni á eigin kostnað eða hvort það greiðir váttryggða eða tjónþola bætur fyrir viðgerðarkostnað samkvæmt framlögðum reikningum samkvæmt áætlun. Þannig telur V að það hafi heimildir til að hafna aðkomu að viðgerðum og greiða bætur skv. áætlun eins og gert hafi verið í máli M. V vísar til þess að félagið hafi brugðist fljótt við þegar tjón M varð og hafi greitt kostnað við að góflistar hafi verið losaðir, parket rífið og hitablásurum komið fyrir auk þess sem pípara hafi verið greitt til að stöðva vatnsleka í húseign M. V leggur til grundvallar tjónamatsgerð sína varðandi kostnað við kaup á sambærilegu parketi og var á húseign M, en telur að framlagt tilboð um kaup á slíku parketi sé ekki í samræmi við það sem hægt sé að kaupa og vísar um það til heimasíðu framleiðanda parketsins. Einnig vísar V til þess að tjónamatsgerð félagsins taki mið af meðalverði við vinnu og aðra þætti og svokallaðan Byggingarlykil Hannars sem byggir á slíkum verðum.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að bæta eigi tjón á því gólfefni sem hafi verið á gólfi húseignar hans, þ.e. Merbau parketi en ekki eikarparketi eins og V hafi lagt til grundvallar tjónamatsgerð sinni. Einnig vísar M til 3. gr. fasteignatryggingar um að bætur greiðist fyrir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt sé til að bæta tjón þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið og þess vegna eigi að bæta vinnu við að fjarlægja húsgögn og aðra innanstokksmuni af gólfinu. Einnig vísar M til þess að tilboð sem V hafi lagt fram frá tilteknu verktakafyrirtæki sé ekki raunverulegt þar sem eigandi fyrirtækisins hafi ekki sagst hafa gert tilboð vegna húseignar M.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram V telji tilfærslu á húsgögnum ekki rask í skilningi 3. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar. V bendir á að í ákvæðinu segi að bætur fyrir kostnað við uppbot og rask séu einskorðaðar við slíkt sem er óhjákvæmilegt til að komast fyrir leka og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þ.e. kostnað við að gera bráðabirgðaviðgerðir en ekki þess kostnaðar sem fylgir því að farga og endurleggja gólfefni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst að öllu leyti um umfang tjóns M en samþykki liggur fyrir af hálfu V um að greiða bætur vegna tjónsins úr fasteignatryggingu M og af gögnum málsins verður ekki annað séð en að slíkur kostnaður hafi verið greiddur m.v. tjónamatsgerð V.

Í málinu liggja fyrir frekari gögn sem sýna tilboð sem M hefur fengið í bæði vinnu og efniskaup vegna gólfefna og eru hærri en þær bætur sem V hefur samþykkt að greiða. Ekki liggur fyrir sérstakt mat eða matsgerð á tjóni M með hliðsjón af öllum gögnum málsins.

Við mat á sönnun um umfang tjóns skv. almennum sönnunarreglum ber sá sem orðið hefur fyrir tjóni sönnunarbyrði um umfang tjónsins. Í þessu máli er það M. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina um sönnun mögulegs umfangs tjóns M verður ekki ráðið að gætt hafi verið að því að meta sérstaklega hvað almennt kosti að kaupa vinnu við lagningu gólfefnis. Ekki verður heldur talið að nægilega sé sýnt fram á, m.v. fyrirliggjandi gögn frá framleiðanda, að hægt sé að kaupa parket af sömu tegund og tilboð það sem M lagði fram. Ekki liggja frekari upplýsingar fyrir frá söluaðila sem sýna fram á það.

Að teknu tilliti til allra gagna málsins verður ekki séð að nægilega skýrar upplýsingar hafi komið fram af hálfu M, sem ber sönnunarbyrði um umfang tjóns, að fjárhæð í tjónamatsgerð V, sem tekur mið af meðalverðum, bæti tjón hans ekki að fullu. Til þess að sýna fram á það verður M að geta lagt fram einhvers konar sérfræðimat á slíkum kostnaði til sönnunar. Slíkt mat liggur ekki fyrir og verður frekara tjón því ekki talið sannað.

Ekki verður heldur fallist á að frekari bætur skv. 3. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar geti byggt á kostnaði við uppbrot og rask sem ekki er til að komast fyrir leka og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, eins og kemur skv. orðanna hljóðan fram í ákvæðinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V vegna tjóns á húseign sinni hinn 11. mars 2023.

Reykjavík, 15. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 335/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Sönnun atviks.

Gögn.

452. Málskot mótttekið 6. september 2024, ásamt fylgiskjali.
453. Bréf V, dags. 11. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
454. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. október 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt ökutækjaskýrslu sem fyrirtækið Aðstoð & Öryggi gerði varð árekstur með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við Grensásveg 16. Í skýrslunni kemur fram að ekki sé ljóst hvað hafi gerst. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi lagt bifreið sinni í bifreiðastæði og það hafi engin bifreið verið nálægt honum. Hann hafi svo komið að bifreiðunum klesstum saman. Í framburði M, sem var ökumaður A, kemur fram að hann hafi lagt bifreið sinni fyrir aftan B en ekki tekið eftir því að hafa ekið aftan á B. Sagði hann að það væri allveg eins líklegt að B hefði verið bakkað á A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komast að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum þar sem hann verði að bera hallann af sönnunarskorti þar sem fyrir liggja að hann lagði bifreið sinni síðar í bifreiðastæði. M er ósáttur við niðurstöðu tjónanefndar og hafnar því að hafa ekið aftan á B. Það sé út í hött að hann hafi ekið á aðra bifreið og farið svo inn á veitingastað að fá sér að borða. Hann hefði fundið fyrir því hefði hann ekið á B og þá sjálfur tilkynnt tjónið. Telur M að ökumaður B hafi óvart bakkað á A og tekið upp á því að tilkynna tjónið og láta það líta út fyrir að M hafi valdið tjóninu.

V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, telur að samkvæmt framburðum beggja ökumanna hafi B verið kyrrstæð og mannlaus í tiltekinn tíma áður en A var lagt fyrir aftan bifreiðina. Verði því að telja að sá ökumaður sem síðar kemur á vettvang, beri hallann af sönnunarskorti vegna tjónsins um hvaða bifreið orsakaði tjónið. Telur V ekki ástæðu til að rengja framburð ökumanns og eiganda B um að komið hafi verið að bifreiðunum klesstum saman. Jafnframt hafi M ekki skilað neinum gögnum sem staðfesti að hann hafi ekki ekið utan í B. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna telur V að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að töluverður ágreiningur er með aðilum hvað varðar atvik í aðdraganda áreksturs en engir framburðir vitna liggja fyrir um atvikið. Þannig heldur ökumaður A fram að bifreiðinni B hafi verið ekið aftur á bak á bifreið sína, og ökumaður B heldur því fram að bifreið sín hafi verið kyrrstæð og mannlaus þegar bifreiðinni A var lagt fyrir aftan bifreiðina og ekið aftan á hana. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, verður að telja að ekki sé unnt að leggja frásögn annars ökumanns til grundvallar umfram frásögn hins og verða atvik málsins því að teljast ósönnuð. Með vísan til ofangreinds verður sök því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, skipt til helminga enda ekki unnt að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 336/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

455. Málskot mótttekið 6. september 2024 ásamt fylgiskjali.
456. Bréf V dags. 10. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
457. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. september 2024.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er tjónstilkynning M til V þar sem gerð er krafa um bætur úr sjúkdómatryggingu vegna kransæðasjúkdóms, en nánari upplýsingar um sjúkdómsgreiningu er ekki að finna í tilkynningunni. Í málskoti kemur fram að greiðslu úr sjúkdómatryggingu M hafi verið hafnað, þar sem V telji að sjúkdómsgreining hans falli ekki undir bótasvið váttryggingarinnar. M tekur fram að greining hans sé flókið mál og hjartalæknir hans telji að hann hafi verið nálægt því að fá STEMI og hafi mögulega haft það. Þá sé hann ekki búinn að ná fullum bata og endurhæfing standi enn yfir.

Fyrir liggur að V hafnaði kröfu M með bréfi dags. 26. júní 2024, og í bréfi þess til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmála váttryggingarinnar séu tæmandi talir þeir sjúkdómar sem eru bótaskyldir. M hafi byggt á því að sjúkdómur hans falli undir bótaflokk 2, nánar tiltekið bótaflokk 2.a þar sem kveðið sé á um að váttryggingin taki til hjartaáfalls/kransæðastíflu. Sé þá í skilmálanum að finna eftirfarandi nánari skilgreiningu og skilyrði þess að bótaskylda sé til staðar:

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis. Skilyrði er að þrjú neðangreind atriði séu öll til staðar:

- a. verkir í brjósthóli og/eða mæði,
b. vísbendingar um þverdræga blóðþurrð (transmural ischemia) við óeðlilegt hjartalínurit (ECG), þ.e. veruleg hækkun á ST, Q-takkar eða nýmyndum greinrofs (bundle-branch block),
c. hækkun sértækra hjartaensíma (CK-MB, Troponin).

Váttryggingin undanskilur stöðuga og óstöðuga hjartaöng.

Skilyrði er að sjúkdómsgreiningin sé staðfest af sérfræðingi í hjartasjúkdómum.

V hafi óskað eftir læknisfræðilegum gögnum, bæði frá Landspítala og þeim hjartalækni sem hafi haft M til meðferðar. Í vottorði þess læknis sé lýst ástandi sem falli ekki að ofangreindum skilyrðum og samkvæmt því sé ekki um að ræða fullþykktardrep í hjartavöðva, heldur sé lýst NSTEMI greiningu og eðlilegri hjartastarfsemi. Af því megi ráða að skilyrði b-liðar sé ekki fullnægt, en öll framangreind skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo bótaskylda sé til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að samkvæmt pappírnum frá Landspítalanum hafi hann verið lagður inn með STEMI en ekki NSTEMI svo bótaskylda eigi þá að vera fyrir hendi.

Álit.

Samkvæmt því sem fram kemur í skilmála sjúkdómatryggingar M þurfa skilyrði stafliða a., b. og c. öll að vera uppfyllt svo bótaskylda sé til staðar. Hvílir sönnunarbyrði þess að svo sé á M. Í sjúkraskrá kemur fram að M hafi leitað á Landspítala hinn 12. desember 2023 vegna brjóstverkja og mæði og hafi þegar farið í hjartaþræðingu. Er því ljóst að skilyrði a.-liðar eru uppfyllt. Liggja þá fyrir nefndinni niðurstöður blóðrannsóknar þar sem greindust hækkuð gildi tróponíns og virðist því einnig liggja fyrir að skilyrði c.-liðar séu uppfyllt.

Kemur þá fram í gögnum frá Landspítala að M hafi fengið STEMI, en það mun almennt vera skilgreint sem brátt hjartadrep með ST-hækkunum. Hins vegar liggur fyrir nefndinni vottorð hjartalæknis þar sem fram kemur að M hafi fengið greininguna NSTEMI, sem mun vera brátt kransæðaheilkenni, marktækur sjúkdómur hafi aðeins verið í einni æð, sem hafi verið opnuð og enginn skaði hafi orðið á hjartanu eftir áfallið. Virðist framangreindum gögnum því ekki að fullu bera saman um einkenni sjúkdómsgreiningar M.

Nefndarmenn, sem ekki búa yfir sértækri læknisfræðilegri þekkingu, geta af framansögðu ekki fullyrt að skilyrðum b.-liðar þ.e. að til staðar hafi verið vísbendingar um þverdræga blóðþurrð við óeðlilegt hjartalínurit þ.e. veruleg hækkun á ST, Q-takkar eða nýmyndum greinrofs, sé fullnægt. Verður það ekki ráðið með vissu af fyrirbyggjandi gögnum enda liggur ekki fyrir nefndinni vottorð er skýrlega staðfesti það.

Verður M, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að bera hallann af þeim vafa sem leikur á um það hvort einkenni hans falli undir bótasvið vátryggingarinnar og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 337/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

458. Málskot mótttekið 25. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
459. Bréf V dags. 23. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
460. Viðbótarathugasemdir M, dags. 31. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
461. Viðbótarathugasemdir V, dags. 5. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. júlí 2024, hafi gluggi frá íbúð 208 í fasteign sem er hluti af húsfélaginu X, fallið í heilu lagi á bifreiðina A sem er í eigu M. Við það stórskemmdist bifreiðin og hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar X vegna tjónsins. Telur M ljóst að einhver hljóti að vera ábyrgur fyrir tjóninu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu húseigenda þar sem tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi eða annarra atvika sem eigandi íbúðarinnar getur borið skaðabótaábyrgð á. Til þess að bótaskylda stofnist í ábyrgðartryggingu húseigenda þurfi M að sanna að saknæm og ólögmæt háttsemi eigenda íbúðar 208 hafi leitt til tjónsins sem um ræðir, þ.e. sakarreglan gildir. Sönnunarbyrðin hvíli alfarið á M. V hafi leitað eftir upplýsingum frá eiganda íbúðarinnar en samkvæmt honum hafði hann ekki vitneskju um að eitthvað væri ábótavant við gluggann sem að féll og olli tjóni á bifreiðinni. Hann leigi íbúðina út og hafði leigjandinn ekki heldur vitneskju um að eitthvað væri ábótavant við gluggann. Ekki hafi verið hægt að sjá að hann væri laus. Skipt hafi verið um glugga þegar íbúðin var uppgerð árið 2020 og eigandi hennar hafi keypt íbúðina árið 2021.

Í viðbótarathugasemdum M segir hann ljóst að leigjandi íbúðarinnar hafi gerst sekur um saknæma og ólögmæta háttsemi með því að hafa þennan stóra glugga opinn í þeim vindstyrk sem var þennan dag. Glugginn hefði aldrei fokið hefði hann verið lokaður.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar V staðhæfingu um saknæma háttsemi leigjanda íbúðarinnar. Ekki verði séð að hann hafi gert eitthvað rangt eða saknæmt þegar hann hafði umræddan glugga opinn. Um væri að ræða glugga sem opnast á hlið og helst fastur með hefðbundnum járnpinna sem festur er í festingu á gluggakarminum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu húsfélagsins X, eða leigjanda íbúðar í nr. 208, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar húsfélagsins. Hvílir það á M að sýna fram á að svo hafi verið. Samkvæmt upplýsingum frá eiganda og leigjanda íbúðarinnar höfðu þeir ekki vitneskju um að eitthvað væri að glugganum eða að hætta stafaði af honum. Að mati nefndarinnar hefur M ekki sýnt fram á að eigandi eða leigjandi fasteignarinnar hafi vitað eða mátt vita að glugginn gæti fokið við aðstæður líkt og mynduðust á tjónsdegi þannig að athafnaskylda hafi hvílt á þeim til að bregðast við eða hafa hann ekki opinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.

Þóra Hallgrímsdóttir

rafræn undirskrift
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 338/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

462. Málskot mótttekið 9. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
463. Tölvupóstur V, dags. 8. nóvember 2024.
464. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. nóvember 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu var bifreiðinni A, sem er í eigu fyrirtækisins M, ekið út af Grafningsvegi við Klettagil hinn 18. febrúar 2024. Á vettvangi var myrkur, skýjað og rigning. Kvaðst X, ökumaður A, hafa misst stjórn á bifreiðinni og hafnað utan vegar. Reyndist X vera undir áhrifum áfengis. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum var vínandamagn í blóði X frá 0.21% til 0.43%. Í þvagsýni reyndist vínandamagn vera 0.75%. Fram kemur í gögnum málsins að M hafi vegna tjónsins, gert kröfu um bætur úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með vísan til þess að ökumaður hafi fyrir slysið neytt áfengis og þar með gerst brotlegur við 49. gr. umferðarlaga og skilmála kaskótryggingar.

M gerir athugasemd við hugtakanotkun V og þá fullyrðingu að niðurstaða blóðrannsóknar sýni að ökumaður hafi verið óhæfur til að stjórna ökutæki með öruggum hætti. Niðurstaða blóðrannsóknar bendi til þess að vínandamagn í blóði hafi verið á því bili sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Ljóst sé að megin orsök slyssins verði rakin til þess að um var að ræða ungan og óreyndan ökumann, rúmlega 18 ára, ókunnugan aðstæðum, sem því miður mat erfiðar aðstæður á vettvangi ranglega. Slysið hafi orðið aðfaranótt sunnudagsins 18. febrúar 2024, í myrkri, í rigningu, þar sem snjór var að hluta yfir landslagi og að öllum líkindum launhálka, þegar bifreiðin kom úr krappri hægri beygju niður halla í átt að vegriði sem girti af gil sem var á hægri hönd. Ökumaður hafi fyrst neytt áfengis þegar í sumarbústað var komið, án vitneskju móður sinnar eða afa sem var eigandi bifreiðarinnar. Ekkert í gögnum lögreglu styðji ályktun V sem liggja til grundvallar synjun á bótaskyldu.

Í tölvupósti V til nefndarinnar er vísað til váttryggingarskilmála kaskótryggingar og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Að mati V sé það hafið yfir allan vafa að háttsemi X í aðdraganda áreksturs verði að telja sem stórfellt gáleysi sem leiði til þess að bótaréttur úr kaskótryggingu falli niður. Þá er í tölvupósti V fjallað um fyrirhugaða niðurfellingu á bótarétti úr slysatryggingu ökumanns og eiganda og endurkröfurétt V.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir lögmaður M athugasemd við það að umsögn V sé byggð á allt öðrum grundvelli en sú ákvörðun V sem varð tilefni málskots þessa. Það sæti furðu. Þá sé í umsögn V í fyrsta sinn teft fram annarri og nýrri röksemd þar sem vísað er til greinar 26.1. í skilmála kaskótryggingar þar sem fjallað er um háttsemi annarra en váttryggðs þ.e. samsömun. Um sé að ræða heimildarákvæði, ekki skylduákvæði. Hvað varðar umfjöllun V um slysatryggingu ökumanns og eiganda kveðst lögmaður M ekki gæta hagsmuna X, ökumanns A, umrætt sinn og hafi ekkert umboð eða heimild til að koma fram fyrir hönd hans, hvað þá að móttaka tilkynningar sem beint sé til ökumanns.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort V sé heimilt að skerða bætur til M úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A að fullu á grundvelli þeirrar háttsemi ökumanns bifreiðarinnar, X, að hafa ekið undir áhrifum áfengis aðfaranótt 18. febrúar 2024.

Í 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið váttryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skuli líta

til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Kemur þá til skoðunar hvort X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn stjórnari eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar telst ökumaður ekki geta stjórnað ökutæki örugglega ef vínandamagn í blóði hans nemur 0,20‰, en er minna en 1,20‰, eða magn vínanda í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,1 milligrammi í lítra lofti, en er minna en 0,60 milligrömm. Ekki er um það deilt að X hafi verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum var vínandamagn í blóði X frá 0.21‰ til 0.43‰. Í þvagsýni reyndist vínandamagn vera 0.75‰. Með háttsemi sinni umrætt sinn braut ökumaður þannig gegn 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Í skýrslu lögreglu er haft eftir honum að ekkert hafi truflað hann við aksturinn nema kannski að hann hafi verið búinn að drekka áfengi um kvöldið. X tengir sjálfur áfengisneyslu sína við útafaksturinn. Á slysdegi var X eingöngu 18 ára gamall og hafði haft ökuréttindi í rétt tæplega eitt ár. Hann ók eftir Grafningsvegi sem á leið sinni í gleðskap í myrkri og erfiðum vetraraðstæðum undir áhrifum áfengis. Með þeirri háttsemi sinni hefur X að mati nefndarinnar sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og hefur sú háttsemi leitt til tjónsins. Samkvæmt framansögðu er V heimilt að skerða bætur úr kaskótryggingu A og telst slík skerðing hæfileg að 2/3 hlutum þannig að M fái 1/3 hluta tjóns síns bætt.

Að lokum telur nefndin ástæðu til að taka undir athugasemdir lögmanns M varðandi það að V noti umsögn sína við málskot M sem vettvang til að tilkynna um fyrirhugaða höfnun bóta úr slysatryggingu ökumanns. Umsögn V vegna málskots sem varðar kaskótryggingu ökutækis er hvorki heppilegur né réttmætur vettvangur fyrir slíkar tilkynningar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu A, en heimilt er að skerða bætur til þess um 2/3 hluta.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 339/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Umfang tjóns.

Gögn.

465. Málskot mótttekið 9. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
466. Bréf V dags. 1. október 2024.
467. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að skemmdir hafi orðið á fasteign í eigu M í júlí 2023 eftir að heitavatnslögn í öðrum eignarhluta hússins gaf sig. Hafi tjónið náð til íbúðar á hæð og íbúðarherbergis í kjallara. Hafi V fallist á bótaskyldu sem slíka og viðgerðir farið fram. Þær hafi falist í því að léttur veggur milli baðherbergis og svefnherbergis var endurnýjaður og málningarframkvæmdum. Þar sem M hafi haft áhyggjur af frekari skemmdum hafi aðilar sammælt um að fá X til að framkvæma mat á eigninni. Hafi X skilað skýrslu sinni í desember 2023. Séu niðurstöður hennar rökstuddar og komi fram að í sumum tilvikum sé óljóst hvort raka megi rekja til tjónsins en að í öðrum tilvikum sé X þess fullviss að raka og skemmdir sé að rekja til fyrrnefnds tjóns. Nemi kostnaðarmat úrbóta vegna hinna síðarnefndu atriða, þ.e. úrbóta vegna vatnstjóns, kr. 2.850.000. Samkvæmt niðurstöðu X sé um að ræða uppbot á flísalögn á baðherbergi, steinslípun rakasvæða og endurnýjun stimpilsteypu á gólfi og múrhúðar á útvegg í svefnherbergi. Auk þess þurfi að pússa upp gluggakarma og endurmála og æskilegt sé að yfirfara raflagnir og tengla, sérstaklega þar sem vatn hafi komið fram í tjóninu. M hafi talið einboðið að umrædd skýrsla, sem V hafi greitt fyrir, yrði lögð til grundvallar bótauppgjöri. V hafi hins vegar ekki fallist á það og talið að ekki væri sýnt fram á orsakatengsl milli tjónsins og þess raka sem X hafi mælt. Fer M fram á að úrskurðað verði um fulla bótaskyldu vegna þeirra úrbóta sem þurfi samkvæmt skýrslunni að framkvæma vegna umrædds tjóns.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt skýrslu X hafi skoðun og rakamæling leitt í ljós hækkaðan raka víða í lofti, veggjum og á nokkrum stöðum í gólfi íbúðar á jarðhæð, auk þess sem hækkaður raki hafi mælt við baðherbergi, sérstaklega við millivegg sem var endurnýjaður. Komi þá fram að í fasteign M sé bæði utanaðkomandi leki og notendaleki frá baðherbergi á efri hæð en hvorugt falli undir gildissvið váttryggingarinnar. Sé ekki hægt að útiloka að raki í byggingarefnum hafi komið til vegna eldri lekavandamála. Þá hafi ekki verið staðfestur mygluvöxtur í veggjum, gólfum og loftum fasteignarinnar. Strokusýni til greiningar á því hafi verið tekið ofan af gereftum hurða og geti með engu móti talist staðfesta myglu í veggjum. Geti niðurstaða X því ekki réttlætt þær aðgerðir sem lagðar séu til í skýrslunni. Er þá bent á að þurrktæki, tvær rakaskiljur og sex blásarar, hafi verið í gangi í íbúðinni í 26 daga og að enginn raki hafi mælt þegar þau voru tekin út. Því sé ekki fallist á þá niðurstöðu X að slípa þurfi loft, veggi og gólf og rífa upp flísar og stimpilsteypu vegna tjónsins. Hafi ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli tjónsins og raka í veggjum, loftum og gólfi heldur telji X þvert á móti að húsið sé illa varið fyrir utanaðkomandi leka auk þess sem um notendaleka geti verið að ræða. Telji V því að tjón M hafi verið að fullu bætt og ekkert bendi annars en að viðgerðin hafi verið framkvæmd til samræmis við góðar venjur og þess að verktakinn sem annaðist framkvæmdir hafi skilið við fasteign M í jafngóðu ástandi og hún var fyrir tjónið.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir ítrekaðar.

Álit.

Ekki er deilt um það að tjón það sem varð á fasteign M í júlí 2023 sé bótaskyldt sem slíkt. Aðila greinir hins vegar á um umfang tjónsins og hvort fullnægjandi viðgerð á fasteign M hafi þegar farið fram. Ekki liggur annað fyrir en að aðilar hafi sammælt um að afla frekara mats á því og að V hafi greitt kostnað vegna matsins. Kemur þá fram í fyrirliggjandi matsskýrslu X að við skoðun eignarinnar dags. 7. nóvember 2023 hafi fulltrúar V og M verið viðstaddir.

Umrædd skýrsla er nokkuð ítarleg og er þar m.a. að finna umfjöllun um orsök rakavandamála í fasteigninni. Er þannig í einhverjum tilvikum talið að um eldri rakaskemmdir, utanaðkomandi vatn

eða notendaleka sé að ræða. Í kostnaðaráætlun, sem hljóðar upp á 2.850.000 kr., er þó aðeins tekið til þeirra atriða sem X telur „að rekja megi með óyggjandi hætti til vatnstjónsins“. Er því samkvæmt skýrslunni aðeins um að ræða áætlaðan kostnað vegna úrbóta vegna hins bótaskylda tjóns, þ.e. tjón sem óumdeilt er að falli sem slíkt innan gildissviðs vátryggingarinnar. Verður ekki séð annað en að umrædd skýrsla sé vönduð og niðurstöður hennar skýrar og vel rökstuddar. Hefur V þá ekki lagt fram nein gögn, s.s. matsgerð dómkvadds matsmanns, er hnekki niðurstöðum skýrslunnar.

Er það því mat nefndarinnar að rétt sé að miða við niðurstöður fyrrgreindrar matsskýrslu, og að M eigi þar af leiðandi rétt á bótum vegna þeirra úrbóta sem þar eru tilgreindar. Er þá ekki tekið tillit til mögulegs frádráttar vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við endurbætur á íbúðarhúsnæði en gert er ráð fyrir að sú fjárhæð verði dregin frá við uppgjör aðila.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að fjárhæð 2.850.000 kr., að frádreginni mögulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnuliðar, úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 340/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Gildissvið váttryggingarskilmála. Matsfrestur.****Gögn.**

468. Málskot mótttekið 10. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
469. Athugasemdir V, dags 14. október 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Mál þetta má rekja til vinnuslyss sem M varð fyrir 4. apríl 2020. Í gögnum málsins er ekki að finna frekari umfjöllun um slysið, einungis sagt í málskoti að tjónið hafi verið tilkynnt V skriflega 4. júní 2020. Þá segir m.a. í málskoti að M hafi verið undir læknishendi árið 2023. Hafi hún farið í segulómun á baki 6. mars 2023 og í aðgerð hjá bæklunarlækni 26. apríl 2023. Hafi sú aðgerð ekki dugað til þess að hægt væri að meta tjónið og hafi M farið í aðra aðgerð 10. apríl 2024. Þá liggja fyrir upplýsingar frá V þess efnis að tiltekinn læknir hafi 21. mars 2022 talið að ekki væri tímabært að meta afleiðingar slyssins. Ekki er að finna neinar aðrar heilsufarslegar upplýsingar í gögnum málsins.

V upplýsti í tölvubréfi, dags. 20. ágúst 2024, að félagið telji að matsfrestur sé liðinn í málinu og því muni það ekki greiða fyrir matsgerð. Bendir V einnig á að M hafi notið aðstoðar lögmanns sem ekki hafi farið fram á framlengdan matsfrest.

Í málskoti byggir M m.a. á því að b- og c-liðir 4. mgr. 12. gr. skilmála fyrir slysáttryggingu launþega hjá V standist ekki lög. Er í því sambandi bent á að stöðugleikapunktur hafi ekki verið náð fyrr en meira en þremur árum eftir slysdag.

V byggir á því að M eigi ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega. Í athugasemdum til nefndarinnar frá V, dags. 14. október 2024, er m.a. byggt á því, með vísan í b- og c-liði greinar 12.4 í skilmálum fyrir slysáttryggingu launþega, að þar sem afleiðingar slyss M voru ekki metnar innan þriggja ára frá slysdegi eigi hún ekki lengur rétt til bóta úr tryggingunni. Mótmælir V m.a. þeirri fullyrðingu M að þessi tilteknu ákvæði í skilmálum samræmist ekki lögum. Í því sambandi bendir V m.a. á Hrd. í máli nr. 604/2017 og úrskurð nefndarinnar í máli nr. 14/2022. Þá liggja ekki fyrir samþykki V þess eðlis að félagið muni ekki bera fyrir sig skilmálaákvæðin enda hafi ekki verið farið fram á neitt slíkt af hálfu M. Telur V sig því hafa verið í fullum rétti að bera framangreind ákvæði fyrir sig gagnvart M.

Álit.

Í þessu máli liggur fyrir að lögmaður M óskaði eftir því í tölvubréfi, dags. 16. ágúst 2024, að V samþykkti að tilteknir matsmenn yrðu fengnir til að meta afleiðingar vinnuslyss sem M varð fyrir 4. apríl 2020. Þá voru liðin rúmlega fjögur ár frá slysdegi. V hafnaði því að meta afleiðingar slyssins og vísaði í því sambandi í ákvæði í b- og c-liðum greinar 12.4 í skilmálum félagsins fyrir slysáttryggingu launþega, en þar segir eftirfarandi: „b) Varanlegt heilsutjón skal meta í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið, að heilsufar sé ekki orðið stöðugt getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu mati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. c) Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma mat á heilsutjóni í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að meta tjónið eins og gera má ráð fyrir að það verði endanlegt. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gagnast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.“ Þá vísar V m.a. einnig í Hrd. í máli nr. 604/2017 máli sínu til stuðnings. Í því máli deildu aðilar um það hvort A gæti krafist frekari bóta úr slysáttryggingu sem hún hafði hjá V hf. Taldi dómurinn óumdeilt að A ætti rétt til bóta samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, en V hf. byggði á því að mat dómkvadds manns, sem A reisti kröfu sína á, hefði farið fram eftir að þrjú ár voru liðin frá slysdegi og væri A því bundin við mat sem aðilar öfluðu

sameiginlega á grundvelli skilmála tryggingarinnar. Taldi dómurinn að orðalag skilmála slysatryggingar A hjá V hf. væri fortakslaust um að framkvæma bæri örorkumat innan þriggja ára frá tjónsatburði og gildi þá einu þótt afleiðingar slyss væru ekki að fullu komnar fram innan þess tíma. Þá féllst dómurinn ekki á að A væri óbundin af ákvæðum slysatryggingarinnar á grundvelli 36. gr. og 36. gr. b. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Loks var ekki talið að fyrirvari sem A gerði við bótauppgjör á grundvelli matsgerðar sem aðilar öfluðu sameiginlega yrði túlkaður á þann veg að samkomulag hefði legið fyrir um að víkja frá tímamarki slysatryggingarinnar samkvæmt framangreindu. Var V hf. því sýknað af kröfu A.

Með sama hætti og gildi í framangreindum dómi Hæstaréttar varðar ágreiningur aðila í þessu máli nr. 340/2024 túlkun tiltekins ákvæðis í vátryggingarskilmálum. Í báðum tilvikum er því í raun um að ræða efnislega sambærilegt ákvæði. Það er því niðurstaða nefndarinnar, m.a. með vísan í niðurstöðuna í Hrd. í máli nr. 604/2017, að ekki verði fallist á þá kröfu M, að staðfest verði að hún eigi bótarétt úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V vegna vinnuslyss 4. apríl 2020.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Mál nr. 341/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Fasteignatrygging.

Fasteignatrygging. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

- Málskot, móttakið dags. 10. september 2024, ásamt fylgiskjöllum.
- Bréf V, dags. 23. september 2024, ásamt fylgigögnum.
- Bréf M, dags. 10. október 2024.
- Bréf V, dags. 15. október 2024, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þegar M hafi komið erlendis frá 15. júní 2024 hafi komið í ljós mikill leki í efri skápum í eldhúsi sem staðsett sé á 1. hæð (jarðhæð). Komið hafi í ljós að það var leki úr sturtuhaus við baðkar sem staðsett er á baðherbergi á 2. hæð beint fyrir ofan eldhús. Stöðugt rennsli hafi greinilega verið í 15 daga með þeim afleiðingum að það var kominn raki á milli hæða og efri skápar í innréttingu mjög skemmdir. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að um fúguleka væri að ræða, langvarandi raka eða vatnsleka sem flokkist undir notendaleka. M vísar til þess að ekki sé ágreiningur um að vatn hafi farið á milli hæða úr hreinlætistækjum á baðherbergi og þaðan niður í eldhús á 1. hæð. Vatnið hafi lekið á meðan á sumarleyfi M stóð þ.e. í 15 daga og ekkert liggi fyrir að lekinn hafi verið í lengri tíma. Þá liggi engin gögn fyrir um það að fúga hafi verið brotin undir blöndunartækinu sem hafi leitt til lekans. M bendir ennfremur á að ekki sé unnt að setja út á frágang við baðkar þar sem fúgan þar hafi verið með þeim hætti um árabíl án þess að lekið hafi á milli hæða. M tekur fram að ekkert styðji þær fullyrðingar að vatnið hafi lekið í umtalsverðan tíma eða að tjónið sé vegna langvarandi notendaleka.

Í bréfi V kemur fram að það hafi dropað úr blöndunartæki í gegnum fúgu á að baðherbergi efri hæðar og við það hafi myndast leki í gegnum loft neðri hæðar og valdið tjóni á lofti og eldhúsinnréttingu. Við skoðun á baðherberginu hafi mátt sjá að vatn átti greiða leið í gegnum brotna fúgu undir blöndunartækjunum. Að öllum líkindum sé fúgan brotin þar sem vatn hafi dropað niður á svæði milli baðkars og flísa yfir langt tímabil. Það hafi verið mat skoðunarmanns að miðað við umfang raka í byggingarefni megi ætla að vatnið hafi gengið niður í umtalsverðan tíma. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að um langvarandi notendaleka væri að ræða. V vísar til þessa að gildissvið vatnstjónatryggingar sé afmarkað í 1. gr. skilmála nr. E-7 og til að bótaskylda stofnist verði tjónsatburður að vera rakinn til einhverra þeirra tjónstílvika sem talin eru upp í ákvæðinu. Af gögnum verði ekki ráðið að tjónið sé af völdum vatns sem óvænt og skyndilega hafi streymt út úr hreinlætistækinu vegna mistaka eða bilana líkt og áskilið er og ekki verði heldur séð að tjónið stafi af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hússins.

Álit.

Í 1. gr. í 1. kafla húseignatryggingar V kemur fram að félagið bæti skemmdir á tryggðri húseign af völdum:

a. vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Tryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilega fylgir því að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama en ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið.

b. vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr hreinlætistækjum, kælikápum, frystikistum, vatnsrúmunum og fiskabúrum vegna mistaka eða bilana.

Af gögnum málsins má ráða að vatn hafi lekið úr handsturtu sem lögð var á blöndunartækin og lekinn hafi farið í gegnum fúgu sem var brotin og þaðan niður á neðri hæðina og valdið þar tjóni. Það liggur því fyrir að a- liður á ekki við þar sem lekinn stafar ekki frá vatnsleiðslu, hitakerfi eða frárennislögnum hússins. Eins og fram kemur í b-lið skal bæta tjón sem streymir óvænt og skyndilega úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana. Lekinn úr handsturtunni er óútskýrður en leiða má líkum að því að fyrir mistök hafi ekki verið skrúfað nægilega vel fyrir blöndunartækin áður en fjölskyldan hélt af landi brott. Kemur þá til skoðunar hvort undanþáguákvæði um langvarandi leka eða raka skv. d-lið 2. gr. váttryggingarskilmála húseigendatryggingar eigi við. Fyrir því ber V sönnunarbyrði. Hefur V ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að tjónið hafi hlotist af langvarandi raka eða vatnsleka og verður því að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Með vísan til þess varð lekinn óvænt og skyndilega vegna mistaka og er tjón M því bótakylt skv. b-lið 1. gr. í 1. kafla húseigendatryggingar V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr fasteignatryggingu íbúðarhúss hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 342/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar: (X) og (Y)

Skaðabótaábyrgð. Vestrslun/þjónusta.

Gögn.

14. Málskot mótttekið 12. september 2024 ásamt fylgiskjölum.

15. Bréf V dags. 30. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. mars 2024 hafi M lagt bifreið sinni framan við innganginn að húsakynnum X. M hafi gengið yfir ísilagða jörð og þaðan inn í húsnæði X. Þar hafi hann stigið á litla mottu og þaðan beint á svart, sléttpússað og lakkað steingólf. Við það hafi hann runnið á bleytu á gólfinu og fallið í gólfið með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón. Í sömu andrá hafi hann séð starfsmann ræstingafyrirtækisins Y innar í húsnæðinu en skömmu áður hafi verið skúrað við innganginn. Engar merkingar hafi verið til staðar sem gæfu til kynna að skúringar stæðu yfir eða að gólfið hafi verið blautt. Vegna tjóns síns hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X en V en þeirri kröfu hafi verið hafnað með bréfi V dags. 24. maí 2024. M hafi þá krafist bóta úr ábyrgðartryggingu Y en þeirri kröfu hafi, með bréfi V dags. 22. ágúst 2024, einnig verið hafnað. M telur að X og Y beri in solidum skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Starfsemi X sé þess eðlis að þar megi vænta mikillar umferðar gangandi fólks, og gera verði ríkar kröfur til rekstraraðila um að viðhafa sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja öryggi viðskiptavina. Gólfið í húsnæði X sé þá þeirrar gerðar að það verði glerhált í bleyti og verði því að gera strangar kröfur til X og Y um að tryggja hálfuvarnir, t.a.m. með stærri gólfmottu eða því að skúra ekki inngang á þeim tíma sem vænta megi umferðar viðskiptavina. Umræddri mottu hafi þá, eftir slys M, verið skipt út fyrir stærri gúmmímottu. Hvað varði Y sérstaklega hafi starfsmaður þess þá ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu þegar hann skúraði gólfið og skildi það eftir blautt án nokkurra merkinga sem vörðu við hættu af þeim völdum, en fyrirhafnarlítið sé að koma upp slíkum merkingum og er vísað til dóms Hæstaréttar í máli 104/2012 þeim málflutningi til stuðnings. Til stuðnings framangreindu er þá vísað til nánar tilgreindra ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglna settra með stoð í þeim. Af öllu framangreindu telji M fullsannað að slys hans verði rakið til þess að gólfið hafi verið blautt vegna skúringa. Veðurfar hafi ekki verið með þeim hætti að sennilegt sé að bleyta undan skóm M hafi orsakað fallið, og þá er því hafnað að slysið verði raki til gáleysis M. Hvorki X né Y hafi með nokkrum hætti varað við mögulegri slyshættu og hafi M því ekki verið meðvitaður um að aðstæður væru slíkar að sérstakrar aðgátar væri þörf.

Í bréfi V er vísað til þess að sönnunarbyrði þess að slys hans verði rakið til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi X og Y eða starfsmanna þeirra hvíli á M. Slík sönnun hafi ekki tekist. Hvað X varði þá sé það mat þess að bleyta sem borist hafi inn með M hafi valdið slysi hans. X beri þá ekki ábyrgð á þeim aðila sem hafi verið við skúringar enda sé viðkomandi starfsmaður Y. Liggja þá ekkert fyrir um að gólfið sem slíkt hafi ekki verið til samræmis við lög eða reglur eða að það hafi verið sérlega hált. Telji X því að um óhappatílvik hafi verið að ræða sem X verði ekki gert að bera bótaábyrgð vegna. Hvað Y varði þá vísi það til þess að verkinu hafi verið sinnt með eðlilegum hætti og engum hafi getað dulist að skúringar stæðu yfir enda hafi starfsmaðurinn verið við störf nálægt innganginum í húsnæði sem sé ekki stórt. Bendi því ekkert til þess að nauðsynlegt hafi verið að setja upp varúðarmerkingar. V telji þá ósannað að orsök slyssins verði rakin til mistaka Y enda sé ljóst að veðurfar hafi verið með þeim hætti að yfirgnæfandi líkur séu á því að bleyta hafi safnast undir skóm þeirra vegfarenda sem komu inn í húsnæðið. Hafi M stigið á mottu við innganginn án þess að þurrka sérstaklega af skóm sínum og verði því að telja að bleyta undan skóm hans hafi valdið slysinu. Verði niðurstaða nefndarinnar allt að einu sú að bótaskylda sé til staðar telur V rétt að M verði gert að bera hluta tjóns síns sjálfur enda hafi hann ekki gætt að sér þrátt fyrir að gera sér grein fyrir að verið væri að skúra gólfið.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir slysi sem sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X og/eða Y, starfsmanna þeirra eða annarra atvika eða aðstæðna sem X og/eða Y verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Gögn fyrir nefndinni um atvikið sem slíkt og aðstæður á slysdegi eru afar takmörkuð.

Hvað X varðar er vissulega rétt að sem rekstraraðila sem tekur á móti viðskiptavinum í húsnæði sitt hvílir á því sú skylda að viðhafa sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem leggja leið sína þangað. Hins vegar er ekki sýnt fram á það í málinu að gólfíð í húsnæði X hafi verið í ósamræmi við lög eða reglur eða hættulegt þeim sem gengu um það. Þá verður X ekki gert að bera húsbónðaábyrgð á starfsmanni Y, en gögn málsins bera með sér að Y sé utanaðkomandi ræstingafyrirtæki sem sjái um ræstingar fyrir X samkvæmt samningi og sjái eigin starfsmenn Y um þann starfa. Verður því ekki fallist á að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu þess sé fyrir hendi.

Hvað Y varðar þá liggur fyrir og er ekki um það deilt að skúringar stóðu yfir er M gekk inn í húsakynni X. Með hliðsjón af því svo og því að hitastig á slysdegi var á bilinu $-3,5$ °C til $-5,3$ °C og úrkoma aðeins 0,1 mm verður að teljast ólíklegt að önnur bleyta en vegna skúringanna hafi orsakað fall M. Þá er einnig óumdeilt að engar varúðarmerkingar voru til staðar vegna þess. Almennt verður að gera ráð fyrir því að við gólfþvott á húsnæði þar sem almenningur leggur leið sína hvíli ríkar skyldur á þeim sem hafa þann starfa með höndum um að gera ráðstafanir til að draga úr slysaáætlu, t.a.m. með varúðarmerkingum. Ekki er sýnt fram á að M hafi mátt gera sér grein fyrir að gólfíð væri blautt eða að þríf á því stæðu yfir er hann kom inn í húsnæðið. Jafnvel þó hann hafi, að því er virðist í málskoti, séð starfsmann Y í þann mund sem hann féll í gólfíð, verður ekki við það miðað að hann hafi mátt átta sig á því að gólfíð við innganginn væri blautt. Er það því niðurstaða nefndarinnar að bótaréttur úr ábyrgðartryggingu Y sé til staðar. Eru þá samkvæmt framangreindu ekki efni til að skerða bótarétt M á grundvelli eigin sakar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Y hjá V.

Reykjavík, 15. október 2024.

rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 343/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A)

Sönnun tjónsatviks. Umfang tjóns.

Gögn.

470. Málskot móttakið 12. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
471. Bréf V2 dags. 25. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
472. Bréf V1 dags. 31. október 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og fyrirliggjandi tjónstilkynningu M varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A á Suðurstrandarvegi við Grindavík hinn 3. september 2024. Hafi atvikið valdið lakkskemmdum á B og því að sprungur mynduðust á framrúðu og hliðarrúðu hennar. Fyrir liggja ljósmyndir af ákomum á bifreiðina. Í málskoti kemur fram við nánari lýsingu á atvikinu að M hafi verið að keyra á vegarkafli þar sem yfirborð vegarins hafi verið laust vegna bráðabirgðarviðgerðar. Hafi hann séð A koma, með kerru í eftirdragi, á töluverðum hraða, líklega yfir lögmæltum hámarkshraða, á móti sér og hafi B orðið fyrir steinkasti. Fyrirliggjandi sé myndband og ljósmyndir af atvikinu og aðstæðum, og eins mynd af ökumanni A, en M hafi náð tali af honum eftir að hafa snúið við og elt hann. Liggja þá fyrir að engin skemmd var á hliðarrúðunni bílstjórægin degi fyrir atvikið. Telji M sig því hafa sýnt nægilega fram á tjón hans verði rakið til notkunar A og að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu hennar sé fyrir hendi.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var váttryggjandi B, kemur fram að á fyrirliggjandi myndbandi megi greinilega sjá að steinar þeytist undan A og í veg fyrir B. Styðji fyrirliggjandi gögn því við frásögn M auk þess sem ökumaður A þvertaki ekki fyrir að atvikið geti hafa átt sér stað. Skýringar V1 á myndbandinu, þ.e. að steinarnir hafi farið fram hjá A er bifreiðarnar mættust séu þá ófullnægjandi og geti V1 ekki sýnt fram á neitt í þeim efnunum. Telji V2 því bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A til staðar.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, kemur fram að félagið telji ákveðinn ómöguleika fólgin í því að smásteynar hafi valdið svo umfangsmiklu tjóni á B. Engin vitni hafi geti staðfest lýsingu M á atvikum, en hafi þeir tveir svörtu blettir, sem líklegast séu smásteynar, sem sjáist á framlögðu myndbandi, hafnað á B geti þeir ekki hafa valdið slíku tjóni. Samkvæmt frásögn ökumanns A hafi hann ekki orðið var við að steinn hafi skotist frá bifreið A og á B. Sé því ósannað að steinarnir hafi lent á B og jafnvel þó svo væri sé ósannað að allt það tjón sem tilgreint sé í tjónstilkynningu og komi fram á ljósmyndum verði rakið til notkunar A.

Álit.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á B megi rekja til notkunar A en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Af fyrirliggjandi myndbandi úr mælaborðsmýndavél B má sjá að A og B mætast á vegi með laust yfirborð. Má þá sjá hvernig tveir hlutir, sem að líkindum eru mól eða steinar skjótast frá A og að B, þó ekki verði greint af myndbandinu með hvaða hætti þeir lentu á B. Liggur þá fyrir að ökumaður B stöðvaði ökumann A í kjölfar atviksins. Þá kemur fram í svari ökumanns A til V1 að „ef það kemur fram á upptöku að steinn frá mér hefur lent í bílnum hans þá gengst ég við því.“ Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að telja að það sé nægilega sannað að umrætt tjónsatvik hafi átt sér stað með þeim hætti sem M lýsir, þ.e. að tjón á B sé að rekja til notkunar á A.

Kemur þá til skoðunar hvort sýnt sé fram á hvert umfang tjónsins hafi verið, en það hvílir á M að sýna fram á það. Samkvæmt málskoti urðu skemmdir á lakki B, sprunga í framrúðu og sprunga á hliðarrúðu bílstjórægin. Kemur jafnframt í málskoti að til staðar sé skýrsla frá verkstæði frá því degi fyrir atvikið og þar komi fram að engin sprunga hafi verið í hliðarrúðunni. Nefndin kallaði eftir nefndri skýrslu og kemur þar fram að B hafi verið skoðuð 2. september 2024 vegna lausra lama í framhurð. Af ljósmyndum af B, sem bera með sér að vera teknar þann sama dag, verður ekki séð að neitt hafi verið athugavert við fram- eða hliðarrúðu hennar eða bílstjóræhurð. Þá eru engar

lakkskemmdir greinanlegar á „vélar“hlíf hennar. Hins vegar má greina litla skemmd í lakkinu upp við vinstra framljós B og verður því að ætla að sú ákoma hafi verið komin til áður en umrætt atvik átti sér stað.

Af öllu framansögðu telur nefndin nægilega sýnt fram á að tjón á B megi rekja til notkunar A og er bótaskylda því til staðar úr ábyrgðartryggingu hennar að því er varðar tjón á rúðum og lakki, að undanskilinni skemmd við vinstra framljós B.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 að því marki sem sýnt er fram á tjón hans.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 344/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

8. Málskot mótttekið 17. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
9. Bréf V dags. 18. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
10. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi haft bifreið á leigu á ferðalagi sínu í Danmörku. Þann 3. apríl 2024, við akstur á leið til flugvallar, kastaðist steinvala í framrúðu bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að framrúðan varð fyrir skemmdum. Bílaleiga sú sem bifreiðin var leigð af, taldi að um væri að ræða skemmd sem M bar að greiða. Til staðar var kaskótrygging sem tók til tjónsins en sú trygging takmarkaði ábyrgð leigutaka við ákveðna fjárhæð. M tilkynnti V, sem er váttryggingafélag greiðslukorts M, um tjónið samdægurs. V hafnaði tjóninu daginn eftir á þeim grundvelli að slíkt tjón félli ekki undir greiðslukortatryggingu M. M telur orðalag váttryggingarskilmála greiðslukortsins ekki útiloka bætur vegna steinkasts. Vísar M til þriggja greina skilmálans, en það eru 1., 3. og 8. gr. 2. kafla bílaleigutryggingar sem er hluti af greiðslukortatryggingu M hjá V. Steinkast megi túlka sem árekstur, áakstur eða skemmdarverk, enda falli atburður innan skilgreininga þeirra orða. Í 8. gr. skilmálans sé hvergi tekið sérstaklega fram að steinkast sé undanskilið. Staflíðir c. og d. í 1. gr. 2. kafla skilmálans taki fram að V greiði mismun á eigin áhættu tryggingar keyptri af bílaleigu og eigin áhættu sinnar tryggingar. Þá er einnig tekið fram að skilmálar V skuli hvorki vera þrengri né víðari en skilmálar tryggingar keyptri af bílaleigu. Geti þetta vart skilist á annan veg en svo að ásetningur VÍS sé að bæta hvert það tjón sem verður, steinkast eða annað, hafi sambærileg húftrygging annars váttryggingafélags verið nýtt til bóta tjóns. Bótaupphæð ráðist svo af mismun eigin áhættu trygginganna. Að mati M eigi V skv. þessu að greiða mismun eigin áhættu þeirrar kaskótrygginga sem um ræðir. Vísar M einnig til lögbundinnar upplýsingaskylda V og A, útgefanda greiðslukortsins.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr greiðslukortatryggingu M. Höfnun V byggir á því að ekki sé til staðar rúðuvernd innan váttryggingarinnar sbr. 3. gr. skilmálans sem mælir fyrir um að kortatrygging taki til tjónsorsaka vegna skemmda á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum þess af völdum eldingar, eldsvoða, sprengingar, árekstrar, áaksturs, veltu og útafaksturs. Þá er þar tekið fram að tryggingin taki til þess þegar tjón verður á bifreiðinni vegna þjófnaðar og skemmdarverka. Um sé að ræða tæmandi lista yfir tjónsorsakir sem tryggingin tekur til. Hvað brot á upplýsingaskyldu varðar vísar V til þess að viðskiptabankinn A, fari með sölu téðra váttrygginga og að skilmáli sé sérstaklega aðgengilegur á vefsíðu bankans. Einnig séu skilmálar aðgengilegir á vef V.

Í viðbótarathugasemddum sínum gerir M athugasemdir við málflutning V og bendir m.a. á að V taki ekki afstöðu til c. og d-liða 1. gr. 2. kafla bílaleiguhluta greiðslukortatryggingarinnar. Þá bendir M á að ákveðin upplýsingaskylda hvíli ávallt á váttryggingafélagi, enda skuli það ávallt hafa á höndum gerð upplýsingaskjala vegna skaðatrygginga, sbr. 10. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Slíkt skjal hefur M ekki undir höndum og finnur hvorki á vefsvæði V né A. M vísar einnig til sértækrar upplýsingaskyldu V vegna hópvatrygginga, m.a. um viðbótarvatryggingar sem heppilegt gæti verið fyrir M að afla sér, sbr. 55. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M falli undir gildissvið bílaleigutryggingar greiðslukortatryggingar sem M hafði hjá V. Bílaleigutryggingin felur í sér kaskótryggingu og viðbótarábyrgðartryggingu. Í 3. gr. skilmálans eru taldar upp þær tjónsorsakir sem váttryggingin nær til en þar segir: „*Bætur greiðast vegna skemmda á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum þess af völdum eldingar, eldsvoða, sprengingar, árekstrar, áaksturs, veltu og útafaksturs. Bætur greiðast vegna þjófnaðar og skemmdarverka á ökutækinu.*“ Um er að ræða tæmandi upptalningu á þeim tilvikum sem bótaskyld eru skv. váttryggingunni. Telst tjón af völdum steinkasts skv. orðanna hljóðan

hvorki vera af völdum áaksturs né árekstrar. Þá er ósannað að steinkastið hafi verið af völdum skemmdarverka.

Kemur þá til skoðunar c- og d-liður 1. gr. skilmálans. Í c-lið segir að ef keypt er váttrygging af bílaleigunni greiðir félagið mismun á eigin áhættu í þeirri váttryggingu og þessari váttryggingu, ef hún er lægri. Í d-lið segir: „Váttryggingarákvæði samkvæmt skilmálum þessum eru hvorki viðtækari né þrengri en gilt hefði um „Loss Damage Waiver“-tryggingu (kaskótryggingu) eða aðra sambærilega váttryggingu sem í boði var hjá þeirri bílaleigu sem viðkomandi bílaleigubíll tilheyrir.“ Af gögnum málsins er ljóst að kaskótrygging sú sem var til staðar á bílaleigubifreið þeirri sem M leigði í Danmörku, tók til tjóna af völdum steinkasts. Í bílaleigusamningi M kemur fram að „Collision Damage Waiver“ þ.e. kaskótrygging sé innifalin í leiguverði. Sú trygging takmarkar ábyrgð M við tiltekna fjárhæð. Verður ekki annað ráðið af framangreindu skilmálaákvæði en að vilji hafi staðið til að kaskótrygging greiðslukortatryggingarinnar taki til sömu tjónsorsaka og kaskótryggingar bílaleiga. Verður í þessu samhengi einnig að líta til þess að í skilmálum V, sem eru einhliða samdir af V og/eða viðskiptabanka M, er ekki að finna nánari skilgreiningu á hvað átt er við með þessu ákvæði ef ekki það sem orðalagið virðist gefa til kynna. Þá hefur V ekki í bréfi sínu til nefndarinnar greint frá afstöðu sinni til vísunar M til þessa skilmálaákvæðis. Skilmála váttryggingafélaga ber samkvæmt 1. mgr. 36. gr. b., sbr. 1. mgr. 36. gr. a, samningalaga nr. 7/1936, að túlka neytanda í hag sé uppi vafi um merkingu þeirra. Í þessu tilviki er það mat nefndarinnar að slíkur vafi sé uppi sem túlka ber M í dag. Í ljósi alls framangreinds, og eins og atvik þessa máls liggja fyrir nefndinni, verður að telja nægilega sýnt fram á M eigi rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 15. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 345/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Gildissvið laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Gögn.

473. Málskot mótttekið 16. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
474. Bréf V, dags. 4. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
475. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 12. nóvember 2024.
476. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 14. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 1. ágúst 2024 hafi fellihýsi hafnað á ljósastaur hjá Vesturlandsvegi við Skarhólabraut. Í skýrslunni kemur fram að eigandi ökutækisins X sé annar en ökumaður hennar var þegar tjón varð og einnig annar en skráður eigandi fellihýsisins.

Í sömu skýrslu kemur fram að fellihýsið hafi losnað frá bifreiðinni X við akstur á Vesturlandsvegi með þeim afleiðingum að það hafnaði á staur. Haft er eftir ökumanni X að krókur á ökutækinu hafi losnað undan ökutækinu með þeim afleiðingum að fellihýsið hafi losnað frá ökutækinu.

M vísar til þess í málskoti að V hafi annars viðurkennt bótaábyrgð vegna tjóns á ljósastaur vegna ábyrgðar ökumannsins á atvikinu og muni greiða bætur vegna tjóns á ljósastaurnum. Hins vegar yrðu ekki greiddar bætur á fellihýsinu þar sem það hafi ekki verið tryggt með vagnakaskótryggingu. M telur að V eigi að greiða bætur á fellihýsinu þar sem það sé í sameiginlegri eigu annarra en ökutækið sem tjóninu olli. Þannig eigi að gilda hið sama um bætur fyrir tjón á ljósastaur í eigu sveitarfélags og fellihýsis í eigu annars en eiganda ökutækisins. Auk þessa vísar M til þess að ekki sé ljóst hvers vegna krókur losnaði af ökutækinu en búið var að aka um 4 km leið með fellihýsið í eftirdragi þegar krókurinn losnaði og leggur M áherslu á að það hafi verið krókurinn sem losnaði af ökutæki X en ekki fellihýsið af króknum.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það til 3. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 þar sem segi: „þegar ökutæki dregur eftirvagn telst það vera ein heild og eigandi (umráðamaður) ökutækisins er ekki skaðabótaskyldur ef tjón verður á eftirvagninum.“ V telur að þegar fellihýsi M var dregið af ökutækinu X hafi það orðið ein heild geti eigandi ökutækisins ekki orðið skaðabótaskyldur gagnvart eiganda fellihýsis við þær aðstæður. V bendir einnig á að í váttryggingarskilmálum lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja komi fram að váttryggingin taki ekki til skemmda á öðrum eignum ökumanns.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram ítrekun af um að málsatvik hafi verið þannig að dráttarkrókur hafi losnað af ökutækinu X en fellihýsið hafi ekki losnað af dráttarkróknum, eins og skilja megi umfjöllun um málsatvik í bréfi V til nefndarinnar.

Í viðbótarathugasemdum V segir að það telji ekki skipta máli hvort dráttarkrókur á X hafi losnað frá ökutækinu eða fellihýsið af dráttarkróknum, ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar gildi eftir sem áður.

Álit.

Í málinu reynir á gildissvið laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, en með þeim lögum var gerð breyting á bótareglum um skaðabótaábyrgð eigenda ökutækja. Í almennum athugasemdum með frumvarpi til laganna segir um meginreglur laganna: „Eigandi ökutækis ber ábyrgð á því og skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess. Hér er um að ræða hina svokölluðu hlutlægu ábyrgðarreglu (ábyrgð án sakar). Ábyrgðarmaður ökutækis sem notað er til dráttar er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki. Undanskilin þeirri ábyrgð eru eftirvagnar í skilningi umferðarlaga og önnur tæki sem fest eru við ökutæki í notkun enda teljast þau þá vera hluti ökutækisins.“ Um þessa breytingu segir einnig í frumvarpinu þar sem fjallað er um 4. gr.

frumvarpsins: „Í 3. mgr. er lagt til að skýrt sé að skaðabótaábyrgð ökutækis nái ekki til þess þegar ökutæki dregur eftirvagn samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga eða annað tæki sem fest er við ökutæki í notkun. Lagt er til að ökutækið og eftirvagninn eða tækið teljist vera ein heild og þar af leiðandi eigi skaðabótaábyrgðin ekki við ef tjón verður á eftirvagninum eða tækinu. Þessari afmörkun er bætt við í samræmi við skilgreiningu tilskipunar 2009/103/EB á hugtakinu ökutæki.“

Þegar tjón varð á fellihýsi M verður ekki annað séð af gögnum málsins að einungis augnablik hafi liðið frá því fellihýsið var aftan í ökutækinu X þar til tjón varð og verður gildissvið 3. mgr. 4. gr. því talið ná um tjónsatburðinn. Það þýðir að eigandi ökutækis X verður skv. orðanna hljóðan ákvæðisins ekki skaðabótaskyldur vegna tjóns á eftirvagninum. Þessi regla gildir óháð eignarhaldi á eftirvagni, sem var fellihýsi M í þessu máli. Annað gildir hins vegar um annað tjón en á eftirvagni, t.d. ljósastaur, en um skaðabótaábyrgð eiganda ökutækis vegna þess tjóns gildir 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar en ekki 3. mgr. 4. gr.

Verður að telja vilja löggjafans skýran í 3. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar, hvað það varðar að eigandi ökutækis telst ekki bera skaðabótaábyrgð á eftirvagni sem dreginn er af ökutækinu, þrátt fyrir að rekja megi tjónið til notkunar ökutækisins, eins og það það hugtak er skilgreint í 1. mgr. 4. gr. laganna. Ábyrgðartrygging 8. gr. laga um ökutækjatrýggingar greiðir bætur vegna ábyrgðar eiganda ökutækis, sbr. 6. gr. laganna. Þar sem slík ábyrgð er ekki fyrir hendi í málinu verður ekki viðurkenndur réttur M eða annarra eigenda fellihýsisins til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.

Ekki er fyrir hendi réttur til bóta vegna skemmda á fellihýsi úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 346/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

8. Málskot móttakið 16. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
9. Bréf V, dags. 28. október 2024.
10. Viðbótarathugasemdir M, dags. 31. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að leigjandi íbúðar M, hafi hinn 8. október 2022, orðið var við leka sem talið var að stafaði frá þvottavél í sameign fjölbýlishússins. Þvottahús sameignarinnar er staðsett við hlið íbúðar M. Hafi húsfélagið X upplýst M um að sama vandamál hafi áður komið upp, nánar tiltekið í september og október 2021, áður en M keypti íbúðina. Við lekann 8. október 2022 lak vatn undir gólf íbúðar M. Tilkynti M tjónið til V sem samþykkti bótaskyldu og réðust verktakar á vegum V í viðgerðir á svæðinu í desember 2022. Fólu viðgerðirnar í sér að skipt var um parket í herbergi og veggir voru málaðir. M kveðst ekki vera sáttur við viðgerðina þar sem hann telur að enn sé raki til staðar í eigninni. Hafi A, pípulagningarmeistari, verið fenginn af V til þess að skoða sameiginlega þvottahúsið í desember 2022. Við skoðunina kom í ljós að sex þvottavélar voru tengdar inn á sama frárennslisrör sem er 50 mm í þvermál. Var það mat A að lögnin væri allt of lítil og mikil hætta væri til staðar á að lögnin hefði ekki undan þegar tvær eða fleiri þvottavélar væru að dæla af sér vatni. Í kjölfarið hafi M óskað eftir mati óháðs aðila, þ.e. byggingarfræðingsins B, sem skilaði skýrslu sinni í janúar 2023. Í henni kom fram að rakaskemmdir voru til staðar á gólfi íbúðarinnar eftir vatn sem lekið hafði frá þvottahúsinu. Þá kom fram í skýrslunni að þvottahúsið uppfyllti ekki skilyrði um frágang á votrymum skv. byggingarreglugerð. Taldi B að bregðast þyrfti hratt við til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á íbúð M. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2023, sendi lögmaður Húseigndafélagsins áskorun um nauðsynlegar viðgerðir til stjórnar X.

Hinn 19. september 2023 hafi pípulagningarmeistarinn C skoðað sameiginlega þvottahúsið og íbúð M fyrir hönd V. Fram komi í tölvupósti hans að gólf hafi verið blautt undir og framan við þvottavél, raki hafi mælst í veggnum þvottahúsmegin og einnig herbergismegin og að vatn leki undir vegginn frá þvottahúsi og inn í herbergið. Engar lagfæringar hafi verið gerðar í fasteign M frá ástandsskoðunum og telur M ljóst að raka sé enn að finna og þar af leiðandi sé tjón enn til staðar vegna lekans. Hafi iðnmenntaðir fagmenn metið kostnað vegna tjónsins kr. 2.433.376. Þann 26. október 2023 hafi M óskað eftir að V fengi fagmenntaða iðnaðarmenn til að laga þau atriði sem enn væru í ólagi vegna lekans. Með bréfi dags. 15. mars 2024, hafi V hafnað bótaskyldu í málinu á þeim grundvelli að ekkert tjón væri til staðar, parket væri óskemmt og raki væri alls staðar undir viðmiðunarmörkum nema mögulega á einum stað sem gæti hafa orsakast af öðru en lagnaleka. Telur M að ætla megi að tjónið megi rekja til vanrækslu X á viðhaldi í sameigninni. Í kjölfar höfnunar V hafi M aflað minnisblaðs frá fyrirtækinu D. Samkvæmt minnisblaði þess, dags. 17. maí 2024, eru til staðar skemmdir á gólfefnum í stofu og svefnherbergi þar sem sjá megi gliðnun á samskeytum ásamt því að nót festi borð ekki að fullu saman. Var lagt til að gólfefni yrði tekið upp og ný parketborð lögð þar sem skemmdir væru til staðar. Hafnaði V í kjölfar þessa að endurskoða fyrri afstöðu sína.

M telur ákvörðun V um synjun á bótaskyldu ranga og að bótaskylda sé fyrir hendi. Byggir M á að V beri að bæta tjónið á grundvelli ábyrgðar húsfélagsins X, vegna leka í þvottahúsi sameignar og vanrækslu X á að stöðva þann leka sem upp kom árið 2021 með fullnægjandi hætti. Byggir M á því að sameiginlegt þvottahús hússins og lagnir þess teljist til sameignar og séu á ábyrgð húsfélagsins, sbr. 6. tölul. 8. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þá sé í 1. og 3. tölul. 52. gr. sömu laga skýrt kveðið á um að húsfélag sé ábyrgt gagnvart einstökum eigendum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af vanrækslu á viðhaldi sameignar, búnaði hennar og lögnum, sem og bilun á búnaði

sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt. Byggir M á því að tjón sé til staðar, með vísan til skoðana og skýrslna sérfræðinga.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að óumdeilt sé að tjón hafi átt sér stað árið 2022 sem rekja mátti til þess að of margar þvottavélar voru tengdar inn á sama frárennslisrör sem hafði ekki undan þegar tvær eða fleiri vélar voru að dæla af sér. Samkvæmt minnisblaði fyrirtækisins D hafi fráveitulagnir verið endurnýjaðar ásamt því að búið var að vatnsverja gólf og hluta af veggjum sem aðskilja þvottahús og íbúð M. Getur V ekki fallist á að tjón sé enn til staðar sem rekja megi til leka frá þvottahúsi.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að byrjað hafi verið á endurbótum á þvottahúsinu í október 2023 og þeim lokið í nóvember sama ár. Ljóst sé að það hafi ekki verið gert strax eftir lekann sem kom upp árið 2022. Ljóst sé að lekinn hafi verið til staðar frá því að framkvæmd var viðgerð á fasteign M árið 2022 fram að því. M byggir á því að lekinn frá sameiginlega þvottahúsinu hafi orðið þess valdandi að frekara tjón hafi átt sér stað á eign hans og þar af leiðandi sé um bótaskyld tjón að ræða.

Álit.

Óumdeilt er að tjón varð á íbúð M hinn 8. október 2022 og hefur V viðurkennt bótaskyldu vegna þess tjóns og látið framkvæma viðgerð sem fól í sér að skipt var um parket í herbergi og veggir voru málaðir. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort tjónið hafi verið bótaskyldt úr vatnstjónslið eða ábyrgðarlið fasteignartryggingar húsfélagsins. Fyrir nefndinni gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðarlið fasteignartryggingar húsfélagsins X á þeim grundvelli að tjón sé enn til staðar sem megi rekja til vanrækslu húsfélagsins og vísar M til 1. og 3. tl. 52. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Samkvæmt 1. tl. 52. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 er húsfélag ábyrgt gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum vegna tjóns sem rekja má til vanrækslu á viðhaldi sameignar, búnaði hennar og lögnum. Á grundvelli 3. tl. sömu greinar ber húsfélag hlutlæga ábyrgð á tjóni sem stafar af bilun á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að hin hlutlæga regla laganna eigi hér við þ.e. að tjónið megi rekja til bilunar á búnaði eða lögnum sameignar enda benda fyrirliggjandi skýrslur og umsagnir ekki til bilunar á búnaði eða lögnum. Kemur þá til skoðunar hvort 1. tl. 52. gr. laganna eigi hér við þ.e. hvort M hafi orðið fyrir tjóni sem stafar af vanrækslu á viðhaldi sameignar, búnaði hennar og lögnum. Sönnunarbyrði um að svo hátti til hvílir á M. Hefur M lagt fram afrit tölvupósta og annarra gagna sem sýna að þáverandi formaður húsfélagsins X hafi a.m.k. allt frá desember 2022 vitað af þeirri hættu sem fyrir hendi var. Hafi lögmaður Húseigendafélagsins sent bréf til formanns X vegna ástandsins í febrúar 2023 þar sem skorað var á stjórn húsfélagsins að grípa til nauðsynlegra viðgerða á þvottahúsinu. Það hafi ekki verið fyrr en í nóvember 2023, tæplega ári síðar sem framkvæmdum á þvottahúsinu hafi verið lokið.

Telur M að enn sé til staðar tjón vegna þessa ástands. Rífa þurfi upp parket og farga, þurrka og slípa gólf, ásamt því að leggja nýtt parket og eftir atvikum mála vegg. Tjón hans sé kr. 2.433.376. V hafnar því að enn sé tjón til staðar sem rekja megi til leka frá þvottahúsi. Í fyrirliggjandi skýrslu byggingarfræðingsins A, dagsett í janúar 2023, er m.a. að finna myndir af rakaskemmdum á vegg og gólfi íbúðar M ásamt mynd af rakamælingu sem sýnir mikinn raka í vegg í stofu íbúðar M. Verður af skýrslunni ekki ráðið hvenær skoðun A fór fram og umræddar myndir teknar en af öðrum fyrirliggjandi myndum í málinu verður dregin sú ályktun að myndirnar hafi verið teknar áður en viðgerð V fór fram í desember 2022. Liggur einnig fyrir skoðun og mat sem framkvæmt var af hálfu V í desember 2022 þar sem sjá má að rakamælir mælir raka yfir viðmiðunarmörkum. Í minnisblaði fyrirtækisins D, dags. 17. maí 2024, kemur fram að við skoðun hafi verið staðreynt að skemmdir séu í gólfefnum í stofu og svefnherbergi þar sem sjá megi gliðnun á samskeytum ásamt því að nót festi ekki borð að fullu saman. Byggingarhlutar voru rakamældir og hitamyndaðir og kom ekki fram hækkun í rakastigi eða gildum við skoðun. Af umræddu minnisblaði eða öðrum fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið með óyggjandi hætti að skemmdir á gólfefnum séu afleiðing lekans frá þvottahúsinu. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M.

Af framangreindu er ljóst að M telst ekki hafa sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að tjóns hans megi rekja til vanrækslu á viðhaldi sameignar af hálfu húsfélagsins X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar húsfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 347/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

11. Málskot mótttekið 16. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
12. Bréf V, dags. 18. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
13. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. október 2024.
14. Viðbótarathugasemdir V, dags. 7. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að M er eigandi íbúðar á neðri hæð tvíbýlis. Uppgötvaði hann óvænt leka inni í vegg íbúðar sinnar sem staðsettur er milli barnaherbergis og tækjaveggs baðherbergis sem nýlega var endurgerður. Í ljós kom að lekinn átti uppruna sinn frá efri hæð hússins sem váttryggt er hjá öðru váttryggingafélagi. Nánar tiltekið var ónýtur vatnslás í baði á efri hæð og hafði lekið milli veggja niður á neðri hæð. Váttryggingafélag efri hæðar viðurkenndi bótaskyldu gagnvart eiganda þeirrar hæðar. M hefur fasteignatryggingu hjá V. Hefur V boðið M bætur að fjárhæð kr. 1.028.708, án viðurkenningar á bótaskyldu. Hafnaði M þessu tjonamati V og fékk í framhaldinu óháðan skoðunarmann sem gerði nýtt tjonamat sem hljóðar upp á kr. 3.250.000. Gerir M kröfu um að full bótaskylda verði viðurkennd. Ekki fáiast skilið að tjon sem orsakast af þriðja aðila þar sem full bótaskylda sé samþykkt, sé ekki að fullu bótaskyld hjá M. Það er mat M að lekinn hafi verið óvæntur og skyndilegur þar sem hann er frá séreign efri hæðar og innan veggja. Engin leið hafi verið til að uppgötva hann fyrr en hann kom í ljós, og var þá strax brugðist við eins og öll gögn sýni. M sé tjonþoli í tjóni sem hann hafði enga aðkomu að eða bar ábyrgð á og var eðli málsins samkvæmt grandlaus um þann leka sem átti uppruna sinn frá efri hæð og milli veggja.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að bótaskyldu úr fasteignatryggingu M sé hafnað með vísan til þess að tjonstvikandi falli ekki undir gildissvið 1. gr. váttryggingarskilmálans þar sem ekki hafi verið um að ræða skyndilegan, ófyrirsjáanlegan og óvæntan leka úr vatnsleiðslum eða hreinlætistækjum. Um hafi verið að ræða leka sem hafi byrjað smám saman og lekið í langan tíma, enda séu veggir mjög illa farnir af langvarandi raka og myglu eins og myndir og skýrslur beri með sér. Þá falli tjon M undir undantekningarákvæði c-liðar 2. gr. váttryggingarskilmálans þar sem finna má skýrt undanþáguákvæði frá greiðsluskyldu í tilvikum þar sem um er að ræða tjon sem rakið verður til langvarandi raka eða vatnsleka og tjon vegna myglu og sveppagróðurs.

Í viðbótarathugasemdum sínum andmælir M því að um langvarandi leka hafi verið að ræða. Fyrir liggja tjonstilkynning frá 18. ágúst 2022 þar sem fram kemur að íbúi á efri hæð hafi staðið í framkvæmdum sem ollu leka í lofti hjá M. Var það vegna framkvæmda á efri hæð. Eftir tjonstilkynningu og lagfæringar í kjölfarið var staðfest að komið hafi verið í veg fyrir frekara tjon og lagað það sem laga þurfti. Af því leiði að til sé staðfesting á að allt hafi verið í lagi með lagnir frá því skoðun fór fram í ágúst 2022. Umrætt tjon hafi komið fram í júní 2024, 22 mánuðum eftir að búið var að staðfesta að enginn leki væri til staðar. Þá vísar M einnig til þess að V hafi ekki teft fram neinum gögnum sem segja að lekinn hjá M hafi verið langvarandi. V ber að sýna fram á og sanna að undanþágan í tryggingarskilmálum eigi að gilda og hefur sú sönnunarfærsla ekki tekist í þessu máli.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að öll ummerki á staðnum bentu til þess að um væri að ræða tjon af völdum langvarandi leka. Meðal annars megi nefna að vatnslásinn sem lak var svo tærður að ekki var unnt að gera við hann, þá voru ummerki eftir lekann þess eðlis að augljóst verði að teljast að lekinn hafi staðið yfir í lengri tíma. Myndir beri m.a. með sér að vatn hafi legið á byggingarefnum í langan tíma, sbr. ryðskemmdir á baðkari, blikkstoðum og mygla í byggingarefnum. Skemmdir af þessu tagi gerist ekki skyndilega og óvænt heldur verði þær til vegna langvarandi rakaálags

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort tjón á húseign M falli undir gildissvið fasteignatryggingar M hjá V. Í a-lið 1. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að váttryggingin bæti skemmdir á hinni váttryggðu húseign sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar. Enn fremur kemur fram í c-lið 2. gr. váttryggingarskilmálans að tryggingin bæti ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.

M ber sönnunarbyrði um að tjón falli undir gildissvið váttryggingar skv. almennum sönnunarreglum en váttryggingafélag ber hins vegar sönnunarbyrði um að skilyrði til takmörkunar bótaábyrgðar, t.d. skv. undanþáguákvæðum váttryggingarskilmála, eigi við. Samkvæmt tjónstilkynningu M til V, dags. 25.06.2024 varð leka vart hinn 23. júní 2024 þegar M varð var við að veggur í barnaherbergi var farinn að bólgná út. Skoðunarmaður á vegum V fór á vettvang daginn eftir og sagði hann að það benti til þess að lagnir væru að gráta og um langvarandi rakavandamál væri um að ræða. Tók hann ljósmyndir af umræddum vegg þar sem sést mikil bleyta og mygla inni í veggnum. Í ljós kom að rakinn stafaði frá ónýtum vatnslás undir baðkari efri hæðar. Fyrir liggur einnig skýrsla frá skoðunaraðila váttryggingafélags efri hæðar hússins þar sem fram kemur að vatnslásinn hafi verið ónýtur og að ekki hafi verið hægt að setja nýjan vatnslás sökum aldurs baðkarsins. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vatn hafi lekið um þó nokkurn tíma þegar M varð lekans var en umtalsverðar raka- og mygluskemmdir eru vel sýnilegar á fyrirliggjandi myndum í málinu. Þá styður skoðunarskýrsla váttryggingafélags efri hæðar ásamt skýrslu skoðunarmanns V einnig, að um langvarandi raka eða vatnsleka hafi verið að ræða. Þannig verður að ætla að skemmdirnar stafi ekki af skyndilegum leka úr lögnum húseignarinnar eins og áskilið er samkvæmt 1-lið 1. gr. váttryggingarskilmálans. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 22. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 348/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Veitur.

Gögn.

477. Málskot mótttekið 16. september 2024, ásamt öllum fylgiskjöllum.
478. Bréf V dags 8. október 2024, ásamt váttryggingarskilmálum, tjonstilkynningu dags. 5. ágúst 2024 og afstöðubréfi V dags. 16. ágúst 2024.
479. Viðbótarathugasemdir M með ódagsettu bréfi.
480. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 28. október 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að vatnstjón varð í húseign í eigu M hinn 1. ágúst 2024. Nánar tiltekið lýsir M aðkomu að kjallara húseignar sinnar að morgni 5. ágúst 2024 þannig að sandur og vatn hafi borist upp um niðurfall sturtu og sandur hafi verið á gólfi í baðherbergi og vatn og sandur í holi fyrir framan baðherbergi, auk þess að vatn hafi borist inn í eldhús og eyðilagt korkflísar á gólfi. M telur að tjónið hafi orðið 1. ágúst 2024, en þá hafi tjón orðið hjá nágrönnum hans. V hafnaði að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu X til M með tölvupósti dags. 16. ágúst 2024.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á húseign hans. Í fyrsta lagi telur M að ómögulegt sé að rekja tjón hans til þess að frárennsliskerfi innan lóðar hans hafi ekki ráðið við vatnsmagn heldur megi rekja tjónið til þrýstings frá stofnlögn X, sérstaklega þegar litið er til þess að tjón hafi orðið með sama hætti hjá nágrönnum M. Í kjölfar tjónsins hafi M og umræddir nágrannar fengið sérfræðinga til að skoða frárennslislagnir þeirra húsa og niðurstæða þeirra hafi verið sú að engin fyrirstæða hafi verið í þeim, en um sé að ræða fódraðar steinlagnir sem séu sjálfhreinsandi. Einnig vísar M til ástands í kringum niðurfall rétt við húseign hans þar sem tenging liggja við stofnlögn, en myndir sem M leggur fram og teknar eru með tveggja vikna millibili, sýni að vatn streymi upp úr niðurfallinu. Í öðru lagi telur M að úrkoma þann 1. ágúst 2024 hafi ekki verið það mikil að það skapaði óvenjulegar aðstæður. Þannig hafi sólarhringsúrkoma skv. upplýsingum frá Veðurstofu verið 19,5 mm og þar af hafi 8,9 mm komið á einum klukkutíma. Í fráveitusjá megi sjá að X hafi opnað neyðarlúgu í eina mínútu þennan dag í Skeljanesi, en það hafi hvorki verið gert í Ánanaustum né Boðagranda þannig að X hafi talið ástand vegna úrkomu verið viðráðanlegt sé sú afstæða staðfest í tölvupósti frá X, þ.e. að stofnlögn hafi tekið vel við. M telur að X hafi vanmetið aðstæður og hefðu átt að opna neyðarlúgur og gera tilraun til að hraða rennsli. M telur stofnlagnir, í þeim bæjarhluta sem húseign M er í, ekki nægilega afkastamiklar og að X hafði átt að bregðast við því. M vísar legu lagna á gatnamótum Sólvallagötu og Bræðraborgarstígs þar sem Bræðraborgarstígslögn farið þvert á Sólvallagötulögn og við það geti myndast straumköst, líkt og um ármót sé að ræða. Þetta telur M vera alvarlegan og vítaverðan hönnunargalla á frárennsliskerfi, lagnir séu ekki nægilega sverar og tenging þeirra hefði þurft að vera öðruvísi til þess að lagnir hefðu undan. Einnig vísar M til atviks sem komið hafi upp 25. janúar 2024 þar sem vatn hafi einnig komið upp um sturtuniðurfall án þess að valda sérstöku tjóni og þá hafi sólarhringsúrkoma verið 13,6 mm. M bendir einnig á að fjórum sinnum á árinu 2024 hafi sólarhringsúrkoma verið meiri en þetta og oftár á árinu 2023. Í þriðja lagi bendir M á að frárennslisvatn hafi aldrei runnið upp um niðurföll í húseign hans fyrr en í janúar 2024 og verði að rekja tjón hans í ágúst 2024 til þess að kerfi X hafi ekki haft undan. M vísar auk þessa til þess að birst hafi fréttir um gagnrýni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um ófullnægjandi viðhald og hreinsun frárennsliskerfa og vísar M vegna þessa til ljósmynda sem hann sjálfur tók víðsvegar í vesturbæ Reykjavíkur af ástandi niðurfalla. M vísar einnig til laga um fráveitur og viðskiptaskilmála X, auk samkeppnislaga. Einnig vísar M til ákvæða laga um þjónustukaup nr. 42/2000 sem nái til vinnu við fasteignir og þannig eigi ákvæði laganna að gilda um X, þar á meðal 25. gr. laganna þar sem komi fram að sönnunarbyrði hvíli á seljanda þjónustu. Einnig telur M að viðskiptaskilmálar X gangi þvert á lög um þjónustukaup og feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu í skilningi samkeppnislaga.

V hefur, eins og áður segir, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V og bendir á að til þess að bótaskylda stofnist í slíkum vátryggingum þurfi M að sanna að saknæm og ólögmat háttsemi starfsmanna X hafi leitt til tjóns M í skilningi sakarreglunnar, en X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni M. V telur í fyrsta lagi að orsök tjóns M sé óþekkt. M hafi ekki tilkynnt tjón til X þegar það átti sér stað og ekki hafi því verið rannsakað hvað olli því. V tilgreinir að tvö útköll hafi komið til X á sama svæði og húseign M á sama tíma en í báðum tilvikum hafi það verið lagnakerfi innan lóða húsanna, lagnir í eigu húseigenda, sem ekki hafi ráðið við úrkomumagnið sam var 1. ágúst 2024, eða 14,9 mm. V vísar til þess að þegar vatn þrýstist upp úr niðurfalli í kjallara gerist það almennt þar sem einfalt blandkerfi sé að bæði regnvatn frá þakrennum og niðurföllum utandyra séu á sömu lögnum og þannig þrýstist vatn upp þar sem einfaldast er og það sé oftast upp úr niðurföllum í kjöllum. Þannig hafnar V því fullyrðingum M um að lagnakerfi innan lóðar geti ekki verið orsakavaldur tjónsins. V vísar einnig til þess að þegar útköll hafi borist vegna tjóna annarra hafi lagnir X verið myndaðar og brunnar skoðaðir og ekkert hafi þar bent til vandræða. V bendir einnig á að það hefði haft áhrif á allar húseignir í götunni ef vandræði megi rekja til götulagnar. Í öðru lagi telur V ósannað að hönnunargalli sé á stofnlögnum X þar sem lagnir hafi virkað eðlilega um árabíl og telur heldur ekki ástæðu til að fjalla um hvort viðskiptaskilmálar X séu á skjön við samkeppnislög þar sem það falli utan þess ágreinings sem úrskurðarnefnd í vátryggingamálum fjallar um. Einnig telur V ósannað að X hafi ekki sinnt skyldu sinni við að hreinsa niðurföll í þeirri götu sem húseign M stendur við og víðar og vísar til ábyrgðar sveitarfélags og Vegagerðarinnar vegna þess. Einnig er því mótmælt að X hefði átt að opna fleiri neyðarlúgur til að hraða rennsli í lögnum og vísar til upplýsinga frá X um að opnun slíkra hraði ekki rennsli heldur opnast þær ef mikið álag er á dælu eða hreinsistöðvum. V mótmælir einnig gögnum varðandi ummæli af hálfu starfsmanna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, en þau gögn hafi verið fengin með aðstoð gervigreindar og staðfesti ekki tiltekin ummæli. Auk þessa telur V að ekkert bendi til þess að eftirliti með lögnum X hafi verið ábótavant nálægt húseign M eða á skjön við lög eða almennar verklagsreglur X og þannig hafi saknæm háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik sem X getur borið skaðabótaábyrgð á ekki verið sönnuð.

Í viðbótarathugasemdum M eru sjónarmið hans í málskoti ítrekuð og meðal annars vísað til þess að afstaða V til sönnunarbyrði sé þvert á það sem almennt gildi í nútíma neytendarétti, lögð áhersla á að M hafi ekki getað tilkynnt tjón þegar það varð þar sem hann hafi verið erlendis og úttekt á lagnakerfi innan lóðar hjá honum og nágrönnum hans hafi ekki leitt í ljós annmarka á þeim kerfum. Einnig telur M að umfjöllun V um drenlagnir hafi ekki þýðingu þar sem engin drenlögnum sé við húseign M og telur M að utanaðkomandi vatn fari í jarðveg og eigi ekki greiða leið inn í lokað frárennsliskerfi Veitna. Það sé einungis eitt niðurfall sem leiði inn í frárennsliskerfið og útilokað sé að það hafi flutt það magn af sandi og vatni sem farið hafi inn í húseign M. Þessu til viðbótar telur M að röksemd V, varðandi það að ef lögnum X væri um að kenna þá hefði vatn flætt inn í allar nálægar húseignir, standist ekki eðlisfræðileg lögnum þar og telur að ef tengihorn væri minna en 90 gráður, t.d. 45 gráður, þá yrði ekki sami þrýstingur á mótí straumi þar sem Sólvallagötu- og Bræðraborgarstíglagnir mætast. Einnig minnir M á að atvik sambærilegt við það sem varð í ágúst 2024 hafi komið upp í janúar 2024. M minnir einnig á reikning úttektar sem hann telur X eigi að greiða sem og að V hafi ekki rökstutt nægilega hvers vegna lög nr. 42/2000 um þjónustukaup eigi ekki við um fráveitu X.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að félagið telji lög nr. 42/2000 um þjónustukaup ekki eiga við um bilanir eða önnur atvik í fráveitukerfum. V vísar til þess að í 1.-4. tl. 1. gr. laganna sé tæmandi talið hvaða þjónustu lögin nái yfir og fráveita sé ekki þar á meðal. V telur fráveitu ekki vera þjónustu sem felur í sér vinnu við fasteignir þar sem ákvæði laganna um slíka þjónustu sé ætlað samkvæmt lögskýringargögnum að ná til vinnu iðnaðarmanna og þess háttar þjónustu. Þannig eigi reglur laganna ekki við, t.d. 25. gr. þeirra. Að öðru leyti ítrekar V fyrri sjónarmið sín í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um mögulega skaðabótaskyldu X, en ábyrgðartrygging sú sem X hefur hjá V bætir, skv. gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum hennar, „...munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann skv. íslenskum lögum [...] vegna starfsemi sem getið er í skírteini.“ Í gr. 4.2. í vátryggingarskilmálum er meðal annars undanskilið tjón innan samninga. Mögulegur bótaréttur M byggist því á því að M geti átt skaðabótakröfu á X á grundvelli gildandi skaðabótareglna í íslenskum rétti. Gildissvið laga um þjónustukaup nr. 42/2000 eiga ekki við um

Þjónustu X við M samkvæmt gildissviðsákvæði laganna en í 1. gr. er tæmandi talið hvaða þjónustu lögin taka til og telst starfsemi X ekki til „vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,“ eins og kveðið er á um í 2. tl. 1. gr., né heldur annarra tölulíða ákvæðisins. Tilvísun M til umræddra laga um ákvæða þeirra um mögulegan bótarétt er því haldlaus. Ummæli M um ósanngjarna viðskiptaskilmála X hafa heldur ekki þýðingu fyrir úrlausn nefndarinnar varðandi bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Hvað varðar sönnunarbyrði um skaðabótaskyldu X verður að vísa til almennra sönnunarreglna sem gilda í íslensku einkamálaréttarfari og skaðabótarétti, það er að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Þá sönnunarbyrði ber M í þessu máli. Sú sönnunarbyrði lýtur að því að M þarf að sýna fram á að tjón hans sé rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X eða atvika sem lúta að sök X í skilningi sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. Ekki er lögfest regla um sakarlíkindi eða hlutlæga ábyrgð X vegna starfsemi sinnar og verður því ekki byggt á slíkum sjónarmiðum í þessu máli.

Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu verður ekki séð að sönnunargögn liggja fyrir um hönnunargalla á lögnum og að slíkur hafi leitt til tjóns M. Ekki verður heldur, af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, séð að tjón sé rakið til þess að starfsmenn M hafi vanrækt skyldur sínar við hreinsun lagna, niðurfalla eða annars sem tengist fráveitukerfi X. Þó M hafi lagt fram gögn um að frárennislagnir húss hans ,og eftir atvikum nágranna hans, hafi verið í lagi þá sannar það ekki sjálfkrafa að fráveitukerfi X hafi verið í ólagi. Ekki liggja fyrir önnur gögn sem staðfesta þau sjónarmið sem M hefur haft uppi varðandi mögulegar tjónsorsakir. Með hliðsjón af fyrrnefndum almennum sönnunarreglum verður að meta skort á slíkum sönnunargögnum M í óhag og á hann ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 349/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

481. Málskot móttakið 18. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
482. Bréf V dags. 8. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. ágúst 2021 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Atvik hafi verið þau að bifreiðinni A hafi verið ekið á hægra afturhorn bifreiðar B, sem M ók. Í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis um atvikið komi fram að A og B hafi verið dregnar af vettvangi í kjölfar árekstursins og komi þá einnig fram að M hafi fundið til eymsla í baki. Hafi M leitað til læknis daginn eftir þar sem hann hafi fengið greiningu um svokallaðan „whiplash“ áverka og ráðleggingar um hvíld, léttar æfingar og töku bólgueyðandi lyfja. Hinn 2. september 2021 hafi M aftur haft samband við lækni í gegnum Heilsuveru og þá lýst vöðvapreytu, bólgum og stífleika og versnun einkenna frá hálsi. Hafi M þá fengið beiðni um sjúkraþjálfun og hafi hann sótt tvo tíma í sjúkraþjálfun í september 2021. Þá hafi M leitað til nuddara og farið í fjórum sinnum í nuddmeðferð á tímabilinu 24. september 2021 til 24. apríl 2023. Í vottorði nuddarans komi fram að M hafi óskað eftir meðhöndlun vegna þráláttra verkja í baki og hálsi og hafi meðferðin falist í losun á vöðvaspennu á verkjasvæðum. Hinn 29. mars 2023 hafi beiðni um sjúkraþjálfun verið endurnýjuð þar sem M fyndi fyrir vöðvapreytu, bólgum og stífleika í hálsi eftir „whiplash“ áverka og þörf væri á áframhaldandi sjúkraþjálfun. Hafi M sótt fimm tíma í sjúkraþjálfun vorið 2023. Í fyrirliggjandi skýrslu sjúkraþjálfara dags. 11. júní 2023, komi m.a. fram að M sé aðeins í 70% vinnu eftir slysið en áður hafi starfsgeta hans verið 100%. Þá segi þar að M kvarti undan verkjum hægra megin í hálsi með geislandi verk niður í hægra herðablað, lýsi þreytuverkjum í hálsi og hægra herðablaði og þurfi reglulega að standa upp frá vinnu. Þá eigi hann erfitt með að festa svefn og víst sé að M hafi hlotið talsverða tognun við áreksturinn. Í vottorði bæklunarlæknis dags. 21. júní 2023 komi þá fram að M hafi orðið fyrir meiðslum í slysinu og hlotið tognun á hálsu og vöðva við hægra herðablað. Við skoðun læknisins dags. 21. júní 2023 hafi verið þreifieymsli yfir hnakkafestum og sjalvöðvum þar sem þau ná út á herðar. Þreifieymsli séu þá yfir vöðvum yfir hægra herðablað. Hafi M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna fyrrgreinds líkamstjóns en V hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 21. september 2023 á grundvelli þess að orsakatengsl teldust ósönnuð. Í málskoti kemur fram að með vísan til framangreindra læknisfræðilegra gagna, mats bæklunarlæknis og sjúkraþjálfara og einkennasögu M sé það afstaða M að sönnun á orsakatengslum hafi að fullu farið fram.

Í bréfi V er vísað til þess að M hafi leitað til læknis og sjúkraþjálfara innan mánaðar eftir slysið. Síðan hafi liðið nítján mánuðir án þess að M hafi sótt nokkurs konar þjónustu innan heilbrigðiskerfisins vegna slyssins. Engin samtímagögn styðji þá við þá fullyrðingu að M hafi þurft að minnka við sig vinnu eftir slysið og hvergi sé minnst á einkenni frá herðablaði fyrr en við komu til sjúkraþjálfara í mars 2023. Einkenni þau sem M telur að megi rekja til slyssins séu þá almenn og ósértæk og kunni vel að vera rakin til annarra atriða en árekstursins. Hafi M því ekki tekist að sýna fram á að orsakatengsl séu milli árekstursins og þeirra einkenna sem hann reki til hans.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 24. ágúst 2021 en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Fyrir liggur að M leitaði til læknis 25. ágúst 2021, en svo virðist sem engin læknisskoðun hafi farið fram í tengslum við beiðnir um sjúkraþjálfun dags. 2. september 2021 og 29. mars 2023. Þá liggur fyrir að M sótti aðeins tvo tíma í sjúkraþjálfun haustið 2021 og virðist ekki hafa leitað að nýju til læknis vegna einkenna sinna fyrr en hann var skoðaður af bæklunarlækni hinn 21. júní 2023. M fór þá einu sinni í nuddmeðferð á árinu 2022 og í yfirlýsingu nuddarans dags. 26. september 2023 segir að M hafi verið með þrálátta verki og losað hafi verið um vöðvaspennu á verkjasvæði. Að frátalinni þeirri meðferð verður ekki séð að M hafi sætt neins konar meðferð vegna einkenna sem hann rekur til árekstursins frá hausti 2021 og fram til þess að hann sótti

sjúkraþjálfun hinn 30. mars 2023. Þá liggja engin frekari gögn, s.s. óvinnufærnivottorð, fyrir um það að M hafi búið við skerta starfsgetu allt frá slysdegi og er því aðeins frásögn hans sjálfs til grundvallar þeirri staðhæfingu. Liggur þá fyrir að M hefur ekki gengist undir ítarlegar rannsóknir, s.s. myndgreiningu, vegna einkenna sem hann rekur til slyssins, og eins og áður segir hefur hann aðeins tvisvar verið skoðaður af lækni með tilliti til þeirra og liðu tæp tvö ár milli þeirra skoðana. Einkenni M eru þá nokkuð almenns eðlis og liggur ekki fyrir fullnægjandi staðfesting þess að þau séu sértæk fyrir umræddan áreksstur. Þá liggja engin gögn fyrir um fyrra heilsufar M s.s. með tilliti til stoðkerfiseinkenna.

Með vísan til alls framangreinds hefur ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu milli umrædds árekssturs og þeirra einkenna sem M rekur til hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 350/2024.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Frestur til lögfræðilegra aðgerða. Orsakatengsl.

Gögn.

11. Málskot mótttekið 18. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
12. Bréf V dags. 1. október 2024, ásamt fylgigögnum.
13. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi hinn 1. janúar 2023 ekið bifreiðinni A á skilti við Klettháls 1a. Hinn 26. janúar 2023 barst V tölvupóstur frá lögmanni M þar sem tilkynnt er um líkamstjón M. Með tölvupósti dags. 8. júní 2023 hafi V upplýst lögmann M um þá afstöðu sína að gögn málsins bendi ekki til þess að heilsutjón hafi getað hlotist af atvikinu. Muni V því ekki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana og var bótaskyldu hafnað. Í tölvupóstinum bendir starfsmaður V á frest til lögfræðilegra aðgerða skv. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í málskoti vísar lögmaður M til þess að með tölvupósti hinn 2. september 2024 hafi V vísað í fyrrgreinda höfnun á bótaskyldu sem borist hafi átt þann 8. júní 2023. Sú höfnun hafi aldrei borist honum. Það gefi augaleið þar sem hann sendir V fyrirspurn um reikning þann 30. ágúst 2024 og var þeim tölvupósti svarað af V og hvergi minnst á höfnun bótaskyldu. Þá var matsbeiðni einnig send til V þann 30. ágúst 2024 vegna M og ýtir það enn frekar undir grandleysið. Aldrei hafi komið til móttöku á meintri höfnun á bótaskyldu enda hvergi að finna móttökupóst við henni. Ljóst sé að um mjög íþyngjandi ákvörðun er að ræða fyrir M og verði því að ætla að V leitist eftir sannanlegri móttöku á höfnun á bótaskyldu sem V láðist í þetta sinn. Aldrei hefði verið farið í þá vinnu að afla allra þeirra gagna sem aflað var og matsbeiðni send V hefði vitneskja verið um höfnun. Fer M fram á, þar sem höfnun komst réttilega ekki til skila, að ársfrestur hafi hafist þegar móttaka á höfnun á bótaskyldu var sannanleg, eða þann 2. september 2024. Vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 295/2022 máli sínu til stuðnings. Hvað höfnun á bótaskyldu varðar vísar M því alfarið á bug að ekkert heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu enda ljóst af samtímagögnum að um verulegar afleiðingar sé að ræða. M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins og hafi verið í endurhæfingu hjá VIRK vegna þess. Þá hafi M verið í meðferð sjúkraþjálfara og sálfræðings og reynt eftir fremsta megni að takmarka tjón sitt með allri þeirri endurhæfingu sem honum hafi boðist. Búið sé að sýna fram á að ekki sé hægt að leggja að jöfnu tjón á bifreið og varanlegu tjóni á einstaklingum sem eru í bifreiðinni. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 542/2012 því til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi með tölvupósti til lögmanns M, dags. 8. júní 2023, hafnað að hlutast til um frekari gagnaöflun og að greiða fyrir slíka gagnaöflun vegna slyssins, þar sem gögn málsins bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af slysinu. Í tölvupóstinum bendir starfsmaður V á að þessari niðurstöðu megi skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og að ef ekki verði krafist meðferðar hjá úrskurðarnefnd eða málinu stefnt fyrir dómstóla innan árs frá því að tilkynningin er móttakin, glatist réttur til bóta, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Hafi sá frestur verið liðinn þegar úrskurðarnefndin móttók málskot þetta frá lögmanni M þann 18. september 2024. Rekur V tímalínu samskipta starfsmanna V við lögmann M á tímabilinu frá 26. janúar 2023 til 29. ágúst 2024. Hafi öll þau samskipti eingöngu farið í gegnum nánar tilgreint netfang lögmannsins. Vegna málskots M hafi V látið starfsmann tölvudeildar kanna hvort komið hefði villumelding þess efnis að tölvupósturinn sem sendur var þann 8. júní 2023, hefði ekki borist viðtakanda. Í gögnum tölvudeildar megi sjá að tölvupósturinn var sendur á netfang lögmanns kl. 13.55 fyrrgreindan dag og að hann hafi skilað sér til viðtakanda þ.e. hann hafi ekki „bounced“ til baka til V. Mótmælir V því sem ósönnuðu að umræddur tölvupóstur hafi ekki skilað sér til lögmanns M. Hann hafi verið sendur á netfang sem öll samskipti höfðu farið í gegnum og tölvupósturinn fór í gegnum kerfið án villumeldingar. Það sé ekki við V að sakast þó umræddur tölvupóstur hafi farið framhjá lögmanni M. Var því hinn lögbundni ársfrestur sem M hafði til að bera afstöðu V undir úrskurðarnefndina liðinn þann 18. september 2024 þegar málskot M var mótttekið af

starfsmanni nefndarinnar. Vísar V máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 81/1985 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 18/2018. Til vara ítrekar V þá afstöðu sína að ósannað sé að M hafi hlotið varanlegar afleiðingar í umferðarslysinu þann 1. janúar 2023. Hafi umferðaróhappið sem M rekur einkenni sín til alls ekki haft næga krafta til að valda varanlegu líkamstjóni og því sé ósannað að einkenni hans verði rakin til umrædds umferðaróhapps. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að sanna tjón sitt, þ.m.t. hvort orsakatengsl séu fyrir hendi milli núverandi einkenna og slyssins. Telur V ósannað að fyrir hendi séu orsakatengsl milli slyssins og þeirra áverka sem M telur sig hafa orðið fyrir. Vísar M til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, kemur fram að váttryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að váttryggingarfélag sannanlega hafnar kröfu hans í heild eða hluta. Fyrir liggur að V hafnaði því að hlutast til um frekari gagnaoöflun eða greiðslu fyrir hana vegna umferðarslyss M hinn 1. janúar 2023, með tölvupósti dags. 8. júní 2023. Í tölvupóstinum var vísað til þess að M hefði árs frest til lögfræðilegra aðgerða skv. ákvæðum 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Uppfyllti tölvupósturinn þ.a.l. formaskilyrði laganna um tilvísun til ársfrestsins. Lögmaður M kveðst ekki hafa móttekið umræddan tölvupóst. Hefur V lagt fram staðfestingu úr tölvukerfi félagsins þar sem fram kemur staðfesting á því að tölvupósturinn hafi sannanlega verið sendur. Þá liggur einnig fyrir að hann var sendur á netfang það sem lögmaður M notaði í samskiptum sínum við V. Verður á grundvelli þess að telja að fullnægjandi sönnun liggja fyrir um að V hafi uppfyllt þá skyldu sína að upplýsa M um frest hans til lögfræðilegra aðgerða í samræmi við ákvæði 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Að teknu tilliti til framangreinds er því ljóst að árs frestur M til lögfræðilegra aðgerða skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga var liðinn þegar málskot M barst nefndinni þann 18. september 2024. Þegar af þeim sökum er ljóst að allur mögulegur bótaréttur M er niður fallinn vegna tómlætis og verður þ.a.l. ekki tekin afstaða til annarra ágreiningsatriða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 351/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

483. Málskot móttakið 18. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
484. Bréf V dags. 15. október 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð hinn 21. október 2022 árekstur milli A, sem M ók og B. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á árekstrinum.

Í málskoti kemur fram að M hafi leitað til læknis viku eftir slysið, eða 28. október 2022, vegna einkenna sem hann reki til þess. Hafi hann þá verið með verki í hnakka og hálsi og verið greindur með „whiplash“ áverka. Hinn 24. janúar 2024 hafi M leitað á heilsugæslu og kvartað undan verkjum sem hafi verið viðvarandi frá slysdegi en hann hafi lengi verið í sjúkraþjálfun og óvinnufær vegna verkja eftir slysið. Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu sjúkraþjálfara, dags. 15. apríl 2024, hafi M þá verið heilsuhraustur fyrir umrætt slys. Engar færslur sé að finna í sjúkraskrá hans um einkenni frá stoðkerfi fyrir slysið eða annað sem haft gæti áhrif á þau einkenni sem hann reki til þess. M hafi þrívægis, fyrst hinn 2. desember 2022, mætt í ítarlegar mælingar hjá sjúkraþjálfara og hafi að auki mætt 21 sinni í sjúkraþjálfun samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu. Standi sú meðferð enn yfir. Mat sjúkraþjálfara sé það að M hafi hlotið áverka á höfði, hálsi, herðum, öxlum, mjóbaki og hægri mjöðm. Þá hafi verið sett upp endurhæfingaráætlun, með æfingameðferð, verkjameðferð og fræðslu, fyrir M og sé stefnt að endurkomu hans á vinnumarkað á árinu 2025. Af læknisfræðilegum gögnum sé því ljóst að M hafi fundið fyrir einkennum eftir áreksturinn og sé það í höndum matsmanna, en ekki V, að meta orsakatengsl þar á milli. Það útiloki þá ekki slík tengsl að um vægan árekstur hafi verið að ræða og vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 542/2012 því til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og allra þeirra einkenna sem M reki til hans. Samkvæmt hraðaútreikningum hafi högg við áreksturinn verið mjög lítið og ekki líklegt til þess að valda heilsutjóni. Ekkert sé þá skráð um það að tjón hafi orðið á A og komi ekkert fram um það í tjónstilkynningum aðila. Þá skorti samfellu í sjúkrasögu M frá slysdegi auk þess sem einkenalýsingar hans verði að teljast almennar en ekki sértækar fyrir áreksturinn. Hafi M fyrst leitað læknis viku eftir atvikið og ekkert sé skráð um frekari samskipti við lækna vegna einkenna sem M reki til þess fyrr en 24. janúar 2024. Lýsingar á einkennum M þá séu verulega úr takti við umfang árekstursins. Við fyrstu komu til læknist hafi M þannig lýst einkennum frá hnakka en við seinni komuna verkjum í hálsi, brjóstbaki, mjóbaki og hægri mjöðm auk þess sem M hafi lýst krónískum höfuðverkjum. Í nótu vegna komunnar komi fram að það sé líklega vöðvabólguþengt. Telji V á grundvelli framangreinds að orsakatengsl milli árekstursins og allra lýstra einkenna M í dag séu ósönnuð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 21. október 2022. V lét vinna skýrslu um um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að lítið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 20. september 2019 til 14. mars 2024. Af samskiptaseðli heilsugæslu má ráða að M hafi leitað þangað hinn 28. október 2022 og þá sagst hafa verið slæmur í hnakka frá árekstrinum auk þess sem hann lýsti skertri hreyfifetu í hálsi. Var M greindur með „whiplash“ áverka og fékk uppáskrifuð verkjalyf og beiðni í sjúkraþjálfun. Hinn 24. janúar 2024 leitaði M aftur á heilsugæslu vegna einkenna sem hann rakti til árekstursins. Lýsti hann

þá verkjum í herðum, baki og hægri mjöðm. Segir þá m.a. í samskiptaseðli: „Krónískir höfuðverkir einnig, líklega vöðvabólgutengt.“ Verður sú athugasemd ekki túlkuð með rýmri hætti en orðalag hennar gefur tilefni til, þ.e. að höfuðverkir séu líklega vöðvabólgutengdir. Greining á einkennum M var m.a. „eftirstöðvar eftir slys“. Kom einnig fram að M væri óvinnufær og hefði lítið getað unnið eftir slysið vegna verkja. Í því samhengi er þó rétt að nefna að ekki verður séð að vottorð til vinnuveitanda um óvinnufærni séu meðal gagna málsins og því liggur að mati nefndarinnar ekki nægilega ljóst fyrir hver vinnufærni eða atvinnuþáttaka M var á slysdegi.

Einnig er fyrirliggjandi greinargerð sjúkraþjálfara, dags.15. apríl 2024. Í henni kemur m.a. fram að M hafi mætt í þrjár ítarlegar mælingar á hálsi, fyrst 2. desember 2022. Segir þá að M hafi farið versnandi frá fyrstu til þriðju mælingar og að mæling á hreyfistjórn hálsþryggjar gefi sterkar vísbendingar um að hann hafi hlotið „whiplash“, eða svipuólaáverka. Niðurstaða greinargerðarinnar er sú að M hafi þróað með sér langvinna svipuólaáverkaröskun sem hafi töluverð hamlandi áhrif á líf hans. Meðferð hafi þó skilað árangri og finni M mikinn mun á sér vegna hennar. Segir þá í yfirlýsingu sjúkraþjálfara, dags. 29. júlí 2024, að M hafi sótt reglulega meðferð vegna einkenna frá hálsi, mjólbaki, hægri mjöðm og hægri öxl og að fyrsta koma hans í sjúkraþjálfun hafi verið 2. desember 2022.

Að mati nefndarinnar verður að líta til þess að M leitaði til sjúkraþjálfara og gekkst undir ítarlega mælingu í desember 2022, svo og þess að niðurstaða sjúkraþjálfara er nokkuð afdráttarlaus varðandi það að M sé með einkennum „whiplash“ áverka. Samræmist það mat einkennalýsingu M við komu á heilsugæslu viku eftir áreksturinn. Þá verður ekki séð að M hafi lýst sambærilegum einkennum fyrir umræddan árekstur.

Er það því álit nefndarinnar að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við umferðarslysið 21. október 2022 þó ekki liggi enn fyrir matsgerð um umfang þess. M telst þá eiga rétt til greiðslu bóta fyrir sjúkrakostnað skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna kostnaðar við gagnaöflun og öflun matsgerðar um afleiðingar líkamstjóns hans.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 352/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

485. Málskot mótttekið 18. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
486. Bréf V dags 21. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
487. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 28. október 2024.
488. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 5. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi lent í umferðarslysi hinn 5. apríl 2023 sem farþegi í bifreið sem bifreiðinni X var ekið aftan á. Fyrir liggja að viðgerðarkostnaður á bifreið þeirri sem M var farþegi í hafi verið 514.954 kr. en ekki liggja fyrir upplýsingar um viðgerðarkostnað á bifreið X. M var skoðuð af sjúkraflutningamönnum á vettvangi og lýsti því við lögreglu að hún fyndi til eymsla í baki og hálsi strax eftir áreksturinn. M leitaði síðan til læknis daginn eftir, 6. apríl 2023, og var þar greind með whiplash og heilahristing og send á bráðamóttöku þar sem myndrannsóknir hafi verið gerðar og greinin hafi verið „*injury of muscles and tendons of unspecified body region.*“ Viku seinna hafi M leitað til heilsugæslu og í framhaldi af því hafi hún farið í sjúkraþjálfun. Í málinu liggur einnig fyrir matsgerð frá lækni dags. 5. september 2024 þar sem læknirinn kemst að þeirri niðurstöðu að orsakasamband sé milli umferðarslyss M hinn 5. apríl 2023 og þeirra líkamlegu einkenna sem hún býr við og tengir við slysið og hafi M því orðið fyrir líkamstjóni í skilningi ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna sama slyss. Af gögnum málsins má ráða að V hafi verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við matsmann áður en matsgerð lá fyrir og hafi nýtt sér það. Einnig liggur fyrir skýrsla vegna útreikninga úr PC-Crash dags. 26. júní 2023.

M telur læknisfræðileg gögn í málinu sýna með ótvíráðum hætti að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við árekstur hinn 5. apríl 2023 og tjónið sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V. M vísar til læknisfræðilegra gagna um líkamstjón M, bæði læknisvottorða og gagna úr sjúkraskrá, sem og skýrslu sjúkraþjálfara og matsgerðar sem staðfesti orsakatengsl. Hvað varðar þá matsgerð vísar M til þess að afstaða V hafi verið, m.v. tölvupóst V til lögmans M dags. 8. ágúst 2024, sú að öflun matsgerðar eins læknis væri ekki í samræmi við ákvæði skaðabótalaga, slíkt mat þyrfti að vera í höndum tveggja sérfróðra matsmanna sem valdir væru sameiginlega til verksins af M og V og að M yrði að bera kostnað af slíkri matsgerð sjálf. M mótmælir afstöðu V og vísar til þess að öflun matsgerðar eins læknis til sönnunar orsakatengsla sé ekki í ósamræmi við ákvæði skaðabótalaga þar sem ekkert í þeim ákvæðum útiloki að metnir séu afmarkaðir þættir og ákvæði 10. gr. séu ekki tæmandi um matsgerðir. Einnig bendir M á að V sé í mótsögn við eigin orð þar sem í tölvupósti frá 28. september 2023 hafi félagið sagt að M væri heimilt að leggja fram gögn í málinu og hafi ekki sett neinar skorður við hvers konar gögn það gætu verið, en þegar M hafi ætlað að afla matsgerðar eins læknis um orsakatengsl þá hafi V ekki talið slíka gagnaöflun heimila. Einnig telur M mótsögn í afstöðu V til þess annars vegar að afla eigi matsgerðar tveggja sérfróðra aðila með samráði aðila og hins vegar að M eigi sjálf að afla matsgerðar á eigin kostnað. M hefur verið reiðubúin til að standa með V að mati tveggja sérfróðra óvilhallra matsmanna en V hafi hafnað því að taka þátt í slíku mati. M telur að V eigi að greiða kostnað við gagnaöflun og að matsgerðir teljist til sjúkrakostnaðar í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og slíkan kostnað eigi V að greiða. Einnig vísar V til þess að fáar eiginlegar málsmeðferðarreglur séu í skaðabótalögum en í 10. gr. þeirra megi þó finna ákvæði um að þegar liggja fyrir sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola þá geti hvor aðili um sig borið það álit undir örorkunefnd. Einnig vísar M til umfjöllunar í fræðiriti um að matsgerðir vegna líkamstjóna séu margs konar og þannig verði ekki miðað við eina leið, eins og V hafi vísað til í samskiptum við lögmann M. Einnig gerir M ítarlegar athugasemdir við hraðaútreikninga PC-Crash skýrslu þeirrar sem V hafi vísað til sönnunar um að M hafi ekki hlotið

Líkamstjón í árekstri hinn 5. apríl 2023. Einnig vísar M til þess að skyldur V skv. ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 séu til þess að váttryggingastarfsemi sé rekin í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum.

V hefur hafnað því að greiða bætur fyrir líkamstjón skv. kröfu M og telur að gögn málsins bendi ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af í umferðarslysi hinn 5. apríl 2023 sem og að ósannað sé að orsakatengsl séu milli þeirra einkenna og verkja sem M býi við í dag og slyssins. V vísar til PC-Crash skýrslu dags. 26. júní 2023 þar sem komi fram að högg á þá bifreið sem M hafi verið farþegi í hafi verið mjög lítið eða 1,17g og þegar skýrslunnar hafi verið aflað af hálfu V hafi lögmaður M verið upplýstur um það fyrirfram. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 þar sem komi fram að þyngdarhröðun sem samsvari 1,6 g jafnist á við að hlamma sér aftur í sófa að mati matsmanns sem dómkvaddur var í því máli. Þannig sé niðurstaða í máli M m.v. PC-Crash útreikninga minni en það og telur V að tjónsatburðurinn hafi því ekki haft næga krafta til að valda varanlegum líkamstjóni hjá M og vísar einnig um það til fyrra stoðkerfisheilsufars M. Þannig komi fram í læknisfræðilegum gögnum komi fram að fyrir slysið hafi M haft einkenni frá höfði frá árinu 2017 og áður verið greind með tognun í hálsi og brjóstbaki sem og verki í mjóbaki með leiðni niður í fætur.

V telur einnig að matsgerð eins læknis frá 5. september 2024 hafi ekki sönnunargildi um orsakatengsl milli umferðarslyssins 5. apríl 2023 og þeirra einkenna sem M rekur til þess þar sem ekki sé um að ræða matsgerð tveggja óháðra óvilhallra matsmanna um líkamstjón og hennar sé ekki aflað í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993. Sérstaklega vísar V til 10. gr. laganna þar sem fjallað sé um sérfræðilegt álit þurfi að fela í sér álit sérfróðra matsmanna um örorku- og/eða miskastig eða þeirra læknisfræðilegu þátta sem meta þurfi skv. 2. og 3. gr. skaðabótalaga. Einnig vísar V til þess að í dómaframkvæmd hafi skýrlega komið fram að mat á orsakatengslum sé lögfræðilegs eðlis, sbr. dómur Hæstaréttar í máli 21/2010 þar sem komi fram að lögfræðilegt mat feli í sér heildarmat á læknisfræðilegum gögnum. Einnig bendir V á að meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli beri sönnunarbyrði um tjón sitt og samkvæmt dómaframkvæmd sé ekki nóg að hugsanlega geti verið um orsakatengsl að ræða heldur þurfi að vera meiri líkur en meiri á því að orsakatengsl séu í raun og veru fyrir hendi. V mótmælir því einnig að leggja eigi læknisfræðileg gögn til grundvallar sönnunar tjóns M þar sem sönnunarmat sé lögfræðilegt. Slík gögn sýni að M hafi búið við vanheilsu fyrir umferðaróhappið 5. apríl 2023 og þar sé atvikalýsing sem ekki fái stoð í gögnum málsins. M hafi auk þess ekki lagt fram matsgerð tveggja óháðra óvilhallra matsmanna um líkamstjón af völdum slyssins.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram að því sé harðlega mótmælt að PC-Crash skýrslu hafi verið aflað í samráði við lögmann M eða að M hafi verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en skýrslunnar var aflað. Tilvísun V til samskipta við lögmann M hafi verið vegna annars einstaklings í sama slysi og það dugi ekki til sönnunar samráðs um öflunar skýrslu vegna máls M. Einnig gerir lögmaður M alvarlega athugasemd við framlagningu gagna úr líkamstjónamáli annars einstaklings og sé umrædd vinnsla persónuupplýsinga af hálfu V ekki í samræmi við lög nr. 90/2018.

Auk þessa bendir lögmaður M á að í máli hins einstaklingsins hafi lögmaðurinn mótmælt útreikningi fyrir fyrrnefnda skýrslu sem ónauðsynlegri gagnaöflun og talið skýrsluna ekki hafa nokkuð sönnunargildi og sé framsetning V því mjög villandi. Það er þó bent á það í bréfi lögmanns M að þrátt fyrir mótmæli við að leggja fram skýrsluna hafi matsmaður fengið aðgang að henni við mat á orsakatengslum sem og athugasemdir V þannig að tilvísun V til þess að í læknisfræðilegum gögnum málsins sé atvikalýsing sem eigi sér ekki stoð í gögnum málsins hafi ekki þýðingu.

Samanburði við mál Landsréttar nr. 877/2018 er einnig mótmælt þar sem aðstæður í máli M sé ekki eins og í því máli, t.d. hafi þar legið fyrir dómkvatt mat vegna hraða- og höggútreiknings og að tjónþoli í dómsmálinu hafi lent í öðru slysi með sömu einkennum áður. Einnig er mótmælt tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 21/2010 þar sem niðurstaða þess máls hafi byggt á mati embættisdómara og tveggja sérfróðra meðdómenda. Einnig hafi sérstakri spurningu um orsakatengsl verið beint til matsmanna í því máli án þess að athugasemdir hafi komið fram um það í dómi Hæstaréttar.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að félagið hafi tilkynnt um að það hygðist afla PC-Crash skýrslu um tjónsatburðinn og varði hún útreikning vegna höggs á bifreiðar en sé ekki vegna hvers einstaklings í bifreiðinni. V telur engar viðkvæmar persónuupplýsingar koma fram í þeim gögnum sem send séu til þess fyrirtækis sem sjái um útreikninginn og þannig hafi V ekki miðað slíkum upplýsingum um annan tjónþola en M. Að öðru leyti ítrekar V fyrri sjónarmið sín og tilvísanir til dóma

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um sönnun orsakatengsla vegna líkamstjóns og varðar það sönnun þess hvort meiri líkur en meiri séu á því að líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 5. apríl 2023.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um að tjón á bifreið þeirri sem M var farþegi í hafi verið nokkuð m.v. framlögð gögn um viðgerðarkostnað og M hafi strax kvartað um verki í hálsi og baki þegar lögregla kom á vettvang árekstursins og verið skoðuð af sjúkraflutningamönnum. Einnig má ráða af gögnum málsins að M hafi leitað á læknavakt vegna einkenna eftir áreksturinn daginn eftir, eða 6. apríl 2023 og þaðan hafi henni verið vísa á bráðamóttöku og fengið ávísað lyfjum þar sem og verið óvinnufær í nokkra daga. Viku síðar leitaði M til heimilislæknis og fékk þar beiðni um sjúkrahjálfun. Í málinu liggur fyrir skýrsla sjúkrahjálfara um meðferð M. Í læknisfræðilegum gögnum liggja fyrir lýsingar á líkamlegum einkennum M frá 5. apríl 2023 sem og upplýsingar um fyrri heilsufar hennar. Þessu til viðbótar liggur fyrir matsgerð eins læknis þar sem fjallað er um mat á orsakatengslum með hliðsjón af nokkrum skilyrðum sem hafa verið til viðmiðunar í norskri dómaframkvæmd varðandi sönnun líkamstjóns vegna hálsþnykksáverka. Þar er metið hvort orka við tjónsatburð sé næg til að geta valdið líkamstjóni, að áverkar séu staðfestir fljótlega eftir tjónsatburð, að gögn um samfellu einkenna liggja fyrir sem og að þróun einkenna séu í samræmi við áverka en ekki vegna annarra ástæðna. Í umræddri matsgerð sem dagsett er 5. september 2024 kemur fram mat þess læknis á því að fyrir hendi sé orsakasamband milli einkenna M í dag og tjónsatburðar 5. apríl 2023 og að M hafi þá orðið fyrir líkamstjóni í skilningi ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993. Mat læknisins er m.a. byggt á læknisfræðilegum gögnum um fyrri heilsufar M og heilsufar hennar eftir tjónsatburðinn, viðtali læknisins við M sem og læknisskoðun og mati læknisins á öðrum gögnum, t.d. PC-Crash skýrslu sem V aflaði og sjónarmiðum V í tengslum við þá gagnaöflun og viðgerðarreikningi þeirrar bifreiðar sem M var farþegi í á tjónsdegi.

Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu telur nefndin rétt að áréttu þá afstöðu sem hún hefur lýst í nokkrum úrskurðum um að ekki verður litið framhjá því að ekki var samkomulag um öflun skýrslunnar þó V hafi látið lögmann M vita af gerð hennar, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á höggkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum höggkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er aflað með fyrrgreindum hætti án þess að litið sé til annarra gagna, þar á meðal viðgerðarreiknings vegna munatjóns sem sýnir að nokkurrar viðgerðar hafi verið þörf á bifreið þeirri sem M var farþegi í á tjónsdegi.

Hvað varðar mat á orsakatengslum vegna líkamstjóna verður nefndin einnig að áréttu að sönnunareglur taka mið af meginreglum einkamálaréttarfars um frjálst sönnunarmat dómara, sjá einnig 1. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála nr 91/1991. Það þýðir að mat á sönnun getur byggst á öllum þeim gögnum sem lögð eru fram af aðilum máls til sönnunar. Ágreiningur M og V lýtur m.a. að því í þessu máli hvort hægt sé að leggja matsgerð eins læknis dags. 5. september 2024 til grundvallar við sönnunarmat. Verður ekki litið svo á að ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993 útiloki með nokkrum hætti að mat eins læknis á tilteknum þáttum líkamstjóna tjónþola sé hluti af þeim gögnum sem sönnunarfærsla tekur mið af. Sjónarmið V um að matsgerðir þurfi að vera gerðar af tveimur óháðum óvilhóllum matsmönnum til þess að þær hafi vægi við sönnunarfærslu fá hvorki stoð í ákvæðum skaðabótalaga né reglum einkamálaréttarfars um frjálst sönnunarmat. Þó mat á sönnun sé lögfræðilegt mat þá byggir það á þeim gögnum sem liggja fyrir, bæði læknisfræðilegum gögnum og öðrum, og þar af leiðandi getur matsgerð eins læknis verið hluti af sönnunargögnum í málum sem þessu sem og önnur læknisfræðileg gögn. Mat nefndarinnar á sönnunargildi umræddrar matsgerðar tekur þó mið af því að matsgerðinni var aflað einhliða af M, líkt og PC-Crash skýrslu var aflað einhliða af V.

Þegar litið er til allra þeirra gagna sem liggja fyrir í máli M er ljóst að nokkuð högg varð við það að bifreiðinni X var ekið aftan á þá bifreið sem M var farþegi í hinn 5. apríl 2023, miðað við fjárhæð viðgerðarreiknings þeirrar bifreiðar. M lýsti einkennum frá hálsi og baki strax á vettangi áreksturs og

er það staðfest í lögregluskýrslu. M leitaði daginn eftir til læknis og samfella er í læknisheimsóknunum og meðferð sjúkráþjálfara vegna þeirra einkenna sem þar komu upp m.v. fyrirbyggjandi gögn. Þessu til viðbótar liggur fyrir matsgerð læknis sem telur, eftir skoðun á M og mati á gögnum um fyrra heilsufar hennar að þróun einkenna sé í samræmi við það sem almennt gerist og sé ekki vegna annars en árekstursins. Þrátt fyrir að vægi matsgerðarinnar við sönnun sé að einhverju leyti minna en annarra gagna, vegna þess að matsgerðarinnar er aflað einhliða, verður ekki að öllu leyti litið framhjá henni við mat á sönnun orsakatengsla.

Þegar öll þessi gögn eru vegin saman við sönnunarmatið telst M hafa sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og meiri líkur en minni séu á því að það tjón geti verið varanlegt. M telst því eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V og í því felst að hún á rétt til greiðslu þess sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. fyrrgreindra skaðabótalaga sem hlýst af öflun matsgerðar á öllum afleiðingum líkamstjónsins.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 353/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

489. Málskot móttakið 17. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
490. Bréf V dags. 3. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
491. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 7. október 2024.
492. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 10. október 2024.

Málsatvik.

Í löggluskýrslu vegna tjónsatburðar 8. apríl 2024 kemur fram að M ók bifreiðinni X á hringtorg, nánar tiltekið svonefnt Vatnsendatorg. Í sömu skýrslu er haft eftir M að hann hafi verið að aka heim til sín af næturvakt, gleymt sér í örskamma stund við aksturinn og lokað augunum og þegar hann hafi opnað augun aftur hafi hann ekið á hringtorgið. Í skýrslunni kemur einnig fram að M hafi fundið fyrir eymslum eftir tjónsatburðinn. Í rafrænni tjónstilkynningu M sjálfs til V frá 8. apríl 2024 kemur fram að hann hafi sofnað undir stýri eftir næturvakt með þeim afleiðingum að hann keyrði upp á hringtorg. Í sjúkraskrá M frá því að hann leitaði til Landspítala Háskólasjúkrahúss eftir tjónsatburðinn er haft eftir honum að hann hafi sofnað undir stýri.

M telur að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og það eitt að hafa ekið heim eftir næturvakt geti ekki talist til slíks. Einnig telur M að skráning í sjúkraskrá um að M hafi sofnað undir stýri hafi verið ónákvæm miðað við það sem haft er eftir M í löggluskýrslu, en sá framburður hafi verið strax eftir tjónsatburðinn. M bendir einnig á að ekkert sé að finna í sjúkraskrá M um að hann hafi verið ófær um akstur í greint sinn. M vísar einnig til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 124/2022 og 363/2022, máli sínu til stuðnings.

V telur með vísan til rafrænnar tjónstilkynningar M til V á tjónsdegi, sem og annarra gagna, sannað að M hafi sofnað undir stýri í aðdraganda tjónsatburðar og þannig hafi háttsemi hans brotið gegn ákvæði 1. og 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og varúðarreglu a.liðar 13. váttryggingarskilmála V um að vera fær til að stjórna ökutæki örugglega. Þannig hafi M sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og V sé heimilt að takmarka bætur um helming til M með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Með þeirri tilvísun leiðréttir V fyrri tilvísun félagsins til 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatyngingar nr. 30/2019 í höfnunarbréfi til M.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekuð tilvísun til ummæla M í löggluskýrslu þar sem hann kveðst hafa gleymt sér um stund og lokað augunum í aðdraganda tjónsatburðar og ónákvæmara orðalag sé bæði í tjónstilkynningu og löggluskýrslu. Einnig er ítrekað að ekki komi fram í læknisfræðilegum gögnum að líkamlegt ástand M hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið ófær um að stjórna ökutækinu. Einnig telur M að með tilliti til 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 geti V ekki breytt þeim grundvelli sem höfnun félagsins byggir á, eða að það sé of seint fram komið.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að félagið telur 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki eiga við þar sem M hafi verið tilkynnt um mögulega skerðingu á bótarétti sínum vegna stórkostlegs gáleysis hinn 25. apríl 2024. V vísar einnig til þess að öll skynsemisrök styðji við þá afstöðu félagsins að einstaklingur sofni ekki án þess að um aðdraganda sé að ræða og þegar ökumaður setjist vansvefta undir stýri sé hann bæði að stofna sjálfum sér og öðrum í almennt umferð í hættu og verði að meta það honum til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Þegar váttryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess, eins og 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, sé fyrir hendi ber félagið sönnunarbyrði um að skilyrði þess ákvæðis sé uppfyllt. Þar segir: „Hafi váttryggður í öðrum váttryggingum en líftryggingum valdið því af

stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum.“ V ber því sönnunarbyrði um að háttsemi M við akstur X hinn 8. apríl 2024 hafi verið þannig að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

Röksemdir V eru fyrst og fremst þær að almenn rök hnígi til þess að vansvefta M hafi verið ófær um að stjórna ökutæki örugglega og hann hafi sagst hafa sofnað undir stýri í greint sinn. Í frumskýrslu lögreglu vegna málsins er haft eftir M að hann hafi lokað augum um stund og þannig misst stjórn á X. Gögn málsins benda ekki til þess að rannsókn lögreglu hafi beinst að því að M hafi verið ófær um að aka bifreið í greint sinn. Þó fram komi upplýsingar í sjúkraskrá og tjonstilkynningu um að M hafi þar sagst hafa sofnað undir stýri verður að meta þær upplýsingar í samræmi við framburð M í frumskýrslu lögreglu. Ekki koma fram frekari upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum um að ástand M hafi verið þannig að morgni 8. apríl 2024, að hann hafi verið ófær um akstur. Þannig er kominn upp vafi um hvort líkamlegt ástand M hafi verið með þeim hætti að hann hafi verið, eða mátt vita að hann gæti verið, ófær um akstur í greint sinn.

Hallann af slíkum sönnunarskorti ber V sem telst ekki hafa sýnt nægilega fram á að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur. M á því rétt á fullum bóttum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V. Þegar af þeirri ástæðu kemur 94. gr. laga um vátryggingarsamninga ekki frekar til umfjöllunar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 354/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

493. Málskot móttækið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.

494. Bréf V, dags. 6. september 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málsögnum kemur fram að hinn 14. júní 2022 hafi M lent í árekstri á bifreiðastæði á Keflavíkurflugvelli. Báðar bifreiðar voru sagðar sjáanlega tjónaðar. Sama dag leitaði M á Læknavaktina þar sem hann kvartaði undan verkjum í baki. Næst var hann í samskiptum við hjúkrunarfræðing á heilsugæslu og fékk í kjölfarið næsta lausa tíma hjá lækni sem var 14. júlí 2022. Þar lýsir hann einkennum frá baki eftir að hann læstist í baki tíu dögum áður. Kvartaði hann einnig undan máttleysi í fótum og verkjum í sköflungi. Gerð var beiðni um sjúkraþjálfun. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 1. nóvember 2023, voru ekki fleiri skráðar komur á heilsugæslu vegna einkenna M eftir umferðarslysið.

Vegna einkenna sinna gerði M kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr slysátryggingu ökumanns A hjá V. Með bréfi, dags. 3. apríl 2024, hafnaði V því að slysið hafi haft varanlegar líkamlegar afleiðingar fyrir M. Í málskoti kemur fram að M hafi aldrei kveinkað sér og leiti ekki svo auðveldlega til sérfræðinga enda vanur að harka af sér. Hann hafi eftir fremsta megni reynt að takmarka tjón sitt með heilbrigðum lífstíl. Telur M liggja ljóst af fyrirbyggjandi gögnum, að hann hafi sannanlega orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysinu og að orsakatengsl séu fyrir hendi og þar með bótaskylda. Í það minnsta skuli þar til bærir matsmenn meta það, ekki starfsmenn V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hvorki sé samfella í sjúkrasögu M né í einkennalýsingum. Sjúkragögn beri með sér að einkenni eftir slysið hafi verið væg og M jafnað sig fljótt þrátt fyrir harðan árekstur. M hafi ekki óskað mats á meintum afleiðingum slyssins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum beri M hallann af því að engin slík sönnun liggja fyrir. Hafnar V bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 14. júní 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af ljósmyndum af bifreið M má ráða að um harðan árekstur var að ræða. Fyrir liggur að M leitaði til lækni samdægurs og var með verki í baki. Eftir það eru skráð samskipti við hjúkrunarfræðing 12. júlí 2022 og koma til lækni á heilsugæslu, þann 14. júlí 2022, vegna einkenna frá baki. Lýsti hann einnig verkjum í sköflungi og máttleysi í fótleggjum. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn líkt og skýrsla sjúkraþjálfara, læknisvottorð eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, sem staðfesta að varanlegt líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum þann 14. júní 2022. M ber hallann af sönnunarskorti um að líkamstjón hans megi rekja til árekstursins þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón í árekstrinum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 355/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

495. Málskot mótttekið 19. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
496. Bréf V, dags. 14. október 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, dags. 17. janúar 2024, kemur fram að 16. janúar 2024 hafi lögreglunni verið tilkynnt um bílveltu A á Hafnarfjarðarvegi við frárein upp að Hamraborg í Kópavogi. Á vettvangi kom lögreglan að bifreið A sem hafði oltið á vinstri hliðina. Í skýrslunni er haft eftir M, sem var ökumaður bifreiðarinnar, að í umrætt sinn hafi hún verið að aka á vinstri akrein þegar hjól bifreiðarinnar hafi byrjað að skauta í hálku. Við það hafi hún misst stjórn á bílnum, ekið yfir á hægri akrein og þaðan yfir kannt sem aðskilur Hafnarfjarðarveginn og frárein upp að Hamraborg. Hafi bifreiðin síðan endað á vinstri hlið á grasbala. Kveða M hafa verið í öryggisbelti og ekið á 60-70 km hraða. Framburður vitnis í lögregluskýrslu virðist geta staðfest þann ökuhraða. Hámarkshraði á slysstað er 80 km. Í lögregluskýrslu kemur fram að hjólbarðar A hafi að mestu leyti verið slitnir fyrir utan eitt dekk sem var nýtt. Þá kemur fram í skýrslunni að snjóþekja og ísing hafi verið á veginum sem hafi því verið háll auk þess sem eljagangur var á svæðinu. Sjúkraflutningamenn komu á slysstað og skoðuðu M sem kenndi til eymsla í höfði og hálsi. Líknarbelgir í A sprungu ekki út. Dráttar bifreið kom og fjarlægði A sem var óökufær. Í lögregluskýrslu kemur fram að sjá hafi mátt miklar skemmdir á A.

Í málinu liggur einnig fyrir lögregluskýrsla, dags. 22. febrúar 2024. Þar kemur fram að daginn áður var tekin skýrsla af M en þá lá fyrir kæra á hendur henni vegna öryggis, gerðar og búnaðar ökutækis. Aðspurð út í dekk bifreiðarinnar svaraði M því til að um væri að ræða heilsársdekk sem hafi reynt vel. Hafi hún látið skoða dekkinn sumarið áður og fengið þau svör að þau ættu eitthvað eftir. Jafnframt staðfesti M að öll dekkin nema eitt hafi verið slitin. Þetta eina dekk sem ekki var slitnið hafi verið varadekk sem hún hafi sett undir A tveimur eða þremur vikum fyrir tjónsdag. Aðspurð um áverka sagðist hún hafa fengið áverka á háls auk þess sem hún finni til í vinstri öxl, brjóstbaki og mjóbbaki. Þá liggur fyrir í málinu bréf frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, dags. 16. janúar 2024, það sem fram kemur að ekki sé talinn grundvöllur að halda áfram rannsókn vegna kæru á hendur M.

Með tölvubréfi frá V, dags. 18. september 2024, tilkynnti félagið M, m.a. með vísan í 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatriggingar nr. 30/2019 að því þyki ástæða til að skerða bótarétt M um 1/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis. Tekur V fram að félagið meti það svo að það að aka við þær aðstæður sem voru á slysdagi að vetrarlagi á bifreið sem var útbúin illa slitnum hjólbörðum, feli í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi laga um ökutækjatriggingar. Þá benti félagið jafnframt á að samkvæmt 2. og 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 beri eigandi (umráðamaður) ábyrgð á því að ökutæki sé í samræmi við þær reglur sem ráðherra setur og að ökumaður skuli gæta þess að ökutæki sé í góðu ástandi. Bendir V jafnframt á að samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 736/2014 um breytingu á 16. gr. reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja eigi fólksbifreið á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 14. apríl að vera búin hjólbörðum með að minnsta kosti 3,0 mm mynsturdýpt. Telur félagið að fyrirbyggjandi ljósmyndir sýni að sú mynsturdýpt hafi ekki verið uppfyllt á 3 af 4 hjólbörðum A.

Í málskoti er því mótmælt að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M. Er á því byggt að fullyrðingar V um mynsturdýpt dekkja A sé ekki studd neinum þeim gögnum sem hægt sé að byggja á. Ljósmyndir dugi ekki til þess. Telur M að það sé V að sanna að dekkinn hafi ekki staðist þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum og reglugerð. Hafi sú sönnun ekki tekist. Þá er jafnframt byggt á því að lögreglan hafi rannsakað meint brot á 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga, sbr. 3. mgr. sömu greinar, en

hætt rannsókn þar sem ekki var talinn grundvöllur til að halda henni áfram. Telur M því liggja í augum uppi að ekki sé sannað brot á því ákvæði og því ekki tilefni til að skerða bótarétt samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Vísar M jafnframt í úrskurði nefndarinnar í málu 36/2022 og 371/2021 máli sínu til stuðnings. Að lokum er tekið fram í málskoti að ef fallist yrði á að um stórkostlegt gáleysi M hafi verið að ræða þá sé skerðing um 1/3 hluta langt úr hófi fram.

Í bréfi frá V til nefndarinnar, dags. 14. október 2024, eru færð frekari rök fyrir því að háttsemi M hafi verið með þeim hætti að full ástæða sé til að skerða bótarétt hennar um 1/3 hluta. Varðandi ágreiningur um sannaða mynsturdýpt dekkja A bendir V á að í lögregluskýrslu segi orðrétt: „Hjólbarðar bifreiðarinnar voru að mestu leyti slitnir fyrir utan eitt dekk sem var nýtt.“ Bendir V einnig á að M hafi vitað að dekkinn voru slitin. Þá bendir félagið einnig á að M hafi staðfest að í umrætt sinn hafi verið hálka og hún hafi misst stjórn á A. Telur V að framangreint bendi til þess að A hafi hvorki verið í góðu né lögmætu ástandi í skilningi umferðarlaga og að á því beri M ábyrgð samkvæmt 69. gr. umferðarlaga. Að lokum hafnar V því að úrskurður nefndarinnar í máli nr. 36/2022 geti átt við í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að þeirri ákvörðun V að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns um 1/3 hluta.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysatryggingu eins og hér um ræðir, valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Það liggur fyrir að hálka og snjófól var á slysstað. Þá liggur jafnframt fyrir að þrjú af fjórum dekkjum bifreiðarinnar A voru talsvert slitin. M staðfestir að hún hafi ekið á 60-70 km hraða er slysið varð. Leyfður hámarkshraði var 80 km. M var ekki undir áhrifum.

Í 1. til 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir eftirfarandi: „Ökutæki skal svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megi án þess að af því leiði hætta eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi og það valdi ekki óþarfa hávaða eða mengun. Eigandi (umráðamaður) ber ábyrgð á að ökutæki sé í lögmæltu ástandi skv. 1. mgr. og í samræmi við þær reglur sem ráðherra setur á grundvelli 4. mgr. Ökumaður skal gæta þess að ökutæki sé í góðu ástandi. Sérstaklega skal þess gætt að stýrisbúnaður, hemlar og ljósa- og merkjabúnaður, svo og öryggis- og verndarbúnaður, ökutækis sé í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um eftirvagn, svo og tengingu ökutækis og eftirvagns og tengibúnað.“ Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 736/2014 um breytingu á 16. gr. reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja á fólksbifreið á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 14. apríl að vera búin hjólbörðum með að minnsta kosti 3,0 mm mynsturdýpt.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að þó visslega liggja fyrir að öll dekk bifreiðarinnar A nema eitt hafi verið slitin hafi V ekki tekist að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að krafan um 3,0 mm mynsturdýpt hafi ekki verið fullnægt í tilvikinu A. Telur nefndin að fyrirbyggjandi ljósmyndir af dekkjum bifreiðarinnar dugi ekki til þess að skera úr um þetta atriði. Ekki liggur fyrir ítarlegri greining á dýpt mynsturs dekkjanna né á ástandi þeirra að öðru leyti en það sem lesa má úr fyrirbyggjandi ljósmyndum. Þegar þetta er haft í huga og jafnframt horft til þess sem að framan greinir um ökuhraða, ökumáta og ástand M, telur nefndin það ekki nægjanlega sannað að M hafi brotið með þeim hætti gegn framangreindum ákvæðum umferðarlaga og reglugerðar að í því hafi falist stórkostlegt gáleysi. Því var V ekki heimilt að skerða bætur M um 1/3 hluta eins og gert var.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 356/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

497. Málskot mótttekið 19. september 2024, ásamt öllum fylgiskjölum.
498. Bréf V dags. 8. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
499. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 10. október 2024.
500. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 16. október 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 13. ágúst 2024 hafi bifreið M verið til viðgerðar á verkstæði þar sem starfsmaður X ók bifreiðinni yfir bílalyftu. M lýsir atvikum þannig í tjónstilkynningu að framstuðari bifreiðar hans hafi brotnað þegar umræddur starfsmaður hafi ekið bifreiðinni yfir bílalyftuna. Myndbandsupptaka liggur fyrir í gögnum málsins.

M vísar til þess í málskoti að skemmdir hafi orðið á bifreið hans þegar bifreið hans hafi verið ekið af bílalyftu hjá X. M kveðst hafa orðið vitni af atburðinum og heyrst hafi mikill hvellur þegar bifreið hans var ekið aftur á bak niður á aðra lyftu en bifreiðin var á. M telur að X hafi viðurkennt bótaskyldu sína, enda hafi X boðist til að greiða fyrir viðgerð á bifreið M.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að það sé ósannað að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni þegar henni var ekið yfir bílalyftuna, tjón hefði allt eins getað orðið áður. Einnig vísar V til þess að tjón eins og það sem hafi verið á framstuðara bifreiðar M hafi getað komið til við hefðbundna notkun bifreiðarinnar. V vísar til þess að X lýsi aðstæðum þannig á vettvangi að bílalyfta sé 11 cm há og þúsundum bifreiða sé ekið yfir hana á hverju ári án vandkvæða, meðal annars bifreiðum sem eru lægri en bifreið M. Einnig liggja fyrir myndbandsupptaka af því atviki sem M telur að hafi leitt til tjóns á bifreið hans og telur að það sýni ekki tjónsatvik. Einnig vísar V til þess að viðleitni X til að setta málið við M feli ekki í sér viðurkenningu á bótaskyldu V, sbr. 2. mgr. 3. gr. váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingar sem og 3. mgr. 43. gr. almennra skilmála V.

Í viðbótarathugasemdum M telur M rétt að benda á að myndbandsupptaka sýni ekki undir bifreið hans, né þá hlið sem hafi orðið fyrir höggi. M telur ljóst af myndbandinu að á 18 sekúndu þess hafi bifreið hans fengið högg á sig þar sem bifreiðin skoppi til og viðbrögð starfsmanna bendi einni til þess að eitthvað hafi gerst. Þannig komi einnig fram munur á því hvernig bifreiðin skoppi til á seinni bílalyftu en ekki á þeirri fyrri. Auk þessa vísar M meðal annars til þess að stál á bílalyftunni sé rifflað og geti þannig rispað bifreiðar, M hafi þrifið, bónað og blettað bifreið sína áður en hún fór á verkstæði X og ekki hafi verið sjáanlegt tjón á bifreiðinni áður en hún fór þangað.

Í viðbótarathugasemdum V kemur meðal annars fram að skilyrði fyrir greiðsluskyldu úr víðtækri ábyrgðartryggingu X sé að tjón verði rakið til gáleysis, mistaka eða vanrækslu starfsmanna X og ekki sé sannað að starfsmenn X hafi valdið tjóni á bifreið M með þeim hætti. V telur ekki koma fram á myndbandsupptöku að bifreið M hafi verið ekið ógætilega yfir bílalyftuna eða að viðbrögð starfsmanna hafi verið þannig að þeir hafi verið að bregðast við tjónsatburði. Einnig bendir V á að myndir skemmdum á bifreið M hafi borist fjórum dögum eftir meint tjónsatvik og við mat V á myndunum sé að skemmdirnar hafi ekki átt sér stað við eitt atvik.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem M kveðst hafa orðið fyrir þegar bifreið hans var til viðgerðar hjá X. Nánar tiltekið telur M að tjón hafi orðið á bifreið sinni vegna aksturs bifreiðarinnar af hálfu starfsmanns X af einni bílalyftu niður á aðra.

Gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nær til tjóna sem X ber skaðabótaábyrgð á og í þessu tilviki myndi slík skaðabótaábyrgð byggjast á ólögfestri skaðabótareglu um vinnuveitendaábyrgð X vegna skaðaverka starfsmanna sinna. Til þess að skilyrði þeirrar skaðabótareglu sé uppfyllt þarf starfsmaður X að hafa valdið tjóni með sagnæmum hætti, þ.e. sýnt gáleysi eða aðra háttsemi sem leiðir til tjóns.

Við skoðun nefndarinnar á myndbandsupptöku þar sem starfsmaður X ekur bifreið M verður ekki séð að starfsmaður X hafi sýnt gáleysi við aksturinn eða að ljóst sé að við aksturinn hafi orðið tjón á bifreið M. Almenn þá sá sönnunarbyrði sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð. Hallann af sönnunarskorti um gáleysi starfsmanna X ber M sem á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V miðað við fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 357/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

501. Málskot mótttekið 19. september 2024.
502. Bréf V2 dags. 15. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
503. Bréf V1 dags. 4. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 30. ágúst 2024, varð þann sama dag árekstur milli leigubifreiðarinnar A og B sem er í eigu M á gatnamótum Kalkofnsvegur, Lækjargötu og Geirsgötu í Reykjavík. Samkvæmt skýrslunni voru atvik þau að A var ekið suður Kalkofnsveg á vinstri akrein. Þegar ökumaður A hafi séð bifreiðina fyrir framan sig staðnæmast hafi hann flutt sig yfir á „leigubílaakreinina“, þ.e. hægri akrein, og ekið yfir gatnamótin. Þá hafi B verið ekið frá Lækjargötu í norður inn á gatnamótin og í veg fyrir A með þeim afleiðingum að árekstur varð. Er haft eftir ökumanni B að hún hafi verið á vinstri beygjuakrein við Lækjargötu í norður og ætlað að beygja inn Geirsgötu. Þegar hún hafi ekið inn á gatnamótin hafi bíll úr gagnstæðri átt verið að snúa við á gatnamótunum. Þar sem hún hefði ekki séð neinn bíl koma úr gagnstæðri átt hefði hún ákveðið að aka yfir gatnamótin. Þá hafi A komið og árekstur orðið.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B, sem hefði borið að veita allri umferð sem ekið var úr gagnstæðri átt forgang áður en ekið var til vinstri, bæri alla sök á árekstri bifreiðanna.

M fellir sig ekki við þau málalok og fer í málskoti fram á að sakarskiptingu verði breytt. Samkvæmt fyrirbyggjandi myndbandi úr mælaborðsmýndavél A hafi ökumaður hennar hafi ekið yfir óbrotna miðlínu til að skipta um akrein rétt við vegamót í þeim tilgangi að aka fram úr bifreið á gatnamótum en ökumaður hennar hafi verið að undirbúa U-beygju. Hafi A verið það óheimilt. Ökumaður B hafi einnig séð að sú bifreið var kyrrstæð og hafi því talið sér óhætt að beygja til vinstri á vegamótunum.

Í bréfi V2, sem var á tjónsdegi váttryggjandi B, kemur fram að V2 telji að ökumaður B hafi gætt að áskilnaði 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, um að ökumanni sem ætli að beygja á vegamótum beri að veita þeirri umferð sem á móti kemur forgang, enda hafi bifreiðin sem var fremst á akreininni til móts við B verið kyrrstæð og engin bifreið á sérakreininni. Hafi ökumaður B því haft réttmæta ástæðu til að ætla að framkvæmd vinstri beygju yrði án vandkvæða. Liggi þá fyrir að A hafi verið ekið á 45 kílómetra hraða þar sem lögmæltur hámarkshraði sé 30 kílómetrar á klukkustund, að ökumaður hennar hafi skipt um akrein rétt við gatnamót og ekið yfir óbrotna miðlínu inn á sérakrein sem sé skýrlega merkt fyrir umferð strætisvagna og engin önnur ökutæki, í þeim tilgangi að aka fram úr annarri bifreið. Hafi ökumaður A með fyrrgreindri háttsemi gerst brotlegur við 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga, auk a-liðar 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995. Auk þess hafi ökumanni A alls ekki verið heimilt að aka á sérakreininni, sbr. 32. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Er afstaða V2 því sú að ökumaður A beri alla sök á umræddum árekstri.

Í bréfi V1, sem var á tjónsdegi váttryggjandi A er lýst þeirri afstöðu að ökumaður B hafi ekki gætt að áskilnaði 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga um að ökumanni sem ætlar að beygja á vegamótum beri að veita umferð úr gagnstæðri átt forgang. Þá hafi ökumaður B ekki heldur gætt að áskilnaði 19. gr. laganna um að ökumaður sem ætli að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra og gæta sérstaklega að umferð sem á móti kemur. Er þá vísað til þess að ökumanni A hafi, á grundvelli b. liðar 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga verið heimilt að aka hægra megin fram úr ökutæki sem beygt var til vinstri. Verði þá ekki séð að háttsemi ökumanns A hafi verið í andstöðu við umferðarlög eða með öðrum hætti leitt til tjónsins. Sé því rétt að ökumaður B beri alla sök á árekstri bifreiðanna.

Álit.

Af fyrirbyggjandi myndbandsupptöku úr framrúðumyndavél A má sjá hvernig A sveigir af vinstri akrein, og er rúmlega hálf á hægri akrein þegar komið er að gatnamótunum. Af merkingum á upptökunni má ráða að ökuhraði A hafi verið 45 kílómetrar á klukkustund, og hefur því ekki verið hnekt af hálfu ökumanns A. Á myndbandinu má einnig sjá að bifreiðin sem var á undan A á vinstri akrein er staðnæmd inni á gatnamótunum og virðist ökumaður hennar vera að búa sig undir töku u-beygju. Má af myndbandinu ætla að sú bifreið hafi að einhverju leyti byrgt ökumanni A, og ökumanni B sem kom úr gagnstæðri átt og var að hefja töku vinstri beygju, sýn.

Samkvæmt 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga ber ökumanni sem hyggst beygja á vegamótum að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur. Verður á grundvelli þess að telja að ökumaður B, sem beygði til vinstri á gatnamótum, beri nokkra sök á árekstrinum.

Hvað varðar ökumann A þá segir hann í skýrslu Aðstoðar & öryggis að hann hafi flutt sig yfir á „leigubílaakreinina“ og ekið yfir gatnamótin þegar hann sá bifreiðina fyrir framan sig staðnæmast. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að umrædd akrein, sem er aðskilin frá vinstri akrein með óbrotinni línu, er skýrlega merkt Strætó. Slíkar sérreinar eru skilgreindar með eftirfarandi hætti í 32. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga: *Akrein sem einungis er ætluð ákveðinni tegund umferðar, einni eða fleiri, svo sem akstri hópbifreiða í almenningsakstri, leigubifreiða, ökutækja með ákveðinn lágmarksfjölda farþega, reiðhjóla og léttra bifhjóla í flokki I, sem umferðarmerki gefa til kynna.* Umrædd sérrein er aðeins merkt Strætó og umferðarmerki á vettvangi gefur jafnframt til kynna að hún sé ætluð Strætó. Leigubílar eru ekki tilgreindir sérstaklega á umræddu umferðarmerki, eins og á t.a.m. við um sérrein á Miklubraut og sérrein á Lækjargötu sunnan Tryggvagötu þar sem akstur leigubifreiða er heimill. Án slíkrar tilgreiningar verður ekki séð að umferð leigubifreiða um sérreinina á Kalkofnsvegi sé heimil. Verður því að fallast á það með M að ökumaður B hafi ekki mátt vænta umferðar annarra bifreiða en strætisvagna á þeirri akrein.

Í aðdraganda áreksturs var A ekið fram úr annarri bifreið. Að meginstefnu til er framúrakstur rétt áður en komið er að vegamótum, eða á þeim, óheimill, sbr. 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Samkvæmt b. lið 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga er slíkur framúrakstur þó heimill, ef skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi og ökutæki sem aka skal fram úr er beygt til vinstri en þá skuli ekið fram úr því hægra megin. Verður að telja að þær aðstæður hafi verið uppi, þ.e. ökutækið sem A ók fram úr var beygt til vinstri og að líta verði á aksturslag ökumanns A í aðdraganda áreksturs sem framúrakstur. Í umferðarlögum, sbr. 23. gr. þeirra, er að finna skýran áskilnað um að ökumaður sem ætli fram úr ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og að ekkert hindri framúraksturinn. Er það mat nefndarinnar að ökumaður A hafi ekki gætt að þeim áskilnaði, auk þess sem hann nýtti til framúrakstursins akrein sem ekki er ætluð leigubifreiðum.

Verður að telja að við þær aðstæður sem voru á vettvangi hafi ökumanni A mátt vera fullljóst að sérstakrar aðgæslu væri þörf, er hann ók fram úr annarri bifreið við vegamót með fyrrgreindum hætti. Verður í því samhengi að líta til þess að samkvæmt gögnum málsins var ökuhraði A 45 kílómetrar á klukkustund í aðdraganda áreksturs eða 50% yfir lögmæltum hámarkshraða á vettvangi, sem er 30 kílómetrar. Fól aksturslag ökumanns A því í sér brot gegn 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Af öllu framansögðu leiðir að ökumaður A ber meginsök á umræddum árekstri.

Samkvæmt öllu framangreindu, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök skipt þannig að A ber 2/3 hluta sakar en B 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 1/3 hluta.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 358/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging og fjölskyldutrygging.****Gildissvið váttryggingar. Varúðarregla.****Gögn.**

504. Málskot móttakið 23. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
505. Bréf V1 dags. 24. september 2024 ásamt fylgiskjali.
506. Bréf V2 dags. 25. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
507. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. nóvember 2024.
508. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. ágúst 2024 hafi ferðatösku M verið stolið úr bifreið fyrir utan hótél í Pisa á Ítalíu. Atvik hafi verið þau að M og ferðafélagar hans hafi komið seint á hótelið og þar sem þeir hafi átt flug mjög snemma morguninn eftir hafi þeir ákveðið að taka töskurnar ekki með á hótelið heldur geyma þær næturlangt í bifreiðinni. Þegar þeir hafi komið út um morguninn hafi verið búið að brjótast inn í bifreiðina og taka allt verðmætt úr henni. Hafi þeir þá farið á lögreglustöð og tilkynnt þjófnaðinn og er lögð fram skýrsla því til staðfestingar. Ferðafélagar M, sem séu með váttryggingar hjá öðru félagi hafi fengið allt tjón sitt vegna þessa bætt. V1 hafi hins vegar hafnað bótaskyldu úr greiðslukortatryggingu M, og V2 hafnað bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu hans, þar sem engin merki hafi verið um innbrot. M rekur í málskoti sínu að vel þekkt sé að menn feli sig þegar verið er að læsa bílum og nái þannig að afrita tíðni á fjarstýringum þannig að hægt sé að komast inn í bifreiðar án þess að skilja eftir ummerki. Þá tíðkist einnig að stinga upp lása án þess að merki séu um innbrot. Þurfi váttryggingafélög því að endurskoða skilmála sína.

Í bréfi V1 er vísað til þess að í fyrirliggjandi lögregluskýrslu komi fram að M hafi læst bifreiðinni kvöldið áður en þegar hann hafi komið út um morguninn hafi farangurinn verið horfinn en ekkert verið óvenjulegt við bifreiðina, engin brotin rúða eða slíkt. Samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar sé ekki greiddar bætur vegna hluta sem stolið er eða hverfa úr læstum híbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum nema um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða. Engin ummerki hafi verið um innbrot og sé því ekki um bótaskyld tjón að ræða. Þá vísar V1 til varúðarregla 23. gr. í skilmálanum, en samkvæmt þeim skuli váttryggður loka gluggum, krækja þá aftur og læsa híbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir tryggðu munir séu skildir eftir. Sterkar líkur séu til þess að M hafi gleymt að læsa bifreiðinni og þannig farið á svig við þessa varúðarreglu.

Í bréfi V2 kemur fram að M sé með fjölskyldutryggingu hjá félaginu sem m.a. innihaldi ferðavernd. Taki váttryggingin m.a. til þjófnaðar en það sé skilyrði bótaskyldu að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða. Þá taki bótaskylda ekki til tjóns á hlutum sem einhver hinna váttryggðu tynir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum híbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum. Þar sem engin ummerki hafi verið um innbrot sé ósannað að innbrot hafi átt sér stað. Verði M að bera hallann af því. Telji félagið líklegast að gleymst hafi að læsa bifreiðinni og hafi munirnir því verið skildir eftir í ólæstri bifreið. Váttryggingin taki ekki til tjóns á munum sem geymdir séu í ólæstum bifreiðum og sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að tveir ferðafélagar hans hafi fengið tjón sitt að fullu bætt. Þá framvísar M bréfi frá aðalræðismanni Íslands í Mílanó þar sem fram kemur að veski M hafi verið afhent lögreglunni í Pisa.

Álit.

Af framangreindu virðist óumdeilt og nægilega sýnt fram á að þjófnaður sem slíkur hafi átt sér stað er verðmæti í eigu M voru fjarlægð úr bifreið í hans umsjá. Aðila deilir hins vegar á um hvort bótaskylda vegna tjóns sem af því leiddi sé fyrir hendi.

Þegar litið er til gildissviðs umræddra váttrygginga kemur fram í 21. gr. skilmála farangurs- og innkaupatryggingar greiðslukortatryggingar M hjá V1 að váttryggingin greiði bætur vegna tjóns sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, rána, skemmdarverka eða flutningslyss.

Kemur þá fram í gr. 22 að félagið bæti ekki tjón á hlutum sem stolið er eða hverfa úr læstum híbýlum, geymslum bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða. Í 23. gr. er þá að finna varúðarreglu sem kveður m.a. á um að tryggður skuli læsa híbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir tryggðu munir eru skildir eftir.

Í skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V2 kemur fram í 42. gr. að váttryggt sé gegn tjóni, vegna m.a. þjófnaðar eða innbrots, sem verður á einkamunum sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi. Kemur þá fram að váttryggingin bæti ekki tjón á hlutum sem einhver hinna váttryggðu skilur eftir í m.a. ólæstum bifreiðum og að váttryggingin taki ekki til tjóns á hlutum sem stolið er eða hverfa úr m.a. læstum bifreiðum án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.

Í váttryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem geyma ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli váttryggingartaka og váttryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að váttryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í váttryggingaskilmálum. Slíkan fyrirvara geti váttryggingafélag þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Varúðarreglur eru skilgreindar í 12. tl. 2. gr laganna, sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til váttryggingartaka um tiltekna ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli váttryggðan hlut.

Varúðarregla í skilmálum V1 gefur þau fyrirmæli til M að hann læsi tryggilega t.d. bifreið eða öðrum þeim stöðum þar sem váttryggðir munir eru skildir eftir. Sambærilega reglu er að finna í skilmálum V2 þar sem tjón á hlutum sem skildir eru eftir í t.d. ólæstum bifreiðum er undanskilið bótaskyldu en verður að telja að þar sé í raun um að ræða varúðarreglu, þ.e. áskilnað um að læsa t.d. bifreiðum, samkvæmt framangreindri skilgreiningu. Verða skilyrði um ótvíræð merki um innbrot þá ekki skilin öðruvísi en að það séu í raun frekari fyrirmæli um geymslu muna í skilningi 12. tl. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga. Verða því þau skilmálaákvæði sem V1 og V2 vísa til og grundvalla höfnun sína á ekki túlkuð öðruvísi en svo að þau séu í raun og í heild sinni *fyrirmæli til váttryggðs um hvernig hann á að geyma váttryggðan hlut, þ.e. dulin varúðarregla* og fær sú skýring stoð í lögskýringargögnum laga um váttryggingarsamninga um 26. gr. laganna. Ekki verður því litið þannig á að hlutlæg ábyrgðartakmörkun sé fyrir hendi.

Af fyrirliggjandi gögnum málsins, þ.á.m. lýsingu M sjálfs og fyrirliggjandi lögregluskýrslu, verður að telja ósannað að brotist hafi verið inn í bifreiðina og verður því jafnframt að telja vafa leika á því hvort henni hafi verið læst. Verður þá að meta M það til sakar, sem ekki er óveruleg, að hafa skilið verðmæti eftir næturlangt í eftirlitslausri bifreið. Á grundvelli 26. gr. laga um váttryggingarsamninga er V1 og V2 því heimilt að takmarka ábyrgð sína um 2/3 hluta.

Á M því rétt á bótum sem nemur 1/3 heildartjóns hans úr þeirri váttryggingu sem hann kýs, en samkvæmt 37. gr. laga um váttryggingarsamninga getur váttryggður, sé um tvíttryggingu að ræða, valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Er M því í sjálfsvald sett hvert hann sækir fyrrgreindar bætur.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V1, en heimilt er að skerða bætur til hans um 2/3 hluta.

M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni, hjá V2, en heimilt er að skerða bætur til hans um 2/3 hluta.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 359/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sjúklingatrygging.****Nafn váttryggingartaka sjúklingatryggingar (X)****Gildissvið laga um sjúklingatryggingu.****Gögn.**

509. Málskot mótttekið 23. september 2024, ásamt fylgiskjölum.

510. Bréf V dags. 23. október 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi gengist undir brjóstaskimun hjá X á árunum 2017 og 2020. Fékk hún þær upplýsingar að ekkert óeðlilegt hefði fundist. Haustið 2021 fann M hnút í vinstra brjósti og í kjölfar frekari skoðunar og sýnatöku fékk hún staðfest þann 25. október s.á. að hún væri með brjóstakrabbamein í vinstra brjósti. Í framhaldinu gekkst M undir brjóstnám, lyfja- og geislameðferð. Óskaði M eftir því við A, krabbameinslækni, að kanna hvort einhver merki um æxlið hefðu sést á fyrri myndum. Samkvæmt greinargerð A, dags. 23. maí 2023, sást móta fyrir krabbameinsæxlinu þegar árið 2019 (á að vera 2020) sem hefði átt að leiða til endurinnköllunar til frekari uppvinnslu en hafi ekki verið gert. Hefur M gert kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu X og byggir á því að um sé að ræða bótaskyld atvik sem falli undir ákvæði 1. t. l. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, þar sem ekki hefði verið lesið rétt úr brjóstamyndum. M hefði þannig ekki fengið rétta sjúkdómsgreiningu vegna mistaka sem X ber ábyrgð á, og komast hefði mátt hjá tjóni ef hún hefði verið send til frekari uppvinnslu og rannsókna strax í kjölfar myndatökunnar á árinu 2020. Hefur V hafnað bótaskyldu vegna tjónsins með vísan til þess að úrlestur var framkvæmdur af sjálfstæðum undirverktaka, Y, samkvæmt þjónustusamningi þar um.

M vísar til undantekninga frá reglunni um húsbóndaábyrgð. Nauðsynlegt sé að taka hvert tilvik til skoðunar fyrir sig og skoða eðli samningssambands á milli verkkaupa og undirverktaka og um hvers konar skyldur sé að ræða. Skyldur X fólust í að sinna skipulagðri leit að krabbameinum í leghálsi og brjóstum í þeim tilgangi að draga úr sjúkdómum og fækka dauðsföllum af þeirra völdum. Starfaði X á grundvelli samnings við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. 40. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Sinni X þannig veitingu heilbrigðisþjónustu skv. lögum nr. 40/2007 og ytra gæðaeftirlit var í höndum Embættis landlæknis og Sjúkratrygginga Íslands í samræmi við lög nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu. Litið hafi verið svo á varðandi notkun á sjálfstæðum verktökum, að þótt húseigandi eða eigandi atvinnurekstrar fái verktaka til að vinna fyrir sig verk, sem honum er skylt að vinna eða láta vinna, losni hann ekki undan ábyrgð þótt verktakinn vinni verkið ekki eins og honum ber og af verði tjón. Þess konar skyldur séu stundum nefndar óframseljanlegar skyldur. Telur M ljóst að X geti ekki losnað undan ábyrgð skv. þeirri lagaskyldu sem hvíldi á honum samkvæmt samningi og lögum, þrátt fyrir að sjálfstæðir verktakar hefðu verið fengnir til að sinna afmörkuðum þáttum verksins. Meginábyrgð og skipulag skimana hafi hvílt á X. Auk þessa mæli sanngirnissjónarmið með því að ábyrgðin verði talin hvíla á X, enda leitaði M til X og átti aðeins í samskiptum við X. Byggir M á því að fyrirliggjandi gögn og þá sérstaklega greinargerð A, dags. 23. maí 2023, staðfesti að mistök hafi átt sér stað við úrlestur brjóstamynda sem teknar voru í febrúar 2020.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X á þeim grundvelli að úrlestur og mat á röntgenmyndum hafi verið í höndum sjálfstætt starfandi utanaðkomandi sérfræðinga sem störfuðu hjá fyrirtækinu Y, sem X beri ekki húsbóndaábyrgð á og falli þar af leiðandi ekki undir sjúklingatryggingu hans. Auk þess telur V ekki sýnt fram á að tilvikið falli undir 1. eða 2. t. l. 2. gr. sr. 1. mgr. 3. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hafa verði í huga hver tilgangur skimunarrannsókna sé og þær takmarkanir sem eru á næmi slíkra rannsókna. Hefðbundin brjóstaskimun með röntgenmyndatöku geti ein og sér aldrei veitt fullvissu fyrir því að mein greinist í öllum tilvikum heldur aðeins aukið líkur á því að það greinist í tæka tíð. Leitast er við að auka líkur á snemmgreiningu m.a. með því að mæta reglulega í skimanir, hvetja konur til þess að þreifa brjóst sín reglulega og með því að beita sk. „tvíblindri aðferð“ við úrlestur röntgenmynda. Í hinu síðastnefnda felist að tveir sérfræðingar yfirfari og meti hverja röntgenmynd og

gefi sína niðurstöðu án vitneskju um niðurstöðu hins sérfræðingsins. Þrátt fyrir allt þetta sé næmi brjóstaskimana talið á bilinu 30-80% skv. rannsóknnum. Geti einstaklingar alls ekki gengið út frá því að skimunarrannsókn af þessu tagi nái að greina krabbamein sem síðar kemur í ljós og af sömu ástæðu felur greining brjóstakrabbameins alls ekki í sér sönnun eða löglíkur á því að skimunarrannsókn og úrlestri röntgenmynda hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið. Í því tilviki sem hér um ræðir hafi tveir sérfræðilæknar í röntgenfræðum farið yfir myndir af brjóstum M bæði á árinu 2017 og 2020, án vitneskju um niðurstöðu hvors annars og komust báðir að sjálfstæðri niðurstöðu um að ekkert óeðlilegt væri þar að finna og ekki ástæða til þess að vísa M til sérskoðunar hjá LSH. Áréttar yfirlæknir X að þær breytingar sem sáust á myndum frá árinu 2020 hafi verið fremur daufar og gáfu þær ekki tilefni til frekari skoðunar. Skoðun lækna LSH var gerð eftir að krabbamein greindist á þessum stað og litast af þeirri vitneskju, en staðfestir hins vegar ekki að mat röntgenlæknanna árið 2020 hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið m.v. þær upplýsingar sem lágu fyrir. Meta þurfi rannsóknarniðurstöður röntgenlæknanna á árinu 2020 út frá þeirri vitneskju sem þá lá fyrir, en ekki út frá seinna tilkominni vitneskju um krabbameinið. Hvað húsbónndaábyrgð varðar vísar V til þess að um aðkeypta sérfræðipjónustu var að ræða skv. verksamningi milli læknanna og X. Framkvæmdin hafi venjulega verið þannig að læknarnir komu í húsnæði X, þar sem þeir sinntu úrlestri röntgenmynda og notuðu til þess búnað og tæki í eigu X þótt þeim hafi einnig verið heimilt að sinna skoðun gagna frá eigin starfsstöð og þá með eigin tölvubúnaði. Fékk verktaki greitt fast gjald fyrir hverja skimun og sendi hann mánaðarlega reikning fyrir vinnu ásamt skilagrein. Bar verktakanum sjálfum að greiða sínum starfsmönnum eða undirverktökum laun og standa skil á sköttum og launatengdum gjöldum. Verktakinn laut ekki boðvaldi X að öðru leyti en því að honum bar skv. samningi að fylgja klínískum leiðbeiningum og vinnuferlum X og heilbrigðisyfirvalda. Telur V með vísan til framangreinds að fyrirtækið Y verði að teljast sjálfstæður verktaki sem X beri ekki húsbónndaábyrgð á skv. almennum reglum þar um. X hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands, með því að ganga úr skugga um undirverktakar á hans vegum væru sjálfir með sjúklingatryggingu. Læknar þeir sem sinntu úrlestri myndanna fyrir hönd Y, var sjálfum lögskyld að vera með í gildi sjúklingatryggingu, sem taki til líkamstjóns sem kynni að hljóttast af þeirra störfum. Í verksamningi milli X og Y, komi skýrt fram að þeim sé skyldt að vera með í gildi slíka tryggingu. Óumdeilt sé að verktakinn var með í gildi sjúklingatryggingu hjá öðru váttryggingafélagi á þeim tíma sem verksamningurinn var í gildi árin 2017 – 2020, sem m.a. tók til þeirra starfa sem verktakinn sinnti fyrir X. Féll sú trygging úr gildi í árslok 2020. Að lokum vísar V til þess að samkvæmt váttryggingaskírteini sjúklingatryggingar X, eru röntgenlæknar ekki tilgreindir á skírteininu og verði því ráðið að sjúklingatryggingunni hafi ekki verið ætlað að taka til þeirra starfa, enda bar þeim sjálfum að vera með eigin sjúklingatryggingu.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í 1. tl. segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess atviks að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Tekur ákvæðið til allra mistaka sem verða við rannsókn eða meðferð. M byggir kröfu sína um bætur á því að komast hefði mátt hjá tjóni, hefði hún verið send í frekari uppvinnslu eða rannsóknir strax í kjölfar röntgenmyndatöku á árinu 2020. Höfnun V byggir fyrst og fremst á því að úrlestur og mat á röntgenmyndunum hafi verið í höndum sjálfstætt starfandi utanaðkomandi sérfræðinga sem störfuðu hjá fyrirtækinu Y. Falli starf þeirra því ekki undir sjúklingatryggingu X hjá V.

Kröfu sinni til stuðnings vísar M til greinargerðar sérfræðilæknisins A, dags. 23. maí 2023 þar sem vísað er til niðurstöðu samráðsfundar sem haldinn var 30. september 2022. Samkvæmt greinargerðinni var niðurstaða samráðsfundarins sú að það sæist móta fyrir krabbameinsæxlinu þegar árið 2019 (líklega misritun, á að vera 2020), sem hefði átt að leiða til endurinnköllunar til frekari uppvinnslu sem ekki var gert. Horfa verður á það sem fram kemur í greinargerðinni í því ljósi að myndirnar eru skoðaðar eftir að greining á krabbameini liggur fyrir. Við mat á bótaskyldu samkvæmt 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu ber að líta til aðstæðna eins og þær voru þegar sjúklingur var til meðferðar, þar á meðal þeirra tækja, búnaðar og lyfja sem voru tiltæk. Samkvæmt 3. gr. verksamnings

milli X og Y, dags. 15. desember 2017, bar starfsmönnum Y að kynna sér og fara eftir þeim verkferlum og klínískum leiðbeiningum sem X hafði útbúið fyrir starfsmenn sína og aðrar sambærilegar reglur sem í gildi eru á hverjum tíma. Hefur X skýrt það svo að á myndum frá 24. febrúar 2020 sjáist daufur ósértækur kalkópur í lítilli þyrpingu í vinstra brjósti ofan til. Er það álit X að breytingarnar hafi ekki blasað við og ekki hafi verið augljóst að þær hefðu átt að útheimta endurinnköllun á þeim tíma. Hafi myndir M verið metnar af tveimur sérfræðingum í myndgreiningu skv. tvíblindri aðgerð. Samkvæmt framangreindu, liggja fyrir í málinu álit mismunandi aðila, annars vegar verkkaupans X, sem telur að röntgenlæknar á vegum Y, hafi unnið í samræmi við verklagsreglur X á sínum tíma og svo hins vegar álit samráðsfundar sem skoðar myndir M eftir að greining krabbameins í vinstra brjósti liggur fyrir. Ekki liggur fyrir álitssgerð Landlæknis eða matsgerð annarra hæfra og óvilhallra aðila sem skera úr um þennan ágreining. Hafa nefndarmenn, sem allir eru lögfræðingar að mennt, ekki sérfræðipækkingu til þess að taka sjálfstæða afstöðu til þess. Sönnunarbyrði hvílir á M og telja verður m.v. fyrirliggjandi gögn að ósannað sé að stofnast hafi réttur til bóta úr sjúklingatryggingu X á grundvelli 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Þegar af þeirri ástæður verður hér ekki nánar vikið að því hvort viðkomandi læknar sem störfuðu sem undirverktakar hjá X, falli undir sjúklingatryggingu X hjá V á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Benda má þó á að X bar samkvæmt þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands, alla ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar á meðal verkum undirverktaka og því tjóni sem þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess sbr. grein 8.2. í samningnum.

Af ofangreindu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 360/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

511. Málskot mótttekið 23. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
512. Bréf V dags. 10. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
513. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. október 2024.
514. Viðbótargögn frá V dags. 28. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og eiginkona hans hafi hugst fara með vinum og kunningjum til Skotlands og Orkneyja dagana 30. apríl til 7. maí 2024. Hvert og eitt þeirra hafi bókað flugferðir en jafnframt hafi verið samið við ferðaskrifstofu á Orkneyjum um „ferðapakka“, þ.e. rútuferðir, leiðsögn, ferjur, máltíðir og fleira. Rétt fyrir fyrirhugaða brottför hafi þau hjónin orðið að hætta við ferðina vegna andláts nákomins ættingja og þar sem fyrirvarinn hafi verið skammur hafi „ferðapakkin“ ekki fengst endurgreiddur. Hafi V þá aðeins viðurkennt greiðsluskyldu bóta að hluta, þ.e. vegna flugs, rúta, ferja og gistingar en ekki kostnað við dagskrána á Orkneyjum. Í skilmálum V komi fram að félagið bæti ferðakostnað sem ekki fáist endurgreiddur komist váttryggður ekki í ferðina vegna m.a. andláts náins ættingja og sé vægast sagt undarlegt teljist umræddur ferðapakki ekki til ferðakostnaðar í þeim skilningi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu sem slíka og hafi M þegar fengið greiddar bætur vegna ferðakostnaðar. Ágreiningur sé hins vegar um hvað teljist til „ferðakostnaðar“ í skilningi skilmálanna. Vísar V til þess að í skilmálum váttryggingarinnar sé að finna skilgreiningu á því hugtaki og undir það falli fargjald og gistikostnaður. Váttryggingin taki hins vegar ekki til kostnaðar eins og dagskrár, leiðsagnar, máltíða o.fl. Eigi V því ekki rétt á frekari bótageiðslum.

Í viðbótarathugasemdum sínum kallar M eftir rökstuðningi á því hvernig í ósköpunum sannanlega útlagður kostnaður til ferðaskrifstofu geti fallið utan við ferðatryggingu.

Álit.

Í forfallatryggingarlið greiðslukortatryggingar M hjá V kemur fram að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og fæst ekki endurgreiddur, að hámarki kr. 700.000 vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar, ef hinn váttryggði kemst ekki í ferð af nánar tilgreindum ástæðum. Meðal þeirra ástæðna sem eru tilgreindar er andlát náins ættingja. Er því ekki deilt um að bótaskylda sem slík sé til staðar. Í skilgreiningakafli váttryggingarskilmálanna er þá að finna skilgreiningu á hugtakinu „ferðakostnaður“ og kemur fram að það merki „fargjald og gistikostnað“. Ekki er því um það að ræða að bótaskylda sé til staðar vegna alls þess kostnaðar sem váttryggður kann að leggja út í við skipulagningu eða kaup á ferð og er óendurkræfur og er V heimilt takmarka ábyrgð sína í skilmálum með þessum hætti.

Undir rekstri málsins kallaði nefndin eftir frekari gögnum frá V, þ.e. öllum þeim kvittunum og öðrum gögnum sem fylgdu tjónstilkynningu M til félagsins. Meðal gagna er yfirlýsing X sem tók að sér að skipuleggja ferðalagið fyrir hönd hópsins, dags. 8. maí 2024. Kemur þar fram að fyrir utan flug hafi útlagður kostnaður M og eiginkonu hans numið 434.806 kr. samtals. Er þessi kostnaður nánar sundurliðaður og kemur fram að rútukostnaður hafi numið 39.266 kr., vegna leiðsagnar um Katanes hafi verið greiddar 10.226 kr., ferjur hafi kostað samtals 14.112 kr., kostnaður vegna gistingar hafi numið 183.432 kr., kostnaður vegna dagskrár á Orkneyjum 129.962 kr., og kostnaður vegna fararstjórnar og undirbúnings X 57.768 kr. V féllst á að bæta framangreint að frádregnum kostnaði vegna leiðsagnar um Katanes, dagskrár á Orkneyjum og greiðslu til X vegna fararstjórnar. Þá virðist ekki ágreiningur um að tjón M og eiginkonu hans vegna flugfargjalds hafi verið bætt.

Verður samkvæmt framansögðu að telja að slík afgreiðsla hafi verið til samræmis við skilmála V, þ.e. að kostnaður vegna fargjalds og gistingar sé bættur, en að leiðsögn, kostnaður við fararstjórn og

aðgangseyrir ýmiss konar auk máltíða falli utan við skilgreiningu „ferðakostnaðar“ í skilmálum váttryggingarinnar.

Hefur M því ekki tekist að sýna fram á að hann eigi frekari rétt til bóta en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur þegar greitt.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 361/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

515. Málskot móttékið 13. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
516. Bréf V, dags. 9. október 2024,
517. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. október 2024.
518. Viðbótarathugasemdir V, dags. 14. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X þann 6. nóvember 2022. Þann dag var henni sagt af yfirmanni sínum að sækja vörubretti, sem var hátt uppi í vörurekka, með rafmagnslyftara. Við verkið klemmdist vinstri fótur hennar milli tveggja rafmagnstjakka. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, X vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjónsins með bréfi dags. 21. júní 2024. M byggir kröfu sína á því að X beri ábyrgð á tjóni hennar á grundvelli þess að vinnuveitandi hennar sýndi af sér saknæma háttsemi á slysdegi og það hafi orsakað slysið. Hafi M verið falið að taka niður vörubretti sem var hátt uppi í vörurekka en til þess þurfti hún að nota rafmagnslyftara, sem hún hafði ekki réttindi né reynslu til að stjórna. Hafi vinnuveitanda hennar borið að fela þetta verk starfsmanni sem öðlast hafði réttindi til að stjórna lyftara. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins og byggir á því að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið sé að rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Telur V fyrst og fremst ósannað að yfirmaður hafi beðið M að nota rafmagnslyftara þrátt fyrir að hafa ekki tilskilin réttindi. Samkvæmt frásögn hans hafi hann beðið starfsmenn um að ná í tiltekna vöru. Það verði ekki túlkað þannig að í því felist skipun um að ná í vöru án tillits til reglna og öryggis. Mótmælir V því að varúðarmerkingar sem settar voru upp eftir slysið eigi að leiða til þess að sök verði sett á X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. M byggir á því í málskoti að líkamstjón hennar megi rekja til þess að hún fylgdi fyrirmælum yfirmanns síns um að sækja vörur sem staðsettar voru hátt uppi í vörurekka. Til þess hafi hún þurft að nota rafmagnslyftara sem hún hafði ekki réttindi til þess að nota. Að mati nefndarinnar verður að telja það ósannað, gegn höfnun X, að í fyrirmælum yfirmanns M hafi falist skipun um að nota rafmagnslyftarann sem M hafði ekki réttindi til að nota eða að M hafi talið sér skylt að bregðast við fyrirmælum yfirmanns með þeim hætti sem hún gerði. Er það mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á annað en að um hafi verið að ræða eigin aðgæsluleysi M sem ákvað að vinna umrætt verk með þeim hætti sem hún gerði umrætt sinn. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 363/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging einstaklinga.

Nafn váttryggingartaka (X)

Ökutæki (A)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

519. Málskot mótttekið 25. september 2024, ásamt fylgiskjölum.

520. Athugasemdir V, dags. 9. október 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur í málinu snýr að því hvort X, eigandi hunds, beri skaðabótaábyrgð á munatjóni sem varð á A, bifreið M, 5. ágúst 2023. Jafnframt kemur fram að atvik máls hafi verið þau að er A var ekið eftir þjóðvegi í dreifbýli á löglegum hraða hafi hundur X skyndilega birst við vinstri vegabrún og ætlað að hlaupa yfir veginn þvert fyrir A. Telur M sig ekki hafa getað komið í veg fyrir að hundurinn lenti fyrir bílnum. Færir M rök fyrir því að þó lausaganga hunda sé ekki bönnuð á umræddu svæði beri eiganda hundsins að sjá til þess að hann valdi ekki tjóni, m.a. með því að halda honum frá þjóðveginum. Telur M því eiganda hundsins, X, bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu vegna þessa gáleysis.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 9. október 2024, staðfestir félagið að X sé með ábyrgðartryggingu í gildi, en hafnar jafnframt að hann beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Ekki virðist ágreiningur um að M hafi orðið fyrir einhverju munatjóni. Rök V eru fyrst og fremst þau að M hafi ekki tekist að sýna fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X. Í því sambandi er bent á að samkvæmt fyrirliggjandi samþykktum um hundahald í viðkomandi sveitarfélagi sé lausaganga hunda heimil á því svæði þar sem tjónið varð. Þá liggi fyrir að X hafi verið á göngu með hundinn í umrætt sinn og það sé fullkomlega eðlilegt að leyfa hundinum að ganga lausum við þær aðstæður sem uppi voru. Það að hundurinn hafi skyndilega tekið á rás og hlaupið fyrir A, verði því að meta sem óhappatilvik en ekki sem háttsemi sem geti bakað X skaðabótaábyrgð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um mögulega skaðabótaábyrgð X, gagnvart tjóni því sem M krefst að fá bætt. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á X á grundvelli gildandi skaðabótareglna í íslenskum rétti, þ.e. í þessu tilviki sakarreglunnar. Sú regla gerir það m.a. að skilyrði að þeim sem krefst bóta takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi þess sem krafinn er um bætur, þ.e. X. Nefndin bendir á að þó í 3. gr. samþykktu um hundahald sem gilda á umræddu svæði standi að eigandi sé ábyrgur á hverju tjóni sem hundur hans kann að valda, breytir það ekki framangreindu skilyrði sakarreglunnar.

Í málinu virðist ekki ágreiningur um að lausaganga hunda var leyfð á því svæði þar sem tjónið varð. Með vísan í framangreinda umfjöllun um atvik máls telur nefndin að M hafi ekki tekist að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 364/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging sjómanna.****Nafn vátryggingartaka (X)****Slyshugtak vátryggingaréttar.****Gögn.**

521. Málskot mótttekið 25. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
522. Bréf V dags. 15. október 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 17. nóvember 2022 hafi M, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M var að vinna við bát og þurfti að færa landganginn. Við það hafi komið mikill slinkur á vinstri fót hans með þeim afleiðingum að hásin slitnaði. V telji að ekki hafi verið um að ræða slys í skilningi vátryggingaréttar og telji M að V hefði átt að kynna sér aðstæður á vettvangi. Hefði það verið gert hefði komið í ljós að ástæða þess að slinkur kom á fót M var sú að ójafna var í bryggjunni sem olli því að átak á fótinn varð óeðlilegt. Neðan við steiptan kant bryggjunnar sé þannig timburplanki fastur á hlið bryggjunnar. Við átakið af því að færa landganginn hafi hæll M farið eða runnið niður af steyptri bryggjunni og á plankann og það hafi orsakað slys hans. Hafi umrætt atvik því uppfyllt skilyrði slyshugtaksins og bótaskylda sé því fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í skilmálum vátryggingarinnar komi fram að „með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“ Í tjónstilkynningu og fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum komi ekkert fram um að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða, heldur megi ráða af þeim að um hafi verið að ræða álagsmeiðsli sem hafi komið til með því að M ýtti fæti á bryggjuna. Álagsmeiðsli og meiðsli sem eigi sér stað innan líkama vátryggðs séu almennt ekki talin vera slys í skilningi slyshugtaks vátryggingaréttar enda komi þau almennt fram vegna rangrar hreyfingar en ekki utanaðkomandi atvika. Verði breytt málsatvikalýsing þá ekki lögð til grundvallar nema hún sé studd gögnum sem hnekki fyrri lýsingu. Að mati V liggi slík gögn ekki fyrir.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slyshugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmálum, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Fyrirliggjandi er tilkynning vinnuveitanda til Sjúkrátrygginga Íslands, dags. 16. febrúar 2023. Kemur þar fram sú lýsing á atvikum að M hafi ætlað að rétta landganginn við og þá fengið slink á vinstri fót. Í tjónstilkynningu til V dags. 21. september 2023 er atvikinu lýst á sama hátt, þ.e. að M hafi ætlað að laga landganginn til og þá fengið mikinn slink á vinstri fót. Fyrirliggjandi er þá læknisvottorð dags. 23. febrúar 2023, þar sem tildrögum slyssins er lýst svo að M hafi verið að rétta landganginn, hafi tekið á og slitið hælina vinstra megin. Framangreindar lýsingar tilgreina ekki utanaðkomandi atvik og sé miðað við þær verður að telja að um álagsmeiðsli hafi verið að ræða.

M byggir á því að hann hafi runnið af tréplanka við bryggjuna og leggur fram ljósmynd er sýnir hvernig tréplanki hefur verið festur við brún bryggjunnar. Sú ljósmynd ein og sér getur að mati nefndarinnar ekki staðfest þá atvikalýsingu að M hafi runnið af plankanum og hnekkt með því fyrri lýsingu á tildrögum atviksins. Er þá einnig litið til þess að í gögnum málsins kemur fram að sjónarvottur hafi orðið að atvikum en engin sjálfstæð lýsing þess aðila er stutt gæti við fyrrgreinda lýsingu M liggur þó fyrir nefndinni.

Það hvílir á M að sýna fram á að skilyrði slyshugtaks vátryggingaréttar séu uppfyllt og samkvæmt framansögðu hefur slík sönnun ekki tekist. Verður M eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 367/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V1)

Heiti váttrygginga: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Gildissvið ábyrgðartryggingar og slysatryggingar sjómanna.

Gögn.

523. Málskot mótttekið 27. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
524. Athugasemdir V1, dags 20. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M slasaðist 21. mars 2022. Tildrög slyssins voru þau að M sem starfaði sem kokkur til sjós hjá Y var að fara með vörur um borð í bát. Gekk hann fyrir aftan lyftara á bryggjunni. Er lyftaranum var bakkað lenti hællinn á hægri fæti M undir hæggra afturhjól lyftarans með þeim afleiðingum að M varð fyrir líkamstjóni. Ökumaður lyftarans var starfsmaður X.

Í bréfi, dags. 26. september 2024, sem fylgdi með málskoti kemur fram að í þessu máli deila aðilar um greiðsluskyldu V1 úr ábyrgðartryggingu X. V1 staðfesti 1. júní 2023 að um skaðabótaskyld tjón væri að ræða. Bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X hjá V væri því fyrir hendi á grundvelli reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu hafnaði V1 í tölvupósti 19. mars 2024 að standa að mati á afleiðingum slyssins með M, auk þess sem félagið hafnaði einnig greiðsluskyldu sinni úr ábyrgðartryggingunni. Færði V1 þau rök fyrir þessari ákvörðun að þar sem M ætti einnig bótarétt úr slysatryggingu sjómanna hjá V2, fengi M tjón sitt að fullu bætt úr þeirri tryggingu. Í framangreindum tölvupósti byggir V1 á því að M eigi ekki frekari rétt úr ábyrgðartryggingu X umfram þann rétt sem hann á úr slysatryggingu sjómanna. Af hálfu V1 er einnig vísað til 2 mgr. 22. gr. skaðabótalaga í þessu sambandi og bent á að M eigi ekki rétt á skaðabótum úr tveimur tryggingum.

Í bréfi V1, dags 20. janúar 2025, kemur fram að félagið telur M eigi að fá tjón sitt bætt úr slysatryggingu sjómanna hjá V2 enda öðlist það félag sem greiðir bætur úr slíkri slysatryggingu fyrir tilstilli skaðabótaskyldrar háttsemi enga kröfu á hendur hinum skaðabótaskylda samanber 2. mgr. 22. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Auk þess bendir V1 á að M beri að takmarka tjón sitt samkvæmt skaðabótalögum, þar með talið að gera kröfu í slysatryggingu sé hún til staðar. Þar sem sú sé raunin í tilviki M, þ.e. að slysatrygging sjómanna samkvæmt siglinga- og skaðabótalögum sé til staðar, eigi M að fá tjón sitt að fullu bætt úr þeirri tryggingu.

M mótmælir framangreindum rökum V1 og telur að 2. mgr. 22. gr. skaðabótalaga eigi hér ekki við enda fjalli sú grein um endurkröfurétt váttryggingafélaga sem greitt hafa bætur. Engar slíkar bætur hafi verið greiddar í tilviki M. Þá mótmælir M því að tjónstakmörkunarskylda M geti komið í veg fyrir bótarétt úr ábyrgðartryggingunni. M hafi tilkynnt um slysið til V2 og gert kröfu úr slysatryggingu sjómanna en fengið afsvar með vísan í frádráttarákvæði í skilmálum fyrir slysatryggingu sjómanna.

Í tölvubréfi frá V2, dags. 5. apríl 2024, kemur m.a. fram það álit félagsins að tjónþoli sé almennt í fullum rétti að sækja bætur úr ábyrgðartryggingu og því ætti bótaréttur M hjá V1 að vera ótvíræður. Þá er bent á að ákvæði í skilmálum fyrir slysatryggingu sjómanna hjá V2, grein 5.2, sé frádráttarákvæði en ekki endurkröfuákvæði. Með hliðsjón af skyldu tjónþola til að takmarka tjón sitt væri því hægt að beita því óháð því hvort raunverulegar bætur eru greiddar úr ábyrgðartryggingu eða ekki.

M gerir þær kröfur að nefndin viðurkenni greiðsluskyldu V1 úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns M.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að V1 hefur viðurkennt að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Jafnframt liggur fyrir að tjónið fellur undir gildissvið slysaftryggingar sjómanna hjá V2. Ágreiningur í málinu snýr að því hvort M sé í sjálfsveld sett hvort hann krefst þess að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu X eða hvort honum beri skylda til þess að leita eftir sömu bóttum úr slysaftryggingu sjómanna. Í raun er spurningin sú hvort ekki sé fyrir hendi skaðabótaréttur þar sem tjónið falli undir gildissvið slysaftryggingar sjómanna. Það liggur ljóst fyrir að tjónið yrði bætt á grundvelli ákvæða skaðabótalaga úr báðum tryggingum. Hér breytir engu þó að í öðru tilvikinu sé um að ræða skaðabótakröfu en hinu bótarétt sem byggir á vátryggingarsamningi. Því er í raun ekki ástæða til að ætla annað en að bætur til handa M yrðu þær sömu hvort sem greiðslur kæmu úr ábyrgðartryggingu eða slysaftryggingu launþega.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að M eigi rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V1. Leggur nefndin hér áherslu á að það liggur fyrir í málinu að V1 hefur viðurkennt skaðabótaábyrgð X. M er því heimilt að krefjast bóta úr ábyrgðartryggingunni án tillits til þess hvort einnig kunnir að vera fyrir hendi bótaréttur úr slysaftryggingu sjómanna. Þá bendir nefndin á að það verður ekki leitt af 19. til 21. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að M geti ekki átt skaðabótarétt þó tjónið geti einnig fallið undir slysaftryggingu sjómanna.

Rök V1 varðandi 2. mgr. 22. gr. skaðabótalaga og tjónstakmörkunarskyldu M, eru að mati nefndarinnar ekki til þess fallin að breyta framangreindri niðurstöðu. Í því sambandi bendir nefndin á að samkvæmt 2. mgr. 22. gr. skaðabótalaga öðlast vátryggingafélag sem greitt hefur bætur úr slysaftryggingu ekki endurkröfurétt á hendur skaðabótaskyldum aðila. Af ákvæðinu verður ekki dregin sú ályktun að í því felist að tjónþola beri skylda til þess að ganga eftir bótarétti sínum úr slysaftryggingu ef hún er til staðar. Þá bendir nefndin einnig á í tengslum við tilvísun V1 í skyldu M til að takmarka tjón sitt, að eins og að framan greinir yrði bótafjárhæðin sú sama úr báðum tryggingunum. Þá myndu bætur úr slysaftryggingu sjómanna, ef slíku tjóni væri til að dreifa, ekki koma til frádráttar skaðabótakröfu M fyrir varanlega örorku samanber 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga.

Þessu til viðbótar kemur fram í gr. 5.2 í skilmálum um slysaftryggingu sjómanna að „skaðabætur frá bótaskyldum þriðja aðila eða samkvæmt ábyrgðartryggingu koma til frádráttar bóttum samkvæmt tryggingu þessari.“ Af þessu má ljóst vera að í tryggingunni er beinlínis gengið út frá því að ef til er að dreifa skaðabótaábyrgð þá beri þeim sem þá ábyrgð ber að bæta tjónið. Séð í ljósi þessa afdráttarlausu orðalags í skilmálunum telur nefndin að M hafi borið að krefjast bóta úr ábyrgðartryggingunni eins og raunin var. Nefndin fellst ekki á þau rök V1 að þetta ákvæði skilmálanna stríði gegn 2. mgr. 22. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V1.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 368/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skaðabótaábyrgð. Frávísunarkrafa.

Gögn.

525. Málskot móttakið 26. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
526. Bréf V dags. 12. desember 2024 ásamt fylgiskjali.
527. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.
528. Viðbótarathugasemdir V dags. 17. desember 2024.
529. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 10. júlí 2024 hafi orðið árekstur milli A, og B en M var farþegi í þeirri síðarnefndu, á Holtavörðuheidi. Orsök hans hafi verið sú að ökumaður A ók henni yfir á öfugan vegarhelming og framan á B. Hafi M slasast alvarlega við atvikið. M hafi þá ítrekað sett sig í samband við V, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A og óskað eftir afstöðu þess til bótaskyldu en án árangurs. V hafi þó allt frá því í júlí 2024 haft undir höndum nauðsynleg gögn til að meta bótaskyldu sína. Fyrir nefndinni er þess krafist að viðurkennd verði full og ótakmörkuð bótaskylda V vegna þess líkamstjóns sem M varð fyrir. Kemur þá einnig fram að M áskilji sér rétt til þess, á síðari stigum, að gera kröfu um greiðslu miskabóta á grundvelli a-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna aksturslags ökumanns A í aðdraganda áreksturs.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að þegar málskot M barst hafi ekki enn legið fyrir öll þau gögn frá lögreglu sem nauðsynleg þættu svo afstaða yrði tekin til bótaskyldu. Hinn 25. nóvember 2024 hafi V borist lögregluskýrslur og þremur dögum síðar hafi lögmanni M verið tilkynnt að gagnaöflun vegna málsins væri samþykkt. Þegar V leggi mat á bótaskyldu sé það hefðbundið ferli að gagnaöflun sé samþykkt og mat lagt á varanlegar afleiðingar þegar það sé tímabært. Séu því ekki forsendur til þess að taka málið til umfjöllunar hjá nefndinni, enda hafi félagið tekið afstöðu til bótaskyldu og samþykkt gagnaöflun þremur dögum eftir að nauðsynleg gögn lágu fyrir.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að málið verði dregið til baka og telji M að V hafi ekki tekið afstöðu til bótaskyldu með því einu að samþykkja að gagnaöflun af hálfu M færi fram. Ljóst sé að V verði að viðurkenna bótaskyldu sína með skýrum og vafalausum hætti. Geri M því kröfu um efnislega úrlausn málsins fyrir nefndinni. Þá krefjist M bóta vegna munatjóns ásamt dráttarvöxtum og eins miskabóta á grundvelli a-liðar 26. gr. skaðabótalaga.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir ítrekaðar. Þá muni félagið ekki svara þeim kröfum sem fyrst komi fram í viðbótarathugasemdum þar sem þær séu of seint fram komnar.

Í frekari athugasemdum M kemur fram að á þessu stigi sé ekki gerð krafa um miskabætur á grundvelli a-liðar 26. gr. skaðabótalaga fyrir nefndinni, enda þarfnist sú krafa frekari skoðunar af hálfu V. Ágreiningur aðila fyrir nefndinni einskorðist því við bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A. Af lögregluskýrslu dags. 11. júlí 2024 megi skýrlega ráða að A beri sök á umræddum árekstri. Það hvíli þá á M sem tjónþola að sýna fram á tjón sitt og sé henni því frjálst að ráðast í gagnaöflun málatilbúnaði sínum til framdráttar. Þurfi ekki sérstakt samþykki V fyrir gagnaöflun og það að V hafi „heimilað gagnaöflun“ leiði ekki til þess að enginn ágreiningur sé til staðar. Sé því farið fram á úrskurð nefndarinnar um bótaskyldu vegna líkamstjóns M.

Álit

V byggir á því að ekki sé ekki sé fyrir hendi neinn ágreiningur sem nefndinni sé tækt að taka til úrskurðar. Í bréfi V til nefndarinnar kemur þannig fram að V hafi tekið afstöðu til bótaskyldu og samþykkt gagnaöflun. Í tölvupósti V til lögmanns M dags. 28. nóvember 2024 segir að V samþykki gagnaöflun en jafnframt er tekið fram að svar þess feli ekki í sér samþykki á bótaskyldu vegna varanlegra afleiðinga. Taka verður undir með M varðandi það að samþykki V á því að gagnaöflun fari

fram jafngildi ekki viðurkenningu á bótaskyldu og því verði litið svo á að nefndinni sé fært að úrskurða um hana. Hafi ætlun V verið að samþykkja bótaskyldu hefði því enda verið í lófa lagið að láta það í ljós með skýrari hætti. Í því hefði engin afstaða falist til umfangs tjónsins eða varanleika þess enda liggur fyrir að mat á þeim þáttum hefur ekki farið fram.

Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla dags. 22. júlí 2024 vegna árekstursins, auk framburðarskýrslu ökumanns A, dags. 13. nóvember 2024, og vitnaskýrslu dags. 13. nóvember 2024. Í lögregluskýrslu er m.a. að finna framburði tveggja vitna að atvikinu. Af þeim gögnum má ráða að orsök árekstursins megi rekja til þess að A var ekið yfir á öfugan vegarhelming og á B sem hafi verið á réttum vegarhelmingi. Af lögregluskýrslu má þá ráða að M hafi orðið fyrir líkamstjóni en hún var flutt af vettvangi með þyrlu á Landspítalann. Virðist þá ekkert komið fram sem bendir til annars en að A beri alla sök á umræddum árekstri. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr., sbr. 5.gr., laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 er eigandi A því fébótaskyldur vegna tjóns sem varð af umræddum árekstri og er bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A því til staðar.

Ágreiningur aðila einskorðast við þá bótaskyldu, en telja verður ljóst að M krefst ekki úrlausnar hugsanlegrar kröfu sinnar á grundvelli a-liðar 26. gr. skaðabótalaga fyrir nefndinni. Af því sem kemur fram í síðari viðbótarathugasemdum sem settar eru fram af hálfu M verður ráðið að gerð sé krafa um að úrskurðað verði um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A, en í málskoti er þess aðeins krafist að úrskurðað verði um bótaskyldu vegna líkamstjóns en ekki munatjóns. Í fyrri viðbótarathugasemdum M er þó jafnframt krafist bóta vegna munatjóns. Er kröfugerð M hvað þetta varðar því ekki eins skýr og best væri á kosið.

Hvað sem því líður er það mat nefndarinnar samkvæmt framansögðu að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A sé fyrir hendi. Tekur hún jafnt til muna- og líkamstjóns sem af árekstrinum hlaust. Þar sem ekki verður þó glögglega séð að M krefjist úrskurðar um bótaskyldu vegna munatjóns fyrir nefndinni, né að krafa þar að lútandi hafi hlotið meðferð til samræmis við 2. mgr. 4. gr. samþykktu nefndarinnar kemur það atriði ekki til frekari skoðunar.

Áréttað skal að framangreind niðurstaða felur ekki í sér að tekin sé afstaða til umfangs tjónsins eða þess hvort og þá að hvaða leyti líkamstjón M kunni að vera varanlegt, enda þarf að koma til mat hæfra og óvilhallra aðila á þeim þáttum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 369/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Umfang tjóns. Samþykktir nefndar.

Gögn.

- 530. Málskot mótttekið 27. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 531. Bréf V dags 7. október 2024, ásamt skoðunarskýrslu frá Hraunum ehf.
- 532. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 21. október 2024, ásamt tjónamati V.
- 533. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 29. október 2024, ásamt teikningu af gólfleti.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að vatnstjón hafi orðið vegna leka í íbúð M, en tjónið var tilkynnt til V hinn 5. apríl 2022. Ágreiningur hefur verið um tjónsfjárhæð milli M og V.

Í málskoti lýsir M þeirri afstöðu að tjónamatsgerð V dags. 29. september 2023 bæti tjón M aðeins að hluta. M telur að hún byggji meðal annars á röngum og óraunhæfum forsendum um tímagjald iðnaðarmanna og umfang verksins, kostnaðarverð efnis sé of lágt metið og ekki hafi verið gerð tæmandi úttekt á umfangi alls tjónsins eða tekið tilliti til tjóns vegna missis leigutekna. Krafa M í málskoti lýtur að því að V verði gert að „meta tjónið með fullnægjandi hætti og leggja á það mat með fullnægjandi og rökstuddum hætti og bæti svo kærendum tjónið að fullu.“

V vísar til 1. og 3. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar þar sem komi fram að úr vatnstjónslið fasteignatryggingar séu greiddar bætur fyrir sannanlegar vatnsskemmdir sem raktar verða til skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum húseignar, enn fremur bætur fyrir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt sé til að koma í veg fyrir leka. V vísar til tjónaskoðunar sem framkvæmd hafi verið af sjálfstæðum verktaka þar sem komið hafi fram hvert tjón á fasteign M hafi verið. V hafi síðan boðið M greiðslu að fjárhæð 2.288.678 kr. vegna tjónsins og lagt fram tjónamat þeirri fjárhæð til stuðnings. V telur að um sé að ræða bætur fyrir það tjón sem sannanlega varð í apríl 2022 vegna skyndilegs leka úr lögnum fasteignar M og að M hafi ekki hnekkmat félaginsins. Auk þessa vísar V til þess að krafa um bætur vegna missis húsaleigutekna hafi ekki áður komið fram og sé sú krafa ósönnuð. Auk þess hafi V ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til þeirrar kröfu og þannig verði að vísa kröfunni frá nefndinni skv. samþykktum hennar.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram sundurliðuð krafa vegna tjóns á húsnæði upp á 4.934.414 kr. sem og krafa vegna tapaðra húsaleigutekna upp á 2.695.226 kr. Þannig sé heildarkrafa M 7.120.720 kr. og ágreiningur standi því um tjónsfjárhæð sem er undir 5.000.000 kr., sbr. ákvæði 3. gr. samþykta úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Nefndin geti þannig tekið ágreining um umfang tjóns til meðferðar, en í ákvæðinu komi fram að nefndin geti tekið ágreining um umfang tjóns til meðferðar ef hann er milli 20.000 kr. og 5.000.000 kr. M reiknar með að ekki sé ágreiningur um greiðslu 2.288.678 kr. sem V hefur boðið í bætur og með því standi ágreiningur í 4.832.042 kr.

M bendir á að V hafi fyrst boðið lægri fjárhæð til greiðslu, eða 1.525.639 kr. hinn 29. september 2023 og fjárhæðin hafi ekki hækkað í 2.288.678 kr. fyrr en 24. janúar 2024, eins og sjá megi af skráningu í „document properties“ í skjali. M telur skyldu hvíla á V um að upplýsa tjón og meta þau með réttmætum og sanngjörnum hætti og eigi að hafa frumkvæði að öflun gagna og upplýsinga, sérstaklega með hliðsjón af sérþekkingu V í samanburði við almenna þekkingu M. Vísar M þar meðal annars til 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í viðbótarathugasemdum V er bent á að í tölulegri kröfu M sé ekki fjallað um ýmsar kröfur sem settar hafi verið fram í málskoti og megi því ætla að tölulegur ágreiningur um umfang tjóns sé hærri en 5.000.000 kr. Þannig beri að vísa máli M frá nefndinni þar sem V hafi ekki samþykkt að nefndin fjalli um ágreining um umfang tjóns umfram 5.000.000 kr., sbr. 3. gr. samþykta nefndarinnar. V telur tilvísun M til 120. gr. laga um váttryggingarsamninga ekki eiga við þar sem sú grein eigi við um

persónutryggingar. V telur að sambærilegt ákvæði um skaðatryggingar, þ.e. 47. gr. laganna, eigi heldur ekki við varðandi skyldu V að sýna fram á tjón. Einnig mótmælir V tölulegri kröfu um missi leigutekna þar sem tjón hafi verið afmarkað og ekki sýnt fram á að íbúar hafi þurft að flytja út á meðan á viðgerð stóð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr í fyrsta lagi að því hvort ágreiningur heyri undir nefndina skv. 3. mgr. 3. gr. samþykktá hennar, en þar kemur fram að neytandi geti, án samþykkis varnaraðila, skotið ágreiningi um fjárhæðir vátryggingarsamnings til nefndarinnar ef ágreiningurinn er minni en 5.000.000 króna. Í gögnum málsins, sérstaklega viðbótarathugasemdum M með bréfi dags. 21. október 2024, afmarkar M kröfur sínar við fjárhæð sem er lægri en 5.000.000 kr. og eru því ekki efni til frávísunar málsins.

Hvað ágreining um tjónsfjárhæð varðar verður hins vegar að líta til almennra sönnunarreglna sem gera ráð fyrir því að sá sem verður verði fyrir tjóni sýni fram á tjóni sitt og beri sönnunarbyrði um umfang þess. Einnig kemur til skoðunar 12. gr.b í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem segir: „Vátryggingafélag skal sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar.“ Tilvísun M til 120. gr. laganna eða eftir atvikum 47. gr. hefur ekki þýðingu við úrlausn þessa ágreinings.

Þegar gögn máls þessa eru metin þá liggur fyrir tjónamatsgerð frá V sem byggð er á úttekt sjálfstæðs verktaka á umfangi tjóns á fasteign M. Ekki liggja fyrir nákvæmar lýsingar á forsendum þess mats sem lagt er til grundvallar fjárhæðum í tjónamatsgerðinni, en fjárhæðir eru hins vegar sundurliðaðar og ætla má að tjónamatsgerð sé unnin af starfsmönnum V sem hafa sérfræðiþekkingu á uppgjöri eignatjóna.

Tölulegar kröfur M í viðbótarathugasemdum dags. 21. október sl. eru engum gögnum studdar og ekki liggur fyrir sérstakt mat annara aðila sem styðja umræddar kröfur. Auk þessa liggja ekki fyrir sérstök gögn sem styðja kröfu um missi leigutekna. Hallann af sönnunarskortum um það ber M.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ekki séð að M hafi sýnt fram á frekara tjón en það sem V hefur boðið, eða 2.288.678 kr. og eiga þau því ekki rétt til frekari bótagreiðslna úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til frekari bóta úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 370/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

534. Málskot móttakið 30. september 2024, ásamt fylgiskjölum og myndbandsupptöku.
535. Bréf V dags. 25. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
536. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. nóvember 2024 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Fram kemur í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu að M hafi lent í umferðarslysi hinn 8. október 2022 við Suðurlandsveg, þegar hann ók bifhjóli sínu inn á lokaðan vegarkafla þar sem búið var að rjúfa veginn með þeim afleiðingum að hann hafnaði ofan í gjá á veginum. Rætt var stuttlega við M á vettvangi sem kvaðst hafa ekið Suðurlandsveg til austurs og verið kominn að framkvæmdum á veginum þegar hann ákvað að aka bifhjólinu hægra megin fram hjá framkvæmdunum eftir moldarslóða sem hann hafði margoft áður ekið. Hafi honum ekki litist á að aka áfram eftir malarslóðanum sökum ástands hans og því ekið bifhjólinu aftur inn á Suðurlandsveg innan lokunar. Var hann kominn á nokkra ferð þegar hann tók eftir gjánni í veginum en of seint til að draga úr ferðinni og hafnaði hann því ofan í botni hennar.

M hefur sótt bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins A hjá V. Með bréfi V, dags. 16. mars 2024, var M tilkynnt að V teldi ástæðu til að skerða bótarétt hans um 66,67% vegna þess sem fram kæmi í lögregluskýrslu og að gögn málsins styddu að M hefði valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi.

M getur ekki sætt sig við framangreinda niðurstöðu og byggir á því að hann eigi rétt til fullra bóta úr tryggingunni. Í fyrsta lagi byggir M á því að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig mögulega takmörkun á ábyrgð vegna tómlætis, sbr. 2. mgr., sbr. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.). V hafi fengið upplýsingar sem fram koma í sjúkragögnum í október 2022 þar sem fram komi upplýsingar um aðdraganda slyssins. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 37/2021 máli sínu til stuðnings. V hafi ekki hlutast til um eða ýtt á eftir því að fá frekari gögn til að varpa ljósi á aðdraganda slyssins. Í mars 2024, þegar 17 mánuðir höfðu liðið frá því að V var tilkynnt um slysið og sjúkragögn lágu fyrir, var málið enn í óákveðinni stöðu og ekki búið að taka formlega afstöðu til bótaskyldu. Á þessu tímabili var M aldrei tilkynnt að til skoðunar væri að skerða eða fella niður bótarétt hans og hafði hann þ.a.l. réttmætar væntingar til þess að ætla að bótaskylda væri fyrir hendi. Vanræksla og tómlæti V telst vera óhóflegur dráttur í skilningi 94. gr. vsl.

Í öðru lagi byggir M á því að hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins. Leggur M áherslu á að engar merkingar hafi verið um lokun vegarins eða neitt sem hafi gefið til kynna að ekki mætti fara upp á nýja Suðurlandsveginn á þessum vegarkafla. Þá hafi hann ekki séð neinar keilur, borða eða frekari viðvaranir. Telur M að framkvæmdaaðilar hafi ekki farið eftir ákvæðum 89. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á eða við veg eða reglum Vegagerðarinnar um vinnusvæðamerkingar frá mars 2021. Hafi það falið í sér bersýnilega hættu bæði fyrir starfsmenn og vegfarendur að skilja eftir fjögurra metra gjá á miðjum vegi án þess að hafa öryggisgirðingar eða merkja og vara við hættunni og vinnusvæðinu með fullnægjandi hætti. Eftir slysið hafi framkvæmdaaðilar lokað aðkomuleiðinni frá malarveginum með trjágreinum en það bendi til þess að gleymst hafi að huga að umferð vélhjóra á þeim vegi. Varðandi meintan ökuhraða þá vísar M til þess að hann hafi alls ekki verið á of miklum hraða, engu að síður hafi hann ekki séð í hvað stefndi fyrr en of seint. Þá telur M að lögregluskýrslan gefi ekki fyllilega rétta mynd af því sem gerðist, enda hafi ekki verið tekin almennileg skýrsla af honum, heldur byggi hún á stuttu og óljósu samtali við lögreglumann á vettvangi.

Í þriðja lagi er byggt á því að verði fallist á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sé skerðingin sem V fari fram á engu að síður langt fram úr öllu hófi miðað við aðstæður og atvik málsins.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að málsatvikalýsingu M í málskoti sé hafnað. Um sé að ræða seinni tíma skýringar um að M hafi frá upphafi ekið malarveg samhliða Suðurlandsvegi og ekki tekið eftir lokunarpóstinum. Það fái ekki stoð í frumgögnum málsins og sé ekki í samræmi við það sem hann viðurkenndi á slyssað. Skerðing bóta um 2/3 byggi á því að M hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi sem leiddi til slyssins er hann tók ákvörðun um að virða lokun Suðurlandsvegur að vettugi og aka fram hjá lokunarpósti og aftur inn á veginn á of miklum hraða miðað við aðstæður þannig að hann gat ekki brugðist við aðsteðjandi hættu er hann áttaði sig á því að skurður þveraði veginn. Bar honum skv. 36. gr. umferðarlaga að miða ökuhraða við gerð og ástand vegar þannig að hann hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað á þeim hluta vegar sem framundan er og hann sér yfir, áður en komið er að hindrun. Í sama lagaákvæði komi fram sérstök skylda á herðar öikumönnum að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þar sem vegavinna fer fram. Telur V ljóst að M hafi ekið of hratt þar sem hann gat ekki stöðvað áður en hann lenti í skurðinum. Vegurinn hafi verið lokaður og umferð var beint til vinstri fram hjá lokuninni. Ekkert hafi komið í veg fyrir að M fylgdi umferðinni þangað. Þá er V ósammála því að hafa á grundvelli tómlætis fyrirgert rétti sínum til að skerða bætur á grundvelli 94. gr. vsl. Lögregluskýrsla hafi borist frá lögmanni M hinn 4. mars 2024 og tilkynning um skerðingu bóta var send þann 16. mars 2024, tæpum tveimur vikum eftir að lögregluskýrsla barst. Hafnar V því alfarið að því hafi borið að tilkynna fyrir í ferlinu að til greina kæmi að skerða bætur.

Í viðbótarathugasemdum sínum undirstrikar M að hann hafi aldrei ætlað sér að fara aftur upp á malbikið á nýja Suðurlandsveginum, heldur hafi ætlunin verið að aka malarveginn alla leið líkt og hann hafði gert viku áður og síðastliðin 25 ár. Hann hafi verið kominn á malarveginn töluvert áður en kom að umræddum lokunarpósti.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það í fyrsta lagi hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis M og í öðru lagi hvort V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig höfnun á bótaskyldu að hluta í málinu, sbr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.) má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélagsins hafi váttryggður í slysatryggingu valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Ætli váttryggingarfélag að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að öllu leyti eða hluta verður það skv. 1. mgr. 94. gr. laganna að tilkynna váttryggingartaka, eða þeim sem eiga rétt til váttryggingarbóta, skriflega um afstöðu sína án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum. Ef váttryggingafélag sinnir þessu ekki þá missir það rétt til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun skv. 2. mgr. 94. gr. Frestur skv. 1. mgr. 94. gr. vsl. byrjar að líða þegar félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum til að skerða bætur. Verður að telja að sá frestur hafi byrjað að líða er V fékk senda lögregluskýrslu frá lögmanni M hinn 4. mars 2024. Ekki verður talið að fyrirbyggjandi sjúkragögn hafi veitt V upplýsingar um atvik sem leiddu til þeirrar afstöðu V að skerða bætur vegna stórkostlegs gáleysis. V tilkynnti M um skerðingu tólf dögum síðar og verður þannig að telja að V hafi ekki sýnt af sér slíkt tómlæti að það hafi glatað rétti til að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð vegna stórkostlegs gáleysis.

Víkur þá að því hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur um 2/3 hluta. Við úrlausn þess skal, skv. 1. mgr. 90. gr. vsl., líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig. Í því atviki sem hér um ræðir var M hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna. Á grundvelli fyrirbyggjandi lögregluskýrslu verður að leggja til grundvallar að M hafi ekið bifhjól sínu hægra megin fram hjá framkvæmdunum. Hafi því næst ekið bifhjólínu aftur inn á Suðurlandsveg innan lokunar og verið á nokkurri ferð þegar hann kom að skurðinum í veginum. Á vettvangi var búið að loka fyrir umferð um Suðurlandsveg með skiltum og steiptum vegtálmum og beina umferð til vinstri fram hjá framkvæmdum sem voru í gangi á veginum. Þá hafði umferðarhraði verið lækkaður í 50 km/klst. Mátti M vera ljóst að hann væri að aka inn á lokaðan veg þar sem vegavinna væri í gangi enda viðurkenndi hann það fyrir lögreglu. Þá bar honum á grundvelli 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að miða ökuhraða sinn við aðstæður og þannig að hann hefði fullt vald á ökutækinu og gæti stöðvað það á þeim hluta vegar sem framundan var og hann sá yfir og áður en hann kom að hindrun. Þessa gætti M

ekki umrætt sinn og telja verður að hann hafi með háttsemi sinni sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, enda mátti hann búast við hindrunum á lokuðum vegi. Bein orsakatengsl eru milli þeirrar háttsemi hans og slyssins.

Það verður hins vegar ekki hjá því komist að horfa til þess að umrædd gjá í veginum var ekki vel sýnileg úr fjarlægð líkt og sjá má á myndbandsupptöku sem fylgdi málskoti M. Þá var gjáin sjálf ekki merkt á nokkurn hátt. Í grein 8.2.4. í reglum Vegagerðarinnar um vinnusvæðamerkingar frá júlí 2022, er gert ráð fyrir að opnir brunnar séu varðir með tilheyrandi grind eða öryggisvegg, jafnvel þótt brunnurinn standi innan afmarkaðs vinnusvæðis. Engar merkingar voru við umræddan skurð í veginum. Þá var vinna við skurðinn ekki í gangi þegar M féll ofan í hann.

Með hliðsjón af háttsemi M, hvernig slysið bar að og atvikum að öðru leyti þ.m.t. aðstæðum á vettvangi, er það mat nefndarinnar að hæfileg skerðing bóta sé 50%.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A en V er heimilt að skerða bætur um helming vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 371/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

537. Málskot mótttekið 30. september 2024 ásamt fylgiskjölum.
538. Bréf V2 dags. 23. október 2024 ásamt fylgigögnum.
539. Bréf V1 dags. 8. nóvember 2024 ásamt fylgigögnum.
540. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. nóvember 2024.
541. Viðbótarathugasemdir V1 dags. 18. nóvember 2024.
542. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 19. nóvember 2024.

Málsatvik.

Hinn 6. september 2024 varð árekstur milli A, sem M ók og B á bifreiðastæði við Hraunbæ, Reykjavík. Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi heldur sendu hvor sína tjónstilkynningu.

Í tilkynningu M til V1 segir að hann hafi verið að beygja út af bílastæði og ætlað að taka víða beygju en þá hafi komið bílar beggja vegna við hann á leið inn á stæðið. Hafi hann stoppað og svo litið í hægri spegil og engan bíl sé, hafi hann svo litið í vinstri spegil og bíllinn farinn þaðan. Hann hafi svo aftur litið í hægri spegil og engan bíl sé svo hann hafi lagt á A, sem er stór flutningabíll, en þá hafi hann rekist á B sem hafi verið hægra megin og komið röngu megin inn á bifreiðastæðið.

Í tjónstilkynningu ökumanns B til V2 segir að flutningabíll hafi verið stopp á bílastæði hægra megin frá B séð, B hafi ætlað að smeygja sér fram hjá vinstra megin en hafi ekki komist og staðnæmst. Þá hafi A farið af stað fram hjá B og afturendi A dregist eftir afturenda B.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri alla sök á árekstri bifreiðanna þar sem ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að umferð áður en ekið var af stað úr kyrrstöðu.

M fellir sig ekki við þau málalok og kemur í málskoti fram að hann telji sig í fullum rétti enda hafi hann verið búinn að snúa við inni á stæðinu og hafi hann beðið eftir því að aðrar bifreiðar færu fram hjá. Hann hafi þá litið vel í báða hliðarspegla og enga bifreið séð. Hafi hann ekki haft möguleika á að sjá B sem hafi troðið sér inn á stæðið og verið hægra megin við A, þ.e. vitlausu megin á veginum. Þá sé einnig augljóst af myndbandi af atvikinu að B hafi bakkað í sama mund og A var ekið áfram í hægri beygju. Af framangreindu sé ljóst að B beri alla sök á umræddum árekstri.

Í bréfi og viðbótarathugasemdum V2, sem var á tjónsdegi váttryggjandi B, segir að óumdeilt sé að ökumaður A hafi ekki séð B í aðdraganda áreksturs þrátt fyrir að B væri við hlið A. Hafi A ekið af stað úr kyrrstöðu án þess að gæta nægilega að annarri umferð á bifreiðastæðinu. Þá hafi honum borið að gæta sérstaklega að umferð frá hægri. Hvíli þá sérstaklega rík aðgæsluskylda á ökumanni A í ljósi stærðar hennar. Beri A því alla sök á árekstri aðila. Ekki séu þá efni til að leggja hluta sakar á ökumann B sem hafi komið akandi inn á bifreiðastæði þar sem stór flutningabifreið hafi verið kyrrstæð. Með hliðsjón af staðsetningu A verði það þá ekki metið B til sakar að aka vinstra megin fram hjá A. Verði það ekki heldur metið B til sakar að hafa í augnablik ekið aftur á bak í þeirri viðleitni að forða árekstri við A sem hafi ekið þétt upp við B í beygju án þess að verða B var.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, til nefndarinnar er tekið undir málflutning M. A hafi ekið af stað í hægri beygju þar sem B hafi stöðvað bifreið sína. Þegar A ók fram hjá B hafi B ekið af stað aftur á bak og hafi það leitt til áreksturs. B hafi reynt að smeygja sér fram hjá A og því ekki hugað að áskilnaði 1 og 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að þegar ökumenn beygi á gatnamótum skuli þeir ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þá segi í 1. mgr. 20. gr. sömu laga að ökumaður sem ekur aftur á bak skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra umferð. Er afstaða V1 því sú að B beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið vinstra megin fram hjá M og í kjölfarið ekið aftur á bak án þess að gæta nægilega að sér.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann telji B ekki hafa sýnt mikla tillitssemi og aðgát með því að troða sér vinstra megin við A og bakka. Þá er ítrekað að M hafi litið í spegla áður en hann ók A varlega af stað og hann sjái ekki hvað hann geti meira gert.

Álit.

Fyrirliggjandi eru myndbandsupptökur, frá tveimur sjónarhornum, er sýna umrætt atvik. Má þar sjá hvar A bakkar í vinstri beygju til að undirbúa hægri beygju út af bifreiðastæðinu. Er hann þar kyrrstæður í smástund meðan öðrum bifreiðum er ekið fram hjá og inn á bifreiðastæðið. B er ekið inn á stæðið af akbraut, í vinstri beygju sem virðist nokkuð kröpp og verður ekki annað ráðið en B hefji akstur inn á bifreiðastæðið áður en A er ekið af stað úr kyrrstöðu. Í innkeyrslunni að bifreiðastæðinu stöðvar B í örskotsstund en hefur svo beygju til vinstri inn á bifreiðastæðið til hliðar við A sem á sama tíma ekur af stað í hægri beygju. Þegar A og B eru samsíða, hvor um sig vinstra megin við hina, staðnæmist B en A er ekið áfram. Að því er virðist fer B þá aftur á bak um u.þ.b. hálfan metra í þann mund sem ökutækin skella saman. Rétt er að taka fram að áreksturinn á sér eftir því sem best verður séð, í innkeyrslunni að bifreiðastæðinu, þ.e. áður en B hafði tekið vinstri beygju að nýju.

Er það mat nefndarinnar að A hafi átt að verða B var áður en hann ók úr kyrrstöðu í hægri beygju út af bifreiðastæðinu. Með hliðsjón af staðsetningu B í aðdraganda áreksturs verður jafnframt að telja að A hafi, með eðlilegri aðgæslu átt að verða hennar var eftir að akstur hófst. Verður því að telja að meginorsök árekstursins sé sú ökumaður A hafi umrætt sinn ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga um að áður en ökutæki er ekið frá vegarbrún eða til hliðar skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Megi enda ætla að hefði hann gert það hefði hann orðið B var í aðdraganda áreksturs.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni eru þá ekki efni til að leggja hluta sakar á B enda verður að telja að akstur hans aftur á bak hafi verið í viðleitni til að bregðast við þeim aðstæðum sem voru uppi og að forða árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 373/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

A-liður 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Stórfellt gáleysi. Miskabætur. Frávísunarkrafa.

Gögn.

- 543. Málskot móttakið 1. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
- 544. Bréf V dags. 24. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
- 545. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
- 546. Viðbótarathugasemdir V dags. 24. febrúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis dags. 17. janúar 2024 varð þann dag árekstur milli A sem X ók og B sem M ók umrætt sinn. Framburður M er á þann veg að hann hafi verið að keyra frá Höfðabakka til vinstri inn á Stekkjarbakka. Hann hafi verið kyrrstæður á rauðu ljósi en þegar beygjuljósið varð grænt hafi hann ekið af stað. A hafi svo komið inn á gatnamótin á fullri ferð inn á hægra framhornið á B. Eftir X er haft að hann hafi verið að keyra á Höfðabakka í suðurátt og verið að fara yfir gatnamótin við Stekkjarbakka. Þegar hann var neðar í brekkunni á leið að ljósunum hafi hann séð að það var grænt ljós en hann sé ekki viss hver ljósastaðan var þegar hann ók inn á gatnamótin. Hann hafi þá ekki ekið mjög hratt. Virðist ekki deilt um ábyrgð ökumanns A á árekstrinum eða um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A hjá V sem slíka

Fyrir nefndinni gerir M kröfu um miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna atviksins, en hann hafi orðið fyrir líkamlegu tjóni. M hafi sent V bréf dags. 6. apríl 2024 þar sem krafist var viðurkenningar á því að X hafi með stórkostlegu gáleysi valdið líkamstjóni M. Sú krafa hafi verið ítrekuð með bréfi dags. 6. ágúst 2024 en hvorugu þessara erinda hafi verið svarað af hálfu V. Byggir M á því að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hann ók bifreið sinni fyrirvaralaust yfir fjölfarin gatnamót gegnt rauðu ljósi. Hafi þá verið óumflýjanlegt að mikið tjón yrði á bifreiðum sem rækjust saman með þessum hætti og að það leiddi til alvarlegs líkamstjóns. Hafi X því sýnt af sér megent skeytingarleysi með háskalegu aksturslagi sínu. Lögregla hafi þá neitað að koma á vettvang slyssins og í stað þess sent starfsmann Aðstoðar og öryggis á vettvang. Hafi slysið því ekki verið rannsakað, og t.a.m. ekki kannað hvor ökumenn væru allsgáðir og með gild ökuréttindi. Verði að skoða sönnunarstöðu aðila í því samhengi að það sé V til hagsbóta að engin lögreglurannsókn hafi farið fram og hún hafi þess í stað verið falin fyrirtæki sem sé „haldið úti“ af V og öðrum váttryggingafélögum. Er enn fremur óskað gagna um samninga V við Aðstoð og öryggi, þ.á.m. um greiðslur V til þess fyrirtækis.

Í bréfi V er sett fram krafa um frávísun málsins frá nefndinni þar sem V hafi ekki tekið afstöðu til kröfu M um miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga auk þess sem nauðsynleg gögn hafi ekki borist svo hægt sé að taka afstöðu til hennar. Séu því skilyrði 2. mgr. 4. gr. samþykktá nefndarinnar fyrir meðferð málsins ekki uppfyllt. Hvað nauðsynleg gögn varði þá liggja örorkumat ekki fyrir og hafi M því ekki sýnt fram á umfang tjóns síns. Það sé, sbr. ummæli í athugasemdum í greinargerð með lögum nr. 37/1999 um breytingu um skaðabótalögum, nauðsynleg forsenda þess að meta hvort umfang tjóns leiði til þess að bótaréttur sé yfirleitt til staðar. Vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2408/2021 framangreindu til stuðnings. Verði ekki fallist á frávísunarkröfu V sé því þá hafnað að X hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi en sönnunarbyrði þess hvíli á M. Það eitt að aka yfir gatnamót gegnt rauðu ljósi feli ekki sjálfkrafa í sér stórkostlegt gáleysi. Atvikalýsing bendi til þess að X hafi vissulega verið svolítið utan við sig en ekki verði lagt til grundvallar að hann hafi ætlað sér að aka yfir gatnamótin gegnt rauðu umferðarljósi. Augnabliks aðgæsluleysi verði ekki jafnað til stórkostlegs gáleysis. Væri það enda raunin væri flestum árekstrum valdið af stórkostlegu gáleysi við þær aðstæður sem uppi hafi verið. Liggja þá ekkert fyrir um það að X hafi verið undir áhrifum áfengis eða ekið of hratt í aðdraganda áreksturs. Er því þá hafnað að það hafi einhver áhrif á sönnunarstöðu að lögregla hafi ekki séð tilefni til að rannsaka atvikið heldur sent Aðstoð og öryggi á vettvang, enda hafi V ekki haft neina aðkomu að rannsókninni. Komist nefndin allt að einu að þeirri

niðurstöðu að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða telji V greiðsluskyldu samt sem áður ekki til staðar. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé heimildarákvæði, og þar sem um undantekningarreglu sé að ræða verði að beita þröngri túlkun við beitingu hennar.

Í síðara bréfi M til nefndarinnar eru athugasemdir við aðkomu Aðstoðar og öryggis að málinu ítrekaðar. Er þá áréttað að krafa hans snúi aðeins að því að bótaskylda sem slík sé viðurkennd en ekki að því hver bótafjárhæð skuli vera. Vísar M þá til athugasemda í greinargerð með lögum nr. 37/1999 um breytingu um skaðabótalögum máli sínu til stuðnings. Þar komi m.a. fram að tilgangur breytinga á 26. gr. hafi verið að rýmka heimild til ákvörðunar miskabóta jafnvel þó skilyrði um afleiðingar líkamstjóns sem leiði til greiðslu þjóningabóta og miskabóta samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga séu ekki uppfyllt. M byggir á því að sýnt sé fram á að hann hafi orðið fyrir verulegu líkamstjóni vegna slyss sem valdið var af stórkostlegu gáleysi, þó ekki sé enn ljóst hvert umfang tjóns hans sé.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að skýrslur Aðstoða og öryggis hafi fullt sönnunargildi um atvik máls enda sé ekki annað að finna í þeim en frásagnir aðila um atvik þess. Er þá ítrekuð fyrri afstaða V varðandi það að upplýsingar um umfang tjóns þurfi að liggja fyrir enda hafi það grundvallarþýðingu við mat á bótarétti. Er vísað til dóms Landréttar í máli 410/2021 framangreindu til stuðnings.

Álit:

Eins og að framan er rakið byggir V á því að ekki sé unnt að taka afstöðu til bótakröfu fyrr en matsgerð liggur fyrir. Beri því, á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samþykka nefndarinnar, að vísa máli þessu frá þar sem nauðsynleg gögn liggja ekki fyrir. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breyting á skaðabótalögum nr. 37/1999 segir að miskabætur á grundvelli ákvæðisins geti komið til viðbótar bótum fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón og/eða bótum fyrir varanlegan miska. Um fjárhæðir bóta segir svo: *Lögð er áhersla á að fjárhæðir bóta samkvæmt greininni eiga að ákvarðast samkvæmt því sem sanngjarnt þykir hverju sinni. Hafa skal m.a. í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans.* Verður samkvæmt þessu að telja ljóst að gögn um umfang tjóns þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að ákvarða bótafjárhæð. Krafa M er hins vegar ekki sett fram sem krafa um tiltekna bótafjárhæð heldur krafa um viðurkenningu á rétti til bóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í lagagreininni sem slíkri kemur aðeins fram að svo greiðsla miskabóta á grundvelli hennar komi til álita þurfi líkamstjóni að hafa verið valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Getur nefndin ekki fallist á að matsgerð þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að taka afstöðu til þeirrar kröfu M sem slíkrar. Verður þeirri afstöðu þá ekki fundin stoð í lögskýringargögnum svo sem V byggir á, jafnvel þó þar sé að finna leiðbeiningar er varða mat á bótafjárhæð. Kemur frávísun af þeim sökum því ekki til álita.

Svo miskabótakrafa M, skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, komi til álita þarf hann að sýna fram á að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns M. Af gögnum málsins má telja ljóst að X hafi ekið í veg fyrir bifreið M gegnt rauðu ljósi. Það eitt og sér leiðir ekki sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að aksturslag hans hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að aðrir þættir en sá að X hafi ekki tekið eftir stöðu umferðarljósa í aðdraganda áreksturs, hafi verið meðverkandi orsakir árekstursins. Þannig er t.a.m. ekki sýnt fram á að X hafi ekið á óeðlilegum hraða eða hann hafi verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna við aksturinn. Verður því ekki fallist á að X hafi gerst sekur um stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Á M því ekki rétt á miskabótum á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 374/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging sjómanna.

Nafn váttryggingartaka (X)

Sönnun tjónsatviks. Slysahugtak váttryggingaréttar.

Gögn.

547. Málskot dags. 1. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
548. Bréf V dags. 21. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
549. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. október 2024, ásamt yfirlýsingu vitna.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að hinn 7. nóvember 2023 hafi M, er hann var um borð í skipinu A, orðið fyrir líkamstjóni.

Í ódagsettri málsatvikalýsingu lýsir M atvikum með þeim hætti að þann dag hafi 70-80 kg steinn komið í voðina en farið niður í móttöku vegna mistaka. Hafi háseti um borð fært steininn til M eftir móttökuborðinu og tók M steininn af borðinu með það í huga að fara með hann og henda honum út. Á dekkinu hafi verið lifur og mjög sleipt, báturinn hafi oltið í baksíðu í sömu andrá og fékk M við það tak í hálsinn og slepti steininum. Hélt M að hann hefði tagnað í öxlinni eða hálsinum við hnykkinn og fengið sér verkjalyf. Hafi hann harkað af sér og farið áfram til vinnu. Lýsir hann næstu dögum á þann veg að hann hafi verið að drepast bæði í hálsi og öxlinni og verkið verkjalyf en mætt til vinnu. Hann hafi svo aðfaranótt 15. nóvember 2023 vaknað með mikla verki og hringt í 112 sem sendu sjúkrabíl til hans. Í ljós hafi komið stórt brjós-klos í 6 og 7 lið vinstra megin í hálslið.

Vegna þessa hefur M gert kröfu um bætur úr slysáttryggingu sjómanna útgerðarinnar X hjá V. Með bréfi dags. 15. apríl 2024 hefur V hafnað bótaskyldu með vísan til þess að hvorki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi umræddan dag né hafi verið sýnt fram á orsakatengsl á milli meints atviks og einkenna M.

M mótmælir afstöðu V og vísar til þess að í skipsdagbók og læknisvottorði sé sama atviki lýst er steininn var handleikinn. M telur að skipsdagbók sanni að umræddur atburður hafi átt sér stað og sé orsök þess að hann sé óvinnufær eins og lýst sé í gögnum máls. Frásögn M sé staðfest í skipsdagbók og fyrir liggur að 16 dögum eftir atvikið var staðfest að um brjós-klos sé að ræða. Það séu því orsakatengsl við atvikið þegar steininum var lyft og sennileg afleiðing af því sé t.d. brjós-klos. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands og í læknisvottorði sé verið að lýsa sama hlut eða því að steini sé lyft af M sem sé orsök þess að hann fær brjós-klos (sennileg afleiðing) sem hann átti sig ekki á að sé svo alvarlegt fyrr en 16 dögum síðar er læknisfræðileg greining liggur fyrir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telji að ekki liggi fyrir orsakatengsl milli meints atviks þann 7. nóvember 2023 og þeirra einkenna sem M rekur til þess. Rekur V það sem fram kemur í sjúkraskrá heilsugæslu og vísar sérstaklega til skráningar þann 22. nóvember 2023 þar sem rætt er um verk í baki sem ekki hafi fundist sök á. Telur V að jafnvel þó fallist yrði á að umrætt atvik hafi átt sér stað og að einkenni M megi rekja til þess, geti V ekki fallist á að um slys sé að ræða í skilningi váttryggingarskilmála tryggingarinnar þar sem segir: „Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.“ Vísar V til þess að X hafi undirritað tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands þar sem finna má lýsingu M á tjónsatvikinu, rúmum fimm mánuðum eftir að V hafnaði bótaskyldu. Ekki verði séð að undirritunin verði túlkuð á þann veg að um sönnun sé að ræða hvað varðar atvikalýsingu M.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að í tilkynningu um slys á sjómanni til Sjúkratrygginga sé í lið 24 að finna nákvæma lýsingu á tjónsatburði þar sem M lýsir því að hafa runnið út á baksíðu og fengið tak í hálsinn þegar hann var með steininn í fanginu. Þar séu tilgreind vitni að atburðinum. Þessa tilkynningu hafi útgerð skipsins staðfest með áritun sinni þann 9. september 2024, um að slys hafi átt sér stað með þeim hætti sem lýst er í tilkynningunni. Leggur M einnig fram yfirlýsingu frá tveimur vitnum.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu í fyrsta lagi á um hvort orsakatengsl séu til staðar milli einkenna M frá baki og steins sem M handlék við vinnu sína um borð í skipinu A hinn 7. nóvember 2023. Í öðru lagi greinir aðila á um hvort M hafi umrætt sinn orðið fyrir líkamstjóni af völdum slyss sem falli undir slyshugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmálum, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Í skipsdagbók, dags. 7. nóvember 2023, kemur fram að steinn hafi komið í nótina og að M hafi tekið steininn og gengið með hann út á bakborða og lagt hann þar niður. Ekki hafi mátt henda steininum út fyrir á þeirri stundi. Í dagbókina er ritað rúmlega viku síðar, þann 15. nóvember að M væri veikur. Þá er ritað 24. nóvember að skipstjóri hafi haft samband við M sem hafi tilkynnt að hann sé með brjós-klos í hálsi og sé að velta fyrir sér atburðinum þann 7. nóvember varðandi steininn þ.e. hvort brjós-klosið geti verið afleiðing þess. Þann 27. nóvember ritar skipstjóri að M hafi tilkynnt honum að hann hafi fengið tak í öxlina þegar hann gekk með steininn út á bakborða hinn 7. nóvember 2023. Í læknisfræðilegum gögnum er fyrst getið um meiðsli M hinn 15. nóvember 2023 er hann kallar eftir sjúkrabil vegna slæmra bakverkja. Greining var þursabit. Í samskiptaseðli, dags. 21. nóvember, er lýst verk sem hafi byrjað skyndilega aðfaranótt miðvikudags. Í bráðasjúkraskrá 22. nóvember er talað um verk í baki sem ekki hafi fundist orsök fyrir. Hann hafi komið að nóttu til. Það er fyrst þann 27. nóvember 2023 sem minnst er á atvikið með steininn í læknisfræðilegum gögnum en þann dag var ritað í samskiptaseðil vangaveltum M um að einkennin hafi tengst því að hann hafi verið að lyfta stórum steini í vinnunni. Þessi verkur hafi mögulega komið í kjölfar þess. Hefur M lagt fyrir nefndina yfirlýsingu frá tveimur skipverjum og samstarfsfélögum M, dags. 22. október 2024, þar sem fram kemur að þeir hafi verið vitni að því þann 7. nóvember 2023 þegar M tók upp þungan stein í móttöku skipsins og rann til við það þar sem lifur var á dekkinu.

Þegar litið er til þess hvort sannað sé að M hafi fengið áverka við tiltekinn utanaðkomandi atburð um borð í skipi, þar sem M var við vinnu sína, verður að hafa hliðsjón af því hvað kemur fram í samtímagögnum. Ekki verður hjá því litið að læknisfræðileg gögn benda til þess að M hafi verið einkennalaus í rúma viku frá því hann handlék umræddan stein um borð í skipinu, þar til hann hringir á sjúkrabil þann 15. nóvember 2023. Samkvæmt almennum sönnunarreglum vátryggingaréttar, hvílir sönnunarbyrði á M um að atvik hafi verið með þeim hætti sem hann lýsir í málskoti. Ekki verður ályktað af lýsingu annarra skipverja, sem kom fyrst fram tæplega ári eftir umrætt atvik, að einkenni M í dag sé ótvírætt hægt að rekja til atviks sem þeir lýsa. Hið sama gildir um undirritun X á tjonstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands enda hefur sú lýsing á atvikum sem þar kemur fram ekki stoð í frumgögnum málsins. Verður M að bera hallann af óvissu þessari m.t.t. almennra sönnunarreglna í íslenskum rétti en hann hefur t.a.m. ekki lagt fram matsgerð hæfra og óvillhallra matsmanna varðandi orsakatengsl. Verður því ekki fallist á að gögn þau sem liggja fyrir í þessu máli taki af tvímæli um að líkamleg einkenni M sem komu fyrst fram 15. nóvember 2023, verði rakin til þess að hann handlék umræddan stein rúmlega viku áður. Koma önnur atriði ágreinings þessa þ.e. hvort umrætt atvik falli undir slyshugtak vátryggingaréttar, ekki til skoðunar. Á M því ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 375/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

550. Málskot mótttekið 2. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
551. Bréf V dags. 7. október 2024, ásamt fylgiskjali.
552. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. október 2024.
553. Viðbótarathugasemdir V, dags. 9. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við störf sín á veitingastað X hinn 17. janúar 2023 þar sem M starfaði sem þjónn í aukavinnu. Umrætt sinn voru starfsmenn beðnir um að taka til í rými í kjallara veitingastaðarins. Í rýminu var þvottavél og þvottaaðstaða en einnig stálgrindarhilla á hjólum sem ekki var veggfest. Hillan var notuð undir matvörur, meðal annars þungar dósir og brúsa sem staðsettir voru efst eða ofarlega í hillunni. M var að taka dós úr hillunni þegar hún fékk hilluna yfir sig og allar vörur sem í hillunni voru. Datt hún aftur fyrir sig með bakið á mjólkurgrind sem stöðvast á innréttingu fyrir aftan mjólkurgrindina. Var hún því föst á milli þungrar stálgrindarhillu og mjólkurgrindarinnar. Kom starfsfólk staðarins henni til bjargar og var hún keyrð á slysadeild til aðhlyningar. Hlaut hún við þetta áverka á bak, hrygg og háls auk þess sem hún hlaut stóran skurð á vör og það brotnaði upp úr framtönn hennar. Var hún óvinnufær næstu daga eftir slysið. Vegna slyssins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þeirri kröfu var hafnað af hálfu V með bréfi dags. 22. ágúst 2024.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni hennar enda hafi tjóninu verið valdið með sagnæmri og ólögmatrí háttsemi X þar sem slys hennar sé að rekja til óforsvaranlegra vinnuaðstæðna. Styður M kröfu sína við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Fyrir liggi yfirlýsingar tveggja samstarfsmanna sem staðfesti að hillan hafi verið á hjólum þegar slys M varð og að hjólin hafi verið fjarlægð eftir slysið. Hafi vitnin einnig staðfest að eftir slys M hafi skipulagi á hillunni breytt þannig að þungu dósirnar og brúsarnir séu nú geymdir neðst í hillunni. Ekki hafi legið fyrir áhættumat vegna verkþáttarins. Með slíku áhættumati hefði verið hægt að greina allar þær áhættur sem stöfuðu af stálgrindarhillunni. Auk þessa vísar M til þess að X uppfyllti ekki lögbundna tilkynningaskyldu til Vinnueftirlitsins skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Slysið hafi aldrei verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þrátt fyrir að fyrir liggi að M var metin óvinnufær frá slysegi til 23. janúar 2023. Þar sem ekki hafi verið farið á vettvang af hálfu Vinnueftirlitsins eða kallað til lögreglu beri að leggja málsatvikalýsingu M til grundvallar og skýra allan vafa um málsatvik M í hag. Fyrir liggi yfirlýsingar vitna sem staðfesta frásögn M og að vinnuaðstæður voru með öllu óforsvaranlegar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að slysið hafi atvikast þannig að M hafi togað hilluna ofan á sig þegar hún reyndi að fjarlægja vörur úr hillunni án þess að læsa hjólum hillunnar áður. M hafi ekki sýnt fram á það með neinum gögnum að umrædd hilla hafi á einhvern hátt verið haldin sagnæmum vanbunaði og þó hjólin hafi verið tekin af hillunni eftir slysið þá sé það engin sönnun þess að hillan hafi verið vanbúin eða hjól hennar. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að slys M verði rakið til sagnæmra mistaka annarra starfsmanna X. Yfirlýsingar samstarfsmanna sem fyrst séu að koma fram þegar meira en ár er liðið frá slysinu og hafi ekki verið staðfestar fyrir dómi hafi ekkert sönnunargildi. Þá hafi M ekki sýnt fram á neinar hlutlægar reglur sem banni að þyngri vörum sé raðað efst í hilluna. Ef slík röðun hafði staðið lengi yfir og M talin hana ógna öryggi sínu, bar henni skylda til að láta X vita og krefjast útbóta skv. 2. mgr. 26. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Engar slíkar tilkynningar hafi borist X frá M eða öðrum. Telur V orsakatengsl milli slyssins og meints skorts á áhættumati vera með öllu ósönnuð. Þá mótmælir V því að slaka eigi á sönnunarbyrði eða snúa henni við vegna þess að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Málsatvik séu óumdeild.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt sem röngu og ósönnu að M hafi ekki læst hjólunum á hillunni áður en hún fór að taka vörur af henni. Það hvort læsingin á hjólunum virkaði sem skildi liggja ekki fyrir enda hlutaðist X ekki fyrir um rannsókn Vinnueftirlitsins, þrátt fyrir lögbundna skyldu þar um. M eigi ekki að bera hallan af þessum sönnunarskorti, heldur X. Ekki sé hægt að fallast á þau sjónarmið V um að málsatvik séu óumdeild og að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði ekki varpað skýrara ljósi á málsatvikin.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir V á að það séu almenn sannindi að hlutir á hjólum, hvort sem það eru hillur, pallar eða eitthvað annað séu alla jafna stöðugri þegar hjólin eru læst heldur en þegar þau eru ólæst. M hafi borið ábyrgð á öryggi sínum með því að gæta að því að hjólin á hillunni væru læst áður en hún hóf að taka vörur úr hillunni.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slysið sem M varð fyrir þann 17. janúar 2023 á vinnustað sínum, veitingarstað X, sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ber atvinnurekanda án ástæðulausrar tafar að tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Fyrirliggjandi læknisvottorð staðfestir að M var frá vinnu frá 18. til 23. janúar 2023. Því er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins án ástæðulausrar tafar. Það var þó ekki gert, og samkvæmt tölvupósti frá Vinnueftirlitinu, dags. 21. desember 2023, hafði slysið ekki verið tilkynnt og voru tildrög þess því ekki rannsökuð af eftirlitinu.

Með vísan 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi, sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu, skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í þessu máli greinir aðila á um hvort frágangur stálgrindarhillunnar hafi verið forsvaranlegur og samrýmst þeim kröfum sem ákvæði laga nr. 46/1980 og reglugerðar nr. 581/1995 gera til öryggis á vinnustöðum. Þá greinir aðila einnig á um það hvort hjól hillunnar hafi verið læst er M hóf að taka vörur úr hillunni og hvort það hafi verið orsök slyssins. Telja verður að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði varpað ljósi á vinnuaðstæður á vettvangi og einnig hvort frágangur hillunnar og verklag við framkvæmd verksins hafi verið forsvaranlegt með tilliti til öryggis starfsmanna. Framburður M og vitna bendir til þess að ekki hafi verið gætt að jafnvægi hillunnar þar sem hún var á hjólum og þungir hlutir voru raðaðir efst í hilluna, sem er til þess fallið að skapa áhættu á slysi eins og því sem hér um ræðir. Verður því litið svo á að X beri hallan af sönnunarskorti um hvort gætt hafi verið að öryggi starfsmanna með fullnægjandi hætti í aðdraganda slyssins. Af þeim sökum verður talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekkert liggur fyrir í málinu um að háttsemi M við vinnu sína hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Telst M því eiga rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 376/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skadabótaábyrgð.

Gögn.

16. Málskot móttakið 2. október 2024 ásamt fylgiskjölum.

17. Bréf V dags. 21. október 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að X hafi starfað við framkvæmdir í húsi við Stýrimannastíg í Reykjavík. Bifreið M hafi verið lagt í bifreiðastæði við næsta hús að kvöldi hins 23. maí 2024. Morguninn eftir hafi verið skemmdir á bifreiðinni af völdum þess að viðvörunarskilti sem sett var upp á horni Stýrimannastígs og Bárugötu vegna framkvæmdanna hafði fokið á bifreiðina. V hafi hafnað bótaskyldu vegna tjónsins með þeim rökum að hvorki væri um mistök né vanrækslu að ræða af hálfu X heldur óhappatilvik sem X beri ekki skadabótaskyldu vegna. M sem telur að sú niðurstaða sé byggð á einhliða frásögn X um eðlilegan og forsvaranlegan frágang skiltisins, er ósammála og byggir á því að X beri að sýna fram á að skiltið hafi verið fest með forsvaranlegum hætti. Umrætt skilti sé tveir metrar á breidd og fislétt. Því sé haldið niðri með einu dekki og gerð og lögun þess með þeim hætti að það fjúki auðveldlega til. Hafi X sýnt af sér gáleysi með því að nota skiltið yfirhöfuð enda hafi notkun þess augljósa hættu í för með sér fyrir fólk og lausafé. Þá byggi V á þeirri frásögn X að ekki hafi verið aðstæður til að festa skiltið betur á þeim stað sem það þurfti að vera á. Hafi slíkar aðstæður, en erfitt sé að gera sér í hugarlund hverjar þær geti verið, verið nauðsynlegar hafi X borið skylda til að tryggja með öðrum hætti að skiltið fyki ekki til, s.s. með því að hafa það á þyngri undirstöðu. Óstöðugleiki skiltisins hafi margoft sýnt sig á vikunum eftir tjónsatvikið en þá hafi verið búið að færa skiltið neðar í götuna og það sett upp við girðingu. Hafi það einnig fokið til við þær aðstæður en girðingin þá komið í veg fyrir frekara tjón.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi kallað eftir frekari upplýsingum frá X. Komi þar fram að skiltið og staðsetning þess séu í samræmi við kröfur Reykjavíkurborgar og hafi ekki verið heimilt að staðsetja það annars staðar en á umræddu horni. Vegna veðuraðstæðna hafi skiltið verið sett eða skorðað vel upp að húsið til að koma í veg fyrir að það fyki. Ekki hafi hins vegar verið til staðar aðstæður til að festa skiltið betur við eitthvað á þeim stað sem það þurfti að vera á. Að mati V hafi X því ekki sýnt af sér saknæma eða ólögmeða háttsemi við frágang skiltisins heldur hafi X aðeins fylgt gildandi reglum og skorðað skiltið eftir bestu getu. Hallinn af sönnunarbyrði um annað hvíli á M og slík sönnun hafi ekki tekist. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skadabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skadabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skadabótaábyrgð vegna.

Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum er umrætt skilti afar sérstakrar lögunar. Það er þannig mun breiðara en viðvörunarskilti almennt og virðist hátt í tveir metrar að breidd. Má þá ráða að það hafi verið fest við stöng sem aftur var fest við bíldekk og að þannig hafi það staðið í aðdraganda tjónsins. Virðist ljóst að skilti þessarar lögunar geti tekið á sig vind í töluverðum mæli og hættara sé við að þau fjúki eða velti um koll og valdi tjóni en skilti sem eru minni umfangs. Virðist óumdeilt að í aðdraganda tjónsins hafi umrætt skilti staðið á nokkuð mjórri gangstétt á horni Stýrimannastígs og Bárugötu þar sem ætla má að það hafi verið óvarið fyrir vindi og fyrir liggur að það var ekki fest sérstaklega. Samkvæmt X var skiltið og fyrrgreind staðsetning þess til samræmis við kröfur Reykjavíkurborgar en

engin frekari gögn hafa verið lögð fram því til stuðnings, s.s. fyrirmæli, reglur eða leiðbeiningar borgarinnar þar að lútandi.

Er það mat nefndarinnar að lögun og staðsetning skiltisins hafi falið í sér nokkuð augljósa hættu á því að það gæti hreyfst til og valdið tjóni, s.s. vegna vinds. Er það því mat nefndarinnar að X hafi verið rétt að grípa til ráðstafana til að varna slíku tjóni. Hefði það væntanlega verið mögulegt með því að þyngja dekkið, fergja það með einhverjum hætti eða leita leiða til að festa skiltið eða skorða það. Ekkert liggur fyrir um að gripið hafi verið til neinna slíkra aðgerða.

Er það því mat nefndarinnar að tjónið megi rekja til gáleysis X sem ekki hafi réttilega tryggt aðstæður í viðleitni við að varna tjóni og hafi með því sýnt af sér saknæmt athafnaleysi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns sem varð á bifreið þess aðfaranótt 24. maí 2024.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 377/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

- 554. Málskot móttakið 2. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
- 555. Bréf V1 dags. 18. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
- 556. Bréf V2 dags. 22. október 2024 ásamt fylgiskjali.
- 557. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. október 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt sameiginlegri tjonstilkynningu varð hinn 19. janúar 2024 árekstur milli A og B, sem er í eigu M, á bifreiðastæði. Á framhlið tjonstilkynningar er hakað við að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak. Er þá merkt við að B hafi farið inn á öfugan vegarhelming og að A hafi verið ekið út frá bifreiðastæði og beygt til vinstri. Á bakhlið tjonstilkynningar lýsir ökumaður B atvikum svo að hún hafi ekið inn í bifreiðastæði til að snúa við. Eftir að bakka út úr stæðinu hafi hún verið kyrrstæð „for a moment“ til þess að skipta um gír. Þegar hún var að skipta um gír hafi A verið ekið á vinstri hlið B. Í tjonstilkynningu ökumanns A segir að hann hafi verið að bakka úr stæði og hafi bakkað í hliðina á B þar sem hún hafi verið að bakka, B hafi bakkað fyrir A og þverað veginn. Vitni að atvikinu lýsir atvikum svo fyrir V2 að hann hafi séð B fara út úr stæði og virtist hún vera að fara að aka áfram þegar A hafi komið bakandi og farið í hliðina á B. Vitnið áætli þá að B hafi ekki verið kyrrstæð lengi, kannski í 5 sekúndur en þetta hafi allt gerst mjög fljótt. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem taldi rétt að skipta sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

M fellir sig ekki við þau málalok og byggir í málskoti á því að B hafi verið kyrrstæð í a.m.k. fimm sekúndur í aðdraganda áreksturs þegar A hafi bakkað á hana. Geti ökumaður B með engu móti hafa komið í veg fyrir árekstur við þessar aðstæður.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var váttryggjandi A, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að sök skuli skipt til helminga. Með hliðsjón af merkingum á framhlið tjonstilkynningar verði að miða við að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Verði byggt á nánari lýsingu ökumanns B verði þá að telja að aðeins hafi verið um augnabliksstöðvun að ræða sem eigi ekki að hafa áhrif á sakarskiptingu. Hvað framburð vitnisins varði hafi það þá ekki verið staðfast í framburði sínum varðandi það hve lengi B hafi verið kyrrstæð en segi þó að allt hafi gerst mjög hratt. Styðji það við afstöðu félagsins um að aðeins hafi verið um augnabliksstöðvun að ræða. Verði því að miða við að hvorugur aðila hafi gætt nægilega vel að sér við akstur aftur á bak.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var váttryggjandi B, til nefndarinnar er tekið undir þá afstöðu að A beri alla sök á árekstri aðila. Ökumaður B hafi verið skýr í framburði sínum varðandi það að bifreiðin hafi verið kyrrstæð í nokkra stund áður en til áreksturs kom og styðji framburður vitnisins þá frásögn. Megi því rekja áreksturinn til þess að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

Í viðbótarathugasemdum M er lýst þeirri afstöðu að V1 fallist á að B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Styðji það við afstöðu M um að A beri alla sök á árekstri aðila.

Álit.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um það hvort kyrrstaða B í aðdraganda áreksturs hafi aðeins falið í sér augnabliksstöðvun sem ekki hafi áhrif á sakarskiptingu eða hvort hún eigi að leiða til þess að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum.

Í málskoti er byggt á því að B hafi verið kyrrstæð og ökumaður hennar að búa sig undir að aka áfram þegar A bakkaði úr stæði sínu og rakst á hana. Af framburði vitnis má ráða að B hafi verið kyrrstæð í nokkra stund, þó að framburður þess sé ekki afdráttarlaust um tíma í því samhengi, en það telji að

kannski hafi verið um fimm sekúndur að ræða. Framburður vitnisins, svo og ákomur á B, styðja að mati nefndarinnar við þann framburð ökumanns B að hún hafi lokið akstri aftur á bak og verið kyrrstæð er til árekstrar kom. Verður því að telja að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga umrætt sinn, en hefði hann gert það má með hliðsjón af framburði vitnis og ákomum á B ætla að hann hefði orðið B var áður en til áreksturs kom. Er það því niðurstaða nefndarinnar að A beri alla sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 378/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Verktakar.****Gögn.**

558. Málskot mótttekið 16. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
559. Bréf V, dags. 24. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
560. Viðbótarathugasemdir M með bréfi og tölvupósti dags. 29. október 2024.
561. Tölvupóstur V dags. 30. október 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 23. ágúst 2024 hafi orðið tjón á bifreið M þegar öryggisgrindverk (girðing) á vegum X hafi fokið á bifreiðina. Ljósmyndir liggja fyrir af grindverkinu á bifreið M á tjónsdegi.

M telur tjón á bifreið sinni vera hægt að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. M kveðst hafa látið vita á vinnusvæði X að byggingarefni frá þeim væri að fjúka þann dag sem tjónið varð og eftir það hafi orðið tjón á bifreiðinni. M telur að ekki hafi verið fullnægjandi frágangur á girðingu m.v. vindstyrk þennan dag, sem hafi verið um 10-12 m/sek, en girðingin hafi verið bundin saman með dragböndum eða plastströppum.

V telur að háttsemi starfsmanna X ekki hafa verið saknæma og skýringar X hafi verið þær að frágangur girðingar hafi verið fullnægjandi. Helstu skýringar verkstjóra X á því að girðingin f auk hafi verið að „...mambó sem bundið var niður losnaði og endaði á grindverkinu og þannig myndað segl.“ V telur að ekki liggja fyrir að aðbúnaði eða frágangi á verkstað hafi verið ábótavant eða í ósamræmi við þær kröfur sem gerðar verði til slíks frágangs og að mambódúkur sem X vísi til hafi verið bundinn niður og verið á sama stað frá síðasta vetri. V telur ekki ljóst af gögnum málsins hvort og þá hvenær M hafi sett sig í samband við starfsmenn X, hvort það hafi verið fyrir tjónið og ef svo væri hvers vegna M hefði ekki fjarlæggt mambóið af girðingunni sjálfur.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að á ljósmyndum megi sjá að girðing hafi verið fest saman með rafmagnsbenslu og plast dragböndum sem þoli ekki álag og viðunandi frágangur hefði verið að nota þar til gerðar festingar eða stálvíra. Einnig vísar M til þess að dúkur hafi ekki verið bundinn niður þar sem hann hafi fokið um leið og aðeins bætti í vind. Auk þessa vísar M á bug að hann hafi haft möguleika til að taka dúkinn af girðingunni sjálfur, enda hefði hann sett sjálfan sig í hættu við það. Einnig vísar M til þess að þeir sem hafi þekkingu á byggingariðnaði hafi séð að allur frágangur hafi verið ófullnægjandi, verkstjóra hjá X hafi verið sagt frá því en hún hafi ákveðið að klára matartíma og þá hafi girðingin fokið.

Í tölvupósti V frá 30. október 2024 kemur fram að ekki verði gerðar frekari athugasemdir af hálfu V.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur sé um hvort fullnægjandi frágangur hafi verið á girðingu á vinnusvæði X hinn 23. ágúst 2024, en sama girðing f auk þá á bifreið M, eða hvort saknæm háttsemi starfsmanna X að öðru leyti hafi leitt til tjóns á bifreið M.

Í málinu liggur fyrir lýsing M af aðstæðum annars vegar og síðan er frágangi girðingar lýst í samskiptum V við X eftir að krafa var gerð í ábyrgðartryggingu X hjá V. Ekki liggja fyrir önnur samtímagögn um frágang girðingarinnar heldur en ljósmyndir af henni eftir að hún lenti á bifreið M. Ekki fór fram rannsókn á aðstæðum á vettvangi, t.d. af hálfu lögreglu eða liggja fyrir vitnisburðir annarra en M af frágangi girðingarinnar. Ekki liggja því fyrir önnur sönnunargögn um aðstæður á vettvangi en frásögn af hálfu M annars vegar og hins vegar af hálfu starfsmanna X.

Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hins verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt, en gildissvið ábyrgðartryggingar X hjá V nær til tjóns sem X ber skaðabótaábyrgð á samkvæmt íslenskum rétti.

Sönnunarbyrði hvílir því á M um að tjón á bifreið M megi rekja til gáleysis starfsmanna X við frágang girðingar eða þess að ekki hafi verið brugðist við mögulegum aðvörðunum um frágang hennar. Í málinu liggja sem fyrir segir ekki fyrir samtímagögn eða vitnisburðir annarra um hvernig frágangi var háttað áður en tjón varð og af þeim ljósmyndum sem liggja fyrir í málinu verður ekki fyllilega ráðið að frágangur byggingarsvæðis X hafi verið ófullnægjandi, en ekki liggur heldur fyrir mat annarra á því.

Ekki liggur heldur fyrir með nægilega skýrum hætti hvernig samskipti voru við verkstjóra X og hvenær og verður hallinn af sönnunarskorti um mögulega saknæma háttsemi hennar að túlkast M í óhag með vísan til fyrirnefndra sönnunarreglna.

Að þessu sögðu verður ekki nægilega ráðið af gögnum málsins að tjón á bifreið M verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hvílir hlutlæg ábyrgð á X og verður sönnun skaðabótaskyldu að byggjast á því að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi. Slík sönnun liggur ekki nægilega fyrir miðað við þau gögn sem liggja fyrir nefndinni og á M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Ekki er fyrir hendi réttur til bóta vegna skemmda á bifreið M úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 380/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

562. Málskot mótttekið 3. október 2024, ásamt fylgiskjöllum.
563. Bréf V dags. 31. október 2024.
564. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 8. nóvember 2024, ásamt fylgiskjöllum.
565. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 14. október 2024.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi höfðað mál á hendur Reykjavíkurborg til greiðslu miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Sú málsókn er byggð á því að M hafi upplifað tengslarof við bróðurson sinn á barnsaldri þar sem honum hafi verið komið í fóstur til vandalausra og M hafi ekki átt þess kost að eiga samskipti við hann í kjölfar þess. M telur að tengslarof sé tilkomið vegna ráðstafana barnaverndaryfirvalda Reykjavíkurborgar vegna ráðstafana varðandi fóstur bróðursonar M.

V hefur hafnað bótaskyldu úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar M með vísan til þess að undanþáguákvæði 47. gr. a. váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar eigi við. Þar segi að tryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðnir sem varða „hjonaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjonaskilnað. Sama á við um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.“ V telur að ágreiningur um greiðslu miskabóta til M standi í beinu sambandi við málsmeðferð hjá sýslumanni og Barnavernd Reykjavíkur í tengslum við forsjá bróðursonar M. V vísar til þess að það að sýslumaður synjaði um að forsjá bróðursonarins færi til M og mál hefði ekki verið höfðað til greiðslu miskabóta nema vegna þess að ágreiningur hafi verið uppi um tilhögun forsjár hans. Þannig séu næg tengsl milli ágreinings í máli M og undanþáguákvæðis 47. gr. a. í váttryggingarskilmálum. Einnig vísar V til þess að fram komi í stefnu að skriflegur samningur hafi verið gerður milli foreldra bróðursonarins og M hinn 20. desember 2018 um að M yrði falin forsjá hans. Þegar leitað hafi verið til sýslumanns stuttu síðar hafi starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur hins vegar beitt sér gegn því að samningurinn yrði staðfestur. Þannig séu skýr tengsl milli kröfu M í dómsmálinu sem höfðað hafi verið og tilhögunar forsjár bróðursonar M. V ítrekar tilvísun til 47. gr. a. í váttryggingarskilmálum þar sem komi fram að hvers kyns ágreiningsmál sem upp kunni að koma í sambandi við forsjá barna og umgengnisrétt séu undanskilin og þess vegna eigi ákvæðið við í máli M. Þannig standi sá ágreiningur sem leysa eigi úr í dómsmáli M í beinu sambandi við meinta ólögmeða málsmeðferð hjá sýslumanni og hjá Barnavernd Reykjavíkur í tengslum við forsjá bróðursonar M.

M vísar til þess bæði í málskoti og viðbótarathugaemdum að réttur til bóta úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V sé fyrir hendi og vísar til þess að orðalag undanþáguákvæðis 47. gr. a. í váttryggingarskilmálum eigi ekki að túlka með víðtækari hætti en orðalag þess nái til. Þannig sé ágreiningur M í dómsmáli um greiðslu miskabóta af hálfu Barnaverndar Reykjavíkur ekki vegna forræðis eða umgengnisréttar heldur vegna ráðstafana af hálfu stefndu í því máli. Einnig bendir M á að við túlkun váttryggingarskilmála eigi að beita andskýringarreglunni, enda hafi V einhliða samið samningsskilmála. Einnig ítrekar M að aldrei hafi verið ágreiningur um forsjá og M hafi ekki verið í ágreiningi við Barnavernd Reykjavíkur, þó hún hafi gjarnan viljað vera fósturforeldri bróðursonar síns. Þannig sé bótakrafa M tilkomin vegna þess að

V ítrekar í viðbótarathugasemdum sínum að það telji orðalag undanþáguákvæðis váttryggingarskilmála skýrt og dómsmál M sé risið af því að sýslumaður hafi ekki hlutast til um að staðfesta forsjá samning vegna bróðursonar M. Þannig séu tengsl við forsjá augljós í málinu.

Álit.

Í 46. gr. í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V er fjallað um réttaraðstoðartryggingu þá sem hér er til skoðunar. Þar segir að váttryggingin taki til ágreinings sem snertir tryggðan einstakling sem kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og leiddur er til lykta fyrir dómi, með úrskurði eða dómssátt samkvæmt 109. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Í 47. gr. sömu skilmála er á hinn bóginn mælt fyrir hvað tryggingin bætir ekki og þar segir í a.lið að tryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðnir sem varða hjónaskilnað eða mál sem koma upp í sambandi við hjónaskilnað. Það sama gildi um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengnisrétt.

Dómsmál það sem M hefur höfðað á hendur Reykjavíkurborg og íslenska ríkinu varðar ágreining um greiðslu miskabóta til M samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Röksemdir fyrir þeirri miskabótakröfu eru margvíslegar en ná að meginstefnu til háttsemi starfsmanna barnaverndaryfirvalda og sýslumanns sem M telur að hafi leitt til tengslarofs milli M og bróðursonar hennar. Þegar litið er til atvika dómsmálsins verður ekki annað ráðið en að um sé að ræða kröfu um miskabætur á grundvelli skaðabótalaga. Ekki er um að ræða úrlausn réttarágreinings um forsjá barns og umgengnisrétt.

Í ljósi þess að um undanþáguákvæði váttryggingarskilmála, sem V samdi einhliða, er að ræða verður það ekki túlkað með víðtækari hætti en orðalag þess nær til og með þeim hætti að V verður að bera hallann af því að orðalag undanþáguákvæðisins sé ekki skýrara þegar ágreiningur varðar bótakröfur sem með einhverjum hætti tengjast málsmeðferð um ákvörðun um fóstur barna. Brestur því skilyrði til að beita a. lið 47.gr. skilmálanna gagnvart M í málinu og á hún því rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Mál nr. 381/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Gildistími váttryggingar.

Gögn.

566. Málskot mótttekið 3. október 2024, ásamt fylgiskjali.
567. Bréf V, dags. 24. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
568. Viðbótarathugasemdir M, ódags.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu var bifreiðinni A, sem er í eigu M, ekið út af Seyðisfjarðarvegi hinn 27. ágúst 2024. Fram kemur í gögnum málsins að M hafi vegna tjónsins, gert kröfu um bætur úr kaskótryggingu fyrri eiganda bifreiðarinnar hjá V. Vísar M til þess að á grundvelli 40. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (vsl.), þar sem fram kemur að ef samið sé um að váttryggingin skuli falla brott við eigendaskipti að váttryggðum hlut, er félagið samt ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum. Telur M að skýra beri umrætt ákvæði með þeim hætti að miða eigi við eiginleg eigendaskipti að bifreiðinni en þau hafi ekki átt sér stað fyrr en 13. ágúst 2024, þegar Samgöngustofa móttók og afgreiddi eigendaskiptatilkynningu. Miða eigi við opinbera skráningu eignaréttar að skráningarskyldu lausafé. Hafi váttryggingaratburðurinn þann 27. ágúst 2024 því átt sér stað þegar kaskótrygging gagnvart fyrri eiganda bifreiðarinnar var enn í gildi. Vegna atvika sem M hafði ekki stjórn á og lúta væntanlega að kerfum Samgöngustofu hafi tilkynning sem send var 7. ágúst 2024 ekki gengið í gegn fyrr en nokkrum dögum síðar. Þá fyrst færðist lögboðin trygging yfir á nafn M, og við það tímamark var M loks mögulegt að kaupa kaskótryggingu. Vísar M til 142. gr. vsl. um það hvernig reikna beri frestinn út.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til 15. gr. váttryggingarskilmála kaskótryggingar þar sem fram kemur að verði eigendaskipti að hinu váttryggða, falli tryggingin niður. Tryggingin gildi þó í 14 daga fyrir nýjan eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra tryggingu. Samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá sé kaupdagur bifreiðarinnar skráður þann 7. ágúst 2024 en tjónsatvikið átti sér stað þann 27. ágúst 2024. Telur V ljóst að meira en 14 dagar liðu frá 7. ágúst 2024 til 27. ágúst 2024 og hafi tjónsatvikið því ekki átt sér stað innan lögboðins 14 daga frests. Hafnar V því alfarið að M eigi rétt á bótum úr kaskótryggingu fyrri eiganda bifreiðarinnar A. Auk þess telur V athafnaleysi M sýna fram á að hann hafi ekki haft í hyggju að kaskótryggja bifreiðina A. Telur V því að krafa M um að krefjast bóta úr kaskótryggingu fyrri eiganda sé ekki í samræmi við vilja löggjafans um tilgang og markmið ákvæðis 40. gr. vsl.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M því sem röngu og ósönnuðu að hann hafi ekki haft í hyggju að kaskótryggja bifreiðina. Hugur hans hafi sannarlega staðið til þess. Hafnar M því að fyrrgreind lagagrein geri ráð fyrir að fram fari mat á því hvort hinn nýi eigandi hins váttryggða hafi ætlað að váttryggja það sem sams konar hætti og fyrri eigandi. Tryggingin gildi í 14 daga hvað sem slíku líður. Til séu gögn hjá tryggingafélagi M, í formi símtalsupptöku, sem varpi ljósi á skýran ásetning M til þess að kaskótryggja bifreiðina. Það eina sem hafi staðið gildistöku tryggingarinnar í vegi var að M hafði ekki enn látið af því verða að mynda bifreiðina og senda tryggingafélaginu sínu þær myndir.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvernig túlka beri orðalag 40. gr. vsl., sbr. 15. gr. váttryggingarskilmála kaskótryggingar V. Óumdeilt að bifreiðin A var tryggð í kaskótryggingu hjá V þegar M keypti bifreiðina þann 7. ágúst 2024. Sá dagur er samkvæmt gögnum málsins skráður sem kaupdagur bifreiðar í ökutækjaskrá Samgöngustofu. Ekki liggur fyrir ástæða þess að eigendaskipti voru ekki skráð hjá Samgöngustofu fyrr en þann 13. ágúst 2024 en M hefur vísað til að ástæðu þess sé að rekja til tölvukerfa Samgöngustofu. Því hafi bifreiðin ekki verið tryggð í lögboðinni ökutækjetryggingu á nafn M fyrr en frá þeim degi og ómöguleiki hafi verið til staðar fram að því fyrir M að kaupa kaskótryggingu.

Kaskótrygging fyrrum eiganda bifreiðarinnar gildi skv. 40. gr. vsl. í 14 daga frá eigendaskiptum. Samkvæmt orðanna hljóðan vísar orðið „eigendaskipti“ til þess þegar hlutur skiptir um eiganda. Sá dagur var 7. ágúst 2024 þrátt fyrir að opinber skráning í kerfi Samgöngustofu hafi verið síðar. Á grundvelli framangreinds verður að telja að 14 daga frestur 40. gr. vsl. og 50. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingar hafi verið liðinn þegar bifreiðin A lenti í tjóni þann 27. ágúst 2024. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 383/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.

Gögn.

- Málskot móttakið 4. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 16. október 2024, ásamt ljósmyndum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. febrúar 2025.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 19. febrúar 2025.
- Viðbótargagn frá M, dags. 28. febrúar 2025.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 30. júní 2024 hafi bifreið M staðið kyrrstæð og mannlaus á skipulögðu bifreiðastæði við Þönglabakka 1. Þegar M kom að bifreiðinni, lá innkaupakerra utan í hægri hlið bifreiðarinnar og hafði myndað dæld á hægri framhurð bifreiðarinnar. Hafði M strax samband við starfsfólk verslunar X í Mjódd og tilkynnti um tjón sitt. Hafði M svo samband við yfirmann verslunarinnar símleiðis og kvaðst hún vera leið yfir þessu óhappi og upplýsti að hún hefði áður haft orð á því við yfirmann sinn að koma þyrfti á betra skipulagi á kerrustæðin. Fólk væri að skilja kerrurnar eftir þar sem þeim sýndist. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns á bifreið sinni. Með bréfi, dags. 16. ágúst 2024, hafnaði V bótaskyldu. M telur X bera bótaábyrgð vegna tjónsins. Starfsmenn X hafi sýnt af sér vanrækslu við meðhöndlun innkaupakerra sem leitt hafi til tjónsins. Það hljóti að vera skýrt ef lausamunir valdi tjóni, beri eigandi munanna ábyrgð á því tjóni sem þeir valda.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi komið í ljós að enginn starfsmaður hafi vitað af umræddri kerru áður en tjónið varð. Atvikið sé ekki til á myndbandsupptöku. Söfnun kerra við verslunina sé háttáð með þeim hætti að kerrur eru sóttar með reglubundnum hætti af starfsmönnum verslunarinnar, yfirleitt í svokölluð kerrustæði. Tvö kerrustæði séu á áberandi stað á bílastæði fyrir framan verslunina. Telur V að ekki sé hægt að leggja slíkar skyldur á herðar verslunareigenda að þeir fylgist öllum stundum með bílastæði við verslun þeirra komi til þess að lausafjármunir renni þar af stað. Verslunareigendur geti sömuleiðis ekki borið sakarábyrgð á því að óþekktir viðskiptavinir gangi ekki frá lausum kerrum í þar til gerð kerrustæði á bílastæðinu.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M því sem fram kemur í bréfi V og kveðst hafa tekið myndir af kerrustæðum á bifreiðastæðinu sem sýna að þau séu ekki vel sýnileg. Aflaði M einnig gagna frá Veðurstofunni sem sýna að mesta vindhviða þennan dag var 15.4 m/s. Starfsmaður sá sem M hafi talað við hafi ekki getað sótt kerrur þær sem voru lausar á stæðinu og upplýsti jafnframt að enginn starfsmaður væri viðstaddur sem gæti sótt þær. M ítrekar því að X hafi sýnt af sér saknæma vanrækslu.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar V fyrri afstöðu sína og vísar til nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar og dóms héraðsdóms máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Ljóst er að umrædd innkaupakerra sem rann eða fauk utan í bifreið M var ekki skilin eftir í viðeigandi kerrustæði á bifreiðastæðinu. Að sögn X eru kerrur sóttar á bifreiðastæðið með reglubundnum hætti. Í málskoti sínu vísar M til samtals síns við nánar tilgreindan starfsmann verslunarinnar sem m.a. greindi honum frá því að enginn starfsmaður væri tiltækur til að ná í lausar kerrur. Leggur M ekki fram vitnaframburði eða önnur gögn sem hnekkja framburði X og styðja að tjón hans verði rakið til saknæms athafnaleysis af hálfu starfsmanna X. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 384/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

569. Málskot mótttekið 7. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
570. Bréf V dags 21. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
571. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 24. október 2024.

Málsatvik.

Árekstur varð með þeim hætti að bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið sem M ók hinn 17. desember 2022 í Skógarlind í Kópavogi. V var tilkynnt um áreksturinn með tjonstilkynningu váttryggingartaka vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X hinn 20. desember 2022 og í málinu liggur einnig fyrir ódagsett rafræn tjonstilkynning um áreksturinn frá M. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að greiddar hafi verið samkomulagsbætur upp á 150.000 kr. vegna tjóns á bifreið M en ekki liggja fyrir upplýsingar um frekara tjón. M hefur skorað á V upplýsa um heildarkostnað vegna munatjóns en slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir með skýrum hætti í gögnum málsins að frátaldri fjárhæð fyrrnefndra samkomulagsbóta.

M leitaði til læknis 21. desember 2022 vegna verkja í baki og leitaði til lögmanns á skömmu eftir slysið. Einnig leitaði M til læknis 27. febrúar 2023 en upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M sem og önnur slys sem hann lenti í eftir áreksturinn í desember 2022. M aflaði matsgerðar vegna frítímaslyss sem varð 3. janúar 2023 hjá öðru váttryggingafélagi og í tengslum við það var sami matsmaður beðinn um að taka afstöðu til þess hvort umferðarslys 17. desember 2022 hafi valdið hluta af varanlegum afleiðingum sem M væri að glíma við. Matsmaðurinn svarar því til að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sem sé ólíklegur til að valda heilsufarslegum skaða miðað við gögn um skemmdir á bifreiðum og PC-Crash skýrslu vegna árekstursins. Hins vegar telur matsmaður að óþægindi sem lýst sé frá slysdagi virðist hafa verið viðvarandi eins og komi fram í sjúkraskrá og á matsdegi og „...sem slíkt gæti því slysið hafa valdið varanlegum heilsufarslegum afleiðingum.“

M telur sannað að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og vísar til læknisfræðilegra gagna sem sýni afleiðingar umferðarslyssins. Einnig vísar M til matsgerðar vegna frítímaslyss 3. janúar 2023 þar sem afleiðingar þess séu aðgreindar frá einkennum eftir umferðarslysið 17. desember 2022. M telur PC-Crash skýrslu hafa takmarkað sönnunargildi þar sem V hafi aflað hennar einhliða, án þess að gefa M tækifæri til að gæta hagsmuna sinna við gerð hennar. Einnig hafi skýrslan verið unnin af verktaka sem starfi mikið, ef ekki nánast eingöngu fyrir V og sé jafnframt fyrrverandi starfsmaður þess og sé því hægt að draga hlutlægni skýrslunnar í efa. Auk þessa sé skýrslan ekki nema að mjög litlu leyti byggð á samtímagögnum, ekki hafi verið rætt við M vegna hennar, ekki liggi fyrir upplýsingar um viðgerðarkostnað og eingöngu sé gert tekið mið af skemmdum á ytra byrði bifreiðar M. Þessu til viðbótar telur M að PC-Crash forritið geti ekki reiknað áhrif áreksturs á líkama M og áhrif höggs á líkama geti verið mismunandi vegna ýmissa þátta auk þess sem ekki sé reiknuð hröðun á höfuð þeirra sem sitja í ökutækjum heldur einungis hröðun ökutækisins sjálfs. Einnig vísar M til þess að við mat á sönnun orsakatengsla verði að miða mat á læknisfræðilegum gögnum og það hafi verið staðfest í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands. M vísar einnig til athugunar Fjármálaeftirlitsins frá 20. janúar 2016 á notkun váttryggingafélaga á PC-Crash forritinu og hafi þar verið áréttað mikilvægi upplýsingaskyldu váttryggingafélaga gagnvart aðilum vegna útreikninga og forsendna þeirra. Því hafi V ekki sinnt nægilega vel og eigi ekki að leggja PC-Crash útreikninga til grundvallar við mat á orsakatengslum.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur orsakatengsl milli þeirra einkenna og verkja sem M býr við í dag og áreksturs séu ósönnuð. V vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um að orsakatengsl séu sönnuð og sú sönnun hafi ekki tekist. Í fyrsta lagi telur V að kraftur í tjónsatburðinum frá 17. desember 2022 hafi

ekki verið nægur til að valda skaða á líkama M. V vísar um það til PC-Crash skýrslu þar sem komi fram að högg af árekstrinum hafi verið mjög vægt eða 1,28g. Skemmdir á bifreið M hafi verið smávægilegar, samkomulagsbætur fyrir munatjón hafi einungis verið 150.000 kr. Einnig komi fram í matsgerð dags. 24. ágúst 2024 það mat matsmanns að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sem sé ólíklegur til að valda heilsufarslegum skaða.

V vísar einnig til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 þar sem deilt hafi verið um sönnun orsakatengsla eftir vægan árekstur. Í því máli hafi verið dómkvaddur tækni- og verkfræðingur sem taldi að þyngdarhröðun sem samsvaraði 1,6 g væri eins og að hlamma sér aftur í sófa og slíkri hröðun væri ekki erfitt að ná fram í athöfnum daglegs lífs enda væri þetta ekki mjög há hröðun. V bendir á að hröðun sem mælst hafi í PC-Crash skýrslu í máli M hafi verið 1,28 og því minni en í umræddum dómi Landsréttar. Á þeim forsendum telur M að mjög ólíklegt sé að áreksturinn hafi leitt til varanlegs líkamstjóns og við það beri einnig að líta til þess að M búi við forskaða vegna eldri slysa, hafi glímt við veikindi og hafi lent í alla vega tveimur slysum eftir áreksturinn 2022. V telur í öðru lagi að einkenni þau sem M reki til áreksturs í desember 2022 séu þau sömu og hann þjáðist af fyrir umferðarslysið og megi helst rekja til annars umferðarslyss á árinu 2017 og annarra óhappa eftir áreksturinn. Í því samhengi vísar V til þess að M hafi fyrst leitað til læknis vegna einkenna eftir árekstur fjórum dögum eftir hann og næsta koma á heilsugæslu þar sem minnst hafi verið á áreksturinn hafi verið rétt rúmum tveimur mánuðum síðar en í millitíðinni hafi M lent í frítúmaslysi, eða þann 3. janúar 2023 og hafi eftir það kennt sér meins í baki og síðu. Einnig hafi M lent í öðru óhappi 26. apríl 2023 þar sem hann hafi lent harkalega á öxl.

V bendir á að af gögnum málsins verði ekki ráðið að M hafi leitað oftast en tvisvar til læknis vegna einkenna eftir áreksturinn í desember 2022, þ.e. fjórum dögum eftir hann og síðan tveimur mánuðum seinna, hann hafi ekki stundað sjúkraþjálfun eða aðra endurhæfingarmeðferð og hafi verið metinn til örorku hjá lífeyrissjóði áður vegna umferðarslyss 2017 og fæðingargalla auk þess að hafa verið í starfsendurhæfingu hjá Virk. V bendir á að sönnunarbyrði hvíli á M um að meiri líkur en meiri séu á sönnun orsakatengsla og vísar til dómaframkvæmdar Hæstaréttar varðandi það.

Hvað varðar matsgerð eins læknis sem fyrir liggur í málinu telur V hana ekki hafa sönnunargildi um orsakatengsl. V bendir á matsfundur hafi verið haldinn í mars 2024 eða 15 mánuðum eftir umferðarslys M og þá hafi M ekki leitað til læknis vegna slyssins í rúmt ár. V bendir einnig á að orsakatengsl verði einungis sönnuð með framlagningu matsgerðar sérfróðra og óvilhallra matsmanna og slík matsgerð liggja ekki fyrir. Matsgerðar eins læknis hafi verið aflað einhliða af M og hafi hún því ekki gildi gagnvart V auk þess sem hún sé eingöngu unnin af lækni, en ekki lækni og lögfræðingi eins og venjan sé, sem og að læknisfræðileg gögn sem liggja fyrir í málinu séu afar rýr. Þannig sé ólögglærður matsmaður að Osvara til um lögfræðilegt álitaefni eins og orsakatengsl í eins læknis mati og þegar um jafn vægan árekstur sé að ræða og hjá M sem og fátækleg læknisfræðileg gögn verði að gera strangari kröfur um sönnun. V telur M eiga að bera hallann af sönnunarskorti.

Í viðbótarathugasemdom M kemur fram ítrekun þeirra sjónarmiða að matsgerð dags. 24. ágúst 2024 sýni skýrlega fram á varanleg einkenni og orsakatengsl milli umferðarslyss M hinn 17. desember 2022 og þeirra líkamlegu afleiðinga sem M glími við.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um sönnun orsakatengsla vegna líkamstjóns og varðar það sönnun þess hvort meiri líkur en meiri séu á því að líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 17. desember 2022.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um að samkomulagsbætur hafi verið greiddar vegna tjóns á bifreið þeirri sem M ók og hafi þær verið 150.000 kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort greiddar hafi verið bætur fyrir tjón á bifreiðinni X. Af gögnum málsins má þó ráða að árekstur hafi ekki leitt til mikilla sýnilegra skemmda á bifreiðunum.

M leitaði til læknis fjórum dögum eftir árekstur og aftur um tveimur mánuðum eftir það þar sem hann lýsti einkennum sem hann rakti til umferðarslyssins. Í læknisfræðilegum gögnum liggja því fyrir lýsingar á líkamlegum einkennum M frá því að hann leitaði fyrst til læknis vegna umferðarslyssins 17. desember 2022 sem og upplýsingar um fyrra heilsufar hans og seinni slys. Þessu til viðbótar liggur fyrir matsgerð eins læknis þar sem fjallað er um mat á orsakatengslum milli einkenna M og umferðarslyssins, en það mat fór fram samhliða mati á varanlegri læknisfræðilegri örorku vegna

frítímaslyssins 3. janúar 2023. Í umræddri matsgerð sem dagsett er 24. ágúst 2024 kemur fram mat þess læknis á því að umferðarslysið „...gæti hafa valdið varanlegum heilsufarslegum afleiðingum.“ Mat læknisins er m.a. byggt á gögnum um tjónsatburð, læknisfræðilegum gögnum um heilsufar M í tengslum við umferðarslysið, fyrra heilsufar M, viðtali læknisins við M sem og læknisskoðun.

Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu telur nefndin rétt að áréttu þá afstöðu sem hún hefur lýst í nokkrum um að ekki verður litið framhjá því að ekki var samkomulag um öflun skýrslunnar, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á höggkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum höggkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er aflað með fyrrgreindum hætti án þess að litið sé til annarra gagna.

Hvað varðar mat á orsakatengslum vegna líkamstjóna verður nefndin einnig að áréttu að sönnunareglur taka mið af meginreglum einkamálaréttarfars um frjálst sönnunarmat dómara, sjá einnig 1. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála nr 91/1991. Það þýðir að mat á sönnun getur byggst á öllum þeim gögnum sem lögð eru fram af aðilum máls til sönnunar. Ágreiningur M og V lýtur m.a. að því í þessu máli hvort hægt sé að taka mið af því sem kemur fram í matsgerð eins læknis dags. 24. ágúst 2024 við sönnunarmat. Verður ekki litið svo á að ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993 útiloki með nokkrum hætti að mat eins læknis á tilteknum þáttum líkamstjóna tjónþola sé hluti af þeim gögnum sem sönnunarfærsla tekur mið af. Sjónarmið V um að matsgerðir þurfi að vera gerðar af tveimur óháðum óvilhøllum matsmönnum til þess að þær hafi vægi við sönnunarfærslu fá hvorki stoð í ákvæðum skaðabótalaga né reglum einkamálaréttarfars um frjálst sönnunarmat. Þó mat á sönnun sé lögfræðilegt mat þá byggir það á þeim gögnum sem liggja fyrir, bæði læknisfræðilegum gögnum og öðrum, og þar af leiðandi getur matsgerð eins læknis verið hluti af sönnunargögnum í málum sem þessu sem og önnur læknisfræðileg gögn. Mat nefndarinnar á sönnunargildi umræddrar matsgerðar tekur þó mið af því að matsgerðinni var aflað einhliða af M, líkt og PC-Crash skýrslu var aflað einhliða af V.

Þegar litið er til allra þeirra gagna sem liggja fyrir í máli M er ekki hægt að útiloka að M hafi fengið eitthvað högg á bifreið sína við áreksturinn 17. desember 2022 og ljóst er að greiddar voru bætur vegna munatjóns. M lýsti líkamlegum einkennum frá hálsi og baki nokkrum dögum eftir árekstur og ekki er útilokað að hann hafi verið viðkvæmari fyrir líkamstjóni vegna fyrra heilsufars hans. M lýsir síðan einkennum aftur með sama hætti um tveimur mánuðum síðar hjá lækni. Þessu til viðbótar liggur fyrir matsgerð læknis sem telur, samhliða mati á afleiðingum frítímaslyss hinn 3. janúar 2023, að ekki sé útilokað að umferðarslysið 17. desember hafi valdið varanlegum heilsufarslegum afleiðingum og af matsgerðinni verður ráðið að greint sé á milli afleiðinga umferðarslyssins og frítímaslyssins. Þrátt fyrir að vægi matsgerðarinnar við sönnun sé að einhverju leyti minna en annarra gagna, vegna þess að matsgerðarinnar er aflað einhliða, verður ekki að öllu leyti litið framhjá henni við mat á sönnun orsakatengsla.

Þegar öll þessi gögn eru vegin saman við sönnunarmatið telst M hafa sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og meiri líkur en minni séu á því að það tjón geti verið varanlegt. M telst því eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V og í því felst að hann á rétt til greiðslu þess sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. fyrrgreindra skaðabótalaga sem hlýst af öflun matsgerðar á öllum afleiðingum líkamstjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta vegna mats á líkamstjóni hans vegna áreksturs 17. desember 2024, úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 385/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

572. Málskot mótttekið 7. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
573. Bréf V dags. 24. október 2024 ásamt fylgiskjali.
574. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. október 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tjonstilkynningu fékk M slink á bakið þegar hann var að störfum við byggingarvinnu hinn 22. ágúst 2023. Kemur fram að einkenni vegna þessa séu miklir verkir neðarlega í baki og máttleysi í vinstri fæti, og hafi M verið óvinnufær frá slysdegi og fram til 1. apríl 2024. Hefur M krafist bóta úr slysáttryggingu sinni hjá M vegna slyssins en V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að brjós-klos sé undanskilið bótaskyldu samkvæmt skilmála váttryggingarinnar. Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að afleiðingar slyssins sé miklu meiri en bara brjós-klos og þær afleiðingar sem mest hafi háð M séu mátt- og kraftleysi í fætinum sem plagi hann enn rúmu ári eftir slysið. Þá þjáist hann enn af bakverkjum og hafi ekki getað nýtt sér gönguferðir til styrktar og heilsuþótar. Þá rekur M í málskoti að hann hafi verið viðskiptavinur V um áratugaskeið og hafi aldrei þurft að leita til félagsins vegna slysa eða veikinda. Hann sé þá ekki að gera miklar kröfur en í öllu falli fari hann fram á sjúkradagpeninga vegna þess tíma sem hann var að öllu leyti frá vinnu, þ.e. frá 22. ágúst 2023 og fram til 1. mars 2024.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmála váttryggingarinnar komi fram að jafnvel þó slys verði talin sönnuð orsök greiði félagið ekki bætur vegna m.a. brjós-kloss. Greining M hafi, samkvæmt göngudeildarskráningu dags. 8. nóvember 2023, verið brjós-klos. Greining á einkennum M sé því undanskilin úr slysáttryggingu samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, enda skýrt af fyrrgreindu skilmálaákvæði að félagið greiði ekki bætur vegna brjós-kloss.

Álit.

Í skilmála váttryggingar þeirrar sem um ræðir segir m.a. um takmarkanir á bótaskyldu: *Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirtalinna sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-kloss, þursabits (lumbago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma.* Verður því að telja að skýrlega komi fram að tjon vegna brjós-kloss sé undanskilið bótaskyldu.

M byggir í málskoti á því að afleiðingar slyssins séu mun meiri en rekja megi til brjós-kloss. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður hins vegar ekki annað séð en að M hafi greinst með brjós-klos og er annarra greininga ekki getið. Hefur M þannig ekki, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, sýnt fram á að einkenni hans sé að rekja til annars en brjós-kloss. Brjós-klos er eins og áður segir skýrlega undanþegið bótaskyldu og verður því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 386/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Sakarskipting.****Gögn.**

575. Málskot mótttekið 7. október 2024.

576. Bréf V dags. 27. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð hinn 15. ágúst 2024 árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók, á bifreiðastæði við Jörfabakka, Reykjavík. Á framhlið tjónstilkynningar er merkt við að A hafi komið frá hægri á gatnamótum og að B hafi ekið út frá bílastæði, lóð, einkavegi e.þ.h. og beygt til hægri. Í samskiptum ökumanns A við V kemur fram að A hafi verið í stæði við hliðina á veginum, bakkað út úr því og svo sé vegurinn fyrir framan hann. Það hafi verið byrjað að rökkva og hann hafi engan séð fyrir framan sig og B hafi verið lengra frá en ætlað að drífa sig og A hafi endað á að aka utan í B sem ekki hafi virt hægri rétt.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að B bæri alla sök á árekstrinum þar sem honum hefði borið að veita umferð frá hægri forgang við akstur á bifreiðastæðinu.

M fellir sig ekki við þau málalok og vísar í málskoti til þess að honum sé kunnugt um hægri regluna. Í þessu tilviki hafi ákoman verið á B aftarlega og meira en helmingur bifreiðarinnar kominn fram hjá beygjuni. Hefði A verið að fylgjast með hefði því ekki komið til tjóns. Hefði hann séð A hefði hann ekki keyrt fram hjá heldur hleypt A áfram en þar sem akstursleiðin sé þröng tíðkist það á þessu svæði að ökumenn beri virðingu hver fyrir öðrum. Í þessu tilviki og með hliðsjón af ákomu á B hafi A ekki einu sinni verið nálægt beygjuni þegar B ók fram hjá, enda hefði M annars staðnæmst. A segist þá ekki hafa séð B og velti M því fyrir sér hvar athygli A hafi verið enda sé B stór bifreið. Fer M því fram á aðra niðurstöðu við sakarskiptingu.

V, sem á tjónsdegi var váttryggjandi beggja bifreiða, gerir ekki sérstakar athugasemdir.

Álit.

Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Ljóst er af akstursstefnu bifreiða A og B að M, sem var ökumaður bifreiðar B, var með bifreið A sér á hægri hönd og bar að veita þeirri bifreið forgang í samræmi við fyrrgreind fyrirmæli 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga. M vísar til þess að ákoma á B, sem er á aftari farþegahurð hennar, bendi til þess að A hafi ekki verið með hugann við aksturinn og þess utan verið svo langt frá beygjuni að regla um forgang umferðar frá hægri hafi ekki verið orðin virk. Að mati nefndarinnar er ljóst að ökumaður B gætti umrætt sinn ekki nægilega að fyrrgreindum lagaáskilnaði og verða engar afdráttarlausar ályktanir um aksturslag A dregnar af ákomunni sem slíkri. Hefur því ekki verið sýnt fram á að leggja beri hluta sakar á A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 388/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Slysahtak váttryggingaréttar. Sönnun.

Gögn.

577. Málskot mótttekið 9. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
578. Bréf V dags 23. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
579. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 22. nóvember 2024, ásamt yfirlýsingu dags 8. nóvember 2024.
580. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 27. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í tjonstilkynningu M til V dags. 16. nóvember 2023 kemur fram að hinn 24. júní 2023 hafi M verið við vinnu sína þar sem hún sinni aðhlyningu fatlaðra. M lýsir atvikum þannig að hún hafi verið ásamt öðrum starfsmanni að aðstoða þungan skjólstaðing upp í rúm fyrir nóttina en skjólstaðingurinn sé með lömum og bundinn við hjólastól. M lýsir síðan atvikum þannig: „Við það að velta honum og toga í silkilak undir honum fékk ég hnykk á hrygginn. Ég hélt ég hefði fengið slæmt þursabit og hlúði að verkjunum með hitabakstri og kælingu.“ M lýsir því síðan að hún hafi leitað á heilsugæslu vegna verkja hinn 29. júní 2023, síðan á bráðamóttöku og 2. júlí 2023 hafi komið fram eftir myndatöku að M væri með brjóska í baki. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins er atvikum þannig lýst af hálfu X: „Var að aðstoða þungan einstakling upp í rúm, við það að velta honum og toga í silkilag sem þarf mikinn kraft, fékk hún hnykk í hrigg.“ Í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M lýsir því að hún hafi fengið slæman hnykk í vinnunni sem hafi leitt til bakverkja. Í viðbótargögnum M fylgir síðan yfirlýsing samstarfskonu M dags. 8. nóvember 2024 þar sem segir: „Ég staðfesti hér með að ég var ásamt [M] að aðstoða skjólstaðing, sem bundinn er við hjólastól, upp í rúm fyrir nóttina, en hann er lamaður á vinstri hlið líkamans. Þegar ég velti honum í átt að [M], þá valt hann of langt og þurfti [M] því að grípa hann. Fékk hún við það slink á bakið.“

M telur að hún hafi orðið fyrir slysi sem sé bótaskyldt úr slysáttryggingu launþega X hjá V skv. skilgreiningu váttryggingarskilmála á slysi. Þannig sé óumdeilt að M hafi hlotið meiðsli á líkama hinn 24. júní 2023 og að það hafi gerst án vilja M. Einnig hafi um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða þar sem M hafi ásamt samstarfskonu sinni verið að taka við skjólstaðingi sem hafi þurft að velta við og þegar honum hafi verið velt of langt til hennar hafi hún þurft að grípa hann og það hafi verið sú skyndilega og utanaðkomandi breyting sem M hafi þurft að bregðast við. M telur ekki sýnt að tjon hennar hafi orðið vegna sjúkdóms eða innra ástands í líkama hennar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysáttryggingu launþega og vísar til skilgreiningar á slysi í 8. gr. váttryggingarskilmála slysáttryggingar launþega. Þar segi að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. V vísar til þess að M þurfi samkvæmt almennum reglum váttryggingaréttar að sanna að tjon hennar falli undir gildissvið váttryggingarinnar. Vísar V einnig til dómaframkvæmdar þar sem til dæmis áreynsla eða ofraun á líkama hafi ekki verið talin til utanaðkomandi atburðar í skilningi slysahtaks váttryggingaréttar. V telur að miðaði við samtímagögn sem liggja fyrir um lýsingar á atviki hinn 24. júní 2023 verði ekki sannað að utanaðkomandi atburður hafi leitt til bakverkja M og vísar auk þess til þess að samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hafi M átt sögu um bakverki á árinu 2015. V vísar til lýsingar M sjálfar í tjonstilkynningu þar sem hún kveðst hafa verið að velta skjólstaðingi og toga í silkilak þegar hún hafi fengið hnykk á bakið og lýsingu í sjúkraskrá bráðamóttöku þar sem komi fram að M hafi fengið tak í bakið hinn 24. júní 2023 þegar hún hafi verið að lyfta þungum einstaklingi. Í hvorugum þessum lýsingum sé utanaðkomandi atburði lýst. Það hafi ekki verið fyrir en í málskoti, 16 mánuðum eftir atvikið, sem því hafi verið lýst með öðrum hætti af hálfu M og sú lýsing sé ekki í samræmi við frumgögn málsins. V vísar til dómaframkvæmdar um að almennt hafi verið litið svo á að bakmeiðsli sem megi rekja til þess að þungum hlut sé lyft falli ekki undir slysahtakið sem og ef

meiðsli verða þegar tjónþoli beitir líkama sínum ranglega, ofreynslu eða að líkamshlutar gefi sig, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 286/2017 og í máli Landsréttar nr. 403/2023.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til yfirlýsingar samstarfskonu M dags. 8. nóvember 2024 um atvik og þar komi fram að M hafi fengið slynk á bak vegna þess að hún hafi þurft að grípa skjólstæðing sem samstarfskona hennar hafi velt of langt. Átak hafi þannig breyst vegna utanaðkomandi atvika, þess að skjólstæðingur hennar rann of langt og hafi slíkar aðstæður verið metnar sem utanaðkomandi, t.d. í dómi Landsréttar í máli 414/2020. Einnig bendir M á að lýsingar í sjúkraskrá M þegar hún kom á bráðamóttöku og í tjónstilkynningu hennar til V séu í nægu samræmi við að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og hafi nefnt utanaðkomandi þáttinn við heimilislækni sinn án þess að sú lýsing hafi ratað í sjúkraskrá hennar. Einnig vísar M til þess að hvergi komi fram í læknisfræðilegum gögnum að meiðsli hennar megi rekja til innra ástands líkama hennar eða að það hafi leitt til meiðslanna. Þar að auki sé staðfest af lækni að ekkert í fyrri sjúkrasögu hennar sé hægt að tengja við meiðsli eftir slysið.

Í viðbótarathugasemdum V koma fram mótmæli við því að framlagning yfirlýsingar samstarfsmanns M dags. 8. nóvember sl. hafi sönnunargildi í málinu þar sem hún komi fram um einu og hálfu eftir að atvik varð sem og tæpu ári eftir að V hafnaði bótaskyldu í málinu. V telur ítarlega samtímalýsingu M sjálfrar hafa sönnunargildi og seinni tíma skýringar hafi ekki gildi í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um hvort sannað sé að meiðsli á líkama M hafi orðið við tjónatburð sem fellur undir gildissvið slysathyggingar launþega hjá V. Skilyrði þess að um slys sé að ræða í skilningi 8. gr. vátryggingarskilmála slysathyggingar launþega eru meðal annars að meiðsli megi rekja til utanaðkomandi atburðar en ekki sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama M. Við mat á því hvort sannað sé að utanaðkomandi atburður hafi leitt til meiðsla verður að meta þær upplýsingar sem liggja fyrir um aðdraganda tjónatburðar.

Lýsing M sjálfrar af atvikum í tjónstilkynningu til V dags. 16. nóvember 2023 bendir til þess að hún hafi verið að toga í silkilak undir fötluðum skjólstæðingi sem M og samstarfskona hennar voru að aðstoða við að koma í rúm. Þær upplýsingar fara ekki að öllu leyti saman við seinni lýsingar, þ.e. lýsingu í málskoti og yfirlýsingu samstarfskonu M dags. 8. nóvember 2024, eða eftir að málskot barst nefndinni. Ágreiningur er um hvort nægilega sé sannað að M hafi hlotið meiðsli sín eingöngu vegna utanaðkomandi atburðar, eða hvort meiðslin sé hægt að rekja til innra ástands í líkama M.

Þegar litið er til heildarmats á gögnum málsins verður litið til þess að samtímagögn geyma lýsingu af því að M hafi verið að toga í lak, án þess að getið sé sérstaklega að hún hafi þurft að grípa þann einstakling sem hún var að aðstoða í greint sinn. M ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti að utanaðkomandi atburður hafi átt sér stað. Hallann af sönnunarskorti um það ber M.

Í læknisfræðilegum gögnum kemur heldur ekki með skýrum hætti fram að þau meiðsli sem M fékk meðferð við séu þess eðlis að þau gætu ekki komið til nema vegna utanaðkomandi atburðar. Verður einnig að meta hallann af sönnunarskorti um það M í óhag.

Af framangreindu verður því ekki talið nægilega sannað að þau meiðsli sem M hlaut í vinnu sinni hafi verið slys í skilningi 8. gr. í vátryggingarskilmálum slysathyggingar launþega og á M því ekki rétt til bóta á grundvelli þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysathyggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 390/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

581. Málskot mótttekið 9. október 2024 ásamt fylgiskjölum.

582. Bréf V dags. 29. október 2024 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. febrúar 2017, hafi M lent í umferðarslysi sem farþegi í bifreiðinni A sem var þá í hennar eigu. M hafi orðið fyrir líkamstjóni er bifreiðin hafnaði utan vegar og hafi V verið tilkynnt um tjón hennar hinn 18. júní 2020. Hinn 12. október 2023 hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið útrunnin þegar tilkynningin barst félaginu. Hafi V talið að upphaf eins árs tilkynningarfrests skyldi miðað við 5. mars 2019 en þann dag hafi M leitað til læknis og óskað eftir röntgenmyndatöku til að meta eftirstöðvar slyssins. Mótmælir M þeirri afstöðu enda hafi hún með engu móti getað vitað af varanlegum afleiðingum slyssins á þeim tímapunkti. Ekki hafi verið orðið við beiðni hennar um myndatöku og hafi hún ekki fengið nein læknisfræðileg gögn eða upplýsingar sem gæfu til kynna að svo væri. Líta verði þá til þess að M hafi aðeins verið 19 ára á slysdegi og hafi hún orðið ólétt um ári eftir slysið og ekki verið hægt að rannsaka áverkann á meðan þungun varði. Af tilvísun til bæklunarlæknis dags. 31. júlí 2018 megi þá ráða að talið hafi verið að frekari meðferð og endurhæfing væri enn möguleg. Því sé fyrst haldið fram í læknisvottorði dags. 10. október 2023 að einkenni M séu varanleg. Er þá vísað til dómafordæma framangreindu til stuðnings. Jafnframt er vísað til 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga en höfnunarbréf félagsins sem barst um þremur árum eftir að því var tilkynnt um slysið, hafi ekki verið sent án ástæðulauss dráttar í skilningi ákvæðisins. Þegar svo hátti til falli réttur félagsins til að bera fyrir sig atvik að baki höfnun niður samkvæmt 2. mgr. 94. gr. sbr. 92. gr. sömu laga.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi óskað eftir sjúkragögnum eftir að tilkynning um slysið barst því 18. júní 2020. Engin slík gögn hafi borist fyrr en í janúar og fyrirbyggjandi læknisvottorð hafi ekki borist fyrr en 11. október 2023. Daginn eftir hafi V hafnað bótaskyldu. Er því þar af leiðandi hafnað að höfnun félagsins hafi ekki verið send án ástæðulauss dráttar. Í gögnum málsins komi fram að M hafi verið flutt með sjúkrabíl af slysstað og á bráðamóttöku þar sem hún hafi verið greind með samfallsbrot í hryggjarlið. Bæklunarlæknar hafi ráðlagt þriggja punkta bakbelti vegna brotsins og hafi M átt endurkomu til bæklunarlæknis hinn 3. mars 2017. Hafi hann ráðlagt henni að vera með bakspælkuna í fjórar vikur í viðbót. M hafi aftur leitað til læknis 19. júlí 2017 og þá fengið vottorð um óvinnufærni frá slysdegi. Hinn 31. júlí 2018 hafi M svo verið vísað til bæklunarlæknis en á þeim tíma hafi hún verið þunguð og því ekki gerð myndrannsókna. Var M vísað í sjúkráþjálfun. Næsta koma M til læknis hafi verið hinn 5. mars 2019 en þá hafi M óskað eftir röntgenmyndatöku til að meta eftirstöðvar slyssins. Sé það mat V að á þeim degi hafi M í allra síðasta lagi mátt gera sér grein fyrir því að um varanlegar afleiðingar væri að ræða. M hafi glímt við bakverki allt frá slysdegi, verið óvinnufær mánuðum saman og beri gögn málsins með sér að ekkert nýtt hafi komið fram um áverka hennar. Verði þá ekki séð að læknar hafi með einhverjum hætti gefið til kynna að fulls bata væri von. Sé því hafnað af hálfu félagsins að M hafi ekki gert sér grein fyrir varanleika afleiðinga slyssins fyrr en við útgáfu læknisvottorðs sex og hálfu ári eftir slysið.

Álit.

Í málaltilbúnaði M er vísað til þess að samkvæmt 1. mgr. 94. gr. laga um váttryggingarsamninga skuli váttryggingafélag tilkynna um það án ástæðulauss dráttar hyggist það bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að heild eða hluta samkvæmt ákvæðum 13. kafla laganna, ella falli réttur til þess niður sbr. 2. mgr. 94. gr. Er þá vísað til 92. gr. laganna en þar kemur fram að hafi váttryggingaratburður orðið skuli hver sá sem telji sig eiga kröfu á félagið skýra frá því án ástæðulauss dráttar. Í 2. mgr. 92. gr. segir þá að geti félagið ekki rannsakað tildrög váttryggingaratburðar sem þýðingu hafa fyrir ábyrgð þess eða

geti það ekki gert ráðstafanir er mundu hafa takmarkað umfang tjónsins vegna þess að einhver þeirra sem telji sig eiga kröfu á hendur því hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt tilkynningarskyldu sína megi lækka eða fella niður ábyrgðina gagnvart honum. Af framansögðu leiðir að réttur félagsins til að lækka eða fella niður ábyrgð á grundvelli 2. mgr. 92. gr. fellur niður sé ekki tilkynnt um slíka niðurfellingu án ástæðulauss dráttar. Ekki verður séð að V byggi höfnun sína á því að ekki hafi verið hægt að rannsaka tildrög slyssins eða grípa til tjonstakmörkunaraðgerða, eða á öðrum ákvæðum 13. kafla laganna. Þar sem ekki verður séð að tilgreind lagaákvæði eigi við í máli þessu kemur þetta atriði ekki til frekari skoðunar.

Ágreiningur þessa máls eins og það horfir við nefndinni varðar því aðeins það hvort tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124 gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn er tilkynning um slysið barst V hinn 18. júní 2020, en samkvæmt því ákvæði glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt m.a. slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á.

Fyrirliggjandi er læknisvottorð heilsugæslu dags. 10. október 2023, þar sem lýst er öllum komum M vegna slyssins og afleiðinga þess. Kemur þar fram að M var greind með samfallsbrot í hryggjarlið hinn 15. febrúar 2017. Við endurkomu til bæklunarlæknis hinn 3. mars 2017 var henni þá ráðlagt að vera með bakspelku í fjórar vikur til viðbótar og var það þá mat læknis að M kæmi til með að verða minna og minna verkjuð eftir því sem tíminn liði. M virðist þá ekki hafa sótt endurkomutíma sem áætlaður var tveimur vikum síðar. Hinn 19. júlí 2017 fékk M útgefið vottorð um óvinnufærni frá slysdegi. Hinn 31. júlí 2018 var þá gerð tilvísun til bæklunarlæknis. Kom þar fram að M fyndi alltaf fyrir verk yfir hryggjarliðnum. Bæklunarlæknir ráðlagði sjúkraþjálfun og eftirlit á heilsugæslu en vegna þungunar M voru á þeim tíma ekki framkvæmdar frekari rannsóknir en boðið upp á að vísa henni aftur á göngudeild bæklunarlækninga yrðu verkir áfram vandamál. Hinn 5. mars 2019 óskaði M eftir röntgenmyndatöku eins og áður er rakið en ekki verður séð af fyrirliggjandi gögnum að slík rannsókn hafi farið fram. Hinn 3. júlí 2000 fékk M svo útgefna beiðni í sjúkraþjálfun vegna bakverkja. Hinn 4. nóvember 2021 leitaði M enn á heilsugæslu vegna krónískra bakverkja og kom þá fram að hún hafi verið hjá sjúkraþjálfara í u.þ.b. mánuð.

Engin gögn liggja fyrir um meðferð M hjá sjúkraþjálfara og liggur ekki fyrir hvort hún sótti sjúkraþjálfun til samræmis við ráðleggingar bæklunarlæknis þess efnis á árinu 2018. Þau fremur takmörkuðu læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir nefndinni benda þá til þess að einkenni hennar hafi verið viðvarandi frá slysdegi og verður ekki ráðið af þeim að vonir hafi staðið til þess að fullur bati næðist með sjúkraþjálfun eða annarri meðferð, en eins og áður segir liggja engin gögn fyrir um slíka meðferð.

Þó veita verði tjonþolum nokkurt ráðrúm til að átta sig á því að afleiðingar séu varanlegar og bótaréttur kunni því, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að vera fyrir hendi verður að miða við einhver tímamörk í þeim efnum. Af framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að telja einkenni M hafi verið viðvarandi og að henni hafi því mátt vera ljóst, í síðasta lagi hinn 5. mars 2019 þegar hún fór fram á myndrannsókn, að einkenni hennar væru varanleg. Verður því að líta svo á að tilkynningarfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn er V barst tilkynning um slysið hinn 18. júní 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 391/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

583. Málskot mótttekið 10. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
584. Bréf V dags. 22. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
585. Viðbótarathugasemdir M, í bréfi dags. 9. desember 2024.
586. Viðbótarathugasemdir V, í tölvupósti dags. 9. desember 2024, ásamt myndbandsupptöku.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við störf sín í þágu X þann 27. ágúst 2022. Átti slysið sér stað er M var að sinna skautskiptum í kerskála X ásamt öðrum starfsmanni sem stjórnaði krana. M hafi verið að laga arm sem leggst að skauti og þurfti að stýra arminum á réttan stað með höndunum. Þegar M var að sinna þessu verki hafi komið slinkur á arminn þ.e. klemman hafi opnast fyrirvaralaust með þeim afleiðingum að M kastaðist aftur fyrir sig niður af kerinu og lenti illa. Hætti M strax störfum og leitaði á sjúkrahús. Var hún óvinnufær með öllu eftir slysið. Vegna slyssins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þeirri kröfu var hafnað af hálfu V með bréfi dags. 11. október 2023.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni hennar á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Byggt er á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M vegna vanbúnaðar á vinnustað og hættulegs verklags, enda beri vinnuveitandi ábyrgð á því að vinnuumhverfi og vinnuadstæður séu ásættanlegar og uppfylltar séu kröfur til öryggis sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum kveða á um. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laganna og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, máli sínu til stuðnings. M kveðst vera ósammála framsetningu á atvikum í atvikaskýrslu X og höfnunarbréfi V, en þar sé vísað til þess að M hafi misst tak á handfangi og gögn bendi til þess að hún hafi ekki verið búin að tryggja stöðu sína nógu vel á pallinum þegar hún tók í arminn til að stilla hann af og því misst jafnvægið þegar armurinn féll skyndilega að skauti. M áréttar þá atvikalýsingu sem lýst er hér að ofan. Vísar M til þess að X hafi ekki uppfyllt lögbundna tilkynningarskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrir en þegar tæpir þrjú mánuðir voru liðnir frá slysdegi. Þar sem M var strax óvinnufær og um var að ræða alvarlegt slys, bar X að tilkynna slysið án tafar. Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar hafi skortur á tilkynningu skv. 79. gr. – 81. gr. laga nr. 46/1980 þau réttaráhrif að vinnuveitandi ber hallann af sönnunarskortum um málsatvik ef ágreiningur rís um aðstæður á slysdegi eða aðdraganda slyss. Hefði rannsókn Vinnueftirlitsins getað gefið skýrari mynd af atvikum máls og orsökum slyssins. Einkum þar sem augljóslega sé uppi ágreiningur um málsatvik.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að X hafni því að slysið megi rekja til vanbúnaðar, hættulegs verklags eða vanrækslu. Slysið sé fremur að rekja til óhappatilviljunar eða eigin aðgæsluleysis af hálfu M umrætt sinn. M hafi þekkt aðstæður og verklag mjög vel enda hafði hún starfað hjá X frá árinu 2016. Mikið sé lagt upp úr að tryggja öryggi starfsmanna eftir fremsta megni við störf sín hjá X og fari allir starfsmenn í gegnum starfsþjálfun. M hlaut nýliðaþjálfun og ýmsa sértæka þjálfun tengda störfum hennar, sbr. skráningu í mannauðskerfi X. Atvikaskýrsla hafi verið unnin strax daginn eftir og hafi M sjálf verið viðstödd þá greiningu. Þar sem hún er af erlendum uppruna, var fenginn túlkur til að vera með til að forðast tungumálaerfiðleika sem og til að fá skýr sjónarmið og lýsingu á atvikinu. Að sögn X lýsti vitni atvikinu á þann veg að M hafi verið komin með hendur á handföng þegar armurinn féll aftur að stamma en við það hafi M misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig. Mótmælir V lýsingu M í málskoti og hafnar því jafnframt að X verði látinn bera hallann af meintum sönnunarskortum jafnvel þótt Vinnueftirliti hafi ekki verið tilkynnt um atvikið fyrir en síðar. Fjarvera vegna slyss hafi ekki verið skráð í tímaskráningarkerfi X fyrir en þann 3. september 2022. Þá beri tímaskráningar með sér að M hafi unnið fullan vinnudag á slysdegi og eins daginn eftir líka. Miðað við þær upplýsingar hafi ekki

stofnast tilkynningarskylda í skilningi 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. M hafi verið með áralanga reynslu og vel kunnugt aðstæðum sem gátu skapast við umrætt verk og því fullt tilefni til að sýna sérstaka aðgæslu. Ekkert liggi fyrir í málinu sem þyki renna nægum stöðum undir að skilyrði skaðabótaskyldu geti talist uppfyllt og verði vafi tengt síðari atvikalýsingu ekki jafnað til sönnunar skaðabótaábyrgðar. Vísar V til nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdom M kemur fram að hún hafi prófað að mæta til vinnu 2. september en farið heim. Öllum hafi mátt vera ljóst að hún leitaði á slysdeild á slysdegi vegna afleiðinga slyssins og var svo óvinnufær um langan tíma í kjölfarið. Leggur M áherslu á að X hafi sannanlega borið að tilkynna um slysið innan sólarhrings í samræmi við 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. X hafi ekki uppfyllt skyldu sína samkvæmt lögnum með því að gera einhliða atvikaskráningu og verði að bera hallann af sönnunarskorti þar sem augljóslega sé uppi ágreiningur um það hvernig nákvæmlega slysið atvikaðist og aðstæður á slysdegi.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum leitaði M á slysadeild samdægurs og var þá greind með klínískt rifbrot. Tveimur dögum síðar leitaði hún aftur á slysadeild vegna versnandi verkja í brjóstakassa, mjóbaki og hægri síðu. Leitaði hún næstu vikur reglulega til læknis vegna einkenna sinna og var metin óvinnufær með öllu frá slysdegi. Þannig er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulausrar tafar og getur röng skráning í mannauðskerfi X ekki breytt þeirri skyldu. Það var ekki gert og samkvæmt tölvupósti frá Vinnueftirlitinu dags. 30. september 2022 hafði slysið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Með vísan í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í máli því sem hér um ræðir greinir aðila á um málsatvik. Bendir nefndin á að M undirritaði ekki þá lýsingu á tildrögum slyssins sem fram kemur í atvikaskráningu X og því ekki ljóst hvort X hafi í þeirri skráningu haft orðrétt eftir M um málsatvik. Telja verður að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði getað varpað ljósi á aðstæður á vettvangi og orsök slyssins. Það hefði framburður vitnis einnig getað gert en V hefur kosið að vísa til þess sem X kveðst hafa haft eftir vitninu í stað þess að leggja fram undirritaða yfirlýsingu frá vitninu sjálfu. Í ljósi þessa verður X að bera hallan af sönnunarskorti um málsatvik og leggja verður frásögn M til grundvallar um málsatvik vegna vanrækslu X á tilkynningu til eftirlitsins. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Verður X að bera hallan af sönnunarskorti um hvort þessa hafi verið gætt í aðdraganda slyssins. Verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 393/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.****Gögn.**

587. Málskot mótttekið 10. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
588. Athugasemdir V, dags 23. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst með þeim hætti að tjón hafi orðið 5. nóvember 2020 þegar tjörufata hafi fokið af vinnulyftu í óveðri með þeim afleiðingum að tjöruslettur hafi þyrlast upp og á ytra byrði á suður- og austurhlíð fasteignarinnar A, en vinnulyftan hafi verið staðfest við suðurhlíð hússins. Einnig hafi tjöruslettur farið á bifreiðar sem stóðu við norðurhlíð hússins. Í málskoti byggir M á því að tjónið verði rakið til gálausrar háttsemi starfsmanna M og eigi því að bætast úr ábyrgðartryggingu sem M er með hjá V.

Með bréfi, dags. 9. febrúar 2023, hafnaði V bótaskyldu í málinu með þeim rökum að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna M, heldur væri það mat félagsins að um óhappatilvik væri að ræða. Bendir V m.a. á að í aðsendum gögnum frá M komi fram að ekkert hafi farið úrskeiðis við vinnuna, það hafi bara verið vindurinn sem olli því að tjörufatan fór á flug. Fleiri dósir hafi verið í lyftunni en þær hafi ekki farið af stað. Þá hafi komið fram að um hefðbundið verklag hafi verið að ræða.

Í málskoti mótmælir M framangreindum rökum V. Er m.a. bent á að M hafi alltaf byggt á því að kolvitlaust veður hafi verið á vettvangi í umrætt sinn. Hafi V m.a. verið send gögn þar sem kemur fram að 5. nóvember 2020 hafi vindur mælst rúmlega 24 metrar í hviðum auk þess sem legið hafi fyrir að gul veðurviðvörðun hafi verið gefin út fyrir höfuðborgarsvæðið þann dag. Taldi M því liggja fyrir að starfsmenn sínir hafi sýnt af sér umtalsvert gáleysi með því að fara með tjörutunnu upp í vinnulyftuna í svo mikla hæð sem raunin var við slíkar veðuráðstæður.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 23 október 2024, ítrekar félagið sín fyrri rök og þá skoðun að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna M heldur hafi verið um óhappatilvik að ræða. Bendir félagið á að engar veðurviðvaranir hafi verið í gildi fyrir höfuðborgarsvæðið né Faxaflóasvæðið þennan dag og að veðurspár hafi einungis gert ráð fyrir vindi í kring um 10 m/sek. Miðað við áætlaðan tíma á tjóninu hafi vindstyrkur ekki verið mikill og aðeins ein hviða hafi náð 21 m/sek.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð M á tjóni á fasteigninni A 5. nóvember 2020. Nefndin bendir á að þó í gögnum málsins sé að finna upplýsingar um það hvert umfang tjónsins kunni að vera liggur ekki fyrir að M hafi í raun verið krafinn um bætur vegna tjónsins. Þannig liggja aðeins fyrir gögn þar sem gerð er grein fyrir kostnaði við lagfæringar á A. Þá horfir þetta mál nokkuð einkennilega við þar sem það er M, sem krefst þess að nefndin úrskurði á þá leið að M beri skaðabótaábyrgð á tjóninu, þ.e. krafan stafar ekki frá hinum meinta tjónþola. Þrátt fyrir þetta telur nefndin sig vera þess umkomna að taka afstöðu til kröfu M.

Möguleg skaðabótaábyrgð M byggir á því að sýnt sé fram á að meintur tjónþoli, eigi skaðabótakröfu á hendur M á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að það takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar

háttsemi M eða starfsmanna sem M ber vinnuveitandaábyrgð á. Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir nefndina ber M því að sanna eigin sök eða sök starfsmanna sinna.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir liggur ekki annað fyrir um málsatvik en lýsing M. Þannig hafa engin önnur gögn verið lögð fram um það hverjar aðstæður voru á vinnustaðnum í umrætt sinn og hvernig umrætt tjón nákvæmlega atvikaðist. Hvorki M né hinir meintu tjónþolar virðast hafa hlutast til um að tryggja í upphafi að málsatvik yrðu upplýst með fullnægjandi hætti. Því liggja engin þau gögn fyrir í málinu sem hægt er að flokka sem frumgögn. Í raun virðist M fyrst og fremst byggja rök sín á upplýsingum um veðuraðstæður á tjónsdegi, en ágreiningur er milli aðila um réttmæti þeirra upplýsinga.

Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna sína eigin sök eða sök starfsmanna sinna í málinu. Með vísan í framangreindan skort á upplýsingum um málsatvik og aðstæður allar á tjónsdegi, telur nefndin að M hafi ekki tekist sú sönnun. Það er mat nefndarinnar að veðrupplýsingar einar og sér dugi þar skammt. Því er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að bæta beri tjónið úr ábyrgðartryggingu þeirri sem M var með hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón á fasteigninni A úr ábyrgðartryggingu þeirri sem M var með hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 394/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

18. Málskot dags. 10. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
19. Bréf V dags. 23. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
20. Viðbótarathugasemdir M dags. 31. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 28. október 2022, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M var að vinna við fermingu flugvélar og hafi þurft að fella út öryggishandrið á færibaldi til að koma stórum og þungum hlut á það. Á efri hluta öryggishandriðsins hafi vantað handfang til að fella það út og hafi því tíðkast að hlaðmenn notuðust við plast- eða málmstykki, jafnvel penna, í þeim tilgangi. Hafi M beitt slíkri aðferð til að opna handriðið en hafi vísifingur hans þá klemmst á milli færibandsins og handriðsins. M telur að rekja megi tjónið til ófullnægjandi aðstæðna og vanbúnaðar á vinnustað og hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X. Með bréfi dags. 10. október hafi V hafnað kröfu hans. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra á grundvelli þeirra kröfu sinni til stuðnings. Þannig hafi X vanrækt að tryggja að nauðsynleg tæki hentuðu til starfans og að notkun þeirra hefði ekki hættu í för með sér. Það hafi ekki verið nýtilkomið að handfangið vantaði og sé færibaldið í heild sinni í slæmu ástandi. Sú aðferð sem starfsmenn beittu við að fella út handriðið hafi ekki verið örugg en engin önnur leið hafi staðið þeim til boða. Þá hafi Vinnueftirlitinu ekki verið tilkynnt um slysið til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980, en skrifleg tilkynning til þess hafi fyrst verið send 31. október 2022. Leiði af því að leggja verði framburð M um atvik og aðstæður til grundvallar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt X sé umrætt færiband skoðað á 100 klukkustunda fresti, það smurt á 500 klukkustunda fresti og Vinnueftirlitið framkvæmi árlega skoðun á því. Fyrir slys M hafi skoðun þess farið fram 29. september 2022. Yfirmanni M hafi ekki verið kunnugt um að handfangið hafi dottið af en daglegir notendur tækisins hefðu átt að tilkynna um það. Það hafi þeir, þeirra á meðal M, ekki gert. Hafi M sjálfur tekið ákvörðun um að fella handriðið án tilskilins búnaðar og það hafi leitt til slyssins. Þar sem færibaldið hafi verið í góðu lagi við síðustu skoðun þess hafi X ekki haft tækifæri til að láta framkvæma viðgerð á því. Sé slys M því ekki að rekja til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð vegna.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að vinnuveitandi beri ábyrgð á öryggi starfsumhverfis og geti ekki afsalað slíkum skyldum til almennra starfsmanna og firrt sig með því ábyrgð. Af gögnum málsins virðist sem útbúnaði færibandsins hafi verið ábótavant um nokkurt skeið og allar líkur á því að starfsmenn hafi tilkynnt um það en X einfaldlega ekki brugðist við. Líklegt sé þá að umrædd bilun hafi ekki verið lagfærð þrátt fyrir að tækið hafi verið yfirfarið. Þar sem lögbundinni tilkynningarskyldu hafi ekki verið sinnt af hálfu X beri það hallann af sönnunarskortum framangreint. X hafi borið að tryggja forsvaranlegan aðbúnað og öruggt verklag starfsmanna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir slysi sem sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Fyrir liggur að M var óvinnufær frá slysdegi. X bar því, samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið án ástæðulausrar tafar. Þá má jafnframt telja að umrætt atvik falli

undir skilgreiningu 2. málslíðar 1. gr. 79. gr. laganna, og að því hafi átt að tilkynna Vinnueftirlitinu um það innan sólarhrings. Á grundvelli þess að það var ekki gert ber að slaka á almennum sönnunarkröfum hvað varðar atvikið sjálf, en um það virðist raunar ekki deilt að slysið hafi atvikast með þeim hætti sem M lýsir.

Verður þar af leiðandi byggt á því að slysið hafi atvikast með þeim hætti að M hafi reynt að taka niður öryggisgrind á færibaldi með því að nota penna eða annað stykki í stað handfangs, en ágreiningslaust virðist að handfangið vantaði. Öryggishandriðið hafi þá fallið á fingur hans. Virðist því ekki ágreiningur um að slys M verði rakið til þess að þar sem umrætt handfang var ekki til staðar hafi hann beitt framangreindri aðferð við verkið.

Í bréfi V er byggt á því að umrætt færiband hafi verið skoðað með reglubundnum hætti og ekkert athugavert hafi fundist við þær skoðanir. Þá hafi yfirmaður M ekki haft vitneskju um að handfangið væri ekki lengur til staðar. Þeim staðhæfingum hefur ekki verið hnekk af hálfu M. Þannig liggja t.a.m. ekki fyrir nein gögn, s.s. yfirlýsingar annarra starfsmanna, um að útbúnaði færibandsins hafi verið ábótavant um nokkurt skeið eða um að yfirmönnum hafi verið tilkynnt um það. Verður því ekki talið sýnt fram á að X hafi verið kunnugt um ofangreindan vanbúnað færibandsins sem tilefni væri til að bregðast við. Né er sýnt fram á að ástandi færibandsins, eftirliti og viðhaldi með því hafi að öðru leyti verið ábótavant.

Verður M að bera hallann af sönnunarskortri um framangreint og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 395/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

589. Málskot móttakið 11. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
590. Bréf V dags. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
591. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. september 2024.

Málsatvik.

Fram kemur í málskoti að M hafi lent í umferðarslysi hinn 8. júní 2024, þegar hann ók bifreið sinni A, út af Suðurstrandarvegi við Náthaga. Samkvæmt lögregluskýrslu segir M að ekkert sérstakt hafi truflað hann við aksturinn, hann hafi litið stuttlega á GPS hraðamæli, sem bifreiðin var útbúin, og áður en hann vissi af var hann búinn að aka út af. Slasaðist M alvarlega í umferðarslysinu. Tekið var blóðsýni af M af hálfu heilbrigðisstarfsmanna LSH að beiðni lögreglu. Samkvæmt niðurstöðu matsgerðar rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði (RLE) mældist í blóði M, 63 ng/ml af Ketamíni og 190 ng/ml af Oxýkódon. Var Ketamínið ekki hluti af mati á aksturshæfni þar sem líklegt er að hann hafi fengið það vegna verkjastillingar eftir slysið. Samkvæmt matsgerðinni taldist M óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M hefur sótt bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V. Með bréfi V dags. 3. september 2024 var bótaréttur M skertur að fullu úr slysáttryggingu ökumanns á eiganda á grundvelli 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) og 26. gr. almennra skilmála V. Jafnframt var talið að M hefði með háttsemi sinni brotið gegn varúðarreglu greinar 4.2. í skilmála ökutækjatrýggingar V. Með það í huga að fá afstöðu V breytt, aflaði M vottorðs frá læknum B. Samkvæmt vottorði hans, dags. 25. september 2024, er það mat B að M hafi mikla þolmyndun gagnvart lyfinu Oxýkódon og að ekki sé ástæða til að ætla að notkun lyfsins hafi verið nokkuð, hvað þá ráðandi þáttur í umferðarslysi M þann 8. júní 2024. Hafi V þrátt fyrir fyrrgreint vottorð ítrekað fyrri afstöðu sína. Telur M að afstaða V sé ekki í samræmi við dómaframkvæmd íslenskra dómstóla, í fyrsta lagi þar sem V beri sönnunarbyrði fyrir því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og í öðru lagi fyrir því að orsakasambandi sé á milli þeirrar háttsemi og slyssins. Vísar M til nánar tilgreindra dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. M hafi sögu um alvarleg umferðarslys auk þess sem hann hafi greinst með illkynja eitilfrumuæxli og þurft langvinna lyfjameðferð með krabbameinslyfjum. Vegna þessa hafi M síðan 2018 verið sinnt af læknum B, sem er sérfræðingur í lyf- og krabbameinslækningum. Hafi B ávísað M Oxýkódon vegna verkja sinna og hafi M verið á óbreyttum skammti af lyfinu síðan í október 2021. Lyfið sé ekki ólöglegt á íslensku efnahagssvæði. Hafi M myndað mikla þolmyndun gagnvart lyfinu líkt og alvanalegt sé með sjúklinga sem taka það í lengri tíma. Til séu margar ritrýndar rannsóknir um þetta efni þar sem rannsókuð er aksturshæfni sjúklinga með langtíma skammta af Oxýkódon. Niðurstaða þessara rannsókna er sú að enginn mælanlegur munur sé á aksturshæfni þessara sjúklinga. Byggir M einnig á því að matsgerð RLE hafi takmarkað sönnunargildi í málinu. Hennar hafi verið aflað einhliða af lögreglu, byggt er á almennum leiðbeiningum um lækningalegan styrk lyfja í blóði og ekki sé um klínískt mat á aksturshæfni að ræða. Þar af leiðandi sé ekki tekið tillit til fyrri heilsufarssögu viðkomandi og mögulegri þolmyndun gagnvart lyfi. Samkvæmt a-c. lið 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga sé hægt að hnekkja matsgerð RLE með læknisvottorði við ákvörðun sektar. Með vísan til ofangreinds telur M að orsök slyssins verði ekki rakin til lyfjanotkunar M. Til vara byggir M á því að V hafi ekki verið heimilt að skerða bótarétt hans að öllu leyti.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að skýr niðurstaða matsgerðar RLE feli í sér fullnægjandi sönnun fyrir því að M hafi verið undir miklum áhrifum Oxýkódons við aksturinn og hafi því verið með öllu ófær um að stjórna ökutækinu þegar slysið varð. Því sé ljóst að mati V að M hafi brotið gegn varúðarreglu greinar 4.2. í skilmála váttryggingarinnar og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka ákvörðun um að aka bifreiðinni undir áhrifum lyfsins. Samkvæmt lyfjaskrá sé Oxýkódon í flokki ávana- og fíknilyfja. Þá sé lyfið talið skv. lyfjaskrá draga úr hæfni til aksturs og notkunar véla. V telji því réttmætt samkvæmt fyrirliggjandi gögn og dómaframkvæmd að bótaréttur til M teljist fallinn

niður að fullu á grundvelli þess að M hafi brotið gegn varúðarreglu skilmála tryggingarinnar og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með akstri bifreiðarinnar. Að mati V er ljóst að skýr orsakatengsl eru milli lyfjanotkunar M og slyssins. Slysið varð á beinum og breiðum vegi við bestu mögulegu aðstæður, lítil umferð og veður hjart og þurrt. Telja megi mjög ósennilegt miðað við fyrirliggjandi myndir af afstöðu bifreiðarinnar og aðstæðum að orsök slyssins megi rekja til þess að M hafi litið af veginum í augnablik, líkt og hann lýsi í málskoti og lögregluskýrslu. Telur V að framlagt læknisvottorð B, hnekki ekki niðurstöðu RLE um að M hafi verið óhæfur til aksturs bifreiðarinnar þegar slysið varð. Hafi B vísað til ritrýndar greinar þar sem fram komi skerðing á hreyfihæfni sjúklinga sem voru með yfir 80 ng/mL af ópíóðum í blóði. Í tilfelli M sýndi blóðmæling hins vegar 190 ng/mL. Vísar V til niðurstöðu dómkvaddra matsmanna í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2190/2017, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að klínísk reynsla og rannsóknir á slævandi lyfjum bendi til þess að þó um langvarandi notkun slíkra lyfja sé að ræða þá myndist ekki þol fyrir þeirri færniskerðingu sem þessi lyf valda og vísað til rannsókna.

Í viðbótarathugasemdom sínum hafnar M því að tilvitnaður dómur Héraðsdóms Reykjavíkur sé sambærilegur máli hans og sé á nokkurn hátt fordæmisgefandi. Í tilviki M hafi engan rauðan þríhyrning verið að finna á lyfinu Oxycodone Alvogen, en það er það lyf sem M tók samkvæmt læknisráði. Í fylgiseðli með lyfinu segir: „*Oxycodon getur skert hæfni til aksturs og notkunar véla. Við meðferð í jafnværi er ekki víst að almennt bann við akstri eða notkun véla sé nauðsynlegt. Læknirinn sem sér um meðferðina verður að meta aðstæður hjá hverjum og einum. Ræddu við lækninn hvort eða við hvaða aðstæður þú megir aka bifreið.*“ Hafi öll lyfjanotkun M verið gerð í samráði við lækna.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um váttryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðing hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig.

Kveðið er á um það í 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef hann telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. Í 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga er að finna heimild fyrir ráðherra til að kveða með nánari hætti í reglugerð um vanhæfismörk, þ.e. hvenær ökumaður teljist vera óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja. Slík reglugerð hefur ekki verið sett. Fyrir liggur matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði mældist í blóði M, 63 ng/ml af Ketamíni og 190 ng/ml af Oxýkódon. Samkvæmt matsgerðinni taldist M óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið á grundvelli neyslu Oxýkódon. Var Ketamínið talið stafa frá lyfjagjöf eftir tjónsatburðinn. Í XVIII. kafla umferðarlaga er kveðið á um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laganna. Í 8. mgr. 101. gr. laganna kemur fram að ökumaður skuli ekki beittur viðurlögum ef þrjú skilyrði eru uppfyllt, þau eru:

- a. hann hefur meðferðis við stjórn ökutækis vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælast, og
- b. hann sýnir fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjaskírteini frá Sjúkratryggingum Íslands, sbr. lög um sjúkratryggingar, vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans mælast, og
- c. sýnt er fram á, með mati læknis að undangenginni læknisskoðun sem fram fer að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega.

Þá segir í 9. mgr. að í vottorði læknis skv. a-lið, skuli taka fram, að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um að stjórna ökutæki. M hafði ekki slíkt vottorð meðferðis umrætt sinn og ekki liggur fyrir hvort hann hafi eða til standi að beita hann viðurlögum vegna akstursins umrætt sinn. Hefur hann eftir umferðarslysið og höfnun V á bótaskyldu, aflað vottorðs síns meðferðarlæknis, þar sem sjúkrasaga M er tilgreind, ásamt upplýsingum um þá verkjameðferð sem hann hefur gengist undir í lækningaskyni. Er það mat hans meðferðarlæknis að M hafi myndað mikla þolmyndun gagnvart lyfinu Oxýkódon. Vísar hann til þess að miðað við

rannsóknir, þekkingu og sannaða reynslu sérfræðinga, sé ekki ástæða til þess að telja að notkun lyfsins hafi verið nokkur, hvað þá ráðandi þáttur í umferðarslysi því sem M lenti í vorið 2024. Í fylgiseðli fyrir lyfinu kemur einnig fram að við meðferð í jafnvægi sé ekki víst að almennt bann við akstri eða notkun véla sé nauðsynleg. Læknir sem sér um meðferðina verði að meta aðstæður hjá hverjum og einum. V ber sönnunarbyrði um að M hafi verið óhæfur til að stjórna ökutækinu umrætt sinn og hefur ekki lagt fram frekari gögn til stuðnings því sem fram kemur í matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Gera umferðarlögin sérstaklega ráð fyrir því að unnt sé að niðurstöðu blóðsýna með framlagningu annarra gagna. Með hliðsjón af öllum framangreindu er það álit nefndarinnar að V hafi ekki sýnt fram á að M hafi verið óhæfur til að stjórna ökutækinu umrætt sinn. Á M þannig rétt á óskertum bótum af hálfu V úr slysatryggingu ökumanns og eiganda

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A, hjá V.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 397/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

592. Málskot mótttekið 11. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
593. Athugasemdir V, dags 15. nóvember 2024.
594. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 26. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 22. júní 2021 orðið fyrir líkamstjóni í skipulagðri íshellaferð í Kötluhelli á Suðurlandi á vegum X. Hafi M í umrætt sinn verið hluti af hópi ferðamanna sem voru að ganga að Kötluhelli við Kötlujökul. Á þeirri leið hafi hópurinn m.a. þurft að ganga yfir göngubrú (planka) til að komast yfir sprungu. Hafi tveimur plönkum (göngubrúm) verið komið fyrir til þess að hægt væri að ganga yfir sprunguna. Hafi M gengið yfir þá göngubrú (planka) sem var vinstra megin en sú brú hafi verið örlítið breiðari en sú sem var hægra megin. Þegar M hafi verið að ganga yfir hafi brúin gefið sig með þeim afleiðingum að M hafi dottið ofan í sprunguna undir brúnni. Við fallið hafi M fótbrotnað og hafi síðan þurft að gangast undir tvær aðgerðir vegna þess.

Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins það sem leiðsögumaður ferðarinnar hafi sýnt af sér gáleysislega háttsemi í umrætt sinn. Hafi hann ekki tryggt að allir þátttakendur ferðarinnar fengju leiðbeiningar um yfir hvora brúna ætti að ganga, nokkuð sem verði að teljast mikilvægt öryggisatriði. Er sérstaklega á það bent í málskotinu að þegar komið var að sprungunni hafi M verið aftast í hópi ferðamanna. Í lögregluskýrslu, dags. 11. júlí 2021, er haft eftir leiðsögumanni að í hópum hafi verið 12 ferðamenn. Í málskotinu kemur einnig fram að M segist ekki hafa fengið neinar leiðbeiningar frá leiðsögumanninum um það yfir hvora brúna ætti að ganga. Þá hafi leiðsögumaðurinn ekki gripið til neinna annarra ráðstafana til að tryggja að ferðamennirnir færu ekki yfir þá brú sem var vinstra megin eins og raunin var um M. Auk þessa hafi leiðsögumaðurinn gengið fyrstur yfir brúna og því skilið hópinn eftir án fullnægjandi leiðsagnar og eftirlits. Auk framangreinds er á það bent í málskotinu að umræddir tveir plankar sem hafi legið hlið við hlið yfir sprunguna, hafi verið mjög líkir í útliti. Erlendir ferðamenn, líkt og M, eigi því erfitt með að átta sig á því að aðeins væri öruggt að ganga yfir annan plankann. Þá hafi erlendir ferðamenn ekki mikla þekkingu á íslenskri náttúru og geti því ekki gert sér grein fyrir þeim breytilegu aðstæðum sem kunna að vera fyrir hendi eða hvaða hætta geti skapast vegna þeirra. M sem hafði enga reynslu af íslenskri náttúru hafi því ekki getað gert sér grein fyrir því að önnur brúin fæli í sér meiri slyshættu en hin enda hafi M ekki fengið þær leiðbeiningar frá leiðsögumanninum. Þá hafi ekkert verið sem hindraði að ferðamennirnir færu yfir vinstri plankann eins og M gerði.

Af hálfu V er því hafnað að X beri ábyrgð á tjóni M vegna gálausrar háttsemi leiðsögumannsins. Í athugasemdum frá V, dags. 15. nóvember 2024, segir m.a. eftirfarandi varðandi þá neitun: „Eins og fram kemur í afstöðubréfi félagsins, sem er dags. 31.7.2024 og er fylgiskjal nr. 6 í málskoti til nefndarinnar, fór leiðsögumaður yfir öll öryggisatriði áður en farið var af stað. Fyrst byrjar leiðsögumaður á því að afhenda þátttakendum hjálma og öryggisbrodda ásamt því að fara sérstaklega yfir hvað sé í vændum, þ.á.m. að tvær brýr séu á svæðinu og alltaf eigi að fara yfir sömu brú og leiðsögumaðurinn. Fór hann því yfir að fylgja ætti honum í einfaldri röð og aðeins mætti einn fara yfir brúna í einu. Þessar öryggisleiðbeiningar voru síðan ítrekaðar af hálfu leiðsögumanns þegar komið var að brúnni. Getur félagið því ekki fallist á með málskotsaðila að ekki hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að koma öryggisleiðbeiningum til skila. Málskotsaðili vísar til þess að háttsemi váttryggingartaka hafi verið gáleysisleg þar sem leiðsögumaður hafi gengið fyrstur yfir brúna og hafi því skilið hópinn eftir án fullnægjandi leiðsagnar og eftirlits. Þessu er mótmælt af hálfu X. Það er fyrst og fremst vegna öryggissjónarmiða sem leiðsögumaður gengur fyrst yfir brúna. Í fyrsta lagi til að

leiða hópinn yfir rétta brú samkvæmt þeim leiðbeiningum sem hann gaf hópnum um að fylgja ætti honum í einfaldri röð og í öðru lagi fer hann fyrstur yfir til að kanna aðstæður á svæðinu og hvort allt væri öruggt til að ganga yfir næstu brú. Því hafi þessi háttsemi leiðsögumans ekki falið í sér gáleysi heldur hafi hann verið að sinna skyldum sínum og draga með því úr slyshættu og tryggja öryggi.“

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir slysi vegna saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð á. Gögn fyrir nefndinni um slysið og aðstæður á slysdegi eru fremur takmörkuð. Ef frá er talið fremur stuttaraleg frásögn í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu er í gögnum málsins ekki að finna annan vitnisburð um atvik máls en þann sem stafar annars vegar frá M og hins vegar frá X og umræddum leiðsögumanni. Það er því niðurstaða nefndarinnar að gegn neitun X hafi M ekki tekist að sýna fram á að umræddur leiðsögumaður hafi ekki uppfyllt þær faglegu kröfur sem gera verður til hans í umrætt sinn. Nefndin telur því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 398/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

595. Málskot mótttekið 14. október 2024.
596. Athugasemdir V2, dags. 12. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
597. Athugasemdir V1, dags. 13. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 19. júlí 2024 varð árekstur milli A og B. A var ábyrgðartryggð hjá V1 og B hjá V2. Í tjónstilkynningu frá M sem var ökumaður A er málsatvikum nánar lýst með þeim hætti að A hafi verið ekið á eftir B á Reykjanesbraut, er B hafi allt í einu snarhemað með þeim afleiðingum að ökumaður A náði ekki að hemla í tæka tíð og A lenti aftan á B. Við það hafi A orðið óökuhæf. B er bílaleigubifreið sem var í útleigu er áreksturinn átti sér stað. Ekki var sameiginleg tjónaskýrsla gerð á vettvangi. Í málskoti er sambærilega lýsingu að finna.

Í málskoti byggir M á því að skipta beri sök milli A og B. Hljóti ökumaður B, sem hafi í umrætt sinn nauðhemað skyndilega án augljósrar ástæðu, í það minnsta að bera ábyrgð á árekstrinum að hluta til. Bendir M á að með þeirri ákvörðun sinni að hemla skyndilega hafi ökumaður B brotið gegn 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Tekur M jafnframt fram að foreldrar hans, geti borið vitni um háttsemi ökumanns B. Þá bendir M á að V2 hafi ekki tekist, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að ná sambandi við leigutaka B. Krefst M þess að sök verði skipt milli A og B.

Í athugasemdum frá V2 til nefndarinnar, dags. 12. desember 2024, er m.a. bent á að ekki hafi verið gerð sameiginleg tjónstilkynning á vettvangi, né óskað eftir aðstoð frá Aðstoð og Öryggi eða lögreglu. Eigandi A hafi hins vegar einhliða skilað inn tilkynningu um áreksturinn til V1 31. júlí 2024. Þá upplýsir V2 að félaginu hafi hvorki borist svör frá fyrirsvarsmönnum viðkomandi bílaleigu né leigutaka B. Félagið dregur þó ekki í efa að tjónið hafi átt sér stað enda liggi fyrir myndir af báðum ökutækjum. Síðan bendir V2 á að á þeim stað og tíma þar sem áreksturinn er sagður hafa orðið sé almennt mikil og þétt umferð. Ef á annað borð sú lýsing M að B hafi hemað skyndilega yrði lögð til grundvallar verði að gera ráð fyrir að það hafi verið vegna umferðar fyrir framan B. Bendir V2 á að samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skuli ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt fremra ökutækið stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Telur V2 að M hafi ekki tekist að sanna að ökumaður B hafi hagað akstri sínum með saknæmum hætti, heldur hafi M þvert á móti ekki gætt að skilyrðum 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga og því ekki náð að bregðast nægjanlega snögg við í umrætt sinn með þeim afleiðingum að árekstur varð milli A og B. M beri því alla sök í málinu.

Í athugasemdum til nefndarinnar frá V1, dags. 13. desember 2024, kemur fram að félagið telur að skipta beri sök milli ökumanna A og B. Færir félagið fyrir því þau rök að M hafi brotið gegn 1. málslið 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Jafnframt byggir V1 á því að ökumaður B eigi að bera helming sakar í málinu. Vísar félagið þar annars vegar til staðfasts framburðar M um málsatvik og hins vegar að ekki hafi tekist að fá framburð ökumanns B. Telur V1 að ökumaður B hafi bæði brotið gegn háttensisreglu 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og 3. mgr. 36. gr. sömu laga, en seinna ákvæðið geri kröfu til ökumanna um að þeir hemli ekki svo snögglega að það tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur milli A og B 19. júlí 2024. Í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir eftirfarandi: „Ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skal vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess að jafnaði gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna.“ M, byggir á því að tjónið verði að verulegu leyti til rakið til þess að ökumaður B hafi án skýringar hemað skyndilega

með þeim afleiðingum að A lenti aftan á B. Byggir M þetta á sínum eigin framburði en hvorki var fyllt út sameiginleg tjónstilkynning á vettvangi, né óskuðu aðilar eftir aðstoð frá Aðstoð og öryggi eða lögreglu. Þá nefnir M að foreldrar sínir gætu vitnað um atvikið án þess að nein frekari gögn liggi fyrir um þann vitnisburð. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að M hafi ekki tekist að sýna fram á að ökumanni B verði að einhverju leyti kennt um áreksturinn heldur verði að byggja á því að tjónið verði rakið til þess að ökumaður A braut gegn framangreindu ákvæði umferðarlaga. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddu atviki.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 399/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

5. Málskot mótttekið 15. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
6. Bréf V, dags. 13. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
7. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. nóvember 2024, ásamt myndbandi.
8. Viðbótarathugasemdir V, dags. 27. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að haustið 2022 hafi verktakinn X unnið að viðgerðum á þaki húseignar M. Í verkinu fólst m.a. að skipta um þakpappa á þaki hússins. Í júlí 2024 kom upp leki frá þaki hússins sem olli skemmdum á loftklæðningu hússins. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V var kröfu M hafnað þar sem ósannað þótti að tjónið mætti rekja til viðgerðar X á þakinu árið 2022. M er þessu ósammála og telur að tjón hafi hlotist af vinnubrögðum X þegar hann endurnýjaði þakið. Þakpappi hafi verið illa bræddur saman á samskeytum sem hafi leitt til þess að vatn lak inn og skemmdi loftklæðningu sem nýbúið var að skipta um. Greinilegar rifur hafi verið á samskeytum þakpappans. Hafi X verið kallaður til og hafi hann kíttað í stærstu rifuna. Eftir einhvern tíma hafi orðið vart við meiri leka í öðru rými en á svipuðum stað. Þá hafi X komið aftur með annað efni og sett á samskeytin. M fékk löggiltan húsasmíðameistara og þakpappalagningarmann til að taka út verk X. Í skoðunarskýrslu þeirra, dags. 6. september 2024 kemur fram að lagning á þakpappa hafi augljóslega misfarist er varðar samanbræðslu samskeyta, mest um miðbik þaksins, í námunda við niðurföll þaksins á lægsta punkti þess og út frá þeim. Leggja þeir til að endurbrætt verði samskeytin þar sem augljóslega sé þörf á og komið verði við, annars leggja nýtt lag pappa á þakið á því svæði sem talið verði þörf á. Í viðbótaraskýrslu þeirra dags. 10. október 2024 ítreka þeir fyrri niðurstöðu sína og segja ólíklegt að lekinn sé af völdum þess að laufgildrum hafi verið komið fyrir við op á niðurfallsrörum.

Í bréfi V til nefndarinnar bendir V á að orsök lekans liggja ekki fyrir og því teljist málið ósannað. Í fyrirliggjandi skoðunarskýrslum séu einungis settar fram tilgátur þeirra skoðunarmanna sem skoðuðu þakið um að lekann sé að rekja til þess eftir sjónskoðun þeirra á þakinu. Þakið hafði ekki lekið í nær tvö ár frá því X lagði þakpappann á það. Ef orsök lekans væri að rekja til frágangs hans á þakpappanum líkt og M haldi fram, hefði lekinn komið strax fram eða fljótlega eftir að hann lagði þakpappann haustið 2022, en ekki nær tveimur árum síðar. Annar aðili á vegum M hafi sett laufgildir í niðurföll þaksins en það hafi verið gert með því að þrengja niðurföllin með rörum sem boruð hafa verið göt á. Telur X að lekann sé að rekja til annars þeirra. Hafi X farið upp á þakið þegar hann fékk símtal frá M um að þakið væri farið að leka og sá þá stóran poll á þakinu sem sýndi að niðurföllin virkuðu ekki sem skildi. Niðurfall á þakinu hafi verið laust og þar hafi líklega vatn komist undir pappann og inn í húseignina. Það hafi ekki verið X sem kom niðurföllunum fyrir og kíttaði þau föst, heldur annar aðili á vegum M. Telur V því ósannað að vatnsskemmdirnar á húseign M megi rekja til viðgerðar X á þakinu haustið 2022 eða annarra atvika sem hann getur borið ábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum M hafnar hún því að niðurfall það sem bent er á í bréfi V, hafi lekið og vísar því til stuðnings til fyrirliggjandi skoðunarskýrslu. Samskeytin á pappanum hafi ekki verið brædd nógu vel saman sem þýðir að vatn kemst þar undir, það frýs svo og þiðnar til skiptis, rifan stækkar og vatnið lekur inn. Þetta ferli geti tekið smá tíma, líkt og 20 mánuði. Það geti ekki talist eðlileg ending á rándýrri þakviðgerð.

V vísar til þess í viðbótarathugasemdum sínum að um sé að ræða tvöfaldan þakpappa. Þrátt fyrir að frágangur á efra lagi þakpappans sé þannig að samskeyti gapi á fáeinum stöðum, þýði það ekki að það leki inn í húseignina. Þá bendir V á að tryggingin bæti ekki tjónið á húspakinu sjálfu eða vinnu við að

leggja nýjan þakpappa, sbr. a-lið greinar 4.2 í skilmála vátryggingarinnar þar sem fram komi að tryggingin bæti ekki tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort tjón M sé bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjónið M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Fyrst ber að nefna að af lýsingu atvika má ráða að X og M hafi gert með sér samning um að X tæki að sér vinnu við fasteign M, þ.e. að viðgerðir á þaki sem fólu í sér lagningu þakpappa haustið 2022. Um slíka samninga gilda lög um þjónustukaup nr. 42/2000, sbr. 2. tl. 1. mgr. laganna. Sé til staðar ágalli sem rekja má til vinnu X, fellur sá ágalli ekki undir ábyrgðartryggingu X hjá V, sbr. a-lið greinar 4.2. í skilmála ábyrgðartryggingarinnar þar sem fram kemur að vátryggingin bæti ekki tjón innan samninga. Í slíkum tilvikum geta neytendur, þ.e. í þessu tilviki M, lagt kröfu um úrbætur fyrir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sem er sá aðili sem á úrskurðar um vanefndir innan samninga.

Öðru máli gegnir um afleiðingar lekans þ.e. skemmdir á loftklæðningu hússins. Litlar sem engar upplýsingar hafa verið lagðar fram af hálfu M um þær skemmdir, hvorki liggur fyrir umfang skemmda né hvar í húsinu sá leki hafi verið. Fyrirliggjandi skoðunarskýrslur tilgreina hvorki hvar lekinn hafi verið né staðfesta með nákvæmum hætti hvaðan hann kom. Þannig liggur ekki fyrir sönnun þess að orsök lekans megi rekja til vinnu X á þakinu haustið 2022. Sá sem gerir skaðabótakröfu á annan ber hallann af slíkum sönnunarskortum. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 400/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

598. Málskot mótttekið 16. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
599. Athugasemdir V, dags 25. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
600. Viðbótarathugasemdir M með ódagsettu bréfi.
601. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. desember 2024

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að vatnstjón varð í húseign í eigu M 1. ágúst 2024. Nánar tiltekið lýsa M tjonstilvikinu með þeim hætti að vatn hafi flætt upp úr klósetti og niðurföllum í kjallara í um það bil tíu mínútur og hafi vatnshæðin verið rúmlega tólf sentimetrar þegar þessu linnti. Upplýsa M jafnframt að þegar slökkviliðið kom á staðinn klukkutíma eftir að byrjaði að flæða hafi húsráðendur verið búnir að ausa mesta vatninu út. Mikill sandur og drulla hafi komið með vatninu. Allt gólfefni í kjallara sé ónýtt og skemmdir hafi orðið á veggjum, gólflistum, magnaraboxi, fataskáp, náttborðum, rúmgafli, taukørfum, gólfmottum og hleðslutækjum. Þá vísa M nánar í myndir sem fylgdu með málskotinu varðandi eðli og umfang tjónsins. M taka einnig fram að tilteknir nágrannar hans hafi orðið fyrir sambærilegu tjóni. M sendu tjonstilkynningu til V sem hafnaði bótaskyldu með tölvubréfi, dags. 25. ágúst 2024. Rök V voru að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X.

M telja að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Í fylgiskjali með málskoti M er haft eftir starfsfólki X að í umrætt sinn hafi verið svo mikil rigning að kjallaradælur húseigna þeirra sem urðu fyrir tjóni hafi ekki haft undan. Þær dælur séu í eigu og á ábyrgð húseigenda. Því verði tjónið ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Þessu mótmæla M og staðhæfa að dælan sé algjörlega óviðkomandi því vatni sem kom inn í húsið. Þá benda M á að samskonar tjón hafi orðið hjá nágrönnum þeirra sem bendi til þess að rekja megi tjónið til þess að þrýstingur hafi myndast í stofnlögn X sem hafi leitt af sér þennan vatnsflutning inn í hús. Þá upplýstu M jafnframt að þau og nágrannar þeirra hafi fengið sérfræðinga til að skoða frárennslislagnir frá húsum þeirra. Hafi sú skoðun leitt í ljós að lagnirnar eru allar fõðraðar steinlagnir, hreinar og sjálfhreinsandi og hvergi með fyrirstöðu. Auk framangreinds telja M að X hafi vanmetið ástandið í umrætt sinn og ekki sinnt þeirri skyldu sinni að hreinsa niðurföll á svæðinu. Auk framangreinds byggja M á því að þau rök X að ekki geti komið til ábyrgðar nema M takist að sýna fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X stangist á við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Telja M að þar komi fram að valdi aðili tjóni á fráveitukerfi með losun efna eða hluta skipti ekki máli hvort tjónið hafi orðið með saknæmum hætti af hálfu tjónvalds eða þeirra starfsmanna hans sem tjóninu valda.

V hefur, eins og áður segir, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Bendir V á að til þess að bótaskylda stofnist þurfi M að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi starfsmanna X, en X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni M. V telur í fyrsta lagi að orsök tjóns M sé óþekkt. Jafnframt bendir V á að X telji að langsennilegasta skýringin á tjóninu sé að kerfi innan lóðar M hafi ekki haft undan úrkomumagninu á tjónsdegi en þá hafði verið mjög mikil úrkoma á höfuðborgarsvæðinu. Sólarhringsúrkoma samkvæmt upplýsingum frá M hafi verið 19,5 mm og á aðeins einni klst. hafi úrkomu verið 8,9 mm sem sé óvanalega mikið. Óvenju mikil úrkoma á stuttum tíma sé því frumorsök tjónsins. Þá hafnar V þeirri fullyrðingu M að lagnakerfi innan lóðar geti ekki verið orsakavaldur tjónsins. Bendir V á að þrátt fyrir að lagnakerfið sé nýlegt og í lagi að öðru leyti líkt og M greina frá í málskotinu þýði það ekki endilega að það hafi ráðið við það mikla úrkomumagn sem féll á stuttum tíma og hafi verið meginorsök tjónsins. V hafnar þeirri fullyrðingu M að V hafi ekki sinnt skyldu sinni til að hreinsa niðurföll í umræddri götu og víðar í nágrenninu. Bendir V á að

Það sé veghaldara, ekki X, að hreinsa frá niðurföllum á yfirborði. Þá mótmælir V því að X hafi átt að opna fyrir neyðarlúgur til að gera tilraun til þess að hraða rennsli enda myndi rennslið ekki aukast við það. Einnig bendir V á að 20. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 eigi ekki við í málinu. Ljóst sé að X olli ekki tjóni á fráveitukerfi með losun efna eða hluta í fráveitu. Þá bendir V á að ekkert bendi til þess að eftirliti með umræddum lögnum X hafi verið ábótavant eða á skjön við lög eða verklagsreglur X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um mögulega skaðabótaábyrgð X, gagnvart tjóni því sem M krefjast að fá bætt. Mögulegur bótaréttur M byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á X á grundvelli gildandi skaðabótareglna í íslenskum rétti, þ.e. annað hvort sakarreglunni eða reglunni um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að þeim sem krefst bóta takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Lög nr. 9/2009 eiga ekki við um ágreiningsefni þessa máls.

Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu telur nefndin að M hafi ekki tekist framangreind sönnun. Í raun er erfitt fyrir nefndina að átta sig nákvæmlega á því af málatilbúnaði M hver sú gálausa háttsemi er sem M telja að eigi að leiða til þess X eigi að bera skaðabótaábyrgð í málinu. Með hliðsjón af fyrrnefndum almennum sönnunareglum verður að meta skort á slíkum sönnunargögnum M í óhag. M eiga því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Hér vísast einnig í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 348/2024. Í því máli komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki væri fyrir hendi skaðabótaskylda vegna sambærilegs tjóns og hér er tekið til úrskurðar.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 401/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

- 602. Málskot mótttekið 16. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 603. Bréf V dags. 29. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 604. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við störf sín í þágu X hinn 18. september 2022 er hún var að vinna í þvottahúsi X við nýja strauvél. Þegar M var að setja sængurver í vélina, vafðist smá þráður um fingur hennar með þeim afleiðingum að hægri hönd hennar dróst með sængurverinu inn í strauvélinu. Samstarfskona M slökkti á vélinni en þá hafði vélin klemmt hönd M illa og var hún föst í vélinni í um tíu mínútur. Leitaði M samdægurs á bráðamóttöku þar sem hún var greind með yfirborðsáverka á úlnlið og hendi. Vegna slyssins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þeirri kröfu var hafnað af hálfu V með bréfi, dags. 23. febrúar 2024, á þeim grundvelli að um óhappatvik hafi verið að ræða.

M telur að slysið megi rekja til þess að X hafi vanrækt að tryggja öryggi starfsmanna sinna, enda hafi umrædd strauvél verið vanbúin og starfsmenn ekki hlotið viðeigandi þjálfun við notkun hennar. X beri skylda til að tryggja að vinnu skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Máli sínu til stuðnings vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Í fyrsta lagi byggir M á því að X hafi vanrækt að gera áhættumat, áhættugreiningu og vinnulýsingu fyrir umræddan verkþátt og sé sú vanræksla brot á ákvæðum fyrrgreindra laga og reglna. Í öðru lagi byggir M á því að X hafi ekki uppfyllt lögbundna tilkynningarskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. X verði því að bera hallann af því að slysið hafi ekki verið rannsakað með fullnægjandi hætti og mögulegum sönnunarskorti þess vegna. Í þriðja lagi bendir M á að það eitt að tækið sé CE-merkt, leysi X ekki undan ábyrgð á tjóni sem hlýst af því. Samkvæmt rannsókn Vinnueftirlitsins, dags. 17. janúar 2023, á orsökum tveggja slysa sem urðu með stuttu millibili við umrædda strauvél, hafi starfsmaður í báðum tilvikum fest hendi milli færribands og klemmu vélarinnar. Vélina sé ekki búin ljósahliði eins og sjáist í bæklingi með vélinni. Gaf Vinnueftirlitið fyrirmæli til X um að afhenda áhættumat framleiðanda vélarinnar og gera útbætur ef áhættumatið bendi til þess að úrbóta sé þörf. Telur M ljóst að Vinnueftirlitinu hafi þótt tækið skorta viðeigandi öryggisbúnað, þ.e. ljósahlið, sem þjóni þeim tilgangi að tryggja öryggi starfsmanna við notkun þess.

V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og fellst ekki á að umrætt atvik sé að rekja til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Telur V hvorki sýnt fram á að vélina sé vanbúin hvað varðar öryggi né að X hafi ekki sinnt skyldum sínum um öryggiskennslu. V fellst ekki heldur á röksemdir M um að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Vélina sé CE-merkt og hafi m.a. að geyma neyðarhnapp sem stöðvi vélina sitt hvorum megin við vinnustöð M. Það verk sem M var að vinna umrætt sinn fari þannig fram að tveir aðilar standi hlið við hlið og mati vélina með sængurverum, sem þýði að starfsmaður hafi alltaf hnapp sér við hlið. Liggi jafnframt fyrir að vélinni hafi ekki verið breytt af X. Þá hafi X ekki fengið upplýsingar um að M hefði slasast fyrr en nokkrum dögum eftir slysið. M hafi verið í hlutastarfi og ekki átt að mæta aftur til vinnu fyrr en 24. september 2022, þ.e. tæpri viku eftir atvikið. Hugsanleg óvinnufærni eftir atvikið gaf því ekki gefið tilefni til að tilkynna slysið. M hafi svo hætt eftir slysið og ekki mætt aftur til vinnu. Samkvæmt áverkavottorði hafi M verið greind með yfirborðsáverka á úlnlið og hendi og engin brot greindust við skoðun í röntgen. Fellst V því ekki á að tilkynningarskylda hafi stofnast vegna þessa atviks. X hafi skilað til Vinnueftirlitsins gögnum um vélina, en engar frekari athugasemdir hafi verið gerðar eftir það né voru gerðar kröfur um úrbætur. Tvær skýrslur Vinnueftirlitsins liggi fyrir og í seinni skýrslunni hafi verið búið að taka út umfjöllun um vélina. Mótmælir V því að vélina hafi skort viðeigandi öryggisbúnað.

Þvert á móti virðist Vinnueftirlitið telja hana örugga. M hafi fengið þjálfun á vélina. Verkefnastjóri þvottahússins hafi talað við alla starfsmenn og farið yfir verklag og öryggisatriði með þeim. Þessi atriði hafi einnig verið ítrekuð af aðstoðarmanni verkefnastjórans.

Í viðbótarathugasemdum M er vakin athygli á að ekkert skriflegt liggi fyrir um að M hafi fengið viðeigandi þjálfun eða leiðbeiningar. M telur að vinnuveitandi verði að bera hallann af þeim sönnunarskortum og að leggja beri til grundvallar þá frásögn M, sem fær stoð í vitnisburði, að hún hafi hvorki fengið þjálfun né leiðbeiningar enda benda þau tvö svipuðu slys sem áttu sér stað með stuttu millibili á vélinni eindregið til þess að þjálfun og leiðbeiningar hafi verið ófullnægjandi með öllu. Líta verði á seinni skýrslu Vinnueftirlitsins sem nýja skýrslu og beri að lesa hana sjálfstætt. Fyrri skýrslan standi enn óhöggð og allar athugasemdir þar sömuleiðis. Ekkert liggi fyrir um að Vinnueftirlitið hafi dregið fyrri skýrslu sína til baka.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði til atvinnurekanda v/fjarvista, dags. 18. september 2022, var M óvinnufær með öllu frá þeim degi til 23. september 2022 vegna afleiðinga slyssins. Þannig er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins án ástæðulausrar tafar. Það var ekki gert og samkvæmt tölvupósti frá Vinnueftirlitinu, dags. 5. desember 2022, hafði slysið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Með vísan til 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskortum um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í máli því sem hér er ræðir greinir aðila ekki á um málsatvikin sjálf, þ.e. orsök slyssins, en ágreiningur er til staðar um það hvort strauvélina hafi verið vanbúin og hvort M hafi hlotið fullnægjandi þjálfun á vélina. Í málinu liggja fyrir tvær skýrslur frá Vinnueftirlitinu, báðar tilgreina skoðunardag sem 17. janúar 2023. Í annarri þeirra er að finna fyrirmæli er varða strauvélina. Þar segir: „Tvö samskonar vinnuslys hafa orðið með stuttu millibili við strauvél sem er af gerðinni Foltex Flexfeet Ip1-350/300. Í bæklingi með vélinni er mynd af vél með ljósašliði sem stoppar færslu á klemmu sem þvottur er settur í, ef geislinn er rofinn. Umrædd vél er ekki búin svona ljósašliði.“ Gaf eftirlitið eftirfarandi fyrirmæli: „Afhenda skal Vinnueftirlitinu áhættumat framleiðanda vélarinnar og gera úrbætur ef áhættumatið bendir til þess að úrbóta sé þörf.“ Þá eru einnig gefin fyrirmæli sem lúta að því að ekki liggi fyrir hvort áhættumat sé fullnægjandi m.t.t. vinnu við vélina sem slys varð við. Þar segir: „Endurskoða skal þá þætti skriflegrar áætlunar fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði sem við eiga um framangreint vinnuslys.“ Í seinni skýrslunni eru fyrri fyrirmælin varðandi vélina horfin en seinni fyrirmælin er snúa að áhættumati eru enn til staðar.

EKKI liggja fyrir neinar skýringar á því hvers vegna Vinnueftirlitið gerði tvær skýrslur sem virðast hafa sömu dagsetningar og sama innihald fyrir utan að í aðra þeirra vantar umfjöllun um meintan vanbúnað strauvélarinnar. Að mati nefndarinnar stendur það X nær að upplýsa nánar um samskipti þess við Vinnueftirlitið og eftir atvikum afhenda nefndinni þau gögn sem Vinnueftirlitið fékk vegna vélarinnar. Það hefur X ekki gert og verður að mati nefndarinnar ekki litið svo á að önnur hvor skýrslan sé réttari en hin. Er þannig ósannað að vélina hafi ekki verið vanbúin á þann hátt að ljósašliði hafi vantað á vélina. Þá hefur X ekki lagt fram uppfært áhættumat í tengslum við vinnu við vélina eða yfirhöfuð eitthvert áhættumat vegna þeirrar vinnu sem M vann umrætt sinn.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í ljósi tveggja slysa sem virðast hafa orðið vegna vinnu við vélina á skömmum tíma, verður X að bera hallann af sönnunarskortum um hvort þessa hafi verið gætt í aðdraganda slyssins. Verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. EKKI er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 402/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Sjúkdómatrygging og starfsörorkutrygging.

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Upplýsingaskylda váttryggðs.

Gögn.

- 605. Málskot móttakið 16. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
- 606. Bréf V dags. 15. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
- 607. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. desember 2024 ásamt fylgiskjali.
- 608. Viðbótarathugasemdir V dags. 5. desember 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sótti M um sjúkdómatryggingu hjá V hinn 24. júlí 2012, og um sjúkdómatryggingu og starfsörorkutryggingu hinn 21. mars 2016. Varðar ágreiningur málsins því bótarétt M úr þremur persónutryggingum.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli hinn 16. febrúar 2023. Í kjölfar þess hafi hann krafist bóta úr sjúkdóma- og starfsörorkutryggingum sínum hjá V en V hafi, með bréfi dags. 31. október 2023, hafnað bótaskyldu með vísan til þess að M hafi ekki veitt réttar upplýsingar um heilsufar sitt við töku váttrygginganna. Þannig hafi hann ekki upplýst um sepa sem fannst við ristilspeglun í maí 2012 en niðurstaða vefjagreiningar á honum hafi verið tubulovillous adenom með hágráðu dysplasiu, og eins hafi hann ekki upplýst um að í september 2015 hefði verið ákveðið að fjarlægja fæðingarblett af hálsi hans en samkvæmt greiningu á árinu 2016 hafi verið um að ræða sortuæxli. Var M þá tilkynnt um að sjúkdómatrygging sem hann tók á árinu 2012 héldi gildi sínu en að krabbamein væri undanskilið. Sjúkdóma- og starfsörorkutryggingum sem M hefði sótt um á árinu 2016 væri hins vegar sagt upp.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M segir nánar um málsatvik að M sé nú til meðferðar vegna krabbameins og hafi verið óvinnufær frá 21. mars 2023. M hafi fyrst undirgengist skimun vegna ristilkrabbameins í mars 2012 en tilefnið hafi verið það að faðir hans hafði greinst með ristilkrabbamein skömmu áður. Í kjölfar þess, í maí 2012, hafi sepi í endaparmi M verið fjarlægður. Í framhaldinu hafi M farið í fleiri ristilspeglanir, eins og venja sé í slíkum tilvikum og verið til eftirlits. Hinn 1. ágúst 2012, 7. október 2013 og 8. desember 2018 hafi engir separ fundist við skoðun. Ekki sé deilt um það að sjúkdómurinn sem M þjáist nú af falli undir bótasvið umræddra váttrygginga. Þá sé ekkert orsakasamband milli þeirra upplýsinga sem komi fram í sjúkraskrá M fyrir töku váttrygginganna og krabbameins í blöðruhálskirtli. Hafni M því að við upplýsingagjöf við töku váttrygginganna hafi hann sýnt af sér stórfellt gáleysi eða sviksamlega háttsemi eins og V byggi á. Hafi V því hvorki verið heimilt að hafna bótaskyldu né að segja upp umræddum váttryggingum.

M hafi við töku sjúkdómatryggingar svarað því neitandi að hann væri með sjúkdóma/einkenni frá lifur, maga, skeifugörn, smápörmum, ristli, nýrum eða þvagrásarkerfi. Þó fyrir liggi að M hafi haft ferskt blóð í hægðum hafi aldrei fylgt því nein sjúkdómseinkenni né hafi hann verið greindur með nokkurn sjúkdóm tengdan því. Við ristilskoðun sem M gekkst undir nokkrum dögum eftir að hann sótti um váttrygginguna hafi þá ekkert athugavert komið í ljós. Því hafi M ekki haft nein einkenni sem rétt hefði verið að tilkynna um í tengslum við töku váttrygginganna. Aldrei hafi þá verið um það að ræða að lækni skoðanir á M hafi leitt í ljós alvarlega kvilla.

M hafi verið með eindæmum heilsuhaustur fram til þess að hann greindist með krabbamein og hafi hann því svarað spurningu um hvort hann væri með aðra sjúkdóma eða vandamál neitandi. Spurningu um hvort hann hefði leitað til læknis eða sjúkrastofnunar sl. tólf mánuði vegna annars en umgangspesta eða hefði það í hyggju hafi M einnig svarað neitandi enda hafi ekki verið um annað að ræða en ristilspeglun sem í eðli sínu sé hefðbundið eftirlit, rétt eins og reglubundin brjóstaskoðun. Verði ekki litið svo á að í slíkum tilvikum sé um að ræða sérstakar komur til lækna eða sjúkrastofnana heldur venjubundið fyrirbyggjandi eftirlit. Hafi umræddar skoðanir þá ekki leitt í ljós neinn sjúkdóm í tilviki M.

Spurningu um hvort hann hafi greinst með krabbamein eða aðra illkynja sjúkdóma/vandamál, frumubreytingar, vöxt, breytingu í fæðingarbletti, æxli, blóðsjúkdóma eða eitlasjúkdóma hafi M eðli máls samkvæmt svarað neitandi. Upplýsingar um brottám fæðingarbletts komi fram í sjúkraskrá M árið 2016 en hann hafi verið fjarlægður í júní 2016, mörgum árum eftir töku sjúkdómatryggingar. Sé þá ekkert orsakasambands milli umrædds fæðingarbletts og þess sjúkdóms sem M þjáist nú af.

Öðrum spurningum, um hvort M hafi gengist undir skurðaðgerð eða hvort slík aðgerð væri fyrirhuguð, og um hvort hann hefði orðið var við sjúkdómseinkenni eða veikleika undanfarna mánuði hafi M þá svarað neitandi, til samræmis við sannleikann og bestu vitund. Þá hafi svör M verið til samræmis við framsetningu V og verði V að bera hallann af því hafi hún verið villandi á einhvern hátt. Hafi M þá upplýst um það á árinu 2016 að faðir hans hefði látist úr krabbameini í maga og hefði V þá verið í lófa lagið að afla frekari upplýsinga um heilsufar M en það hafi ekki verið gert.

Eru þá gerðar alvarlegar athugasemdir við málflutning V sem væni M um svik og dragi með því upp ranga og órökstudda mynd af atvikum málsins. Hafi M sýnt af sér gáleysi við upplýsingagjöf hafi það í mesta lagi verið óverulegt. Enn fremur er áréttað af hálfu M að engin orsakatengsl sé milli þeirra atriða sem V tiltaki sem rök fyrir höfnun bótaskyldu og þess sjúkdóms sem M greindist síðar með.

Í bréfi V og viðbótarathugasemdum þess kemur fram að M hafi verið greindur með alvarlega sjúkdóma og/eða haft alvarlega heilsufarsleg einkenni sem til hafi staðið að rannsaka annars vegar á árinu 2012 og hins vegar á árinu 2016. Í báðum tilvikum hafi M sótt um váttryggingu á sama tíma og hann var í rannsóknum og/eða aðgerðum. Telji félagið að tímasetningar þessa séu ekki tilviljun heldur hafi M verið meðvitaður um heilsufarsvandamál sín og hafi mátt vita að upplýsingar um þau hefðu haft áhrif á afgreiðslu umsókna hans. Telji V því að M hafi sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína, sbr. 1. mgr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og sé félagið því laust úr ábyrgð skv. 1. mgr. 83. gr. sömu laga.

Við skoðun á sjúkraskrá M megi sjá að hann hafi haft blóð í hægðum um langt skeið áður en hann sótti um sjúkdómatryggingu í júlí 2012. Blóð í hægðum sé einkenni sjúkdóms eða kvilla. Sé það því ekki rétt að ristilspeglun hafi verið ráðlögð vegna ættarsögu eingöngu og að slík rannsókn hafi aðeins verið í forvarnarskygni. Rúmunum tveimur mánuðum fyrir töku váttryggingarinnar hafi sepi af vefjagerðinni tubulovillous adenom með hágráðu dysplasiu verið fjarlægður. Sé því ljóst að M hafi verið með staðfesta greiningu og undir eftirliti vegna hennar þegar hann sótti um váttrygginguna. Þrátt fyrir skýrar spurningar um heilsufar M í umsókninni hafi M ekki upplýst um framangreint. Ljóst sé að krabbamein hefði alltaf verið undanskilið í váttryggingunni hefðu réttar upplýsingar legið fyrir.

V telur framangreind sjónarmið einnig eiga við um töku sjúkdóma- og starfsörorkutryggingu á árinu 2016. Til viðbótar hafi M þá leitað læknis vegna einkenna í hálsi og hafi verið með „ljótan svartan fæðingarblett“ sem til hafi staðið að fjarlægja og rannsaka við undirritun umsóknarinnar. Hefðu fyrrgreindar upplýsingar legið fyrir hefði umsókn M ekki verið samþykkt fyrr en að lokinni rannsókn. Greining hafi síðar leitt í ljós að um sortuæxli var að ræða og hefði sú greining leitt til þess að umsókn M hefði verið hafnað. Því til viðbótar hafi M ekki greint frá kæfisvefni, rifbeinsbroti og stoðkerfiseinkennum.

Hafi V á grundvelli framangreinds beitt ákvæðum 84. gr. laga um váttryggingarsamninga til niðurfellingar á váttryggingum M. Sjúkdómatrygging sú sem M tók á árinu 2012 haldi gildi sínu með sérskilmála um að krabbamein sé undanskilið. Sjúkdóma- og starfsörorkutryggingar sem M hafi tekið árið 2016 hafi hins vegar verið felldar niður enda hefði umsóknum um þær verið synjað hefðu réttar upplýsingar legið fyrir.

Er þá áréttað að svör M hafi ekki gefið tilefni til frekari spurninga eða rannsókna af hendi V enda hafi hann svarað öllum spurningum neitandi og hafi hann því beinlínis gefið röng svör við afar skýrum spurningum félagsins.

Álit.

Í 82. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að váttryggingafélagi sé heimilt að óska eftir upplýsingum sem hafa þýðingu við mat þess á áhættu áður en váttrygging tekur gildi. Félaginu er heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma beint hjá váttryggingartaka og skal hann veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Þar kemur einnig fram að váttryggingartaki skuli að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit eða má vita að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Í 1. mgr. 83. gr. laganna kemur fram að hafi váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína beri félagið ekki ábyrgð. Til þess að um sviksamlega vanrækslu á upplýsingaskyldu sé að ræða þarf V að sýna fram á að M hafi af ásetningi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt sem hann veit eða má vita að hafi þau áhrif að hann fái váttryggingu sem hann hefði ella ekki fengið. Í þessu máli hefur V ekki sýnt fram á að þau skilyrði séu uppfyllt. Verður því að líta til 2. mgr. 83. gr. sömu laga þar sem kemur fram að hafi váttryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 82. gr. í þeim mæli að ekki telst óverulegt, megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta.

Óumdeilt er að við umsókn M um sjúkdómatryggingu dags. 24. júlí 2012 hafi hann m.a. svarað spurningu um hvort hann hefði haft sjúkdóm eða einkenni frá lifur, maga, skeifugörn, smáþörmum, ristli, nýrum eða þvagrásarkerfi neitandi. Þá hafi M einnig svarað spurningunni um hvort hann hafi haft aðra sjúkdóma eða vandamál neitandi og eins spurningu um hvort hann hafi leitað læknis eða sjúkrastofnunar sl. tólf mánuði vegna annars en umgangspest svo og spurningu um hvort vart hefði orðið nokkurra sjúkdómseinkenna eða veikleika sl. mánuði. Af sjúkraskrá M má hins vegar greina að hinn 6. júní 2011 hafi M leitað læknis vegna þess að ferskt blóð hafi verið í hægðum hans undangengin tvö ár. Með tilvísun dags. 27. mars 2012 var óskað frekari skoðunar vegna þess og þess að faðir M hefði nýlega greinst með krabbamein. Í framhaldinu var fjarlægður sepi úr endaparmi M og fékk hann hinn 22. maí 2012 upplýsingar um að um tubulovillous andnoma með hágráðu dysplasiu væri að ræða. Var M eins og rakið er hér að framan í framhaldinu vísað til frekara eftirlits. Verður því að telja að M hafi ekki virt þá skyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga að veita rétt og tæmandi svör við þeim spurningum sem að honum var beint í váttryggingarumsókninni í þeim mæli að ekki teljist óverulegt.

Þá virðist óumdeilt að M hafi einnig svarað ofangreindum spurningum neitandi er hann sótti um sjúkdómatryggingu og starfsörorkutryggingu hinn 21. mars 2016 svo og spurningu um hvort hann hafi eða hafi haft m.a. breytingu í fæðingarbletti. Af sjúkraskrá M má hins vegar sjá að hinn 23. september 2015 hafi M leitað til læknis vegna óþæginda í miðjum hálsi. Kom einnig fram að á hálsi hans væri ljótur, svartur fæðingarblettur sem stæði til að fjarlægja. Kemur þá fram skv. læknabréfi dags. 28. júní 2016 að um sortuæxli, superficial spreading malignant melanoma, hafi verið að ræða. Af sjúkraskrá M má einnig ráða að hann hafi greinst með kæfisvefn. Verður því að telja að við töku þeirra váttrygginga hafi M einnig vanrækt skyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga í þeim mæli að ekki teljist óverulegt.

Í 3. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga kemur fram að við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. 83. gr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, til þess hve sök váttryggingartaka var mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður varð og atvika að öðru leyti.

Þegar litið er til þess sem að framan greinir varðandi sjúkrasögu M áður en hann sótti um umræddar váttryggingar verður að telja ljóst að hann veitti rangar upplýsingar í umsóknum sínum. Réttar upplýsingar að þessu leyti hafa mikla þýðingu þegar lagt er mat á það hvort áhætta sé slík að félag telji sér fært að veita váttryggingu og með hvaða skilmálum hún skuli veitt. Kemur fram í fyrirbyggjandi svari frá endurbyggjanda V að bótaþátturinn krabbamein hefði verið undanskilinn sjúkdómatryggingu þeirri sem M sótti um á árinu 2012 hefðu réttar upplýsingar legið fyrir, en þekkt mun að þegar dysplasia er til staðar sé aukin hættu á að sepi breytist í krabbamein. Verður því að fallast á skilmálabreytingar á umræddri váttryggingu hvað það varðar. Hvað varðar váttryggingar þær sem M sótti um á árinu 2016 verður að líta til þess að á þeim tíma lá auk þess fyrir að fjarlægja þyrfti fæðingarblett af hálsi M. Verður að telja að það hafi varðað V miklu að fá upplýsingar um það en um illkynja sortuæxli reyndist að ræða.

Af öllu framangreindu leiðir að V er heimilt að fella niður ábyrgð sína á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga. Að sama skapi og með vísan til 1. mgr. 84. gr. laganna er V heimilt að segja upp sjúkdóma- og starfsörorkutryggingum sem M sótti um hinn 21. mars 2016 enda verður að telja að þær váttryggingar hefðu aldrei tekið gildi hefðu réttar upplýsingar legið fyrir við umsókn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúkdóma- og starfsörorkutryggingum sínum, hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 403/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 26. janúar 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V1 dags. 2. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. september 2023, varð M fyrir líkamstjóni þann sama dag, er bifreiðinni A var ekið yfir fót M með þeim afleiðingum að hann hlaut slæmt beinbrot.

Ökumaður A lýsir atvikum á þann veg að nokkrir unglingar hafi komið upp að bifreið hans og óskað eftir því að ökumaður og farþegi bifreiðarinnar myndu útvega þeim áfengi. Því hafi hann neitað og hafi drengirnir þá hafið að hreyta óorðum í þá. Því næst hafi einn af drengjunum hlaupið að bifreiðinni og kýlt í hægri afturrúðu bifreiðarinnar. Allir drengirnir hafi komið hlaupandi að bifreiðinni og hafi ökumaður séð í hvað stefndi og ekið á brott með þeim afleiðingum að M datt aftur á bak. Vissi ökumaður ekki hvort eða hvað hafi komið fyrir M því hann var að drífa sig í burtu áður en drengirnir myndu allir veitast að bifreið sinni. Í framburði sínum á vettvangi kvaðst M hafa misstigið sig. Var hann sjáanlega undir áhrifum áfengis og ekki var hægt að fá nánar úr honum hvað hafði átt sér stað. Önnur vitni á vettvangi vissu ekki heldur hvort bifreiðinni A hefði verið ekið á M. Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 25. september 2023 kvaðst M ekki muna hvað hafi gerst.

Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns. Af hálfu V hefur bótaskylda verið samþykkt en bætur skertar um 2/3 hluta vegna eigin sakar. Í málskoti lýsir M atvikum á þann veg að hann hafi hvorki veist að ökumanni bifreiðarinnar eða komið við bifreiðina áður en ökumaður hennar ók yfir vinstri fót hans með þeim afleiðingum að hann brotnaði. Hann hafi aldrei haft í frammi ógnandi tilburði. Lýsing ökumanns eigi frekar við eftir að slysið varð en þá hafi hópur af ungu fólki komið. Þegar ökumaður A ók yfir vinstri fót hans hafi bara M og vinur hans verið á vettvangi. Lýsing ökumanns og farþega sé því röng í öllum aðalatriðum. Engin gögn eða sönnun liggja fyrir um það í málinu, að M hafi gerst sekur um það atferli sem V byggir afstöðu sína á og gegn eindreginni neitun hans á því að hafa haft afskipti af umræddri bifreið eða ökumanni fyrir váttryggingaratburðinn verði sú atvikalýsing ekki lögð til grundvallar. Þegar lýsing ökumanns A sé skoðuð, þá fullyrði hann ekki að M hafi veist að honum eða kýlt í hægri afturrúðu bifreiðarinnar. Þá segir ökumaður að hann hafi ekið af stað vegna þess að hópur drengja hafi komið hlaupandi að bifreiðinni. Hafnar M því að hafa verið í einhverjum slíkum hópi. Skoða ber í þessu sambandi, að hafi það verið M, sem ökumaður lýsir að hafi barið í hægri afturrúðuna og verið við bílinn umrætt sinn, þá hafi það ekki verið vegna hans sem ökumaður ákvað að aka af stað, heldur annarra utanaðkomandi atriða. M hafi því ekki gerst sekur um stórkostlegt gáleysi. Eina sem standi eftir sé að M var undir áhrifum áfengis þegar ekið var á hann. M eigi ekki að þurfa að þola skerðingu á bótarétti vegna þess.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að á grundvelli lögregluskýrslunnar hafi V lagt til grundvallar að ekið hefði verið yfir fót M og viðurkennd var bótaskylda að einum þriðja hluta úr ábyrgðartryggingu A. M hafi verið undir verulegum áhrifum áfengis og veist að bifreiðinni A með því að kýla í hægri afturrúðu bifreiðarinnar í aðdraganda atviksins. Er það því afstaða V að M hafi sjálfur verið valdur að váttryggingaratburðinum með stórkostlegu gáleysi. Bótaréttur M er því felldur niður um 2/3 hluta þar sem tjónið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að hann hafi ekki verið vel áttaður þegar hann ræddi við lögreglu um slysið og hafi þá ekki munað glögglega það sem gerst hafði. Hann hafi rifjað það upp og frásögn hans sé í samræmi við það sem hann veit sannast og réttast varðandi aðdraganda slyssins. Ljóst sé að ökumaður A hafi ekið yfir fót M án þess að nokkuð liggja fyrir í málinu um að M beri nokkra ábyrgð á ábyrgðarlausum akstri ökumanns A.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur máls þessa um hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þetta er hin hlutlæga ábyrgðarregla laganna. Í 4. mgr. sömu greinar segir að bætur vegna líkamstjóns eða missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur af tjóninu með stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumskýrslu lögreglu var M undir áhrifum áfengis og neitaði að gefa lögreglu skýrslu á slysavettvangi. Síðar kvaðst hann hafa misstigið sig. Ökumaður og farþegi bifreiðarinnar A greina báðir frá því á vettvangi að ungir drengir hafi komið upp að bifreið þeirra þar sem hún var kyrrstæð í Logafold. Í kjölfar orðaskipta hafi einn af drengjunum hlaupið að bifreiðinni og kýlt í hægri afturrúðu hennar. Hafi ökumaður því ekið á brott með þeim afleiðingum að M datt aftur á bak. Annar drengur sem lögregla ræddi við á vettvangi var í mjög annarlegu ástandi og kvaðst ekki vita hvað hefði gerst nema að M hafi dottið þegar þeir voru að hlaupa frá bifreiðinni. Í framburði M við skýrslugjöf hjá lögreglu hinn 10. september 2023 kveðst M ekki muna hvað gerðist. Það er ekki fyrir en með yfirlýsingu dags. 10. október 2024, rúmlega ári eftir tjónsatvikið, sem M hafnar því að hafa kýlt í afturrúðu bifreiðarinnar A eða veist að ökumanni þeirrar bifreiðar. Þá lýsir hann því í yfirlýsingunni að ökumaður A hafi ekið af stað, skyndilega og án þess að gefa nein varúðarmerki og yfir vinstri fótlegginn á honum án þess að hann hefði neitt til sakar unnið. Er sú yfirlýsing ekki í samræmi við samtímagögn málsins þar sem M lýsti því yfir tvisvar hjá lögreglu að hann muni ekki hvað hafi gerst umrætt sinn og verður yfirlýsingin því ekki lögð til grundvallar. Bæði ökumaður og farþegi bifreiðarinnar A lýstu því á vettvangi að veist hafi verið að bifreið þeirra umrætt sinn með höggum. Ökumaður tilgreinir M sem þann sem kýldi í afturrúðu bifreiðarinnar þ.e. hann talar um að einn af drengjunum hafi hlaupið að bifreiðinni og kýlt í rúðuna og að „drengurinn“ hafi dottið aftur á bak. Verður framburður hans ekki skilinn á annan veg en að þar sé átt við M.

Á tjónsdegi var M eingöngu 16 ára gamall en þrátt fyrir ungan aldur verður að telja að honum hafi ekki getað dulist sú hættu sem í því felst að ráðast að bifreið með höggum og ógnandi tilburðum. Leiddi sú háttsemi hans til þess að ökumanni M var nauðugur einn sá kostur að aka af stað með þeim afleiðingum að fótur M lenti undir bifreiðinni. Með þeirri háttsemi sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi en óumdeilt er að hann var umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Eins og málum er hér háttað, er það mat nefndarinnar að V sé heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta þannig að M fái 1/3 hluta tjóns síns bætt.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en heimilt er að skerða þær um 2/3 hluta.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 406/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.

Nafn váttryggingartaka: X

Skadabótaábyrgð.

Gögn.

- 609. Málskot mótttekið 18. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 610. Bréf V dags 21. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 611. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 4. nóvember 2024 og gögnum.
- 612. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 11. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M falið X sölu á fasteign sinni og hafi hún verið seld með kaupsamningi dags. 24. febrúar 2023 á 40.000.000 króna, til tiltekins fyrirtækis, en eigendur þess virðast hafa tengst M. Í a.lið kaupsamningsins er kveðið á um greiðslutilhögun útborgunar upp á samtals 7 milljónir króna og í c.lið hans greiðslu 33 milljóna króna með útgáfu tveggja veðskuldabréfa. Í gögnum málsins kemur ekki skýrlega fram hvort kaupsamningurinn var efndur með tilliti til þessara greiðslna. Kaupsamningi var síðan rift og með réttarsátt dags. 22. febrúar í kjölfar riftunar viðurkenndi M að greiða til fyrrnefnds fyrirtækis, kaupanda fasteignarinnar ári áður, 2 milljónir króna.

M telur að X hafi ekki gætt hagsmuna hennar við sölu fasteignarinnar hinn 24. febrúar 2023 og hafi það leitt til tjóns fyrir hana. Tjónið sé falið í því að öll greiðsla kaupverðs hafi verið með veitingu vaxtalauss seljendaláns auk þess sem stór hluti kaupverðs hafi verið greiddur með láni án verðtryggingar. M vísar til þróunar verðbólgu og miðað við ársverðbólgu upp á 6,6% hafi verðryrnun á 12 mánuðum, það er þann tíma sem tekið hafi M að fá kaupsamningi rift, numið 2.640.000 krónum. M telur að ef kaupverð hefði verið verðtryggt þá hefðu greiðslur til M verið hærri. M telur að fyrirkomulag greiðslu kaupverðs hafi verið kaupanda í hag og X hafi brotið gegn skyldum laga nr. 70/2015 þar sem komi fram að tryggja eigi greið og örugg viðskipti fyrir seljendur ásamt því að réttarstaða þeirra sé glögg og 15. gr. um að fasteignasalar skuli leysa af hendi störf sín eins og góða viðskiptavenjur bjóði. M telur greiðslufyrirkomulag kaupsamningsins hafa farið þvert gegn öllum venjum og hafi M einnig orðið af vaxtatekjum á fyrrnefndum 12 mánuðum. Þetta, ásamt verðryrnuninni, telur M vera tjón upp á samtals 4.000.000 kr. Einnig er vísað til þess að X hafi ekki tryggt afléttingu eða uppgreiðslu áhvílandi veðskuldar M hjá Landsbankanum og hafi M því þurft að greiða samtals 1.080.000 kr. í afborganir vegna þeirrar veðskuldar á áðurnefndu tímabili. Einnig telur M tjón vegna missis afnota fasteignarinnar í eitt ár vera 3.000.000 kr vegna missis leigutekna. Einnig hafi M orðið fyrir tjóni vegna riftunar, bæði greiðslu 2.000.000 króna samkvæmt réttarsátt sem og hluta lögmannskostnaðar sem ekki hafi fengist greiddur úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V. M lýsir þessum kröfum sínum að hluta sem viðurkenningarkröfum.

V lýsir atvikum þannig að M hafi upphaflega keypt fasteign þá sem um ræðir með kaupsamningi dags. 11. júlí 2022. Kaupverð hafi þá verið með afslætti 34.700.000 krónur. Rúmum fimm mánuðum síðar hafi M setti fasteignina á söluskrá hjá X vegna fjárhagsvandráða og hún hafi ákveðið að uppsett verð ætti að vera 39.900.000 kr. sem hafi verið talsvert yfir ráðleggingum X um mögulegt verð. Eignin hafi ekki selst og komið hafi upp hugmyndir um að fyrirtæki leigði fasteignina af M en það hafi síðan ekki gengið upp vegna áhrifa leigutekna á greiðslu örorkubóta hjá Tryggingastofnun ríkisins. Því hafi orðið úr að fyrirtækið keypti fasteignina með þeim hætti sem kom fram í kaupsamningi 24. febrúar 2023. Kaupverð hafi verið nokkuð yfir verðmati eignarinnar en hugsunin hafi verið að tryggja greiðslur til M myndu koma henni í gegnum fjárhagsvandráði sín. V vísar því á bug að M hafi orðið fyrir tjóni sem X beri skadabótaábyrgð á eða að hann hafi ekki gætt hagsmuna M við sölu og þannig brotið gegn ákvæðum 15. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015. V telur ákvæði um greiðslufyrirkomulag í kaupsamningi hafi verið eðlileg í ljósi aðstæðna, söluverð hafi

verið talsvert yfir markaðsvirði auk þess sem salan hafi átt að leysa M úr fjárhagsvandræðum auk þess sem samningurinn hafi verið í samræmi við óskir samningsaðila og ekki andstæður lögum eða reglum. Kaupsamningurinn hafi verið í samræmi við vilja M og X geti ekki borið ábyrgð á því að M hafi samið eins og hún gerði sem og að í raun hafi ekki verið um óhagstæð kjör að ræða miðað við aðstæður sem og að eignin hafi verið seld á yfirverði. V vísar á bug röksemdum M um þýðingu þess að húsgögn hafi fylgt með sölu eignarinnar sem og að hætta hafi verið á gjaldfellingu veðskuldar, sem hvíldi á eigninni. Sú hætta hafi þá ekki raungerst og muni ekki raungerast þar sem kaupum hafi verið rift. Ekki hafi verið sýnt fram á tjón af hálfu M og eigi hún því ekki rétt til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún mótmæli að hafa tekið á sig áhættu vegna sölunnar og að það hafi verið til að koma henni út úr fjárhagsvandræðum. Einnig er því mótmælt að kaupverð fasteignarinnar hafi verið hagstætt enda hafi fasteignin verið seld með öllu innbúi. Því er síðan mótmælt af M að tjón sem hlotist hafi af samningnum hafi verið á grundvelli samningsvilja eða vitundar M um vænta áhættu. M telur fasteignaviðskiptin hafa verið flókin og óvenjuleg í ljósi langrar og vaxtalausrar dreifingar á öllu kaupverðinu og X hafi átt að gæta hagsmuna M betur við þessar aðstæður og útskýra fyrir henni áhættuna. Einnig vísar M til 15. og 16. gr. laga nr. 70/2015 þar sem komi fram skyldur fasteignasala um að tryggja hagsmunum M og það að réttarstaða sé glögg og þar sé um að ræða neytendavernd í samningsferlinu, sbr. 1. gr. sömu laga.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir ítrekaðar varðandi það að X hafi ekki brotið gegn 15. og 16. gr. laga nr. 70/2015 þar sem kaupsamningur hafi verið með vilja aðila og eðlilegur með tilliti til aðstæðna. Enn fremur ítrekar V að ekki hafi verið sýnt fram á tjón í skilningi skaðabótaréttar og að kaupsamningur beri ekki með sér að fasteign hafi verið seld með innbúi og ekkert styðji því þá fullyrðingu M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort háttsemi X sem fasteignasala hafi farið gegn skyldum hans sem löggiltur fasteignasali, sbr. t.d. 15. og 16. gr. laga nr. 70/2015 þannig að skaðabótaábyrgð hans sé fyrir hendi skv. 27. gr. sömu laga og þannig bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Þrátt fyrir að fjárhæð skaðabóta sem nefnd er í málskoti fari yfir 5.000.000 kr. hefur M lýst því yfir að hluti krafna feli í sér viðurkenningarkröfu. Þá framsetning sé ekki alveg skýr verður, af afstöðu V í bréfum þess ekki litið svo á að ágreiningur sé um gildissvið 3. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar.

Í málinu er aðallega ágreiningur um hvort X hafi sem löggiltur fasteignasali sýnt saknæma háttsemi við gerð kaupsamnings þar sem M seldi fasteign sína til fyrirtækis með kaupsamningi dags. 24. febrúar 2023, en þeim kaupsamningi var síðan rift um einu ári síðar og telur M að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna þessa.

Þegar krafa er gerð um skaðabætur er eitt af frumskilyrðum skaðabótaréttar það að tjónþoli hafi orðið fyrir tjóni. Í gögnum þessa máls liggur ekki skýrt fyrir að M hafi orðið fyrir nokkru tjóni, en fullyrðingar í málskoti um slíkt eru ekki studdar nægilega skýrum gögnum. Verður heldur ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að M hafi sýnt fram á að X hafi sýnt saknæma háttsemi við undirbúning kaupsamnings dags. 24. febrúar 2023, en ekki liggja heldur fyrir gögn sem staðfesta það.

Að þessu sögðu telst M ekki hafa sýnt fram á að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt hvað varðar skaðabótakröfu hennar á X sem löggiltan fasteignasala. Skilyrði til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V eru því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 407/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

613. Málskot mótttekið 21.október 2024.
614. Bréf V dags. 7. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
615. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. nóvember 2024.
616. Viðbótarathugasemdir V dags. 14. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 10. september 2024 hafi kefli á vegum X fallið á kerru í eigu M með þeim afleiðingum að kerran stórskemmdist. V hafi, með bréfi dags. 14. október 2024, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að tjón M yrði rakið til háttsemi eða saknæmra mistaka starfsfólks X. Í málskoti kemur fram að samkvæmt upplýsingum V hafi verið ofsaveður, en það sé ekki rétt enda hafi veðrið gengið yfir nokkrum klukkustundum áður. Í viðbótarathugasemdam M kemur þá fram að rúllan sem datt á kerruna hafi staðið á bretti sem hafi gefið sig vegna fúa. Kerran hafi, fyrir atvikið, staðið í skjóli við keflin og furði M sig á því að starfsmenn X hafi ekki endurstafnað keflunum sem séu meira og minna búin að detta á hliðina og séu um þrjú til fjögur ár síðan þeim hafi verið komið fyrir á lóð sem sé í eigu sveitarfélagsins, en ekki X. Hafi M oft vakið máls á þessu við starfsfólk X og telji hann varhugavert að hafa komið keflinu fyrir á umræddri vörupallettu sem ekki hafi þolað þyngd þess.

Í bréfi V til nefndarinnar og viðbótarathugasemdam þess kemur fram að í fyrsta lagi sé ósannað að kefli hafi fokið á kerruna. Fyrirliggjandi ljósmyndir frá M sýni kerruna uppi á grindverki við keflin og bendi því fremur til þess að kerran hafi fokið á keflin. Telji nefndin hins vegar að kefli hafi fokið á kerruna þá hafi X eða starfsmenn þess ekki stafað keflunum upp með þeim hætti sem gert var heldur hafi annað fyrirtæki séð um það verk. Þar af leiðandi hafi starfsmenn X ekki gert neitt saknæmt eða ólögmað og hefðu ekki getað komið í veg fyrir umrætt tjón. Hafi starfsfólk X þá hvorki haft vitneskju um að keflin hefðu fokið áður né um að þau hefðu verið flutt út fyrir grindverkið, enda hafi annað fyrirtæki framkvæmt það verk.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Engin vitni urðu að því er kerran varð fyrir tjóni en fyrirliggjandi eru ljósmyndir er sýna aðkomu á vettvangi eftir að tjónið átti sér stað. Má sjá af þeim að vinstri afturhlið kerrunnar er skorðuð uppi á grindverki og má af því ráða að hún hafi af einhverjum ástæðum tekist á loft og hafnað þar. Hinum megin við grindverkið má svo sjá nokkurn fjölda kefla sem er raðað í þyrpingu og ofan á keflunum eru önnur kefli sem standa á pallettum. Hægra megin við kerruna er þá kefli sem má ætla að hafi fallið úr stæðunni og aftan við kerruna er brotin palletta, en aftan við keflið má sjá timbur sem hefur brotnað af henni. Af framangreindum ljósmyndum verður ekki fullyrt hvernig tjónið atvikaðist, þ.e. hvort keflið auk pallettunnar féll á kerruna og endasentist af henni með þeim afleiðingum að hún hafnaði á grindverkinu eða hvort kerran hafi hafnað á grindverkinu með þeim afleiðingum að pallettan með keflinu féll niður.

M byggir á því að stöflun keflanna með þessum hætti hafi verið óforsvaranleg og að vörubrettið sem keflið stóð á hafi haft ónægt burðarþol og þess utan verið fúin. Engin frekari gögn hafa þó verið lögð fram til stuðnings þeim staðhæfingum og af fyrirliggjandi ljósmyndum verður ekki fullyrt um það. M vísar einnig til þess að hann hafi kvartað undan staðsetningu keflanna við starfsfólk X en engin gögn,

vitnisburðir eða annað, liggja fyrir er sýni fram á slík samskipti. Þá virðist einnig nokkur vafi leika á því hver, þ.e. X eða annað fyrirtæki, bar ábyrgð á staðsetningu keflanna og hvort X hafði vitneskju um hana.

Jafnvel þó fallist væri á að atvik að baki tjóninu væru með þeim hætti sem M lýsir verður því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki talið sýnt fram á að tjón hans sé að rekja til atriða sem X verði gert að bera skaðabótaskyldu vegna. Verður hann að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 408/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Notkunarhugtak laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Gögn.

- 617. Málskot móttakið 22. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 618. Bréf V, dags. 13. nóvember 2024.
- 619. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. nóvember 2024.
- 620. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni hinn 19. febrúar 2022 er hann var ásamt tveimur öðrum að ýta bifreið sem sat föst í snjóskafli við Litlu kaffistofuna. Eiginkona M sat undir stýri í föstu bifreiðinni á meðan hann ásamt tveimur öðrum reyndu að ýta bifreiðinni. Mennirnir þrír héldu undir stuðarann aftan á bifreiðinni og voru að jugga bifreiðinni á meðan þeir voru að ýta. Á einum tímupunkti hættu hinir tveir aðilar að jugga og ýta bifreiðinni þannig að þunginn af bifreiðinni lenti á M sem heyrði þá smell í vinstri handlegg. Stuttu eftir atvikið var bifreiðin losuð með aðstoð jeppa sem kom á vettvang og ók hún burt án þess að M hafi getað áttað sig á því hversu alvarleg meiðslin voru. Tók hann því ekki niður bílnúmer eða nöfn og símanúmer aðila sem hann var að aðstoða umrætt sinn. Daginn eftir leitaði M á HSS og í ljós kom að vöðvi hafði rifnað frá beini í olnboga eða framhandlegg og undirgekkst M aðgerð þann 9. mars 2022. Með tölvupósti 30. október 2023 var slysið tilkynnt til tjónsuppgjörsmiðstöðvarinnar V sem hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að notkunarhugtak umferðarlaga sé ekki uppfyllt í málinu.

M telur að tjón sitt megi rekja til hættueiginleika bifreiðarinnar, þ.e. þegar bifreiðin leitaði aftur í sömu föstu stöðuna þegar mennirnir tveir hættu að ýta og M fékk þunga bifreiðarinnar á sig. Samkvæmt dómum og skrifum fræðimanna sé hættan, sem sérstaklega stafi af ökutækjum, meðal annars tengd þyngd þeirra og vélarafli. Mikil hætta geti stafað af ökutækjum sem losa þurfi úr snjóskafli. Ekki sé hægt að fallast á túlkun V á málsatvikalýsingu M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V telji viðbætur M við atvikalýsingu sína ósannaðar og fela í sér, öðru fremur, tilraun til að lýsa atviki sem ekki hafi verið lýst þannig að það leiði til bótaskyldu, þannig að bótaskylda komi til greina. Í tölvupósti sem M ritaði lögmanni sínum og er meðal gagna málsins lýsi hann atvikum ekki með þeim hætti að bifreiðin hafi verið næstum losnuð en hafi þá leitað aftur í þá stöðu sem hún hafði verið föst í. Í yfirlýsingu sinni lýsi eiginkona M atvikum svo að M hafi verið að ýta bíl og hafi meitt sig í hendinni. Ekki er á það minnst að ökutækið hafi verið að renna aftur. Vísar V til atvikalýsinga sem kemur fram í samskiptaseðlum bráðamóttöku og bendir á að í þeim sé ekki minnst á að ökutækið hafi verið að renna aftur í það far sem það hafði verið fast í. Telur V ósannað að M hafi hlotið líkamstjón sem rekja megi til notkunar óþekkts ökutækis. Leggja verði til grundvallar að bifreiðin, sem sat föst í snjóskafli, hafi verið kyrrstæð eða í versta falli á óverulegri hreyfingu, og þá undan handafli en ekki vélarafli. Annað sé ekki unnt að lesa úr fyrstu frásögnum M.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að mótmæli V, um að ekki beri að taka tillit til nánari málsatvika lögmanns, komi ekki til skoðunar við úrlausn máls þessa þar sem V hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína á grundvelli 94. gr. laga nr. 30/2004. Þá sé mikilvægt að átta sig á að oftar en ekki séu skráningar í sjúkraskrár ekki ítarlegar og aðeins tiltekin þau atriði sem máli skipta að mati heilbrigðisstarfsmanna til þess að greina og meðhöndla áverka. Því sé ekki hægt að draga of víðtækar ályktanir á því sem fram kemur í sjúkragögnunum, annað en að þau styðji að M hafi orðið fyrir tjóni.

Í viðbótarathugasemdum V er því hafnað að 94. gr. laga nr. 30/2004 eigi við í þessu tilviki. Varnir þess eðlis að tjónþoli hafi ekki sannað að tiltekið atvik hafi átt sér stað eða að tjón sem hlýst af því atviki sem lýst er falli ekki efnislega undir tiltekna tryggingu, séu ekki varnir sem um er fjallað í umræddum kafla laga um váttryggingarsamninga.

Álit.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að samkvæmt 2. mgr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga skuli vátryggingafélag tilkynna um það án ástæðulauss dráttar hyggist það bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að heild eða hluta samkvæmt ákvæðum 13. kafla laganna, ella falli réttur til þess niður sbr. 3. mgr. 94. gr. Þar sem ekki verður séð að ágreiningur þessa máls falli með nokkrum hætti undir framangreindan 13. kafla laganna, auk þess sem um rétt til bóta samkvæmt lögum nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar er að ræða, kemur þetta atriði ekki til frekari skoðunar.

Mögulegur bótaréttur M vegna líkamstjóns byggir á 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 en samkvæmt henni skal tjónsuppgjörsmiðstöð, þ.e. V, greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss hér á landi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Sönnunarbyrði þess að atvik hafi verið með þeim tiltekna hætti að tjón verði rakið til notkunar ökutækis hvílir á tjónþola, þ.e. M í þessu tilviki. Einu samtímagögnin sem liggja fyrir eru skráningar á samskiptaseðla slysa- og bráðamóttöku HSS daginn eftir. Þar segir m.a. „...er að ýta bíl í gær. Fær þá verk í kringum vinstri olnboga“ og „...maður sem var að hjálpa öðrum manni að ýta bíl sem fór útaf í snjónum. Segðist hafa heyrt smell og fundið verk þegar hann var að ýta bílnum í viðhendi.“ Nánari lýsing á atvikinu kemur ekki fram fyrr en rúmlega einu og hálfu ári eftir slysið eða þegar M tilkynnti um slys sitt til V. Verður sú frásögn því ekki lögð til grundvallar við mat á bótaskyldu. Ekkert bendir til þess að slysið hafi orsakast af hreyfingu ökutækisins eða að það hafi á annan hátt verið í notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Þannig bendir ekkert til þess að líkamstjón M verði rakið til sérstakra eiginleika hins óþekkta ökutækis sem tengjast hraða, vélaafli eða þyngd þess. Verður samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af dómaframkvæmd ekki talið að M eigi rétt á bótum fyrir líkamstjón vegna notkunar óþekkts ökutækis.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón frá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift.

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 409/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Umfang tjóns. Sjúkrakostnaður skv. 1. gr. skaðabótalaga.

Gögn.

16. Málskot dags. 22. október 2024, ásamt fylgiskjölum.

17. Bréf V, dags. 6. nóvember 2024.

Málsatvik.

Þann 24. mars 2021 slasaðist M er bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið þá sem M ók á hringtorgi á gatnamótum Hálsabrautar og Bæjarháls. Á slysdegi var í gildi lögmælt ábyrgðartryggingu fyrir bifreiðina A hjá V. Í málskoti er gerð grein fyrir málsatvikum. Þar kemur fram að fyrir umferðarslysið, lenti M í öðru umferðarslysi er varð þann 26. nóvember 2020, tæpum fjórum mánuðum áður. Var M eftir fyrra slysið greind með tognun á háls- og lendhrygg en eftir það síðara með tognun á háls- og lendhrygg. Var M því að glíma við einkenni frá sama líkamssvæði vegna beggja slysa. Með tölvupósti, dags. 5. ágúst 2021, tilkynnti V að það hafi aflað hraða- og höggútreiknings vegna umferðarslyssins 24. mars 2021 og að gögn máls bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af slysinu. V benti á að það mundi hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana en M væri þó heimilt að leggja fram frekari gögn í málinu. Þrátt fyrir framangreint tók V fram að það gæti, án viðurkenningar á greiðsluskyldu, komið að greiðslu kostnaðar vegna fyrstu læknskómu og annars kostnaðar vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga. Þrátt fyrir framangreinda afstöðu V aflaði M gagna í málinu þar sem ógerningur var á þeim tímamarki að greina á milli þáttar hvors slyss fyrir sig í einkennum hennar. Eftir gagnaöflun var aflað mats á varanlegum afleiðingum beggja umferðarslysa. Í málinu liggur fyrir matsgerð læknis og lögmans, dags. 5. september 2024. Niðurstaða matsgerðarinnar var að orsakatengsl þóttu sönnuð milli fyrra slyssins og einkenna M frá háls- og lendhrygg. Þá var talið að einkenni M hefðu einungis versnað tímabundið eftir síðara slysið þann 24. mars 2021 og því ekki forsendur til að meta varanlegan miska og örorku en metnar voru þjáningabætur í tvo daga. Þann 29. september 2024 fór fram fullnaðaruppgjör á grundvelli matsgerðarinnar. Fól það í sér greiðslu á metnu þjáningarbótatímabili ásamt lögmansþóknun. Hafnaði V að greiða fyrir öflun matsgerðarinnar.

M telur að með því að greiða út bætur samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð hafi V samþykkt efni og niðurstöðu hennar. Áður en mat fór fram var V send matsbeiðni ásamt öllum gögnum máls og það jafnframt boðað á matsfund í málinu. Ef V taldi augljóst að greiða ætti bætur vegna tímabundinna einkenna, þrátt fyrir að mat lægi ekki fyrir, bar því að hafa frumkvæði að því að inna slíka greiðslu af hendi, sbr. 48. gr. laga nr. 30/2004. Nauðsynlegt hafi verið til að átta sig á tjóninu samkvæmt skaðabótalögum, sbr. 10. gr. laganna, að afla matsgerðar þar sem bæti mat á varanlegum miska og tímabili þjáningabóta er hvoru tveggja reist á læknisfræðilegu mati. M hafi því ekki verið önnur leið fær en að afla mats á þessum atriðum til að sækja sinn rétt gagnvart V.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að afstaða V hafi verið sú að orsakatengsl milli mögulegra varanlegra einkenna teldust ekki vera til staðar og því hafi V hafnað að greiða fyrir frekari gagnaöflun, þ.m.t. öflun matsgerðar. V hafi boðist, án viðurkenningar á bótaskyldu, til þess að greiða bætur vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga slyssins, t.d. sjúkrakostnaðar og þjáninga. Taldi V öflun matsgerðar ekki nauðsynlega til sönnunar á tjóni. Bendir V á að samkvæmt meginreglu skaðabóta- og váttryggingaréttar ber tjónþoli sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á tjón sitt með fullnægjandi hætti, þ.m.t. um hvert umfang þess sé. M og lögmaður hennar voru strax upplýst um að V teldi öflun matsgerðar óþarfa til sönnunar á tjóni, enda lægi fyrir að varanlegt tjón væri ekki til staðar vegna slyssins. Í samskiptum milli lögmans M og V hafi komið skýrlega fram sú afstaða V að það féllist á að greiða fyrir tímabundnar afleiðingar ef sýnt væri fram á slíkt tjón. Eðli máls samkvæmt verði tímabundið tjón sannað með framlagningu reikninga vegna sjúkrakostnaðar og eftir atvikum óvinnufærnivottorðum sem sýna fram á óvinnufærni og þjáningatímabil. Öflun matsgerðar til

staðfestingar á tímabundnum afleiðingum getu í engum tilvikum talist nauðsynleg til að sanna eingöngu lengd þjáningatímabils og óvinnufærni. Þrátt fyrir framangreint kaus lögmaður M að afla örorkumats vegna slyssanna. Í matsgerðinni kemur skýrt fram að matsmenn teldu ekki til staðar orsakatengsl milli slyssins 24. mars 2021 og varanlegra einkenna M. Matsgerðin staðfesti því með öllu þá afstöðu V að varanlegar afleiðingar hefðu ekki getað hlotist af slysinu. Samkvæmt framansögðu telur V ljóst að öflun matsgerðar vegna slyssins var með öllu ónauðsynleg til sönnunar á umfangi varanlegra afleiðinga slyssins 24. mars 2021 enda lá frá upphafi fyrir að engar varanlegar afleiðingar gætu hafa hlotist af því slysi. Hefði lögmaður M með réttu átt að beina kröfu um greiðslu kostnaðar vegna öflunar matsgerðarinnar að fullu að því tryggingafélagi sem var bótaskyldt vegna slyssins 26. nóvember 2020, enda ljóst að kostnaður vegna öflunar matsgerðarinnar hafi með öllu verið tilkominn vegna þess slyss. Að lokum bendir V á tjónstakmörkunarskyldu tjónþola.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V beri að greiða kostnað vegna einhliða matsgerðar sem M aflaði, úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Um er að ræða reikning matsmanns að fjárhæð kr. 262.845. Uppgjör fór fram þann 23. september 2024 á grundvelli matsgerðarinnar

Útlagður kostnaður tjónþola vegna matsgerða, sem aflað er utanréttar, telst til sjúkrakostnaðar í skilningi 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 748/2012. Í 10. gr. skaðabótalaga er fjallað um matsgerðir. Þar segir: „*Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögum þessum geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitid undir örorkunefnd. Heimilt er að óska álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs, án þess að fyrir liggi sérfræðilegt álit, ef málsaðilar standa sameiginlega að slíkri beiðni.*“ Í athugasemdum við greinina í frumvarpi til breytinga á skaðabótalögum, sbr. lög nr. 37/1999, kemur fram að aðalregla skaðabótalaga verði sú að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá læknisfræðilegu þætti sem meta þarf skv. 2. og 3. gr. laganna til þess að ljúka megi bótauppgjöri. Í 2. gr. skaðabótalaga er fjallað um tímabundið atvinnutjón og í 3. gr. skaðabótalaga er fjallað um þjáningabætur. Gera skaðabótalög þannig ráð fyrir að tímabundnir þættir séu metnir af lækni. V hafnaði að hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Í samskiptum sínum við lögmann M, gaf V engar leiðbeiningar um hvernig M bæri að haga sönnun sinni á tímabundnum afleiðingum umferðarslyssins. Lagði V það alfarið í hendur M að afla frekari gagna í málinu til stuðnings tímabundnum afleiðingum slyssins. Það var ekki fyrr en matsgerð, dags. 5. september 2024, hafði verið aflað einhliða af M, sem uppgjör fór fram vegna þeirra. Að mati nefndarinnar verður því ekki annað séð en að M hafi verið nauðsynlegt að afla álitsgerðar læknis á afleiðingum slyssins, þar með talið tímabundnum þáttum, til þess að ljúka bótauppgjöri. Þá verður ekki talið sýnt fram á að M hafi getað takmarkað tjón sitt með því að fá annað vátryggingafélag til að greiða allan kostnað vegna matsgerðarinnar enda fjallaði matsgerðin jafnframt um afleiðingar slyssins 24. mars 2021, og ljóst er að niðurstaða matsgerðarinnar var nauðsynleg til að staðfesta þessar afleiðingar. Verður því að telja að M eigi rétt á bótum vegna öflunar matsgerðar úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

M á rétt á endurgreiðslu kostnaðar vegna matsgerðar, að fjárhæð kr. 262.845, úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 10. desember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 410/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

621. Málskot mótttekið 22. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
622. Athugasemdir V, dags 14. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
623. Viðbótarathugasemdir M með bréfi dags. 3. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi lent í slysi við störf sín hjá X hinn 26. október 2022. Í málskoti er slysinu lýst þannig að M hafi verið að setja saman vél við störf sín hjá X þegar þungt járnstykki hafi fallið ofan á hana. Í tilkynningu til SÍ, dags. 27. október 2022, er slysinu lýst þannig: „Var að setja saman vél, er járntrékt féll ofan á hana. Lenti á bringu og öxl.“ Í tilkynningu til Vinnueftirlits, dags. 23. nóvember 2022, er að finna eftirfarandi lýsingu: „...var að setja saman vél og efsti hluti hennar rann/féll á bringu starfsmanns.“ M fór á bráðamóttöku Landspítalans á slysdegi þar sem eftirfarandi var skráð um slysið: „Slys við vinnu, lyfta um 15 kg vélarhluta þegar dettur aftur fyrir sig og fær vélinu ofan á við hluta brjóstakassa. Bakhöfuðið fer í gólfið og einnig högg á hæ öxl. Talsverður áverki, bólginn yfir brjóstakassa og erfiðar með öndun.“ Þá er eftirfarandi haft eftir M um málsatvik á bls. 4 í fyrirliggjandi matsgerð lækni, dags. 4. febrúar 2024: „[M] segir á matsfundi að hún hafi verið við vinnu í [X] og hafi hún hafið vinnu um klukkan 7 við að undirbúa vélina sem hún var að vinna við fyrir daginn. Á kvöldin er vélin tekið í búta til að þrifa hana en á morgnana þarf síðan að setja vélina saman. Á kvöldin voru tveir til þrjú starfsmenn saman að taka vélina í sundur og þrifa en þennan morguninn var hún ein við að setja vélina saman. Var hún að lyfta síló sem er um 15 kg upp og ætlar að setja ofan á vélina en fær slæman verk í hægri öxlina og missir síló og fellur aftur á bak og fær síló á brjóstakassann vinstra megin.“ Í málskotinu segir svo eftirfarandi um málsatvik: „Umbjóðandi minn kveðst hafa verið að lyfta járnstykkinu upp á vélina við samsetningu hennar, hún hafi haldið stykkinu hátt yfir höfði þegar hún missir það með þeim afleiðingum að stykkið endar á henni og hún fellur aftur fyrir sig.“

Í málskotinu er á því byggt að öryggisráðstafanir X í umrætt sinn hafi verið ófullnægjandi og að slysið megi fyrst og fremst rekja til þess að vinnuveitandi hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum byggðum á þeim lögum, með því að tryggja ekki nægjanlegt öryggi á vinnustaðnum. Vinnuveitandinn beri því skaðabótaábyrgð á slysi M á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. Í málskotinu kemur jafnframt fram að byggt sé á að verklagið í umrætt sinn hafi verið ófullnægjandi. Hafi M verið ein síns liðs að vinna upp fyrir sig við samsetningu vélar og verklag vinnuveitanda hafi ekki verið í samræmi við öryggisráðstafanir sem vinnuveitanda var skylt að tryggja að fylgt yrði eftir. Þá hafi verið um að ræða þungt járnstykki sem lyfta þurfti upp fyrir höfuð og því hafi verið óviðunandi að einni manneskju, án viðeigandi þjálfunar eða öryggisráðstafana, hafi verið falið verkefnið.

Af hálfu M er framangreindum rökum mótmælt. Í því sambandi er í athugasemdum frá V, dags. 14. nóvember 2024, m.a. bent á eftirfarandi: „Tildrög slyssins eru þau að málskotsaðili var að setja saman tækjabúnað til undirbúnings fyrir vinnslu á rifnum osti. Í matsgerð [...] lækni, dags. 4.2.2024, vegna launþegatryggingar lýsir málskotsaðili atvikum svo að hún hafi verið að lyfta upp síló sem er um fimmtán kíló að þyngd og ætlað að setja ofan á vélina en hún hafi fengið slæman verk í hægri öxlina og misst síló og fallið aftur á bak og fengið síló á brjóstakassann vinstra megin. Samkvæmt upplýsingum váttryggingartaka um hefðbundið verklag við vinnslu á rifnum osti þá hefst það þegar starfsmenn mæti til vinnu að morgni með því að hafa til tæki fyrir vinnslu dagsins. Tækin eru sett saman, þeim stillt upp, umbúðir sem nota á sóttar og einnig hráefni til vinnslunnar. Vélin sem málskotsaðili var að vinna við er sett saman á hverjum morgni, rifjárn sett í vélina og henni lokað.

Síðan er trekt sótt að vaski og ekið á borði að vélinni og sett ofan á, þetta er gert með handafli. Trektin er sett ofan á vélarhluta sem er í 138 cm hæð yfir gólfi, ekki upp fyrir höfuð. Það er því ekki nauðsynlegt að lyfta stykkinu hátt yfir höfuð sér eins og fullyrt er í málskoti. Starfsmenn geta ráðið sjálfir hvort þeir setja trektina á vélina einir, eða með aðstoð samstarfsmanna sinna.“ Síðar í bréfi V segir eftirfarandi: „Með bréfi dags. 10.7.2024 var bótaskyldu hafnað þar sem ekki var talið að slys málskotsaðila yrði rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi tryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Var lagt til grundvallar að verkið var unnið í samræmi við verklag þar um. Skilyrði bótaábyrgðar samkvæmt almennum skaðabótareglum voru þannig ekki uppfyllt. Engu varðandi verklag hefur verið breytt í kjölfar slyssins.“ Auk framangreinds er einnig bent á það í bréfi V að á slysdegi hafi M starfað hjá X í tæpa fimm mánuði og fengið þjálfun fyrir starfið. Þá er áréttað í bréfi V að X mótmæli því að verklag hafi verið ófullnægjandi. Að lokum er svo þeirri fullyrðingu í málskoti mótmælt að M hafi þurft að lyfta þungu járnstykki upp fyrir höfuð sér. Segir V það alrangt nokkuð sem sjáist vel á myndbandi því sem fyrir liggir í málinu.

Í málinu greinir aðila einnig á um það hvort réttilega hafi verið staðið að því af hálfu X að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins. Í málskoti er á því byggt, með vísan í 79. gr. laga nr. 46/1980, að tilkynna hefði átt slysið strax til Vinnueftirlits, svo tryggja mætti að fullnægjandi rannsókn samkvæmt 81. gr. framangreindra laga gæti farið fram. Slysið hafi hins vegar ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 21. nóvember 2022, nokkuð sem að mati M eigi að leiða til þess X þurfi að bera halla af skorti á sönnun um atvik máls. Af hálfu V er þessu mótmælt. Færir V fyrir því þau rök að X hafi ekki þegar á slysdegi mátt vera ljóst að tilkynna þyrfti slysið til Vinnueftirlits. Þá telur V að málsatvik liggja það ljós fyrir að rannsókn Vinnueftirlits strax í kjölfar slyssins hefði þar engu bætt við sem máli geti skipt varðandi úrlausn þess ágreinings sem uppi er í málinu. Í því sambandi er m.a. á það bent að frásögn M í matsgerð lækni, dags. 4. febrúar 2024, sé lögð til grundvallar um málsatvik í málinu. Því sé ekki ágreiningur um málsatvik.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Sú skylda hvílir því á M að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir slysi vegna saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð á. Það er mat nefndarinnar að fyrirliggjandi gögn bendi til þess að verk það sem M vann í umrætt sinn hafi verið það einfalt og ekki svo líkamlega krefjandi að það hafi verið forsvaranlegt af hálfu X að ætlast til þess að það væri eftir atvikum unnið af einum starfsmanni með þá reynslu sem M hafði. Nefndin vísar í þessu sambandi sérstaklega í fyrirliggjandi myndband sem telja verður að sýni fram á þetta. Nefndin telur því að málsatvik liggja það skýrt fyrir að ágreiningur um hvort V hafi tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið með réttum hætti, sé ekki til þess fallinn að breyta þessari niðurstöðu. Nefndin telur því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

VARNARAÐILI (V2) HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 411/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis. Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

624. Málskot móttakið 23. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
625. Bréf V2 dags. 12. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
626. Bréf V1 dags. 20. nóvember 2024.
627. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. desember 2024.
628. Seinni viðbótarathugasemdir M dags. 2. desember 2024.
629. Viðbótarathugasemdir V1 dags. 13. desember 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliðgjandi lögregluskýrslu, dags. 21. ágúst 2024, varð þann sama dag árekstur milli A, sem M ók og B á bifreiðastæði við Smáralind í Kópavogi, Fífuhvammisvegsmegin. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi ekið A frá vestri til austurs þegar B hafi skyndilega ekið í veg fyrir hann og hann ekki haft ráðrúm til að bregðast við. Eftir öikumanni B er haft að hún hafi ekið inn á bifreiðastæðið til suðurs þegar A hafi skyndilega verið ekið á hægri hlið B. Segist hún þá hafa gleymt að líta til beggja hliða er hún ók yfir bifreiðastæðið.

Samkvæmt beiðni V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, voru rafræn árekstrargögn úr A greind. Í skýrslu Aðstoðar og öryggis dags. 26. ágúst 2024, segir að niðurstaða þeirrar greiningar hafi verið sú að aksturshraði A hafi verið 37 kílómetrar á klukkustund hálfri sekúndu fyrir árekstur, en 28 kílómetrar við árekstur en þá hafi M verið búinn að stíga af bensínjölf og á hemil bifreiðarinnar.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri helming sakar fyrir of hraðan akstur á bifreiðastæði og B bæri helming sakar þar sem henni hefði borið að veita umferð frá hægri forgang við akstur á bifreiðastæðinu. Jafnframt tilkynnti V1 M að bætur úr kaskótryggingu A hjá félaginu yrðu skertar um 1/3 hluta þar eð M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda áreksturs.

M fellir sig ekki við þau málalok. Er í málskoti vísað til þess að B hafi verið ekið gegnt merktri akstursstefnu og hafi M, sem farið hafi að öllu með fyllstu aðgát, því ekki mátt vænta umferðar þaðan sem B kom. B hafi þá brotið gegn forgangsrétti A þar sem B var ekið frá vinstri í veg fyrir A. Þá telji M einnig ljóst að B hafi verið á miklum hraða, eða 22 kílómetra hraða á klukkustund samkvæmt fyrirliðgjandi útreikningum, en hámarkshraði á bifreiðastæðum sé 15 kílómetrar. Vísar M þá til þess að honum hafi ekki verið kunnugt um þann hámarkshraða enda hafi bifreið hans sýnt 30 kílómetra hámarkshraða, sem væri raunar eðlilegra miðað við aðstæður en um stórt og opið svæði sé að ræða með merktum akbrautum. Brot B hafi verið svo alvarlegt að eðlilegt sé að hún beri alla sök á umræddum árekstri, eða í það minnsta meginhluta sakar. Samkvæmt framansögðu sé þá einnig ljóst að M hafi ekki hagað akstri með þeim hætti að réttlæti skerðingu bótaréttar úr kaskótryggingu A hjá V1. Þess utan sé hvergi í skilmálum kaskótryggingar vikið að skerðingu bóta vegna atvika eins og hér um ræði en svo skerðing komi til álita hefði verið nauðsynlegt að vekja sérstaka athygli á því.

Í bréfi V2 sem á tjónsdegi var váttryggjandi B er lýst þeirri afstöðu að rétt sé að skipta sök til helminga enda hafi hvorugur öikumanna gætt nægilega að sér í aðdraganda áreksturs. Kemur þá fram, og er lögð fram ljósmynd því til stuðnings, að gert sé ráð fyrir umferð í báðar áttir á akstursleið B í aðdraganda árekstrar, þó merkingar þess efnis séu nokkuð máðar. Ökuhraði B hafi þá ekki verið vítaverður þó vissulega hafi verið ekið nokkuð greitt. Verði þeir þættir því ekki metnir B til sakar. A hafi hins vegar verið ekið á hraða sem sé um 147% umfram heimilaðan hámarkshraða og verði það að teljast vítavert.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að B hafi ekið í ranga akstursstefnu og sýni framlögð ljósmynd ekki fram á neitt annað. Þá geti 28 kílómetra hraði á klukkustund ekki talist ofsakstur eða mikill hraði á því opna svæði sem um ræðir, þar sem yfirsýn yfir svæðið sé góð. Eru fyrri kröfur og röksemdir þá ítrekaðar.

Í bréfi V1 er vísað til þess að félagið felli sig við niðurstöðu tjonanefndar. Hvað kaskótryggingu A varði sé vísað til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 en þar komi fram að hafi vátrggður, í öðrum tryggingum en ábyrgðartryggingum, valdið vátryggingaratbyrði með háttsemi sem telja verið stórkostlegt gáleysi losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Með hliðsjón af atvikum telji V1 því rétt að skerða bótarétt úr kaskótryggingu A um 1/3 hluta.

Í viðbótarathugasemdom M eru áréttáðar athugasemdir við sakarskiptingu tjonanefndar og lýst þeirri afstöðu að líklegt sé að B hafi í raun verið á meiri hraða en útreikningar segi til um en B sé ekki búin akstursforriti. Er því þá algerlega hafnað að M sem hafi hagað akstri sínum með eðlilegum hætti miðað við aðstæður hafi sýnt af stórkostlegt gáleysi umrætt sinn.

Álit.

Ágreiningur þessa máls er samkvæmt framansögðu tvíþættur, þ.e. annars vegar hvernig sök skuli skipt milli A og B og hins vegar hvort V1 hafi verið heimilt að skerða bótarétt úr kaskótryggingu A.

Í 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að þegar ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum skuli sá þeirra sem hefur hinn sér á hægri hönd veita honum forgang. Ljóst er af akstursstefnu bifreiða A og B að ökumaður B var með bifreið A sér á hægri hönd og bar að veita þeirri bifreið forgang í samræmi við fyrrgreind fyrirmæli. Er það raunar óumdeilt í málinu og verður að telja að vanræksla B á því að hlíta þessum fyrirmælum hafi verið meginorsök árekstursins. Verður hins vegar ekki fallist á að B hafi verið ekið gegnt merktri akstursstefnu, en af fyrirliggjandi ljósmynd má sjá merkingar sem heimila akstur í báðar áttir, þó vissulega sé önnur merkingin afar máð. Þá verður ekki litið fram hjá því að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sem fengin eru með aflestri úr akstursthöfu A og hefur ekki verið hnekkt var aksturshraði A allt að 37 kílómetrar á klukkustund á sekúndunum fyrir áreksturinn. Ber M því einnig nokkra sök á umræddum árekstri auk þess sem ætla má að aksturshraði A hafi valdið því að tjon á bifreiðunum varð meira en ella.

Á grundvelli þessa aksturshraða hefur V1 þá tilkynnt M um að bótaréttur hans úr kaskótryggingu A verði skertur um 1/3 hluta. Var það gert með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga en þar segir að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Í 6. mgr. 37. gr. umferðarlaga er kveðið á um það með afdráttarlausum hætti að hámarksökuhraði á afmörkuðum bifreiðastæðum er 15 kílómetrar á klukkustund. Í athugasemdom í greinargerð segir um það ákvæði að mörg umferðarslys verði á slíkum stöðum. Í þessu samhengi skiptir ekki máli hvort tölva bifreiðar A gaf M rangar upplýsingar um hámarkshraða, eða að mat hans sé það að eðlilegra væri að miða við hærri hámarkshraða á þessu tiltekna bifreiðastæði. Fimm sekúndum fyrir áreksturinn var ökuhraði A 18 kílómetrar á klukkustund og virðist hann þá hafa verið aukinn jafnt og þétt uns hann náði 37 kílómetrum hálfri sekúndu fyrir áreksturinn. Við áreksturinn hafði M náð að draga nokkuð úr hraða A sem þá var 28 kílómetrar á klukkustund, eða allt að því tvöfaldur löglegur hámarkshraði. Er það mat nefndarinnar að með því að aka á allt að 37 kílómetra hraða á klukkustund sem er töluvert yfir tvöföldum hámarkshraða, á svæði þar sem vænta má m.a. umferðar gangandi vegfarenda, hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Er það því mat nefndarinnar að skerðing V1 á bótarétti M úr kaskótryggingu A sé heimil.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 2/3 hluta. Heimilt er að skerða bótarétt úr kaskótryggingu A hjá V1 um 1/3 hluta.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 412/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostleg gáleysi.

Gögn.

21. Málskot mótttekið 22. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
22. Bréf V dags. 14. nóvember 2024, ásamt fylgiskjali.
23. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. desember 2024.
24. Viðbótarathugasemdir V dags. 10. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamsmeiðslum í umferðarslysi hinn 14. júlí 2023. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 27. september 2023, er haft eftir M að hann hafi ekið rafhlaupahjóli sínu á Hjallahrauni í Hafnarfirði til norðurs og ekið á hlið bifreiðarinnar A. Hann hafi ekki tekið eftir því að A ætlaði að beygja til vinstri. Eftir ökumanni A er haft að hann hafi verið að aka Hjallahraun og verið að beygja inn Dalshraun til norðurs er hjólið hafi skyndilega rekist á ökumannshlið A. Hann hafi aldrei orðið rafhlaupahjólinsins var. Eftir vitninu X er haft að hann hafi séð M koma á mikilli ferð Hjallahraunið til austurs og hafi aksturslag hans verið ógætilegt. M hefði þá ekki tekið eftir því að A ætlaði að beygja til vinstri á gatnamótum Dalshrauns til norðurs.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns síns. Með tölvupósti V dags. 15. nóvember 2023 var fallist á bótaskyldu sem slíka þó þannig að M skyldi bera helming tjóns síns sjálfur enda hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa ekið rafhlaupahjólínu vinstra megin við bifreiðina A í andstöðu við 23. og 42. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Hafi þá verið um fjölfarinn veg að ræða þar sem vænta megi umferðar bifreiða. Er þá tekið fram að ekkert bendi til þess að A hafi verið ekið óvarlega í aðdraganda áreksturs og að samkvæmt „ólögfestum reglum skaðabótaréttar“ megi lækka eða fella niður ábyrgð þegar tjónþoli hafi valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

M fellir sig ekki við þau málalok og er fyrir nefndinni gerð krafa um óskertar bætur en til vara að úrskurðað verði um lægri skerðingu en að helmingi. Í málskoti kemur fram að M hafi verið að fara yfir götuna Dalshraun, á gatnamótum Dalshrauns og Hjallahrauns. A hafi ekið í veg fyrir hann og M ekki náð að stöðva í tæka tíð. Sé það rangt og ósannað að M hafi ekið rafhlaupahjólínu á miðri akrein, á öfugum vegarhelmingi og tekið fram úr A. M hafi þvert á móti hjólað eftir gangstéttinni og á gangstíg áður en hann fór yfir gatnamótin þar sem atvikið varð. Hafi A við þær aðstæður borið að gæta sérstaklega að umferð gangandi og hjólandi og gefa stefnumerki til marks um fyrirhugaða akstursstefnu sbr. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Hafi M þá verið kominn yfir aðra akrein Dalshrauns og hefði A því átt að veita honum athygli er hann beygði inn á Dalshraun. Hraði rafhlaupahjólins sé takmarkaður við 25 kílómetra á klukkustund og telji M sig hafa verið á um 15 kílómetra hraða er hann fór yfir gatnamótin. Hvað varði framburð vitnisins X þá hafi láðst að spyrja það hvort A hafi gefið stefnumerki til marks um fyrirhugaða akstursstefnu. Þá segi ekkert um það í vitnisburðinum að M hafi verið á röngum vegarhelmingi. Hið eina sem komi fram sé að M fór eftir Hjallahrauni til austurs en vitnið segi ekkert um hvort hann hafi verið á akbraut, bílaplani eða gangstétt. Sé meginorsök slyss M að rekja til aðgæsluleysis ökumanns A. Það sé þá V sem beri sönnunarbyrði þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og verði félagið að bera hallann af sönnunarskortu hvað það varðar, s.s. því að ekki séu til ljósmyndir af slysstað.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að lýsing M á atvikum á tjónsdegi og framburður X beri það með sér að M hafi ekið hlaupahjólínu eftir Hjallahrauni til austurs og verið staðsettur nærri miðlínu eða á öfugum vegarhelmingi þegar slysið varð. Eftiráskýringar M um að hann hafi ekið eftir bílaplani vinstra megin götunnar og svo yfir akbraut Dalshrauns þar sem atvikið hafi átt sér stað samræmist ekki lýsingum í frumgögnum. Ljóst sé að M hafi ekið rafhlaupahjólínu vinstra megin við A og í sömu átt og hún. Hafi það verið í andstöðu við 1. mgr. 42. gr. umferðarlaga þar sem fram komi að

hjólréiðamaður skuli að jafnaði hjóla í akstursstefnu á hjólastíg eða hjólarein eða hægra megin á akrein þeirri sem lengst sé til hægri. Hafi M þá einnig brotið gegn áskilnaði b-liðar 2. mgr. 23. gr. sömu laga sem kveði á um að ökumaður sem ætli að aka fram úr öðru ökutæki skuli ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu og athuga sérstaklega hvort sá sem á undan er hafi gefið merki um að hann hyggist beygja til vinstri. Ekkert bendi þá til þess að ökumaður A hafi sýnt af sér gáleysi í aðdraganda slyssins og liggi ekki annað fyrir en að aksturshraði A hafi verið löglegur og að gefið hafi verið stefnumerki til marks um vinstri beygju. Það sé því mat V að M eigi alla sök á árekstrinum og því sé bótaréttur vegna munaþjóns ekki til staðar sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatyggingar. Þar sem slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M verði bætur vegna líkamstjóns þá skertar um helming á grundvelli 4. mgr. 4. gr. sömu laga.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að ekki komi fram í lögregluskýrslu hvar á Hjallahrauni M hafi ekið, þ.e. hvort það hafi verið á akbrautinni sjálfri eða á gagnstétt við götuna. Sé þeim málflutningi V að M hafi ekið á miðri götunni eða á röngum vegarhelmingi því alfarið hafnað. Þá megi ráða af lögregluskýrslu að vafi leiki á því hver ökumaður A hafi verið og þar með hvort viðkomandi sé með gild ökuréttindi, en enginn einstaklingur virðist vera með þá kennitölu sem tilgreind sé í skýrslunni.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að byggja verði á framburði ökumanns í lögregluskýrslu enda sé hann staðfestur með framburði vitnis og hafi ekkert komið fram er hnekki þeim framburðum. Hvað varði ökumann A þá komi fram í lögregluskýrslu að viðkomandi sé með gild ökuréttindi en þess utan séu engin orsakatengsl milli meints réttindaleysis viðkomandi og slyssins sem megi rekja til stórkostlegs gáleysis M.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatyggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns, þ.e. í slíkum tilfellum gildir hlutlæg ábyrgðarregla. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laganna er heimilt að lækka eða fella niður bætur vegna líkamstjóns ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur af því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Svo tiltekin háttsemi verði metin til stórkostlegs gáleysis þarf hún að fela í sér verulegt eða alvarlegt frávik frá því sem almennt má ætlast til og sönnunarbyrði þess að svo sé hvílir á V.

Liggur þá ekkert fyrir um það að rafhlaupahjólíð hafi verið „ökutæki“ í skilningi 7. tl. 3. gr. laga um ökutækjatyggingar. Kemur því sakarskipting á grundvelli 5. gr. laganna ekki til álita heldur aðeins það hvort heimild til skerðingar á grundvelli 4. mgr. 4. gr. þeirra sé fyrir hendi. Að þessu sögðu takmarkast umfjöllun nefndarinnar við það eitt hvort sannað sé að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins og kemur háttsemi ökumanns A ekki til frekari skoðunar enda eins og áður sagði um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða.

Eins og fram er komið byggir V á því að M hafi ekið eftir akbrautinni, vinstra megin við A, og hafi hann verið að aka fram úr henni. Við þær aðstæður hafi M svo ekið rafhlaupahjólínu á A þegar henni var beygt til vinstri. M byggir hins vegar á því að hann hafi verið á leið yfir götuna Dalshraun á gatnamótum Dalshrauns og Hjallahrauns þegar A hafi ekið í veg fyrir hann. Gögn um vettvang slyssins eru af nokkuð skornum skammti. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu segir þannig aðeins að umferðarslys hafi orðið á gatnamótunum og að rafhlaupahjól M hafi legið á jörðinni á gatnamótunum. Nánari staðsetning er ekki tilgreind og kemur þannig ekki fram hvort slysið hafi orðið á akbraut Hjallahrauns eða Dalshrauns. Engar ljósmyndir af vettvangi er þá að finna í skýrslunni. Þá virðist engin frekari tækniskoðun hafa farið fram á hjólinu, s.s. til að rannsaka nánar aksturshraða þess. Í framburði vitnisins segir þá aðeins að M hafi komið á „mikilli ferð Hjallahraunið til austurs og verið að aka því ógætilega“ en ekki virðist hafa verið innt eftir nánari upplýsingum um staðsetningu hans. Að mati nefndarinnar verða skýrar ályktanir um aðdraganda slyssins því ekki dregnar af fyrirliggjandi gögnum.

Er samkvæmt framansögðu ekki ljóst hvort M hafi í aðdraganda slyssins ekið hjólinu eftir akbraut, í andstöðu við c lið 30. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga eða brotið gegn 23. og 42. gr. þeirra laga svo sem V byggir á. Í öllu falli, sé miðað við frásögn M, virðist ljóst að M hafi ekki sýnt nægilega aðgát er hann þveraði akbrautina og gætti ekki að áskilnaði 3. mgr. 43. gr. umferðarlaga um að ökumaður á reiðhjólum sem þverar akbraut skuli ekki aka hraðar en sem nemur venjulegum gönguhraða, en samkvæmt frásögn hans sjálfs var hann á um 15 kílómetra hraða á klukkustund. Það eitt og sér verður þó aðeins metið honum til einfalds gáleysis en ekki stórkostlegs.

Af framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir telur nefndin slíka óvissu uppi um aðdraganda og atvik slyssins að ekki sé sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Verður V að bera hallann af sönnunarskorti hvað það varðar.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 414/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

630. Málskot mótttekið 24. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
631. Bréf V dags 19. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
632. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 28. nóvember 2024.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tjón hafi orðið á Rolex-úri M þegar það átt á gólf og brotnaði hinn 15. júní 2024. Fallist hafi verið á bótaskyldu af hálfu V eftir að ástands- og tjónaskýrsla frá sérfræðingi Rolex á Íslandi hafi verið lögð fram. V hafi síðan samþykkt að greiða bætur vegna varahluta í gangverki úrsins, krónu, glers, skífu og vísa en bætur verði ekki greiddar vegna „gjörskoðunar“ á úrinu eða nýjan lás á keðju og tvo tengihlekki. Þannig féllst V á að greiða M 239.700 krónur vegna tjónsins, án tillits til eigin áhættu M. Í skýrslu sérfræðings kemur fram að svokölluð gjörskoðun á úri hafi kostað 148.000 kr. og í henni felist að „yfirfara verk“, sem þýði að gangverk úrsins sé tekið í sundur og hreinsað, partar endurnýjaðir ef þörf er á og samsetning sé gerð með ferskum olíum, gangstilling skv. kröfum Rolex og 5 daga gangprófanir gerðar. Einnig felst í „gjörskoðun“ að úrkassi sé tekinn í sundur, hreinsaður og slípaður og pakkningar endurnýjaðar ásamt því að keðja sé hreinsuð og slípuð og pinnar endurnýjaðir. Þessu til viðbótar sé kostnaður við lás í keðju og tvo tengihlekki í kr. 96.300. Einnig kemur fram frekari lýsing sérfræðings á því sem felst í „gjörskoðun“ og að Rolex geri kröfu um að slíkt fari fram þegar gert sé við slík úr. Einnig kemur þar fram að skekkja hafi verið á lás sem gera megir ráð fyrir að hafi komið til vegna tjónsatburðar og höggs sem í honum fólst sem og að nauðsynlegt hafi verið að yfirfara allt gangverk úrsins til að fullvissa sig um að ekki séu þar glerflísar en þær geti haft áhrif á virkni úrsins.

M telur að greiða eigi bætur vegna tjónsins miðað við tjónamat sérfræðings Rolex á Íslandi, samtals að fjárhæð 484.000 kr. og eigi því eftir að bæta M tjón að fjárhæð 244.300 kr. vegna gjörskoðunar og kostnað við lás í keðju og tvo tengihlekki. M vísar til álits sérfræðingsins á nauðsyn þeirrar vinnu sem hann framkvæmdi til þess að tjón M yrði bætt að fullu.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur en félagið hefur miðað við, að ofansögðu 239.700 kr. af 484.000 kr. miðað við bréf starfsmanns sérfræðings Rolex á Íslandi dags. 20. október 2024. Þar komi fram hvað felist í „gjörskoðun“ og telur V að augljóst sé af þeirri lýsingu að „gjörskoðun“ feli í sér almennt viðhald. Úr M hafi verið um 20 ára gamalt og verði því að álykta að kostnaðurinn hafi komið til vegna almenns viðhalds. Einnig telur V ósannað af einhliða yfirlýsingu sérfræðingsins að sannað sé að tjón hafi orðið á lás úrsins í við tjónsatburð. V vísar einnig til undanþáguákvæðis í c.lið 7. gr. váttryggingarskilmála þar sem komi fram að váttrygging V bæti ekki „tjón sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.“ Einnig vísar V til 1. málsliðar 1. mgr. 32. gr. almennra skilmála V um að váttryggður fái raunverulegt og sannarlegt fjártjón bætt og miðað við að ástand tjónsmunar verði eins og fyrir tjónið. V vísar til þess að á vefsíðu Rolex sé mælt með því að framkvæmd sé þjónustuskoðun á Rolex-úrum á tíu ára fresti og felist í henni það sem fari fram í „gjörskoðun“ og eigi M því ekki rétt á bótum vegna hennar vegna tjónsins því kominn hafi verið tími á slíka skoðun á úri M.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að áréttaðar séu kröfur í málskoti og að bæta eigi kostnað vegna þess að fjárlægja hafi þurft lítil glerbrot með nákvæmum hætti og vinna sérfræðings hafi verið nauðsynlegt vegna verðmætis úrsins.

Álit.

Samkvæmt 4. gr. váttryggingarskilmála V um fjölskyldutryggingu kemur fram að bætur vegna tjóns á innbúi miðist, að svo miklu leyti sem unnt er, við að fjárhagsleg staða váttryggðs verði hin sama og fyrir tjónið. Einnig er vísað til þess að frádráttur vegna aldurs og notkunar komi aðeins til greina ef

notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir vátryggðan. Einnig er vísað til afskriftarreglna vegna tiltekinna innbúsmuna en úr eru ekki þar talin. Í almennum skilmálum V er síðan tilgreint í 1. málslíð 1. mgr. 32. gr. að vátryggður fái raunverulegt og sannarlegt fjártjón bætt og miðað við að ástand tjónsmunar verði eins og fyrir tjónið. Verður ekki annað séð af þessum ákvæðum að V miði bætur vegna tjóns á úrum við að vátryggður fái fullar bætur fyrir fjártjón sitt, líkt og tilgreint er í 1. mgr. 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, en orðalag skilmála er í samræmi við það hugtak.

Þegar metið er hvort M hafi fengið tjón sitt bætt að fullu verður litið til þess að sönnunargögn málsins, þ.e. skýrsla sérfræðings um hvað þurfi að gera til að laga úrið eftir tjónsatburðinn, benda eindregið til þess að framkvæma hafi þurft „gjörskoðun“ á úrinu til að fullvissa sig um að það væri í lagi sem og að skekkja á lás úrsins sé í samræmi við að högg hafi komið á keðju þess. Þessu álitu hefur V ekki hnekkj og með vísan til ákvæða vátryggingarskilmála um að ástand úrs M sé það sama og það var fyrir tjónið með greiðslu bóta verður fallist að M eigi rétt á bótagreiðslu sem nemur 244.300 kr. hærri fjárhæð en V hefur greitt vegna tjónsins. V hefur auk þessa sönnunarbyrði að undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum sem varða viðhald eigi við og þeirri sönnunarbyrði hefur V ekki fullnægt. M á því rétt til frekari bóta úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta að fjárhæð samtals 484.000 kr. úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V, að frádragnum 239.700 kr. sem V hefur fallist á að greiða og bótagreiðsla tekur mið af því að eigin áhætta dragist frá.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 415/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

633. Málskot móttakið 25. október 2024 ásamt fylgiskjölum.
634. Bréf V dags. 16. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 11. júní 2024 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Hafi atvik verið þau að M mætti bifreið úr gagnstæðri átt í þröngri götu og hugðist hleypa þeirri bifreið fram hjá. Í þeim tilgangi ók hann aftur á bak á töluverðum hraða og lenti á kyrrstæðri bifreið. Við áreksturinn fékk hann talsvert högg á líkamann. Leitaði M daginn eftir á Læknavaktina vegna verkja í brjóstþrygg og hálsi. Var honum ráðlagt að leita til sjúkraþjálfara sem hann gerði, alls í sex skipti á tímabilinu 29. júní – 15. ágúst 2024. Vegna einkenna sinna gerði M kröfu um bætur vegna líkamstjóns úr slysátryggingu ökumanns A hjá V. Með tölvupósti, dags. 10. september 2024, hafnaði V að hlutast til um frekari gagnaöflun og greiðslu fyrir hana á grundvelli þess að gögn málsins bentu ekki til að varanlegt heilsutjón hafi getað hlotist af atvikinu. Vísar V því til stuðnings til hraða- og höggkraftsútreiknings sem aflað var.

M mótmælir afstöðu V og bendir á að ítrekað hafi dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að slíkir útreikningar séu ekki nægileg sönnun fyrir því að heilsutjón geti ekki hafa hlotist af árekstri. Ekki sé hægt að draga of víðtækar ályktanir eingöngu út frá útreikningi úr svokölluðu PC-crash forriti sem er einhliða aflað af V. Sjúkraskrá heilsugæslu sýni að M hafi ekki haft stoðkerfiseinkenni fyrir umferðarslysið sem hér um ræðir en M hefur leitað í nokkur skipti til heilsugæslu vegna einkenna eftir slysið. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag, verði að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að þau einkenni megi rekja til árekstursins þann 11. júní 2024. Á báðum bifreiðum voru sjáanlegar skemmdir og einkenni hans frá hálsi og baki hafi verið viðvarandi frá slysdegi þrátt fyrir að hann hafi sótt sjúkraþjálfun og tekið verkjalyf.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. PC-crash skýrslunnar hafi ekki verið aflað einhliða, heldur var lögmanni M veittur sá kostur að koma athugasemdum og sjónarmiðum sínum á framfæri vegna útreikningsins. Ákvað lögmaður M að gera ekki athugasemdir vegna útreikningsins. Þá bendi myndir af tjóni á bifreið M til þess að lítið högg hafi komið á bifreið M. Að mati V var tjónsatburðurinn ekki til þess fallinn að valda því mikla tjóni sem M telur að rekja megi til slyssins. Greining sem M fékk við fyrstu komu á Læknavaktina var tognun á háls- og brjóstþrygg. Um almenn einkenni er að ræða. Þá liggur fyrir að M hóf meðferð hjá sjúkraþjálfara aðeins örfáum dögum eftir slysið. Að mati V bendir allt til þess að hann hafi verið í meðferð fyrir slysið sem hér er til umfjöllunar. Ekki liggi fyrir skýrsla sjúkraþjálfara eða staðfesting á því að M hafi verið heill heilsu fyrir slysið. Þá nær sjúkraskrá hans eingöngu yfir þriggja ára tímabil fyrir slysið. Ekki liggi fyrir örorkumat á því hvort líkamleg einkenni M verði rakin til árekstursins. Telur V það með öllu ósannað að orsakasamhengi sé á milli árekstursins og líkamlegra einkenna M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 11. júní 2024. V lét vinna skýrslu um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þrátt fyrir að sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að lítið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar. Af ljósmyndum af bifreið M má ráða að um vægan árekstur var að ræða. Fyrir liggur að M leitaði á Læknavaktina daginn eftir áreksturinn og kvartaði undan einkennum frá brjóstþrygg og hálsi. Næst hafði M samband við heilsugæslu í gegnum Heilsuveru þann 15. ágúst

2024 og óskaði eftir tilvísun í sjúkraþjálfun. Hafði hann mætt í sex skipti og þurft beiðni vegna áframhaldandi meðferðar. Í tilvísun í sjúkraþjálfun eru skráðir mjóbaksverkir sem greining einkenna. Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 10. október 2021 – 10. október 2024, þar er eingöngu að finna þessi einu samskipti M við heilsugæslu vegna afleiðinga slyssins. Engin önnur læknisfræðileg gögn liggja fyrir nefndinni og ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um fyrra heilsufar M lengra aftur en til 2021. Ekki liggur þá fyrir sérstakt læknisvottorð er fjalli með heildstæðum hætti um einkenni M, þróun þeirra og orsakatengsl við áreksturinn. Þrátt fyrir að M hafi sótt meðferð hjá sjúkraþjálfara liggja engin frekari gögn, svo sem skýrsla sjúkraþjálfara, fyrir um þá meðferð. M ber hallann af sönnunarskortum um að líkamstjón hans megi rekja til árekstursins þar sem meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður að telja að ekki sé sýnt fram á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón í árekstrinum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 416/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

635. Málskot mótttekið 28. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
636. Bréf V, dags. 12. nóvember 2024.
637. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. nóvember 2024.
638. Viðbótarathugasemdir V, dags. 13. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi neyðst til að höfða mál gegn fyrrum vinnuveitanda sínum og hefur vegna dómsmálsins gert kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingu (réttaraðstoðartryggingu) sinni hjá V. Snýr málið að vangoldnum launum, þ.e. launum á uppsagnarfresti, óuppgerðu orlofi og kaupauka skv. ráðningarsamningi.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að samkvæmt skilmála váttryggingarinnar taki hún ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði atvinnu- eða embættisrekstur tryggðs. Telur M að afstaða V fái ekki staðist. Ljóst sé að M var launamaður og hafði hvorki með höndum atvinnurekstur né embættisrekstur. Skilmálarnir séu samdir einhliða af V, sem verði að bera hallann af hvers kyns óskýrleika sem fyrir hendi er. Í því samhengi vísar M til 1. mgr. 36. gr. b. í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. Vísar M einnig til andskýringarreglu samningaréttar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að undanþága sú sem fram kemur í 47. gr. b. í váttryggingarskilmála geri það að verkum að hinn tryggði eigi ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu vegna málareksturs um laun og annað endurgjald fyrir vinnu. Er það álit V að ekki hefði komið til ágreinings máls þessa nema vegna þess ráðningarsambands sem M var í við fyrrum vinnuveitanda sinn. Varðar málareksturinn augljóslega atvinnu M og eigi því undanþáguákvæði b-liðar 47. gr. váttryggingarskilmálans við í þessu máli.

Í viðbótarathugasemdum M er bent á þann galla við rökstuðning V að skilmálinn tilgreini ekki málarekstur vegna atvinnu, heldur málarekstur vegna atvinnureksturs. Orðin hafi ekki sömu þýðingu.

Í viðbótarathugasemdum V er því hafnað að túlkun V á umræddu skilmálaákvæði sé röng. Það sé skýrt að V takmarki ábyrgð sína við ágreining vegna atvinnu tryggðs annars vegar og embættisreksturs hins vegar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort V geti borið fyrir sig undanþáguákvæði í váttryggingarskilmála málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar. Í þeim skilmálum, nánar tiltekið 47. gr. b., kemur fram að tryggingin taki ekki til „...ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði atvinnu- eða embættisrekstur tryggðs, þar með talin mál vegna vinnuslysa“.

Við túlkun þessa undanþáguákvæðis er nauðsynlegt að hafa í huga að um er að ræða staðlaða samningsskilmála sem settir eru einhliða af V. Hallann af óskýru orðlagi hvað þetta varðar ber V, sbr. túlkunarreglu 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 og almenna andskýringarreglur samningaréttarins.

Samkvæmt hefðbundnum málskilningi vísar hugtakið „atvinnurekstur“ almennt til sjálfstæðrar starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni, en það á ekki við um launuð störf í þágu annarra. Í þessu máli er ljóst að M starfaði sem launþegi og höfðar mál vegna vangoldinna launa sem falla undir ráðningarsamband hennar við fyrrum vinnuveitanda. Af þeim sökum verður mál M ekki fellt undir undanþáguákvæði sem vísa til „atvinnurekstrar tryggðs.“

Við skoðun nefndarinnar á orðalagi skilmála málskostnaðartrygginga annarra váttryggingafélaga kom fram að þar er ekki að finna sama orðlag og í skilmálum V. Í skilmálum V er sérstaklega vísað til

„atvinnu- eða embættisreksturs“ með bandstriki á milli orðanna. Bandstriki þetta er ekki á milli orðanna í skilmálum annarra vátryggingafélaga og er þannig í þeim skilmálum verið að vísa til atvinnu í víðtækum skilningi. Þetta bandstriki hefur þau áhrif að undanþáguákvæði 47. gr. b verður að túlka þrengra og vísar það orðalag aðeins til sjálfstæðrar starfsemi sem orðið atvinnurekstur felur í sér, en ekki til launaðra starfa í þágu annarra. Þetta er í samræmi við almenna málnotkun og skýringu.

Ágreiningur M varðar hana þannig sem launþega og er ekki í tengslum við atvinnurekstur hennar. Á M því rétt á bótum úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 417/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ferðatrygging/greiðslukortatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

14. Málskot móttakið 28. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
15. Bréf V dags. 25. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
16. Viðbótarathugasemdir M, dags. 1. desember 2024, ásamt fylgiskjali.
17. Viðbótarathugasemdir V, dags. 12. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M flaug frá Íslandi til Belgíu þann 28. ágúst 2024 í sex mánaða tímabundið starfsverkefni. Vegna lengdar verkefnisins keypti M miða aðra leið, þ.e. eingöngu út. Á meðan á dvöl hans í Belgíu stóð, þann 21. október 2024, féll föðुरamma hans frá og M þurfti að fljúga heim til Íslands til að aðstoða við skipulagningu jarðarfarar. M hefur gert kröfu um bætur að fjárhæð kr. 53.035 úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V vegna útgjalda sem hann þurfti að leggja út fyrir vegna flugmiða frá Brussel til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Amsterdam auk annars kostnaðar, svo sem lestartmiða frá Amsterdam til Brussel. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að M hafi ekki verið búinn að bóka flugmiða heim til Íslands. M vísar til þess að ágreiningur aðila snúi að túlkun hugtaksins „viðbótarkostnaður“. Hugtakið sé ekki skilgreint nánar í skilmálum váttryggingarinnar sem V samdi einhliða. Leggur M áherslu á að vafi um túlkun þess hugtaks skuli skýra honum í hag skv. andskýringarreglu samningaréttar. Sú ferð sem lagt var upp með, frá lok ágúst fram í lok febrúar, var rofin og þarf M að leggja út fyrir flugmiða til Íslands (og aftur til Belgíu) til viðbótar við þann flugmiða sem M mun þurfa að leggja út fyrir í febrúar. Þetta sé „viðbótarkostnaður“ í öllum eðlilegum skilningi þess orðs, enda „kostnaður til viðbótar“.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bótaskyldu hafi verið hafnað á þeim grundvelli að þar sem ekki var búinn að bóka og greiða fyrir heimflug, sé ekki um að ræða viðbótarútgjöld vegna heimferðar, sbr. orðlag greinar 4.4.1 í skilmálum váttryggingarinnar. Það liggur í eðli orðsins viðbótarútgjöld að um sé að ræða kostnað sem bætist við eða sé aukning við fyrri kostnað eða útgjöld sem ekki á við í þessu máli. Sex mánaða starfssamningur breyti þar engu um enda gæti M fengið áframhaldandi samning eða aðra vinnu erlendis án þess að bóka sér ferð aftur til Íslands. Bendir V einnig á að M sé með lögheimili í Belgíu skv. þjóðskrá og liggi því skýrt fyrir að hann sé yfirhöfuð ekki ferðatryggður þegar hann dvelst eða ferðast innan Belgíu, sbr. grein 1.7 þar sem fram kemur m.a. að váttryggður sé ekki váttryggður á ferðalögum innan dvalarlandsins.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að umsögn V sé í engu samræmi við upprunalega höfnun á bótaskyldu. Höfnun V hafi byggt á því að ekki hafi verið um viðbótarkostnað að ræða en nú byggi V á því að ekki hafi verið um að ræða viðbótarútgjöld vegna „heimferðar“. Telur M að V geti ekki komið að nýjum málsástæðum fyrir nefndinni sökum tómlætis, enda væri það ekki í samræmi við neytendavernd að heimila váttryggingafélögum að koma að nýjum rökum fyrir höfnun á bótaskyldu eftir hentisemi á seinni stigum máls. Ef það er málflutningur V að gögn um að starfssamningur M sé tímabundinn séu engin vísbending um það hvort um tímabundna ferð sé að ræða, getur V ekki á sama tíma haldið því fram að það sé eitthvert úrslitaatriði að heimflug hafi ekki verið bókað með löngum fyrirvara. Lögheimilisflutningur hafi átt sér stað vegna ferðarinnar, eftir að M flutti út, sem er í samræmi við lagaskyldu.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar V fyrri afstöðu sína og bendir á að ekki gildi sérstakar útlögunarreglur hjá nefndinni og því megi V hafa uppi hver þau rök er málið varðar.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort ferð M frá Belgíu til Íslands þann 31. október 2024 falli undir gildissvið greinar 4.4.1 í váttryggingarskilmálum V. Þar segir að félagið bæti nauðsynleg

viðbótarútgjöld, allt að kr. 240.000, vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands, ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands m.a. vegna andláts náins ættingja váttryggðs, sem búsettur er á Íslandi eða dvalarlandi. Þá segir í grein 1.1 að váttryggingin gildi á ferðalögum frá heimili váttryggðs í allt að 90 samfellda ferðadaga. Skv. grein 1.6 er sá sem fer til tímabundinna starfa til annarra landa váttryggður skv. grein 1.1. Í 3. gr. skilmálans er að finna skilgreiningu á orðinu „dvalarland“ en það merkir land þar sem váttryggður hefur lögheimili, búsetu vegna náms eða starfs eða hefur búið samfellt í a.m.k. 180 daga.

Ljóst er að M hafði lögheimili sitt í Belgíu á þeim tíma sem föðuramma hans lést, en hann dvaldi tímabundið þar vegna starfa sinna. Hefur hann lagt fram gögn því til staðfestingar að hann hugðist eingöngu dvelja í Belgíu í sex mánuði en hafi þurft vegna lagaskyldu að flytja lögheimili sitt eftir að hann flaug til Belgíu. Í skilmálum váttryggingarinnar er kveðið á um að þeir sem fara til tímabundinna starfa erlendis njóti váttryggingarverndar í allt að 90 daga frá heimili sínu, sbr. grein 1.6 og 1.1. Fyrir liggur að M fór til starfa í Belgíu innan þess tímafrests. Þá er ljóst að andlát föðurömmu M, sem var búsett á Íslandi, féll undir skilyrði greinar 4.4.1. Að því er varðar túlkun á „viðbótarútgjöldum“ bendir nefndin á að skilmálar váttryggingarinnar veiti ekki skýringu á hugtakinu. Verður þó að leggja til grundvallar að um sé að ræða kostnað sem er ófyrirséður og fellur til vegna váttryggingaratburðarins. Í þessu tilviki greiddi M kr. 53.035 fyrir flug frá Brussel til Íslands og aftur til Amsterdam. Þar sem grein 4.4.4 útilokar bætur vegna nýrrar utanferðar telur nefndin að aðeins helmingur þessa kostnaðar, eða kr. 26.518, komi til greiðslu sem nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að fjárhæð kr. 26.518 úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða

Mál nr. 419/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

639. Málskot dags. 28. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
640. Bréf V dags. 18. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
641. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. nóvember 2024.
642. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. nóvember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að M festu kaup á fasteigninni Y með kaupsamningi dags. 7. janúar 2021. Við sölu eignarinnar hafi fasteignasalinn X, í auglýsingu og söluþingliti, sagt stærð hennar vera 214,4 fermetra. Þegar M hafi ætlað sér að selja eignina að nýju hafi þeim verið gerð grein fyrir því að eignin væri aðeins 167,2 fermetrar að stærð. Telji M að X sem seldi þeim eignina hafi valdið þeim tjóni með því að tilgreina rangan fermetrafjölda og segja eignina 47,2 fermetrum stærri en hún sé. Nú þegar M ætli að selja eignina að nýju seljist hún því fyrir mun lægra verð en M hafi gert ráð fyrir miðað við það fermetraverð sem gengið var út frá. Hafi M því krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X en V hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 23. september 2024. Hafi V vísað til þess að í lýsingu á Y í söluþingliti komi fram rétt fermetratala og hver sem skoði eignina geri sér grein fyrir því að hún sé ekki 214,4 fermetrar. Aukinheldur hafi verið eignarinnar, þegar M festu kaup á henni, verið til samræmis við raunverulega stærð hennar.

M byggja í málskoti á því að þau hafi verið þess fullviss að eignin væri 214,4 fermetrar og hafi það komið þeim í opna skjöldu að hún væri í raun 47,2 fermetrum minni. Telji þau sig eiga rétt á bótum á grundvelli þess að X hafi gefið þeim rangar upplýsingar en í auglýsingum um eignina hafi röng stærð verið tilgreind. M hafi verið í góðri trú um að eignin væri 214,4 fermetrar allan tímann sem þau áttu hana en Y hafi verið fyrsta fasteign annars þeirra. Aldrei hafi annað komið fram af hálfu X en að það væri stærð eignarinnar og beri X sem sérfræðingur ábyrgð á því að allar upplýsingar um eign séu réttar og fullnægjandi. M hafi þá talið kaupverðið viðunandi miðað við uppgefnar fermetrafjölda. Þá hafi M þurft að sækja söluþinglitið sérstaklega á skrifstofu X en þau hafi ekki haft það í sinni vörslu. Um hafi verið að ræða meiri háttar mistök af hálfu X sem hafi brugðist þeirri frumskyldu að ganga úr skugga um að allar upplýsingar um Y væru réttar. Er þá vísað til 2. mgr. 12. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 þar sem fram komi að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluþingliti reynast rangar eða ófullnægjandi enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra sem starfa í hans þágu. Meðalferðmetraverð í nágrenni Y sé nú 561.534 kr. á fermetra og reiknist M því svo til að virði eignarinnar sé 26.504.409 kr. minna en miðað við uppgefna stærð hennar. Þá árétti M að þau hafi aldrei áttað sig á því að eignin væri minni en 214,4 fermetrar.

Í bréfi V til nefndarinnar er gerð krafa um frávisun þar sem fjárhæð kröfu M nemi 26.504.409 kr. og félagið veiti ekki, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, heimild fyrir því að úrskurðað sé um slíka bótafjárhæð. Beri því að vísa málun frá. Verði ekki fallist á það telur V að hafna beri kröfu M. Samkvæmt fyrirliggjandi söluþingliti sé Y sögð 214,4 fermetrar efst í yfirlitinu. Í lýsingu á fasteigninni komi hins vegar fram rétt fermetratala. Við kaupin hafi M þá fengið afhent vottorð Fasteignamats ríkisins þar sem rétt tala hafi einnig komið fram auk þess sem hennar sé getið í gögnum vegna álagningar vatns- og fráveitugjalda. Hafi því verið um augljósa innsláttarvillu að ræða og minnir V í því samhengi á að á kaupendum fasteigna hvíli rík skylda til að kynna sér þau gögn sem eru afhent í tengslum við sölu þeirra. Þess utan megi hverjum sem skoðar Y vera ljóst að hún sé ekki 214,4 fermetrar. Þá hafi kaupverð eignarinnar verið til samræmis við raunverulega stærð hennar og vísar V til söluverðs annarrar eignar í sömu götu því til stuðnings. Hafi M ekki sýnt fram á að frávik hafi verið í verðlagningu Y þannig að hún hafi verið dýrari en sambærilegar eignir og að það

frávik megi rekja til umrædds stærðarmismunar. Sé því hvorki sýnt fram á saknæma vanrækslu né tjón. Beri M hallann af þeim sönnunarskorti.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að óskað sé úrskurðar um bótaskyldu sem slíka en ekki tiltekna bótafjárhæð eins V byggir á. Þá sé það til marks um slæleg vinnubrögð X að hvorki í kaupsamningi né afsali sé getið um stærð Y. Söluyfirlit og auglýsingar um Y hafi inniborið ranga fermetratölu og söluyfirliti sem átt hafi að vera hluti kaupsamnings samkvæmt orðalagi hans, hafi ekki verið þinglýst. Þá standist það enga skoðun að það nægi að tilgreina réttar tölur um stærð fasteignarinnar, án þess þó að heildartala komi fram, neðar í söluyfirliti eftir að hafa efst í því og í auglýsingum gefið rangar upplýsingar, enda beri fasteignasali ábyrgð á rangri upplýsingagjöf. Eru fyrri kröfur og röksemdir þá ítrekaðar.

Í viðbótarathugasemdum V er m.a. vísað til þess að það sé ekki lögbundið að stærð fasteignar komi fram í afsali eða kaupsamningi, lög kveði á um að þær upplýsingar komi fram í söluyfirliti og það hafi þær sannanlega gert auk þess sem þeirra hafi verið getið í öðrum gögnum sem M fengu afhent við kaupin. Þá sé hvorki lögskýlt né venjubundið að þinglýsa söluyfirliti. Kaupverð Y er M festu kaup á henni hafi þá verið í fullu samræmi við rétta stærð og markaðsverð á kauptíma og sé því ósannað að misvísandi upplýsingar hafi haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings.

Álit.

Rétt er að fjalla um frávísunarkröfu V sem gerð er með vísað til 3. mgr. 3. gr. samþykktar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum en hún er svohljóðandi: „Nefndin fjallar um ágreining varðandi fjárhæðir milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila. Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna váttryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningurinn að lágmarki kr. 25.000 og að hámarki 5.000.000 kr.“ Ljóst er að skilyrði þessa ákvæðis eru ekki uppfyllt og því liggur fyrir að nefndin fjallar ekki um bótafjárhæðir í máli þessu. Hins vegar verður málflutningur aðila ekki skilinn á annan hátt en að ágreiningur þeirra snúi fyrst og fremst að því hvort bótaskylda sé yfir höfuð fyrir hendi, og að hugsanlegur ágreiningur um bótafjárhæðir komi ekki til skoðunar fyrr en að fenginni afgreiðslu á þeim þætti málsins. Jafnvel þó í málskoti og í kröfubréfi M til V dags. 12. ágúst 2024, sé sett fram ákveðin töluleg bótakrafa er það því mat nefndarinnar að ekki sé grundvöllur fyrir frávísun.

Ágreiningur þessa máls lýtur því að því hvort fasteignasalinn X hafi í störfum sínum valdið M tjóni sem rekja megi til saknæmra athafna eða athafnaleysis hans, þannig að bótaskylda stofnist úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 2. mgr. 12. gr. kemur fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðipjónustu.

Fyrirliggjandi er söluyfirlit Y, sem ber það með sér að hafa verið prentað út hinn 6. maí 2024. Jafnframt liggur fyrir kaupsamningur um eignina, dags. 7. janúar 2021, og kemur m.a. fram þar að aðilar hafi kynnt sér söluyfirlit eignarinnar og teljist það hluti kaupsamningsins. M skrifa bæði undir samninginn. Í umræddu söluyfirliti, svo og fyrirliggjandi auglýsingu um Y, segir að heildarfermetrafjöldi hennar sé 214,4 fermetrar. Í söluyfirliti kemur einnig fram nánari sundurliðun þeirrar tölu og segir þar að íbúðin sé 167,2 fermetrar, bílskúr 32 fermetrar og geymsla 15,2 fermetrar. Síðar í texta söluyfirlitsins segir þó „Íbúð 120 fm, bílskúr 32 fm og geymsla 15,2 fm.“ Jafnvel þótt fallist verði á að um einhvers konar innsláttar- eða reiknivillur sé að ræða verður að telja að upplýsingar í söluyfirliti hvað stærð fasteignarinnar varðar hafi verið rangar. Í ljósi orðalags áskilnaðar 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 um að fasteignasali skuli gæta vandlega að upplýsingum í söluyfirliti, svo og þess stranga sakarmats sem á við, verður að telja að um gáleysi hafi verið að ræða af hálfu X.

Svo bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu stofnist hvílir þó einnig á M að sýna fram á að framangreint hafi leitt til tjóns fyrir þau. V hefur lagt fram gögn um kaupsamning, dags. 12. mars 2021, um fasteign í sömu götu og virðist söluverð hennar hafa verið, að breyttu breytanda, sambærilegt við það verð sem M greiddu fyrir Y. Hefur þeim gögnum ekki verið hnekkkt af hálfu M. Ekkert liggur fyrir um að söluverð Y er M festu kaup á henni hafi verið miðað við tiltekið fermetraverð, og þá hefur ekki verið sýnt fram á að það hafi verið í ósamræmi við gerð hennar og eiginleika, svo og markaðsverð sambærilegra eigna á þeim tíma. Þá bera gögn um kaupin það með sér að kaupverð Y hafi verið einni milljón kr. undir fasteignamatsverði sem er miðað við réttan fermetrafjölda. M virðast telja sig hafa orðið fyrir tjóni er nemi núverandi fermetraverði miðað við 167,2 fermetra annars vegar og 214,4 fermetra annars vegar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að tiltekið fermetraverð hafi legið til grundvallar kaupverði Y á sínum tíma. Þá er fyrirbyggjandi sölufirlit sem ber með sér að hafa verið gert í tengslum við fyrirhugaða sölu M á Y vorið 2024 og er þar miðað við réttan fermetrafjölda. Ber það með sér að ásett verð Y sé 35,5 milljónum kr. hærra en það verð sem M greiddu fyrir hana og 10,6 milljónum kr. yfir fasteignamatsverði. Hefur ekki verið sýnt fram á að fyrrgreind hækkun á verði Y sé minni en almennt hafi átt sér stað við sölu fasteigna en ætla má að svo væri hefðu M greitt óeðlilega hátt verð sem rekja megi til rangra upplýsinga um stærð Y við kaup þeirra á eigninni árið 2021. Með hliðsjón af öllu framangreindu hafa M ekki sýnt fram á að háttsemi X hafi leitt til tjóns fyrir þau og verða þau að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölnunnar X hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 420/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B)

Sakarskipting.

Gögn.

643. Málskot mótttekið 4. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
644. Tölvupóstur V1 dags 11. nóvember 2024 ásamt gögnum.
645. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 24. nóvember 2024.
646. Tölvupóstur V1 dags. 26. nóvember 2024.
647. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 11. desember 2024, ásamt viðgerðarreikningi.
648. Viðbrögð V1 með tölvupósti dags. 12. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins, þar á meðal lögregluskýrslu, kemur fram að árekstur varð milli bifreiða A og B hinn 14. júlí 2024. Ökumaður bifreiðar A, sem vátryggð er hjá V1, ók vestur Bugðulæk með ætlaða akstursstefnu norður Laugalæk, beygði inn á Laugalækinn án þess að sjá nokkra bifreið en þá hafi bifreið B verið ekið aftan á bifreið A. Í sömu skýrslu er haft eftir ökumanni bifreiðar B að hann hafi ekið bifreið sinni af Sundlaugarvegi til norðurs eftir Laugalæk með ætlaða akstursstefnu áfram norður Laugalæk. Skömmu eftir að hann hafi ekið yfir hraðahindrun, sem sé skammt frá gatnamótum við Bugðulæk, hafi hann litið í baksýnispegil og síðan hafi bifreið A verið skyndilega komin fyrir framan hann og hann ekki náð að hemla áður en bifreið B lenti aftan á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B taldi bifreið A enn hafa verið að beygja inn á Laugalæk þegar áreksturinn varð og að hann hafi sem ökumaður bifreiðar B ekki verið viss um hraða sinn en talið hann hafa verið 25 km/klst. Í lögregluskýrslu kemur fram að biðskylda sé frá Bugðulæk inn á Laugalæk. Ljósmyndir liggja fyrir af bifreið B eftir áreksturinn sem sýna tjón framan á henni og í lögregluskýrslu kemur fram að loftpúðar hafi sprungið í bifreið B og hún hafi verið fjarlægð af vettvangi og notkun hennar bönnuð. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla frá Aðstoð&öryggi dags. 6. ágúst 2024 þar sem birtar eru myndir af skemmdum á bifreiðum A og B sem og útreikningur ætlaðs hraða bifreiðanna við áreksturinn, gerður með svokölluðu PC-Crash-forriti. Þar kemur fram að hraði bifreiðar B hafi verið áætlaður 21 km/klst en bifreiðar B 36 km/klst.

M telur í málskoti að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B og telur að ökumaður bifreiðar A hafi gætt nægilega að sér við biðskyldu frá Bugðulæk inn á Laugalæk, sem og að bifreið A hafi verið komin um 10 metra inn á Laugalæk þegar árekstur varð. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og tjón á bifreið A sýni að högg hafi verið mjög mikið og þar vísar M til þess að starfsmenn verkstæðis, sem hafi fengið bifreið A til viðgerðar, hafi metið það svo að ekki hafi verið hægt að valda svo miklu tjóni á bifreið A án þess að bifreið B hafi verið á miklum hraða. Þannig vísar M einnig í viðbótargögnum til hárrar fjárhæðar viðgerðarreiknings, þar á meðal kaupa á varahlutum, til viðgerðar á bifreið A. M bendir einnig, í viðbótarathugasemdum sínum til nefndarinnar, á að ökumaður bifreiðar B hafi sagt hafa verið að horfa í baksýnispegil rétt áður en árekstur varð og hafi því augljóslega ekki verið að fylgjast nægilega vel með umferð fyrir framan sig og hafi þannig sýnt gáleysi.

V1 hefur ekki gert sérstakar athugasemdir til nefndarinnar vegna sakarmats en af gögnum málsins að öðru leyti verður ekki annað ráðið en að V1 hafi talið ökumann bifreiðar A bera alla sök vegn árekstursins.

V2 hefur ekki sent sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls hverfist um sakarskiptingu milli ökumanns bifreiðar A og ökumanns bifreiðar B vegna áreksturs á Laugalæk. Ljóst er af akstursstefnu að ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um Laugalæk forgang vegna biðskyldu, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ekki verður fyllilega ráðið af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að ökumaður bifreiðar A hafi verið kominn það langt inn á Laugalæk þegar árekstur varð, að hann hafi verið búinn að gæta þess að veita umferð um Laugalæk forgang. Af þessu leiðir almennt að ökumaður bifreiðar A yrði talinn bera sök á árekstrinum fyrir að gæta ekki nægilega að því að veita umferð um Laugalæk forgang.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að ökumaður bifreiðar B hafi einnig sýnt sök í aðdraganda árekstursins. Þannig verða að liggja fyrir afgerandi sönnunargögn um að ökumaður bifreiðar B hafi til dæmis ekið of hratt miðað við aðstæður, eða sýnt með öðrum hætti þannig gáleysi að það hafi leitt til árekstur við bifreið A. Þau gögn sem liggja fyrir í málinu um ætlaðan aksturshraða ökumanns bifreiðar B eru ekki nægilega afgerandi um að bifreið B hafi verið ekið langt yfir hámarkshraða. Sú frásögn ökumanns bifreiðar B að hann hafi litið augnablik í baksýnispegil eftir að hafa ekið yfir hraðahindrun telst heldur ekki til gáleysis að mati nefndarinnar. Einnig telst ekki, þrátt fyrir háan viðgerðarreikning vegna tjóns á bifreið A, vera unnt að álykta með afgerandi hætti að hraði bifreiðar B hafi við áreksturinn verið slíkur að meta eigi það ökumanni bifreiðar B til sakar. Hallann af þessum sönnunarskorti ber M.

Að því sögðu telst ósannað af framlögðum gögnum að árekstur hinn 14. júlí 2024 megi rekja til sakar ökumanns bifreiðar B og ber ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt þess að veita umferð um Laugalæk forgang vegna biðskyldu, eins og honum var skylt að gera skv 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber ábyrgð á árekstri við bifreið B.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 421/2024**Nafn málskotsaðili (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Húseigendatrygging íbúðarhúsnæðis.****Váttryggingarsamningur. Gildissvið málskostnaðartryggingar****Gögn.**

- 649. Málskot mótttekið 28. október 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 650. Athugasemdir V, dags 17. desember 2024.
- 651. Viðbótarathugasemdir M með bréfi, dags. 26. desember 2024.
- 652. Viðbótarathugasemdir V með tölvubrési, dags. 3. janúar 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að með leigusamningi, dags. 1. febrúar 2022, leigði M út íbúð sem hann átti ásamt systur sinni. Við lok leigutíma neitaði leigutaki að yfirgefa íbúðina og hætti að greiða leigu. Á endanum höfðaði M útbuðarmál gagnvart leigjandanum fyrir héraðsdómi. Héraðsdómur féllst á kröfu M um útbuð. Ekki var mætt af hálfu leigutaka í dómþingið og 9. júlí 2024 tók dómari framangreinda ákvörðun á grundvelli 1. mgr. 82. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Ágreiningslaust er að M er með málskostnaðartryggingu hjá V. M sótti um greiðslu úr þeirri tryggingu með kröfu dags. 1. október 2024. V hafnaði greiðslu úr tryggingunni með þeim rökum m.a. að þar sem málinu hafi ekki lokið með dómi eða dómsátt falli tilvikið utan gildissviðs tryggingarinnar.

M sem telur sig eiga rétt á að fá kostnað sinn bættan úr tryggingunni bendir m.a. á eftirfarandi í því sambandi. Það komi beinlínis fram í skilmálum að tryggingunni sé ætlað að bæta málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Þá sé í 19. gr. skilmálanna tekið fram hverjar takmarkanir á bótaskyldu séu, þ.e. til hvaða dómsmála trygging skuli ekki ná. Í málskotinu er bent á að í því ákvæði sé ekkert að finna um að gildissvið tryggingarinnar sé bundið við að viðkomandi einkamáli hafi lokið með dómi eða dómsátt. Það komi hins vegar fram í 21. gr. skilmálanna sem fjalli um ákvörðun bóta en ekki um takmarkanir á bótaskyldu. M byggir á því að ákvæði skilmálanna séu óskýr. Í málskoti eru færð þau rök, með vísan í andskýringarreglu samningaréttar, að þegar svo háttar til beri að túlka hina óskýru samningsskilmála viðkomandi tryggingarfélagi í óhag. Er áréttað í því sambandi að V hafi samið hina umdeildu skilmála einhliða og án aðkomu M. Að lokum er í málskoti bent á úrskurð nefndarinnar í máli nr. 322/2019 og færð fyrir því rök að málsatvik og forsendur í því máli hafi verið nákvæmlega þau sömu og M byggir kröfu sína á.

V hefur hafnað máltilbúnaði M. Í viðbótarathugasemdum V, dags. 3. janúar 2025, er m.a. áréttað að samkvæmt gr. 21.1 í skilmálum þeim sem giltu um trygginguna þurfi ákveðin skilyrði að vera uppfyllt svo greiðsla komi til greina. Skilmálarnir séu skýrir hvað þetta varðar og þurfi málið að vera til lykta leitt með dómi eða réttarsátt. Bendir V á að mál sem lokið er með ákvörðun dómara, líkt og í tilfalli M, falli því utan gildissviðs váttryggingarinnar. Því sé greiðsluskylda í máli M ekki til staðar. Þá bendir V á að úrskurðir dómara falla ekki heldur undir trygginguna og því breyti hér engu þótt dómari megi ljúka máli með ákvörðun í stað úrskurðar, sbr. 82. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Að lokum bendir V á að hér sé ekki um að ræða áritaða stefnu heldur aðfararbeiðni.

Álit.

Í grein 18.1 í váttryggingarskilmálum hjá V kemur fram að váttryggingin bæti málskostnað vegna „ágreinings í einkamálum sem snertir tryggðan sem eiganda hinnar tryggðu húseignar eða hluta húseignar og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi.“ Í 19. gr. er tiltekin sú áhætta sem er undanþegin bótasviði váttryggingarinnar. Þá er í 21. gr. að finna ákvæði um ákvörðun bóta. Í því ákvæði kemur fram að „Félagið greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem váttryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt með dómi eða réttarsátt.“

Af framangreindu má sjá að í váttryggingarskilmálum V er m.a. finna ákvæði um bótasvið váttryggingarinnar (18. gr.), hvaða málskotnaður verður ekki bættur (19. gr) og ákvörðun bóta (21. gr.). Nefndin telur að ekki sé hægt að túlka ákvæði váttryggingarskilmála um ákvörðun bóta, þ.e. 21.

gr., sem takmörkun á bótasviði því sem lýst er í 18. gr. skilmálanna en þar kemur fram að vátryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem getur komið til úrlausnar héraðsdóms, eins og gildir um mál M. Þá er ágreiningur eins og hér er til umfjöllunar ekki sérstaklega undanskilin í 18. gr. skilmálanna. Til þess að hægt sé að fallast á að gildissvið tryggingarinnar sé bundið við mál sem lokið er með dómsátt eða dómi, þyrfti það skilyrði að koma skilmerkilega fram í þeim ákvæðum skilmálanna, þ.e. 18. og 19. gr., sem fjalla um hvað tryggingin bætir eða bætur ekki (gildissvið tryggingarinnar) en ekki í 21. gr. sem fjallar um ákvörðun bóta. Nefndin telur að V verði að bera halla af þeim óskýrleika í skilmálunum sem kristallast í þessu máli. Ágreiningurinn fellur því undir bótasvið málskostnaðartryggingar M hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu húseigendatryggingar hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 423/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingarskilmála.

Gögn.

27. Málskot mótttekið 1. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
28. Athugasemdir V, dags. 25. nóvember 2024.
29. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. febrúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var M fyrir líkamstjóni 5. ágúst 2023. Málsatvik voru þau að M var að slá með sláttuorfi við skurðbakka á sama tíma og eiginmaður hennar, X, var á dráttarvél með utanálíggjandi sláttuþylru (sláttuvél) að slá gras í um 30 metra fjarlægð. Í lögregluskýrslu, dags. 10. ágúst 2023, kemur fram að ein festing fyrir hnífa sláttuþyllunnar hafi brotnað og hafi hnífurinn þeyst um 26 m og lent í vinstri fæti M og slasað hana. Fékk M djúpan skurð á aftanverðan fótinn. Umrætt brot úr sláttuþyllunni var um 22 cm langt og nokkuð þungt. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að dráttarvélin var óskráð og engin eintaksnúmer var að finna á henni. Upplýsti X að hann hafi keypt dráttarvélin og ekki verið búinn að skrá hana.

Það liggur fyrir að M var tryggð samkvæmt frítímalið fjölskyldutryggingar hjá V. Í málskoti kemur fram að ágreiningur er um það hvort líkamstjón M teljist hafa verið af völdum skráningarskylds ökutækis. Í skilmálum fyrir framangreinda tryggingu kemur fram að sé sú raunin falli tilvikið undir undanþáguákvæði í grein 3.5 og því utan gildissviðs tryggingarinnar. V hafnaði bótaskyldu 17. nóvember 2023 með vísan í framangreint skilmálaákvæði.

M telur sig eiga bótarétt úr fjölskyldutryggingunni þar sem tjónið hafi ekki verið af völdum óváttryggðs skráningarskylds ökutækis. Í málskoti bendir M á að í 72. gr. umferðalaga nr. 77/2019 sé fjallað um skráningu ökutækja. Í 2. mgr. þess ákvæðis komi fram að í reglugerð sem ráðherra setur skuli kveðið á um undanþágu frá skráningu ökutækis sem ætlað er til aksturs á afmörkuðum, skilgreindum svæðum, svo og ökutækis sem ætlað er til aksturs utan almennrar umferðar, og hvar nota megi ökutækið. Fjallað sé um skráningarskyld ökutæki í 1. gr. reglugerðar nr. 751/2003. Sé þar skýrlega tekið fram að ekki þurfi að skrá dráttarvélar sem nær eingöngu eru notaðar utan opinberra vega. Þá segi einnig í 2. mgr. 2. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 að lögin gildi ekki þegar ökutæki eru notuð í öðrum tilgangi en sem ökutæki. Er því haldið fram að dráttarvélar falli ekki undir gildissvið laganna þegar þær eru notaðar með þeim hætti. Þá er í málskotinu bent á að slysið hafi orðið vegna bilunar í sláttuþylru en dráttarvélin hafi ekki bilað. Dráttarvélin hafi því verið í notkun sem vinnuvél en ekki ökutæki þegar slysið varð. Því gildi ekki sérreglur ökutækjatrýgginga um hlutlæga ábyrgð og váttryggingarskyldu. Er í því sambandi bent á að í skilmálum V fyrir ökutækjatrýggingar sé tekið fram að tryggingin gildi ekki þegar ökutæki er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki, nokkuð sem hafi verið raunin í tilviki slyss M.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 25. nóvember 2024, er á því byggt að M eigi ekki bótarétt úr fjölskyldutryggingunni þar sem tjónið hafi orðið af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis, þ.e. dráttarvélar sem hafi verið í notkun sem slík er tjónið varð. Tilvikið falli því undir undanþáguákvæði í grein 3.5 í skilmálunum og því utan gildissviðs tryggingarinnar. Bendir V á að samkvæmt 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 beri eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á skráningu þess í ökutækjaskrá og að skráningarmerki séu sett á það áður en það er tekið í notkun. Þá sé í 2. mgr. sömu greinar mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja reglugerð sem kveður á um undanþágur frá skráningu ökutækis sem ætlað er til aksturs á afmörkuðum, skilgreindum svæðum, svo og ökutækis sem ætlað er til aksturs utan almennrar umferðar og hvar megi nota ökutækið. Bendir V jafnframt á að nánar sé mælt fyrir um skráningarskyldu ökutækja í reglugerð nr. 751/2003 með síðari breytingum. Meginregla reglugerðarinnar um skráningarskyldu ökutækja sé að finna í 1. gr. eins og þeirri grein var breytt með reglugerð nr. 1515/2020. Þar segi eftirfarandi: „Skylt er að skrá bifreið, bifhjól, létt bifhjól, torfærutæki, vinnuvél, rafknúð dráttartæki og dráttarvél áður en

ökutækin eru tekin í notkun. Sama á við um eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar sem gerður er fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, svo og hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagn. Eigi þarf þó að skrá vinnuvél sem ætluð er til aksturs utan almennrar umferðar og eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.“ V telur að framangreint ákvæði bendi til þess að þær undanþágur sem koma fram í 3. málslíð 1. gr. ákvæðisins eigi ekki við um dráttarvélar, enda vísi undanþágan til þess að ekki sé skylt að skrá vinnuvél sem ætluð er til aksturs utan almennrar umferðar. Þá sé mælt fyrir um að ekki sé skylt að skrá eftirvagn dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega. Telur V að röksemdir M um að dráttarvélar séu því með einhverjum hætti undanþegnar skráningarskyldu samkvæmt umferðarlögum séu úr lausi lofti gripnar og ekki í samræmi við skýr ákvæði umferðarlaga og reglugerðar nr. 751/2003 með síðari breytingum. Í þessu sambandi leggur V áherslu á að gera verði skýran greinarmun á hugtökunum dráttarvél og vinnuvél enda sé dráttarvél ekki vinnuvél í skilningi 1. gr. framangreindar reglugerðar. Framangreind tvö hugtök séu skilgreind í 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Að mati V kemur þar fram að löggjafinn hafi mælt fyrir um að gerður sé skýr greinarmunur á dráttarvélum og vinnuvélum og skráningarskyldu í umferðarlögum og afleiddum reglugerðum, enda séu eiginleikar dráttarvéla og vinnuvéla ekki þeir sömu. Þá sé skýrt að dráttarvélar teljist til sérstaks skráningarflokks í ökutækjaskrá en vinnuvélar tilheyri öðrum skráningarflokki og fái sérstök vinnuvélanúmer. Samkvæmt framansögðu telur V skýrt að dráttarvélin sem um ræðir hafi verið skráningarskyld og slys M falli því undir undanþáguákvæði greinar 3.5. í skilmálum tryggingarinnar.

Þessu til viðbótar bendir V á að dráttarvélin hafi verið í notkun sem ökutæki þegar slysið varð. Telji V ljóst að orsök slyss M megi rekja til notkunar dráttarvélarinnar sem ökutækis. Eins og fram komi í lögregluskýrslu þá hafi málsatvik verið þau að hnifur losnaði úr sláttuvélinni sem var áföst við dráttarvélina og skaust í fótlegg M. Þar komi einnig fram að dráttarvélin hafi verið í fullri notkun og á hreyfingu þegar slysið varð auk þess sem sláttuvélin hafi verið tengd í aflúrtak dráttarvélarinnar með drifskaftri. Þá telur V einnig ljóst að sláttuvélin teljist ekki vera sjálfstæð vinnuvél, enda hafi hún ekki sjálfstæðan aflgjafa, sé ekki með vinnuvélanúmer og teljist ekki vera eftirvagn dráttarvélarinnar. Að mati V séu sláttuvélar sem þessar því hluti af sérstökum búnaði dráttarvéla við þær aðstæður sem uppi voru þegar slysið gerðist. Telur V að sú niðurstaða fái m.a. stuðning í skilgreiningu á hugtakinu dráttarvél í umferðarlögum, en þar sé beinlínis tekið fram að dráttarvél sé vélknúð ökutæki sem sé m.a. hannað til að knýja vinnutæki. Þá vísað V til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 35/1994 með þeim rökum að þar hafi rétturinn komist þeirri niðurstöðu að slys sem varð þegar stúlka festist í drifskaftri heyhleðsluvagns hafi orsakast af notkun dráttarvélar sem ökutækis, en telja megi þá notkun einkennandi og venjulega fyrir þess konar ökutæki. Telur V sömu rök eiga við í máli M, enda verði að telja sláttuvélin til sérhæfðs búnaðar dráttarvélarinnar og vera hluta af notkun hennar með sama hætti. Þá vísar V einnig í dóma Hæstaréttar Íslands frá 1954, bls. 317 og í máli nr. 15/2006 þar sem talið hafi verið að slys, sem ökumaður dráttarbifreiðar varð fyrir þegar hluti af sérstökum dráttarbúnaði bílsins slengdist í hann, teldist hafa orðið vegna notkunar bifreiðarinnar sem ökutækis, með hliðsjón af sérstökum búnaði hennar. V telur að samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar hafi það verið talið skipta máli hvort slys hafi orðið við aðstæður þar sem aflvél dráttarvélar hafi verið notuð til að knýja vinnutæki í venjulegri notkun þess. Megi sjá þess merki í samanburði á framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 35/1994 (þ.e. Hrd. 1996, bls. 765) og Hrd. 1999, bls. 4983 þar sem ekki var talið að slys tengdist notkun dráttarvélarinnar. Byggir V á því að í máli M sé hins vegar ekki vafi um að dráttarvélin hafi verið í fullri notkun og að aflvél hennar notuð til að knýja vinnutæki í venjulegri notkun tækisins, þ.e.a.s. sláttuvélinna sem var tengd dráttarvélinni. Telur V því að fyrirbyggjandi dómaframkvæmd um túlkun notkunarhugtaksins bendi til þess orsök slyss M megi að öllu leyti rekja til notkunar dráttarvélarinnar sem ökutækis. V taldi sig því hafa sýnt fram á að slys M hafi orsakast vegna notkunar ökutækis sem telst skráningarskyld lögum samkvæmt og því falli slysið undir undanþáguákvæði gr. 3.5. í skilmálum félagsins. Því sé bótaskylda vegna slyssins ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdom M, dags. 5. febrúar 2025, er bent á að tilgangurinn með hinu umdeilda undanþáguákvæði í fjölskyldutryggingunni, sé að koma í veg fyrir tvítryggingu, þ.e. að hinn slasaði fái ekki bætur úr þeirri tryggingu ef fyrir hendi er bótaréttur úr ökutækjetryggingu. Þá komi fram í 1. gr. reglugerðar 751/2003 um skráningu ökutækja að ekki þurfi að skrá vinnuvélar sem nær eingöngu eru notaðar utan opinberra vega. Dráttarvél sú sem dró sláttuvélinna sem slasaði M hafi ekki verið skráningarskyld og þar með eigi ekki við um hana hlutlægar bótareglur umferðarlaga þ.e. ef hún er nær eingöngu notuð utan opinberra vega. Að lokum er bent á að slys M hafi ekki orðið af völdum

dráttarvélarinnar heldur vegna bilunar í sláttuvélinni. Samkvæmt orðlagi skilmálanna þurfi slysið að hafa orðið af völdum ökutækis til þess að undanþágan eigi við.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort M eigi bótarétt út slysátryggingarlið fölskyldutryggingu hjá V, vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir 5. ágúst 2023. Í grein 3.5 í skilmálum sem giltu um trygginguna er tekið fram að V greiði ekki bætur vegna slysa sem verða af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að M eigi ekki bótarétt úr tryggingunni þar sem slys hennar hafi verið af völdum skráningarskylds ökutækis og falli því undir orðalag framangreinds undanþáguákvæðis í skilmálunum og því utan gildissviðs fjölskyldutryggingarinnar. Í því sambandi bendir nefndin á eftirfarandi.

Í 1. málslíð 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ber ábyrgð á skráningu þess í ökutækjaskrá og að skráningarmerki sé sett á það áður en það er tekið í notkun. Jafnframt segir í 2. mgr. sömu greinar að í reglugerð sem ráðherra setur skuli kveðið á um undanþágu frá skráningu ökutækis sem ætlað er til aksturs á afmörkuðum, skilgreindum svæðum, svo og ökutækis sem ætlað er til aksturs utan almennrar umferðar, og hvar nota megi ökutækið. Í 1. gr. reglugerðar nr. 751/2003, samanber reglugerð nr. 1515/2020, segir eftirfarandi: „Skylt er að skrá bifreið, bifhjól, létt bifhjól, torfærutæki, vinnuvél, rafknúið dráttartæki og dráttarvél áður en ökutækin eru tekin í notkun. Sama á við um eftirvagn bifreiðar eða dráttarvél sem gerður er fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, svo og hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagn. Eigi þarf þó að skrá vinnuvél sem ætluð er til aksturs utan almennrar umferðar og eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvél sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.“

Af framangreindu má sjá að meginreglan er sú að skrá ber dráttarvél í ökutækjaskrá og að undantekningin í 3. málslíð 1. gr. framangreindrar reglugerðar er annars vegar bundin við að um vinnuvél sé að ræða og hins vegar að hún sé ætluð til aksturs utan almennrar umferðar. Nefndin telur að hvorugt þessara skilyrða sé uppfyllt í málinu. Þannig er í 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 m.a. að finna tvær efnislega ólíkar skilgreiningar á hugtökunum vinnuvél og dráttarvél. Telur nefndin að það bendi ekki til þess að hægt sé að miða við að dráttarvél geti talist vinnuvél í skilningi 1. gr. reglugerðarinnar. Það að til viðbótar sé hér um að ræða túlkun á undantekningarákvæði frá þeirri meginreglu að dráttarvélar séu skráningarskyld ökutæki, styrkir að mati nefndarinnar enn frekar framangreinda niðurstöðu. Nefndin telur því ekki rök til annars en að umrædd dráttarvél teljist vera skráningarskyld ökutæki í skilningi umferðarlaga nr. 77/2019. Varðandi seinna atriðið sem nefnt er í tengslum við undanþáguna í 3. málslíð 1. gr. reglugerðarinnar, þ.e. að vinnuvélin þurfi að vera ætluð til akstur utan almennrar umferðar, þá hefur M ekki lagt fram nein þau gögn sem gætu sýnt fram á að sú hafi verið raunin varðandi þá dráttarvél sem X ók í umrætt sinn.

Hvað varðar það skilyrði að slysið hafi jafnframt verið af völdum dráttarvélarinnar, þá telur nefndin að sú hafi verið raunin. Þó svo að í skilmálum fjölskyldutryggingarinnar sé talað um að slysið hafi orðið af völdum skráningarskylds ökutækis telur nefndin að hér sé í raun um að ræða efnilega sambærilegt skilyrði eins raunin væri ef miðað væri við notkunarhugtak laga nr. 30/2019 um ökutækjetryggingar. Eins og komið hefur fram verður slys M rakið til þess að ein festing fyrir hnífa sláttuþyrlunnar brotnaði með þeim afleiðingum að M slasaðist. Jafnframt liggur fyrir að sláttuþyrlan var tengd við og knúin af aflvél dráttarvélarinnar sem var á keyrslu þegar slysið átti sér stað. Slys M var því af völdum dráttarvélarinnar og rakið til notkunar hennar sem öku- og dráttartækis sem í umrætt sinn var nýtt til að knýja vinnutæki (sláttuvél) í venjulegri notkun þess. Sérstakir eiginleikar dráttarvélarinnar sem vélknúins ökutækis áttu því þátt í slysi M. Nefndin bendir á Hrd. 1999, bls. 765 í tengslum við þessa niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr frítímaslysið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 24. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 424/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.

Gögn.

653. Málskot mótttekið 4. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
654. Athugasemdir V, dags. 25. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
655. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. desember 2024.
656. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. febrúar 2025, ásamt fylgiskjali.
657. Athugasemdir M, dags. 7. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 13. nóvember 2023 hafi M millilent á Keflavíkurlugvelli á leið sinni til Vancouver í Kanada. Atvikum er lýst þannig að M hafi fallið um svokallaðan leiðara eftir að hún steig út úr flugvallarrútu og hafði gengið nokkur skref í átt að flugvél sem lagt var þar í stæði. Hafi M sem í umrætt sinn var í hópi farþega, handleggsbrotnað við fallið. Með málskotinu fylgdi ljósmynd af leiðaranum og hvernig honum var fyrir komið. Kemur fram í málskotinu að M hafi dvalið á sjúkrahúsi á Íslandi í tvo daga en þá flogið heim til sín í Kanada. Jafnframt segir þar að M hafi þurft á töluverðri lækniástoð að halda eftir að heim var komið. Upplýst er að X hafi verið tilkynnt um tjónið í byrjun desember 2023. Með tölvubréfi, dags. 18. desember 2023, hafnaði X bótaábyrgð í málinu. Kemur þar fram að fyrir hendi sé myndefni af óhappinu úr öryggismyndavélum. Með vísun í það efni hafnaði X því að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess, heldur virðist M hafa hrasað. Því telji X að um óhappatilvik sé að ræða. V var tilkynnt um slysið með tölvubréfi, dags. 20. janúar 2024.

M, sem telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, krefst þess í málskoti að fá tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V, enda megi rekja slysið til ófullnægjandi aðbúnaðar við frágang leiðarans, nokkuð sem X beri ábyrgð á. Byggir M m.a. á því að myndbandsupptaka af slysinu sýni svo ekki verði um villst að m.a. vegna annarra farþegar sem einnig voru á leið frá flugvallarrúttunni áleiðis um borð í vélina, hafi verið ómögulegt fyrir M að sjá leiðarann eða hjól hans sem hún datt um í umrætt sinn. Bendir M á að X eigi að sjá til þess að leiðarinn geti tryggt öryggi farþega. Sú hafi hins vegar ekki verið raunin. Bendir M m.a. á því sambandi að engar viðvaranir eða merkingar hafi verið settar upp vegna leiðarans sem sé aðeins um einn metri á hæð og ekki sýnilegur farþegum. Þá sé leiðarinn í sama lit og umhverfið og algerlega ómerktur. Þessu til viðbótar byggir M á að hjól leiðarans séu óvenjulega stór sem auki hættu á að gangandi farþegi reki sig í þau og detti. M byggir einnig á að enginn starfsmaður hafi verið við leiðarann til að vísa farþegum frá honum. Að lokum vísar M í dóm Landsréttar í máli nr. 431/2023 máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 25. nóvember 2024, er málatilbúnaði M hafnað og því haldið fram að slys M verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í því sambandi er m.a. bent á að M byggi málatilbúnað sinn á að slysið megi rekja til ófullnægjandi frágangs á leiðaranum og að X beri ábyrgð á þeim frágangi. Í rökstuðningi M komi hins vegar ekki fram með hvaða hætti frágangurinn hafi verið ófullnægjandi. Hafnar V því að frágangur leiðarans hafi ekki verið í samræmi við reglur. Hvað framangreindan dóm Landsréttar varðar þá bendir V á að aðstæður í því máli séu ekki sambærilegar við það sem gildir um slys M. Að lokum bendir V á að það hafi ekki verið X sem sá um að setja leiðarann upp heldur hafi það verið í höndum starfsmanna flugafgreiðsluáðila sem sé þjónustuaðili fyrir flugfélögin.

Í viðbótarathugasemdum frá M, dags. 2. desember 2024, er að finna andsvör við því sem fram kemur í bréfi V til nefndarinnar. Er þar m.a. fullyrt að augljóst sé að leiðarinn hafi verið „í gönguleið“ M í umrætt sinn. Þessu til viðbótar er m.a. á það bent að X hafi þrátt fyrir áskoranir þar að lútandi ekki

lagt fram í málinu gögn sem gætu staðfest það að farið hafi verið eftir þeim reglum sem gilda innan flugvallarins og eiga að tryggja öryggi farþega. Einnig ítrekar M þá kröfu sína að X leggi myndabandsupptöku af slysinu fram í málinu. Er það ítrekað að myndbandið sýni að m.a. vegna annarra farþega hafi verið ómögulegt fyrir M að sjá leiðarann eða hjól hans er hún gekk í átt að flugvélinni. Telur M að X verði að bera hallann af því að fullnægjandi gögn hafi ekki verið lögð fram. Með viðbótarathugasemdum V til nefndarinnar, dags. 3. febrúar 2025, fylgdi umrætt myndband og vinnuleiðbeiningar X vegna leiðarans. Telur V að þau gögn staðfesti fyrri rök félagsins. Þá er bent á að leiðarinn sé í skærum litum og ætti því ekki að fara fram hjá neinum. Einnig komi fram á myndbandinu að starfsmenn hafi verið til staðar til að aðstoða farþega. Þá geti leiðarinn eðli málsins samkvæmt ekki talist aðskotahlutur á göngustíg þar sem hann móti þá leið sem ganga á eftir áleiðis að flugvélinni.

Nefndin sendi lögmanni M viðbótarathugasemdir V ásamt myndbandinu og vinnuleiðbeiningum X. Í athugasemdum frá M, dags. 7. febrúar 2025, er að finna umfjöllun um og rök gegn málatilbúnaði í viðbótarathugasemdum V, dags. 3. febrúar 2025.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

Í málinu liggur fyrir myndband sem sýnir vel aðstæður á slysstað og slys M. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, m.a. á grundvelli þess sem fram kemur í umræddu myndbandi, að M hafi ekki tekist að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð í málinu. Þvert á móti telur nefndin að aðstæður í umrætt sinn hafi verið í fullu samræmi við það sem farþegar máttu búast við. Þannig virðist myndbandið og vinnuleiðbeiningar sýna að uppsetning leiðarans hafi verið í samræmi við þær reglur sem giltu um notkun hans og gönguleið farþega verið vel sýnileg. Þá verður heldur ekki annað séð af myndbandinu en að M hafi séð leiðarann enda virðist ljóst að slysið verður ekki fyrir en eftir að M er komið fyrir það 90 gráðu horn sem leiðarinn myndar á gönguleið farþega í átt að flugvélinni. M fellur því í raun ekki fyrir en hún er nánast komin fram hjá leiðaranum. Hún gengur ekki beint á hann og fellur. Það liggur því ljóst fyrir að leiðarinn var ekki í gönguleið M. Þá verður heldur ekki séð að slys M verði rakið til þess að aðrir farþegar hafi byrgt henni sýn. Í raun telur nefndin erfitt að fullyrða að myndbandið sýni með óyggjandi hætti að ástæða þess að M datt og slasaði sig hafi verið sú að hún rak sig í leiðarann. Það er því niðurstaða nefndarinnar að líta beri á slys M sem óhappatilvik en ekki að það verði rakið til óforsvaranlegra aðstæðna eða háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 427/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

658. Málskot mótttekið 8. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
659. Bréf V dags. 9. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.
660. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. desember 2024.
661. Viðbótarathugasemdir V dags. 20. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vart hafi orðið leka inni í vegg milli barnaherbergis og baðherbergis í fasteign M. Í ljós hafi komið að lekinn stafaði frá baðherbergi íbúðar á efri hæð hússins, en vatnslás hafi verið ónýtur. Eigandi þeirrar íbúðar, X, sé váttryggður hjá V sem hafi viðurkennt bótaskyldu gagnvart honum.

Váttryggingafélag það sem M er í viðskiptum við, V2, bauð honum bætur sem numu hluta fjárhæðar tjónamats, án viðurkenningar á bótaskyldu. Kröfu M um fulla bótaskyldu V2 var hafnað með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 347/2024 á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að tjón M stafaði af skyndilegum leka úr lögnum húseignarinnar eins og áskilið sé samkvæmt 1-lið 1. gr. váttryggingarskilmálans

Í kjölfarið krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X hjá V enda sé tilgangur hennar að greiða skaðabætur hafi váttryggður bakað sér skaðabótaábyrgð. V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að um langvarandi leka væri að ræða svo og þess að váttrygging fasteignar M væri ekki nýtt að fullu.

M gerir í málskoti alvarlegar athugasemdir við afstöðu félaganna sem bendi hvort á annað. Ljóst sé að M hafi orðið fyrir miklu fjárhagslegu tjóni sem rekja megi til leka hjá þriðja aðila. Óskiljanlegt sé eigi M að bera það tjón sjálfur enda beri hann enga sök á tjóninu og hafi verið algerlega grandlaus um það þar til miklar skemmdir komu í ljós í fasteign hans. Þá hafi ekki verið færðar neinar sönnur fyrir því að lekinn hafi verið langvarandi né skýrt nánar hvernig það hugtak sé túlkað. Yfirgnæfandi líkur séu þá fyrir því að lekinn frá vatnslásnum hafi aukist jafnt og þétt. Þegar tjónið uppgötvaðist í júní 2024 hafi verið mikill og nýlegur leki í veggnum. Sé það mat M að lekinn hafi verið óvæntur og skyndilegur þar sem hann sé frá séreign efri hæðar og innan veggja. Engin leið hafi verið til að uppgötva hann fyrr en hann kom í ljós og hafi þá strax verið brugðist við eins og öll gögn sýni. Krefst M þess að fá úr því skorið hver beri ábyrgð á tjóni hans en eins og er fái tjónvaldur, X, sitt tjón bætt en ekki hann. Þá er óskað eftir leiðbeiningum nefndarinnar um hvaða tryggingar bæti tjón M

Í bréfi V til nefndarinnar og viðbótarathugasemdum þess er vísað til þess að samkvæmt skilmálum fasteignatryggingar X bæti ábyrgðartrygging hennar ekki tjón vegna langverandi raka eða vatnsleka. Komi jafnframt fram í skilmálum að váttryggingin bæti ekki tjón vegna myglu eða sveppagróðurs. Af þeim gögnum sem fyrir liggi megi ráða að miklar mygluskemmdir og ryð hafi verið til staðar. Sé því ljóst að vatn hafi legið á byggingarefnum í langan tíma. Þá sé um að ræða sama tjónsatvik og nefndin hafi áður fjallað um í máli nr. 347/2024 og standi engin rök til þess að komast að annarri niðurstöðu nú.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að hann sæki bætur í ábyrgðartryggingu X og ábyrgð tjónsins hvíli sannanlega á X. Þá eru fyrri röksemdir ítrekaðar, en jafnvel þó um langvarandi leka kunni að hafa verið að ræða megi rekja meginorsök tjónsins til þess að vatnslás brast og olli miklum leka. Beri því í öllu falli að fallast á bótaskyldu að hluta.

Álit.

Nefndin hefur áður fjallað um umrætt tjónstilvik en í máli nr. 347/2024 var fjallað um kröfu M á hendur V2. Var niðurstaða nefndarinnar sú að um langvarandi raka eða vatnsleka væri að ræða en

ekki tjón sem stafaði af skyndilegum leka úr lögnum húseignarinnar eins og áskilið væri í skilmála váttryggingar þeirrar sem hann var með í gildi hjá V2 á tjónsdegi. Var kröfu M því hafnað.

Krefst M nú bóta úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X. Í 51. gr. laga um fjöleignarhús nr.26/1994 kemur fram að eigandi séreignar sé ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins vegna fjártjóns á eignum þeirra sem stafar m.a. af bilun á búnaði séreignar og lögnum þó eiganda verði ekki um það kennt.

Ábyrgðartrygging fasteignatryggingar þeirrar sem X var með í gildi hjá V á tjónsdegi tekur ekki til allrar þeirrar skaðabótaskyldu sem kann að falla á váttryggðan sem eiganda húseignar, heldur eru tiltekin atriði undanskilin. Þannig segir í 10.8 gr. skilmálans að váttryggingin bæti ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka, og í 10.10 gr. segir að váttryggingin bæti ekki tjón vegna myglu og sveppagróðurs.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vatn hafi lekið frá vatnslás á baðherbergi efri hæðar um þó nokkurn tíma þegar M varð lekans var en umtalsverðar raka-og mygluskemmdir eru vel sýnilegar á fyrirliggjandi ljósmyndum. Ummerki á fasteign M styðja því við þá afstöðu að um langvarandi raka eða vatnsleka hafi verið að ræða auk þess sem tjón á fasteign hans virðist að töluverðu leyti að rekja til myglu, sbr. það sem kemur fram í fyrirliggjandi tjónamati dags. 3. júlí 2024.

Af framangreindu leiðir að umrædd takmörkun á bótasviði váttryggingarinnar á hér við burtséð frá því hvort X kunni lögum samkvæmt að hafa bakað sér bótaskyldu gagnvart M. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 428/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).

Heiti váttrygginga: Fasteignatrygging og ábyrgðartrygging.

Nafn váttryggingartaka hjá V2 (X)

Skaðabótaábyrgð. Gáleysi. Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

662. Málskot móttakið 6. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
663. Athugasemdir V2, dags. 3. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
664. Athugasemdir V1, dags. 18. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
665. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. janúar 2025.
666. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 9. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sé með fasteignatryggingu hjá V1. Þann 18. júlí 2024 hafi heitavatnsrör í húsnæði M gefið sig með þeim afleiðingum að af hlaust talsverður vatnsskaði. Í málskotinu er atvikum nánar lýst með þeim hætti að þennan tiltekna dag hafi verið í gangi vinna við að skipta um mæla við heitavatnsinntak í húsnæði M. Nánar tiltekið hafi verið unnið að uppsetningu sjálfvirkra mæla í stað álestrarmæla. Eftir að vatni hafi verið hleypt aftur á hafi tengi í hitavatnslögn í geymslugangi tiltekens stigagangs gefið sig með þeim afleiðingum að tjón varð m.a. á teppi, málningu og lyftugöngum. Er tekið fram að tjónið hafi verið verulegt að mati M og skoðunarmannsins frá V1.

V1 sendi pípulagningameistara á staðinn sem komst að þeirri niðurstöðu að rekja mætti tjónið til tengis sem hafi rofnað. Orsök tjónsins hafi því verið sú að umrætt tengi hafi ekki verið nægjanlega hert. Í fyrirbyggjandi skýrslu pípulagningameistara segir m.a. eftirfarandi: „Þegar undirritaður kom að málinu var búið að loka fyrir lekann og dæla mestu vatni frá. Í ljós kom að lögn í lofti var í sundur við samsetningu á primótengi. Ekki þurfti verkfæri til að losa ró á umræddu tengi. Það er mat undirritaðs að tengið hafi ekki verið nægilega vel hert.“

Að fengnu framangreindu mati benti V1 M á að hafa samband við V2, þar sem X, pípulagningarmeistarinn sem hafi hannað umrædda lögn væri með ábyrgðartryggingu. Væri það mat V1 að X bæri ábyrgð á tjóninu og því ættu bætur að koma úr ábyrgðartyggingu hans hjá V2 en ekki fasteignatryggingu M hjá V1. V2 hafi hins vegar hafnað því að bæta tjónið með þeim rökum að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X.

Að fengnu þessu svari sneri M sér aftur til V1 sem einnig hafnaði að bæta tjónið. Rök V1 voru þau að umræddur leki falli ekki undir gildissvið fasteignatryggingu M þar sem ekki hafi eingöngu verið um skyndilegan og óvæntan leka að ræða enda geti það ekki talist ófyrirséð að lagnir sem ekki eru rétt samsettar leki.

Í málskotinu kemur síðan fram að eftir þessa tvöföldu neitun frá V1 og V2 hafi M ekki séð aðra lausn í stöðunni en að leita eftir álitni úrskurðarnefndarinnar. Tekur M fram að þó húsfélagið búi ekki yfir þeirri þekkingu að vita hvort það er V1 eða V2 sem eigi að bæta tjónið, þá telji M ágreiningslaust að annað hvort þeirra eigi að gera það. Ekki er hins vegar að finna í málskotinu frekari rök fyrir því hvað nákvæmlega það er sem eigi að valda því að eftir atvikum V1 eða V2 beri að bæta tjónið. Þá bendir M á að ekki hafi áður komið leki úr umræddu tengi á þeim liðlega fimm árum sem liðin eru frá því að fasteignin var byggð.

Í athugasemdum, dags. 3. desember 2024, hafnar V2 bótaábyrgð í málinu. Er sú ákvörðun rökstudd með þeim hætti að bæði sé ósannað að X hafi gert eitthvað rangt við uppsetningu lagnarinnar á sínum tíma né að tjónið megi rekja til þeirra starfa. Þá fullyrðir V2 að það sé með öllu ósannað í málinu að róin á umræddu tengi hafi verið laus. Í því sambandi lagði V2 einnig áherslu á að þegar skipt er um mæla eins og raunin hafi verið í þessu tilviki, sé mikilvægt að hleypa vatni aftur rólega á þar sem slaufulokar og þrýstijafnarar geti staðið á sér. Virðist V2 álíta að líklega megi rekja tjónið til vinnulags þeirra sem skiptu um mæla. Að lokum bendir V2 á að X hafi tengt umrædda lögn fimm árum áður en tjónið varð. Ekki hafi borið á leka í öll þau ár. V2 hafnar því bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og krefst þess að úrskurðarnefndin staðfesti niðurstöðu félagsins.

Í athugasemdum, dags. 18. september 2024, hafnar V1 bótaskyldu. Höfnunin byggir á því að umrætt tilvik falli utan gildissviðs fasteignatryggingar M hjá V1. Vísar V1 til 1. gr. þeirra skilmála sem giltu um trygginguna en þar kemur fram hvað tryggingin bætir. Í því ákvæði er m.a. gerð grein fyrir því að samkvæmt tryggingunni verði greiddar bætur vegna tjóns sem rakið verði til skemmda „á vátryggðri fasteign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum.“ Ítrekaði V1 þá afstöðu sína að tjón M félli utan gildissviðs 1. gr. og vísaði einnig til þess að ekki geti talist óvænt og ófyrirséð að vatn leki úr lögnum sem ekki eru samsettar með fullnægjandi hætti. V1 hafði áður byggt á sömu rökum í bréfi til M, dags. 16. september 2024.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 2. janúar 2025, er í fyrsta lagi fundið að því að í athugasemdum sínum, dags. 3. desember 2024, virðist V2 byggja á því að orsök tjónsins hafi verið sú að ekki hafi verið gætt nægjanlega vel að því þegar vatninu var hleypt aftur á, að það væri gert rólega. Bendir M m.a. á að engin leið sé fyrir félagið að staðreyna hvort starfsmenn þeir sem sáu um það verk hafi gert það nægjanlega gætilega, enda hafi engin á vegum M verið viðstaddur. Þá bendir M jafnframt á að V2 hafi ekki komið með þessa ábendingu þegar kröfunni var hafnað 6. september 2024. Þess í stað hafi ábendingin fyrst komið fram 3. desember 2024. Telur M einsýnt að engin leið sé að sýna fram á hvort þessi seinni skýring V2 á orsökum tjónsins eigi við rök að styðjast. Að lokum tekur M fram að í athugasemdum V1, dags. 18. september 2024, komi ekkert það fram sem M hafi ekki áður brugðist við. Tekur M þó fram að V1 staðhæfi enn á ný að það geti ekki talist óvænt og ófyrirséð að vatn leki úr lögnum sem ekki eru samsettar með fullnægjandi hætti. M sem mótmælir þessari fullyrðingu bendir á að hinn umdeildi leki hljóti að teljast bæði óvæntur og ófyrirséður m.a. vegna þess að ekkert hefur lekið úr þessu tengi í þau fimm ár sem það hefur verið í notkun.

Í viðbótarathugasemdum, dags. 9. janúar 2025, ítrekar V2 sín fyrri rök og bendir einnig á að það væru fimm ár liðin frá því að X lagði umrædda lögn og hann hefði ekki haft neina aðkomu að því verki sem unnið var í húsnæði M 18. júlí 2024. Það sé því ósannað að tjón M megi rekja til starfa X. Að lokum bendir V2 á að það sé þekkt að þegar vatni sé hleypt aftur á verði að gera það varlega og fylgjast með þrýstingi á kerfinu. Þá er það einnig ítrekað að á því svæði þar sem fasteign M stendur sé mikill háþrýstingur og því verði að hleypa vatninu á mjög varlega því slaufulokar og þrýstijafnarar geti staðið á sér.

Álit.

Í málinu er því haldið fram af hálfu V1 að umrædd lögn hafi farið í sundur þar sem prímotengi hafi ekki verið nægilega vel hert. Því er haldið fram að tengið hafi ekki verið nægilega hert þegar lagnirnar voru settar upp fimm árum áður. Það liggja hins vegar ekki fyrir nein gögn sem sanna að píparinn sem setti upp lagnirnar hafi ekki hert þær nægilega og því verður að telja ósannað að tjónið sé að rekja til starfa hans enda kemur fram að ekki hafi borið á leka úr lögnunum síðan þær voru settar upp. Þannig er með öllu ósannað að róin á tenginu hafi verið laus þegar tjónið varð. Það liggur fyrir að það var verið að skipta um mæla og nýr mælir var settur í lagnagrind hússins. Þegar vatninu var hleypt aftur á gaf umrædd heitavatslögn sig. Með vísan til þess að ósannað er að tengið hafi ekki verið nægilega hert er ósannað hvers vegna lögnin gaf sig. Á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V2.

Í 1. gr. skilmála vatnstjónstryggingarliðar fasteignatryggingar M hjá V kemur fram að vátryggingin greiði bætur vegna tjóns ef það er vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar. Það liggur fyrir í málinu að umræddar lagnir fóru skyndilega í sundur og verður því að líta svo á að um skyndilegan leka hafi verið enda ekki ágreiningur um það. Verður að sama skapi að telja að lekinn hafi verið óvæntur og ófyrirsjáanlegur enda gat M með engu móti séð fyrir að lagnirnar færu að leka. Verður því að telja að öll skilyrði 1. gr skilmálans fyrir bótaskyldu séu uppfyllt. Með vísan til framangreinds er V1 bótaskyld.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V1.

Reykjavík, 27. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 429/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

667. Málskot mótttekið 6. nóvember 2024.
668. Bréf V, dags. 26. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
669. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29.11.2024.
670. Viðbótarathugasemdir V, dags. 02.12.2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að um klukkan 09.15 hinn 9. ágúst 2024 hafi M ekið bifreið sinni á niðurfall sem staðsett var fyrir framan inngang að Sundaborg 9. Niðurfallið er úr járni og standa skarpar brúnir þess óvarðar. Var niðurfallið ómerkt og er M ók yfir það eða utan í það með hægra afturdekkið, hvelsprakk á dekkinu. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V sem hafnað hefur bótaskyldu vegna tjónsins og vísar m.a. til þess að fyrirtækið Y sjái um viðhald á fráveitu- og niðurfallskerfum. M telur að X geti ekki firrt sig ábyrgð vegna tjóns með því að vanrækja að fylgjast með ástandi þeirra hluta vegarins sem X ber ábyrgð á. Teljast megi sérkennilegt að sönnunarbyrðin um hvort X hafi vitað eða mátt vita hvíli á honum. Sem veghaldari á X að takast á hendur ábyrgðina af því að fylgjast með ástandi vega í umsjá hans.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur fram að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem kann að vera rakið til ástands á vegkafla þar sem váttryggður er veghaldari. Fyrirtækið Y sé eigandi að fráveitukerfum og niðurföllum og beri starfsmönnum Y að sjá um viðgerðir og viðhald, berist upplýsingar um ábótavant ástand þeirra. Ekki sé hægt að gera þá kröfu til veghaldara að hann viti um hvað eina sem kann að vera ábótavant við vegi jafnóðum og það kemur upp, einkum ef um ræðir blindgötu sem starfsmenn X eiga sjaldnar leið um og þar sem umferð er almennt minni. Þá telur V að ekki hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að tjónið verði einungis rakið til ástands vegarins. Það sé allt eins líklegt að tjónið stafi af veikleika í dekkinu og/eða að ökumaður hafi ekki hagað hraða og aksturslagi í samræmi við aðstæður. Er það mat V að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi sem X verði látinn bera ábyrgð á.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, sé haldið við með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að viðhaldi og/eða merkingu vegar hafi verið ábótavant.

Þrátt fyrir að fyrirtækið Y sé eigandi að fráveitukerfi og niðurföllum þá er umrætt niðurfall staðsett á vegi sem X ber sem veghaldari ábyrgð á á grundvelli vegalaga. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um að önnur tjón hafi orðið á sama vegarkafla á sama tíma né að starfsmenn X hafi vitað af holunni án þess að bregðast strax við með viðgerð. Með vísan til þess verður talið að M verði að bera hallann af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 430/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

25. Málskot móttakið 7. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
26. Bréf V dags. 12. desember 2024.
27. Ódags. viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 13. maí 2022, orðið fyrir líkamstjóni er hann var að störfum hjá X. Atvik hafi verið þau að M var að sækja hráefni í kæli og þurfti að klofa yfir vörusendingu sem komið hafði verið fyrir á miðju gólfi í kælinum. Hafi M fest fót sinn á milli tveggja kassa, misst jafnvægi og dottið aftur fyrir sig sem leitt hafi til líkamstjóns hans. Með tölvupósti dags. 18. september 2024 hafi V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að umrætt verklag hafi verið eðlilegt og yrði slys M því ekki rakið til saknæmrar háttsemi X. M byggir á því að slys hans megi rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna og vísar til nánari tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra á grundvelli þeirra því til stuðnings. Hafi X þá ekki tilkynnt um slysið til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980 þrátt fyrir að strax hafi legið fyrir að M var óvinnufær vegna þess. Verði því að leggja lýsingu M á aðstæðum og atvikum til grundvallar. Verklagið umrætt kvöld hafi þá ekki við til samræmis við hefðbundið verklag enda hafi viðskiptavinir tekið sig til og komið vörunum fyrir á miðju gólfi í kælinum, en starfsfólk ekki gengið frá þeim á sinn stað eins og hefðbundið verklag geri ráð fyrir. M hafi orðið var við vörurnar á gólfi kælisins og látið vaktstjóra vita en hinn síðarnefndi ekki haft mannafla í frágang þeirra. Lögregla hafi verið kvödd á vettvang og liggi skýrsla hennar dags. 13. maí 2022 fyrir. Við athugun lögreglu hafi ekki verið leitast við að upplýsa um orsök slyssins en hins vegar megi í skýrslu hennar sjá yfirlitsmynd af kælinum. Megi þar sjá að vörunum hafi verið komið fyrir í mörgum og stórum stæðum á gólfi kælisins og hafi þær hindrað aðgengi að geymsluhillum. Hafi M því ekki átt þess annan kost en að klofa yfir stæðurnar. Umræddur frágangur, sem vaktstjóra hafi verið kunnugt um hafi verið ófullnægjandi og óeðlilegur. Vísar M þá til fordæma Hæstaréttar kröfu sinni til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er því hafnað að slys M verði rakið til ófullnægjandi starfsaðstæðna og að X hafi með einhverjum hætti brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða regla settra með stoð í þeim. Af gögnum málsins verði ekki ráðið hvernig M hafi ætlað að „klofa“ yfir kassana, enda hafi þeim verið raðað þétt upp við hillur kælisins. Í lögregluskýrslu segi að M hafi flækt fót sinn í varningi inni í kælinum og verði að leggja þá atvikalýsingu til grundvallar. Samkvæmt X sé ekkert óeðlilegt við að vörum sé raðað með þessum hætti og hafi verið um hefðbundið verklag að ræða. Þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að umrædd uppröðun varanna hafi falið í sér saknæma eða ólögmdæta háttsemi skipti þá engu máli hvort starfsfólk eða viðskiptavinir hafi annast hana. Líkt og fram komi í málskoti hafi M þá verið meðvitaður um staðsetningu varanna áður en hann fór inn í kælinn. Hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá telji V að rannsókn þess hefði ekki bætt neinu við og hafi dráttur X á tilkynningu því enga þýðingu í málinu. Fyrst og fremst hafi verið um óhappatilviljun að ræða en að svo miklu leyti sem unnt hafi verið að koma í veg fyrir slysið hafi það verið á ábyrgð M sjálfs sem hefði getað fært kassana til. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að um saknæma og ólögmdæta háttsemi af hálfu X eða starfsmanna þess hafi verið að ræða sé því rétt að M beri stærstan hluta tjóns síns sjálfur sbr. 2. mgr. 23. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að vörustæðurnar hafi náð út á mitt gólf og hindrað aðgengi að hillum sem M hafi þurft að komast að. Hafi M því orðið að klífa yfir þær. Ekki hafi verið um hefðbundið verklag að ræða heldur hafi vaktstjóri sýnt að sér saknæmt athafnaleysi með því að

bregðast ekki við þessum aðstæðum. Lögregla hafi þá í engu leitast við að upplýsa frekar um aðstæður og tildrög slyssins og hefði rannsókn Vinnueftirlitsins því haft mikla þýðingu hefði hún farið fram.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að slys hans sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Fyrir liggur að M var óvinnufær frá slysdegi. X bar því, samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið án ástæðulausrar tafar. Fyrir liggur að slík tilkynning var ekki send fyrir en 21. júní 2022. Á grundvelli þess ber að slaka á almennum sönnunarkröfum hvað varðar atvikið sjálf. Að mati nefndarinnar liggur þó nokkuð ljóst fyrir hvernig slysið atvikaðist. Þannig er í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að sjá ljósmynd af umræddum kæli og má þar sjá að stæðum með drykkjarvörum er raðað á gólf kælisins, þétt við veggfastar hillur. Þá er haft eftir M í lögregluskýrslu að hann hafi „flækt fót sinn í varningi inni í kælinum“. Er það til samræmis við það sem segir í málskoti, þ.e. að M hafi fest „löpp sína milli tveggja kassa“ og hafi við það misst jafnvægið og dottið aftur fyrir sig.

Að mati nefndarinnar verður það ekki metið X til sakar að vörunum hafi verið raðað með þessum hætti á gólfi kælisins og hefur ekki verið sýnt fram á að það hafi verið óeðlileg tilhögun eða í andstöðu við ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna settra með stoð í þeim. Liggur þá fyrir að M var kunnugt um staðsetningu umræddra vara þegar hann fór inn í kælinn að sækja hráefni. Virðist því sem rekja megi slys M til eigin aðgæsluleysis og óhappatilviljunar en ekki atvika eða aðstæðna sem X verður gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Af framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinn hefur því ekki verið sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt og af því verður M að bera hallann.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða

Mál nr. 433/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

671. Málskot mótttekið 11. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
672. Bréf V dags. 22. nóvember 2024.
673. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. nóvember 2024.
674. Tölvupóstur V, dags. 29. nóvember 2024, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, varð M fyrir líkamstjóni þann 25. nóvember 2023, er hann var farþegi í framsæti bifreiðarinnar A, er ökumaður hennar, B, missti stjórn á henni með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar, fyrst á ljósastaur og síðar á tré. Reyndust bæði M og B vera undir áhrifum áfengis. Tekið var blóðsýni af ökumanni í þágu rannsóknar og mældist áfengismagn í blóði hans 1,91%. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir M að hann hafi verið í vinnusamkomu og að B hafi ætlað að aka honum heim. B neitaði að tjá sig við lögreglu um umferðarslysið. Við komu á slysadeild skömmu eftir áreksturinn gefur M þann framburð, með aðstoð tólks, að hann hafi verið í veislu með vinnu sinni. Allir hafi þar drukkið töluvert af áfengi. Hafi M og B farið saman í bíl og voru þeir báðir að drekka en vinur hans ákveðið að keyra. Hafi B svo sofnað við stýrið. Við komu á slysadeild var M augljóslega ölvaður. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns. Af hálfu V hefur bótaskylda verið samþykkt en bætur skertar um 2/3 hluta vegna eigin sakar.

M telur ekki skilyrði vera fyrir hendi til þess að skerða skaðabætur honum til handa á grundvelli 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Mótmælir M því að hafa falið ökumanni að stjórna ökutæki umrætt sinn líkt og V hafi vísað til. V beri sönnunarbyrði fyrir því í fyrsta lagi að M hafi sýnt af sér háttsemi sem jafna megi til stórkostlegs gáleysis og í öðru lagi að orsakasamband sé á milli hinnar gáleysislegru háttsemi og slyssins. Í þriðja lagi að háttsemi M hafi verið aðalorsök slyssins. Við mat á meðábyrgð M þurfi að líta til saknæmisstigs hans, þ.e. hversu mikið gáleysi hann sýndi af sér. Hafi M búið skammt frá þeim stað sem veislan var haldin umrætt kvöld og hafi hann ætlað að ganga heim. B, sem M þekkti lítið utan vinnustaðar, lagði til að hann myndi keyra M heim. Aðspurður hafi hann sagt M að hann hefði drukkið 1-2 bjóra í samkvæminu. M hafði ekki varið tíma með honum í veislunni og hafði ekki ástæðu til þess að draga orð hans í efa og mátti treysta því að B væri í ökuhæfu ástandi. M telur því að háttsemi hans megi í mesta lagi jafna til einfalds gáleysis þannig að ekki séu uppfyllt skilyrði 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Hafnar M því að hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa farið inn í umrædda bifreið. Til vara vísar M til þess að umferðarslysið muni hafa mikil áhrif á líf hans. Hann sé 64 ára og hafi verið óvinnufær frá slysi. Stórkostlegt gáleysi leiði ekki sjálfkrafa til þess að bætur séu skertar heldur þurfi að fara fram heildstætt mat á aðstæðum við slysið, þáttum annarra og atvikum að öðru leyti. Vísar M til nokkurra dóma máli sínu til stuðnings.

V telur rétt að skerða bótarétt M um 2/3 hluta. Vísar V til færslu í sjúkraskrá frá slysdegi þar sem frásögn M er rituð niður. Með vísan til hans telur V framburð M í málskoti ótrúverðugan og virðist ekkert styðja við þá frásögn í fyrirbyggjandi gögnum. Þá séu lýsingar í frumskýrslu lögreglu á ökumanni og M á þann veg að bersýnilegt var að þeir báðir hafi verið undir áhrifum áfengis. Áfengismagn í blóði ökumanns mældist 1,9% sem sé langt umfram leyfilegt vínandamagn í blóði með vísan til 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Vísar V til töflu sem fylgdi athugasemdum þess þar sem útskýrt er áhrif áfengismagns á einstaklinga. Vísar V til 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar þar sem kveðið er á um heimild til að skerða eða fella niður bætur vegna líkamstjóns. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að M hafi verið blekkur eða tilneyddur til að taka far með ökumanni bifreiðarinnar umrætt sinn né eru önnur atriði sem blasa við í málgögnum eða í athugasemdum með

málskoti sem séu honum til málsbóta.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M því að í málskoti komi fram eftiráskýringar hans. Þar sé einfaldlega verið að lýsa því sem átti sér stað í aðdraganda slyssins, enda mikilvægt atriði fyrir úrlausn málsins. M hafi mátt treysta því sem B tjáði honum varðandi það áfengismagn sem hann hafi innbyrt það kvöld enda hafði M eytt litlum sem engum tíma með honum það kvöld, hvað þá fylgst með því hversu mikið magn áfengis B hafi innbyrt. Ekki sé unnt að draga of víðtækar ályktanir af því sem haft er eftir M í sjúkraskránni, enda hafði hann ekki eytt miklum tíma með B umrætt kvöld.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur máls þessa um hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þetta er hin hlutlæga ábyrgðarregla laganna. Í 4. mgr. sömu greinar segir að bætur vegna líkamstjóns eða missis framfaranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort M hafi verið meðvaldur að tjóninu með stórkostlegu gáleysi verður við sakarmatið að líta til allra aðstæðna.

Samkvæmt gögnum málsins, og þá sérstaklega framburði M hjá lögreglu og á slysadeild, hafði hann verið með B, ökumanni A, í veislu á vegum vinnu sinnar. Allir hafi drukkið þar töluvert áfengi. Hafi M og B farið saman í bíl og báðir hafi verið að drekka. Hafi B svo sofnað við stýri með þeim afleiðingum að þeir klesstu á ljósastaur og svo á tré. Samkvæmt staðfestingu úr sýnaskrá sýndi blóðsýni að B hafi verið með 1,91‰ í blóði umrætt sinn en blóðsýnið var tekið kl. 23.24 en tilkynning um umferðaróhappið barst lögreglu tæpum tveimur tímum fyrr, kl. 21.41. Gefur það tilefni til að ætla að áfengismagn í blóði B hafi verið hærra þegar M ákvað að fara í bifreiðina með honum. Samkvæmt 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki ef magn vínanda í blóði hans nemur 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira. Telja verður að það hafi ekki getað dulist M að B var undir það miklum áfengisáhrifum að hann teldist vera óhæfur til þess að aka bifreiðinni umrætt sinn. Því verður ekki breytt þótt M hafi sjálfur verið undir áfengisáhrifum. Af þeim sökum var hann meðvaldur að líkamstjóni því sem hann varð fyrir af stórkostlegu gáleysi. Eins og málum er hér háttað, er það mat nefndarinnar að V sé heimilt að skerða bætur til M vegna líkamstjóns um 2/3 hluta þannig að M fái 1/3 hluta tjóns síns bætt.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V en heimilt er að skerða þær um 2/3 hluta.

Reykjavík, 18. desember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 434/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

675. Málskot mótttekið 11. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
676. Athugasemdir V, dags 27. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
677. Viðbótar athugasemdir M, dags. 1. desember 2024.
678. Viðbótar athugasemdir V, dags. 9. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er m.a. að finna skoðunarskýrslu [Y] húsasmíðameistara og byggingarfræðings, vegna leka af völdum gluggapéttinga og steypuskemmda í fasteigninni ..., en sú skýrsla var unnin að beiðni M. Skoðun fór fram 19. apríl 2024 og skýrslan er dags. 14. júlí 2024. Í skýrslunni segir m.a. eftirfarandi: „Við vinnu á fasteigninni ... vegna leka vandamáls hornlugga suður og austur hlið byggingarinnar sem hefur verið ákveðinn (Galli) nánast alveg frá byggingarári (2010) kom í ljós að innan múrkerfis var ekki nógu góð vinnubrögð eins og kemur fram á myndum en péttingar glugga s.s. kítunn var á stöðum ekki við hæfi og hægt að sjá auðveldlega lekaleiðir inn. Svo var steypuvinnan heldur ekki samkvæmt stöðlum og reglugerðum því það var sjáanlegar lekaleiðir (hreiður) á ýmsum stöðum og hægt að sjá í steypustyrktarjám líka sem eiga alltaf að vera hulin steypu til að koma í veg fyrir frekari tæringu þannig burðar og togþol steypu fari ekki dvínandi sem sýnir fram á hversu slæmt ástandið var undir múrkerfinu.“

Í málskoti og viðbótarathugasemdum byggir M á því að framangreind skoðunarskýrsla sanni m.a. vanrækslu X sem leiði til bótaskyldu X gagnvart M. Telur M sig því eiga rétt á að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

V hafnaði bótakröfu M. Í fyrsta lagi byggði félagið höfnunina á þeim rökum að krafa M væri fyrnd, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þannig komi fram í skýrslu Y að lekavandamál vegna ágalla á gluggum hafi gert vart við sig fljótlega eftir að húseignin var tekin í notkun árið 2010. Verði því að líta svo á að á þeim tímapunkti hafi málskotsaðili fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð bar á því eða hafi borið að afla sér slíkra upplýsinga. Fyrningarfrestur hafi því verið liðinn þegar tilkynning barst félaginu þann 20. maí 2024. Í öðru lagi telur V með öllu ósannað að til staðar sé skaðabótaskyld háttsemi í málinu sem leiði til ábyrgðar byggingarstjóra. Skaðabótaábyrgð byggingarstjóra sé hefðbundin sakarábyrgð utan samninga og gildi sakarreglan því um ábyrgð hans, sbr. 7. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Í ákvæðinu komi skýrt fram að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða, né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Það eitt að iðnmeistari hafi unnið verk á ófullnægjandi hátt eða skilað af sér gölluðu verki leiði því ekki til skaðabótaábyrgðar byggingarstjóra.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 1. desember 2024, er framangreindri röksemdafærslu V hafnað og m.a. bent á eftirfarandi í því sambandi. Í fyrsta lagi heldur M því fram að V rangtúlki þau orð Y sem félagið vísar til. Fullyrðir M að með umræddu orðalagi hafi Y aðeins verið að benda á að umræddur galli í fasteigninni hafi verið til staðar frá byggingarári þess 2010 en að hann hafi ekki komið í ljós fyrr en við viðgerðir árið 2024. Þá er í bréfinu einnig að finna mótmæli gegn þeim rökum V að hugsanleg skaðabótaskylda X sé fyrnd.

Þá segir eftirfarandi í viðbótarathugasemdum V, dags. 9. desember 2024: „Vísað er til athugasemda málskotsaðila dags. 2. desember 2024. Málskotsaðili vísar til þess að váttryggður hafi einnig verið skráður húsasmíðameistari sem vann beint við verkið. Engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu málskotsaðila sem sýna fram á að váttryggður hafi borið ábyrgð á þeim verkþáttum sem um ræðir. Til

Þess að hægt sé að fallast á skaðabótaábyrgð byggingarstjóra þurfa að liggja fyrir fullnægjandi sönnunargögn þar að lútandi. Líkt og félagið benti á í fyrri athugasemdum sínum telur það málskotsaðila ekki hafa komið fram sönnun fyrir því að skilyrði skaðabótaábyrgðar byggingarstjóra séu fyrir hendi. Í skýrslu byggingarfræðings sem liggur fyrir í málinu er ekkert mat lagt á þau bótaskilyrði sem fram koma í 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Þá er engu getið um í umræddri skýrslu með hvaða hætti vátryggður á að hafa gerst sekur um saknæma vanrækslu á skyldum sínum samkvæmt 7. mgr. sömu lagagreinar. Hallann af þeim sönnunarskorti ber málskotsaðili í samræmi við almennar sönnunarreglur. Að öllu virtu telur félagið því ekki skilyrði að lögum til að fella skaðabótaábyrgð á vátryggðan sem byggingarstjóra á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu.“

Álit.

M byggir bótakröfu sína að meginstefnu til á þeim upplýsingum sem er að finna í skýrslu Y, dags. 14. júlí 2024. Þar segir m.a. orðrétt: „... vegna leka vandamáls hornlugga suður og austur hlið byggingar sem hefur verið ákveðinn (Galli) nánast alveg frá byggingarári (2010).“ Aðila greinir á um hvernig beri að túlka framangreint orðalag í skýrslunni. M telur að með þessu orðalagi sé Y aðeins að benda á að umræddur galli í fasteigninni hafi verið til staðar frá byggingarári hennar 2010 en að gallinn hafi hins vegar ekki komið í ljós fyrr en við viðgerðir árið 2024. V byggir á því að samkvæmt orðanna hljóðan sé Y með beinum hætti að segja að þetta tiltekna lekavandamál hafi gert vart við sig fljótlega eftir að húseignin var tekin í notkun árið 2010. Aðilar hafa ekki hlutast til um að færa frekari sönnur á það hvað Y nákvæmlega átti við með þessu orðalagi.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að samkvæmt orðanna hljóðan sé ástæða til að ætla að Y hafi gengið út frá því í skýrslunni að hið umdeilda lekavandamál hafi verið þekkt frá því fljótlega eftir að húsið var byggt árið 2010. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, fyrnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Í athugasemdum frá V, dags. 27. nóvember 2024, er því haldið fram að tilkynning um hið meinta bótaskylda tjón hafi borist félaginu þann 20. maí 2024. M hefur ekki mótmælt því að það sé rétt. Með vísan til framangreinds telur nefndin að skaðabótakrafa M hafi verið fyrnd þann 20. maí 2024 þegar hún var send V.

Auk framangreinds ágreinings um fyrningu hverfist ágreiningur í málinu um það hvort sannað sé að skilyrði skaðabótaskyldu liggja fyrir varðandi störf byggingarstjóra húseignar M og hvort hægt sé að rekja ætlað tjón til atvika sem byggingarstjóri ber skaðabótaábyrgð á. Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllumun gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslíð þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk-eða kaupsamningi.

Eins og áður hefur komið fram byggir M skaðabótakröfu sína að meginstefnu til á skoðunarskýrslu Y. Í skýrslu Y er hins vegar ekki með beinum hætti lagt mat á þau bótaskilyrði sem fram koma í 5. mgr. 29. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Þá er ekki í umræddri skýrslu að finna umfjöllun um það með hvaða hætti X á að hafa gerst sekur um saknæma vanrækslu á skyldum sínum samkvæmt 7. mgr. sömu lagagreinar. Í samræmi við almennar sönnunarreglur ber M hallann af þeim sönnunarskorti.

Að öllu framangreindu virtu hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að fjögurra ára fyrningarfræstur sé liðinn og skaðabótakrafa á hendur byggingarstjóra sé þar af leiðandi fyrnd, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Þá telur nefndin sömuleiðis að ósannað sé að til staðar sé skaðabótaskyld háttsemi sem leiði til ábyrgðar X en sönnunarbyrði um það hvílir á M líkt og að framan er rakið.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 435/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

679. Málskot móttakið 11. nóvember 2024 ásamt fylgiskjólum.
680. Bréf V dags. 12. nóvember 2024 ásamt fylgiskjólum.
681. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. nóvember 2024.
682. Bréf V dags. 28. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M og eiginmaður hennar hafi hinn 16. ágúst 2024 keypt pakkaferð hjá ferðaskrifstofu, en brottför var fyrirhuguð 22. ágúst 2024. Við kaup á ferðinni hafi M verið við fulla og góða heilsu en tveimur dögum fyrir áætlaða brottför hafi heilsu hennar tekið að hraka og hafi hún ekki séð sér fært að fara í ferðina vegna veikinda. Vísar M til fyrirbyggjandi læknisvottorðs dags. 16. september 2024 en þar komi skýrlega fram að M hafi verið einkennalaus þegar hún bókaði umrædda ferð. Hefur M krafist bóta úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V vegna þess ferðakostnaðar sem hún hafi greitt og fái ekki endurgreiddur. V hafnaði þeirri kröfu með tölvupósti dags. 23. september 2024, á grundvelli þess að upptök veikinda M hafi verið 31. júlí 2024 og hafi ferðin verið bókuð meðan M var til meðferðar vegna þeirra.

Í athugasemdum V er vísað til þess að í skilmálum greiðslukortatryggingar M komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem váttryggður þjáðist af og/eða var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði hafi M farið í lækni skoðun hinn 31. júlí 2024 og þá komið í ljós að hún þyrfti að fara aftur í steinbrjót vegna nýrnasteina, en það ásamt öðrum veikindum hafi orsakað óferðafærni. Í vottorðinu komi fram að M hafi verið einkennalaus þegar ferðin var pöntuð en sú staðhæfing sé í ósamræmi við aðrar upplýsingar í vottorðinu. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að þegar ferðin var keypt hafi M verið einkennalaus og umræddri meðferð lokið.

Álit.

Samkvæmt 11. gr. skilmála umræddrar váttryggingar bætir V ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram og ekki fæst endurgreiddur vegna ferðar sem hinn tryggði kemst ekki í ef ástæða þess er m.a. veikindi váttryggðs enda séu þau vottuð af starfandi lækni. Í 12. gr. skilmálans eru svo tiltekin atvik sem leiða til þess að bótskylda er ekki fyrir hendi. Kemur þar fram í gr. 12. a. að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem váttryggður þjáðist af og/eða var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Ágreiningslaust er að M komst ekki í fyrirhugaða ferð vegna veikinda sem vottuð eru af starfandi lækni. Kemur þá til skoðunar hvort skilyrði fyrrgreindrar undanþágu 12. gr. a. eigi við um tilvik M.

Í fyrirbyggjandi vottorði, en önnur læknisfræðileg gögn liggja ekki fyrir nefndinni, kemur fram að M hafi í lok júlí 2024 verið til rannsóknar vegna einkenna frá nýrum. Segir þá í vottorðinu að hún hafi verið send „aftur í steinbrjót nýverið“. Nánari dagsetning þeirrar meðferðar kemur ekki fram en vottorðið er ritað 16. september 2024. Segir þá í vottorðinu: „Þetta orsakaði að hún komst ekki í fyrirhugaða ferð erlendis 22/8 2024, en hún hafði verið einkennalaus þegar hún pantaði þessa ferð.“ Þrátt fyrir staðhæfingu um einkennaleyssi verður framangreint ekki skilið með öðrum hætti en að óferðafærni M hafi tengst þeim veikindum sem upp komu hjá henni í lok júlí eða eftirfarandi meðferð vegna þeirra. Verður þá ekki ráðið af vottorðinu að aðrar ástæður, þ.e. önnur og óvænt veikindi, hafi komið upp á þeim tíma sem leið frá bókun ferðarinnar og þar til ljóst varð að M komst ekki í hana. Verður því að telja, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að tjón M sé komið til vegna veikinda sem hún þjáðist af og/eða var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 436/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Umfang tjóns. Sönnun.****Gögn.**

683. Málskot mótttekið 12. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
684. Bréf V, dags. 27. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
685. Viðbótarathugasemdir M, dags. 15. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum máls kemur fram að hinn 7. október 2023 hafi bifreiðinni A verið ekið í veg fyrir M, sem hjólaði á hjólastíg í Borgartúni, með þeim afleiðingum að M féll af hjóli sínu og slasaðist. Bifreiðin A er með ábyrgðartryggingu hjá V og hefur V samþykkt bótaskyldu vegna slyssins úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Einnig hefur M gert kröfu um bætur vegna munatjóns að fjárhæð kr. 1.178.254, samkvæmt bráðabirgðamati M. V hefur hafnað greiðslu bóta vegna munatjónsins á þeim grundvelli að ekki liggi fyrir að umræddir munir hafi orðið fyrir skemmdum í árekstrinum.

Í málskoti lýsir M tjónsatvikinu á þá vegu að hann hafi kastast yfir hjól sitt og lent á húddi bifreiðarinnar A. Eftir slysið hafi M skilið hjól sitt og búnað eftir í bakgarði við Lokastíg í Reykjavík ásamt bakpoka sem hann hafði meðferðis. Hafi hjólið verið kyrfilega læst þegar M skildi það eftir. Morguninn eftir, þann 8. október 2023, þegar M ætlaði að vitja hjólsins og búnaðarins, hafi komið í ljós að óprútttnir aðilar höfðu numið hjólið og rándýran búnað þess á brott ófrjálstri hendi. Í beinu framhaldi hafi M kært þjófnaðinn til lögreglu sem varð ekkert ágengt í rannsókn sinni. Nokkrum misserum síðar hafi M fundið hluta af reiðhjóli sínu þ.e. einungis grind reiðhjólsins, en annar búnaður sem fylgdi hjólinu, sem og bakpoki með ýmsum munum, hafi ekki fundist. Um miðjan október 2024, hafi M og V gengið til uppgjors um greiðslu bóta vegna líkamstjóns M. Fyrirliggjandi matsgerð sýni að áreksturinn hafi verið nokkuð harkalegur og ef horft er til eðlis hans, telur M óumflýjanlegt að reiðhjól hans, hjálmur, sími og annar búnaður hafi orðið fyrir tjóni, líkt og ljósmyndir af slysdegi og tjónamat reiðhjólaverslunar sýni. Telur M að V beri bótaábyrgð á tjóni hans á grundvelli 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á að umræddir munir hafi orðið fyrir tjóni af völdum áreksturs þann 7. október 2023. M hafi hvorki lagt fram myndir sem staðfesti að skemmdir hafi orðið á munum umræddan dag né lagt fram tjónamat frá viðurkenndum viðgerðaraðilum. Sönnun á raunverulegu tjóni hvíli á þeim sem krefst skaðabóta en engar slíkar sannanir liggi til grundvallar kröfu M í máli þessu. M hafi ekki lagt fram tjónamat á umræddu hjóli frá reiðhjólaverslun þótt slíkt gagn sé sérstaklega nefnt í athugasemdum hans. Bendir V einnig á að tilkynning til lögreglu sé dagsett 27. nóvember 2023, nokkru eftir umræddan þjófnað. Er það afstaða V að ekki sé um bótaskyld tjón að ræða.

Samhliða viðbótarathugasemdum sínum leggur M fram tjónamat frá reiðhjólaverkstæði ásamt ljósmyndum sem hann telur að sýni fram á skemmdir á stelli hjólsins. Stellið hafi komið í leitirnar eftir þjófnaðinn en ekki aðrir munir sem teknir hafi verið ófrjálstri hendi. Eðli máls samkvæmt geti því M ekki reitt fram myndir af þeim munum. Andmælir M því að framburður tjónvalds verði lagður til grundvallar enda hann ekki gefinn fyrir lögreglu.

Álit.

Aðila greinir ekki á um bótaskyldu, heldur hvort fullnægjandi sönnun liggi fyrir um það munatjón sem M telur sig hafa orðið fyrir í umræddum árekstri. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málskoti kemur fram að öllum tjónamunum sem M hefur gert kröfu um að fá bætt úr ábyrgðartryggingu A, hafi verið stolið daginn eftir tjónsatvikið þ.e. þann 8. október 2023. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu tilkynnti M ekki þjófnaðinn til lögreglu fyrir

en 27. nóvember 2023 og í þeirri skýrslu kemur fram að hjóli hafi verið stolið 13. október 2023. Í skýrslunni er ekki getið um bakpoka eða aðra muni. Hefur M ekki gefið skýringu á því hvers vegna hann hafi ekki tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu fyrir né hvers vegna ekki sé samræmi milli upplýsinga um hvaða dag þjófnaðurinn átti sér stað. Eina gagnið sem M hefur lagt fram til sönnunar á tjóni sínu er tjónamat frá reiðhjólaverslun sem dagsett er 20. september 2024, næstum því ári eftir umræddan árekstur, og ljósmyndir af hjálmi, hjólastelli og síma. Í tjónamatinu kemur fram að eingöngu rammi hjólsins hafi komið í tjónamat. Aðrar ljósmyndir sem liggja fyrir eru ódagsettar og engin tjónamöt frá viðurkenndum viðgerðaraðila hafa verið lögð fram vegna þeirra muna.

Að mati nefndarinnar verður M að bera hallann af sönnunarskorti um að hann hafi orðið fyrir munatjóni sem rekja má til árekstursins þann 7. október 2023 og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir munatjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 437/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Nafn váttryggingartaka (X)

Slyshugtak váttryggingaréttar.

Gögn.

686. Málskot dags. 12. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
687. Bréf V, dags. 12. desember 2024, ásamt váttryggingarskilmálum.
688. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
689. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 28. febrúar 2023 hafi M verið að fjarlægja mótór úr bifreið á vinnustað sínum hjá X. Var hann að hreyfa mótór svo hann myndi setjast almennilega á pallettusamstæðu og við það fípaðist hægri fótleggur hans til og fékk hann verk í nára. Upplýsti hann eiganda X og leitaði sér svo aðhlyningar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hafði M áður farið í aðgerð á nára vegna kviðslits og hélt að það hefði mögulega tekið sig upp aftur eftir slysið. Læknar útilokuðu það og töldu að M hefði tognað illa eða hlotið taugaáverka. Hefur M verið óvinnufær frá slysdegi. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr slysáttryggingu launþega sem vinnuveitandi hans, X, hafði hjá V á slysdegi. Bótaskyldu var hafnað af hálfu V á þeim grundvelli að atvikið væri ósannað. Samhliða málskoti leggur M fram yfirlýsingar frá þremur samstarfsmönnum sínum sem hann telur staðfesta að slysið hafi átt sér stað. Þá staðfesta sjúkragögn að M hafi leitað til HSS þann 28. febrúar 2023. Hvað sjúkraskráninguna sjálfa varði þá megi benda á að oftast en ekki séu slíkar skráningar ónákvæmar, sér í lagi þegar tungumálaörðugleikar eru annars vegar. M sé af erlendu bergi brotinn og tali hvorki íslensku né ensku.

V telur ósannað að atvikið hafi átt sér stað og jafnvel þótt sannað teljist að það hafi átt sér stað, þá falli það ekki undir slyshugtak váttryggingaréttarins eins og það er skilgreint í 2. gr. skilmála váttryggingarinnar.

Álit.

Í 2. gr. váttryggingarskilmála slysáttryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða „skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans“. Á samskiptaseðli slysa- og bráðamóttöku HSS er ritað „...vikusaga um verk af og til í nára hægri megin. Stundum er hann slæmur og stundum í lagi.“ Bendir umrædd lýsing ekki til þess að M hafi lent í tjónsatviki þann sama dag. Hvað atvikalýsingu varðar verður að byggja á frumgögnum málsins nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburðir vitna, styðji afdráttarlaust við síðar til komna atvikalýsingu. Í þessu máli liggja fyrir þrjár vitnalýsingar. Eingöngu ein þeirra vitnar til um tildrög tjónsatviksins og lýsir atvikinu á sama hátt og M, þ.e. hann hafi fengið verk eða sting í hægri nára við það að hreyfa mótór úr bifreið. Hinir tveir komu á vettvang eftir að atvikið átti sér stað. Þá kemur nánari lýsing á tildrögum tjónsins fram í vottorði dags. 13. nóvember 2023, þar sem vísað er til þess að M hafi verið að lyfta þungum hlut í vinnunni og fengið tak í nárann.

Af ofangreindu verður ekki annað ráðið en að meiðsli M verði rakin til innra álags eða veikleika sem virðist hafa verið til staðar fyrir en mögulega versnað við tjónsatvikið 28. febrúar 2023. Með hliðsjón af öllum gögnum hefur M ekki tekist að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi í skilningi skilmálaákvæðis V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 438/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Hundatrygging.

Váttryggingasamningur. Umfang tjóns.

Gögn.

690. Málskot mótttekið 14. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
691. Athugasemdir V, dags 3. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
692. Viðbótarathugasemdir M, dags. dags. 13. desember 2024.
693. Viðbótarathugasemdir V, dags. 17. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var með hundinn sinn, sem var af tegundinni Whippet, tryggðan hundatryggingu hjá V. Innifalið í þeirri tryggingu var líftrygging með váttryggingarfjárhæð kr. 369.971 auk sjúkrakostnaðar að fjárhæð kr. 550.000. Hundurinn lést í október 2024, en þá var hann rúmlega sjö og hálf árs gamall. V var tilkynnt um látið. Í kjölfarið fékk M greiddan hluta sjúkrakostnaðar en var hins vegar beðin að útvega frekari upplýsingar um verðmæti hundsins, þ.e. verðmæti á sjö ára hundi af sömu tegund. Kemur fram í málskoti að M hafi átt erfitt með að átta sig á því hvernig ætti að standa að því að útvega þær upplýsingar. Hafi hún því spurt V að því hvort félagið myndi ekki greiða þá fjárhæð sem er að finna í váttryggingarskírteini, þ.e. kr. 369.971. Hafi hún fengið þau svör frá V að sú fjárhæð væri hámarksbætur. Vísaði V jafnframt til þess að samkvæmt skilmálum þeim sem giltu um trygginguna miðist bætur við raunverulegt verðmæti, jafnvel þó hundurinn væri líftryggður fyrir hætti fjárhæð. Hafi V einnig ítrekað beiðni sína um að M útvegaði upplýsingar um verðmæti hundsins, nokkuð sem M taldi sig ekki geta gert, frekar en félagið. Í framhaldinu hafi V ákveðið að koma til móts við M með því að bjóðast til að greiða henni kr. 100.000 í samkomulagsbætur úr líftryggingunni. Það sem M sætti sig ekki við þau málalok ákvað hún að leggja málið fyrir úrskurðanefndina.

M færir þau rök máli sínu til stuðnings að það komi hvorki fram í váttryggingarskilmálum eða skírteini fyrir trygginguna að váttryggingarfjárhæðin, kr. 369.971, séu hámarksbætur eins og félagið haldi fram. Þvert á móti telur M, með vísan í 12. gr. skilmálanna, að greiða eigi alla váttryggingarfjárhæðina þegar líftryggður hundur deyr. Bendir M einnig á að sú niðurstaða sé í samræmi við upplýsingar sem er að finna á heimasíðu félagsins. Þá mótmælir M því að túlka beri 15. gr. skilmálanna með þeim hætti að ekki eigi að greiða váttryggingarfjárhæðina við andlát hundsins heldur sé félaginu heimilt að greiða samkomulagsbætur úr tryggingunni. Telur M ljóst að í skilmálum tryggingarinnar sé við það miðað að greiða eigi alla váttryggingarfjárhæðina við andlát hunds. Í því sambandi bendir M á að einu afskriftarheimildir félagsins sé að finna í 13. gr. skilmálanna (á að vera 14. gr.). Þar komi fram að váttryggingarfjárhæðin lækki um 20% á ári frá og með því ári sem hundur verður 7 ára. Bendi M á að sú lækking leiði ekki til lækkingar iðgjalda. M fellst því á að V hafi á grundvelli 14. gr. verið heimilt að lækka váttryggingarverðmæti hunds M um 20%. V hafi því borið að greiða M kr. 295.977. Telur M aðra niðurstöðu bersýnilega ósanngjarna enda gangi nokkurra ára gamlir hundar ekki kaupum og sölum líkt og notaðar bifreiðar. Þessu til viðbótar bendir M á að sú nálgun sem félagið byggir á gangi gegn góðum viðskiptaháttum enda komi það skýrt fram á heimasíðu félagsins að váttryggingarfjárhæðin greiðist við andlát hunds og tryggingin sé seld á þeirri forsendu. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að samkvæmt andskýringareglu váttryggingaréttar beri að skýra umdeild ákvæði skilmálum V félaginu í óhag enda hafi það samið þá einhliða. Að lokum bendir M á að markaðsverð Whippet hvolpa sé kr. 450.000 og að verðmæti hunds M hafi raunverulega verið meira en sem nemur þeirri fjárhæð. M gerir því þær kröfur að V verði gert skylt að greiða sér kr. 369.971 úr hundatryggingunni, að frádregnum 20%, samtals kr. 295.977.

Í málalokinu kemur fram að félagið hafi staðfest að M eigi rétt á bótum úr hundatryggingu, ágreiningurinn milli aðila snúi einungis að bótafjárhæðinni. Kemur einnig fram að V telur að í sjálfsu sér sé lítil markaður fyrir sjö ára hunda, þ.e. að þeir teljist almennt ekki vera söluvara. Þrátt fyrir þetta

hafi félagið boðist til að greiða M samkomulagsbætur sem M hafi ekki samþykkt að væru fullnægjandi. Því næst bendir V á að í málskoti sé því haldið fram að í 14. gr. skilmála hundatryggingarinnar sé að finna einu afskriftarregluna sem V sé heimilt að beita við uppgjör úr tryggingunni. V mótmælir þeirri skýringu og bendir á að túlka eigi 14. gr. samkvæmt orðanna hljóðan. Þar komi skýrt fram að lækka eigi váttryggingarfjárhæðina um ákveðna prósentu á ári frá og með tilteknum aldri hunds. Það komi hins vegar ekki fram að öll váttryggingarfjárhæðin verði greidd við andlát hunds eins og um væri að ræða bundið váttryggingarverðmæti.

Til viðbótar vísar V í 15. gr. skilmála hundatryggingarinnar en þar segir: „Jafnvel þótt hundur sé líftryggður fyrir hærri fjárhæð en raunverulegt verðmæti hans eru bætur aldrei hærri en sem nemur raunverulegu verðmæti.“ Þá bendir V á að hundatrygging teljist til skaðatrygginga og að uppgjórið fari fram í samræmi við 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga en þar segir: „Sé ekki um annað samið í váttryggingarsamningi á váttryggður rétt á fullum bótum fyrir tjón sitt.“ Bendir V á að með fullum bótum sé almennt átt við markaðsverðmæti eða raunvirði tjónsmunar á tjónsdegi og þá að teknu tilliti til aldurs, notkunar og ástands. Vísar V jafnframt til 1. og 2. mgr. 32. gr. almennra skilmála í þessu sambandi. V byggir á því að váttryggingarfjárhæð sem kemur fram í váttryggingarskírteini feli í sér þá hámarksfjárhæð sem hægt sé að fá greidda. Ekki sé um að ræða bundið váttryggingarverðmæti og því skuli ávallt miðað uppgjórið við markaðsvirði hundsins á tjónsdegi og þannig geti bæturnar endurspeglad raunverulegt fjártjón. Félagið ítrekar síðan þá afstöðu sína að þrátt fyrir að það telji að hundur M hafi ekki haft neitt markaðsvirði hafi V engu að síður viljað koma til móts við M með því að greiða kr. 100.000 í samkomulagsbætur, nokkuð sem M hafi hafnað. Þá mótmælir V því að hvolpaverð geti talist réttmætt viðmið við ákvörðun á verðmæti hunds M. Tekur V síðan fram að félagið telji að M hafi ekki tekist að sýna fram á að markaðsvirði hundsins hafi verið meira en sem nemur þeirri samkomulagsfjárhæð sem V hefur boðið til greiðslu. Fer félagið því fram á að nefndin staðfesti að M eigi ekki rétt á frekari bótum en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur boðist til að greiða M sem samkomulagsbætur, þ.e. kr. 100.000.

Í athugasemdum M, dags. 13. desember 2024, er bent á að V hafi mótmælt því að í 14. gr. skilmálanna sé að finna einu afskriftarregluna án þess að benda á aðra slíka í staðinn. Þess í stað bendi félagið aðeins á 15. gr. Einnig er bent á að miðað við túlkun V yrði einungis öll váttryggingarfjárhæðin greidd úr í tilviki nýfæddra hvolpa, nokkuð sem myndi leiða til þess að 14. gr. skilmálanna kæmi aldrei til skoðunar. Er í framhaldinu áréttað að M telji að skýra eigi öll óljós ákvæði í skilmálum, og ósamræmi innan ákvæða þeirra, sér í hag. Þá ítrekar M að í 12. gr. komi skýrt fram að V beri að greiða váttryggingarfjárhæðina þegar líftryggður hundur deyr. Sú fjárhæð kunni þó að lækka til samræmis við það sem um getur í 14. gr. skilmálanna. Þessu til viðbótar bendir M á að þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á að kaupverð á Whippet hvolpi sé kr. 450.000 fullyrði V að verðmæti sjö ára hunds M hafi verið ekkert. Telur M að V hafi ekki tekist að sanna þessa fullyrðingu. Þá bendir M á að V hafi ekki svarað því sem fram kemur í málskotinu um að tryggingin hafi beinlínis verið markaðssett og seld á þeirri forsendu að váttryggingarfjárhæðin greiðist við andlát hunds. Að lokum kemur fram í athugasemdunum að M átti sig ekki á tilvísun V í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 enda sé ljóst að M hafi samið við félagið um að fá váttryggingarfjárhæðina greidda við andlát hundsins. Þá er því jafnframt mótmælt að 32. gr. almennra skilmála geti átt við um uppgjórið.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 17. desember 2024, ítrekar félagið sína fyrri umfjöllun um og túlkun á 1. mgr. 35. og 36. gr. laga nr. 30/2004. Bendir V á að af málskoti M megi ráða að gerð sé krafa um að bætur verði greiddar úr líftryggingu hundsins samkvæmt 36. gr, þ.e. að váttryggingarfjárhæðin feli í sér bundið váttryggingarverðmæti. Tekur V fram að þessu hafi áður verið mótmælt og bent á 15. gr. váttryggingarskilmálans í því sambandi. Í því ákvæði komi fram að aldrei verði greiddar hærri bætur en sem nemur raunverulegu verðmæti hundsins á tjónsdegi, jafnvel þó hann sé líftryggður fyrir hærri fjárhæð. Þessu til viðbótar bendir V á að í lagalegum skilningi teljist tjón á gæludýrum sem munatjón. Því eigi 32. gr. almennra skilmála félagsins við í þessu máli. Að lokum hafnar V þeirri fullyrðingu M að markaðssetning félagsins feli í sér staðfestingu á því að váttryggingarfjárhæðin feli í sér bundið váttryggingarverð enda komi skýrt fram á vefsíðunni að kynna þurfi sér skilmála tryggingarinnar.

Álit.

Í þessu máli krefst M þess að nefndin staðfesti að hún eigi rétt á að fá greiddar kr. 295.977 úr hundatryggingu hjá V. Byggir M kröfu sína á að samkvæmt 12. og 14. gr skilmála fyrir

hundatryggingu beri V að greiða alla vátryggingarfjárhæðina, kr. 369.971, að frádregnum 20%, samtals kr. 295.977. V sem hafnaði kröfunni, vísaði m.a. til 15. gr. skilmálanna máli sínu til stuðnings. Í því ákvæði er tekið fram að jafnvel þó hundur sé líftryggður fyrir hærri fjárhæð en raunverulegt verðmæti hans er séu bætur aldrei hærri en sem nemur raunverulegu verðmæti. Þrátt fyrir að félagið hafi metið það svo að M hafi ekki tekist að sýna fram á hvert raunverulegt verðmæti hins sjö ára gamla hunds hafi verið er hann lést hafi félagið boðist til að greiða kr. 100.000 í samkomulagsbætur. Jafnframt byggir V á að uppgjör samkvæmt hundatryggingu eigi að fara fram í samræmi við 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004. Ekki sé um að ræða bundið vátryggingarverðmæti og því byggir V á því að miða skuli uppgjörið við markaðsvirði hundsins á tjónsdegi og þannig eigi bætunarnar að endurspeglar raunverulegt fjártjón.

Nefndin sem fellst á rök V hefur komist að þeirri niðurstöðu að þar sem M hafi ekki tekist að sýna fram á að raunverulegt verðmæti hundsins, er hann lést, hafi verið meira en kr. 100.000 eigi hún ekki rétt á frekari bótum en sem nemur þeirri fjárhæð. Sönnunarbyrðin hvílir á M. Hvað þessa niðurstöðu nánar varðar þá bendir nefndin á að orðalag í 15. gr. skilmála um hundatrygginguna er fortakslaust um að jafnvel þó hundur sé líftryggður fyrir hærri fjárhæð en raunverulegt verðmæti hans er eru bætur aldrei hærri en sem nemur raunverulegu verðmæti. Jafnframt telur nefndin að 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga gildi um uppgjörið. Vátryggingarverðmæti hundsins er því ekki bundið heldur tekur það mið af markaðsvirði hans á dánardegi.

Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu, sem byggð er á fortakslausu orðalagi í 15. gr. skilmálanna, telur nefndin ástæðu til að benda V á að séð í ljósi þess ágreiningsefnis sem hér er uppi gætir ákveðins óskýrleika þegar borið er saman efnislegt innitak 14. og 15. gr. skilmálanna. Í 14. gr. kemur fram að vátryggingarverðmæti hundsins haldist óbreytt til sjö ára aldurs en lækki síðan um 20% á ári. Ekki liggur fyrir að sú lækkun leiði til breytinga á fjárhæð iðgjalda, nokkuð sem gæti bent til þess að félagið meti áhættuna vegna líftryggingarinnar út frá upphaflega vátryggingarverðmætinu, en ekki út frá raunverulegu verðmæti hundsins. Séð í þessu ljósi telur nefndin það skiljanlegt að M hafi reiknað með því að fá vátryggingarverðmætið greitt að frádregnum 20%. Hér spilar einnig inn að mati nefndarinnar að það er mjög erfitt fyrir M að sýna fram á hvert raunverulegt verðmæti hunds, sem ekki telst vera hvolpur, er á dánardegi. Virðist málalilbúnaður aðila í raun benda til þess að þeir séu sammála um að slík sönnun sé erfið. Þessi staða gerir 15. gr. skilmálanna erfiðari í framkvæmd en ella.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr hundatryggingu en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur boðist til að greiða í samkomulagsbætur, þ.e. kr. 100.000.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 441/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

694. Málskot mótttekið 15. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
695. Bréf V dags. 2. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.
696. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. desember 2024.
697. Viðbótarathugasemdir V dags 16. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að um klukkan eitt eftir miðnætti hinn 13. ágúst 2023, hafi M orðið fyrir frítímaslysi. Atvik hafi nánar tiltekið verið þau að hún hafi verið að ganga heim eftir tónleika sem haldnir voru á Hótel Flatey á Flatey í Breiðafirði. Hafi hún gengið eftir vegi þegar jarðvegurinn hrundi skyndilega undan henni og hún féll í fjöruborðið með þeim afleiðingum að hún varð fyrir töluverðu líkamstjóni. V hafi fallist á bótaskyldu úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar M en skert bætur til hennar um helming á grundvelli þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Er því mótmælt af hálfu M sem gerir fyrir nefndinni þá kröfu að úrskurðað sé um fulla bótaskyldu en til vara að hlutfall skerðingar verði lækkað. Fyrir liggir að M hafi gengið eftir vegi í myrkri eftir að hafa fengið sér í glas. Í því geti ekki falist stórkostlegt gáleysi en svo gáleysi teljist stórkostlegt þurfi það að vera á mjög háu stigi. Í tjónstilkynningu M til V hafi þá komið fram að jarðvegur hafi hrundi undan henni. Þó sú lýsing komi ekki fram í sjúkragögnum verði að taka tillit til þess að M hafi fengið höfuðhögg og misst meðvitund við slysið auk þess sem henni hafi verið gefin sterk verkjalyf. Það hafi ekki verið fyrr en hún var orðin áttuð sem hún mundi eftir aðdraganda slyssins. M hafi í aðdraganda slyssins gengið eftir vegi sem var eina mögulega leiðin til hvíldarstaðar hennar og því hefði hún ekki getað valið aðra leið. Vegurinn hafi ekki verið bersýnilega hættulegur og hafi fjöldi fólks gengið eftir honum eftir að tónleikunum lauk. Þrátt fyrir ölvun hafi M þá verið vel fær um gang og ekkert komi fram um það í gögnum málsins að hún hafi átt erfitt með mál eða hreyfingu í aðdraganda slyssins. Hafi orsök slyssins því ekki verið ölvunarástand M heldur það að jarðvegur gaf sig undan henni. Sé af framsögðu ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til stórkostlegs gáleysis hennar.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að engin lögregluskýrsla hafi verið gerð um atvikið og í tjónstilkynningu sé aðeins bent á eitt vitni að atvikinu. Í samtali við starfsmann V hafi vitnið sagst hafa gengið um 2-300 metrum fyrir aftan M og ekki séð fallið vegna rökkurs. Vitnið segi hins vegar að M hafi gengið utan vegarins á u.þ.b. 60 sentimetra breiðri grasræmu milli vegkantsins og grasbakka ofan fjörunnar og hafi hún svo skyndilega horfið sjónum. Vitnið hafi þá ekki séð nein merki þess að jarðvegur hafi gefið sig en um hættulegan stað sé að ræða í myrkri. Afstaða V sé sú að slys M verði að mestu leyti rakið til verulegrar ölvunar M, en við komu á bráðadeild hafi áfengismagn mælt 2,34 prómill, sem hafi áhrif á hreyfigetu og jafnvægi, og stórfellds gáleysis hennar. Ágreiningslaust sé í sjálfu sér að M hafi þurft að ganga eftir veginum, en hefði hún haldið sig á veginum sjálfum hefði ekki komið til slyssins. Jafnvel þó á því verði byggt að jarðvegur hafi gefið sig hefði það ekki gerst hefði M haldið sig á veginum. M hafi þá mátt vera það ljóst að hættulegt gæti verið að ganga á grasræmuni enda sé nokkuð brattur bakki niður í fjöruna og engin girðing á milli.

Í viðbótarathugasemdum M er máltilbúnaði V andmælt. Sé þá ekkert komið fram sem hnekkir þeirri lýsingu M að jarðvegur hafi hrundi undan henni. Eru þá gerðar sérstakar athugasemdir við öflun vitnisframburðar. Ekki sé um að ræða sjálfstæða lýsingu vitnisins heldur hafi það verið beðið að staðfesta skriflega það sem starfsmaður V hafði eftir því í símtali ári áður. Verði í það minnsta að skoða vitnisburðinn í því ljósi.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttuð sú afstaða að ekkert styðji við framburð M um að jarðvegur hafi látið undan. Ágreiningur aðila snúi þó einfaldlega að því hvort það hafi falið í sér stórfellt gáleysi af hálfu M að stíga út af veginum við þessar aðstæður í myrkri m.t.t. ölvunarástands hennar. Er því þá sérstaklega mótmælt að eitthvað sé athugavert við það hvernig vitnisframburðar var aflað.

Álit.

Eins og fram er komið liggur aðeins yfirlýsing eins vitnis fyrir nefndinni. Það vitni gekk 2-300 metrum aftan við M í myrkri og samkvæmt frásögn þess sjálfs sá það ekki atvik að slysinu. Vitnisburðarinn var þá aflað með þeim hætti að starfsmaður V átti símtal við vitnið skömmu eftir slysið, og skrifaði eftir vitninu frásögn þess og sendi sjálfum sér með tölvupósti. Rúmu ári síðar var vitnið beðið að staðfesta þá frásögn. Verður að taka undir með M varðandi það að æskilegra væri að sjálfstæð yfirlýsing vitnisins lægi fyrir nefndinni. Verður að skoða vitnisburðinn í því ljósi svo og því að vitnið sá ekki atvik að slysinu sjálfu. Þykir þó rétt að byggja á lýsingu þess á staðháttum enda fær hún jafnframt stoð í fyrirliggjandi ljósmyndum af vettvangi. Af þeim má greina að við hlið vegarins, sem af myndum af dæma virðist einbreiður malarvegur, er mjó grasrönd. Við þann enda hennar sem snýr að fjörunni er brún, og utan og neðan við hana, er bakki með nokkuð brattri brekku sem leiðir niður í fjöruna. Er samkvæmt gögnum málsins tveggja til þriggja metra fall niður í fjöruna þangað sem M féll. Ekki virðist ágreiningur milli aðila varðandi það hvar slysið atvikaðist. Verður að mati nefndarinnar að byggja á því að M hafi gengið utan við veginn sjálfan, enda er erfitt að átta sig á því hvernig slysið hefði getað atvikast hefði hún haldið sig á veginum. Gildir þá einu hvort byggt verði á því að jarðvegur hafi gefið sig eða ekki, enda verður ekki séð að það hafi getað gerst á veginum sjálfum. Er þá að líta til þess að M var talsvert ölvuð þegar slysi atvikaðist, en við komu hennar á bráðadeild, dágóðri stund eftir að drykkju lauk, mældist áfengismagn í blóði hennar sem svarar 2,34 prómillum. Var þá myrkur á vettvangi og um að ræða gönguleið sem M var ekki mjög kunnug. Má þó ætla að henni hafi mátt vera ljóst að fjaran var handan vegarins og því full ástæða til að sýna aðgát.

Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélags ef váttryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburður bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Með vísan til alls þess sem að framan greinir varðandi háttsemi M verður að telja að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn með því að ganga ekki eftir afmörkuðum vegi þegar hún gekk heim undir áhrifum áfengis í myrkri á svæði þar sem hún var ekki vel kunnug staðháttum. Er skerðing bóta á grundvelli ákvæðisins því heimil en að mati nefndarinnar er hæfilegt að sú skerðing nemi 1/3 hluta heildartjóns M.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en heimilt er að skerða bætur til hennar um 1/3 hluta.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 442/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

30. Málskot mótttekið 19. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
31. Tölvupóstur V1, dags. 9. desember 2024.
32. Bréf V2, dags. 18. desember 2024, ásamt fylgiskjali.
33. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. desember 2024.
34. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 13. janúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, varð árekstur á Grandatorgi hinn 20. október 2024 milli bifreiðanna A, sem er í eigu M, og B. Báðum bifreiðum var ekið Fiskislóð til suðurs og var A á hægri akrein og B á þeirri vinstri. Framburður ökumanna beggja bifreiða var sá sami þ.e. að þegar komið var inn í hringtorgið var A á ytri hring og B á innri hring. Hafi ökumaður B beygt út úr hringtorginu við fyrstu útkeyrslu, þ.e. vestur Ánanaust, en ökumaður A hugðist halda áfram akstri í hringtorginu á ytri hring og fara út úr því á Mýrargötu. Árekstur varð milli bifreiðanna þegar ökumaður B hugðist beygja út úr hringtorginu.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B beri helming sakar fyrir að aka út af innri hring við fyrsta útakstur og ökumaður A beri einnig helming sakar fyrir að veita ekki umferð um innri hring forgang.

M, sem var ökumaður A, er ósátt við þessa sakarskiptingu og telur að leggja beri alla sök á ökumann B. Hún hafi verið komin langleiðina fram yfir gatnamótin er árekstur varð. Ákoma á A sé á vinstra afturhorni m.a. fyrir aftan aftara dekk bifreiðarinnar og fremst á hægri hlið B. Fremur sé um aftanákeyrslu að ræða en árekstur á vegamótum. Til vara byggir M á því að ökumaður B beri 2/3 hluta sakar þar sem óumdeilt sé að hann ók út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Með því hafi hann brotið gegn 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Telur M einnig að myndir á vettvangi gefi til kynna að ökumaður B hafi ekið nokkuð hratt þegar árekstur varð.

V1 tekur undir málatilbúnað M en bætir ekki við athugasemdum.

V2 telur, á grundvelli skýrra atvika málsins og fyrri úrskurða nefndarinnar, að sök skuli skipt til helminga, sbr. 5. og 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Ljósmyndir af vettvangi sýni tjon á bifreiðunum og staðsetningu áreksturs. Þar megi sjá endastöðu bifreiðanna og varð áreksturinn við útkeyrsluna til móts við þá akrein sem bifreið á ytri akrein á að aka út úr hringtorginu á. Það sé því rangt að M hafi verið komin fram hjá útkeyrslunni er árekstur varð. Tjon á bifreið M sé á vinstri afturhlið bifreiðar hennar, en ekki aftan á bifreiðinni. Ekkert í gögnum málsins styðji að annarri bifreiðinni hafi verið ekið of hratt eða að M hafi verið í símanum í aðdraganda áreksturs.

Álit.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatriggingar segir að ef tjon hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjonnið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttarnisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þessa gætti ökumaður B ekki. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málslíð sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af

framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að ökumaður A ber 1/2 hluta sakar og ökumaður B ber 1/2 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber 1/2 hluta sakar og ökumaður B ber 1/2 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 4. febrúar 2024.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 448/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Váttryggingartaki (X)****Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

698. Málskot móttakið 20. nóvember 2024 ásamt fylgiskjöllum.
699. Bréf V dags. 12. desember 2024 ásamt fylgiskjöllum.
700. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. desember 2024.
701. Viðbótarathugasemdir V dags. 20. febrúar 2025.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi er lögregluskýrsla dags. 13. ágúst 2024. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi þann sama dag ekið A norður Pósthússtræti að Austurstræti í Reykjavík. Skyndilega hafi rafhlaupahjól verið ekið vestur Austurstræti og inn í hægra frambretti A. Ökuhraði A hafi verið um 20 kílómetrar á klukkustund. X lýsti atvikum svo að hann hefði verið á Hopp rafhlaupahjól og verið að fara vestur Austurstræti og inn á Pósthússtræti. Vegna fólksfjölda á Austurstræti hafi hann aldrei séð A. Hraði rafhlaupahjólins hafi ekki verið meiri en 15 kílómetrar á klukkustund.

Í málskoti kemur fram að M geri kröfu um bætur vegna munatjóns á A úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar X hjá V. X hafi komið akandi á fullri ferð frá göngugötu þar sem öll umferð ökutækja sé bönnuð. Því hafi reglan um forgang umferðar frá hægri ekki átt við. Hafi X borið að gæta ítrustu varkárni er hann ók út á götuna á rafhlaupahjólínu. Það hafi hann ekki gert og hafi það leitt til tjóns á A. M hafi hins vegar sýnt fulla aðgæslu, ökuhraði hans verið lítill og við gatnamótin hafi verið fjöldi fólks sem gaf honum merki um að óhætt væri að halda akstrinum áfram.

Í bréfi og viðbótarathugasemdum V, sem hafnaði kröfu M með bréfi dags. 4. nóvember 2024, til nefndarinnar er því mótmælt að umrætt rafhlaupahjól sé ökutæki sem óheimilt sé að aka eftir göngugötum. Hjólið tilheyrir flokki reiðhjóla skv. 30. tl. 1. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og leiði af því að samkvæmt 1. mgr. 43. gr. sömu laga sé heimilt að hjóla á því á gangstétt, göngustíg eða göngugötu. Leitað hafi verið frekari upplýsinga frá X og minni hann að hraðamælir hjólins hafi sýnt níu eða tíu kílómetra hraða á klukkustund rétt fyrir atvikið. Hopp hjól séu þá þannig útbúin að þau hægi sjálfkrafa á sér á ákveðnum svæðum. Á vettvangi hafi mögulegur hámarkshraði hjólins verið 14 kílómetrar á klukkustund. Hafi X þá reynt að sveigja frá A þegar hann varð hennar var, þ.e. rétt fyrir áreksturinn, og með því hafi hann komið í veg fyrir frekara tjón. Að mati V hafi M þá ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu við akstur við vegamót, sbr. 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Hann hafi þá að eigin sögn ekið á 20 kílómetra hraða á klukkustund sem telja verði of mikinn ökuhraða við umræddar aðstæður enda mikill fjöldi ganganda vegfarenda á vettvangi. Hafi M við þær aðstæður borið að stöðva bifreið sína við vegamótin þar til öruggt væri að aka áfram. Megi því rekja orsök atviksins til ógætni M. Fallist nefndin ekki á það að tjónsorsök megi rekja til saknæmrar háttsemi M sjálfs, verði hún rakin til óhappatilviks en ekki saknæmrar háttsemi X. Komist nefndin þrátt fyrir framangreint að þeirri niðurstöðu að tjón M verði að einhverju leyti rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á sé þá rétt að skerða bótarétt M verulega á grundvelli eigin sakar.

Í viðbótarathugasemdum M er sérstaklega áréttuð sú afstaða að hefði X sýnt næga aðgæslu og verið með fulla athygli við akstur hjólins hefði ekki komið til umrædds tjóns.

Álit.

M krefst samkvæmt framansögðu bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar X hjá V vegna þess tjóns sem varð á A við áreksturinn. Ábyrgðartryggingarliður váttryggingarinnar tekur til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur samkvæmt íslenskum lögum á váttrygðan sem einstakling vegna muna- eða líkamstjóns þriðja manns.

Af gögnum málsins má ráða að A hafi verið við gatnamót Pósthússtrætis og Austurstrætis til vesturs er rafhlaupahjólínu var ekið á A er það síðarnefnda var á ferð vestur Austurstræti. X virðist þá hafa

ekið rafhlaupahjólinu eftir göngugötu á Austurstræti og þaðan út á akbraut. Í framburði hans kemur fram að hann hafi ekki séð A vegna mannfjölda á vettvangi. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hver hraði rafhlaupahjólsins var en af gögnum málsins verður að miða við að hann hafi verið á bilinu 9 til 14 kílómetrar á klukkustund. Umrætt rafhlaupahjól fellur þá undir skilgreiningu 33. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 92/2024 um breytingu á þeim sem tóku gildi 11. júlí 2024. Heimilt er að aka slíkum farartækjum á göngugötu enda valdi það gangandi vegfarendum ekki hættu, sbr. 1. mgr. 43. gr. laganna. Í 3. mgr. 42. gr. umferðarlaga segir þá að hjólreiðamaður skuli sýna sérstaka aðgát við vegamót og þar sem akbraut og stígar skerast. Í 3. mgr. 43. gr. laganna segir jafnframt að ef hjólreiðamaður á gangstétt eða gangbraut þverar akbraut skuli hann gæta að því að hjóla ekki hraðar en sem nemur venjulegum gönguhraða. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að telja að X hafi þverað akbraut við gatnamót í aðdraganda áreksturs. Verður þá ekki merkt af gögnum málsins að hann hafi gætt sérstakrar varúðar áður en hann ók út á akbrautina, en ekkert kemur fram um það í framburði hans fyrir lögreglu. Jafnframt verður að telja að aksturshraði rafhlaupahjólsins hafi verið nokkuð umfram venjulegan gönguhraða. Er það því mat nefndarinnar að X hafi umrætt sinn sýnt af sér gáleysi sem orsakað hafi umrætt tjón og að því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hans fyrir hendi.

Hvað háttsemi M varðar þá verður að líta til þess að á tjónsdegi var Pósthússtræti vistgata, sbr. bókun 313. fundar umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. Um vistgötur er fjallað í 9. gr. umferðarlaga og samkvæmt 1. mgr. 9. gr. er hámarkshraði á slíkri götu 15 kílómetrar á klukkustund og skal ökumaður á slíkri götu sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga ber ökumanni þá að viðhafa sérstaka aðgát við vegamót. Af framburði aðila má ráða að töluverður mannfjöldi hafi verið á vettvangi, svo sem vænta má á vistgötu við göngugötu, og við slíkar aðstæður verður að gera sérstakar kröfur til ökumanna um aðgát og tillitssemi. Af framburði M fyrir lögreglu má ekki ráða að hann hafi hugað sérstaklega að því að sýna sérstaka aðgát við þessar aðstæður, s.s. með því að hægja á aksturshraða eða huga að umferð gangandi frá göngugötuhluta Austurstrætis. Verður þá einnig litið til þess að samkvæmt eigin framburði M var ökuhraði A nokkuð umfram lögmaeltan hámarkshraða á vistgötu. Ber hann því einnig nokkra sök á árekstrinum og því rétt að hann beri sem nemur helmingi tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V, vegna þess tjóns sem varð á A en skerða skal bætur til hans um helming.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 449/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Ágreiningur um bótaskyldu úr fasteignatryggingu. Umfang tjóns. Frávísun.

Gögn.

15. Málskot mótttekið 20. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
16. Bréf V, dags. 16. desember 2024.
17. Ódagsettar viðbótarathugasemdir M.
18. Viðbótarathugasemdir V, dags. 23. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að 29. mars 2024 hafi M tekið eftir skemmdum á parketi í stofu á heimili sínu. Þar sem skemmdirnar hafi verið á bak við gardínu hafi M ekki tekið strax eftir þeim. M upplýsir að þann sama dag hafi starfsmaður V fyllt úr fyrir sig tjónstilkynningu. Þann 10. apríl 2024 hafi síðan annar starfsmaður V haft samband og þeir tekið myndsamtal. Í því samtali hafi starfsmaðurinn tekið myndir af gólfinu. Daginn eftir hafi ofnalögnin í stofunni verið þrýstiprófuð. Settur hafi verið fullur þrýstingur á lögnina í tvær klukkustundir og hafi sá þrýstingur haldist. Því hafi verið gengið út frá því að lögnin væri í lagi.

Þegar svo tveimur vikum seinna vatn hafi farið að leka undan gólfhlögn stofugólfs, sagðist M hafa kallað til pípara. Þar sem álitid var á þeim tímupunkti að ofnalögnin í stofunni væri í lagi hafi athyglinni verið beint að lögnum undir húsi M. Þær reyndust vera í lagi. Síðan segir í málskotinu að 3. maí 2024 hafi pípari þrýstiprófað ofnalögnina í stofunni á ný. Þá hafi hún ekki haldið þrýstingi. Hafi lekinn aukist verulega þegar þrýstingi var hleypt á lögnina. Í kjölfarið hafi húsið verið hitalaust í um tvær vikur.

Segist M hafa því næst snúið sér til V með ósk um aðstoð. Ekkert hafi hins vegar komið út úr því fyrr en 13. maí en þá hafi starfsmaður V hringt í sig. Það næsta sem hafi gerst í málinu var að M fékk tölvubréf 23. maí 2024 þar sem V hafi látið þá skoðun sína í ljós að þar sem lekinn hafi staðið yfir í lengri tíma felli tjónið utan gildissviðs fasteignatryggingar M hjá V. Starfsmaðurinn hafi hins vegar upplýst að V væri tilbúið að koma til móts við M og bæta tjónið án viðurkenningar á bótaskyldu. Mat V á umfangi tjónsins hafi verið kr. 715.214 með vsk. Hafi V greitt þá fjárhæð.

M sagðist hvorki hafa getað sætt sig við að tjónið félli utan gildissviðs tryggingarinnar né að umfang þess væri ekki meira en sem nemur mati V. Hann hafi því leitað til tiltekins fyrirtækis til að gera úttekt á tjóninu. Leggur M fram mat frá því fyrirtæki. Þar er niðurstaðan sú að tjónið nemi kr. 5.945.013 kr. með vsk. Telur M að þetta sýni fram á að afleiðingar tjónsins hafi verið mun meiri en V hefur haldið fram.

Hvað ágreininginn nánar varðar bendir M m.a. á að hann telji sig hafa sýnt fram á að umrætt tjón verði rakið til skyndilegs leka í skilningi þeirra skilmála sem gilda um trygginguna. Því sé um að ræða tjón sem falli innan gildissviðs hennar. Í því sambandi bendir M einnig á að auk þess hafi V samþykkt að bæta tjónið án viðurkenningar á bótaskyldu. Telur M að í orðalagi V, þ.e. „bæta ykkur tjónið“, felist í raun að félagið hafi samþykkt að greiða tjónið að fullu. Telur M sig síðan hafa gert allt sem í hans valdi stóð til að takmarka tjónið. M telur sig því hafa sýnt fram á með fullnægjandi rökum og gögnum að umfang tjónsins sé mun meira en V hefur byggt á. Gerir M því þær kröfur fyrir nefndinni að V greiði mismuninn á hinu metna tjóni, þ.e. kr. 5.945.013 með vsk. og þeirri fjárhæð sem V hefur þegar greitt, þ.e. kr. 715.214 með vsk. Bótakrafa M fyrir nefndinni nemur því kr. 5.229.799 með vsk.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 16. desember 2024, er á það bent að hin umkrafaða bótafjárhæð í málinu sé hærri en 5 milljónir króna, nokkuð sem sé umfram það hámark sem skilgreint er í 3. mgr. 3. gr. samþykka fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Með vísan í þetta og þar sem V hafi ekki veitt sérstakt samþykki fyrir því að nefndin fjalli um ágreininginn milli M og V, krefst V þess að nefndin vísi málinu frá.

Til viðbótar er m.a. bent á eftirfarandi í bréfi V. Félaginu hafi borist tilkynning um tjón M 10. apríl 2024. Tilkynnt hafi verið um leka frá ofnalögn sem liggi undir parket í stofu. Telur V að sjá megi

hvert ástandið á parketinu var á ljósmyndum sem fylgdu með bréfinu. Er sérstaklega á það bent að það megi sjá svarta bletti á gólfefni (parketi) við svalar hurð / útihurð úr stofuhlutanum. Í þessu sambandi bendir V á að samkvæmt a-lið 1. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar tekur sú trygging til skemmda á váttryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislöögnum húseignarinnar. Annar leki, svo sem leki að utan, falli hins vegar ekki undir trygginguna. Þá bendir V á að það komi fram í 3. gr. skilmála tryggingarinnar að váttryggingabætur miðist við sannarlegar vatnsskemmdir á hinni váttryggðu húseign og fyrir kostnaði við uppbrot og rask sem er óhjákvæmilegt til að komast fyrir leka og frágang að nýju eftir slíkar viðgerðir. Auk þess komi fram í skilmálaákvæðinu að ekki séu bættir þeir hlutir er valdið hafa tjóni, s.s. rörin sjálf eða vinna við lagfæringu eða endurlögn þeirra.

Upplýsir V að í kjölfar tjónstilkynningar M, hafi pípulagningameistari verið fenginn til að þrýstiprófa lagnir og ofnakerfi. Hafi það haldið þrýstingi. Það hafi því verið mat pípulagningameistarans að útilokað væri að tjónið yrði rakið til leka frá ofnakerfi. Niðurstaða V hafi því verið sú að tjónið yrði ekki rakið til leka frá ofnakerfinu. Í þessu sambandi bendir V sérstaklega á að svörtu blettirnir sem voru á parketinu nálægt svalahurð /útihurð í stofunni, bendi til þess að tjónið verði rakið til langvarandi raka eða vatnsálags, líklega utan frá. V telur því að þessar skemmdir á parketinu verði að öllum líkindum raktar til leka með svalahurð sem ekki falli undir gildissvið tryggingarinnar. Telur V að fyrirliggjandi myndir af stofugólfinu sýni að um sé að ræða skemmdir sem orðið hafi á löngum tíma. V telur því að jafnvel þó það teldist sannað að um væri að ræða tjón vegna lagnaleka væri það engu að síður ekki bótaskyldt, samanber 2. gr. skilmála, þar sem um væri að ræða tjón af völdum langvarandi leka.

Í bréfi V kemur jafnframt fram að í kjölfar þess að ofnalögnin hafi ekki haldið þrýstingi 3. maí 2024, hafi starfsmaður V skoðað ástandið. Á því tímamarki hafi verið búið að fjarlægja gólfefni af stofurými, kork af eldhúsi og brjóta ílögn við svalahurðina til að komast að umræddri ofnalögn og lagfæra hana. Hafi þessar aðgerðir farið fram án aðkomu V. Því hafi starfsmaður V aldrei fengið tækifæri til að staðreyna að um hafi verið að ræða leka frá ofnalögn. Telur V því ósannað að svo sé og jafnframt ósannað að aðrar skemmdir á húsnæði M verði raktar til slíks leka. Þá bendir V á að ekki hafi verið lögð fram matsgerð sem sýni fram á annað tjón á fasteigninni en það sem snýr að sýnilegri skemmd á parketi í stofunni. Tjón á öðrum hlutum, svo sem korki í eldhúsi, eldhúsinnréttingu, gólfefnum í herbergi og steyptri gólfplötu, telur V ósannað. Bendir félagið á að samkvæmt 17. gr. almennra skilmála V beri váttryggðum að gefa félaginu kost á að skoða og meta tjón áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað eða þeim fargað.

Upplýsir V að í kjölfar skoðunar starfsmanns félagsins í byrjun maí 2024 hafi M verið tilkynnt að V teldi að tjónið sé af völdum langvarandi leka og því ekki bótaskyldt samanber c-lið 2. gr. skilmálanna. Engu að síður hafi félagið boðist til að bæta tjónið án viðurkenningar á bótaskyldu í samræmi við mat V. Hafi einnig verið tekið fram að bætur yrðu greiddar fyrir kostnaði við að: „fylla upp í og ganga frá eftir píparann, ásamt parketi í alrými svefnherberginu við hliðina á sem og korknum í eldhúsinu.“ Bendir V sérstaklega á að bætur frá félaginu miðuðust við það uppbrot á ílögn sem sjá megi á þeim myndum sem fylgdu með bréfi V til nefndarinnar.

Til viðbótar benti V á að M hafi lagt fram matsgerð sem hann hafi aflað einhliða. Hafnar V þeirri matsgerð. Telur félagið að það eina sem stendur eftir í þeirri matsgerð, þegar mótmælum félagsins sleppi, séu þeir liðir sem fjalla um gólfefni. Bendir V á að metið tjón samkvæmt þeim liðum virðist vera kr. 727.215 með vsk, en sú fjárhæð sem mjög nálægt þeirri fjárhæð sem félagið greiddi í bætur án viðurkenningar á bótaskyldu. Sú fjárhæð hafi verið miðuð við tjón á gólfefnum.

Að lokum áréttar V að samkvæmt 18. gr. almennra skilmála félagsins, samanber 1. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, hvíli sú skylda á váttryggingartaka að sýna fram á umfang tjóns. Þá liggi fyrir að M hafi vanrækt að gefa V kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hófst eða skemmdum munum var ráðstafað og fargað. Að mati V hefur M því ekki tekist að sanna umfang tjónsins. Kostnaðarmat sem var einhliða aflað af M dugi þar ekki til. V telur því bæði ósannað að tjónið verði rakið til leka úr lagnakerfi hússins né að umfang tjónsins sé meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur greitt í bætur án viðurkenningar á bótaskyldu. V telur sig því hafa greitt fullar bætur vegna tjónsins. M eigi því ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum M er gerð athugasemd við frávísunarkröfu V. Í framhaldinu leggur M fram og fjallar um nýja útreikninga á umfangi tjónsins. Niðurstaða þeirra útreikninga er að tjónið nemi kr. 4.838.491. Til viðbótar hafnar M því að hann hafi ekki gefið V tækifæri til að koma aftur á heimili sitt til að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hófst eða skemmdum munum var ráðstafað og / eða fargað. Þá er í viðbótarathugasemdunum einnig að finna frekari rök gegn þeim málatilbúnaði V sem er að finna í bréfi til nefndarinnar, dags. 16. desember 2024.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 23. janúar 2025, ítrekar V þá afstöðu að ekki verði annað séð en að M byggji kröfu sína í málinu á fyrirliggjandi sérfræðiskýrslu á umfangi tjónsins. Telur V að útreikningarnir í viðbótarathugasemdum M breyti því ekki, enda sé þar á ferð aðferð við útreikninga sem ekki sé til þess fallin að geta sannað umfang tjóns, enda ekki rökstudd eða studd neinum öðrum gögnum. Vísar V til þess að gera þurfi lágmarkskröfur um að kröfugerð málsaðila sé það skýr og greinargóð að hægt sé að taka afstöðu til hennar. V fer því einnig fram á frávísun málsins á grundvelli g-liðar 4. gr. í samþykktum fyrir nefndina.

Að lokum tekur V fram að hvergi í gögnum málsins eða samskiptum félagsins við M komi fram að M hafi ráðfært sig við félagið um fyrirhugaðar framkvæmdir eftir skoðun tjónamatsmanns félagsins 6. júní 2024, þ.e. að brjóta upp allt gólfið eins og síðar var gert. Þá ítrekar félagið að því gafst aldrei færi á að skoða og meta meint tjón á einangrun milli ílagnar og burðarplötu og hvort nauðsynlegt var að brjóta upp gólfið að því marki sem gert var, áður en þær framkvæmdir hófust og skemmdum munum var ráðstafað eða fargað. Telur V með öllu ósannað að tjón M hafi verið meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem V greiddi M án viðurkenningar á bótaskyldu.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu er margvíslegur. Í fyrsta lagi krefst V frávísunar. Þá er auk þess ágreiningur um það hvort tjón M sé bótaskyldt eða ekki, þ.e. falli innan gildissviðs skilmála fyrir fasteignatryggingu eða ekki. Og þó svo væri að tjónið teldist bótaskyldt er engu að síður uppi ágreiningur um það hvort M hafi tekist að sanna að umfang tjónsins sé meira en nemur þeim bótum sem V hefur greitt. Að lokum byggir M einnig á því að í greiðslu V hafi í raun falist loforð um að greiða allt sannað tjón.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá að kröfu V. Í því sambandi bendir nefndin á eftirfarandi:

Í 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina segir eftirfarandi um starfssvið nefndarinnar: „Nefndin fjallar um ágreining varðandi fjárhæðir milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila. Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna vátryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningurinn að lámarki kr. 25.000 og að hámarki kr. 5.000.000.“

Eins og fram kemur í umfjöllun um málatvik að framan, heldur M því fram í málskoti að tjón sitt nemi kr. 5.945.013 með vsk. Krefst M þess að V greiði sér þá fjárhæð að frádreginni kr. 715.214 með vsk. Viðbótarkrafa M, eins og hún er framsett í málskoti, nam því kr. 5.229.799 með vsk. Í bréfi til nefndarinnar, dags. 16. desember 2024, krafðist V þess að málinu yrði vísað frá nefndinni enda væru skilyrði þau sem um getur í framangreindri 3. mgr. 3. gr. samþykktarinnar fyrir nefndina ekki uppfyllt í málinu. Í ódagsettum viðbótarathugasemdum frá M, er þessari frávísunarkröfu mótmælt. Í því sambandi setur M m.a. fram nýja útreikninga á umfangi tjónsins sem virðast m.a. taka með fremur óljósum hætti mið af afskrifuðu endurstofnverði eða brunabótamati fasteignarinnar. Niðurstaða þeirra útreikninga virðist vera sú að heildarfjárhæð tjónsins sé kr. 4.838.491.

Nefndin telur að ekki séu forsendur til annars en að miða við að krafa M um bætur vegna þess meinta fjártjóns sem ágreiningur málsins hverfist um, byggji á þeirri forsendu að heildarbótaskyldt tjón M hafi numið kr. 5.945.013 með vsk. Matsgerð sú, samantekt kostnaðar, sem M leggur fram sem sönnun fyrir umfangi tjóns síns, byggir á því að tjónið nemi þeirri fjárhæð. Nefndin fær ekki séð að mjög svo óljósir útreikningar, án nokkurra frekari gagna þeim til stuðnings, sem er að finna í ódagsettum viðbótarathugasemdum M, geti breytt framangreindu. Ágreiningurinn snýr því að fjárhæð sem er hærri en krónur 5 milljónir. Jafnframt liggur fyrir að V hefur ekki heimilað að nefndin fjalli um deilumálið. Skilyrði frávísunar, samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina teljast því uppfyllt. Málinu er því vísað frá nefndinni.

Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu um frávísun telur nefndin rétt að fjalla einnig efnislega um annan ágreining sem uppi er í málinu. Í a-lið 1. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að hún gildir um skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum húseignarinnar. Annar leki, svo sem leki að utan, fellur hins vegar ekki undir trygginguna. Það er M að sýna fram á að framangreind skilyrði hafi verið uppfyllt. Nefndin telur að sú sönnun hafi ekki tekist. Þá telur nefndin einnig, með vísan í fyrirbyggjandi gögn, að jafnvel þó fallist yrði á að tjónið gæti fallið undir gildissvið fasteignatryggingarinnar hafi M ekki tekist að sanna að umfang þess sé meira en sem nemur þeim bótum sem V greiddi með fyrirvara um bótaskyldu. Jafnframt hafnar nefndin þeirri skýringu M að í þeirri greiðslu hafi í raun fallist loforð V um að greiða allt sannað tjón. M á því ekki rétt á frekari greiðslum úr fasteignatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 451/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

- Málskot mótttekið 4. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bref V, dags. 27. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi í júní 2024 farið með brúðarkjólinn sinn í hreinsun hjá X. Í kjólnum hafi verið svart hringabox sem ekki hafi verið tekið úr kjólnum áður en hann var hreinsaður og smitaðist svartur litur á kjólinn. Ekki hefur verið hægt að ná þeim lit úr kjólnum. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V var kröfu M hafnað með brefi dags. 23. ágúst 2024 á grundvelli þess að tjónið falli ekki undir ábyrgðartryggingu X. M finnst ekki eðlilegt að X beri ekki ábyrgð. Þegar kemur að flík eins og brúðarkjól er gert ráð fyrir að hann sé skoðaður sérstaklega vel áður en hreinsun hefst. X beri ábyrgð á að skoða vandlega flík áður en hún er sett í hreinsunarvél líkt og þá sem kjóllinn var settur í. Kjóllinn hafi mikið tilfinningalegt gildi og því telur M tjón sitt mikið.

Í brefi V til nefndarinnar bendir V á að tjónið falli ekki undir ábyrgðartryggingu atvinnureksturs sem X var með í gildi á tjónsdegi með vísan til h-liðar og i-liðar 3. gr. skilmála ábyrgðartryggingarinnar þar sem finna má undanþágu frá bótaábyrgð sem tekur til muna sem váttryggður hefur í vörslum sínum annars vegar og hins vegar til muna sem váttryggður tekur að sér að hreinsa.

Álit.

Gildissvið ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur hjá V takmarkast við líkamstjón eða skemmdir á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í váttryggingarskírteini enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. Gildissvið váttryggingarinnar takmarkast síðan með undanþáguákvæðum í 3. gr. Í h- og i-liðum þeirrar greinar er tilgreint að váttryggingin taki ekki til tiltekinna aðstæðna þar sem verða skemmdir á munum, m.a. þegar þeir eru í vörslum váttryggingartaka eða tjón verður á þeim við það þegar váttryggingartaki tekur að sér að gera við þá eða hreinsa þá. Fyrir liggur að X tók að sér, gegn gjaldi, að hreinsa brúðarkjól M. Er því hér um að ræða atvik sem fellur undir framangreindar undanþágu í skilmála váttryggingarinnar og er bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 453/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

702. Málskot mótttekið 25. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.
703. Bréf V, dags. 13. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
704. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. janúar 2025.
705. Viðbótarathugasemdir V, dags. 13. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatnstjóns hafi skyndilega orðið vart í fasteign M. Hafi hann haft samband við það váttryggingafélag sem hann sé í viðskiptum við, V2 og niðurstaðan hafi verið sú að ekkert væri athugavert við lagnir í fasteign M. Eftir á að hyggja tengir M upphaf tjónsummerkja í fasteign hans við það að nágranni M, X, hafi sett upp heitan pott í garði fasteignar sinnar. Hafi X látið mynda lagnir og M verið sagt að ekkert athugavert hafi komið í ljós við þá skoðun. Þar sem engar skýringar hafi fundist á tjóninu hafi M fengið verktakann Y til að skoða málið nánar. Hafi Y sagt M að hann hafi myndað lögnina hjá X og potturinn sé tengdur í dren sem liggir undir bílskúr X og sé upp við fasteign M og sú lögn hafi bara endað í „einhverjum polli“ og sé ekki tengd í neitt. Þegar X tæmi pottinn leki 2000 lítrar af heitu vatni undir hús M, gufa myndist og komi upp um gólfíð hjá honum með þeim afleiðingum að parket og stigi bólgni upp og mygli. Sé því um augljós mistök og vanrækslu að ræða og krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Með bréfi dags. 22. júlí 2024, hafnaði V kröfu hans á grundvelli þess að ósannað væri að tjón M yrði rakið til heita potts X og væri það því ekki að rekja til saknæmrar háttsemi eða mistaka hans.

V telur ósannað að rekja megi raka og skemmdir á fasteign M til heita potts X. Þó fullyrðingar varðandi það komi fram í fyrirliggjandi skýrslu séu engar myndir eða annað að finna í skýrslunni sem staðfesti þær og séu þær því ósannaðar. Fyrirliggjandi myndband af lögnum X sýni ekki að lögn úr heitavatnspotti hans liggir undir fasteign M né að hún endi í polli. Heiti potturinn tengist í affall sem virðist tengjast rennu af þaki M, affalli af svölum X og dreni hússins. Hafi potturinn verið í lítilli notkun og ekki hleypt úr honum fyrr en vatnið sé orðið volgt eða kalt. Standist því lýsing M á því að 2000 lítrar af heitu vatni renni undir hús hans ekki skoðun. Tenging pottsins hafi þá verið unnin af fagaðilum og telji nefndin hana ranglega framkvæmda sé því ekki við X að sakast.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann telji tengslin milli tjónsins og heita potts X augljós enda hafi ekki verið tjón á fasteign hans fyrr en einmitt viku eftir að X fékk sér heitan pott. Eftir að X hafi hætt að nota pottinn hafi raki í gólfi fasteignar M einnig heyrt sögunni til. Þá hafi, í það minnsta til að byrja með, verið sírennsli í pottinum auk þess sem heitir pottar séu alltaf tæmdir að notkun lokinni.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir þess ítrekaðar.

Álit.

Meðfylgjandi málskoti er skýrsla verktakans Y, dags. 19. september 2024. Segir í henni að í ljós hafi komið að þegar látið var renna úr heita pottinum hafi affallið farið undir húsið hjá M. Við myndatöku af lögnum hafi komið í ljós að frárennsli úr heita pottinum náði bara að sökkulvegg götumegin við hús M. Mikið vatn hafi safnast undir botnplötu fasteignar M og hafi rakinn leitað upp í gólfplötuna. Orsök bilunar er í skýrslunni sögð sú að frárennsli drenlagnar nái ekki út í götu. Þá kemur fram að M hafi verið búinn að láta mynda frárennislagnir hjá sér og framkvæma þrýstiprófun. Auk þess segir í skýrslunni að rakinn í gólfplötunni hafi minnkað jafnt og þétt samhliða því að notkun pottarins hafi verið hætt.

V mótmælir niðurstöðum skýrslunnar og gerir athugasemdir við að henni fylgi engar myndir eða önnur gögn er staðfesti þær. Þá kemur fram í bréfi V að affallið hjá heita pottinum tengist drenlögn

hússins og að af fyrirliggjandi myndbandsupptöku af lögnum fasteignar X sé hvergi að sjá að lögnin liggi undir fasteign M.

Um myndband það sem meðfylgjandi er andsvörum V er það að segja að það er um 22 mínútna langt og sýnir lagnir frá fasteign X. Ber myndbandið með sér að myndatakan hafi farið fram 6. apríl 2021 en ekki liggur fyrir hver sá um hana eða í hvaða tilgangi. Í upphafi myndbandsins má heyra rödd sem segir að verið sé að mynda frá niðurfalli í sólskála. Síðar í myndbandinu segir sama rödd að mikil drulla sé í lögninni en hún sé rúmlega hálf full af jarðvegi. Um miðbik myndbandsins virðist sem myndavélin sé flutt úr niðurfallslögn í sólskála og inn í aðra lögn. Ekkert segir í myndbandinu varðandi það um hvaða lögn sé að ræða eða hvaðan eða hvert hún leiði. Er nefndarmönnum því ómögulegt að gera sér grein fyrir því af myndbandinu hvort lögnin sem mynduð er nái undir fasteign M eður ei eða hvar hún endi. Engar frekari upplýsingar, s.s. skýrsla eða skrifleg lýsing, liggja fyrir um umrætt myndband. Verður því ekki talið að það sem fram kemur í myndbandinu hnekki skýrum niðurstöðum í framangreindri skýrslu Y.

Jafnvel þó byggt yrði á því að affall heita pottsins tengist við drenlögn eins og V byggir á verður þá ekki annað séð en að slíkt sé óviðunandi frágangur. Drenlagnir gegna þannig öðru hlutverki en fráveitulagnir, en almennt er viðurkennt að veita skuli frárennsli frá heimilum í þær síðarnefndu. Skilgreiningu á þeim má finna í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og fjallað er um markmið með þeim í 14.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Hlutverk drenlagna er hins vegar fyrst og fremst að draga til sín vatn úr nærliggjandi jarðvegi þannig að ekki sé hætt á að jarðvatn og vatnssöfnun geti valdið skaða á byggingum. Þannig eru drenlagnir jafnan gerðar úr frárennslisrörum með götum að ofanverðu til þess að jarðvegsvatn geti átt leið inn í rörið. Rennur jarðvegsvatnið svo um rörið þangað sem því er veitt í fráveitu. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja ljóst að drenlagnir eru ekki til þess fallnar að taka við frárennsli frá heitum pottum. Þá er jafnframt ljóst að þegar vatni er leitt um slíkar lagnir í miklu magni, s.s. eins og við tæmingu á heitum potti, er talsverð hætt á að vatnið berist í jarðveginn í kring með tilheyrandi tjóni. Verður því að telja að hætt sé á því að affall frá heitum potti sem tengt er við drenlögn endi í „polli“ og að tjón hljótist af, sér í lagi ef lögnin endar við sökkulvegg þaðan sem nærtækt er að raki endi undir eða inni í veggnum.

Af framangreindu telur nefndin nægilega sannað að tjón á fasteign M verði rakið til affalls frá heitum potti í eigu X.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X. V vísar til þess að X hafi ekki sjálfur tengt affallið heldur hafi það verk verið unnið af fagaðilum. Hafi það því verið ranglega uppsett sé ekki um saknæma eða ólögmeta háttsemi af hálfu X að ræða. Meðfylgjandi bréfi V til nefndarinnar eru skilmálar vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar og verður því að ætla að það sé váttryggingin sem við á þrátt fyrir að um íbúðarhús sé að ræða. V vísar ekki til neinna skilmálaákvæða til stuðnings höfnun sinni né verður annað séð en að bótasvið váttryggingarinnar taki til þess konar tjóns sem hér um ræðir.

Fyrir liggur að íbúðir M og X eru í raðhúsallengju og er því um fjöleignarhús að ræða sbr. 4. tl. 3. mgr. 1 gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Í 51. gr. laganna kemur fram að eigandi séreignar sé ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins vegna fjártjóns á eignum þeirra sem stafar af vanrækslu á viðhaldi séreignar, búnaði hennar og lögnum; mistökum við meðferð séreignarinnar og viðhald hennar; og bilun á búnaði séreignar og lögnum þó eiganda verði ekki um það kennt. Er því annars vegar um að ræða ábyrgð á sakargrundvelli og hins vegar hlutlæga ábyrgðarreglu sem krefst þess ekki að eigandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Af fyrirliggjandi gögnum og framangreindri umfjöllun um orsök tjónsins verður að telja að ekki sé sýnt fram á að um bilun á lögnum sé að ræða, þ.e. að tenging affallsins og lagnir hafi verið með eðlilegum hætti en að bilun hafi átt sér stað, heldur virðist mega draga þá ályktun að ekki hafi verið gengið frá affalli heita pottsins með fullnægjandi hætti. Er það því álit nefndarinnar að tjón á fasteign M megi rekja til mistaka við meðferð séreignarinnar og viðhalds hennar, en heiti potturinn og affall hans tilheyra séreign X, sbr. 7. tl. 5. gr. laga um fjöleignarhús. Telja verður að endurbætur, s.s. uppsetning heits potts, falli undir framangreinda skilgreiningu. Í athugasemdum við 51. gr. fumvarps þess sem varð að lögum um fjöleignarhús segir að í slíkum tilvikum sé það skilyrði bótaskyldu að eigandi eða einhver sem hann ber ábyrgð á samkvæmt almennum reglum valdi tjóni af ásetningi eða gáleysi. Ekki er í athugasemdunum að finna nánari dæmi eða skilgreiningu á því hvenær eigandi fasteignar „ber ábyrgð“ á þeim sem gerir slík mistök.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að tenging pottsins hafi verið unnin af fagaðilum, en ekki liggur þó fyrir hverjir þeir aðilar voru. Kemur þá til skoðunar hvort X „beri ábyrgð“ á þeim aðilum í skilningi áðurnefndrar 51. gr. laga um fjöleignarhús. Þrátt fyrir töluverða leit nefndarinnar fundust engir dómar eða úrlausnir kærnefndar húsamála sem taka beinlínis til þess vafamáls en almennt hefur verið litið svo á að fasteignareigendur beri ekki svokallaða vinnuveitendaábyrgð á vinnu fagmanna sem ráðnir eru sem verktakar til starfa við fasteign þeirra. Verður ekki, þrátt fyrir orðalag títtnefndrar 51. gr. um ábyrgð eiganda séreignar, talið rétt að víkja hér frá þeirri túlkun. Verður þá að miða við að verkið hafi verið unnið af sérhæfðum fagmönnum sem X hafi ráðið til starfans, en ekki t.a.m. X sjálfum eða ófaglærðum aðilum. Er því ekki sýnt fram á skaðabótaábyrgð X á grundvelli fjöleignarhúsalaga. Ábyrgðartrygging X hjá V tekur til tjóns vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan samkvæmt íslenskum lögum. Samkvæmt framansögðu er ekki sýnt fram á að slík skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi.

Af þeirri ástæðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 454/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging og fjölskyldutrygging.****Gildissvið fasteignatryggingar og fjölskyldutryggingar.****Gögn.**

- 706. Málskot mótttekið 25. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- 707. Athugasemdir V, dags 8. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
- 708. Viðbótarathugasemdir M, ódags.
- 709. Viðbótarathugasemdir V, dags. 15. janúar 2025.

Málsatvik.

Atvikinu er lýst þannig að 10. október 2024 hafi orðið vatnstjón á húseign M, vegna leka frá vaskaskáp í þvottahúsi. V viðurkenndi greiðsluskyldu úr vatnstjónslið fasteignatryggingar M vegna tjónsins á húseigninni. Greiddar hafa verið bætur vegna þess tjóns. Þá hefur V einnig fallist á að M eigi bótarétt úr fjölskyldutryggingu vegna vatnstjóns á innbúi þó að frátöldum fjórum munum. V hafnaði hins vegar kröfu M um bætur úr fasteignatryggingunni vegna afnotamissis.

Í málskotinu krefst M þess að viðurkenndur verði réttur sinn til bóta úr fasteignatryggingunni vegna afnotamissis og úr fjölskyldutryggingunni vegna skemmda á tilteknum munum. Hvað fyrri kröfuna varðar þá er í málskoti á því byggt að í kjölfar vatnstjónsins hafi kona M ekki haft heilsu til að nota svefnaðstöðu á heimili þeirra og þau því þurft að flytja út í þrjár vikur. Leggur M fram læknavottorð máli sínu til stuðnings. Hvað seinni hluta kröfunnar varðar þá byggir M á að fjórir hlutir í tilteknum kassa hafi skemmst þar sem umbúðir þeirra hafi blotnað. Hafi verið um að ræða muni sem ætlaðir voru til gjafa, en ljóst sé að þrátt fyrir að skiptimiðar hafi verið á þeim öllum, muni engin verslun taka við hlutum í umbúðum sem hafa legið í vatni. Ekki kemur fram í málskoti að þessir tilteknu hlutir hafi skemmst. M setur ekki fram kröfu um tiltekna bótafjárhæð heldur virðist vera um viðurkenningarkröfu að ræða.

Í bréfi V, dags. 8. janúar 2024, kemur fram að félagið telur bótarétt hvorki vera fyrir hendi vegna afnotamissis né úr fjölskyldutryggingunni. Hvað afnotamissinn varðar byggir V á að skilyrði greinar 4.10 í skilmálum fasteignatryggingarinnar séu ekki uppfyllt. Í því ákvæði komi fram að til þess að greiddar verði bætur fyrir afnotamissi þurfi að liggja fyrir að viðgerð sé svo umfangsmikil að ekki sé hægt að nota eldunar-, svefn- eða hreinlætisaðstöðu og óhjákvæmilegt sé að flytja úr húsnæðinu. Bendir V á að viðgerð hafi falist í því að taka þurfti parket af gólfi og hafi þurrkvélar verið settar upp. Þá hafi einnig farið fram viðgerð á einum millivegg sem ekki hafi verið nálægt svefnaðstöðu M. V telur því ljóst að viðgerðin hafi ekki verið það umfangsmikil að ekki hafi verið hægt að nota svefnaðstöðuna.

Hvað innbústjónið varðar bendir V á að þó félagið hafi hafnað því að greiða bætur vegna hlutanna fjögurra sem deilt er um, hafi V þegar greitt M kr. 1.280.846 vegna innbústjóns. Engar afskriftir hafi verið dregnar frá þeim bótum vegna aldurs og notkunar líkt og félaginu sé þó heimilt samkvæmt skilmálum. Þeir fjórir hlutir sem V hefur neitað að greiða bætur vegna hafi allir verið í umbúðum og merktir tiltekinni verslun. Um hafi verið að ræða ristavél, hrærivél, safapressu og sodastreamtæki. Einungis hafi verið um að ræða skemmdir á umbúðum en ekki á hlutunum sjálfum. V hafnaði því að bæta umrædda hluti með eftirfarandi rökum. Í fyrsta lagi vísaði félagið í grein 24.1.a í skilmálum fjölskyldutryggingarinnar þar sem m.a. kemur fram að tryggingin bæti ekki tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjóns sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins tryggða. Í öðru lagi byggir V höfnun sína á því, með vísan í gr. 15.3 í almennum skilmálum, að M hafi ekki sannað eignarhald sitt á umræddum hlutum.

Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar mótmælti M því að aðeins hafi verið um að ræða viðgerð á einum vegg, eins og V byggir á. Telur M að hið rétta sé að gera hafi þurft við fjóra milliveggi og taka neðan af þeim öllum. Þá hafi blásarar verið í gangi allan sólarhringinn í nokkra daga eftir að tjónið kom upp. Auk þessa bendir M á að afleiðingar vatnstjónsins hafi verið svo miklar að innbúinu hafi ýmist verið pakkað saman eða sópað út úr íbúðinni til að verja það frekari skemmdum. Að mati M

hafi því viðgerðin verið það umfangsmikil að óhjákvæmilegt hafi verið að flytja úr húsnæðinu tímabundið. Hvað munatjónið varðar þá komi sú ákvörðun V að nýta sér ekki afskriftaheimildir í skilmálum, því tjóni ekki við. Þá telur M að V hafi ekki tekist að sýna fram á að aðeins umbúðir þessara hluta hafi skemmst. Auk þess bendir M á að hlutirnir séu einskis nýtir sem gjafir í núverandi ástandi.

Í viðbótarhugasemdum V, dags. 15. janúar 2025, er bent á að M hafi getað sofið í rúmi sínu en ekki á dýnu á gólfi eins og M hafði haldið fram. Viðgerðin hafi ekki verið þess eðlis að þurft hafi að taka rúmið út úr íbúðinni og segist V ekki vita til þess að það hafi verið gert. V ítrekar að viðgerðin sem hafi aðallega falið í sér að þrifa gólf, parketskipti, viðgerð á fataskáp og að skera neðan af nokkrum gifsveggjum, hafi ekki verið það umfangsmikið að ekki hafi verið hægt að nota svefnaðstöðuna og því óhjákvæmilegt fyrir M að flytja úr húsnæðinu. Þau skilyrði sem um getur í gr. 4.10 hafi því ekki verið uppfyllt. Hvað munina varðar þá byggir V á því að M hafi ekki sýnt fram á að hlutirnir væru í eigu einhverra þeirra sem falla undir gildissvið tryggingarinnar. Einungis M, kona hans og sonur, séu skráð á skírteini fjölskyldutryggingarinnar og eigi því aðrir ekki undir trygginguna. V beri því aðeins að bæta hluti sem eru í eigu framangreindra aðila. Ítrekar V að M hafi ekki sýnt fram á eignarhald sitt á mununum með framvísun kvittana þrátt fyrir óskir félagsins þar um í samræmi við grein 15.3 í almennum skilmálum. Að lokum ítrekar V að þrátt fyrir að umbúðirnar hafi skemmst rýri það ekki notagildi þessara muna og því sé ekki greiðsluskylda til staðar samanber grein 24.2.a í skilmálum fjölskyldutryggingarinnar.

Álit.

Í málskotinu krefst M þess að viðurkenndur verði réttur sinn til bóta úr fasteignatryggingunni vegna afnotamissis og úr fjölskyldutryggingunni vegna skemmda á tilteknum munum. Í grein 4.10.a í skilmálum fyrir fasteignatrygginguna segir eftirfarandi: „[V] greiðir bætur þegar íbúðarhúsnæði skemmist af eldi eða bótaskyldum tjónsatburði úr tryggingu þessari. Skilyrði bóta er að viðgerð er svo umfangsmikil að ekki sé hægt að nota eldunar-, svefn- eða hreinlætisaðstöðu og óhjákvæmilegt er að flytja úr húsnæðinu.“

Í málinu hafa ekki verið lögð fram nein þau gögn sem gætu sýnt fram á það með fullnægjandi hætti hvert umfang viðgerðanna var í umrætt sinn. Einu gögnin þar að lútandi eru lýsingar í málatilbúnaði aðila. Sú skylda hvílir á M að sýna fram á að þau skilyrði sem um er fjallað í lið 4.10.a í framangreindum skilmálum séu uppfyllt. Eina gagnið sem M hefur lagt fram í málinu er vottorð frá lækni á læknavaktinni, dags. 23. október 2024, en þar segir eftirfarandi: „Það vottast hér með að [...] hefur rykofnæmi og hún er á langvarandi meðferð með ofnæmislyfjum. Vegna hennar undirliggjandi sjúkdóms hefur henni versnað af einkennum þegar hún hefur verið í núverandi íbúðarhúsnæði þar sem nýlega varð vatnstjón.“ Af þessu virðist mega ráða að læknirinn byggir ályktunina um að einkennin hafi versnað þegar hún hefur verið í húsnæðinu eftir að vatnstjónið átti sér stað, á frásögn eiginkonu M.

Með vísan í framangreint og gegn neitun V, telur nefndin að M hafi ekki tekist að sýna fram á bótarétt sinn vegna afnotamissis.

Hvað varðar bótakröfu M vegna hins meinta munatjóns, þá hefur nefndin einnig komist að þeirri niðurstöðu að M eigi ekki rétt á að fá það bætt úr fjölskyldutryggingunni hjá V. Telur nefndin að ekki liggi fyrir í málinu að skemmdir á umbúðunum hafi rýrt notagildi þessara hluta, samanber grein 24.1.a í skilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu né fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 455/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

710. Málskot mótttekið 25. nóvember 2024 ásamt fylgiskjölum.

711. Bréf V dags. 6. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að M hafi fest kaup á fasteigninni X með kaupsamningi dags. 27. október 2023. Fljótlega eftir afhendingu hafi komið í ljós miklar vatns- og rakaskemmdir í eigninni og mikill halli á gólfum hennar. Samningar við seljanda hafi ekki náðst og nú sé M aðili að tveimur dómsmálum tengdum þessum fasteignakaupum. Vegna þess hafi M krafist bóta úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V en V hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að váttryggingin taki ekki til ágreinings sem varði váttryggðan sem eiganda fasteignar. M er ósammála þeirri afstöðu og telur bótaskyldu fyrir hendi. Þannig varði hvorugt málanna sem rekin séu fyrir héraðsdómi M sem eiganda fasteignar. Í öðru málinu hafi M verið stefnt til greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi. Sér þar um samningságreining að ræða. Í hinu málinu sé M stefnandi sem kaupandi fasteignar. Ekki sé hægt að líta svo á að hann sé fyrir dómi sem eigandi fasteignar enda hafi sú háttsemi seljanda sem um sé deilt fyrir dómi átt sér stað áður en M gerði tilboð í X og hafi hann því ekki átt neitt í henni. Á þeim tíma sem ágreiningur aðila hófst hafi M þá ekki verið þinglýstur eigandi X. Umrætt undanþáguákvæði váttryggingarskilmála beri að túlka þröngt og geti það samkvæmt orðanna hljóðan aðeins tekið til eigenda fasteignar, en ekki kaupenda þeirra.

Í bréfi V er vísað til f-liðar 31. gr. skilmála fjölskyldutryggingar en þar segi að váttryggingin taki ekki til ágreinings sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar. Þegar afhending fasteignar hafi farið fram, eins og raunin sé í tilvikum M, sé kaupandi orðinn eigandi, enda sé almennt miðað við það í fasteignakauparétti að áhætta á fasteign færist yfir á kaupanda við afhendingu. Það að M hafi ekki verið orðinn þinglýstur eigandi X við upphaf ágreinings hafi þá ekki áhrif á það að í lagalegum skilningi hafi hann verið orðinn eigandi hennar. Ágreiningur aðila sé samofinn eignarhaldi á fasteign og gæti M tæpast orðið aðili að dómsmáli er varði mögulega galla á fasteign teldist hann ekki eigandi hennar. Beri gögn málsins þá með sér að M hafi verið orðinn eigandi X við upphaf ágreinings enda hafi gallar fyrst komið í ljós eftir afhendingu.

Álit.

Ágreiningur aðila varðar samkvæmt framansögðu það hvort bótaskylda úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V sé til staðar. Ekki liggur fyrir hvort í gildi er fasteignatrygging vegna X og verður því ekki tekin afstaða til þess hvort bótaskylda úr fasteignatryggingu kunni að vera til staðar.

Samkvæmt fyrirliðgjandi kaupsamningi var X afhent M við undirritun kaupsamnings hinn 27. október 2023. Ítarlegar upplýsingar um dómsmál þau sem M er aðili að liggja ekki fyrir nefndinni. Ætla má þó að annars vegar sé um að ræða mál sem M hefur höfðað á hendur seljanda vegna galla, sbr. IV. kafla laga um fasteignakaup nr. 40/2002 og hins vegar mál sem seljandi hefur höfðað á hendur M til greiðslu eftirstöðva kaupverðs sbr. V. kafla sömu laga. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignakaup flyst áhættan af seldri fasteign til kaupanda við afhendingu. Verður því að líta svo að eigendaskipti hafi átt sér stað þegar afhending og greiðsla kaupverðs hefur farið fram, eða samið hefur verið um hana sé hún greidd í áföngum eins og jafnan á við um fasteignakaup. Er það jafnframt í samræmi við almennan málskilning að við það tímamark sé kaupandi orðinn eigandi. Á það við óháð því hvort aðilar kunni við síðara tímamark að grípa til vanefndaúrræða á grundvelli laga um fasteignakaup. Verður ekki séð að í því samhengi skipti máli hvort M var orðinn þinglýstur eigandi samkvæmt kaupsamningi eða þinglýstur eigandi samkvæmt afsali. Tilgangur þinglýsingar er enda fyrst og fremst sá að tryggja réttarvernd gagnvart kröfum þriðja aðila en ekki að hafa áhrif á réttarstöðu kaupanda og seljanda innbyrðis. Verður því að telja að M sé eigandi X í framangreindum skilningi.

Verður jafnframt að telja að ágreiningur aðila, sem byggir á vanefndaúrræðum laga um fasteignakaup, varði M sem eiganda X. Ágreiningur aðila varðar þannig mögulega galla á fasteign og greiðsludrátt. Er vandséð hvernig M geti átt aðild að, og hagsmuni af, dómsmáli vegna galla á fasteign nema á grundvelli eignarhalds hans á umræddri fasteign. Ekki liggur fyrir hvort krafa seljanda á hendur M er krafa um réttar efndir sem megi rekja til þess að M hafi haldið eftir hluta kaupverðs vegna þeirra galla sem hann telur á eigninni eða hvort kröfuna megi rekja til annarra vanefnda sem seljendur telji uppi af hálfu M. Hvort heldur sem er verður að telja að sá hluti ágreinings aðila sé einnig samofinn eignarhaldi á fasteign.

Í skilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V segir, í f.-lið 31. gr. að vátryggingin taki ekki til ágreinings sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Skiptir þá ekki máli í því samhengi hvenær möguleg háttsemi seljenda hafi átt sér stað, eins og byggt er á í málskoti, enda er orðalag fyrrgreinds skilmálaákvæðis skýrt hvað varðar andlag ágreiningsins.

Á grundvelli alls framangreinds verður að telja að ágreiningur M og seljanda varði M sem eiganda X og að umrætt undanþáguákvæði eigi því við. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 4. mars 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 456/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Samsömun. Varúðarregla. Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags.

Gögn.

712. Málskot móttakið 27. nóvember ásamt fylgiskjölum.
713. Bréf V, dags. 9. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
714. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. janúar 2025 ásamt fylgiskjali.
715. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. janúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 22. maí 2023, hafnaði bifreiðin A utan vegar við Miðfell í Hrunamannahreppi að kvöldi hins 15. maí s.á. A er í eigu fyrirtækisins M og samkvæmt skýrslum aðila á vettvangi var ökumaður hennar umrætt sinn X, sem er sonur eiganda M, en þrennt var í A þetta kvöld. Reyndist X undir áhrifum ávana- og fíkniefna, þ.e. amfetamíns. Varð altjón á A. Hinn 9. nóvember 2023 gaf Y, farþegi í A, skýrslu fyrir lögreglu en í framburði hennar kom fram að í raun hefði X ekki ekið bifreiðinni heldur Z, sem áður var sagður hafa verið farþegi í framsæti. X og Z hefðu þannig skipst á að aka bifreiðinni og héldi Y að þeir hefðu skipst á sætum stuttu fyrir atvikið, þannig að Z hefði verið ökumaður er atvikið átti sér stað. Z sé ekki með gild ökuréttindi og því hefðu þau upphaflega ákveðið að segja lögreglu að X hefði verið ökumaður. Hefur X þá einnig dregið upphaflegan framburð sinn um að hann hafi ekið bifreiðinni til baka, sbr. fyrirbyggjandi yfirlýsingu hans dags. 25. nóvember 2024. Með bréfi lögreglu, dags. 28. október 2024, var X tilkynnt að rannsókn sakamáls á hendur honum hefði verið hætt þar sem ekki þætti grundvöllur fyrir því að halda henni áfram.

Í málskoti kemur fram að þrátt fyrir þetta hafi V hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að X hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum fíkniefna. Auk framagreindra yfirlýsinga X og Y liggi fyrir ljósmyndir sem teknar hafi verið nokkrum andartökum fyrir atvikið og sýni að Z hafi verið ökumaður A. Höfnun V hafi byggt á því einu að X hafi verið undir áhrifum amfetamíns við aksturinn. Nú þegar sannað sé að X hafi ekki verið ökumaður umrætt sinn sé V ekki stætt á að hafna bótaskyldu, enda beri það sönnunarbyrði þess að skilyrði höfnunar séu fyrir hendi.

Í bréfi V er vísað til þess að í frumskýrslu lögreglu komi fram að X hafi ekið A og sé þar einnig að finna greinargóða lýsingu hans á atvikum. Staðfesti Y og Z þá að þau hafi verið farþegar í A. Í tjónstilkynningu eiganda M til V, dags. 19. maí 2023, komi einnig fram að sonur hennar, þ.e. X, hafi verið ökumaður. Til sönnunar því að svo hafi ekki verið hafi verið lagðar fram ljósmyndir af mönnum sem sagðir séu vera X, í farþegasæti A og Z, í ökumannssæti hennar. Þær myndir beri það með sér að hafa verið teknar kl. 21:58 og feli því ekki í sér sönnun þess hver ók A kl. 23:10 er atvikið átti sér stað. Sé það afstaða V að leggja verði frumgögn um atvikalýsingu til grundvallar umfram síðar tilkomin gögn er feli í sér aðra atvikalýsingu. Framburður Y sem dagsettur sé um fimm mánuðum eftir atvikið sé ekki trúverðugur og í algærri andstöðu við framburð X, Y og Z í frumskýrslu lögreglu og upplýsingar í tjónstilkynningu. Hvíli það því á M að sýna fram á að X hafi ekki ekið bifreiðinni umrætt sinn. Það að lögregla hafi ákveðið að hætta rannsókn í sakamáli á hendur X hafi ekki áhrif í þessu samhengi enda séu sönnunarreglur í sakamálum aðrar og strangari en í einkamálum. Hvíli það því á M að sýna fram á að X hafi ekki verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna og að tjónið verði ekki rakið til slíks ástands. Hafi engin gögn verið lögð fram því til stuðnings. Hvað samsömun varðar vísar V til 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og gr. 9.2 í skilmálum kaskótryggingar A en þar komi fram að í atvinnustarfsemi geti V borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða ökutækis. Af framansögðu telji V að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til tjónsins og brotið gegn varúðarreglu í 6.2 gr. skilmálans og verði honum samsamað með M. Sé bótaréttur því felldur niður að fullu.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að V geti ekki litið fram hjá þeim gögnum sem síðar séu komin til. Y hafi, án þess að vera í nokkrum tengslum við M, dregið upphaflegan framburð sinn til baka fyrir lögreglu og þrátt fyrir að vera ítrekað áminnt um sannsögli hafi hún ekki hvikað frá síðari framburði sínum. Ljósmyndir af afstöðu X og Z í bifreiðinni staðfesti þá síðari framburð hennar. Vísar M og til dóms Hæstaréttar í máli 346/2006 afstöðu sinni til stuðnings. Beri V því sönnunarbyrði fyrir því að X hafi umrætt sinn ekið A og slík sönnun hafi ekki tekist. Hvað varði umfjöllun V um samsömun þá eigi þau sjónarmið ekki við enda hafi bifreiðin ekki verið í atvinnurekstri umrætt sinn. Séu röksemdir V þá of seint fram komnar, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um váttryggingarsamninga og dóm Hæstaréttar í máli nr. 37/2021.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að félagið telji Y ekki trúverðugt vitni. Hún hafi tengsl við X og hafi verið í samskiptum við hann degi áður en hún gaf skýrslu um breyttan framburð sinn. Hvað framlagðar ljósmyndir varðar er áréttað að þær feli ekki í sér neina sönnun þess hver ók A á þeim tíma er tjónið átti sér stað. Atvikin í Hæstaréttardómi nr. 346/2006 hafi verið allt önnur og hafi hann ekki fordæmisgildi í málinu, enda hafi aðilar í því tilviki hafi verið stöðugir í framburði sínum varðandi hver ók bifreiðinni, auk þess sem vitni hafi sagt ósatt vegna óvildar í garð eiganda hennar. Hvað varði vísun til 31. gr. laga um váttryggingarsamninga liggja fyrir að V hafi í bréfum til M tekið skýrt fram að skerðing bótaréttar kæmi til álitá og síðar að bótaréttur væri fallinn niður. Hafi félagið því ekki tapað rétti til að bera atvik sem leiði til skerðingar fyrir sig, enda sé það ekki skilyrði að frá upphafi sé vísað sérstaklega til ákvæða um samsömun. Váttryggingin sé þá tekin af fyrirtæki í atvinnurekstri vegna ökutækis sem tilheyri þeim rekstri og því eigi 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga við.

Álit.

Eins og að framan er rakið kemur fram í frumgögnum málsins, þ.e. lögregluskýrslu dags. 22. maí 2023, að X hafi verið ökumaður A er hún hafnaði utan vegar. Verður ekki annað séð en að X, Y og Z hafi öllum borið saman um það. Í tjónstilkynningu eiganda M til V, dags. 19. maí 2023, kemur einnig fram að X hafi ekið bifreiðinni.

Síðar tilkominn framburður Y, um að Z hafi í raun verið ökumaður A, verður að mati nefndarinnar ekki talinn hagga því sem fram kemur í frumgögnum málsins. Framlagðar ljósmyndir bera það með sér að vera teknar rétt fyrir kl. 22:00 að kvöldi 15. maí 2023. Samkvæmt lögregluskýrslu átti atvikið sér hins vegar stað um kl. 23:10. Í síðari framburði Y segir að X og Y hafi skipst á að keyra A og að hún haldi að Z hafi verið að keyra rétt áður en þau komu að veginum þar sem slysið varð. Verður því, jafnvel þó byggt verði á framburði Y hvað þetta tiltekna atriði varðar, ekki talið að umræddar ljósmyndir sýni fram á hver hafi ekið A er hún hafnaði utan vegar.

Fyrir liggur að X var undir áhrifum amfetamíns umrætt kvöld, sbr. fyrirliggjandi matsgerð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 16. maí 2023, og taldist því óhæfur til þess að stjórna ökutæki skv. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þrátt fyrir að lögreglustjórinn á Suðurlandi hafi síðar, sbr. bréf embættisins dags. 28. október 2024, ákveðið að hætta rannsókn sakamáls á hendur M þar sem ekki var talinn grundvöllur fyrir því að halda henni áfram, verður ekki litið svo á að það feli í sér sönnun þess að X hafi ekki ekið A umrætt sinn. Ekki liggur fyrir neinn frekari rökstuðningur fyrrgreindrar ákvörðunar, sbr. 8. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður þá ekki litið fram hjá því að sönnunarreglur í sakamálum eru aðrar en í einkamálum og eins og að framan er rakið sýna önnur fyrirliggjandi gögn ekki fram á að Z hafi verið ökumaður A umrætt sinn.

Samkvæmt framangreindu verður að mati nefndarinnar að miða við að X hafi verið ökumaður bifreiðarinnar og verið óhæfur til að stjórna henni og verið það óheimilt skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 50. gr. umferðarlaga.

Hvað samsömun varðar þá er í 9. kafla skilmála kaskótryggingar A hjá V fjallað um hvaða áhrif háttsemi annarra aðila en skráðs eiganda hafi á bótarétt hans. Í gr. 9.2 segir að í atvinnurekstri geti V borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða og stjórnanda hins tryggða ökutækis. Fyrir liggur að M er fyrirtæki í atvinnurekstri. Er V því heimilt að bera fyrir sig háttsemi stjórnanda ökutækisins, þ.e. X. Skiptir ekki máli í því samhengi hvort umrædd ökuferð var liður í atvinnustarfsemi, heldur nægir að ökutækið sem slíkt tilheyri atvinnurekstri. Er umrætt skilmálaákvæði til samræmis við heimild 3. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga um að í váttryggingum sem tengist atvinnustarfsemi megi, með þeim takmörkunum sem leiði af 1. mgr. 41. gr. sömu laga, semja um að váttryggður geti glatað rétti sínum til bóta í heild eða hluta vegna háttsemi nánar tilgreindra manna eða hópa. Verður ekki séð að takmarkanir þær sem kveðið er á um í 1. mgr. 41. gr. laganna komi til álitá í þessu tilviki.

Í skilmála váttryggingarinnar segir í gr. 6.2 að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og skuli ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna við notkun ökutækis. Um varúðarreglu er að ræða en skv. 28. gr. almennra skilmála V getur ábyrgð þess fallið niður í heild eða hluta sé varúðarreglum ekki fylgt. Er heimilt að gera slíkan fyrirvara í skilmálum, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í þeim tilvikum má samt leggja á váttryggingafélag ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Liggur þá fyrir nefndinni að meta hvort heimilt er að fella ábyrgð V niður að fullu. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er sýnt að X var undir áhrifum fíkniefna og verður þá að telja orsakasamband milli þess ástands og þess að A hafnaði utan vegar. Metur nefndin sök hans umtalsverða. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, heimilt að fella bótarétt niður að fullu.

Ekki verður fallist á að V hafi glatað rétti til þess að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð á þeim grundvelli að tilkynningarskylda skv. 31. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi ekki verið réttilega uppfyllt., enda kemur fram í bréfi V til M dags. 25. maí 2023 að til skoðunar sé að skerða eða fella niður bótarétt þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 457/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Gildissvið váttryggingar. Umfang tjóns.

Gögn.

18. Málskot dags. 27. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
19. Bréf V, dags. 13. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
20. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. desember 2024.
21. Viðbótarathugasemdir V, dags. 18. desember 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 10. janúar 2023 hlaut M líkamstjón í vinnuslysi. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr slysáttryggingu launþega vinnuveitanda síns og hefur V samþykkt bótaskyldu vegna slyssins með tölvupósti 21. apríl 2023. Í kjölfarið fór málið í venjubundna afgreiðslu hjá lögmanni M sem óskaði eftir hefðbundnu læknisvottorði um slysið og fyrra heilsufar frá heilsugæslu. Vottorðið barst lögmanni M þann 18. febrúar 2024 ásamt reikningi að fjárhæð kr. 60.864. Lögmannsstofan sendi V bæði vottorðið og reikninginn og óskaði eftir endurgreiðslu kostnaðarins. V hafnaði greiðslu vottorðsins á þeim grundvelli að þess hafi ekki verið aflað í samráði við V né hafi matsmenn óskað eftir vottorðinu.

Lögmaður M rekur í málskoti samskipti hans við V vegna gagnaöflunar og telur að V beri að endurgreiða kostnað vegna læknisvottorðsins. Að mati lögmanns M er ljóst að umrætt læknisvottorð, sem deilt er um, hafi verið nauðsynlegt til þess að hægt væri að meta afleiðingar slyss M. Óumdeilt sé að slysið teljist bótaskyldt samkvæmt skilmálum V. Þá hafi verið um að ræða hefðbundna gagnaöflun vegna slyss, þ.e. vottorð um afleiðingar slyssins og heilsufar fyrir slysið. Þá liggi fyrir samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð, dags. 31. júlí 2024, að upplýsingar úr vottorðinu voru nýttar til að leggja mat á tjón M. V eigi ekki heimtingu á að fá sjúkraskrá hennar afhenta, hvorki m.t.t. skilmála V um slysáttryggingu launþega né m.t.t. persónuverndarsjónarmiða, sbr. lög nr. 90/2018. V hafi ávallt endurgreitt kostnað vegna vottorða frá heilsugæslu án athugasemda, fram í febrúar 2024, jafnvel þótt V hefði ekki óskað eftir vottorðinu. Þetta afgreiðslufyrirkomulag byggði á venju og trausti í samstarfi lögmannsstofunnar og V. Slík vottorð hafa ekki talist óvenjuleg gagnaöflun hingað til, heldur hefðbundin og nauðsynleg. V fylgdi þannig ekki þessu skilyrði skilmálaákvæðis í framkvæmd áratugum saman. Meðfylgjandi málskoti fylgdu dæmi um endurgreiðslur V til lögmanns M vegna vottorða frá mars 2021 til mars 2024. Á öllu þessu tímabili hafi tilvísað skilmálaákvæði verið í gildi, svo V hefur augljóslega ekki verið að fylgja því sjálf. Þá mótmælir lögmaður M því að búið hafi verið að upplýsa lögmannsstofu sína um stefnubreytinguna fyrir 12. febrúar 2024. V hafi í mesta lagi verið búið að senda pósta á staka lögmann stofunnar og gera athugasemdir við gagnaöflun í einstaka málum. Þau samskipti snéru ekki að vottorðum frá heilsugæslu um slys og fyrra heilsufar. V virðist þannig hafa ákveðið að breyta áratugalangri framkvæmd og venju einhliða, og að því er virðist yfir nótt, án þess að upplýsa samstarfsaðila sína sérstaklega um það. Byggt er á því að þessi framkvæmd samræmist ekki góðum viðskiptaháttum, sbr. einnig 9. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og sérstaklega 4. gr. reglna nr. 353/2022 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana.

V bendir á í bréfi sínu til nefndarinnar að skilmálar séu skýrir þ.e. aðeins sé greiddur kostnaður vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni V. Frá og með áramótum 2023 til 2024 hafi V ítrekað það sérstaklega við lögmann umræddrar lögmannsstofu um að læknisvottorð séu ekki greidd af V nema þegar þeirra er aflað að beiðni V. Þá er V ósammála því að umrætt vottorð sé nauðsynlegt til þess að hægt sé að meta afleiðingar vinnuslyssins. Afrit af sjúkraskrá hefði dugað til þess að meta umrædda áverka. Slíkt afrit er endurgjaldslaust. V hafnar því að áratuga venja hafi verið við lýði og að V hafi breytt framkvæmd og venju einhliða án upplýsinga. Hafnar V því að greiða fyrir umrætt vottorð.

Álit.

M byggir á því í málskoti að framkvæmd V samræmist ekki góðum viðskiptaháttum, sbr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og sérstaklega 4. gr. reglna nr. 353/2022 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana. Rétt er að benda á að það er Fjármálaeftirlit Seðlabankans sem er eftirlitsstjórnvald með lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og reglum nr. 353/2022. Þá er einnig rétt að taka fram að það fellur einnig utan verksviðs nefndarinnar að fjalla um réttmæti þess á grundvelli persónuverndarsjónarmiða að V óski eftir sjúkraskrá M.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort V beri að greiða kostnað M vegna öflunar læknisvottorðs að fjárhæð kr. 60.864. Í grein 9.2 í skilmálum váttryggingarinnar segir: „Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við váttryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.“ Þrátt fyrir að einhverju leyti megi fallast á það með lögmanni M að fyrri samskipti milli hans og starfsmanna V beri með sér að V hafi áður ekki gert kröfu um að samþykki þess þurfi að liggja fyrir áður en lögmaður aflaði læknisfræðilegra gagna í slysamálum, verður ekki fram hjá því litið að ákvæði skilmálanna er skýrt að þessu leyti og V hafði í samskiptum við aðra lögmenn á sömu stofu ítrekað kröfu sína um að lögmenn hafi samband við V við öflun læknisvottorða.

Á grundvelli greinar 9.2. í skilmálum váttryggingar þeirrar sem hér um ræðir, á M samkvæmt framansögðu ekki rétt á endurgreiðslu kostnaðar vegna öflunar læknisvottorðs að fjárhæð kr. 60.864.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á endurgreiðslu kostnaðar að fjárhæð kr. 60.864 vegna öflunar læknisvottorðs, úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2025.

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 459/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Líkamstjón. Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

716. Málskot mótttekið 28. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
717. Athugasemdir V, dags 11. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
718. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. desember 2024.
719. Viðbótarathugasemdir V, dags. 13. desember 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 30. mars 2024 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók. Ekki virðist ágreiningur um að A hafi átt sök á árekstrinum. Í málskotinu er byggt á því að við áreksturinn hafi M orðið fyrir líkamstjóni og því til staðfestingar liggi m.a. fyrir í málinu samskiptaseðlar (fjórar komunótur) frá Læknavaktinni, dags. 30. mars, 3. apríl, 12. apríl og 30. apríl 2024. Er sérstaklega bent á að við komu M á Læknavaktina á slysdegi hafi skoðun sýnt fram á eymsli aftan á hálsi vinstra megin og eymsli einnig upp hnakka. Þá komi fram í samskiptaseðli (komunótu) 30. apríl 2024 að M hafi verið stíður aftan á hálsi og með eymsli aftan á hálsi, hnakka og herðum frá slysdegi. Þá hafi M einnig kvartað um dofa í vinstri handlegg og niður í fingur. Hafi hann fengið óvinnufærnisvottorð og beiðni um sjúkraþjálfun. Auk þessa er bent á í málskotinu að í skýrslu sjúkraþjálfara, dags. 15. nóvember 2024, sé að finna ítarlega greiningu á einkennum og áverkum M sem séu þau sömu og lýst er í framangreindum samskiptaseðlum (komunótum).

Bifreiðin A var ábyrgðartryggð hjá V sem telur ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðaróhappinu. Í athugasemdum, dags. 11. desember 2024, tekur V fram að þó vissulega sé atburðurinn bótaskyldur í sjálfu sér telji V að það skorti á að M hafi tekist að sanna að orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra líkamlegra einkenna sem M tengir við það. Bendir V m.a. á að það liggi fyrir að um algeran örarekstur hafi verið að ræða. Hafi önnur bifreiðin verið kyrrstæð en hin á 3,8 km hraða á klukkustund. Þá hafi V aflað útreiknings á hraða ökutækisins og höggkrafti sem hafi verkað á bifreiðina við áreksturinn. V telur því með hliðsjón af ljósmyndum, lögregluskýrslu og framangreindum útreikningi að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir heilsutjóni. Telur V að einkenni þau sem M kvartar yfir séu í engu samræmi við fyrirliggjandi gögn í málinu. Þá bendir V á að fyrirliggjandi gögn um eðli og afleiðingar líkamlegra einkenna M séu mjög takmörkuð og nái einungis til einna eða tveggja læknisskoðana. Ekki liggi fyrir vottorð frá sérfræðingi eða annað það sem geti staðfest að líkur séu á því að hægt sé að rekja einkenni M til árekstursins. Þá liggi ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M, auk þess sem upplýsingar um fyrra heilsufar hans og tengsl við mat á núverandi ástandi liggi ekki fyrir. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Þá telur V að M hafi ekki tekist á grundvelli fyrirliggjandi gagna að sýna fram á að varanlegt líkamstjón hafi hlotist í árekstrinum. Auk þess liggi engin sjúkraskrá til grundvallar kröfu M heldur einungis læknisheimsóknir með fimm daga millibili þar sem M lýsti einkennum sínum.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 13. desember 2024, er þeirri fullyrðingu V mótmælt að ekki liggi fyrir önnur gögn en þau sem ná til einnar eða tveggja læknisheimsóknna. Í því sambandi bendir M á að bæði liggi fyrir í málinu ítarlega skýrsla sjúkraþjálfara auk þess sem lögð hafi verið fram gögn um fjórar komur M til læknis.

Álit.

Aðila greinir á um hvort það telist sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni 30. mars 2024, en samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hér sönnunarbyrðina. Þó svokölluð PC Crash skýrsla

Lýsi litlum áhrifum áreksturs verður ekki talið að það eitt og sér útiloki að líkamstjón geti hafa orðið enda verður við mat á því að líta heildstætt til allra gagna málsins, einkum læknisfræðilegra.

Fyrirliggjandi er samskiptaseðill frá Læknavaktinni, dags. 30. mars 2024, þar sem fram kemur að M leitaði til læknis þar þann dag. Undir liðnum saga-skoðun í samskiptaseðlinum er haft eftir M að hann hafi strax fundið til aftan á hálsinum og stífnað upp. Þá er höfuðverkur nefndur og einnig að M hafi fundið fyrir svima sem sé farinn. Til viðbótar er skráð að M hafi alltaf verið hraustur, enginn fyrri heilsuvandi. Að lokum segir eftirfarandi undir liðnum saga-skoðun: „Ber sig illa, hreyfingar mjög takmarkaðar, verst að líta niður, eymsli aftan á hálsi vi. megin og eymsli einnig upp í hnakka. Ráðl. hiti, kuldi og taka lyf. Horfur góðar um bata.“ Var M greindur með hálstögnun, S 13.4. Þá er skráð undir liðnum saga-skoðun í samskiptaseðli, dags. 3. apríl 2004, að M hafi lent í árekstri 30. mars 2024 og að frá þeim tíma hafi hann verið stírnur aftan á hálsi, með eymsli aftan á hálsi, hnakka og herðum. Þá kvarti M um dofa í vinstri handlegg niður fingur. Þá er þess getið að M hafi óskað eftir læknisvottorði til atvinnurekanda og læknirinn hafi ráðlagt bólgueyðandi lyf. Í fyrirliggjandi læknisvottorðum til atvinnurekanda vegna fjarvista, dags. 3. og 12. apríl 2024, er merkt við að M sé óvinnufær annars vegar 2. til 12. apríl og hins vegar 13. til 30. apríl vegna sjúkdóms, þ.e. ekki er merkt við vinnuslys eða annars konar slys. Undir liðnum saga-skoðun í samskiptaseðli, dags. þriðjudaginn 30. apríl 2024, kemur fram að M hafi komið á læknavakt og beðið um framlengingu á óvinnufærnivottorði. Haft er eftir M, sem hafi lent í bílslysi fyrir þremur og hálfri viku síðan, að síðan á slysdegi hafi hann fundið fyrir eymslum aftan á hálsi og herðum. Síðan tekur læknirinn fram að hann gefi honum þrjá daga í viðbót. Vætanlega er hér átt við að læknirinn sé tilbúinn til að meta M óvinnufærann í þrjá daga til viðbótar. Síðan ráðlagði læknirinn M að prófa að fara að vinna eftir helgina, þ.e. mánudaginn 6. maí 2024. Í skýrslu sjúkraþjálfara, dags. 15. nóvember 2024, segir m.a. eftirfarandi: „Following the accident, the patient reported the following symptoms:- Headaches: Persistent and varying in intensity.- Numbness: Affecting the small fingers on both hands.- Back Pain: Constant and located primarily in the mid and lower back.No imaging studies (MRI or X-rays) have been performed. The patient was issued a three-week sick leave due to the severity of symptoms.“ Frekari heilsufarslegar upplýsingar er ekki að finna í málinu.

Eins og að framan greinir eru fyrirliggjandi upplýsingar í málinu um heilsufar M fremur af skornum skammti og duga ekki að mati nefndarinnar til þess að það teljist sannað að rekja megi þau heilsufarslegu einkenni sem M kvartar yfir í dag til árekstursins. Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það því mat nefndarinnar M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl milli árekstursins 30. mars 2024 og þeirra einkenna. Hér ber M sönnunarbyrðina. Sú staðreynd að það liggja ekki fyrir í málinu neinar upplýsingar um fyrra heilsufar M hefur áhrif á framangreint mat nefndarinnar. M hefur ekki lagt fram nein þau gögn sem gætu sýnt fram á að einkenni þau sem um er deilt verði ekki að hluta eða fullu rakin til fyrri sjúkdóma eða slysa M. Framangreind niðurstaða leiðir til þess að M á ekki rétt á bótum vegna afleiðinga árekstursins 30. mars 2024.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Reykjavík, 21. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 460/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.****Gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

720. Málskot mótttekið 28. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
721. Bréf V dags. 19. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
722. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. janúar 2025.
723. Viðbótarathugasemdir V, dags. 28. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M eigi fasteign í Grindavík sem hýsti atvinnustarfsemi en vegna jarðhræringa hafi þeirri starfsemi verið hætt þann 11. nóvember 2023 í kjölfar ákvörðunar um að Grindavíkurbær yrði rýmdur. Þann 27. mars 2024 sprakk ofnalögn í lofti húseignar M vegna frosts sem olli skemmdum á húsnæðinu. Almannavarnir voru með lykla að húsnæðinu og var fulltrúi þeirra strax látinn vita. Í kjölfarið var skrúfað fyrir vatnið og vatnið ryksugað upp. Nokkrum dögum síðar, þann 6. apríl, fóru M aftur inn í húsnæðið til að kanna aðstæður og var þá aftur allt á floti. Samkvæmt upplýsingum sem M öfluðu hafði pípulagningarmaður á vegum Almannavarna farið inn í húsnæðið og skrúfað frá vatninu með fyrrgreindum afleiðingum.

M hafa krafist bóta úr fasteignatryggingu sinni vegna tjónsins en þeirri kröfu var hafnað af hálfu V með tölvupósti dags. 15. apríl 2024 á grundvelli þess að tjón vegna eldgoss falli ekki undir gildissvið váttryggingarinnar.

M hafna því alfarið að vatnstjónið hafi orsakast af eldgosi eða jarðskjálfta. Það liggi ekkert fyrir um það. Til þess að eldgos geti hafað valdið vatnstjóninu, hefðu afleiðingar af eldgosinu þurft að koma strax í kjölfarið. Þann 8. febrúar 2024 hafi orðið eldgos sem rauf heitavatnslögn til Grindavíkur og voru hús heitavatnslaus til 13. febrúar 2024. Vatnstjón vegna frostsprungu þann 27. mars 2024 er þannig ekki bein afleiðing af eldgosinu. Líklegt er að pípaparar hafi gert mistök þegar verið var að opna fyrir heitt vatn í húsnæðinu daginn áður, þ.e. 26. mars 2024 og svo aftur 3. apríl 2024. Eftir rof á heitavatnslögninni hafi verið búið að ná stjórn á aðstæðum og því hægt að fullyrða að ekki varð tjón af völdum eldgosa. Búið var að rjúfa orsakakeðju frá eldgosunum til mögulegs vatnstjóns. Málskotsaðili telur að þau eigi rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V og þurfi ekki að sækja tjón sitt til Almannavarna eða úr ábyrgðartryggingu pípulagningarmeistara.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að tjónið falli ekki undir gildissvið tryggingarinnar sbr. 1. gr. skilmála váttryggingarinnar. Tjónið geti ekki talist ófyrirsjáanlegur, skyndilegur og óvæntur leki þegar tjón er rakið til þess að opnað var fyrir heitt vatn í húseign þar sem búið var að loka fyrir heitt vatn vegna rofs á heitavatnslögn af völdum eldgoss. Af málskoti megi ráða að húsið hafi verið heitavatnslaut frá 8. febrúar til tjónsdags. Pípulagningarmeistarar sem opnuðu fyrir heita vatnið hefðu mátt vita að líklegt hafi verið í þeirri frosthörku sem var á þessum tíma að lagnir í húsinu hefðu frostsprungið. Enn fremur liggi fyrir að pípulagningarmeistarar opnuðu fyrir heitt vatn í húsinu í tvígang skv. málskoti M og að vatnstjónið í húsinu verði að mestu rakið til þess þegar opnað var fyrir heitt vatn í síðara skiptið. Það geti því hvorki talist ófyrirsjáanlegt né óvænt að vatnsleki komi fram í lögnum sem hafi frostsprungið í tengslum við aðgerðir vegna eldgoss. Af skýru orðalagi 1. másl. 28. gr. almennra skilmála V sé einnig ljóst að undanskilin eru öll tjón sem verða rakin til náttúruhamfara án tillits til orsaka þeirra. Að mati V séu skýr orsakatengsl milli eldgossins sem rauf heitavatnslögn bæjarins og þess vatnstjóns sem átti sér stað í fasteign M.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að ekkert hafi verið fyrirsjáanlegt við tjónið, hvorki frostið í lögnum, rofið í lögninni né lekinn sem fylgdi. Meginorsök tjónsins sé sú að ofnalögn rofnaði eftir mikið frost. Það hafi með engu móti verið hægt að sjá það fyrir. Hugsanleg ábyrgð pípulagningarmeistara og verktaka í fasteigninni hafi ekki áhrif á bótarétt M hjá V.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að vatnslekinn þurfi að uppfylla alla skilgreiningu á bótaskyldum atburði sem fram kemur í a-lið 1. gr. skilmála tryggingarinnar. Að mati V nægi að sjá fyrir að vatnstjón yrði ef vatni yrði hleypt á lagnirnar. Fyrir liggir að húsið hafði verið vatnslaut í talsverðan tíma og því verulegar líkur á að vatnsleiðslur í húsinu væru sprungnar, sem reyndist raunin. Þrátt fyrir þetta hafi vatni verið hleypt á húsnaðið án þess að ganga úr skugga um að lagnirnar væru í lagi. Bæði pípulagningarmeistarar og M máttu vita að mjög líklega væru lagnir frostsprungnar þegar vatni var fyrst hleypt á kerfið.

Álit.

Í 28. gr. almennra skilmála V þar sem fjallað er um takmarkanir á gildissviði segir: „Félagið bætir ekki tjón sem verður vegna eldgoss, jarðskjálfta, skriðufalls, snjóflóðs, vatns- eða sjávarflóðs og hvers kyns náttúruhamfara án tillits til orsaka þeirra. Þetta ákvæði á ekki við um líf- og sjúkdómatryggingar. Eignatjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Náttúruhamfaratryggingu Íslands skv. lögum nr. 55/1992 í samræmi við reglur stofnunarinnar.“ Ekki er um það deilt að heitavatnslaut var í Grindavík í kjölfar eldgoss sem hófst að morgni 8. febrúar 2024 þar sem hraun rauf heitavatnslögn inn til Grindavíkur. V hefur líkt og áður segir takmarkað ábyrgð sína á þann hátt að hún taki ekki til tjóns af völdum eldgoss. Til þess að V sé laust úr ábyrgð þarf eldgos að vera meginorsök vátryggingaratburðar. Að mati nefndarinnar telst tjón M ekki hafa orðið „vegna eldgoss“, heldur má rekja tjónið til þess að lagnir voru frostsprungnar þegar vatni var í tvígang hleypt á þær. Þar af leiðandi verður ekki talið að undanþága 28. gr. almennra skilmála gildi um tjón M.

Kemur þá til skoðunar hvort tjónið falli undir a-lið 1. gr. skilmála fasteignatryggingar V, þar sem kveðið er á um að vátryggingin greiði bætur vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar.

Af gögnum málsins er ljóst að tjónið átti upptök sín innan veggja hússins og að vatnslekinn var skyndilegur. Ágreiningur lýtur því að því hvort lekinn teljist ófyrirsjáanlegur í skilningi skilmálaákvæðisins. Að mati nefndarinnar verður að telja að atburðarrásin hafi ekki gefið til kynna að tjónið hafi verið fyrirsjáanlegt fyrir M, enda virðist það hafa stafað af aðgerðum þriðja aðila sem M höfðu enga stjórn á. Jafnframt liggur ekki fyrir að þeir sem hleyptu vatni á fasteignina hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða mátt sjá tjónið fyrir. Hvorki hefur verið sýnt fram á að það hafi verið fyrirsjáanlegt að lagnir væru frostsprungnar þegar vatninu var hleypt á þann 26. mars 2024, né að sá sem hleypti vatni aftur á eignina þann 3. apríl 2024 hafi vitað um fyrra atvikið og mögulegar afleiðingar þess.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður að telja að öll skilyrði 1. gr. skilmálans fyrir bótaskyldu séu uppfyllt. Nefndin telur því að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 462/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging****Gildissvið váttryggingaskilmála. Forföll.****Gögn.**

- Málskot móttakið 2. desember 2024, ásamt fylgiskjali.
- Bréf V dags. 20. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi ásamt eiginkonu sinni pantað ferð til Möltu sem hefjast átti hinn 18. maí 2024. Var ferðin keypt í ágúst 2023 en þá glímdi eiginkona M við alvarleg veikindi. Gekkst eiginkona M undir tvær kviðarholsaðgerðir í maí 2023 og gengu þær báðar að óskum. Töldu þau að hún yrði orðin góð þegar ferðin ætti sér stað. Fékk hún hins vegar alvarleg legusár sem greru í upphafi ársins 2024. Það hafi verið óvænt að eiginkona M hafi þurft að fara í aðgerð vegna kviðslits þann 17. maí 2024, daginn fyrir ferðina til Möltu. Hefur M gert kröfu um bætur úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V þar sem þau komust ekki í ferðina til Möltu. Af hálfu V var bótaskylda hafnað þar sem núverandi veikindi voru talin tengjast fyrri veikindum og vísað var til fyrirliggjandi læknisvottorðs því til stuðnings. M telur að kviðslitið séu önnur veikindi en þau sem upphaflega áttu sér stað í maí 2023 enda voru þau yfirstaðin þegar ferðin átti að eiga sér stað.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar vegna ferðarinnar á grundvelli ákvæðis 7.2.1 í skilmálum váttryggingarinnar. Fram komi í ítarlegu læknisvottorði að veikindin séu í tengslum við fyrri veikindi og að viðkomandi hafi verið í meðferð í tengslum við veikindin, sem hófust árið 2023, sl. tólf mánuði.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að eiginkona hans hafi verið búin að jafna sig þokkalega eftir aðgerðirnar þegar ferðin var pöntuð í ágúst 2023. Á þessum tíma hafi þau engan veginn getað séð fyrir að hún fengi kviðslitið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Möltu hinn 18. maí 2024 sem M og eiginkona hans komust ekki í vegna kviðslits eiginkonu M.

Samkvæmt ákvæði 7.2.1 í váttryggingaskilmálum þeim sem hér um ræðir bætir V ekki kröfug vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 28. júní 2024, tengist kviðslitið fyrri veikindum eiginkonu M sem upp komu í maí 2023. Staðfestingargjald vegna ferðarinnar var greitt í ágúst 2023, þremur mánuðum eftir að veikindin komu upp og hún naut læknishjálpar og meðferðar við. Hefur M ekki lagt fram nein ný gögn sem hnekkja fyrirliggjandi læknisvottorði. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 463/2024

Nafn málskotsaðila

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið váttryggingar. Sönnun.

Gögn.

18. Málskot mótttekið 5. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
19. Bréf V dags. 16. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
20. Viðbótarathugasemdir M, dags. 13. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M flaug ásamt eiginmanni sínum til Kanaríeyja þann 11. október 2024 og hugðust þau dvelja þar til 10. desember 2024. Lentu þau bæði í því að veikjast og leituðu til læknis 5. nóvember 2024. Fengu þau greiningu á slæmri berkjubólgu og fengu lyf og sprautur á hverjum degi næstu sex daga, eða til 10. nóvember 2024. Voru þau þá enn rúmliggjandi og var M auk þess slæm í maganum og hóstinn enn slæmur. Mælti læknirinn með því að þau hjónin færu heim og fengju viðeigandi lækniþjónustu þar. Hinn kosturinn væri að leggja M inn á spítala á Kanarí. Ákváðu M og eiginmaður hennar að fara að ráðum læknisins og fengu aðstoð við að breyta flugmiðum og fengu flug heim 19. nóvember. Kostaði sú breyting kr. 86.600. Auk þess höfðu þau greitt húsaleigu til 10. desember og óskuðu eftir endurgreiðslu vegna þeirra daga sem ekki voru nýttir, EUR 636,36. Gerir M kröfu um endurgreiðslu á framangreindum kostnaði vegna breytinga á flugi og húsaleigu sem ekki var nýtt. Auk þessa finnst M ósanngjarnt að V dró 50.000 kr. sjálfsábyrgð af bótum vegna læknis- og lyfjakostnaðar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki sé ágreiningur um veikindin sem slík enda hafi V bætt allan erlendan sjúkra- og lyfjakostnað úr greiðslukortatryggingu. Hver váttryggður í tryggingunni sé tryggður fyrir 16.000.000 kr. og eigin áhættan sé kr. 25.000 á hvern váttryggðan. Í þessu máli séu tveir váttryggðir sem fá bætur fyrir veikindi sín og því hafi verið dregin frá 25.000 kr. eigin áhætta fyrir hvorn váttryggðan. Breyting á flugmiðum hafi ekki verið gerð í samráði við SOS International líkt og skilmálar váttryggingarinnar kveða á um sbr. ákvæði 4.3.2. Það komi skýrt fram í skilmálum váttryggingarinnar og í ferðastaðfestingu sem M fékk hjá V. Hvað endurgreiðslu ferðakostnaðar varði komi fram í grein 4.6.1. í skilmála váttryggingarinnar að rjúfa þurfi ferð samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki V og SOS International. Liggi því skýrt fyrir að M og maki hennar uppfylli ekki skilyrði fyrir hlutfallslegri endurgreiðslu ferðar.

Í viðbótarathugasemdum sínum kveðst M ekki hafa vitað að þau þyrftu að leita aðstoðar SOS, sérstaklega þar sem þau voru ekki lögð inn á spítala.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort M eigi rétt á endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna breytinga á flugi frá Kanaríeyjum til Íslands og svo einnig vegna ónýttts gistikostnaðar á Kanaríeyjum. Hvað varðar endurgreiðslu á kostnaði vegna breytinga á heimflugi, þá segir í grein 4.3.2 í skilmálum greiðslukortatryggingar GT82 að félagið bæti „*nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL.*“ Hvað varðar kröfu til bóta vegna endurgreiðslu á húsaleigu þá segir í grein 4.6.1: „*Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 360.000 af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.*“ Orðalag ákvæðanna er skýrt varðandi hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt svo réttur til bóta stofnist. Gegn synjun V, verður ekki annað ráðið en að M hafi hvorki haft samband við V né SOS International áður en ferðin var rofin og þau héldu heim til Íslands fyrr en áætlað var, eins og áskilið er í fyrrnefndum ákvæðum váttryggingarskilmála V. Hefur því ekki stofnast frekari greiðsluskylda úr greiðslukortatryggingu M hjá V.

Hvað eigin áhættu M varðar þá kemur fram í grein 4.3.4 í skilmálum váttryggingarinnar að váttryggður beri alltaf sjálfsábyrgð kr. 25.000. Tekur nefndin ekki afstöðu til þess hvort sú fjárhæð sé sanngjörn eða ekki en ljóst er þó að frádráttur V á eigin áhættu kr. 25.000 fyrir hvort þeirra hjóna var í samræmi við skilmála váttryggingarinnar. Þess ber þó að geta að með afstöðubréfi V fylgdi rangur skilmáli, skilmáli GT87, í stað GT82. Minnir nefndin V á nauðsyn þess að rétt gögn fylgi með til nefndarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 4. mars 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða

Mál nr. 465/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

19. Málskot móttakið 4. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
20. Bréf V, dags. 8. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
21. Viðbótarathugasemdir M, ódags.
22. Viðbótarathugasemdir V, dags. 17. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málgögnum er málavöxtum lýst með þeim hætti að 23. ágúst 2023 hafi orðið tjón á neðstu hæð fasteignar M í bæjarfélaginu A, þegar vatn flæddi upp um gólfplötu í kjallarárymi fasteignarinnar. Mikið rigndi þennan dag og hafði fráveitukerfi bæjarins ekki undan og í ljós kom bilun í dælustöð kerfisins. Mikið vatnsmagn safnaðist upp og flæddi inn í fjölda húsa á svæðinu. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr fasteignatryggingu sinni hjá V, nánar tiltekið gerir M kröfu um bætur úr 4. gr. 2. kafla skilmálans þar sem fram kemur að tryggingin bæti tjón á hinu tryggða af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá.

V telur bótarétt ekki fyrir hendi úr fasteignatryggingu M. Þrátt fyrir að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu þegar tjónsatburður átti sér stað verði ekki séð að aðstæður hafi verið með þeim hætti að vatnsmagn hafi orðið svo mikið að frárennslisleiðslur hefðu ekki átt flytja það frá, ef ekki hefði komið til bilun í fráveitukerfi og dælubúnaði sveitarfélagsins. Á grundvelli þess falli tjónið ekki undir bótasvið tryggingarinnar. Gildissvið skýfalls- og asahlákutryggingarinnar takmarkist með undanþáguákvæðum í 5. gr. skilmálans þar sem m.a. eru undanskilin tjón sem stafa af utanaðkomandi vatni. Að sögn M hafi rigningaratn flætt inn í kjallarárymið upp um gólfplötu og valdið þar tjóni. Miðað við aðstæður hafi ekkert haldbært komið fram sem gefi tilefni til að ætla að það hafi verið annað en jarðvegsvatn sem flæddi inn í íbúðina. Sú staðhæfing M að botnplata hafi sprungið vegna vatnsþrýstings telst ósönnuð enda hafi verktaki á vegum V ekki getað staðfest það.

Í viðbótarathugasemdum sínum mótmælir M því sem fram kom í greinargerð V. Húsið hafi verið í fullnægjandi ástandi og unnið hafi verið að því að gera það upp frá maí 2020. Fyrir það hafi gólfplata verið steypt með gólfhita af fyrri eiganda. Leikið hafi inn um niðurfallsstút á neðstu hæðinni auk þess sem það lak upp í gegnum gólfplötuna.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að það séu nýjar upplýsingar að leikið hafi inn í gegnum niðurfallsstút í gólf. Þær upplýsingar hafi ekki legið fyrir fyrir. Slík tjón falli ekki undir váttrygginguna sbr. b-lið 5. gr. skilmála váttryggingarinnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort vatnstjón sem varð á fasteign í eigu M, falli undir gildissvið váttryggingarskilmála fasteignatryggingar hjá V. Í skilmálum fasteignatryggingarinnar er kveðið á um bótasvið hennar. Í 4. gr. skilmálans segir: „Tryggingin bæti tjón á hinu tryggða af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.“ Í gögnum málsins er að finna ódagsetta staðfestingu frá sveitarfélaginu A þar sem fram kemur að flætt hafi inn í a.m.k. 25 fasteignir þennan umrædda dag. Vegna veðurspár hafi staða fráveitubrunna verið könnuð kl. 22.00 kvöldið áður og svo aftur kl. 5.00 um morguninn. Þá kom í ljós að fráveitukerfið var fullt og dæla óvirk. Kallaður var þegar til mannskapur og verktakar til að bregðast við því ástandi sem var að skapast. Liggur þannig fyrir að almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum skyndilegs úrhellis umrætt sinn en ekki af völdum hefðbundins jarðvegsvatns.

Kemur þá til skoðunar hvort vatnsmagn hafi orðið svo mikið að frárennslisleiðslur hafi ekki náð að flytja það frá umrætt sinn. Staðfesting liggur fyrir um að dælibúnaður sveitarfélagsins hafi bilað og það hafi valdið því að fráveitukerfið fylltist og vatnsmagn, allt að 60 cm, myndaðist á svæðinu. Í 5. gr. skilmálans er að finna þrjár undanþágur frá bótaskyldu. Þar er ekki sérstaklega undanskilið ef orsök þess að frárennslisleiðslur nái ekki að flytja vatnið frá, sé bilun í dælubúnaði. Verður V að bera hallann af því að hafa ekki sérstaklega undanskilið slík tjón í skilmála váttryggingarinnar.

Að lokum hefur V í viðbótarathugasemdum sínum vísað til þess að M hafi í sínum viðbótarathugasemdum upplýst um að vatn hafi lekið inn um niðurfallsstút á neðstu hæðinni. Vísar V til undanþágu í b-lið 5. gr. skilmálans þar sem fram kemur að tryggingin bæti ekki tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skólþ- eða frárennslisleiðslum. Samkvæmt M flæddi vatn bæði upp í gegnum gólfplötuna og inn um niðurfallsstút á hæðinni. Samkvæmt fyrirbyggjandi skoðunarskýrslu verktaka á vegum V er orsök tjóns sögð leki á vatni í gegnum gólfplötu. Með hliðsjón af þessu er það álit nefndarinnar að fyrrgreind undanþága b-liðar 5. gr. skilmálans eigi ekki við. Horfa verður til þess að aðstæður voru í alla staði mjög sérstakar í bæjarfélaginu þennan dag og eðlilegt að vatnið leiti sér allra leiða til þess að komast inn í hús við þessar aðstæður og ekki er unnt að greina á milli tjóns af völdum vatns sem kom inn í gegnum gólfplötuna eða vatns sem komst inn í gegnum aðrar leiðir.

Að öllu athuguðu hefur M sýnt fram á að tjónið sé að rekja til tjónsorsaka sem falla undir bótasvið fasteignatryggingarinnar og því séu skilyrði bótaskyldu úr váttryggingunni fyrir hendi. M á því rétt á bótum úr váttryggingunni vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 4. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 468/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang framtíðarfjártjóns. Varanleg örorka.

Gögn.

724. Málskot mótttekið 9. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
725. Athugasemdir V, dags 7. janúar 2025.
726. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í umferðarslysi 20. nóvember 2022 er hún var farþegi í bifreiðinni A. Um hafi verið að ræða bílveltu. Í málinu liggja fyrir matsgerð, dags. 12. september 2024, vegna afleiðinga slyssins. Þar hafi m.a. varanleg örorka M verið metin 15%. Síðan er í málskotinu gerð grein fyrir því að M hafi ennþá verið á vinnumarkaði er hún slasaðist þrátt fyrir að vera þá 72 ára gömul. Nánar tiltekið hafi hún verið í 15% starfshlutfalli og fengið fyrir það greitt umsamin laun. Þegar matgerðin lá fyrir var V send bótakrafa, dags. 23. september 2024. Þar var V m.a. krafist um kr. 1.130.834 í bætur vegna metinnar 15% örorku M. Hvað árslaunaviðmiðun skv. 7. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 varðar þá var miðað við 7.442.147 með vísan í 2. mgr. 7. gr. framangreindra laga. Rök M voru m.a. eftirfarandi: „Umbjóðandi minn var í 15% starfshlutfalli fyrir slysið en eftir slys þurfti hún alfarið að hætta störfum, er því í raun um 100% skerðingu á starfsorku að ræða. Í ofangreindri matsgerð var hún metin með 15% örorku eða sem nam stafshlutfalli hennar. Umbjóðandi minn telur að ef miða á við laun hennar sl. 3 ár fyrir slys skv. 1. mgr. 7. gr. og þannig miða við laun vegna 15% starfshlutfalls, sé verið að skerða bætur hennar tvisvar. Fallist félagið ekki á að uppreikna tekjur líti umbjóðandi minn svo á að félagið telji í raun að örorka sé 100% og áskilur sér allan rétt til endurmats.“

Í málskoti er það upplýst að V hafi svarað bótakröfunni með bréfi, dags. 30. september 2024, en það bréf liggur ekki fyrir í gögnum málsins. Hafi V hafnað því að miða útreikning bóta við þau árslaun sem kröfugerðin byggði á. Þess í stað taldi V rétt að byggja útreikning á bótum fyrir varanlega örorku M á skattskyldum tekjum síðustu þriggja almanaksára fyrir slys. Taldi V að M ætti því rétt á kr. 253.908 í bætur fyrir metna 15% varanlega örorku. Voru þær bætur greiddar skv. „fullnaðaruppgjöri“, dags. 7. október 2024. Tekið var við þeim bótum fyrir hönd M með nánar tilgreinum fyrirvara.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 7. janúar 2025, er að finna frekari rök fyrir þeirri útreikningsaðferð sem V telur rétta samkvæmt skaðabótalögum við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku M. Hnykkir V m.a. á þeirri skoðun sinni að ekki séu forendur til þess að áætla árslaun M á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. V hafni því þeirri fullyrðingu M að hún hafi ekki fengið tjón sitt að fullu bætt með greiðslu á kr. 253.908. Að lokum bendir V m.a. á eftirfarandi: „Eins og réttilega er tekið fram í málskoti þá er markmið skaðabótalaga að bæta á sem nákvæmastan hátt framtíðatjón tónþola vegna afleiðinga líkamstjóns. Að mati [V] er augljóst með hliðsjón af því að málskotsaðili fær tekjur í formi ellilífeyris, sem skerðist ekki vegna afleiðinga slyssins, að nálgun málskotsaðila felur ekki í sér að verið sé að áætla með nákvæmum hætti framtíðartjón hennar. Slík nálgun myndi leiða til þess að tjónið yrði ofbætt miðað við þær forsendur sem fyrir liggja í málinu.“

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 14. febrúar 2025, er því m.a. mótmælt að ekki séu forsendur til að ákvarða árslaun M á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Þá eru færð frekari rök gegn málalítilbúnaði V. Að lokum er hnykkir á því að M sé aðeins að fara fram á að fá það tjón bætt sem hún varð sannarlega fyrir í slysinu. Er í því sambandi sérstaklega á það bent að M hafi vegna afleiðinga slyssins tapað allri þeirri vinnugetu sem hún hafði. Tjón hennar nemi því allri þeirri vinnugetu sem

hún hafði fyrir slysið en ekki 15% af henni. Þá er hnykkt á því að M hafi sannarlega verið í 15% stöðuhlutfalli á vinnumarkaði þrátt fyrir aldur sinn.

Álit.

Í málinu er ekki ágreiningur um að M á rétt á að fá bætt það tjón sem hún varð fyrir af völdum slyssins 20. nóvember 2022. Ágreiningurinn snýr því eingöngu að umfangi tjóns vegna varanlegrar örorku M.

Í 1. mgr. 6 gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 kemur fram að reikna skal bótafjárhæð fyrir varanlega örorku með því að margfalda saman örorkustig tjónþola skv. 5. gr., árslaun hans skv. 7. gr. og margfeldisstuðul skv. 2. mgr. 6. gr. Niðurstaða þess útreiknings á að mæta með réttum hætti brúttó heildarfram tíðarfjártjón viðkomandi tjónþola.

Ekki virðist ágreiningur milli aðila um að á slysdegi var M í 15% starfshlutfalli og fékk fyrir það nánar tilgreind laun sem koma fram í gögnum málsins. Þá bendir nefndin á að þrátt fyrir að niðurstaðan í fyrirbyggjandi matsgerð hafi verið sú að M hafi orðið fyrir 15% varanlegri örorku vegna afleiðinga slyssins, virðast matsmenn þó miða við það að hún hafi í raun tapað allri getu sinni til að sinna launuðum störfum. Gildi það bæði um þau störf sem hún sinnti fyrir slysið og möguleika hennar til að hefja önnur störf. Þannig segir m.a. eftirfarandi í umfjöllun matsmanna um mat á varanlegri örorku á bls. 13 í matsgerðinni: „Samanburður tekna leiðir í ljós tekjufall frá árinu 2023 enda þurfti [M], sem fyrr greinir, að hætta áður nefndum störfum strax eftir slysið. Að áliti matsmanna verða þessar breytingar augljóslega raktar til afleiðinga slyssins og í ljósi aldurs er útilokað að [M] muni finna annað starf við hæfi.“ Nefndin fær því ekki betur séð en að þrátt fyrir að niðurstaðan hafi verið 15% örorka, sem samsvarar í raun öllu starfshlutfalli M, hafi nefndarmenn verið á þeirri skoðun að M hafi tapað allri getu sinni til þess að sinna launaðri vinnu vegna afleiðinga slyssins. Í raun nemur því framtíðar fjárhagslegt tap M allri getu hennar til að afla tekna á slysdegi.

Í gögnum málsins kemur fram að launatekjur M síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið, þ.e. 2019-2021, voru, kr. 723.555, kr. 794.235 og kr. 842.166. Ekki kemur fram í málinu að ágreiningur sé um það að framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð fyrir M hafi verið 11,5%. Að teknu tilliti þess framlags eru því meðalárslaun árána 2019-2021 uppreiknuð miðað við breytingu á launavísitölu að stöðugleikatímamarki, sem var metinn 20. maí 2023, kr. 1.116.322. Að mati nefndarinnar gat M því að hámarki tapað 1.116.322 kr. á ári vegna afleiðinga slyssins. Það er jafnframt mat nefndarinnar, með vísan í framangreinda umfjöllun um röksemdafærslu í matsgerðinni, að sú hafi verið raunin. Þar sem M tapaði allri getu til að afla launatekna vegna afleiðinga slyssins 20. nóvember 2022, nemur því framtíðarfjártjón hennar framangreindum árslaunum (þ.e. örorkan er 100% miðað við þau árslaun) margfölduðum með margfeldisstuðli hennar skv. 6. gr. skaðabótalaga útreiknuðum miðað við aldur hennar á stöðugleikatímamarki. Ekki er ágreiningur í málinu um að sá stuðull er réttilega reiknaður í kröfubréfinu, dags. 23. september 2024. Það er því mat nefndarinnar að gögn málsins sýni fram á að heildarframtíðarfjártjón M vegna varanlegrar örorku af völdum bílslyssins nemi kr. 1.130.834. Telur nefndin að M eigi rétt á að fá það tjón bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Í þessu sambandi áréttar nefndin að tilgangurinn með útreikningsaðferð skaðabótalaga er að reikna til eingreiðslu með sem nákvæmustum hætti framtíðarfjártjón viðkomandi tjónþola. Telur nefndin að útreikningar V á umfangi tjóns M, þ.e. kr. 253.908, nái ekki framangreindum markmiðum skaðabótalaga. Nefndin telur því að þegar svo háttar til sem gerir í máli M, þ.e. um sé að ræða einstakling sem heldur áfram í hlutastarfi með lágar árstekjur þátt fyrir að vera að öðru leyti komin á eftirlaun vegna aldurs, séu ekki forsendur til að beita útreikningsaðferð 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga þröngt án þess að horfa jafnframt til þess hvort sú aðferð sé líkleg til þess að mæla raunverulegt framtíðarfjártjón með réttum hætti.

Nefndin bendir einnig á í þessu sambandi að sú staðreynd að M hafði sannarlega lægri árslaun fyrir slysið en sem nemur lánmarksárslaunum samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga veldur því að tilvik M fellur illa að hefðbundinni útreikningsaðferð þeirra laga. Þó markmiðið með útreikningsaðferð 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga sé að finna raunverulegt brúttó framtíðarfjártjón tjónþola hverju sinni, gera löggin ráð fyrir því að aldrei verði lögð lægri árslaun en lánmarkslaun laganna skv. 3. mgr. 7. gr. til grundvallar útreikningi. Þannig blasir við að þegar notuð eru árslaunin 1.671.000, eins og V gerði, við útreikning á tjóni einstaklings sem hefur ekki nema að hámarki rúmlega 1 milljón kr. í laun á ári, og

getur því eðli málsins samkvæmt ekki tapað meiru en þeirri fjárhæð á hverju ári, þá skekkir það útreikning. Að mati nefndarinnar verður niðurstaðan úr slíkum útreikningi í raun röng hvort heldur sem notast er við 15% mat M eða við það miðað að örorka hennar sé 100%. Svo lengi sem árslaunaviðmiðið er rangt verður útkoman einnig röng í þessum tveimur tilvikum. Þannig liggur fyrir að mati nefndarinnar að lágmarksárslaunaviðmið skaðabótaglaga er fyrst og fremst hugsað út frá námsmönnum þar sem námslok eru ekki fyrirséð eða heimavinnandi einstaklingum, en síður út frá þeim sem eru á vinnumarkaði en með lægri árslaun en sem nemur lágmarksárslaunum laganna, eftir atvikum vegna takmarkaðar vinnugetu. Þegar þetta er haft í huga virðist nefndinni ljóst að sú útreikningsaðferð sem lögmaður M beitti, og nefndin hefur í raun tekið undir hér að framan, sé mun nær því að reikna tjónið með réttum hætti en gildir um framangreinda aðferð laganna, sem V beitti. Eins og nefnt hefur verið komust matsmenn að þeirri niðurstöðu að við slysið hafi M í raun tapað allri getu sinni til að sinna launaðri vinnu. Þó þeir hafi þrátt fyrir þetta metið örorku M 15% telur nefndin að í raun hafi þeir verið að segja að M hafi tapað allri getu til að afla tekna sem þeir töldu hana hafa haft fyrir slysið. Væntanlega byggðu þeir 15% mat sitt á því að M hafi verið í 15% starfshlutfalli fyrir slysdag. Þetta þýðir með öðrum orðum að ef leggja á 15% örorkumat til grundvallar útreikningi á fjártjóni vegna varanlegrar örorku M, en ekki 100% þ.e. alla þá vinnugetu sem M hafði fyrir slysið, er eðlilegt að uppreikna framangreind árslaun kr. 1.116.834, miðað við 100% starf á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laganna. Önnur niðurstaða yrði að mati nefndarinnar til þess að útreikningur á heildarfjártjóni M yrði rangur. Ef þessi útreikningur er lagður til grundvallar myndu árslaun M skv. 2. mgr. 7. gr. vera kr. 7.442.147. Ef þau laun eru margföldum saman með margfeldisstuðli fyrir M og 15% örorku yrði niðurstaðan sú sama og að framan greinir, þ.e. kr. 1.130.834. Er þar um að ræða sömu fjárhæð og M krefst að fá í bætur. Niðurstaðan verður því sú að nefndin telur að M eigi rétt á kr. 1.130.834 í bætur fyrir varanlega örorku af völdum slyssins 20. nóvember 2022. Nefndin fellst því á kröfugerð M í málinu.

Niðurstaða.

M á rétt á kr. 1.130.834 í bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna varanlegrar örorku af völdum slyssins 20. nóvember 2022.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 471/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)****Líkamstjón. Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

727. Málskot mótttekið 28. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
728. Athugasemdir V, dags 13. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.
729. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
730. Viðbótarathugasemdir V, dags. 7. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 1. nóvember 2022 var bifreiðinni A ekið inn í hlið bifreiðarinnar B, sem M ók. Ekki er ágreiningur um að A hafi átt sök á árekstrinum. Í málskotinu er byggt á því að við áreksturinn hafi M orðið fyrir líkamstjóni og því til staðfestingar er m.a. vísað til þess að M hafi á slysdegi leitað til læknis vegna verkja í hálsi og hnakka. Hún hafi svo aftur leitað til læknis 8. nóvember 2022 og síðan byrjað í meðferð hjá sjúkraþjálfara 9. mars 2023 vegna einkenna frá hálsi og hnakka vegna umferðarslyssins. Í málinu liggur fyrir bréf frá sjúkraþjálfara þar sem fram kemur að M kom 21 sinni í meðferð hjá honum á tímabilinu 9. mars 2023 til 6. febrúar 2024. M hafi svo aftur óskað eftir beiðni um sjúkraþjálfun 27. mars 2024, m.a. vegna einkenna sem rakin verði til umferðarslyssins. Í niðurlagi málskotsins kemur fram að M telur ljóst að slysið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A og það sé undir óvilhöllum matsmönnum komið að meta orsakatengsl milli þess og einkenna hennar. M fer því fram á að nefndin úrskurði á þá leið að V beri fulla bótaábyrgð vegna framangreinds slyss.

Með tölvubréfi, dags. 30. janúar 2024, hafnaði V bótaskyldu í málinu með þeim rökum að félagið telji ósannað að orsakatengsl séu á milli bílslyssins og þeirra líkamlegu einkenna sem M tengir við það. Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 13. desember 2024, kemur fram að V fallist á að um bótaskyldan atburð sé að ræða en að M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl milli árekstursins og þess líkamstjóns sem M tengir við hann. Af þeim sökum segist V hafa hafnað frekari aðkomu að gagnaöflun. Hvað varðar ágreining um orsakatengsl þá bendir V á að M hafi leitað til læknis tvisvar sinnum á fyrstu viku eftir slysið, þ.e. 1. og 8. nóvember 2022. Síðan þá hafi M leitað margoft til lækna vegna ýmissa kvilla án þess að geta um umrætt slys fyrr en í apríl 2024. Telur V að ef M hefði átt við einhver einkenni að stríða af völdum árekstursins 2022 verði að gera ráð fyrir því að hún hefði nefnt þau við lækni á þessu einu og hálfu ári sem leið á milli þessara tímasetninga. Í framangreindu tölvubréfi vísar V einnig í Hrd. í máli nr. 2/2013 máli sínu til stuðnings. Þá bendir V jafnframt á að greint sé frá ýmsum einkennum M í fyrirbyggjandi bréfi frá sjúkraþjálfara. V færir fyrir því rök að ekkert í því bréfi sé til þess fallið að breyta því að orsakatengslin séu ósönnuð. Að lokum bendir V á að þau gögn sem lögð hafa verið fram um einkenni M séu mjög takmörkuð og ekki liggi fyrir vottorð frá sérfræðingi eða annað það sem staðfest geti að líkur séu á að hægt sé að rekja núverandi einkenni M til árekstursins. Bendir V á að það standi upp á M að sanna að orsakatengsl séu á milli einkenna M í dag og árekstursins. Telur V að M hafi ekki tekist sú sönnun.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M er að finna mótrök gegn málatilbúnaði V. Þar er því m.a. mótmælt að framangreindur dómur Hæstaréttar geti talist fordæmisgefandi fyrir mál M. Auk þess áréttar M að vissulega hafi V hafnað bótaskyldu í málinu með tölvubréfi dags. 30. janúar 2024.

Álit.

V hefur fallist á að ef það telst sannað að M hafi orðið fyrir tjóni af völdum slyssins 1. nóvember 2022, þá eigi hún rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A. V telur hins vegar að M hafi ekki tekist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins. Samkvæmt almennum

sönnunarreglum ber M hér sönnunarbyrðina, þ.e. bótaréttur M byggir á því að henni takist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Fyrirliggjandi er samskiptaseðill frá Læknavaktinni, dags. 1. nóvember 2022, þar sem fram kemur að M leitaði til læknis þar þann dag. Undir liðnum saga-skoðun í samskiptaseðlinum er haft eftir M að hún hafi fengið slink á hálsinn við áreksturinn og sé núna að stífna upp í hálsi og hnakka með leiðni niður í bak. Jafnframt kemur fram að engin einkenni séu í höndum en aumur blettur sé á hnéskel, og líklega komi marblettur. Skoðun sýndi stífleika við hliðarhreyfingar um háls og eymsli yfir hnakkavöðvafestum og m. trapezius. Greiningin var tognun/ofáreynsla á háls hrygg, S13.4. Í málinu liggur fyrir sjúkraskrá M frá heilsugæslu fyrir tímabilið 8. nóvember 2017 til 10. apríl 2024. Þar kemur m.a. fram að M kom til læknis 8. nóvember 2022. Vegna þeirrar komu er m.a. að finna eftirtaldir greiningar: „Tognun/ofáreynsla á háls hrygg, S 13.4, Ný episóða – Nei, Vöðvabólga, M79.1, Ný episóða – Nei, “ Einnig liggur fyrir bréf sjúkrajálfara, dags. 18. mars 2024. Þar kemur m.a. fram að við umferðarslysið hafi fyrri stoðkerfiseinkenni M versnað. Hafi M farið á læknavaktina eftir slysið með kjálkavandamál, nokkuð sem ekki er í samræmi við framangreinda greiningu, og vegna einkenna í háls hrygg. Síðan kemur fram að í dag hafi M lagast töluvert í háls hrygg. Í tengslum við framtíðarhorfur M telur sjúkrajálfarinn að það séu vísbendingar um að umferðarslysið hafi ýft upp fyrri einkenni í stoðkerfinu. Þau einkenni hafi verið að lagast hægt og rólega og það séu mestar líkur á því að M nái fyrra horfi. Frekari heilsufarslegar upplýsingar er ekki að finna í málinu.

Eins og að framan greinir eru fyrirliggjandi upplýsingar um heilsufar M fremur af skornum skammti og duga ekki að mati nefndarinnar til þess að það teljist sannað að rekja megi þau heilsufarslegu einkenni sem M kvartar yfir í dag til árekstursins. Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það því mat nefndarinnar M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl milli árekstursins 1. nóvember 2022 og þeirra einkenna. Hér ber M sönnunarbyrðina. Sú staðreynd að það liggja aðeins fyrir í málinu takmarkaðar upplýsingar um fyrra heilsufar M, auk þess sem þau heilsufarslegu gögn sem þó liggja fyrir benda til þess að M hafi átt við svipuð stoðkerfisvandamál að stríða fyrir bílslysið, hefur áhrif á framangreint mat nefndarinnar. M hefur því ekki lagt fram nein þau gögn sem gætu sýnt fram á að einkenni þau sem um er deilt verði ekki að hluta eða fullu rakin til fyrri sjúkdóma eða slysa M. V hefur staðfest að M eigi rétt á að fá sannað tjón sitt af völdum árekstursins bætt. Framangreind niðurstaða leiðir hins vegar til þess að nefndin telur að M hafi ekki tekist að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Reykjavík, 4. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 472/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sakarskipting. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

731. Málskot móttakið 11. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.
732. Bréf V, dags. 10. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, dags. 12. desember 2023, kemur fram að 4. desember 2023 hafi lögreglunni verið tilkynnt um bílveltu flutningabifreiðarinnar A. Á vettvangi kom lögreglan að bifreið sem hafði oltið á hægri hliðina. Í skýrslunni haft eftir M, sem var ökumaður bifreiðarinnar, að í umrætt sinn hafi hann verið að aka áleiðis í endurvinnslustöð. Kvaðst hann hafði verið að teygja sig eftir einhverskonar „bluetooth“ tæki sem hafi dottið á gólfíð hjá honum í bifreiðinni. Við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún valt á hliðina. Slysið átti sér stað í dagsbirtu á þurrum og malbikuðum vegarkafla. Þá var umferð lítil. Kemur fram að leyfður hámarks hraði á slysstað hafi verið 90 km á klst. Einnig virðist haft eftir M að hann hafi ekið á 40 km hraða í umrætt sinn. M blés í áfengismæli á staðnum. Niðurstaðan sýndi að hann var ekki undir áhrifum. M var fluttur með sjúkrabíl af vettvangi. Ekki kemur fram í gögnum máls að deilt sé um það milli aðila hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni við umferðaróhappið.

Með bréfi frá V, dags. 21. desember 2023, tilkynnti félagið M, með vísan í 94. gr. laga nr. 30/2004 (vsl.) um vátryggingarsamninga, að V hyggist bera fyrir sig rétt til að takmarka ábyrgð sína vegna slyssins um 1/3 hluta. Rök V voru þau, með vísan í framangreinda umfjöllun í lögregluskýrslu, að tjónið verði rakið til stórfellds gáleysis M, sbr. 90. gr. framangreindra laga, og skilmála þeirra sem giltu um slysátryggingu M.

Í málskoti er þessari ákvörðun V mótmælt enda verði tjónið ekki rakið til stórfellds gáleysis M. V hafi því ekki verið heimilt að skerða bótarétt M um 1/3 hluta. Er m.a. vísað í Hrd. í máli nr. 591/2007 og einnig tekið fram að málsatvik í héraðsdómsmáli E-2921/2023 hafi ekki verið sambærileg því sem var í tilviki M. Máli M til stuðnings er í málskotinu einnig bent á að tækið sem M hafi verið að teygja sig eftir hafi verið handfrjálts búnaður sem fer í eyrað og er notaður til að tala í farsíma á meðan á akstri stendur. M sé atvinnubílstjóri sem þurfi að nota farsíma með handfrjálsum útbúnaði á meðan á akstri stendur sem sé heimilt samkvæmt 57. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá er í málskotinu byggt á því að ökuhraði bifreiðarinnar er óhappið varð hafi verið 40 km á klst. sem sé langt undir 90 km leyfilegum hámarks hraða. Auk þess hafi akstursskilyrði verið góð. Að lokum er á því byggt að ef ekki verður fallist á framangreind rök M þá sé óskað eftir endurskoðun á hlutfalli skerðingar. Er á það bent að sök M hafi ekki verið mikil. Ef á annað borð koma ætti til skerðingar væri 1/4 skerðing hæfilegri en 1/3. M gerir því aðallega þá kröfu að nefndin fallist á fullan bótarétt M úr slysátryggingu ökumanns en til vara að skerðingin verði minni en sem nemur 1/3 hluta.

Í athugasemdum V, dags. 10. janúar 2025, er á því byggt að háttsemi M teljist vera stórfellt gáleysi og því hafi félaginu verið heimilt að fella bótaréttinn úr slysátryggingu ökumanns niður að 1/3 hluta. Er á það bent að óumdeilt sé að M hafi misst hlut á gólf bifreiðarinnar og verið að teygja sig eftir honum þegar hann missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum og valt. Þá er einnig bent á að M er atvinnubílstjóri með sérstök aukin ökuréttindi, þar með talið réttindi til aksturs stórra vörubifreiða eins og hann ók í umrætt sinn. Telur V einsýnt, með vísan í upplýsingar í frumgögnum málsins, að fyrir liggja fullnægjandi sönnun fyrir því að þegar tjónið varð hafi M ekið bifreiðinni án þess að horfa á veginn er hann náði í hlut af gólfi bifreiðarinnar. Jafnframt teljist sannað að hann hafi litið af veginum það lengi að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni. V telur því að háttsemi M feli í sér alvarlegt frávík frá 4. gr. umferðarlaga, þar sem fram komi að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. M hafi hvorki verið með hugann við aksturinn né sýnt þá varúð sem honum bar. Bendir V einnig á að M segist hafa ekið á 40 km hraða í umrætt sinn, nokkuð sem sé 11,1

m á sekúndu. Telur V því sannað að háttsemi M feli í sér verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem M hafi borið að viðhafa og af háttsemi hans hafi augljóslega stafað mikil hættu enda hafi hann ekið hættulegu tæki í almennri umferð. Þá leggur V einnig áherslu á þýðingu þess að M er atvinnubílstjóri. Að lokum vísar V m.a. í Hrd. í máli nr. 522/2007, danska dómaframkvæmd og íslensk fræðiskrif, máli sínu til frekari stuðnings. Einnig bendir V á tvö eldri mál frá nefndinni. Að lokum kemur fram að V telur sig hafa fært fullnægjandi rök fyrir því að sú ákvörðun félagsins að skerða bótarétt M um 1/3 hluta hafi verið rétt.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að þeirri ákvörðun V að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns um 1/3 hluta.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysatryggingu eins og hér um ræðir, valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Andmæli M í málskoti verða ekki skilin svo að hann mótmæli þeirri lýsingu á slysinu sem er að finna í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, þ.e. að hann hafi verið að teygja sig eftir einhverskonar „bluetooth“ tæki sem hafi dottið á gólfið hjá honum í bifreiðinni. Þá virðist einnig ágreiningslaust að M sem var atvinnubílstjóri horfði ekki á veginn þegar hann missti stjórn á ökutækinu sem hann segir sjálfur að hafi verið ekið á 40 km. hraða. Með framangreindu háttalagi sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi. Að virtum gögnum málsins og með vísan til dóma Hæstaréttar Íslands í svipuðum málum og úrskurða nefndarinnar í málum nr. 112/2017 og 248/2018 telst sök M og aðstæður allar þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína sem nemur 1/3 hluta tjóns M. M telst því eiga rétt á bótum að 2/3 hlutum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Heimilt er að skerða bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns hjá V um 1/3 hluta.

Reykjavík, 27. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 476/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Frestur til lögfræðilegra aðgerða.

Gögn.

733. Málskot mótttekið 12. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.
734. Bréf V dags. 7. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
735. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. janúar 2025.
736. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. janúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 24. desember 2022, var lögregla kölluð á vettvang umferðarslyss í Ártúnsbrekku hinn 23. desember s.á. Hafði bifreiðin A, sem M ók, þá hafnað á ljósastaur eftir að hafa verið ekið aftan á bifreiðina B. Báru vitni að A hefði verið ekið afar geyst í aðdraganda atviksins. Í lögregluskýrslunni segir að M hafi verið talsvert undir áhrifum eiturefna, verið ruglingslegur og virst illa áttaður. Greindist þá amfetamín og metýlfenídat í blóði hans. V vísaði til þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og felldi bótarétt hans að fullu niður.

Í málskoti er vísað til þess að í framburðarskýrslu M fyrir lögreglu komi fram að hann sé með uppáskrifuð lyfin Sobril og Elvance og geti notkun þeirra útskýrt tilvist framangreindra efna í blóði hans. Virka lyfið í Elvance sé amfetamín og án ítarlegri greiningar á blóðsýni komi ekki fram í niðurstöðum hvort um sé að ræða fíkniefni eða lyfseðilsskylt lyf. Styrkur amfetamíns í blóði M hafi verið lágur og samræmist skömmtum í lækningarskyni. V hafi hins vegar hafnað því að hlutast til um frekari rannsóknir. Notkun lyfja í læknisfræðilegum tilgangi eigi ekki að leiða til þess að V geti hafnað bótaskyldu án frekari skoðunar á atvikum mála.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess sem fram kemur í lögregluskýrslu um að M hafi upphaflega sagst hafa verið farþegi í bifreiðinni og ekki verið reiðubúinn til að ræða við lögreglu. Hann virðist þá ekki hafa munað hvaðan hann var að koma og hvert hann var að fara. M hafi ekið bifreiðinni án þess að hafa til þess gild ökuréttindi og ökuhraði hennar verið langt umfram lögbundinn hámarks hraða. Þá hafi hann samkvæmt lýsingu í skýrslunni verið undir áhrifum. V beri þá engin skylda til að afla frekari gagna, s.s. ítarlegri greiningar á blóðsýni, en M sjálfum hafi verið í lófa lagið að afla þeirra. Það hafi ekki verið gert og verði M að bera hallann af sönnunarskorti sem af því hljóttist.

Þá vísar V til þess að bótaskyldu hafi verið hafnað hinn 16. febrúar 2023. Þegar málskot M var lagt fyrir nefndina hafi frestur 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 til lögfræðilegra aðgerða því verið liðinn. Sé mögulegur bótaréttur m því fallinn niður vegna tómlætis.

M mótmælir því sérstaklega að hann hafi haft vitneskju um höfnun V á bótaskyldu fyrr en hún barst með tölvupósti V til lögmans M dags. 19. desember 2023.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að M hafi verið sent ábyrgðarbréf á skráð lögheimili 5. janúar 2023, þar sem fram hafi komið að til skoðunar væri að skerða bótarétt hans. Eftir að niðurstaða blóðsýna lá fyrir hafi M verið sent annað bréf, dags. 16. febrúar 2023, þar sem fram hafi komið að bótaréttur hans félli niður að fullu. Það bréf hafi einnig verið sent með ábyrgðarpósti á skráð lögheimili M. Bréfið hafi þó komið til baka til V og þyki ljóst að M hafi ekki viljað veita því viðtöku. Það geti þó ekki verið á ábyrgð V sem ekki hafi átt þess annan kost en að senda bréfið með þessum hætti.

Álit.

Fyrir nefndinni gerir M kröfu um bætur úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A. Á 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga því við um frest hans til lögfræðilegra aðgerða. Þar kemur fram að hafni váttryggingafélag kröfu um bætur í heild eða að hluta glati sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefndinni innan

árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um höfnunina. Segir jafnframt í ákvæðinu að í tilkynningu félagsins verið að koma fram hver lengd frestsins sé og hvernig honum verði slitið og lögfylgjur þess að það verði ekki gert.

Fyrir liggur útskrift tveggja bréfa frá V sem bera það með sér að vera stíluð á M. Í hinu fyrra sem er dags. 5. janúar 2023 er, til samræmis við 94. gr. laga um váttryggingarsamninga, tilkynnt um að félagið hyggist bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð á grundvelli þess sem fram komi í frumskýrslu lögreglu. Í hinu síðara sem er dags. 16. febrúar 2023, kemur fram að bótaréttur verði felldur niður að fullu á grundvelli þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Í bréfinu er þá vakin athygli á því að verði ekki krafist meðferðar málsins hjá nefndinni eða því stefnt fyrir dómstóla innan árs frá móttöku tilkynningarinnar glattist réttur til bóta.

Er af þessu ljóst að efnislega var höfnunarbréf dags. 16. febrúar 2024 til samræmis við áskilnað 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Kemur þá til skoðunar hvort bréfið hafi verið sent með sannanlegum hætti. Samkvæmt skjáskotum úr kerfum V voru framangreind bréf bæði send með ábyrgðarpósti, á lögheimili M en um sama heimilisfang er að ræða og gefið er upp í málskoti og því engin ástæða til að ætla að þau hafi verið send á rangan stað. Almennt verður sendanda þá ekki um það kennt komist tilkynning sem send er með forsvaranlegum hætti ekki til skila viðtakanda. Í viðbótarathugasemdom V segir að síðara bréfið hafi verið endursent og þyki ljóst að M hafi ekki viljað taka við því. Um það hverjar ástæður endursendingar voru getur nefndin ekki fullyrt en sem fyrr segir verður að líta svo á að sending bréfsins hafi átt sér stað með forsvaranlegum og sannanlegum hætti og það sé ekki á ábyrgð V að M hafi ekki fengið það í hendur.

Verður því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að telja að frestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga til að leggja mál fyrir nefndina hafi verið liðinn er málskot barst henni hinn 12. desember 2024. Þegar af þeirri ástæðu er mögulegur réttur M til bóta fallinn niður og koma efnisrök aðila þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 477/2024**Nafn málskotsaðila (M)****Nöfn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis. Ábyrgðartrygging vinnuvélar.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Sakarskipting.****Gögn.**

737. Málskot mótttekið 12. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.
738. Bréf V dags. 19. desember 2024 ásamt fylgiskjali.
739. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. febrúar 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 22. nóvember 2024, varð þann sama dag árekstur milli vinnuvélarinnar A sem er í eigu M og bifreiðarinnar B, við gatnamót Barkarvogs og Brúarvogs í Reykjavík. Eftir stjórnanda A er haft að hann hafi verið að vinna á vegkanti við Barkarvog. Svo hafi hann fært vélina inn á veginn. Hafi hann fyrst ekið með arm vinnuvélarinnar inn á veginn og belti hennar hafi ekki verið komin yfir kantinn þegar B var ekið á arm A. Eftir ökumanni B er haft að hann hafi ekið suður Barkarvog og að gatnamótum Brúarvogs. Sólin hafi blindað hann og hann ekki veitt A athygli strax. Hann hafi hellað er hann varð A var en ekið á hana. Aksturshraði B í aðdraganda áreksturs hafi verið um 30 kílómetrar á klukkustund.

Í málskoti mótmælir M þeirri afstöðu V, sem á tjónsdegi var váttryggjandi beggja aðila, að A beri alla sök á umræddum árekstri. M telji að A hafi verið í öllum rétti, enda hafi vettvangurinn verið merktur sem vinnusvæði, með aðvörunarmerkingum, þrengingarmerki og keilu. Þá hafi A verið kyrrstæð í vegkanti þegar B hafi komið aðvífandi, á of miklum hraða miðað við aðstæður, ekki séð A og ekið á bómu hennar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að stjórnandi A hafi verið að störfum á vinnuvél við umferðargötu sem hafði ekki verið lokað fyrir almennri umferð. Hafi því hvílt á honum rík aðgæsluskylda gagnvart annarri umferð. Hafi hann þá ekki gætt að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en þar komi fram að áður en ökumaður snýr ökutæki skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Er þá einnig vísað til 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga um að ökumaður skuli veita annarri umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af svæði sem er utan vegar. Af ljósmyndum úr skýrslu Aðstoðar og öryggis megi þá ekki greina neinar merkingar á vettvangi og telji V því ljóst að merkingar á vettvangi hafi ekki verið til samræmis við kröfur reglugerðar nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg. Telji V þá ekki tilefni til að leggja hluta sakar á ökumann B sem hafi ekið henni á venjulegum ökuhraða þegar armi A hafi skyndilega verið ekið út á akbrautina í veg fyrir hann.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að um hafi verið að ræða vinnusvæði, sem hafi verið merkt sem slíkt. Stjórnandi A hafi ekki séð neina umferð í auglýsingu og hafi þurft að setja arminn á gröfunni út á götu til að komast burt. A hafi verið kyrrstæð þegar B hafi ekið á hana á miklum hraða, mun meiri hraða en ökumaður B haldi fram. Ökumaður B hafi þá blindast af sól en ekki hægt á sér. Telji M því að A hafi verið í fullum rétti.

Álit:

Jafnvel þó vinna hafi farið fram á vettvangi og það hafi verið gefið til kynna með merkjasetningu verður að líta til þess að svæðið var ekki lokað fyrir almennri umferð. Slíkar aðstæður kalla á aukna aðgæslu af hálfu stjórnenda vinnuvéla. Af gögnum málsins, þ.á.m. framburði M í skýrslu Aðstoðar og öryggis, má ráða að A hafi verið staðsett á kanti við akbrautina. M hafi svo ætlað sér að færa A inn á veginn. Hafi hann fyrst ekið með arm A inn á veginn en belti hennar hafi ekki verið komin yfir kantinn þegar til áreksturs kom. Af ljósmyndum má þá ráða að vegsýn úr ökumannssæti A hafi verið nokkuð skert vegna gáms eða vinnuskúrs sem einnig var staðsettur upp á kantinum.

Verður á grundvelli framangreinds að telja að M hafi, er hann sneri armi A út á götuna, ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga en þar kemur fram að áður en ökumaður snýr

ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Sú skylda hvílir jafnt á ökumönnum þó um sé að ræða akstur á vinnusvæði. Verður þá einnig að telja að M hafi ekki gætt að áskilnaði 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga en þar kemur m.a. fram að ökumaður skuli veita umferð forganga hvarvetna sem ekið er inn á veg af svæði utan vegar.

Hvað varðar aksturslag ökumanns B liggur ekkert fyrir um að aksturshraði hennar hafi verið umfram lögmæltan hámarkshraða eða í ósamræmi við aðstæður á vettvangi, sbr. 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Þá verður ekki ráðið af framburði hans að sól hafi blindað hann lengur en í örskotsstund og verður því jafnframt að miða við að armur A hafi birst nokkuð skyndilega á veginum. Eru því samkvæmt framansögðu ekki efni til að leggja hluta sakar á B.

Niðurstaða.

Ökumaður vinnuvélarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 11. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 484/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

28. Málskot mótttekið 19. desember 2024 ásamt fylgiskjölum.
29. Bréf V dags. 17. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
30. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. janúar 2024.
31. Viðbótarathugasemdir V dags. 29. janúar 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á bifreið M, A, hinn 9. nóvember 2024. Tjónið hafi orðið þegar M lagði A á bílastæði sem sé á ábyrgð sveitarfélagsins X og megi rekja það til þess að ófrágenginn kantsteinn, en upp úr honum stóðu 15 sentimetra járnstautar, var á miðju bílastæðinu. Undirvagn A hafi rekist á slíkan járnstaut. X hafi staðið fyrir umræddum framkvæmdum og telur M sig því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu þess. Byggir M á því að engar merkingar hafi verið við kantsteininn eða til að vara við framkvæmdunum. Þá sé engin lýsing við kantsteininn svo ekki hafi verið unnt að átta sig á aðstæðum í myrkri. Kanturinn sé um 40 sentimetrar að breidd, og rörstautarnir séu um 15 sentimetrum frá brún hans. Engin kantlína sé þá í kringum kantsteininn. Nokkru áður hafi þá orðið sambærilegt tjón á annarri bifreið. Tveimur dögum eftir tjón M hafi gulmáluðum járnörum loks verið komið fyrir ofan í járnstautunum sem styðji við þá afstöðu M að um ófullnægjandi frágang hafi verið að ræða.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X sé lýsing beggja vegna við bifreiðastæðið. Þá hafi verktakinn Y séð um framkvæmdir fyrir X og sé verkstjórn í höndum hans. Þegar tjónstilkynning barst X hafi verið óskað eftir því við Y að gul stálrör væru sett á járnfestingarnar. Sé því ljóst að X hafi brugðist við með því að fara fram á það við Y að járnörin yrðu gerð sýnilegri. Það feli þó ekki að neinu marki í sér viðurkenningu á bótaskyldu enda hvíli það á stjórnanda ökutækis að sýna aðgát við akstur og haga honum til samræmis við aðstæður. Í tjónstilkynningu M komi þá fram að bifreiðinni hafi fyrst verið lagt en svo ekið af stað aftur, og þá hafi henni verið ekið á kantinn. Með eðlilegri aðgát hefði M átt að verða vör við kantinn áður en hún ók af stað. Liggi sökin því að öllu leyti hjá M. Komist nefndin hins vegar að því að tjónið megi rekja til aðstæðna á vettvangi geti X ekki talist ábyrgt vegna þess þar sem framkvæmdin hafi verið á ábyrgð Y.

Í viðbótarathugasemdom M kemur m.a. fram að ætla megi að tilgangur framkvæmdanna hafi verið að breyta þeirri akstursvenju sem skapast hefði á bifreiðastæðinu, þ.e. að bifreiðum væri ekið áfram úr stæðum í stað þess að vera bakkað úr þeim, enda hefði engin fyrirstaða verið milli bifreiðastæða. Af þeim sökum hafi verið sérlega mikilvægt að vanda til verka varðandi merkingar. Jafnvel þó öikumönnum væri kanturinn sem slíkur ljós þá sé það einnig alvanalegt að sér í lagi stærri bifreiðum sé ekið með hjólbarða alveg að kanti og því sé sérstaklega varhugavert að staðsetja járnstauta svo nálægt kantbrúninni. Þá feli sú aðgerð að láta koma gulum stálrörum fyrir í járnfestingunum í sér viðurkenningu á því að frágangur hafi verið algerlega ófullnægjandi enda hafi orðið tjón á a.m.k. tveimur bifreiðum.

Í viðbótarathugasemdom V er áréttuð sú afstaða að M hafi ekki sýnt fram á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu vegna gáleysis, mistaka eða vanrækslu. Er þá áréttað að á M hafi hvílt sú skylda að sýna aðgát við aksturinn, ekki síst þar sem henni hafi fundist lýsingu ábótavant. Megi ráða af atvikalýsingu að M hafi lagt A, yfirgefið hana og komið svo aftur og ekið henni beint áfram á kantinn í stað þess að bakka frá honum. Hafi hún því annað hvort ekki sýnt af sér næga aðgæslu er hún lagði A eða hreinlega gleymt því að kantur og staur voru fyrir framan A. Samkvæmt 17. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skuli ökumaður þá aka á akbraut. Af því leiði að umferðarmannvirki á borð við kanta og umferðareyjur séu utan akstursleiða og allt tjón sem verið rakið til aksturs á slík

mannvirki sé alfarið á ábyrgð ökumanns. Er þá áréttað að framkvæmdin sé ekki í höndum X, en X hafi hins vegar brugðist rétt og tímanlega við með því að biðja Y að koma fyrir gulum stöngum til að auka sýnileika járnfestinganna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni sem sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Samkvæmt gögnum málsins varð sambærilegt tjón á annarri bifreið hinn 23. október 2024, eða 17 dögum fyrir það atvik sem hér er til skoðunar. Aðspurður um hvort tilkynning vegna járnstautanna hafi áður borist X svarar starfsmaður X því til að það hafi einungis verið með fyrri tjónstilkynningu. Ráða má þá af gögnum málsins að gulum stöngum hafi verið komið fyrir, í því skyni að auka sýnileika járnstautanna, tveimur dögum eftir tjón M, eða 11. nóvember.

Af ljósmyndum af vettvangi verður að fallast á að frágangur hafi verið nokkuð varhugaverður, og að það hafi falið í sér nokkuð augljósa hættu á tjóni að skilja við kantinn með þeim hætti sem gert var, þ.e. að láta lága járnstauta standa óvarða upp úr honum svo nálægt brún hans sem raun bar vitni. Er þá einnig litið til þess að um töluvert stórt bifreiðastæði virðist vera að ræða og lýsing aðeins til staðar beggja vegna við það en ekki á því miðju, þar sem kantinn virðist að finna.

Ekki liggur annað fyrir en að Y hafi haft umsjón með verkinu fyrir hönd X en að X hafi beðið um að járnstautunum væri komið fyrir í kantinum með þessum hætti. Í svari X til V kemur þá fram að X beri ábyrgð á frágangi á bifreiðastæðinu. Verður þá að líta til þess að samkvæmt starfsmanni X bárust því upplýsingar um fyrra tjónið sem átti sér stað í október. Verður að telja að þá þegar hafi X haft vitneskju um að aðstæður væru varhugaverðar og hætta á munatjóni. Liggja engin gögn fyrir er sýni fram á að X hafi kallað eftir aðgerðum Y þegar af því tilefni og verður það ekki skýrlega ráðið af svörum X til V. Verður því að telja að X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi með því að fylgja því ekki eftir, strax í kjölfar fyrra tjónsins, að gerðar væru forsvaranlegar ráðstafanir til að tryggja sýnileika járnstautanna og draga með því úr tjónshættu. Þvert á móti verður ekki betur séð en að 19 dagar hafi liðið frá fyrra tjónsatvikinu og þar til gripið var til slíkra ráðstafana, þrátt fyrir að þær virðist hafa verið einfaldar í framkvæmd og ekki óhóflega kostnaðarsamar.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að bótaskylda sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. febrúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir